

Stjórnartíðindi

1990 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 1195 og 1437.

Gallar á bls. 772, 951, 960, 1002, 1037, 1047, 1050, 1061, 1078, 1158, 1189, 1223, 1254, 1257, 1262, 1268, 1293, 1303, og 1427.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

REGLUGERÐ

um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn.

Lögheimili Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Ráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu hagsmunasamtaka í fiskiðnaði og þrjár án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu fulltrúa í stjórn skipar ráðherra hann án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðstjórnar og ákveður þóknun sjóðstjórnar.

3. gr.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins skiptist í eftirtaldar deildir eftir tegundum afurða:

1. Deild fyrir unnar botnfiskafurðir. Undir þá deild falla allar frystar, saltaðar og hertar afurðir úr þorski, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu og öðrum botnlægum fisktegundum svo og ferskar og ísaðar afurðir, enda hafi fiskurinn verið hausaður, flattur eða flakaður eða sætt annarri vinnslu. Utan deildarinnar falla mjöl og lýsisafurðir úr botnlægum tegundum sbr. 7. tl. sem og reyktar afurðir, meltuafurðir og afurðir lifrarbræðslu, sbr. 2. mgr.
2. Deild fyrir óunnar botnfiskafurðir. Undir þá deild fellur ferskur eða ísaður fiskur sem ekki er hausaður, flattur, flakaður eða unninn á annan hátt.
3. Rækjudeild. Undir þá deild falla allar rækjuafurðir, þ. á m. skelflett og heilfryst rækja.
4. Humardeild. Undir þá deild falla allar afurðir humars, þ. á m. bæði slitinn og heill humar.
5. Hörpudiskdeild. Undir þá deild falla hörpuskelfiskafurðir.
6. Síldardeild. Undir þá deild fellur söltuð og fryst síld. Utan deildarinnar falla mjöl- og lýsisafurðir úr síld, sbr. 7. tl. sem og reyktar afurðir, sbr. 2. mgr.
7. Mjöl- og lýsisdeild. Undir þá deild falla afurðir lýsis- og mjölverksmiðja, hvort sem þær eru unnar úr hráefni úr botnlægum tegundum eða úr loðnu, síld eða öðrum uppsjávarfiskum.

Verðjöfnun nær til afurða hvort sem þær eru unnar úr innlendu eða erlendu hráefni. Verðjöfnun nær ekki til afurða er falla utan ofangreindra deilda, svo sem loðnuhrogna og frystrar loðnu. Þá nær verðjöfnun ekki til reyktra fiskafurða, fiskmeltu eða afurða lifrarbræðslu. Hafi framleiðsluverðmæti einhverrar tegundar sjávarafurða sem ekki sætir verðjöfn-

un samkvæmt þessari grein á næstliðnum þremur árum að meðaltali numið meiru en 1% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða skal sjóðstjórn gera tillögu til ráðherra um fyrirkomulag verðjöfnunar að því er þá afurð varðar, m. a. hvort fella skuli verðjöfnun undir einhverja þá deild sem fyrir er eða hvort ný deild skuli stofnuð. Telji sjóðstjórn sérstaka ástæðu til að láta verðjöfnun taka til afurða sem ekki ná ofangreindum verðmætismörkum getur hún gert tillögu um það til ráðherra.

Verðjöfnun nær ekki til niðursoðinna eða niðurlagðra sjávarafurða.

4. gr.

Deildir Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins hafa aðskilinn fjárhag. Inneign á nafni framleiðanda við eina deild sjóðsins getur því ekki komið til útgreiðslu þótt útgreiðslutílefni sé vegna útflutnings sama framleiðanda á afurðum er undir aðra deild falla sbr. þó 2 mgr. 11. gr.

5. gr.

Sjóðstjórn skal fyrir 25. hvers mánaðar gera tillögur til ráðherra um það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings sjávarafurða í komandi mánuði. Skulu greiðslur í sjóðinn eða úr honum ávallt vera þær sömu fyrir allar afurðir hverrar deildar.

Við tillögugerð sína skal sjóðstjórn annars vegar taka mið af markaðsverði afurða er undir viðkomandi deild falla en hins vegar af grundvallarverði þeirra, þ.e. meðaltalsverði þeirra síðustu fimm árin, sbr. þó 7. gr. Skal Þjóðhagsstofnun falið að afla upplýsinga um markaðsverð og annast útreikninga á grundvallarverði. Grundvallarverð skal vera einfalt meðaltal af afurðaverði síðustu sextíu mánaða, talið frá og með þeim mánuði sem tillagan er gerð í. Skal við þann meðaltalsreikning taka tillit til almennra verðlagsbreytinga í þeim löndum sem eiga gjaldmiðil í gjaldeyriskörfunni sem við er miðað við staðvirðingu.

6. gr.

Sjóðstjórn skal við tillögugerð sína ákveða 3-5% verðbil um grundvallarverðið og skal gerð tillaga um innborgun ef markaðsverð er hærra en grundvallarverð að viðbættu verðbili en um útborgun sé markaðsverð lægra en grundvallarverð að frádregnu verðbili. Skal tillaga um inn- eða útborgun miðast við 50% af mun milli markaðsverðs annars vegar og grundvallarverðs að teknu tilliti til verðbils hins vegar.

Sjóðstjórn skal gera tillögu um það hlutfall af f.o.b.-andvirði sjávarafurða, sem greiða skal í sjóðinn í komandi mánuði vegna útflutnings afurða viðkomandi deildar eða sem útgreiðslur úr viðkomandi deild skulu miðast við.

Liggi söluverð vöru ekki fyrir t.d. vegna þess að framleiðandi hafi unnið hráefni í eigu erlends aðila gegn endurgjaldi fyrir vinnsluna skal áætla f.o.b.- andvirði vörunnar.

7. gr.

Ekki skal ákveða sjálfstætt verðjöfnunarhlutfall fyrir afurðir er falla undir deild fyrir óunnar botnfiskafurðir á grundvelli markaðsverðs og grundvallarverðs þeirra. Skal verðjöfnunarhlutfall þessara afurða ávallt vera það sama og verðjöfnunarhlutfall fyrir afurðir er falla undir deild fyrir unnar botnfiskafurðir.

8. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákveða mánaðarlega verðjöfnunarhlutfall afurða er undir einstakar deildir falla. Skal ákvörðun hans birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Verðjöfnunarhlutföll breytast ekki innan mánaða, enda þótt breytingar verði á markaðsverði því sem lá til grundvallar ákvörðuninni sbr. 5. gr.

9. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð verði verulegur aflabrestur.

Fari samanlagðar innstæður einstakra deilda umfram 30% af verðmæti útfluttra afurða viðkomandi tegundar síðasta almanaksár er stjórninni heimilt að lækka inngreiðslur eða fella þær niður um tiltekinn tíma.

10. gr.

Greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs skulu miðast við útflutningsmánuð. Útflutningur telst eiga sér stað á brottfarardegi flutningsfars frá þeirri höfn sem lestun fer fram. Óunninn fiskur sem seldur er á uppboði erlendis telst þó fluttur út á söludegi.

Greiðslur skulu innheimtar við gjaldeyrisstil, þó ekki síðar en fjórum mánuðum eftir að útflutningur á sér stað. Sjóðstjórn er þó heimilt að veita lengri greiðslufrest standi sérstaklega á. Greiðslur skulu renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni viðkomandi framleiðanda. Framleiðandi í þessu sambandi telst sá sem unnið hefur vöruna hvort sem hann telst seljandi hennar eða eigandi við útflutning eða ekki.

Hafi fleiri en einn aðili unnið að framleiðslu vörunnar telst framleiðandi hennar sá sem fullvann hana í það form sem hún er flutt út í. Sjóðstjórn getur þó fallist á sérstaka umsókn framleiðenda um að greiðslur skuli skiptast milli þeirra.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu innheimta greiðslur til sjóðsins.

11. gr.

Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljast eign hans en eru bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda sem inneign myndaði. Sé félagi, sem á reikning í sjóðnum, slitid og það sameinað öðru félagi með þeim hætti að ákvæðum 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, sé fullnægt skal það félag, er við tekur, taka við rétti til verðjöfnunar af sérreikningi þess félags sem slitid var. Sé rekstur einstaklings, sem greitt hefur í sjóðinn, seldur er heimilt að kveða svo á að innstæða á verðjöfnunarreikningi fylgi með í sölunni. Með sama hætti getur innstæða á nafni einstaklings flust yfir á félag sem myndað kann að vera um rekstur hans. Látist einstaklingur, sem greitt hefur í sjóðinn, taka erfingjar hans við öllum réttindum sem hinn látni hafði áunnið sér gagnvart sjóðnum uppfylli þeir ákvæði reglugerðar þessara, nema um skuldafrágöngubú sé að ræða.

Verði framleiðandi gjaldþrota eða sé félagi slitid án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við skal innstæða á verðjöfnunarreikningi þess renna inn á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Sama á við ef framleiðandi hefur ekki í sex ár framleitt sjávarafurðir til útflutnings. Hafi myndast inneign á nafni framleiðanda við tiltekna deild sjóðsins er sjóðstjórn heimilt að verða við beiðni hans um að inneign sé flutt á reikning á hans nafni við aðra deild sjóðsins enda séu full þrjú ár liðin síðan aðili hætti framleiðslu afurða er undir fyrrnefndu deildina falla.

12. gr.

Greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði skulu miðast við útflutningsmánuð sbr. 10. gr. og eru þær gjaldkræfar við gjaldeyrisstil. Greiðslur til einstaks framleiðanda skulu aldrei vera umfram það fé sem er á verðjöfnunarreikningi á hans nafni í viðkomandi deild sjóðsins, sbr. þó 16. gr.

13. gr.

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður starfsfólk og annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að lokinni endurskoðun. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Fundur stjórnar er hæfur til að gera ályktanir ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.

15. gr.

Innstæður í verðjöfnunarreikningum sjóðsins skulu ávaxtaðar á tryggan og hagkvæman hátt í erlendum gjaldeyri.

Kostnaður af rekstri sjóðsins skal greiddur af óskiptum reikningi sjóðsins. Sé rekstrar-kostnaður meiri en nemur innstæðu á óskiptum reikningi sjóðsins skal honum skipt hlutfallslega niður á verðjöfnunarreikninga sjóðsins.

16. gr.

Innstæður á reikningum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skulu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þegar útborgunartilefni skapast samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal greiða verðbætur af þessum reikningum óháð innstæðum hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þessar greiðslur skulu bundnar við verðbætur á þær afurðir sem innstæðurnar mynduðu á viðkomandi reikningi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt fleiri afurðir falli nú undir sömu deild í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Greiðslur verðbóta af sérstökum rækjureikningi frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skulu þannig bundnar við verðbætur á skelfletta rækju úr innlendu hráefni enda þótt önnur framleiðsla falli einnig undir rækjudeild Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins.

Þegar innstæða á einhverjum þeirra reikninga, er um ræðir í 1. mgr., er orðin minni en svarar til 0.2% af útflutningsverðmæti viðkomandi tegundar síðasta almanaksár skal afgangurinn renna á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Inn á þann reikning rennur einnig innstæða á stofnfjárreikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 39, 15. maí 1990, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júní 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 1990

11. júní 1990

721

Nr. 255

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og 9. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld, sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 81/1988 skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur kr. 8 000.
2. flokkur kr. 16 000.

3. flokkur kr. 28 000.
4. flokkur kr. 40 000.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir, sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld, innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Sveitarstjórnnum er heimilt að fela Gjaldheimtu Suðurnesja innheimtu gjaldanna. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Gjöld skv. 3. gr. má innheimta með lögtaki.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja, sbr. 6. gr. 11. tl. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. 3. tl. áðurnefndra laga til þess að taka gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 461/1989 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.**

1. flokkur

Leiktækjasalir
 Gufubaðsstofur
 Ljósabaðsstofur
 Lækningastofur
 Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur
 Sælgætis- og tóbakssölur
 Málningaverslanir
 Tannlæknastofur
 Torgsala
 Mötuneyti sem starfa tímabundið
 Félagsheimili án samfellds veitingareksturs
 Vélaverkstæði/vélsmiðjur
 Stálsmiði og stálskipagerð
 Blíkksmiðjur
 Ryðvarnarverkstæði
 Lakksprautun
 Bílaverkstæði
 Prentsmiðjur
 Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
 Trésmíðaverkstæði
 Þvottahús
 Búfjár- og dýrahald
 Bensínstöðvar
 Starfsmannabústaðir
 Saltvinnslur
 Steinvöðun og framleiðsla á ofaníbúðum og fyllingarefnum
 Steinsmiði
 Fyrirtæki sem geyma klórgas
 Atöppun og þökkun ýmissa efnasambanda
 Framleiðsla á aukaeftum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað
 Gúmmívinnsla
 Fúavörn á timbri
 f-Framleiðsla á spónaplötum límtré og þess háttar
 Reykhús og reykofnar
 Heitloftsþurrkun fiskafurða
 Kaffibrennsla
 Kæli- og frystigeymslur
 Vöruflutningamiðstöðvar
 Biðstöðvar leigubúfréiða
 Bið- og endastöðvar strætisvagna
 Stórar spennistöðvar
 Stórar vörugeymslur
 Æfingarsvæði slökkviliðs
 Annar rekstur sambærilegur

2. flokkur

Fangageymslur
 Gistiheimili án veitinga
 Heilsuræktarstöðvar/nuddstofur
 Kvikmyndahús
 Læknastöðvar
 Matsöluvagnar
 Mötuneyti (minni og í skólum)
 Neysluvörugeymslur (minni)
 Nýlenduvörverslanir
 Sælgætisgerðir (minni)
 Frystihús
 Lifrabræðslur
 Annar rekstur sambærilegur

3. flokkur

Brauðgerðarhús og brauðsala
 Brauðstofur
 Pizzagerðir
 Félagsheimili með veitingarekstri
 Fiskbúðir
 Minni hótél
 Ísbúðir/ísgerðir
 Íþróttahús og sundlaugar
 Kjörbúðir/nýlenduvörverslanir
 Leiktækjasalir m/veitingum
 Skyndibitastaðir
 Stærri samkomuhús og veitingastaðir
 Sælgætisgerðir (stærri)
 Veislumiðstöðvar
 Veitingastaðir
 Vinnustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli)
 Olíuafgreiðslustöðvar
 Annar rekstur sambærilegur

4. flokkur

Stórmarkaðir (stærri)
 Kjörbúðir
 Stór hótél
 Stórar matvælavinnslustöðvar
 Stór brauðgerðarhús
 Mjólurstöðvar
 Annar rekstur sambærilegur
 1. flokkur kr. 8 000.
 2. flokkur kr. 16 000.
 3. flokkur kr. 28 000.
 4. flokkur kr. 40 000.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Höfðahrepps í A- Húnavatnssýslu að fasteignum
innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Lóð/mannvirki	Þjóðskrárn.	Skráður eigandi
Einbúastígur 2	1985-0020	Kaupfélag Húnvetninga o.fl.
Strandgata 2	8405-0020	Rósa Pétursdóttir
Strandgata 4	8405-0040	Guðbjartur Guðjónsson o.fl.
Strandgata 34	8405-0340	Síldarverksmiðjur ríkisins o.fl.
Andrésarhús	9998-1200	Búnaðarbanki Íslands
Árnes	9998-1230	Birgir Árnason
Ásberg	9998-1300	Helga G. Berndsen
Ásgarður	9998-1350	Árni Guðbjartsson
Bjarg	9998-1750	Sigurður S. Bjarnason
Bjarmaland	9998-1800	Kjartan Stefánsson
Bláland	9998-1950	db. Jóhanns Jakobssonar o.fl.
Borg	9998-2000	Hallbjörn Björnsson
Breiðablik	9998-2100	Sigurður S. Bjarnason
Brimnes	9998-2150	Amy Eva Eymundsdóttir
Drangey	9998-2300	Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Eyri	9998-2400	Kjartan Bjarnason
Grund	9998-2850	Kristján A. Hjartarson
Héðinshöfði	9998-3100	Guðmundur H. Sigurðsson o.fl.
Hjallholt	9998-3300	Björgvin Brynjólfsson
Hólanes	9998-3400	Hörður Árnason
Höfðakot	9998-3800	Svava Steinsdóttir
Íðavellir	9998-4100	Jóhanna Jónsdóttir
Karlsskáli	9998-4400	Helga G. Berndsen o.fl.
Neðri-Jaðar	9998-5300	Björn Sigurðsson
Neðri-Lækur	9998-5400	Aðalheiður E. Harðardóttir
Rjúpnafell	9998-6400	Guðbergur Stefánsson
Sólbakki	9998-7100	Óli Axel Óskarsson
Stóra-Berg	9998-7450	Landsbanki Íslands
Straumnes	9998-7600	Birgir Árnason
Fjánhús og hlaða	9999-0100	Sigurður S. Bjarnason
Fjánhús	9999-0130	Ingvi Guðnason
Fjárn., hesth., hlaða	9999-0180	Ingvi Guðnason
Hlaða	9999-0590	Gunnar Sveinsson
Fjánhús og hlaða	9999-1120	Ásgeir Axelsson
Fjánhús og hlaða	9999-1200	Sveinn Ingi Grímsson
Fjárn., hesth., hlaða	9999-1260	Rögnvaldur Ottósson
Fjánhús og hlaða	9999-1310	Snorri Gíslason
Fjánhús	9999-1530	Árni B. Ingvarsson
Fjánhús	9999-2140	Páll Jóhannesson
Fjárn., hesth., hlaða	9999-2510	Rúnar Jósefsson
Hlaða	9999-2790	Birgir Árnason
Fjánhús og hlaða	9999-3000	Pórunn Stefánsdóttir
Fjánhús og hlaða	9999-3100	Margrét Stefánsdóttir

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.

F.h.r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STARFSLEYFI

fyrir vinnslu brotamálma hjá Íslenska stálfélaginu hf., Hafnarfirði.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi fyrirtækisins er með tvennum hætti, A. fyrir málmætara og forvinnslu brotamálma, og B. fyrir málmbræðslu. Starfsleyfi þetta gildir fyrir málmætara.
- 1.2. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.3. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.4. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við Heilbrigðisráð Hafnarfjarðar, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Fjarlægja skal alla vökva, þ.e. olíur úr girkössum, vélum og þrýstikerfum ásamt vökva úr kælikerfum bifreiða og úr eldsneytistönkum áður en vinnsla fer fram í málmætara. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á en að öðrum kosti farga á viðeigandi hátt. Einnig skal fjarlægja alla rafgeyma úr bifreiðum áður en til vinnslu kemur og koma þeim í endurvinnslu. Ákvæði þetta gildir fyrir allar vélar og tæki sem til vinnslu fara í málmætaranum. Ef tæming fer fram á athafnasvæðinu skal hún framkvæmd á steypu undirlagi og með þeim búnaði sem fullnægjandi er talinn að mati Hollustuverndar ríkisins. Olfuskilja skal vera á fráveitu frá svæðinu.
- 2.2. Úr öllum hvítvörum (kæli- og ísskápum) skal fjarlægja allt freon og setja á þar til gerð ílát og í endurvinnslu.
- 2.3. Áður en stærri rafspennar eða þéttar fara til vinnslu skal gengið úr skugga um að slíkur búnaður innihaldi ekki PCB, það sé gert með sýnatöku sem Hollustuvernd ríkisins eða annar aðili sem viðurkenndur er af Hollustuvernd ríkisins annast. Ef kælivökvi slíkra tækja inniheldur meira en 50 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins. Ef grunur er á að PCB sé í rafþéttum eða spennum í hvítvörum skal þeim fargað samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins.
- 2.4. Opin brennsla er óheimil á athafnasvæðinu.
- 2.5. Eftirfarandi hávaðatakmarkanir gilda fyrir starfseminna:
Að degi til kl. 7.00 – 18.00 55 dB (A)
Að kvöldi til kl. 18.00 – 23.00 50 dB (A)
Að nóttu til kl. 23.00 – 7.00 45 dB (A)
Meðaltalshávaði (Leq), mælt við næstu íbúðarbyggð, skal ekki mælast hærri í 90% tilfella, miðað við hverja klukkustund og aðeins mælt þegar vindhraði er í 10 metra hæð minni en 5 metrar á sekúndu. Hávaði frá starfseminni skal ekki mælast hærri en 70 dB(A) við lóðamörk næstu byggðu lóða.
Innan þriggja mánaða frá útgáfu starfsleyfis þessa fari fram hávaðamælingar, sem Hollustuvernd ríkisins annast.
- 2.6. Aukaafurðir sem koma frá málmætaranum, plastefni, gúmmí, trefjaefni, gler ofl. skulu látin í gáma. Koma skal þessum efnum til endurvinnslu eftir því sem kostur er á. Önnur förgun skal fara fram á sorphaugum.

- 2.7. Ryk úr útblæstri skal hreinsa, þannig að ekki sé meira ryk en 100 mg/Nm³ að hreinsun lokinni, miðað við eðlilegt loftmagn frá slíkri starfsemi.
- 2.8. Vatn sem notað er til þvotta í hreinsibúnaði skal vera í lokaðri hringrás. Úrgangsefni úr vatni þessu, og ryk úr hreinsibúnaði, skal fjarlægja reglulega og farga samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins sem metur förgunaraðferð í samræmi við niðurstöður mælinga með tilliti til efnainnihalds úrgangsins.
- 2.9. Málmtætarinn skal standa á titringsdeyfandi undirstöðum og steypu plani. Fráveita skal útbúin olíugildru.
- 2.10. Sérstök öryggisgirðing skal vera umhverfis athafnasvæðið.
- 2.11. Úrgangur (fok o.fl.), sem kann að berast útfyrir athafnasvæðið skal hreinsa upp reglulega.
- 2.12. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir og hvar losun mismunandi hráefna fer fram.
- 2.13. Á hverri vinnuvakt skal vera vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði, hér með talið skráningu upplýsinga, virkni hreinsibúnaðar ásamt þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa.

3. Eftirlit og gjaldskylda.

- 3.1. Starfsemi Íslenska stálfélagsins fellur í fyrsta gjaldskrárflokk skv. viðauka 8 í mengunaryrnareglugerð nr. 386/1989. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, sbr. þriðja kafla reglugerðarinnar. Fyrirtækið skal jafnframt þessu, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, gera mánaðarlegar mælingar á ryki í skorsteini og seti úr vatnshreinsibúnaði. Niðurstöður skulu sendast Hollustuvernd ríkisins á sex mánaða fresti.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við gr. 8.4. reglugerðar nr. 386/1989, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 5. júní 1990.

Július Sólnes.

Páll Líndal.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur aðstoðarmanna tannlækna.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig aðstoðarmann tannlæknis og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa námi, sem viðurkennt er af heilbrigðisráðherra. Leita skal umsagnar landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Starfsvettvangur aðstoðarmanna tannlækna er á tannlæknastofum, heilbrigðisstofnunum, uppeldis- og fræðslustofnunum. Þeir annast móttöku sjúklinga, aðstoða tannlækna við klínísk störf, sjá um hreinsun áhalda og tækja, annast bókanir og bókhald vegna sjúklinga og tannverndarstörf.

Aðstoðarmenn tannlækna starfa skv. fyrirmælum tannlækna og undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra.

4. gr.

Óheimilt er að ráða sem aðstoðarmenn tannlækna, aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Aðstoðarmönnum tannlækna er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu far samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt þeir láti af störfum.

6. gr.

Aðstoðarmönnum tannlækna ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Um aðstoðarmenn tannlækna gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 53/1988.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og skv. lögum um tannlækningar nr. 38/1985, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilt fram til 31. desember 1991 að veita þeim starfsleyfi sem uppfylla skilyrði bráðabirgðaákvæðis þessa.

Skipa skal nefnd sem í eiga sæti fulltrúar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, tannlæknadeild Háskóla Íslands og landlækni. Nefndin getur mælt með að einstaklingi sem starfað hefur við gildistöku reglugerðar þessarar í a.m.k. þrjú ár sem aðstoðarmaður tannlæknis verði veitt starfsleyfi, að undangengnu námskeiði sem nefndin ákveður. Nefndin getur og mælt með að einstaklingi sem við gildistöku reglugerðar þessarar hefur starfað skemur en í þrjú ár sem aðstoðarmaður tannlæknis verði veitt starfsleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem nefndin setur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

SAMPYKKT

um hundahald í Ólafsvíkurkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Ólafsvíkurkaupstað, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í Ólafsvík leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og óheimilt er að framselja það.
- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda eða stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn. Ef um leiguhúsnæði er að ræða skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eiganda íbúðarinnar.
- c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs skv. sérstakri gjaldskrá sem bæjarstjórn setur árlega og heilbrigðisráðuneytið staðfestir. Skal gjaldið greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða.
- d) Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur bæjarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kanna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- f) Leyfishafi skal gæta þess að hundar hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utanhúss. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
- g) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, matsölur eða aðra veitingastaði, skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili og dagvistunarheimili, kirkju og kirkjugarða svo og húsakynni þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur. Ef brotin eru skilyrði þessarar greinar getur það varðað refsingu skv. 7. gr.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda skrifstofu Ólafsvíkurkaupstaðar, sem gefur út leyfið að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá Ólafsvíkurkaupstað. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Við skráningu fær eigandi hundsins afhenta plötu til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hund eigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt. Senda skal embætti bæjarfógeta Ólafsvíkurkaupstaðar og heilbrigðisnefnd afrit af leyfisbréfi.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess þörf.

5. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda, svo og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðra ómerkta flækingshunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama. Við ítrekað brot skal hundinum lógað. Kostnaður við töku hunda skal ákveðinn af bæjarstjórn og að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum t.d. þeim sem ráðast á menn og skepnur er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað. Ólafsvíkurkaupstaður eða aðilar á þess vegum í samráði við heilbrigðisnefnd og lögreglustjóra hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjórn án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

6. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsvíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda skv. ákvæðum 5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald á Suðurnesjum 1990.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, skal á árinu 1990 vera kr. 6 500,00 fyrir hvern hund. Gjaldldagi leyfisins er 1. júlí og eindagi 1. ágúst 1990.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðneshrepps, Gerðarhrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnarhrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um almannaflyg.

Efnisyfirlit:

1.0 ORÐASKÝRINGAR.

2.0 GILDISSVIÐ.

3.0 ALMENNT.

- 3.1 Lög og reglur.
- 3.2 Ábyrgð.
- 3.3 Neyðartilvik.
- 3.4 Tilkynningarskylda.
- 3.5 Hættuleg efni.
- 3.6 Leit og björgun.
- 3.7 Hergögn.
- 3.8 Vátryggingar.

4.0 UNDIRBÚNINGUR FLUGS OG STARFSADFERÐIR Á FLUGI.

- 4.1 Ástand öryggistækja á jörðu niðri.
- 4.2 Flugvallarlágmörk.
- 4.3 Leiðbeiningar til áhafnar og farþega.
- 4.4 Lofthæfi og öryggisráðstafanir.
- 4.5 Veðurlýsingar og veðurspár.
- 4.6 Takmarkanir vegna veðurskilyrða.
- 4.7 Eldsneytis- og olíubirgðir.
- 4.8 Súrefnisbirgðir.
- 4.9 Leiðbeiningar um neyðarviðbrögð á flugi.
- 4.10 Tilkynningar flugmanna um veðurskilyrði.
- 4.11 Hættulegar aðstæður í flugi.
- 4.12 Hæfi flugverja.
- 4.13 Flugliðar á starfsstað.
- 4.14 Starfshættir í blindflugi.
- 4.15 Almennar leiðbeiningar.
- 4.16 Áfylling eldsneytis.
- 4.17 Varaflugvellir.

5.0 AFKASTAGETA FLUGVÉLA OG TAKMÖRK HENNA.

- 5.1 Starfræksla.
- 5.2 Merkingar.

6.0 MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR FLUGVÉLA.

- 6.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi.
- 6.2 Allar flugvélar í stjórnunni sjónflugi.
- 6.3 Allar flugvélar í flugi yfir haf eða vötn.
- 6.4 Allar flugvélar í flugi á sérlega tilgreindum svæðum.
- 6.5 Allar flugvélar í háflugi.
- 6.6 Allar flugvélar sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum.
- 6.7 Allar flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til.
- 6.8 Allar flugvélar sem fullnægja kröfum um hávaðatakmark í viðbæti 16, I. bindi, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 16, Volume I, Noise Certification Standards.
- 6.9 Flugvélar knúnar hverfihreyflum - jarðvari.
- 6.10 Flugritar.

7.0 FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI FLUGVÉLA.

- 7.1 Fjarskiptatæki.
- 7.2 Leiðsögutæki.

8.0 VIÐHALD FLUGVÉLA.

- 8.1 Almenn.
- 8.2 Réttindi til að staðfesta lofthæfi.
- 8.3 Viðhaldsskrár.
- 8.4 Skoðanir.
- 8.5 Viðhald og viðgerðir.
- 8.6 Vinna við íslenskar flugvélar erlendis.

9.0 FLUGÁHAFNIR.

- 9.1 Starfhæfi.
- 9.2 Samsetning áhafnar.

10.0 ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 10.1 Undanþágur.
- 10.2 Refsiákvæði.
- 10.3 Gildistaka.

1.0 ORÐASKÝRINGAR.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Að staðfesta lofthæfi (To certify as airworthy) : Að staðfesta það að loftfar, eða hluti þess, fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.

Aðstoðarflugmaður (Co-pilot) : Flugmaður, sem er handhafi flugskírteinis og hefur hvers konar flugmannsstarf í loftfari, annað en starf flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að njóta flugþjálfunar.

Afkastageta flugvélar (Aeroplane performance) : Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar, að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs, við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

Akstur loftfara (Taxiing) : Hreyfingar loftfars með eigin afli um flugvöll, að undanskildu flugtaki og lendingu, en að meðtöldu flugi þyrlna rétt yfir yfirborði flugvallar innan áhrifa frá jörðu og með aksturshraða loftfara, þ.e. flugakstur.

Ákvörðunarflughæð/hæð (Decision altitude/height, DA/H) : Ákveðin flughæð/hæð í nákvæmnisaðflugi þar sem hefja verður fráhrarfsflug ef lágmarksviðmiðun um skyggni til þess að halda áfram aðflugi hefur ekki verið náð.

Almannaflyg (General aviation) : Allt borgaralegt flug annað en reglubundið áætunarflug og óreglubundnir flutningar með loftförum gegn endurgjaldi.

Athafnasvæði (Movement area) : Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og landingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

Atvinnuflytningar (Air transport operations for remuneration or hire) : Flytningar með loftförum gegn endurgjaldi í reglubundnu eða óreglubundnu flugi.

Blindflug (IFR-flight) : Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugsskilyrði (Instrument meteorological conditions, IMC) : Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.

Einkaflug (Private aviation) : Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna, eða til öflunar frekari réttinda, og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Það telst ekki endurgjald þótt aðiljar skipti með sér beinum kostnaði vegna rekstrar loftfarsins.

Fartími (Flight time) : Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.

Flugáætlun (Flight plan) : Tilteknað upplýsingar um fyrirhugað flug loftfars eða hluta flugs, láttnar flugumferðarþjónustudeild í t.é.

Flugbrautarskyggni (Runway visual range) : Fjarlægð þaðan sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur séð yfirborðsmerkingar flugbrautarinnar eða ljós þau sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar.

Flughandbók flugvélar (Aeroplane Flight Manual) : Handbók sem tengd er lofthæfiskírteininu þar sem tilgreint er innan hvaða marka flugvélin er talin lofthæf og þar sem gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir fluglíða um örugga starfrækslu flugvélarinnar.

Flughæð (Altitude) : Lóðrétt fjarlægð láréttis lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).

Flugliði (Flight crew member) : Áhafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi eða rekstur loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugrekandi (Operator) : Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.

Flugriti (Flight recorder) : Hvers konar síriti í loftfari (þar með taldir ferðriti og hljóðriti) sem skráir upplýsingar sem komið gætu að gagni við rannsókn flugslysa eða flugóhappa.

Flugskyggni (Flight visibility) : Skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi.

Flugstjóri (Pilot-in-command) : Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugstjórnarsvið (Control zone) : Flugstjórnarrými sem nær frá jörðu upp að tilteknum efri mörkum.

Flugtími (Time in service) : Sá hluti fartíma sem liður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta landingarstað.

Flugumferðarþjónusta (Air traffic service) : Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu, flugstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðiþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugturnsþjónustu.

Flugvallarlágmörk (Aerodrome operating minima) : Mörk fyrir nothæfi flugvallar til flugtaks og landingar, venjulega tilgreind sem skyggni eða flugbrautarskyggni, ákvörðunarflughæð/hæð (DA/H) eða lágmarks-lækkunarflughæð/hæð (MDA/H) og skýjafar.

Flugvél (Aeroplane) : Vélknúið loftfar þyngra en loft sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

Flugverji (Crew member) : Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Flugvöllur (Aerodrome) : Tiltekið svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Grannskoðun (Overhaul) : Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og hafa í för með sér að talning flugtíma hlutadeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.

Hámarksmassi (Maximum mass) : Leyfður hámarks-flugtaksmassi loftfars.

Hæð (Height) : Lóðrétt fjarlægð láréttis lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.

Hættulegur varningur (Dangerous goods) : Hlutir eða efni sem stofnað geta heilsu, öryggi eða verðmætum í verulega hættu ef þau eru flutt flugleiðis.

ICAO (International Civil Aviation Organization):

Alþjóðaflugmálastofnunin.

IFR (Instrument flight rules) : Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugreglur.

Kennsluflug (Instructional flying) : Kennsluflug er það þegar loftfar er notað við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.

Lágmarks-lækkunarflughæð/hæð (Minimum descent altitude/height (MDA/H)) : Tiltekin flughæð/hæð, sem ekki má lækka niður fyrir nema sjáist til jarðar, í hringaðflugi eða aðflugi sem ekki er nákvæmnisaðflug.

Leiðarflug (En-route flight) : Sá hluti flugs milli áfangastaða sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.

Leiguflug (Charter flight) : Með leiguflugi er átt við óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa 5700 kg eða meira, eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

Loftfar (Aircraft) : Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Markhreyfill (Critical engine) : Sá hreyfill sem hefði óhagstæðust áhrif á afkastagetu og stjórn loftfars ef hann bilaði.

Nótt (Night) : Sá tími sem miðpunktur sólar er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.

Óreglubundið flug (Non-Scheduled Flights) : Með óreglubundnu flugi er átt við leiguflug, þjónustuflug og kennsluflug.

Reglubundið áætunarflug (Scheduled Flights) : Röð flugferða sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a) Flugferðirnar eru farnar með loftförum sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum, gegn gjaldi.
- b) Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja eða fleiri staða, eftir ákveðinni tímaáætlun, eða ferðirnar eru farnar svo títt og reglulega að augljóst er að fylgt er ákveðinni áætlun.
- c) Sérhver flugferð stendur almenningi til boða gegn greiðslu meðan rými er fánlegt.
- d) Leyfi til reglubundins áætlunarflugs eru tvenns konar, þ.e. sérleyfi og almennt áætlunarleyfi. Með sérleyfi er átt við einkarétt til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á ákveðinni leið en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörfinni á hlutaðeigandi leið. Með almennu áætlunarleyfi er átt við leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á ákveðinni leið án sérleyfis, en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörf á hlutaðeigandi leið, eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.

Skipulagðar áætlanir um flugferðir, sem farnar eru með leiguflugi, falla ekki undir þessa skilgreiningu.

Sjónflug (VFR-flight) : Flug samkvæmt sjónflugsglum (VFR).

Sjónflugsskilyrði (Visual meteorological conditions, VMC) : Veðurskilyrði sem tilgreind eru sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð og eru jöfn eða betri en tilgreind lágmark.

Skráningarríki (State of Registry) : Ríkið sem hefur loftfarið á loftfaraskrá sinni.

Undirritun viðhaldsvottorðs (Signing a maintenance release) : Að votta að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim, sem viðhaldshandbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð.

Varaflugvöllur (Alternate aerodrome) : Flugvöllur sem tilgreindur er í flugáætlun og fljúga má til þegar óráðlegt þykir að lenda á ákvörðunarflugvelli.

Veðurfréttir (Meteorological information) : Veðurlýsingar, veðurgreiningar, veðurspár og sérhver skýrsla er varðar ríkjandi eða væntanleg veðurskilyrði.

Veðurstofa (Meteorological Authority) : Embætti, á vegum aðildarríkis ICAO sem veitir eða sér um veðurþjónustu fyrir flug.

Verkflug (Aerial work) : Sérstök flugstarfsemi framkvæmd með loftförum í atvinnuskyni, aðallega í landbúnaði, byggingarvinnu, við ljósmyndun og ýmiss konar kannanir úr lofti. Hér er þó ekki átt við atvinnuflutninga eins og þeir eru skilgreindir í „Reglugerð um flugrekstur“ og viðbæti 6, I. hluta, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6, Part I.

Þjónustuflug: Hvers konar flug í atvinnuskyni sem ekki verður skilgreint sem reglubundið áætlunarflug, leiguflug eða kennsluflug, svo sem flug með farþega og vörur í loftförum sem gerð eru fyrir 9 farþega eða færri, fræsáningar- og áburðarflug, mælinga- og könnunarflug, sjúkra- og neyðarflug, leitar- og björgunarflug, ljósmyndaflug og auglýsingaflug.

2.0 GILDISSVIÐ.

2.1 Reglugerð þessi tekur til alls almannaflugs með íslenskum flugvélum og erlendum flugvélum sem fljúga um íslenska lofthelgi. Reglugerð þessi tekur þó ekki til verkflugs.

3.0 ALMENNT.

3.1 Lög og reglur.

Flugstjóri skal fara eftir gildandi lögum og reglum þeirra ríkja sem hann flýgur um.

3.2 Ábyrgð.

Flugstjóri ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi flugvélar og öryggi allra manna um borð meðan á fartíma stendur.

3.3 Neyðartilvik.

Í neyðartilvikum, sem stofna öryggi flugvélar eða manna í hættu og valda því að brjóta þarf í bága við þær reglur og þau fyrirmæli, sem gilda á staðnum, ber flugstjóra að tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum slíkt brot án tafar. Ef þess er krafist ber flugstjóra að skila skýrslu til hlutaðeigandi yfirvalda um brot sitt. Ef slíkt gerist utan íslenskrar lögsögu í íslenskri flugvél ber flugstjóra ennfremur að láta Flugmálastjórn í té afrit af skýrslunni eins fljótt og auðið er og að jafnaði innan 10 daga eftir að atburðurinn átti sér stað.

3.4 Tilkynningarskylda.

Flugstjóri er ábyrgur fyrir því að tilkynna næsta hlutaðeigandi yfirvaldi, svo fljótt sem auðið er, sérhvert slys sem flugvél hans lendir í ef það hefur í för með sér alvarleg meiðsl eða dauða fólks eða verulegar skemmdir á flugvélinni eða öðrum verðmætum. „Reglugerð um tilkynningarskyldu“, eins og hún er í gildi á hverjum tíma, kveður nánara á um tilkynningarskyldu flugstjóra íslenskra flugvéla.

Aths.: Skilgreining á alvarlegum meiðslum og verulegum skemmdum er í fylgiskjali A með viðbæti 13 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 13, Attachment A.

3.5 Hættuleg efni.

Fara ber eftir „Reglugerð um öruggan flutning hættulegra efna með loftförum“ eins og hún er á hverjum tíma. Sú reglugerð er þýðing á viðbæti 18 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 18.

3.6 Leit og björgun.

Flugstjóri skal hafa tiltækur um borð í flugvél, sem hann stjórnar, allar nauðsynlegar upplýsingar um björgunar- og neyðarþjónustu á þeim svæðum sem hann flýgur yfir.

3.7 Hergögn.

Hergögn má eigi flytja með flugvélum í íslenski lofthelgi nema með leyfi ráðherra, sbr. „Reglugerð um flutning hergagna með loftförum“ nr. 348/1983.

Aths.: Til hergagna teljast ekki venjuleg veiði- og markskotvopn, sem og neyðar- og viðvörunarbúnaður loftfars og annað það sem nauðsynlegt má telja vegna öryggis flugs, áhafnar og farþega. Sama gildir um skotelda o.þ.h., sbr. 1. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

3.8 Vátryggingar.

Í samræmi við X. kafla „Laga um loftferðir“ nr. 34/1964 skal eigandi loftfars, sem nota skal til loftferða um íslenska lofthelgi, taka og halda við vátryggingu eða tryggingu, er örugg telst, til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafa af notkun þess.

4.0 UNIDRBÚNINGUR FLUGS OG STARFSADFERÐIR Á FLUGI.**4.1 Ástand öryggistækja á jörðu niðri.**

Flugstjóri skal ekki hefja flug fyrr en hann hefur gengið úr skugga um, með öllum þeim ráðum sem honum eru tiltæk, að allur búnaður á láði og/eda legi, sem tiltækur er og krafist er fyrir flugið í því skyni að tryggja öruggan rekstur flugvélarinnar, sé fullnægjandi.

4.2 Flugvallarlágmörk.

Flugstjóri skal ekki fljúga til flugvallar eða frá honum þegar flugvallarlágmörk eru lægri en lágmörk þau, sem kunna að hafa verið sett fyrir flugvöllinn af yfirvöldum þess ríkis sem flugvöllurinn er í, nema það sé viðurkennt sérstaklega af yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis.

4.3 Leiðbeiningar til áhafnar og farþega.

4.3.1 Flugstjóri skal tryggja að áhöfn og farþegum sé leiðbeint um notkun og verustað:

- a) öryggisbelta, og, eftir því sem við á,
- b) neyðarútganga,
- c) björgunarvesta,
- d) súrefnistækja,

e) annarra tækja sem ætluð eru til einstaklingsbundinna nota í neyðartilvikum.

4.3.2 Flugstjóri skal tryggja að öllum um borð sé kunnugt um verustað og almennar notkunarreglur helsta neyðarþjónunar um borð sem ætlaður er til sameiginlegra nota.

4.4 Lofthæfi og öryggisráðstafanir.

4.4.1 Flug skal ekki hafið fyrr en flugstjórinn hefur fullvissað sig um að:

- a) flugvélin sé lofthæf, réttilega skráð og að viðeigandi skírteini þar að lútandi séu um borð. Þó má fljúga flugvél reynsluflug í íslenski lofthelgi án gilds lofthæfiskírteinis þegar um er að ræða reynsluflug eftir smíði, samsetningu, skoðun, viðhald, viðgerð, breytingu eða ísetningu, enda sé reynsluflugið framkvæmt í því skyni einu að ganga úr skugga um flughæfi flugvélarinnar,
- b) allur búnaður og tæki séu á sínum stað og fullnægjandi fyrir flugið, með hliðsjón af þeim flugskeyrðum sem búist er við,
- c) sérhvert nauðsynlegt viðhald hafi verið leyst af hendi í samræmi við ákvæði 8. kafla þessarar reglugerðar,
- d) massi flugvélarinnar sé innan öryggismarka, með hliðsjón af þeim flugskeyrðum sem gert er ráð fyrir,
- e) öllum farmi, sem flytja á, sé rétt hlaðið í flugvélina og hann festur á öruggan hátt,
- f) ekki verði farið fram yfir þau rekstrarmörk sem eru í flughandbók flugvélarinnar eða öðrum samsvarandi gögnum.

4.4.2 Flugstjóri skal hafa nægar upplýsingar um afkastagetu flugvélarinnar, með alla hreyfla í gangi, til þess að geta ákvarðað klifurgetu hennar í brottflugi við ríkjandi flugtakskeyrði og fyrirhugaðar starfsaðferðir í flugtaki.

4.5 Veðurlýsingar og veðurspár.

Flugstjóri skal, áður en flug er hafið, kynna sér allar veðurupplýsingar sem tiltækar eru og eiga við fyrirhugað flug. Undirbúningur fyrir flug til staðar fjarri brottfararstað og fyrir sérhvert flug samkvæmt blindflugsreglum skal taka til:

- 1) athugunar á gildandi veðurlýsingum og veðurspám, og
- 2) áætlunar um aðgerðir sem grípa skal til, ef ekki reynist unnt að ljúka fluginu eins og ráðgert var vegna veðurskýrða.

4.6 Takmarkanir vegna veðurskýrða.

4.6.1 Flug samkvæmt sjónflugsreglum.

Flug, sem áætlað er að framkvæma samkvæmt sjónflugsreglum, skal ekki hafið nema síðustu fáanlegar veðurfréttir bendi til að veðurskýrði á leiðinni, eða á þeim hluta leiðarinnar og á þeim tíma sem flug er fyrirhugað samkvæmt sjónflugsreglum, muni gera það kleift að fylgja þeim reglum. Þetta á þó ekki við algerlega staðbundið flug í sjónflugsskýrðum.

4.6.2 Flug samkvæmt blindflugsreglum.

4.6.2.1 Þegar varaflugvöllur er tilgreindur. Eigi skal hefja flug, sem framkvæma á samkvæmt blindflugsreglum nema fyrir liggja upplýsingar sem benda til þess að skilyrði á þeim flugvelli, sem áætlað er að lenda á og til viðbótar að minnsta kosti á einum varaflugvelli, verði á áætluðum komutíma jöfn eða betri en flugvallarlágmark hlutadeigandi flugvallar.

4.6.2.2 Þegar enginn varaflugvöllur er tilgreindur. Eigi skal hefja flug, sem framkvæma á samkvæmt blindflugsreglum, til flugvallar þegar enginn varaflugvöllur er tilgreindur, nema:

- a) staðall um starfshætti við blindaflug hafi verið útgefinn og sé í gildi fyrir fyrirhugaðan ákvörðunarflugvöll, og

- b) nýjustu tiltækar veðurfréttir bendi til þess að eftirfarandi veðurskilyrði haldist frá því tveimur klukkustundum fyrir áætlaðan komutíma þar til tveimur klukkustundum eftir hann:
- 1) skýjaþekja sé eigi minna en 300 m (1000 fet) yfir því lágmarki sem kveðið er á um við blindaðflug til flugvallarins, og
 - 2) skyggni sé eigi minna en 5,5 km eða 4 km meira en kveðið er á um við blindaðflug til flugvallarins.
- 4.6.3 Flugi skal eigi haldið áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar nema nýjustu veðurfréttir bendi til þess að skilyrði á þeim flugvelli, eða að minnsta kosti á einum varaflugvelli, verði á áætluðum komutíma jöfn eða betri en flugvallarlág-mörk hlutaðeigandi flugvallar.
- 4.6.4 Eigi skal haldið áfram aðflugi til landingar að nokkrum flugvelli, nema í neyðartilvikum, þannig að brotin séu ákvæði um lágmark.
- 4.7 Eldsneytis- og olíubirgðir.**
- 4.7.1 Flug skal ekki hefja fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að eldsneytis- og olíubirgðir flugvélarinnar séu nægilegar til að tryggt sé að ljúka megi fluginu örugglega. Í þessu sambandi ber að hafa hliðsjón af veðurskilyrðum og öllum tölum sem búið er við í fluginu. Eftir því sem við á skal eftirfarandi sérskilyrðum einnig fullnægt:
- 4.7.1.1 Flug samkvæmt blindflugsreglum. Eldsneytis- og olíubirgðir, sem teknar eru með, skulu endast að minnsta kosti til eftirfarandi:
- a) þegar ekki er krafist varaflugvallar samkvæmt undanþágu í grein 4.6.2.2, að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og síðan til flugs í 45 mínútur,
 - b) þegar krafist er varaflugvallar, að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og þaðan til varaflugvallar og síðan til flugs í 45 mínútur.
- 4.7.1.2 Millilandaflug til Íslands með einshreyfils flugvél, eða flugvél sem ekki getur haldið áfram flugi ef markhreyfill hennar verður óvirkur. Eldsneytis- og olíubirgðir, sem teknar eru með, skulu endast að minnsta kosti til að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og síðan til flugs í 3 klst.
- 4.8 Súrefnisbirgðir.**
- Flugstjóri skal tryggja að nægar súrefnisbirgðir séu tiltækar handa flugverjum og farþegum til öndunar í öllu flugi í þeim flughæðum þar sem skortur á súrefni gæti valdið vanhæfi flugverja eða haft skaðleg áhrif á farþega.
- 4.9 Leiðbeiningar um neyðarviðbrögð á flugi.**
- Ef neyðarástand verður á flugi skal flugstjóri tryggja að öllum um borð sé leiðbeint um þau neyðarviðbrögð sem við eiga.
- 4.10 Tilkynningar flugmanna um veðurskilyrði.**
- Tilkynna skal, svo fljótt sem kostur er, um veðurskilyrði sem eru líkleg til þess að hafa áhrif á öryggi flugs annarra loftfara.
- 4.11 Hættulegar aðstæður í flugi.**
- Ef aðstæður verða á einhvern hátt hættulegar, vegna annars en veðurskilyrða, skal tilkynna það svo fljótt sem kostur er. Tilkynningum skal hagað þannig að öryggi annarra loftfara sé haft í huga.

4.12 Hæfi flugverja.

Flugstjóri ber ábyrgð á því að tryggja að:

- a) flug sé ekki hafið ef einhver flugverji er óhæfur til að gegna skyldustörfum sínum af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, sjúkleika, þreytu, áhrifa áfengis eða lyfja,
- b) flugi sé ekki haldið áfram lengra en að næsta hentuga flugvelli ef hæfi flugliða til þess að gegna skyldustörfum sínum skerðist verulega, m.a. vegna þreytu, sjúkleika eða súrefnisskorts.

4.12.1 Enginn má gegna flugliðastörfum og enginn flugrekandi má krefjast þess að neinn gegni flugliðastörfum ef annað hvort flugliðinn eða flugrekandinn hafa ástæðu til þess að atla að hlutaðeigandi flugliði sé eða verði að líkindum haldinn þreytu, eða verði á annan hátt ófær um að gegna skyldustörfum sínum réttilega.

4.13 Flugliðar á starfsstað.**4.13.1 Flugtak og landing.**

Sérhver flugliði skal vera á starfsstað sínum þegar hann gegnir skyldustörfum.

4.13.2 Á flugi.

Sérhver flugliði skal, meðan hann gegnir skyldustörfum, vera á starfsstað sínum nema fjarvera hans sé nauðsynleg vegna starfrækslu flugvélarinnar eða hann þurfi að sinna líkamlegum þörfum sínum.

4.13.3 Öryggisbelti.

Sérhver flugliði skal hafa öryggisbelti sitt spennt þegar hann er á starfsstað sínum.

4.13.4 Axlaólar.

Sérhver flugliði, sem situr í flugmannssæti, skal hafa axlaólar, ef tiltækar eru, spenntar við flugtak og landingu. Aðrir flugliðar skulu hafa axlaólar spenntar við flugtak og landingu nema þær hindri þá við skyldustörf þeirra.

4.14 Starfshættir í blindflugi.

4.14.1 Öllum flugvélum, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum, skal flogið eftir blindaðflugsáðferðum sem samþykktar eru af stjórnvöldum þeirra ríkja sem hlutaðeigandi flugvöllir eru í.

4.15 Almennar leiðbeiningar.

4.15.1 Flugvél skal ekki ekið á athafnasvæði flugvallar nema við stjórnþæki hennar sitji maður, sem:

- a) hefur til þess fulla heimild eiganda eða umráðanda (notanda) eða leigutaka, ef um leigða flugvél er að ræða, eða fulltrúa hans,
- b) er fyllilega hæfur til þess að aka flugvélinni,
- c) fullnægir kröfum til að mega nota talstöð flugvélarinnar ef þörf er talstöðvarfjarskipta, og
- d) hefur fengið leiðbeiningar um flugvöllinn frá hæfum aðila, og þar sem það á við, um leiðir, merkingar og ljósabúnað á honum, flugstjórnarmerki og fyrirmæli, orðasambönd og starfshætti, sem beitt er, og er fær um að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið um öruggan akstur flugvéla á flugvöllum.

4.16 Áfylling eldsneytis.

4.16.1 Við áfyllingu eldsneytis hér á landi skal farið eftir „Reglugerð um eldsneytisáfyllingu loftfara“ nr. 282/1980.

4.17 Varafflugvellir.

4.17.1 Þegar fljúga á innanlands í samræmi við blindflugsreglur, skal að minnsta kosti einn varaflugvöllur tilgreindur í flugáætlun.

Aths.: Brottfararflugvöllurinn getur verið varaflugvöllur.

5.0 AFKASTAGETA FLUGVÉLA OG TAKMÖRK HENNAR**5.1 Starfræksla.**

Flugvél skal starfrækt:

- a) í samræmi við ákvæði þau sem felast í lofthæfiskírteini hennar eða öðrum jafngildum viðurkenndum gögnum,
- b) innan þeirra takmarka sem sett hafa verið af flugmálayfirvöldum skráningar-ríkis flugvélarinnar, og
- c) í samræmi við gildandi reglur um hávaðatakmark fyrir hlutaðeigandi flugvöll, nema flugmálayfirvöld hafi veitt sérstaka heimild til þess að víkja frá þeim reglum.

Aths.: Um íslenskar flugvélar undir 5700 kg hámarks massa í almennum flokki gildir einnig „Reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla“ nr. 263/1986.

5.2 Merkingar.

Spjöld, listar, merkingar mælitækja eða samsteypa þessara hluta, sem hafa að geyma þau starfrækslutakmark sem flugmálayfirvöld skráningarríkis flugvélar hafa sett, skulu vera vel sýnileg og á réttum stöðum í flugvélinni.

6.0 MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR FLUGVÉLA.**6.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi.****6.1.1 Mælitæki.**

Flugvél skal búin mælitækjum sem gera flugliðum kleift að stjórna flugferli hennar, framkvæma allar þær flugathafnir, sem þörf krefur, og fljúga innan getumarka flugvélarinnar við þau skilyrði sem búast má við í fluginu.

6.1.1.1 Í íslenskum flugvélum getur þessi mælitækjabúnaður ekki orðið minni en:

- a) hraðamælir,
- b) hæðarmælir, og
- c) seguláttaviti.

6.1.2 Búnaður.

6.1.2.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi.

6.1.2.1.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi skulu búnar:

- a) tiltækum sjúkrakassa,
- b) beranlegum slökkvitækjum af þess konar gerðum að þau valdi ekki hættulegri loftmengun inni í flugvélinni við notkun. Að minnsta kosti eitt slökkvitæki skal vera í:
 - 1) flugstjórnarklefa, og
 - 2) sérhverjum farþegaklefa sem er greindur frá flugstjórnarklefa og flugstjóri eða aðstoðarflugmaður geta ekki náð til í snatri,

- c) 1) sæti eða legurými fyrir sérhvern þann um borð sem náð hefur ákveðnum aldri samkvæmt ákvörðun skráningarríkis flugvélarinnar, sem er tvö ár fyrir íslenskar flugvélar,
- 3) öryggisbeltum fyrir hvert sæti og hvert legurúm,
- d) eftirfarandi handbókum, kortum og leiðbeiningum:
 - 1) flughandbók flugvélarinnar eða öðrum gögnum og leiðbeiningum um hvers konar takmarkanir á starfrækslu flugvélarinnar sem skráningarríki hennar hefur sett, samanber 5. kafla þessarar reglugerðar,
 - 2) gildum kortum fyrir flugleið þá, sem fljúga á, og allar þær flugleiðir sem ætla má að hugsanlega yrðu flognar ef vikja þyrfti af upphaflegri flugleið,
 - 3) leiðbeiningum um starfshætti flugstjóra við einelti sem lýst er í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2.
 - 4) leiðbeiningum um sjáanleg merki notuð við einelti sem tilgreind eru í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2.
- e) þeim rafmagnsöryggjum, af réttum gerðum, sem unnt er að ná til og skipta um á flugi.

6.1.2.1.2 Skylt er að hafa neyðarsendi (Emergency Location Beacon - Aircraft, ELBA), fyrir flugvélar með hámarksmassa 5700 kg eða minni til þess að auðvelda leit og björgun. Hann skal senda á örtíðni (VHF) í samræmi við ákvæði þau sem tilgreind eru í viðbæti 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 10. Neyðarsendar skulu þannig hannaðir og ísettir að:

- a) sending hefjist sjálfkrafa við flugslys er flugvél rekst í jörðina,
- b) unnt sé að setja þá í gang handvirkt af þeim sem komast lífs af úr flugslysi eða óhappi,
- c) þeir séu ekki háðir aflgjöf frá aflkerfum flugvélarinnar,
- d) þeir séu vatnspólnir, og
- e) ólíklegt sé að þeir verði óvirkir við flugslys.

6.1.2.1.3 Allar flugvélar á sérhverju flugi skulu, til þess að auðvelda leit og björgun, búnar leiðbeiningum um merkjakerfi það sem notað er við samskipti frá jörðu til loftfara.

6.1.2.1.4 Í öllum íslenskum flugvélum í sérhverju flugi skulu vera axlaólar við sæti hvers flugliða þegar því verður komið við að mati Flugmálastjórnar.

6.1.2.1.5 Í öllum íslenskum flugvélum í sérhverju flugi í íslenskri lofthelgi skulu vera björgunarvesti fyrir alla um borð.

6.2 Allar flugvélar í stjórnun sjónflugi.

Allar flugvélar, sem í leiðarflugi er flogið samkvæmt reglum um stjórnun sjónflug, skulu búnar:

- a) seguláttavita,
- b) klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur,
- c) næmum þrýstingshæðarmæli,
- d) hraðamæli, og
- e) þeim viðbótarmælitækjum eða búnaði sem krafist er af hlutaðeigandi yfirvöldum.

6.3 Allar flugvélar í flugi yfir haf eða vötn.**6.3.1 Lagarflugvélar.**

Allar lagarflugvélar í sérhverju flugi skulu búnar:

- a) björgunarvestum, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir sérhvern um borð, og skal þeim komið fyrir svo að auðveldlega megi ná til vestanna eða flotbúnaðarins úr sætum eða legurúmum,
- b) tækjum til þess að gefa frá sér þau hljóðmerki sem krafist er til þess að koma í veg fyrir árekstra á sjó (International Regulations for Preventing Collisions at Sea), þegar það á við,
- c) akkeri,
- d) flotakkeri (drogue), þegar þess er þörf, til þess að auðvelda stjórn á vatni.

Aths.: Með lagarflugvélum er einnig átt við þær flugvélar, sem geta bæði lent á vatni og landi, þegar þær eru starfræktar sem lagarflugvélar.

6.3.2 Landflugvélar.

- 6.3.2.1 Eins hreyfils flugvélar.** Allar eins hreyfils landflugvélar sem fljúga fjær landi en svo að ná megi til lands í renniflugi skulu hafa innanborðs björgunarvesti, eða sambærilegan flotbúnað, fyrir sérhvern um borð. Skal þeim komið þannig fyrir að auðveldlega megi ná til vestanna eða flotbúnaðarins úr sætum eða legurúmum.
- Aths.: Með landflugvélum er einnig átt við þær flugvélar, sem geta bæði lent á vatni og landi, þegar þær eru starfræktar sem landflugvélar.

6.3.3 Allar flugvélar í langflugi yfir haf eða vötn.

Allar flugvélar, sem flogið er í langflugi yfir haf eða vötn, skulu búnar:

- a) þegar flugvél er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 93 km (50 NM):
 - björgunarvestum, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir sérhvern um borð, og skal þeim komið fyrir svo að auðveldlega megi ná til vestanna eða flotbúnaðarins úr sætum eða legurúmum,
- b) þegar eins hreyfils flugvél er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 185 km (100 NM) og þegar fjölhreyfla flugvél, sem haldið getur áfram flugi með einn hreyfil óvirkan, er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 370 km (200 NM):
 - 1) björgunarbátum sem rúma alla um borð og komið er fyrir svo að auðvelt sé að taka þá í notkun í neyðartilvikum. Bátarnir skulu hafa nauðsynlegan búnað til þess að menn geti lifað af í þeim og miðast sá búnaður við hvers konar flug sem fyrirhugað er. Einnig skal í bátunum vera búnaður til þess að senda neyðarblys svo sem lýst er í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2,
 - 2) neyðarsendistöð, sem sendir á örtíðni (VHF) og í samræmi við viðeigandi ákvæði viðbætis 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 10. Sendistöðinni skal komið fyrir þannig að auðvelt sé að taka hana í notkun í neyðartilvikum. Hún skal vera beranleg, sjálffleytin, vatnspólin og óháð aflkerfum flugvélarinnar. Hægt skal vera að nota sendistöðina fjarri flugvélinni af mönnum sem ekki hefur verið sérstaklega kennt að nota hana,
- c) þegar einshreyfils flugvél, eða flugvél sem ekki getur haldið áfram flugi ef markhreyfill hennar verður óvirkur, er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 93 km (50 NM):
 - tiltækum vatnspéttum flotbúningi fyrir sérhvern um borð ásamt nærfatnaði sem haldið getur nægum hita á þeim er búninginn notar.

6.4 Allar flugvélar í flugi á sérlega tilgreindum svæðum.

6.4.1 Þegar flugvélum er flogið yfir landsvæði, sem af hlutaðeigandi ríki hafa verið sérlega tilgreind sem erfið til leitar og björgunar, skulu þær búnaðarneyðarsendi-stöð sem sendir á örtíðni (VHF) og í samræmi við videigandi ákvæði viðbættis 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 10. Sendistöðinni skal komið fyrir þannig að auðvelt sé að taka hana í notkun í neyðartilvikum. Hún skal vera beranleg, vatnspolin og óháð aflkerfum flugvélarinnar. Hægt skal vera að nota sendistöðina fjarri flugvélinni af mönnum sem ekki hefur verið sérstaklega kennt að nota hana. Flugvélar skulu einnig hafa búnað til þess að senda neyðarmerki og nauðsynlegan búnað til þess að menn geti lifað af eftir flugslys. Miðast sá búnaður við hvaða landsvæði flogið er yfir.

6.4.2 Í flugi eins hreyfils flugvéla í íslenskri lofthelgi skal hafa meðferðis búnað sem tryggir öryggi áhafnar og farþega í a.m.k. sólarhring ef til nauðlendingar kæmi. Búnaðurinn skal miðaður við aðstæður hverju sinni, t.d. skal hafa meðferðis varmapoka, skjólfatnað og neyðarkost. Í öllum íslenskum flugvélum með leyfilegan hámarks massa 5700 kg eða minni skulu vera álpokar fyrir alla um borð.

6.4.3 Íslenskar flugvélar, svo og erlendar flugvélar sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, sem flogið er fjær ströndu en 93 km (50 NM) eða milli Íslands og annarra landa, skulu búnaðarbjörgunarbátum er rúmi alla um borð.

6.4.3.1 Neyðarsendir, sem sent getur á tíðni 121,5 og 243 MHz og fullnægir kröfum Flugmálastjórnar um slíka senda, skal vera í eða festur við a.m.k. einn björgunarbát flugvélarinnar eða þannig geymdur að hann sé umsvifalaust tiltækur áhöfn í neyðartilvikum.

6.5 Allar flugvélar í háflugi.

6.5.1 Í öllum flugvélum, sem ætlað er að fljúga í miklum flughæðum, skal vera búnaður til þess að hægt sé að geyma og gefa súrefni það sem um getur í gr. 4.8.

6.5.2 Flugvélar sem veitt er lofthæfiskirteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar.

Í flugvélum með jafnþrýstibúnaði, sem ætlað er að fljúga í flughæðum þar sem loftþrýstingur er minni en 376 hPa (376 mb), skal vera búnaður sem varar flugliða á öruggan hátt við hvers konar hættulegum þrýstingsmissi.

Aths.: 376 hPa loftþrýstingur samsvarar nokkurn veginn 25000 feta flughæð.

6.6 Allar flugvélar sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum.

Allar flugvélar, sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum eða geta ekki haldið æskilegri flugstöðu án viðmiðunar við eitt eða fleiri mælitæki, og allar flugvélar í millilandaflugi til Íslands og frá því, skulu búnaðar:

- a) beygju- og skriðmæli,
- b) stöðuvísi (artificial horizon),
- c) stefnusnúðu (directional gyroscope),
- d) búnaði sem sýnir hvort aflagjafi snúðumælitækjanna er í lagi,
- e) næmum þrýstingshæðarmæli,
- f) mæli sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar,
- g) klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur,
- h) hraðamæli, tengdum kerfi sem hefur búnað til að hindra skekkju vegna ísmyndunar eða vatnspéttingar,
- i) stig- og fallmæli,
- j) leiðbeiningum um fjarskiptastöðvar, flugleiðsögubúnað og flugvelli, eftir því sem við hvert flug á,
- k) seguláttavita.

- 6.6.1 Íslenskar fjölhreyfla flugvélar, sem notaðar eru í kennslu- og þjálfunarflugi, skulu búnar tveim hæðarmælum, sbr. gr. 6.6 e).
- 6.6.2 Í íslenskum flugvélum skal aflgjafi fyrir beygju- og skriðmæli, sbr. gr. 6.6 a), vera annar en fyrir stöðuvísi og stefnusnúðu, sbr. gr. 6.6 b) og c).

6.7 Allar flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til.

Allar flugvélar, sem starfræktar eru að nóttu til, skulu búnar:

- a) öllum þeim búnaði sem um getur í gr. 6.6,
- b) þeim ljósum, sem kveðið er á um í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2, fyrir flugvélar á flugi eða þær sem starfræktar eru á athafnasvæði flugvallar,
- c) landingarljósi,
- d) lýsingu fyrir öll flugmælitæki og allan búnað sem nauðsynlegur er fyrir örugga stjórn flugvélarinnar,
- e) ljósum í öllum farþegarýmum,
- f) vasaljósi við starfsstað hvers flugverja.

6.8 Allar flugvélar sem fullnægja kröfum um hávaðatakmark í viðbæti 16, I. bindi, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 16, Volume I, Noise Certification Standards.

Um borð í flugvélum, sem fullnægja kröfum um hávaðatakmark, skal vera skírteini því til staðfestingar.

6.9 Flugvélar knúnar hverfilhreyflum - jarðvari.

- 6.9.1 Íslenskar flugvélar, sem knúnar eru hverfilhreyflum og hafa meira en 15000 kg hámarks massa eða er heimilt að flytja fleiri en 30 farþega, skulu búnar jarðvara sem viðurkenndur er af Flugmálastjórn.
- 6.9.2 Jarðvarinn skal gefa bæði sjáanleg og heyranleg hættumerki í stjórnklefa ef flugvélin kemur svo nálægt yfirborði jarðar að hugsanlegt er að hætta stafi af. Hættumerkin skulu:
- a) hefjast samtímis og vera auðgreind frá öðrum hættumerkjum í stjórnklefa,
 - b) vera stöðugt skynjanleg uns hættuástandið er liðið hjá, og
 - c) hefjast sjálfkrafa án aðgerða áhafnarinnar.

6.10 Flugritar.

Aths.: Flugritar eru tvenns konar, ferðritar og hljóðritar. Nákvæmar lýsingar á flugritum, sem fullnægja ákvæðum reglugerðar þessarar, er að finna í fylgiskjali A með viðbæti 6, II. hluta, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6, Part II, Attachment A.

6.10.1 Gerðir ferðrita.

- 6.10.1.1 Ferðritar af „Gerð I“ skulu skrá þær breytur sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða nákvæmlega flugferil flugvélarinnar, hraða hennar, stöðu, hreyfilafli, flugham og notkun.
- 6.10.1.2 Ferðritar af „Gerð II“ skulu skrá þær breytur sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða nákvæmlega flugferil flugvélarinnar, hraða hennar, stöðu, hreyfilafli og stöðu hreyfanlegs lyfti- og loftviðnámsbúnaðar.

6.10.2 Skráningartími ferðrita.

- 6.10.2.1 Ferðritar af báðum gerðum, I og II, skulu geta geymt skráðar upplýsingar undanfarandi 25 klukkustunda sem þeir voru í gangi.
- 6.10.3 Ferðritar flugvéla sem veitt er lofhæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar.

- 6.10.3.1 Allar flugvélar, sem hafa meira en 27000 kg hámarksmassa, skulu búnar ferðrita af „Gerð I“.
- 6.10.3.2 Allar íslenskar flugvélar, sem hafa hámarksmassa meiri en 5700 kg en mest 27000 kg, skulu búnar ferðrita af „Gerð I“ eða „Gerð II“.
- 6.10.4 **Hljóðritar flugvéla sem veitt er lofthæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar.**
- 6.10.4.1 Allar flugvélar, sem hafa meira en 27000 kg hámarksmassa, skulu búnar hljóðrita sem getur hljóðritað það sem heyrir í stjórnklefa meðan á fartíma stendur.
- 6.10.4.2 Allar íslenskar flugvélar, sem hafa hámarksmassa meiri en 5700 kg en mest 27000 kg, skulu búnar hljóðrita sem getur hljóðritað það sem heyrir í stjórnklefa meðan á fartíma stendur.
- 6.10.5 **Skráningartími hljóðrita.**
- 6.10.5.1 Hljóðritar skulu geta geymt skráðar upplýsingar undanfarandi 30 mínútna sem þeir voru í gangi.
- 6.10.5.2 Hljóðritar í íslenskum flugvélum, sem hafa meira en 5700 kg hámarksmassa og veitt er lofthæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar, skulu geta geymt skráðar upplýsingar undanfarandi tveggja klukkustunda sem þeir voru í gangi.
- 6.10.6 **Smíði og ísetning flugrita.**
- 6.10.6.1 Flugritar skulu smíðaðir, þeim komið fyrir og þeir ísettir þannig að þeir séu eins vel varðir fyrir hnjaski og skemmdum og kostur er svo að þær upplýsingar, sem þeir hafa að geyma, varðveitist og hægt sé að ná þeim og túlka þær.
- 6.10.7 Notkun flugrita.
- 6.10.7.1 Ekki skal slökkt á flugritum meðan á fartíma stendur.
- 6.10.7.2 Til þess að varðveita gögn þau, sem flugritar geyma, skal slökkt á þeim eða þeir teknir úr sambandi að fartíma loknum, ef flugvélin hefur orðið fyrir slysi eða óhappi, og ekki skal kveikt á þeim aftur fyrr en gögn þeirra hafa verið tekin til varðveislu.

7.0 FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI FLUGVÉLA.

7.1 Fjarskiptatæki.

- 7.1.1 Flugvél, sem áætlað er að fljúga samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu, skal búin fjarskiptatækjum. Með þeim skal vera unnt að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum við þær flugfjarskiptastöðvar, sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um, á þeirri tíðni sem þau hafa ákveðið.
- 7.1.1.1 Þegar þörf er á fleiri en einu fjarskiptatæki til þess að fullnægja ákvæðum í gr. 7.1.1 skal sérhvert þeirra vera óháð hinu eða hinum þannig að bilun eins þeirra valdi ekki bilun annars.
- 7.1.2 Flugvél, sem áætlað er að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum í stjórnðu flugi, skal, nema undanþága hafi fengist frá hlutaðeigandi yfirvöldum, búin fjarskiptatækjum svo að unnt sé að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum, hvenær sem er á flugi, við þær flugfjarskiptastöðvar, sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um, á þeirri tíðni sem þau hafa ákveðið.
- 7.1.2.1 Flugvél, sem áætlað er að fljúga þar sem ákvæði í gr. 6.3.3 eða 6.4 eiga við, skal, nema undanþága hafi fengist frá hlutaðeigandi yfirvöldum, búin fjarskiptatækjum svo að unnt sé að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum, hvenær sem er á flugi, við þær flugfjarskiptastöðvar, sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um, á þeirri tíðni sem þau hafa ákveðið.
- 7.1.3 Fjarskiptatækin, sem um getur í gr. 7.1.1 - 7.1.2.1, skulu gerð fyrir neyðartíðni flugsins 121,5 MHz.

- 7.1.4 Til flugs samkvæmt sjónflugsreglum innan flugstjórnarsviðs í íslenskri lofthelgi þarf VHF sendi- og viðtæki til fjarskipta við hlutaðeigandi flugturn.
- 7.1.5 Fjarskiptatæki skulu þannig gerð að hægt sé að hlusta stöðugt á tiltekna tíðni og samtímis nota flugleiðsögutækin.
- 7.2 Leiðsögutæki.**
- 7.2.1 Flugvél skal búin leiðsögutækjum svo að unnt sé að fljúga:
- í samræmi við flugáætlun, og
 - í samræmi við kröfur flugumferðarþjónustu, nema unnt sé að fljúga rétta leið í samræmi við sjónflugsreglur með viðmiðun við kennileiti á jörðu niðri að minnsta kosti sérhverja 110 km (60 NM) ef slíkt hefur ekki verið bannað af hlutaðeigandi yfirvöldum.
- 7.2.2 Fyrir flug í sérstaklega skilgreindu loftrými, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (Minimum Navigation Performance Specifications) og mælt fyrir um hana samkvæmt svæðisbundnum samningum um flugleiðsögu, skal flugvél búin flugleiðsögutækjum sem:
- með nægjanlegri nákvæmni gefa flugliðum órofa vísbendingu um samsvörun við fyrirhugaðan flugferil eða frávik frá honum alla flugleiðina, og
 - hafa verið heimilud af skráningarríki flugvélarinnar til notkunar í flugi í því loftrými.
- 7.2.3 Flugvélin skal búin þess konar flugleiðsögutækjum að tryggt sé að þótt bilun verði í einu tæki eða hluta þess, hvenær sem er á flugi, þá sé allt um það hægt að fljúga í samræmi við kröfur þær sem gerðar eru í gr. 7.2.1 og, þar sem við á, í gr. 7.2.2.
- 7.2.4 Þegar fyrirhuguð er landing í blindflugsskilyrðum skal flugvél búin leiðsögutækjum sem tekið geta á móti leiðarmerkjum til staðar þaðan sem unnt er að lenda úr sjónaðflugi. Tækin skulu geta gefið þess konar leiðbeiningar við sérhvern ákvörðunarflugvöll, sem lenda skal á í blindflugsskilyrðum, og sérhvern varaflugvöll.
- 7.2.5 Flugvélar, sem áætlað er að fljúga:
- samkvæmt blindflugsreglum í íslenskri lofthelgi, og/eða
 - innan aðflugsstjórnarrýmis Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvallar skulu búnar ratsjársvara.
- 7.2.6 Íslenskar flugvélar, sem áætlað er að fljúga samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til utan 28 km (15 NM) frá lýstum flugvelli í íslenskri lofthelgi, skulu búnar a.m.k. tveimur radíóáttavítum eða einum radíóáttavita og einu fjölstefnuviðtæki, svo og viðtæki fyrir markvita eða fjarlægðarmæli.

8.0 VIÐHALD FLUGVÉLA.

8.1 Almenn.

- 8.1.1 Eigandi eða umráðandi (notandi) flugvélar eða leigjandi, ef flugvélin er leigð, ber ábyrgð á því að flugvélinni sé haldið lofthæfri þegar hún er í notkun.
- 8.1.2 Eigandi eða umráðandi (notandi) flugvélar eða leigjandi, ef flugvélin er leigð, ber ábyrgð á því að tryggja, eftir því sem framkvæmanlegt er, að:
- allt viðhald, grannskoðanir, breytingar og viðgerðir, sem hafa eða gætu haft áhrif á lofthæfi, fari fram eins og fyrir er mælt af skráningarríki flugvélarinnar,
 - þeir sem framkvæma viðhald skrái viðeigandi færslur í viðhaldsskrár flugvélarinnar og staðfesti að flugvélin sé lofthæf,
 - viðhaldsvottorð sé útfyllt og undirritað af manni eða mönnum sem hafa fullgild réttindi, í samræmi við „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmála-

stjórn“ eða viðbæti 1 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 1, til að staðfesta að viðhaldsverkinu sé lokið á viðurkenndan hátt og í samræmi við fyrirskipaðar aðferðir.

8.2 Réttindi til að staðfesta lofthæfi.

Hver sá, sem ber ábyrgð á að staðfesta að flugvél sé lofthæf, skal hafa réttindi til þess í samræmi við „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn“ eða viðbæti 1 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 1.

8.3 Viðhaldsskrár.

8.3.1 Eigandi eða umráðandi (notandi) flugvélar skal halda viðhaldsskrár um eftirfarandi:

a) um flugvélinu í heild sinni:

- 1) gildandi eiginmassa og legu þyngdarpunkts flugvélarinnar tómrar,
- 2) ísetningu og fjarlægingu búnaðar,
- 3) tegund og umfang viðhalds og breytinga, flugtíma, svo og um það hvenær vinnan var framkvæmd,
- 4) lista í tímaröð um framkvæmd lofthæfifyrirmæla og hvernig þeim var framfylgt.

b) um aðalhluti flugvélarinnar:

- 1) heildarflugtíma,
- 2) hvenær síðasta grannskoðun fór fram,
- 3) flugtíma frá síðustu grannskoðun,
- 4) hvenær síðasta skoðun fór fram.

c) um mælitæki og búnað, ef notkun og notkunartími þeirra takmarkast af flugtíma:

- 1) heildarflugtíma að því marki að unnt sé að ákveða ástand þeirra og meta endingu þeirra,
- 2) hvenær síðasta skoðun fór fram.

8.3.2 Leigjandi flugvélarinnar skal fylgja ákvæðum í gr. 8.3, eftir því sem við á, meðan flugvélin er leigð.

8.3.3 Skrár þær sem vísað er til í gr. 8.3.1 og 8.3.2 skal varðveita í 90 daga eftir að endingartími hlutarins, sem þær eiga við, er útrunninn.

8.4 Skoðanir.

8.4.1 Íslenskar flugvélar skulu skoðaðar í samræmi við fyrirmæli skoðunarhandbókar, þó ekki sjaldnar en á 50 og 100 flugtíma fresti (50 og 100 klst. skoðanir). Minnst eina 100 klst. skoðun skal gera því sem næst árlega til endurnýjunar lofthæfiskírteinis (ársskoðun). Flugmálastjórn/loftferðaefartilít getur samþykkt annað fyrirkomulag skoðana.

8.5 Viðhald og viðgerðir.

8.5.1 Íslenskum flugvélum skal við haldið og við þær gert samkvæmt viðhalds- og viðgerðarhandbókum sem samþykktar hafa verið fyrir hlutadeigandi tegund flugvéla og/eða samkvæmt almennt viðurkenndum aðferðum flugiðnaðarins. Flugmálastjórn sker úr í vafaatriðum.

Aths.: Sem dæmi um almennt viðurkenndar aðferðir flugiðnaðarins má nefna:
FAA Advisory Circular No. 43.13-1A, Acceptable Methods, Techniques and Practices. Aircraft Inspection and Repair.
FAA Advisory Circular No. 43.13-2, Acceptable Methods, Techniques and Practices. Aircraft Alteration.
BCAA Inspection Procedures.

8.6 Vinna við íslenskar flugvélar erlendis.

8.6.1 Skoðanir, viðhald, viðgerðir og/eða breytingar íslenskra flugvéla erlendis mega einungis fara fram hjá aðiljum sem uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

- 1) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) til þess að framkvæma sama verk á flugvélum skráðum í Bandaríkjunum (FAA licensed mechanic/FAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAR),
- 2) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar Bretlands (CAA) til þess að framkvæma sama verk á flugvélum skráðum í Bretlandi (CAA licensed mechanic/CAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bresku flugmálastjórnarinnar (BCAR),
- 3) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar heimalands síns til þess að framkvæma sama verk á flugvélum skráðum í heimalandi sínu, enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum flugmálastjórnar heimalands síns og heimaland hans sé eitthvert eftirtalinna landa: Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland, V-Pýskaland, Holland, Belgía, Luxembourg, Austurríki, Sviss, Frakkland, Írland, Kanada, Nýja Sjáland eða Ástralía,
- 4) hafi verið samþykktur sérstaklega af Flugmálastjórn/loftferðaeftirliti.

9.0 FLUGÁHAFNIR.**9.1 Starfhæfi.**

Flugstjóri skal tryggja að skírteini hvers flugliða hafi verið gefið út eða fullgilt af skráningarríki flugvélarinnar, sé með réttum áritunum og í gildi. Hann skal einnig fullvissa sig um að viðkomandi flugliðar hafi haldið við starfhæfni sinni.

9.1.1 Millilandaflug.

Flugstjóri í millilandaflugi til Íslands eða frá því skal hafa gilda blindflugsáritun.

9.2 Samsetning áhafnar.

Fjöldi flugliða í áhöfn skal ekki vera minni en segir í lofthæfiskírteini flugvélarinnar, flughandbók hennar eða öðrum gögnum, tengdum lofthæfiskírteini hennar.

10.0 ÝMIS ÁKVÆÐI.**10.1 Undanþágur.**

10.1.1 Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

10.2 Refsiákvæði.

10.2.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964.

10.3 Gildistaka.

10.3.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1990 og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Kópavogskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gjaldir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Kópavogskaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Kópavogs er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júniflok á hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr sömu laga.

III. KAFLI.

Um fundarskóp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar nema júlí, ágúst og desember, er halda skal aðeins einn fund og þá þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði hefjast kl. 16.00.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og er þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

Fundum bæjarstjórnar skal að jafnaði ljúka fyrir miðnætti, kl. 24.00.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en fimmtudag næstan fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20 gr.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Forseti getur heimilað bæjarfulltrúa að taka til máls utan dagskrár óski hann þess.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem þá boðar varamann hans á fund.

Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir, er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo og sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið.

Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum.

Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða. Heimilt er forseta að gera hvern einstakan lið fundargerðar að sérstöku dagskrármáli.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þvisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftár til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd við fundarskóp.

Óski bæjarfulltrúi eftir að bera fram fyrirspurn um málefni kaupstaðarins skal hann leggja hana skriflega fyrir forseta bæjarstjórnar, formann bæjarráðs eða bæjarstjóra. Fyrirspurnin skal vera um skýrt afmörkuð atriði og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Bæjarfulltrúi segir til um hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn. Fyrirspurn skal leggja fram í bæjarráði og skal hún að jafnaði tekin á dagskrá næsta bæjarstjórnarfund á eftir. Ef um skriflegt svar er að ræða skal það sent bæjarfulltrúum minnst einum sólarhring fyrir bæjarstjórnarfund.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

29. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

30. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, eða umræðum verði hætt.

Pá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, samkvæmt 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli, ef bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri óskar. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarritari sér um færslu gerðabókar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í

fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti, enda setur hún þar um sérstakar reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en fimmtudag næstan fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gengt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans, sbr. 26. gr.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

Mánuðina september til maí skulu bæjarfulltrúar hafa fasta viðtalstíma fyrir bæjarbúa á bæjarskrifstofunni. Bæjarritari sér um nánari framkvæmd.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Þeir bæjarfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur leyft að flokkur eða listi sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði megi tilnefna fulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum fimmtudegi kl. 16.00. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá eigi síðar en um hádegi þann dag sem fundur er haldinn. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarritari færir gerðabók bæjarráðs. Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundaritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Eftir hvern bæjarráðsfund skal öllum bæjarfulltrúum send eftirrit af fundargerðum og gögnum sem dreift hefur verið til fulltrúa í bæjarráði.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur um afgreiðslu málsins í bæjarráði eða við bæjarstjóra. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í bæjarráði fer málið til afgreiðslu í bæjarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, nema þar sem lög og reglugerðir kveða á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fund í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara. Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa varaformann og ritara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningar þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stórna bæjarins skulu að jafnaði lagðar fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til **eins árs** á fundi í júní ár hvert:

1. Fimm bæjarfulltrúa í *bæjarráð* skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr.8/1986, sbr. og 2. gr. laga nr. 49/1990.
2. Tvo *skodunarmenn* bæjarreikninga og tvo til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
 - a) Þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú til vara.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.

4. Fimm menn í *framtalsnefnd* og fimm til vara. Framtalsnefnd annast þau störf sem kveðið er á um í 27. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga. Starfstími nefndarinnar skal hefjast og enda við áramót.

5. Fimm menn í *hafnarstjórn* og fimm til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

6. Tvo menn í *stjórn Sparisjóðs Kópavogs* skv. 21. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði. Auk þess eiga sæti í stjórninni þrír fulltrúar kjörnir af ábyrgðarmönnum sparisjóðsins.

B. Til fjögurra ára á öðrum fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:

1. *Kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar* skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

a) Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara.

b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.

2. Fimm menn í *atvinnumálanefnd* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 21. janúar 1982. Atvinnumálanefnd hefur jafnframt með höndum verkefni skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.

3. Fimm menn í *lista- og menningarráð* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. október 1986. Lista- og menningarráð fer jafnframt með stjórn bókasafns skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.

4. Fimm menn í *byggingarnefnd* og fimm til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

5. Fimm menn í *félagsmálaráð* og fimm til vara skv. samþykktum bæjarstjórnar frá 20. júní 1972 og 25. maí 1984. Félagsmálaráð annast störf þau sem framfærslunefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947 og 53/1966. Jafnframt fer félagsmálaráð með rekstur og stjórn leikvalla og dagvista.

6. Fimm menn í *heilbrigðisnefnd* og fimm til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. Fimm menn í *íþróttaráð* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 11. maí 1984.

8. Fimm menn í *jafnréttisnefnd* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 18. júní 1975.

9. Fimm menn í *skipulagsnefnd* og fimm til vara. Fer með skipulagsmál skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964.

10. Fimm menn í *skólanefnd* og fimm til vara skv. 17.–18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og samningi Kópavogskaupstaðar og menntamálaráðuneytis um skólalald á framhaldsskólastigi í Kópavogi frá 14. maí 1982.

11. Fimm menn í *umferðarnefnd* og fimm til vara skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Rétt til setu á fundum nefndarinnar hefur bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur með málfrelsi og tillögurétt.

12. Fimm menn í *stjórn Vélamiðstöðvar* skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 19. janúar 1979. Þar af tilnefna starfsmenn Vélamiðstöðvar og Strætisvagna Kópavogs sinn hvorn manninn.

13. Fimm menn í *tómstundaráð* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 11. maí 1984.

14. Sex menn í *áfengisvararnefnd* og sex til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.

15. Fimm menn í *umhverfisráð* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. október 1986. Umhverfisráð annast verkefni þau sem gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 17/1965 um landgræðslu og 47/1971 um náttúruvernd.

16. Þrjú menn í *húsaleigunefnd* og þrjú til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

17. Þrjú menn í *stjórn Félagsheimilis Kópavogs* og þrjú til vara skv. samningi um rekstur Félagsheimilis Kópavogs samþykktum í bæjarstjórn 15. janúar 1982. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar tilnefndir af aðildarfélagunum.

18. Fjóra aðalmenn í *Húsnaðisnefnd* og jafnmarga til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnaðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.
19. Þrjá menn í *Vinabæjarnefnd* og þrjá til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 12. nóvember 1983. Auk þess eiga sæti í nefndinni einn fulltrúi frá Norræna félaginu í Kópavogi og bæjarstjóri.
20. Tvo menn í *Stjórn Heilsugæslustöðvar Kópavogs* og jafnmarga til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Auk þess á sæti í stjórninni einn fulltrúi sem starfslíð Heilsugæslustöðvarinnar kýs úr sínum hópi.
21. Fulltrúa og varafulltrúa í *heilbrigðismálaráð* skv. 7. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Skulu þeir kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa, einn frá hverri slíkri stofnun.
22. Tvo bæjarfulltrúa eða varabæjarfulltrúa í *stjórn Lífeyrissjóðs Kópavogskaupstaðar* og tvo til vara skv. reglugerð staðfestri 11. október 1984. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar kjörnir af sjóðsfélögum og bæjarstjóri, sem er formaður stjórnarinnar.
23. Einn *forðagæslumann* skv. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
24. Einn mann í *fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands* og einn til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
25. Einn mann í *stjórn Bláfjalla- og Reykjanesfólkvangs* og einn til vara skv. auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 97/1973 og auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi nr. 520/1975.
26. Einn mann í *stjórn Tónlistarskóla Kópavogs* skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
27. Tvo menn og tvo til vara í *almanavarnanefnd* skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almanavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
28. Einn mann í *stjórn Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs* og annan til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 12. janúar 1988.
29. Þrjá menn í *stjórn Örva, verndaðs vinnustaðar* skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 29. nóvember 1983.

C. Í aðrar nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður, þegar kjörtímabil bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslíð bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum. Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri skal hafa ákveðinn viðtalstíma sem auglýstur skal á skrifstofu bæjarins.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins. Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarritari störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Kópavogskaupstaðar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningar í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Starfsmenn skulu hlíta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Kópavogskaupstaðar eins og þær eru á hverjum tíma samþykktar af bæjarstjórn.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi Samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 276/1984 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ**um breyting á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.**

1. gr.

Gildistöku 2. liðar í viðauka 6 í reglugerð nr. 386/1989 er frestað til 1. janúar 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Umhverfissráðuneytið, 15. júní 1990.

Júlíus Sólnes.

Páll Líndal.

SAMÞYKKT

um stjórn Grindavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkur er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Grindavíkurkaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Grindavíkur eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Enn fremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. VII. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins.

II. KAFLI

Fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 23. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Bæjarstjórn getur endurskoðað fjárhagsáætlun hafi forsendur fyrir henni breyst verulega. Slikar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartilögur verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

III. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði annan miðvikudag hvers mánaðar og skal fundurinn hefjast kl. 17.00 nema bæjarráð ákveði annað. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarins.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvædafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur ákveðið, að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum t.d. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál bæjarins, sem

æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum.

Tillögu um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreiða umræðulaust í bæjarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokudum fundi í bæjarstjórn. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfríði, getur forseti látið vísa honum út.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

21. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

22. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

23. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

25. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má átla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein

fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega tala þrisvar við hverja umræðu máls. Umræða um fjárhagsáætlun er undanþegin þessu ákvæði.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórna eða

bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosning skal ávallt vera skrifleg og leynileg.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 1. mgr. 19. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a. m. k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

37. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

38. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

39. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

42. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

43. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfundum tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

V. KAFLI

Bæjarráð Grindavíkurkaupstaðar.

44. gr.

Bæjarstjórn kys fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

45. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Heimilt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki bæjarráði kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

46. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku skv. ákvörðun bæjarstjóra eða formanns bæjarráðs. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

47. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fundi, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

48. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Formaður bæjarráðs getur falið bæjarstjóra stjórn fundar bæjarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

49. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

50. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

VI. KAFLI Nefndir og ráð.

51. gr.

Bæjarstjórn kys formenn og varaformenn nefnda nema lög kveði á um annað.

52. gr.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

53. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

54. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

55. gr.

Um skipan nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, valdsvið þeirra og hlutverk fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Nefnd, ráði eða stjórn má ekki framselja vald til fullnaðarafgreiðslu mála eða málaflokks sem bæjarstjórn er fengið með lögum.

56. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa ritara sem færa skal fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

57. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og síðan bæjarstjórnar og skal það gert fljótlega að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

58. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis, sbr. og 4. mgr. 23. gr. sveitastjórnarlaga nr. 8/1986.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Enn fremur annast byggingarnefnd verkefni húsaleigunefndar skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga. Verkefni umferðarnefndar skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og skipulagsmál.
3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd, áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 82/1969 og nr. 53/1966, leikvelli, dagvistunarstofnanir, heimilis-hjálp, þjónusta við aldrada og almenna félagslega þjónustu. Félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál sbr. lög nr. 65/1985.
4. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17.–18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
5. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
6. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþrótt- og æskulýðsnefnd vinnur að menningarmálum æskunnar í samvinnu við skóla, bæjaryfirvöld, æskulýðs- og íþróttafélög. Nefndin fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþrótt- og æskulýðsstarfsemi, svo og um rekstur vinnuskóla fyrir unglinga, skólagarða og starfsvöll. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og aðrar þær samkomur sem haldnar eru á vegum bæjarfélagsins ár hvert.
7. *Bókasafnsnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningubókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
8. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
9. *Umhverfismálanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálanefnd er bæjarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 47/1971 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
10. *Húsæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum nr. 86/1988 um Húsæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.

11. *Forðagæslumaður*. Einn forðagæslumaður og annar til vara sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
12. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
13. *Fjallskilanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast fjallskil í samræmi við ákvæði fjallskilareglugerðar Gullbringusýslu.
14. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
15. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að vera bæjarstjórn til ráðuneytis um atvinnumál í byggðarlaginu og fara með stjórn vinnumiðlunar sveitarfélagsins skv. 9. gr. laga nr. 18/1985.

C. Til fjögurra ára.

Kosning og tilnefning fulltrúa í nefndir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurnesjum og þátttöku sveitarfélagsins í atvinnurekstri. Bæjarstjórn getur kosið nefndir og fulltrúa, til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda og fulltrúa fellur niður í lok kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrir ef verkefnum er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VII. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

60. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum og um getur í 2. mgr. 45. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim laun frá störfum.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

64. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana og fyrirtækja bæjarins eftir þeim reglum sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

65. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef 2/3 mættra bæjarstjórnarmanna samþykkir það.

66. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 45/1975 um stjórn Grindavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Setbergslandi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. júní 1990 staðfest þá breytingu á deiliskipulagi í Setbergslandi í Hafnarfirði, sem staðfest var 31. janúar 1983, að tengja saman enda Ljósabergs og Glitbergs, þannig að aðkoma að 5 efstu húsunum við Glitberg verði um Ljósaberg.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur staðfest hana og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hölmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Akureyrar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

5. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Áætlun þessa skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja hana um eitt ár.

6. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 20. gr. samþykktar þessarar.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga.

Við gerð fjárhagsáætlunar skal höfð hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs og fyrirtækja bæjarins í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á henni.

7. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 6. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, eða útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt kveða á um hvernig útgjöldum skuli mætt.

8. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

9. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Reglulegir bæjarstjórnarfundir skulu hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

10. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður hana saman til fyrsta fundar að loknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

11. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það, sbr. þó 10. gr. samþykktar þessarar.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

12. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 52. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Óski bæjarfulltrúi eftir slíku skal hann tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

13. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum. Aukafundir skulu á sama hátt boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

14. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

15. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

16. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum og skal tillaga um slíkt afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatgur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmatgur.

18. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum og sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Forseti getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum, en raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðunum forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

19. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Þeir dagskrárliðir úr fundargerðum nefnda sem bæjarráð hefur tekið til afgreiðslu, sbr. 46. gr. samþykktar þessarar, skulu teknir á dagskrá með fundargerð viðkomandi nefndar en ekki bæjarráðs. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

20. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir og reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Forseti bæjarstjórnar getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

22. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, nánin skyldmenni eða venslamenn hans svo sérstaklega að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Sama á við sé hann fyrirsvarsmáður aðila sem málið varðar með sambærilegum hætti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tívælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

23. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

24. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerða hann óski að ræða.

Flutningsmaður eða framsögumaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

25. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsllum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýði bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

27. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

28. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema lög mæli á annan veg. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

29. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Bæjarstjórn getur samþykkt að mál sé afgreitt með skriflegri atkvæðagreiðslu.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

30. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og á móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Pegar kjósa skal einn fullt.úa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 14. gr. þessarar samþykktar.

31. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig það er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð undirrituð nema bæjarstjórn ákveði frestun.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglu.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

32. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 21. gr. samþykktar þessarar. - Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

33. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

34. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa hefur tekið þátt í henni.

35. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til öflunar upplýsinga vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

Um vanhæfi bæjarfulltrúa vísast til 22. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. og 2. mgr.

39. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 9. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

41. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana er þeir starfa hjá.

42. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Framboðsaðili sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki fulltrúa í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

43. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum fimmtudegi kl. 15.30. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

44. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður

ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

45. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann þess. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á þeim. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

46. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur frumvarp að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórnna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs og bæjarstofnana séu samdir og lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Bæjarráð fer með stjórn Slökkviliðs Akureyrar og tækni-deildar bæjarins. Þá fer bæjarráð með gerð kjarasamninga fyrir hönd bæjarins og annast um niðurfellingar eða lækkanir fasteignaskatts, útsvara og aðstöðugjalda, sbr. 5. gr. og 27. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar.

Bæjarráð fjallar um og gerir tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu á þeim dagskrárliðum í fundargerðum nefnda er fjalla um: fjármál, gjaldskrár, verksamninga, hlutabréf, veðsetningar, ábyrgðir, kjarasamninga, starfsmannamál, reglugerðir, samþykktir, málaferli, fjárhags- og framkvæmdaáætlanir og kaup, sölu eða leigu á fasteignum, lóðum og löndum. Formaður bæjarráðs tekur ákvörðun um hvaða mál frá nefndum þurfi umfjöllunar við í bæjarráði áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarfélagsins eða stofnana þess, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um þá afgreiðslu. Heimilt er að bóka afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarbók ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

47. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

48. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

49. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

50. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

Deildarstjórar einstakra málaflokka undirbúa fundi viðkomandi nefndar í samráði við formann hennar. Formaður nefndar skal gæta þess að verkaskipting milli nefndar og embættismanna sé haldin og virt á báða boga.

51. gr.

Um valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Nefndir eru ráðgefandi bæjarstjórn um þann málaflokk er undir þær heyrir. Þær skulu gera tillögu að stefnumörkun innan síns málaflokks og fylgjast með að samþykkt stefna sé haldin.

Nefndir afgreiða erindi sem þeim berast og fjalla um stjórn, rekstur og skipulag þeirra deilda og stofnana sem undir þær heyra.

Nefndir skulu að eigin frumkvæði kynna sér þjónustu bæjarstofnana innan síns málaflokks og fjalla um aðfinnslur og athugasemdir bæjarbúa sem þeim berast. Einnig skulu nefndir kynna stefnu sína, markmið og verkefni fyrir bæjarbúum.

Nefndir fjalla um ráðningar starfsmanna sinna deilda og stofnana eftir því sem nánar segir í 57. gr. samþykktar þessarar.

Nefndir gera tillögu að fjárhagsáætlun til bæjarráðs. Að lokinni samþykkt fjárhagsáætlunar ber þeim að fylgjast með að hún sé haldin. Einnig gera nefndir tillögur til bæjarstjórnar um breytingar á reglugerðum, samþykktum og gjaldskrám.

Deildarstjórar einstakra málaflokka eru faglegir ráðgjafar viðkomandi nefnda, veita þeim upplýsingar og framkvæma ályktanir þeirra.

52. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal þar skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlök skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að loknum nefndarfundi.

53. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 2. *Skoðunarmenn bæjarreikninga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
- B. Til fjögurra ára.**
- Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:
1. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. samþykktir um atvinnumálanefnd frá 20. október 1987, 20. desember 1988 og 24. apríl 1990.
 2. *Bygginganefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
 3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem áfengisvarnarnefnd, framfærslunefnd, barnaverndarnefnd og húsaleigunefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 82/1969, 80/1947, 53/1966 og 44/1979. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og málefna aldraðra, sbr. samþykkt um skipan félagsmála á Akureyri frá 24. apríl 1990.
 4. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
 5. *Íþrótt- og tómsundaráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt um íþrótt- og tómsundaráð frá 24. apríl 1990.
 6. *Kjörstjórn við alþingiskosningar, sem jafnframt er kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 og 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 7. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt um menningarmálanefnd frá 24. apríl 1990. Menningarmálanefnd annast störf þau er stjórn bókasafns eru falin skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
 8. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt um skipulagsmál Akureyrar frá 24. apríl 1990.
 9. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 17.–18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og samþykkt um skólanefnd frá 24. apríl 1990.
 10. *Skólanefnd Tónlistarskólans á Akureyri*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. reglugerð skólans frá 1. desember 1987.
 11. Stjórn veitustofnana. Fimm aðalmenn og fimm til vara, skv. reglugerð um Rafveitu Akureyrar nr. 458/1979 ásamt breytingum nr. 452/1985 og 96/1986, reglugerð fyrir Vatnsveitu Akureyrar nr. 623/1989 og reglugerð um Hitaveitu Akureyrar nr. 186/1989.
 12. Umhverfisnefnd. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt bæjarstjórnar um umhverfisnefnd frá 1. desember 1987. Umhverfisnefnd annast störf þau er gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 17/1965 og 47/1971.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Heilbrigðismálaráð*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
3. *Heilbrigðisnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. *Héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. samþykkt fyrir héraðsnefnd Eyjafjarðar.
5. *Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra*. Einn fulltrúi og einn til vara, skv. tilmælum frá félagsmálaráðuneyti dags. 6. mars 1984 og samþykkt fyrir samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra frá 22. febrúar 1988, sbr. breytingu 3. apríl 1990.
6. *Skólanefnd M.A.* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 4. gr. laga nr. 72/1989, sbr. lög nr. 107/1988, og samningi sveitarfélaga í Eyjafirði dags. 16. janúar 1990.
7. *Skólanefnd Verkmenntaskóla*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 4. gr. laga nr. 72/1989, sbr. lög nr. 107/1988 og samningi sveitarfélaga í Eyjafirði dags. 16. janúar 1990.
8. *Stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 30. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
9. *Stjórn Heilsugæslustöðvar á Akureyri*. Tveir aðalmenn og tveir til vara, skv. 6. gr. laga nr. 87/1989, sbr. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, en önnur aðildarsveitarfélög tilnefna í sameiningu einn fulltrúa.
10. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar*. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar STAK og tveir til vara og bæjarstjóri sem er formaður, sbr. 4. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar frá 12. janúar 1988.
11. *Stjórn sparisjóðs Akureyrar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði.
12. *Húsnæðisnefnd*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.

D. Til fjögurra ára. Tilnefningar í stjórnir og þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga:

1. *Fjórðungsping Norðlendinga*. Sex fulltrúar og sex til vara.
2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
3. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara, skv. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

E. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.

54. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrir sé verkefni þeirra lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

55. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

56. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á

fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur, ábyrgðaryfirlýsingar, verksamninga og aðrar meiriháttar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er ædsti yfirmaður starfslíðs bæjarins, fyrirtækja hans og stofnana.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

57. gr.

Þeir starfsmenn Akureyrarbæjar sem eru félagar í stéttarfélagum er falla undir 4. og 5. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 hafa sömu réttindi og skyldur og starfsmenn ríkisins, sbr. lög nr. 38/1954 og 73. gr. laga nr. 8/1986 og gegna heimiluðum föstum stöðum, teljast fastráðnir að loknum 3ja mánaða reynslutíma. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir sé ekki annað ákveðið í kjarasamningi eða ráðningarsamningi, sbr. 73. gr. laga nr. 8/1986. Um almenn skilyrði fyrir fastráðningu í starf hjá Akureyrarbæ fer skv. 3. gr. laga nr. 38/1954.

Bæjarstjórn ræður starfsfólk í eftirtaldar stjórnunarstöður og veitir þeim lausn frá störfum að tillögu bæjarráðs og/eða viðkomandi nefndar, sbr. 72. gr. laga nr. 8/1986: Framkvæmdastjóra sviða, deildarstjóra og forstöðumenn stofnana. Starfsmannastjóri gerir ráðningarsamning við aðra fastráðna starfsmenn, að tillögu deildarstjóra eða forstöðumanns stofnunar og að fengnu samþykki nefndar. Nefndum er heimilt að fela deildarstjórum eða forstöðumönnum fullnaðarákvörðun um tillögu að ráðningu.

58. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Ákvæði til bráðabirgða:

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa fimm aðalmenn og fimm til vara til setu í jafnréttisnefnd kjörtímabilið 1990-1994, sbr. samþykkt bæjarstjórnar frá 13. júlí 1982.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn Akureyrar nr. 65/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línadal.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Afgreiðslugjöld.	Kr.
1.1. Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina	3 500
1.2. Breyting á skírteinum einstaklinga, þ.m.t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	1 500
1.3. Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	12 000
1.4. Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ.m.t. breytingar á skrásetningarkerkjum	7 000
2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.	
2.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksþunga þeirra.	
2.2. Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.	
2.3. Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.	
2.4. Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.5. Hálftr árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálftr ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.6. Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.	
2.7. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför eru:	Kr.
a) fyrir loftför allt að 2700 kg	10 000
+ gjald fyrir þyngd, hvert kg	6,90
b) fyrir loftför allt að 2701–5700 kg	14 000
+ gjald fyrir þyngd, hvert kg	5,50
c) fyrir loftför 5701–50000 kg	55 000
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg, hvert kg	5,50
d) fyrir loftför yfir 50000 kg	325 000
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg, hvert kg	3,10
3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.	
3.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtaksþunga þeirra.	
3.2. Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.	

- 3.3. Hálf árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.
- 3.4. Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjara-samningum starfsmanna ríkisins.
- 3.5. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:
- | | Kr. |
|--|---------|
| a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg | 16 000 |
| b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg | 25 000 |
| c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg | 75 000 |
| d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg | 110 000 |

4. Próf gjöld.

- 4.1. Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld:
- | | Kr. |
|---|--------|
| a) einkaflugmannspróf | 7 000 |
| b) atvinnuflugmannspróf | 11 000 |
| c) blindflugspróf | 9 500 |
| d) flugkennarapróf | 9 500 |
| e) flugumsjónarmannspróf | 9 500 |
| f) flugvéltækispróf | 9 500 |
| g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjóra-próf | 9 500 |
| h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein | 2 200 |
- 4.2. Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaefirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

- 5.1. Afgreiðslugjöld samkvæmt 1. gr. greiðast hjá loftferðaefirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 572 5. desember 1989 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 19. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Árni Þór Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur
fatlaðra nr. 605/1989.**

1. gr.

Í stað orðanna „30. júní 1990“ í ákvæði til bráðabirgða II., komi „31. desember 1990.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

14. júní 1990

Nr. 269

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. júní 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Búlandshrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. júní 1990

Nr. 270

AUGLÝSING**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júlímánuði 1990.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990 hefur útgreiðsla úr rækjudeild Verðjöfnunar-sjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings í júlímánuði 1990 verið ákveðin 5%. Útgreiðslan er bundin við skelfletta rækju úr innlendu hráefni sbr. ákvæði til brb. í l. nr. 39, 15. maí 1990 og 16. gr. rg. nr. 254, 19. júní 1990.

Jafnframt hefur verið ákveðið að greiðsla skv. 1. mgr. taki einnig til útflutnings skelflettrar rækju úr innlendu hráefni í júnímánuði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júní 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávisun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Hydrocortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn)	Í stað setningarinnar: Lyfjaform til útvortis notkunar o.s.frv. kemur: "Lyfjaform til útvortis notkunar; mest 10 mg/g eða 10 mg/ml (1%). Mest 30 g handa einstaklingi."	Við bætist: MILDISON, krem feitt	
Loperamidum	Mixtúrur, mest 0,2 mg/ml. Mest 100 ml handa einstaklingi.	IMODIUM, mixtúra.	Við bráðum niðurgangi; skammtímameðferð Skammtar: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 20 ml í upphafi meðferðar. Ekki má taka meira af lyfinu fyrr en að 2-3 klst. liðnum og þá 10 ml í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 80 ml á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. Varúð: Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Leitið til lækni.
Loperamidum frh.	Lyfjaform í af mældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 2 mg. Mest 16 stk. handa einstaklingi.	IMODIUM, hylki.	Við bráðum niðurgangi; skammtímameðferð. Skammtar: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 2 hylki í upphafi meðferðar. Ekki má taka meira af lyfinu fyrr en 2-3 klst. liðnum og þá 1 hylki í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 8 hylki á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. Varúð: Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Leitið til lækni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar:

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:			
Orkugjald	5,25	(6,54)	kr/kWh
Fast gjald	1 840,00	(2 241,00)	kr/ár
A. 2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:			
Orkugjald	6,83	(8,50)	kr/kWh
Fast gjald	3 900,00	(4 855,50)	kr/ár

B. Aftaxtar.

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:			
Orkugjald	1,89	(2,35)	kr/kWh
Aflgjald	7 050,00	(8 777,25)	kr/kW ár
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafli 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.			
Orkugjald miðast við að meðalfasvixsstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasvixsstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasvixsstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.			
B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:			
Aflgjald	10 600,00	(13 197,00)	kr/kW ár
Viðhaldsgjald	15 400,00	(19 173,00)	kr/kW ár
Gjald samtals	26 000,00	(33 370,00)	kr/kW ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C. 1 Órofin húshitun	5,25	(6,54)	kr/kWh
C. 2 Daghitun, húshitun rofin	2,31	(2,88)	kr/kWh
C. 3 Næturhitun, húshitun	1,26	(1,57)	kr/kWh
Fast gjald á C. 1	7 500,00	(9 337,50)	kr/ár
Fast gjald á C. 2 og C. 3	6 800,00	(8 466,00)	kr/ár

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D. 1 Af einfasa mælum	475,00	(591,38)	kr/ár
D. 2 Af þrífasa mælum upp að 50A	1 900,00	(2 365,50)	kr/ár
D. 3 Af þrífasa mælum 50A og ofar	2 850,00	(3 548,25)	kr/ár
D. 4 Af álagsstýringarliðum	2 850,00	(3 548,25)	kr/ár
D. 5 Af aflmælum	4 750,00	(5 913,75)	kr/ár

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		Heimtaugargjöld	
63A 1-fasa	kr.	38 500,00	(47 932,50)
63A 3-fasa	kr.	42 200,00	(52 539,00)
100A 3-fasa	kr.	67 800,00	(80 411,00)
200A 3-fasa	kr.	133 000,00	(165 585,00)
300A 3-fasa	kr.	198 000,00	(246 510,00)
400A 3-fasa	kr.	262 000,00	(326 190,00)
600A 3-fasa	kr.	397 000,00	(494 265,00)
900A 3-fasa	kr.	600 000,00	(747 000,00)
1200A 3-fasa	kr.	807 000,00	(1 004 715,00)

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:			
63A 1-fasa	kr.	9 500,00	(11 827,50)
63A 3-fasa	kr.	10 700,00	(13 321,50)
100A 3-fasa	kr.	14 200,00	(17 679,00)

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærra en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skyld að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 2 200,00 (2 739,00).

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 2 000,00 (2 490,00) kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 437, 22. september 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 22. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar:		
Orkugjald	kr.	7.83 kWh
1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð:		
Orkugjald	kr.	12.19 kWh
1.3 Til úti- og götulysingar, samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	kr.	13 091.00 kW/ár
Viðhaldsgjald	kr.	19 485.00 kW/ár
Gjald alls	kr.	28 742.00 kW/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.		

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum:		
Orkugjald	kr.	7.19 kWh
2.2 Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum:		
Orkugjald	kr.	4.43 kWh
2.3 Fastagjald	kr.	14 287.00 ár

3. Vélar o. fl.

3.1 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili:		
Orkugjald	kr.	2.59 kWh
Aflgjald	kr.	10 617.00 kW á ári

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.		
Orkugjald	kr.	5,14 kWh
Fastagjald F3	kr.	7 062,00 ár
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.		
Orkugjald	kr.	2,09 kWh
Fastagjald F3	kr.	7 062,00 ár
4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.		
Orkugjald	kr.	6,81 kWh
Fastagjald F3	kr.	7 062,00 ár
4.4 Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.		
Orkugjald	kr.	1,58 kWh
Fastagjald F3	kr.	7 062,00 ár
4.5 Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.		
Orkugjald næturtaxti 9 stundir	kr.	2,07 kWh
Orkugjald dagtaxti 15 stundir	kr.	11,42 kWh
Fastagjald F3	kr.	7 062,00 ár
Um framangreinda gjaldskráliði gildir eftirfarandi ákvæði:		
Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afsl hitunartækja.		

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. FASTAGJALD.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	2 992,00
Orkumælir, þrífasa	kr.	6 480,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr.	7 194,00
Aflmælir	kr.	7 194,00
Aflmælir með straumspennum	kr.	8 780,00
Tvígjaldsmælir	kr.	7 768,00
Klukka	kr.	706,00

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur (kr/m)	Loftlína (kr/stólpa)
1 × 63	49 288,00	1 723,00	13 135,00
3 × 63	53 325,00	1 723,00	22 687,00
3 × 100	82 689,00	2 648,00	28 750,00
3 × 200	167 400,00	4 358,00	
3 × 315	379 822,00	5 091,00	
3 × 400	457 055,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	602 880,00	–	
3 × 1200	1 014 280,00	–	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir fyrir enduroppnun kr. 1 648,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra, við tiltekna tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 706,00.

Virðisaukaskattur, 24,5% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 536, 9. nóvember 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 18. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 1 470,00 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli:

Til húshitunar	kr. 50,40 pr. tonn.
Til annarra nota (með virðisaukaskatti)	kr. 62,75 pr. tonn.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að ¼"	kr. 260,00	(kr. 323,70)
b) Fyrir mæla eða hemla 1"-2"	kr. 520,00	(kr. 647,40)
c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	kr. 1 040,00	(kr. 1.294,80)

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m ³)	Heimæðargjald		
Allt að 400	77 000,00	fyrir	400m ³ + 62,90 kr/m ³ þar yfir
400– 2000	177 000,00	fyrir	2 000m ³ + 51,40 kr/m ³ þar yfir
2000– 6000	384 800,00	fyrir	6 000m ³ + 46,20 kr/m ³ þar yfir
6000– 10000	568 400,00	fyrir	10 000m ³ + 39,80 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000			

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 9 500,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjaldldaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum
veldur kr. 2 000,00 (2 490,00)
hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1990, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildii felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 444, 23. september 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 22. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar taki gildi frá og með 1. júlí 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 44, 25. janúar 1990 með síðari breytingum.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,88%

Iðnaðarráðuneytið, 25. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING**um útvargjald.**

Útvargjald sbr. 22. gr. útvargslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið kr. 1.622 frá og með 1. júlí 1990 þar til annað verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING**um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla og prófastsdæma.**

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands nr. 62 frá 17. maí 1990, er ákveðið að fresta fyrst um sinn gildistöku eftirtalinna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna:

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið, 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórolfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðarprestakall.
2. Í Árnesprófastsdæmi, sbr. V. lið, 1. gr. Frestað er stofnun Þorlákshafnar- og Hraungerðisprestakalla.
3. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, sbr. VII. lið, 1. gr. Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall. Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.
4. Frestað er færslu Siglufjarðarprestakalls úr Eyjafjarðarprófastsdæmi í Skagafjarðarprófastsdæmi, sbr. XI. lið, 1. gr.
5. Í Þingeyjarprófastsdæmi, sbr. XIII. lið, 1. gr. Frestað er sameiningu Háls- og Staðarfellsprestakalla í eitt prestakall, Ljósavatnsprestakall.
6. Í Kjalarnessprófastsdæmi, sbr. XIV. lið, 1. gr. Frestað er öllum breytingum á prestakalla-skipan í prófastsdæminu.
7. Skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í tvö prófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, sbr. XV. og XVI. lið, 1. gr., er frestað. Frestun þessi öðlast gildi 1. júlí 1990 og gildir að svo stöddu til 1. janúar 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júní 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Anna Guðrún Björnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1990

22. júní 1990

797

Nr. 278

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst 1990.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1990 til og með 15. ágúst 1990 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

11. júní 1990

Nr. 279

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 381/1989, sbr. 580/1989 um flugrekstur.

1. gr.

Við f) lið greinar 2.2.2. bætist eftirfarandi:

Umsækjandi skal leggja fram fullnægjandi upplýsingar því til staðfestingar að hann ráði yfir nægjanlegu fjármagni til að standa straum af kostnaði vegna undirbúnings fyrirhugaðs flugresturs, að viðbættum kostnaði við þriggja mánaða rekstur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

B 57

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi frá og með 1. júlí 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 38, 23. janúar 1990, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0.88%

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarks skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1990:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 177 600 á ári (kr. 14 800 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 248 640 á ári (kr. 20 720 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 228 000 á ári (kr. 19 000 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 319 200 á ári (kr. 26 600 á mánuði).
3. Hafri Elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatrygginga bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. t. l. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 50 400 á ári (kr. 4 200 á mánuði, þ.e. kr. 19 000 – 14 800) hjá einstaklingi og kr. 70 560 á ári (kr. 5 880 á mánuði, þ.e. kr. 26 600 – 20 720) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálsgrein 19. gr. laga um almannatryggingar eins og ákvæðinu var breytt með 8. gr. laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga nr. 7/1990, sbr. lög nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað
ökutækja, nr. 655 28. desember 1989.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:
- Í „Flokkun ökutækja“ falli niður orðið „Torfærubifreið“ sem undirflokkur bifreiða.
 - Skilgreining á sendibifreið orðist svo:
Sendibifreið: Bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna sem aðallega er ætluð til vöruflutninga og er yfirbyggð eða með opnum palli.
Sendibifreið þarf auk þess að uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - Skráð þyngd í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðarinnar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
 - Farmrými aftan við millipil mælt lárétt að innri og neðri brún hleðsludyra skal vera a.m.k. 1700 mm, eða ef það er styttra, þá skal það vera lengra en fólksrýmið, miðað við að það sé mælt frá miðri framrúðu lárétt að millipili og farmrýmið sé mælt í sömu hæð lárétt frá millipili að hleðsludyrum eða afturgafli.
 - Í farmrými skulu hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga.
 - Opnanlegar hleðsludyr skulu vera á afturgafli yfirbyggðrar bifreiðar og/eða hleðsludyr á hlið hennar með auðveldum aðgangi að öllu farmrými.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:
- Liðir 0.3.12, 0.3.12.1, 0.3.13.2 og 0.3.15.1 orðist svo:
 - 0.3.12 **Beiðni um skráningu ökutækis.**
 - 0.3.12.1 Þegar fulltrúi óskar eftir að fá ökutæki skráð á grundvelli gerðarviðurkenningar skal hann senda Bifreiðaskoðun beiðni um það ásamt eftirfarandi yfirlýsingu:
„Ökutækið er í samræmi við gerðarviðurkenningu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. að því er varðar hönnun, innréttingu og búnað. Ökutækið hefur verið skoðað og prófað og er í lögmæltu ástandi. Þetta á einnig við um ljósastillingu. Verksmiðjunúmer ökutækisins og aðrar upplýsingar eru í samræmi við skráningarbeiðni.“
 - 0.3.13.2 Fulltrúi sem óskað hefur eftir að fá ökutæki skráð á grundvelli gerðarviðurkenningar getur fengið fyrirmæli um að færa það til skoðunar. Hann skal færa ökutækið til skoðunar á þeim stað og innan þess frests sem Bifreiðaskoðun ákveður.
 - 0.3.15.1 Fulltrúi ber ábyrgð á að ökutæki sé í lögmæltu ástandi þegar hann óskar eftir að fá ökutækið skráð.
 - Aftan við lið 0.4.2 bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Ökutæki sem skráð hefur verið almennri skráningu erlendis í landi þar sem ökutæki eru gerðarviðurkennd á fullnægjandi hátt að mati Bifreiðaskoðunar er þó heimilt að skráningarviðurkenna án fylgiskjala samkvæmt lið 0.3.10, enda fullnægi ökutækið

þeim kröfum sem gerðar eru til slíks ökutækis samkvæmt reglugerð þessari. Með umsókn skal framvísa erlendu skráningarskírteini ökutækisins og tæknilegum upplýsingum sem Bifreiðaskoðun metur fullnægjandi til að ökutækið verði skráð. Ökutæki sem framleitt er hér á landi er heimilt að skráningarviðurkenna án fylgigagna samkvæmt liðum 0.3.10.1 til 0.3.10.10, enda séu lagðar fram fullnægjandi tæknilegar upplýsingar um ökutækið og það fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til slíks ökutækis samkvæmt reglugerð þessari.

c. Liður 0.6.1 orðist svo:

0.6.1 Til 31. desember 1990 er Bifreiðaskoðun heimilt að skráningarviðurkenna og skrá án fylgigagna samkvæmt lið 0.3.10 ökutæki sem eigi hefur verið skráð erlendis, enda hafi sú gerð ökutækis áður fengið viðurkenningu hjá Bifreiðaskoðun. Frá 1. janúar 1991 skulu ökutæki skráð samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari.

3. gr.

Í 5. gr. breytist talan „12“ í lið 1.2 í: 12,5. Samsvarandi breyting verður á mynd.

4. gr.

Gildistöku liða 1.4.7 og 6.1.10 í 6. gr. er frestað til 1. júlí 1991.

5. gr.

Í 16. gr. falli niður orðin „snúa út og“ í lið 1.2.

6. gr.

Við 28. gr. bætist tveir nýir liðir, svohljóðandi:

1.5 Í sendibifreið og vörubifreið skal vera veggur úr traustu efni milli farmrýmis og fólksrýmis. Veggurinn skal vera vel festur við ökutækið og þola framskrið farms sem svarar til 10 m/sek hraðaminnkunar bifreiðar.

Veggurinn skal vera háður samþykki Bifreiðaskoðunar en hann má samstanda af:

a. Fínriðnu vírneti í málmramma.

b. Málm- eða tréplötu.

c. Plasti eða öryggisgleri í málmramma.

Veggurinn skal ná frá gólfi til lofts. Í sendibifreið skal hann a.m.k. þekja rými ökumanns, en í vörubifreið skal hann vera í fullri breidd farmrýmis.

1.6 **Gildistaka:** Ákvæðið í lið 1.5 gildir frá 1. október 1990.

7. gr.

Í 31. gr. breytist orðið „rúlluöryggisbelti“ í 3. málslíð í lið 1.1 í: öryggisbelti.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1990

6. júní 1990

801

Nr. 283

SAMPYKKT

um stjórn og fundarsköp Borgarfjarðarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Borgarfjarðarhrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við

gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og um tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi skv. ákvörðun hreppsnefndar árlega.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a. m. k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær reglulegir hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og stjórna.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 53. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn á fundinn með dagskrá.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleidis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund og tilgreina fundarefni.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slitur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi hreppsnefndar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbragði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirfarandi málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga (óbundnar kosningar). Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á

hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga (bundnar hlutfallskosningar).

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða stjórnar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða felld án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a. m. k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

Að jafnaði skal senda afrit fundargerða hreppsnefndar á öll heimili í hreppnum.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmet forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvita-störf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

43. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

44. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða að öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundum.

V. KAFLI

Nefndir og stjórnir.

46. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

47. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

48. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

49. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

50. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

51. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

52. gr.

Nefndir og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann.

Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

53. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

54. gr.

Hreppsnefnd kys í eftirtaldar nefndir og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Tveir aðalmenn, hreppstjóri sjálfkjörinn formaður og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Hafnarstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984 nema hreppsnefnd ákveði að fara sjálf með alla stjórn hafnamála, sbr. 2. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
8. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
9. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
10. Einn *forðagæslumaður* og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. *Stjórn Fjarðarborgar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglum um félagsheimilið Fjarðarborg.
13. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. samning um sameiningu og samstarf hreppsboðkasafns og skólasafns, staðfest 29. janúar 1985.
14. *Brunavarnarnefnd*. Þrír aðalmenn og einn til vara. Brunavarnarnefnd skal hafa umsjón með brunavarnastarfi í sveitarfélaginu.

55. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

56. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

57. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

58. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup þeirra og kjör skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr., sbr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Settir verða upp stöðumælur á 18 staði við vestanverða Hofsbót milli Strandgötu og Skipagötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 18. júní 1990.

Eliás I. Eliasson.

REGLUGERÐ**um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.**

1. gr.

58. gr. 3. tl. orðist svo:

Hafa skal til viðmiðunar að lágmarks herbergjastærð miðað við íbúafjölda sé sem hér segir:

12 fermetrar	2 íbúar
10 fermertar	1,5 íbúar
7 fermetrar	0,5–1 íbúi

2. gr.

82. gr. 4. tl. 2 orðist svo:

Framleiðendum viðkvæmra matvæla, þar sem um er að ræða kælivörur með minna en 3ja mánaða geymsluþol, er óheimilt að taka við slíkum vörum, sem sölu- og dreifingaraðili óskar að endursenda til framleiðenda. Þetta á þó ekki við, þegar galli kemur fram í vörunni, sem rekja má til framleiðslunnar, mistök hafa orðið við afgreiðslu eða framleiðandi óskar eftir að innkalla gallaða vöru. Sé um augljósan galla eða mistök að ræða ber sölu- og dreifingaraðila að tilkynna um það innan viku frá móttöku, enda sé geymsluþol vörunnar ekki útrunnið. Í öðrum tilvikum ber sölu- og dreifingaraðila að tilkynna slíkt þegar galla eða mistaka verður vart enda sé geymsluþol vörunnar ekki útrunnið.

3. gr.

84. gr. 13. tl. 1 orðist svo:

Hitastig í vinnslusölum, þar sem fram fer skurður, úrbeining og pökkun á kjöti, skal ekki fara yfir 12°C.

4. gr.

87. gr. 3. tl. 2 orðist svo:

Matvæli sem geymast eiga í kæli, skulu flutt á milli staða á þann hátt að hitastig í þeim haldist við 0–4°C.

Matvæli sem geymast eiga í frysti, skulu flutt milli staða á þann hátt að frost í þeim haldist við –18°C eða meira.

5. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr tölulíður er verði 8. tl. og orðist svo:

Ákvæði gr. 84.13.1. taki gildi 1. janúar 1993.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. gr. laga nr. 81/1988, um hollustu- og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Endurprentað blað.

REGLUR

um aksturskeppni

Almennar reglur.

1. gr.

Eigi má efna til aksturskeppni nema með leyfi lögreglustjóra.

Án samþykkis vegamálastjóra má eigi heimila aksturskeppni á þjóðvegi eða sýsluvegi. Keppni utan vega er eigi heimil án samþykkis sveitarstjórnar.

2. gr.

Leyfi til aksturskeppni skal einungis veita skipulagsbundnum samtökum er hafa akstursíþróttir á verkefnaskrá sinni og hlotið hafa til þess viðurkenningu dómsmálaráðuneytisins.

Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga (hér eftir nefnt L.Í.A.) og félag innan vébanda þess teljast uppfylla skilyrði 1. mgr.

3. gr.

Aksturskeppni skal fara fram undir yfirstjórn fulltrúa frá stjórn L.Í.A. Tilkynna skal lögreglustjóra um tilnefningu hans, svo og um keppnisstjórn.

4. gr.

Aksturskeppni skal fara fram í samræmi við keppnisreglur sem L.Í.A. setur.

Keppnisreglur allar, þ.á m. skilmála keppnisleyfis, skal keppnisstjórn kynna keppendum áður en keppni fer fram. Ákveða má að ökumanni skuli eigi heimil þátttaka í keppni ef hann hefur brotið keppnisreglur eða gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð brot á umferðarlögum.

Verði eigi farið eftir reglum sem settar eru um keppni getur lögreglan hvenær sem er stöðvað keppni, hvort heldur er einstakra keppenda eða þeirra allra, að fullu eða þar til úr hefur verið bætt.

5. gr.

Við allan undirbúning og framkvæmd aksturskeppni ber að taka tillit til þess að keppnin og annar akstur keppenda valdi eigi öðrum verulegum óþægindum eða hættu eða skemmdum á vegi eða náttúruspjöllum.

Keppnishaldari er ábyrgur fyrir skemmdum á vegum og öðrum mannvirkjum, svo og á náttúru, sem hljóta af aksturskeppni eða öðrum akstri keppenda eða starfsmanna við keppni.

Þegar að lokinni keppni skulu merki og önnur ummerki um aksturskeppni fjarlægð.

6. gr.

Ökutæki sem taka þátt í aksturskeppni skulu ábyrgðartryggð sérstaklega vegna þeirrar áhættu sem í keppni felst. Þá skal keppnisstjórn leggja fram hæfilega tryggingu vegna ábyrgðar á framkvæmd keppinnar.

Ennfremur skal keppnisstjórn kaupa slysatryggingu vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega er greiði bætur við dauða eða algera varanlega örorku. Heimilt er í því sambandi að kaupa váttryggingu er gildi fyrir ákveðið svæði utan vega til æfinga og æfingarkeppni, sbr. 14. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður árlega váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar vegna framkvæmdar á aksturskeppni og slysatryggingar, svo og váttryggingarfjárhæð fyrir ákveðin svæði.

7. gr.

Greiða skal samkvæmt reikningi kostnað vegna skoðunar ökutækja, svo og kostnað vegna sérstakrar löggæslu og öryggisráðstafana sem nauðsynlegar eru að mati lögreglustjóra. Getur lögreglustjóri krafist tryggingar fyrir greiðslu væntanlegs kostnaðar.

Framkvæmd rallkeppni.

8. gr.

Rallkeppni skal fara fram á tilgreindum vegum. Leyfi þarf til alls aksturs meðan á keppni stendur, frá rásmarki að endamarki, hvort heldur um er að ræða akstur á sérleiðum eða ferjuleiðum.

Keppnisstjórn skal leggja fyrir lögreglustjóra leiðarlýsingu ásamt tímaáætlun.

9. gr.

Þegar rallkeppni er fyrirhuguð um tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi veitir lögreglustjóri þess lögsagnarumdæmis þar sem keppni hefst endanlegt keppnisleyfi. Skal hann sjá um að öll skilyrði fyrir keppnisleyfi hafi verið uppfyllt áður en keppni hefst.

10. gr.

Akstur keppenda skal fara fram í samræmi við reglur umferðarlaga, og skal allt skipulag keppni og keppnisreglur við það miðað. Vegarkafar skulu vera opnir fyrir annarri umferð, nema annað verði ákveðið sérstaklega með vhideigandi öryggisráðstöfunum (umferðarmerkjum, auglýsingum, löggæslu), allt samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra.

Lögreglustjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum um hámarks hraða á tilteknum vegarköflum að því er varðar ökutæki er taka þátt í keppni, enda verði umferð annarra ökutækja þar þá bönnuð og vhideigandi öryggisráðstafanir gerðar í samræmi við ákvörðun lögreglustjóra.

11. gr.

Akstur ökutækja er taka þátt í keppni skal háður venjulegu eftirliti lögreglu. Krefjast má skoðunar ökutækja meðan á keppni stendur.

12. gr.

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og aðstöðu áhorfenda við rásmark, áningarstaði og endamark, svo og annars staðar þar sem ástæða er til, allt samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra.

Framkvæmd aksturskeppni utan vega

13. gr.

Aksturskeppni utan vega (þar með talin æfingarkeppni) skal fara fram á sérstökum svæðum.

Til aksturskeppni utan vega er einungis heimilt að nota ökutæki sem L.Í.A. hefur skráð til keppni.

Sækja skal um leyfi fyrir aksturskeppni a.m.k. sjö dögum fyrir keppni.

14. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að samþykkja ákveðin svæði til æfinga eða æfingarkeppni. Svæðið, svo og æfingar og æfingarkeppnir, skulu lúta yfirstjórn L.Í.A. Leyfi til notkunar á slíku svæði skal háð samþykki sveitarstjórnar. Auk þess skal það bundið ákveðnum skilyrðum, t.d. að því er varðar merkingar á svæðinu og váttryggingu, svo og eftirlit og skipulag á æfingum og æfingarkeppnum.

15. gr.

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og aðstöðu áhorfenda samkvæmt nánari ákvörðun lögreglustjóra, þ.á m. nægilegan fjölda bifreiðastæða utan vega.

Búnaður ökutækja.

16. gr.

Ökutæki sem notað er í rallkeppni skal fullnægja skilyrðum laga og reglna um gerð og búnað ökutækis.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum um tengingu og ljósstyrk ljóskastara, hraðamæli, hávaða- og útblástursmengun, um að stöðuhemill haldist á þegar hann er tengdur og um fjölda nagla í hjólbarða. Einnig má leyfa hliðarrúður úr plasti sem ekki myndar oddhvassar brúnir þótt það brotni, svo og auglýsingaborða efst á framrúðu. Undanþága sem Bifreiðaskoðun veitir skal aldrei ganga lengra en kveðið er á um í keppnisreglum L.Í.A. og hávaði frá hreyfli má ekki fara yfir 100 dB þegar mælt er samkvæmt nálægðarmæliaðferð.

17. gr.

Ökutæki sem nota á í rallkeppni skal fært til aukaskoðunar hjá Bifreiðaskoðun innan þriggja sólarhringa fyrir upphaf keppni. Einnig skal það skoðað af þar til kvöddum eftirlitsmönnum L.Í.A. Skrá skal sérstaklega í ökutækjaskrá, svo og í skráningarskráteini, ef ökutæki skal nota í rallkeppni.

18. gr.

Ökutæki sem skráð hefur verið í rallkeppni er óheimilt að nota í almennri umferð. Þó er heimilt að aka því skemmstu leið að og frá skoðunarstöð og að og frá keppnisstað. Til þess að ökutæki verði skráð að nýju til notkunar í almennri umferð skal það fært til skráningarskoðunar hjá Bifreiðaskoðun.

19. gr.

Ökutæki sem skráð hefur verið til aksturskeppni (þar með talin æfingarkeppni) utan vega, sbr. 2. mgr. 13. gr., þarf ekki að fullnægja öllum skilyrðum laga og reglna um gerð og búnað ökutækja; þó skal bifreið búin veltigrind og öryggisbelti. Aksturshemill og stýrisbúnaður skulu virka örugglega. Gerð ökutækisins og búnaður þess skal uppfylla kröfur samkvæmt keppnisreglum L.Í.A. Einungis er heimilt að nota ökutækið á viðurkenndum æfinga- eða keppnissvæðum. Heimilt er að skrá ökutæki til aksturskeppni utan vega þótt það hafi ekki verið skráð almennri skráningu hjá Bifreiðaskoðun.

Fyrir hverja keppni skal ökutæki sem skráð er skv. 1. mgr. skoðað af þar til kvöddum eftirlitsmönnum L.Í.A.

Ökutæki skráð almennri skráningu sem skráð hefur verið til aksturskeppni utan vega má ekki nota í almennri umferð nema það hafi verið fært til aukaskoðunar hjá Bifreiðaskoðun að keppni lokinni.

Gildistaka

20. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/30. mars 1987, öðlast gildi 12. júlí 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1990–1991.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur utan lögbýla skv. reglugerð þessari.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18.2 kg af kindakjöti og tilsvarendi magn af slátri og gærum, eða 174 lítrar af mjólk.

Ærgildi er talin vetrarfóðruð sauðkind. Ærgildi í nautgripum reiknast þannig: kýr 20 ærgildi, kelfd kvíga 12, vetrungur 8 og kálfur 4 ærgildi.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur tveggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytisins skv. jarðalögum nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn mjólkur og sauðfjárafurða, sem framleiðendum er ábyrgt fullt verð fyrir á grundvelli búvörusamnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 46/1985.

Fullvirðismark er samanlagður fullvirðisréttur allra framleiðenda á búmarkssvæði til framleiðslu mjólkur eða sauðfjárafurða, reiknaður sem hlutfall af samanlögðu búmarki svæðisins í viðkomandi búgrein.

II. KAFLI

Um búmark.

2. gr.

Búmark það, sem í gildi var við stjórn á framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða samkvæmt búmarksskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins, við gildistöku þessarar reglugerðar heldur gildi sínu, þó þannig að:

- a. Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt, að fengnum tillögum hlutadeigandi búnaðarsambands, að þrengja búmark á félagsbúum, ef aðilum að félagsbúi hefur fækkað frá árinu 1979. Skerðing þessi má að hámarki nema því, að hver aðili að félagsbúi hafi 600 ærgilda búmark í mjólk eða 450 ærgildi í sauðfjárafurðum, en 660 eða 500 ærgildi, ef aðeins einn aðili er eftir, enda hafi þeir eða hann meirihluta tekna sinna af búinu miðað við næstliðið almanaksár. Sama gildir um búmark á lögbýli, sem fengið hefur ákvarðað búmark vegna félagsbús eða fleirbýlis eftir 1979, ef einhver aðili, sem átti hlut að því búmarki, er hættur búrekstri eða hefur flutt lögheimili sitt af lögbýlinu og aðilum búsins þannig fækkað. Við skerðingu búmarks á blönduðum búum, skal miða við hlutfallið á milli ofangreindra ærgildistalna fyrir mjólk og sauðfé.
- b. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal innkalla búmark þeirra lögbýla sem hafa verið í eyði í tvö ár eða lengur. Búmark sem ráðstafað hefur verið með samningi skal þó ekki innkallað fyrr en að samningstíma loknum. Innkalla skal búmark framleiðanda sem býr ekki á lögbýli, um leið og hann hættir búvöruframleiðslu í viðkomandi grein. Framleiðandi utan lögbýlis getur ekki ráðstafað búmarki sínu, hvorki með bústofni eða á annan hátt.

- c. Sé lögbýli í ábúð, er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands, að innkalla búmark þeirra lögbýla, þar sem nautgripir og/eða sauðfé hefur ekki verið skráð á forðagæsluskýrslu á árabílinu 1984–1989, að báðum árum meðtöldum, nema um sé að ræða leigu á búmarkinu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sbr. reglugerðir nr. 370/1985 og 406/1986.

3. gr.

Heimilt er Framleiðsluráði landbúnaðarins, að fengnu samþykki viðkomandi búnaðarsambands, að auka búmark á lögbýlum, hjá framleiðendum sem um það sækja, sé það til ráðstöfunar í hlutaðeigandi búgrein. Aukningu búmarks í einni búgrein má binda því skilyrði að fallið sé frá jafnmörgum ærgildum í annarri búgrein sem háð er búmarki.

Einungis er heimilt að ráðstafa því búmarki sem til fellur á hverju búmarkssvæði skv. a-, b- og c-liðum 2. gr.

4. gr.

Umsókn um aukið búmark skal senda viðkomandi búnaðarsambandi. Búnaðarsamband gerir tillögu um afgreiðslu og sendir til Framleiðsluráðs landbúnaðarins ásamt upplýsingum héraðsráðunautar um fyrirhugaðan búrekstur. Ef um nýjan framleiðanda er að ræða, skal héraðsráðunautur staðfesta upplýsingar um starfsmenntun og/eða reynslu umsækjanda í þeirri búgrein eða þeim búgreinum sem hann hyggst stunda.

5. gr.

Framleiðendum er óheimilt að ráðstafa búmarki milli lögbýla. Með samþykki búnaðarsambands er þó heimilt að skipta á mjólkur- og sauðfjárþúmarki. Leiguliðar þurfa að auki skriflegt samþykki jarðareiganda til slíkrar ráðstöfunar.

Heimilt er að skipta á búmarki til mjólkurframleiðslu milli búmarkssvæða gegn tilsvarendi búmarki í sauðfjárframleiðslu, enda liggja fyrir því samþykki aðalfunda hlutaðeigandi búnaðarsambanda. Um ráðstöfun þessa búmarks fer eftir ákvæðum 3. og 4. gr.

6. gr.

Búmarki skal skipt eftir svæðum, sem eru þessi:

Nr. Svæði:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Grindavík, Keflavík, Njarðvík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.
2. Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes.
3. Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar.
4. Mýrasýsla og Borgarnes.
5. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvík og Stykkishólmur.
6. Dalasýsla.
- 7.–10. Búmarkssvæði Búnaðarsambands Vestfjarða:
 - Austur-Barðastrandarsýsla.
 - Vestur-Barðastrandarsýsla.
 - Vestur-Ísafjarðarsýsla.
 - Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík.
11. Strandasýsla.
12. Vestur-Húnavatnssýsla.
13. Austur-Húnavatnssýsla og Blönduós.
14. Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur, og Siglufjörður.
15. Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður og Suður-Þingeyjarsýsla vestan Ljósavatnshrepps.

16. Aðrir hreppar Suður-Pingeyjarsýslu og Húsavík.
17. Norður-Pingeyjarsýsla.
18. Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar.
19. Norður-Múlasýsla að öðru leyti, Seyðisfjörður, hreppar í Suður-Múlasýslu á Héraði, ásamt Helgustaða-, Reyðarfjarðar-, Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppum, Eskifirði og Egilsstaðabæ.
20. Norðfjörður, Neskaupstaður og Mjóifjörður.
21. Stöðvar-, Breiðdals-, Berunes-, Búlands-, og Geithellnahreppar.
22. Austur-Skaftafellssýsla.
- 23.–25. Búmarkssvæði Búnaðarsambands Suðurlands:
Vestur-Skaftafellssýsla.
Rangárvallasýsla.
Árnessýsla og Selfoss.

7. gr.

Þar sem hluti búmarkssvæðis fellur innan félagssvæðis annars búnaðarsambands skulu viðkomandi búnaðarsambönd fjalla sameiginlega um málefni framleiðenda á þeim hluta búmarkssvæðisins.

8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur skrá um búmark og lætur búnaðarsamböndum árlega í té búmarksskrá fyrir starfssvæði þeirra, ásamt sérstakri skrá yfir breytingar, sem orðið hafa á búmarki þar undangengið ár, og skrá um samanlagt búmark í hverri búgrein á einstökum búmarkssvæðum landsins.

9. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til búmarks vegna framleiðslu nautakjöts sem sett var á grundvelli laga nr. 95/1981 sbr. l. nr. 46/1985.

III. KAFLI

Fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1990–1991.

10. gr.

Heildarfullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu á verðlagsárinu 1990–1991 telst vera það magn mjólkur sem um hefur verið samið fyrir verðlagsárið skv. búvörusamningi dags. 20. mars 1987.

11. gr.

Hverjum mjólkurframleiðanda skal reiknaður sami fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu á verðlagsárinu 1990–1991 og honum var ákveðinn fyrir verðlagsárið 1989–1990 með reglugerð nr. 233/1989, með eftirtöldum frávikum:

1. Breytingum sem orðið hafa vegna endurúthlutunar búnaðarsambanda og skipta á vegum framleiðenda á fullvirðisrétti í sauðfé og mjólk.
2. Vegna endurúthlutunar á 430 þús. lítrum, skv. ákvæðum reglugerðar nr. 305/1988. Um endurúthlutun fer skv. 4. tl. 13. gr. þeirrar reglugerðar, að teknu tilliti til leigu- og sölusamninga, sem framleiðendur gerðu við Framleiðnisjóð landbúnaðarins verðlagsárið 1989–1990. Úthlutun samkvæmt þessum lið getur að hámarki orðið 5% af nýtanlegum fullvirðisrétti svæðisins. Endurúthlutun skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 1990. Óheimilt er án samþykkis Framleiðsluráðs landbúnaðarins að nýta fullvirðisrétt skv. þessum tölulíð með öðrum hætti en innleggi mjólkur í afurðastöð.

3. Skerða skal fullvirðisrétt mjólkurframleiðenda í réttu hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra verðlagsárið 1989-1990 til að mæta þeim fullvirðisrétti, u.þ.b. 130.000 lítrar, sem úthlutað verður vegna búmarkisleigusamninga sem renna út 1. september 1990.
4. Vegna sammingsauka á fullvirðisrétti í mjólkurframleiðslu, sbr. 12. gr.

12. gr.

Aukningu heildarfullvirðisréttar á verðlagsárinu 1990-1991 sem kann að verða samkvæmt 2. gr. búvörusamnings frá 20. mars 1987 skal ráðstafað þannig í forgangsröð frá 1.-3. tl.:

1. Allt að 300.000 lítrum verði varið til að skipta út fullvirðisrétti til sauðfjárframleiðslu, sbr. a-lið 3. gr. rg. nr. 466/1989.
2. U.þ.b. 130.000 lítrum skal skipt milli mjólkurframleiðenda í réttu hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra verðlagsárið 1989-1990 þar til mætt hefur verið skerðingu fullvirðisréttar skv. 3. tl. 11. gr. þessarar reglugerðar.
3. Allt að 170.000 lítrum verði varið til sérstakra verkefna. Annars vegar til lausnar sérstakra aðgerða vegna gróður-verndar að fengnum tillögum frá Landgræðslu ríkisins, þá með sama skiptahlutfalli sbr. a-lið 3. gr. rg. nr. 466/1989. Hins vegar til sérstakra leiðréttinga á fullvirðisrétti, samkvæmt tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
4. Endanlegt uppgjör á því mjólkurmagni sem eftir verður til ráðstöfunar að þessum aðgerðum loknum skal fara fram svo fljótt sem unnt er að loknu verðlagsárinu 1989-1990. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögur í þessu sambandi.

Landbúnaðarráðherra staðfestir hverju sinni ráðstöfun fullvirðisréttar skv. 3. og 4. tl.

13. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd verkefni þau sem því erufalin með reglugerð þesari.

Framleiðsluráð ákveður fresti til umsókna og til afgreiðslu þeirra. Skal umsóknarfrestur eigi vera skemmri en 3 vikur og hann auglýstur með tryggilegum hætti.

14. gr.

Mjólkurframleiðanda er heimilt, með samkomulagi við viðkomandi afurðastöð, að nýta af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1991-1992 jafngildi allt að 5% af fullvirðisrétti skv. 11. og 12. gr. með innleggi á verðlagsárinu 1990-1991, svo og að geyma allt að 5% af fullvirðisrétti til næsta verðlagsárs. Í samkomulagi þessu skal m.a. taka fram um greiðslu þessara afurða, sbr. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 46/1985. Þó er ráðherra heimilt að takmarka hinn geymda rétt við 2,5% ef birgðastaða gefur tilefni til, enda verði sú ákvörðun tekin og kynnt fyrir 1. september 1990. Aldrei skal ákvæði þetta leiða til þess að fullvirðisréttur falli niður ónotaður.

Ónotaður fullvirðisréttur umfram það er að framan greinir fellur fyrst til viðkomandi búmarkssvæðis og skal þar ráðstafa honum til annarra framleiðenda hlutfallslega eftir því sem þörf krefur, fyrst til þeirra sem hafa fullvirðisrétt minni en 80% af búmarki, að 80% markinu, síðan á framleiðslu að búmarki viðkomandi býla og síðast á framleiðslu yfir búmarki á svæðinu. Því sam þá kann að vera óráðstafað skal ráðstafa til annarra búmarkssvæða og skiptast þar eins og að ofan greinir.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

15. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur samkvæmt 11. og 12. gr. Það heldur skrá um fullvirðisrétt, og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar tölulega útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutadeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. l.nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn og tilkynna hann framleiðanda innan 30 daga frá því erindi berst henni. Með sama hætti skal nefnd þessi úrskurða um ágreining, sem rísa kann vegna framkvæmdar á ákvæðum 2.–4. gr., 17. gr. og 19. gr. þessarar reglugerðar.

17. gr.

Framleiðendum er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti fyrir verðlagsárið 1990–1991 milli lögbýla. Með samþykki búnaðarsambands er þó heimilt að skipta á mjólkur- og sauðfjárrétti. Einnig getur landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum viðkomandi búnaðarsambands, heimilað ráðstöfun fullvirðisréttar milli lögbýla, þegar sérstakar ástæður mæla með því s.s. búferlaflutningar. Leiguliðar þurfa að auki skriflegt samþykki jarðareiganda fyrir slíkri ráðstöfun. Fullvirðisrétti sem úthlutað er samkvæmt 3. tl. 11. gr. þessarar reglugerðar verður þó á verðlagsárinu 1990–1991 aðeins skipt samkvæmt ákvæðum 1. tl. 12. gr. reglugerðar nr. 233/1989.

Heimilt er framleiðanda, sem ekki nýtir sinn fullvirðisrétt, að leggja hann inn til leigu gegn föstu fyrirfram ákveðnu gjaldi hjá búnaðarsambandi, að fengnu samþykki jarðareiganda ef um leiguábúð er að ræða. Leigutími getur mest orðið til 1. sept. 1992. Búnaðarsamband skal ráðstafa þeim rétti er til fellur á fyrrgreindan hátt með því að leigja hann öðrum framleiðendum. Framleiðendur sem hafa heildarfullvirðisrétt undir 450 ærgildum skulu hafa forgang til leigu fullvirðisréttar. Að öðru jöfnu skal leitast við að láta leigu á fullvirðisrétti innan sveitarfélags njóta forgangs og þess gætt að fullvirðisréttur sem leigður er með fyrrgreindum hætti krefjist ekki nýrra fjárfestinga í byggingum.

Þeir framleiðendur sem vilja taka fullvirðisrétt á leigu leggi inn umsókn þar um hjá viðkomandi búnaðarsambandi. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður leigugjald fyrir þann fullvirðisrétt sem leigður er á þennan hátt.

Leiga fullvirðisréttar samkvæmt þessari grein getur aldrei orðið öðrum en ábúendum á lögbýlum tekjustofn samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

18. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, að færa fullvirðisrétt mjólkurframleiðenda milli ríkisjarða innan sama búmarkssvæðis að fengnum meðmælum viðkomandi búnaðarsambands.

Einnig er landbúnaðarráðherra heimilt að færa fullvirðisrétt milli bóva í eigu ríkisins (tilraunabúa, skólabúa o.s.frv.).

19. gr.

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal samanlögð framleiðsla fráfarandi bónda og þess sem tekur við teljast framleiðsla lögbýlisins á viðkomandi verðlagsári. Hefur framleiðsla fráfarandi bónda forgang í fullvirðisrétt býlisins á verðlagsárinu nema um annað sé samið milli aðila.

Framleiðanda er óheimilt, án samþykkis hlutaðeigandi búnaðarsambands, að selja eða leigja þann fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu sem hann hefur hlotið á grundvelli 14. gr. rg. nr. 339/1986 og 14. gr. rg. nr. 291/1987, sbr. einnig 4. tl. 11. gr. þessarar reglugerðar.

20. gr.

Sé jörð ekki í ábúð skal Framleiðsluráð landbúnaðarins innkalla fullvirðisrétt jarðarinnar, enda hafi jörðin verið í eyði í a.m.k. tvö ár og samningur ekki í gildi um ráðstöfun fullvirðisréttar.

Fullvirðisréttur sem fylgir innkölluðu búmarki skv. b lið 2. gr. og annar sá fullvirðisréttur sem fellur til búnaðarsambands kemur til endurúthlutunar á viðkomandi búmarkssvæði skv. ákvæðum í 2. tl. 12. gr.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. júlí 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Elly Guðmundsdóttir.

9. júlí 1990

821

Nr. 289

REGLUGERÐ

um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.

1. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu innheimta virðisaukaskatt af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtunum, sem eru skemmtanaskattsskyldar samkvæmt lögum nr. 58/1970, nema samkoman sé tvímælalaust undanþegin virðisaukaskatti. Löggæslumenn, sem annast löggæslu á viðkomandi skemmtun, skulu þegar að skemmtun lokinni afhenda samkomuhaldara virðisaukaskattsskýrslu, sem útfylla skal þá þegar í samræmi við fjölda seldra aðgöngumiða. Löggæslumenn skulu síðan innheimta á staðnum greiðslu samkvæmt skýrslunni og afhenda innheimtumanni innheimtuféð ásamt skýrslu næsta virkan dag.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu samkomuhús með fastan rekstur skila virðisaukaskatti á venjulegum gjalddögum, sbr. 24. gr. laga nr. 50/1988.

2. gr.

Innheimta skv. 1. gr. er bráðabirgðaskil virðisaukaskatts. Við skil skal útfylla virðisaukaskattsskýrslu þar sem fram kemur skattsskyld velta (aðgangseyrir án virðisaukaskatts) og útskattur. Sé um innskatt að ræða vegna samkomunnar skal samkomuhaldari tilgreina hann á virðisaukaskattsskýrslu á reglulegum gjalddaga, sbr. 24. gr. laga nr. 50/1988. Á þeirri skýrslu skal vísa til fyrri skýrslu um skattsskylda veltu (aðgangseyri) og útskatt.

3. gr.

Ákvörðun lögreglustjóra um innheimtu skv. 1. gr. er kæránleg til skattstjóra í því umdæmi þar sem samkomuhaldari er heimilisfastur samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 50/1988.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Rúnar Hannesson.

REGLUR

um stjórn og verksvið Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

1. gr.

Rannsóknastöðin er sérstök deild innan Skógræktar ríkisins, sem heyrir beint undir skógræktarstjóra.

2. gr.

Rannsóknastöðin skal starfa að hvers kyns rannsóknum sem hafa þýðingu fyrir ræktun trjáa og skógrækt á Íslandi. Helstu viðfangsefni eru:

- 1) að afla tegunda og kvæma af trjám og rannsaka vöxt þeirra og þrif við mismunandi skilyrði í landinu,
- 2) að rannsaka innlendar trjátegundir,
- 3) að rannsaka og þróa ræktunaraðferðir sem auka öryggi og framleiðni í ræktun trjáa,
- 4) að rannsaka erfðir trjáa og stunda kynbætur,
- 5) að rannsaka vaxtarskilyrði til trjáræktar,
- 6) að kynna innlendar og erlendar niðurstöður rannsókna sem þýðingu hafa fyrir skógrækt á Íslandi.

3. gr.

Ráðherra skógræktarmála skipar sjö menn í fagråd til fjögurra ára í senn. Fagráðið skal taka ákvarðanir um rannsóknaverkefni og afgreiða rannsóknáætlanir. Þá skal ráðið fylgjast með framvindu rannsókna, koma með ábendingar þar að lútandi og tillögur um ný rannsóknaverkefni.

Í fagráði skulu sitja: Skógræktarstjóri ríkisins, fulltrúi tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fulltrúi tilnefndur af Skógræktarfélagi Íslands, fulltrúi starfsmanna á Mógilsá, fulltrúi tilnefndur af Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og fulltrúi tilnefndur af Félagi garðplöntuframleiðenda. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

4. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann stöðvarinnar að fengnum tillögum fagráðs til sex ára í senn.

5. gr.

Forstöðumaður hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastöðvarinnar og umsjón með rekstri hennar. Rannsóknáætlanir skulu unnar af starfsmönnum stöðvarinnar. Gerðar skulu:

- a) lantímaáætlanir til fimm ára í senn,
- b) tillögur til fjárlaga, unnar með hliðsjón af langtímaáætlun. Fjárlagatillögur skulu unnar undir verkstjórn skógræktarstjóra. Rannsóknastöðin hefur sjálfstætt fjárlaga- og greiðslunúmer,
- c) verk- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár, þegar fjárveitingar liggja fyrir.

Ofangreindar áætlanir skulu allar lagðar fyrir fagråd til umfjöllunar og samþykktar.

6. gr.

Forstöðumaður skal semja ársskýrslu um störf stöðvarinnar. Skýrslan skal lögð fyrir fagråd og birt með starfsskýrslu Skógræktar ríkisins.

7. gr.

Niðurstöður úr rannsóknastarfi skal kynna í viðurkenndum vísindaritum, skýrslum eða á öðrum vettvangi, eftir því sem efni standa til.

8. gr.

Forstöðumanni ber í samráði við skógræktarstjóra að stuðla að samstarfi við aðrar deildir Skógræktar ríkisins um sameiginleg verkefni svo sem kynningarstarf og viðfangsefni sem varða stofnunina alla.

Forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar getur, með samþykki skógræktarstjóra, falið starfsmönnum Skógræktar ríkisins rannsóknastörf sem gerð verða í umdæmum þeirra. Skógræktarstjóri getur falið rannsóknastöðinni sérverkefni í þágu Skógræktar ríkisins er samræmist verksviði stöðvarinnar. Fagråd skal fjalla um slík samskipti. Fyrir þessi verk komi gagnkvæmar greiðslur.

9. gr.

Rannsóknastöðin annast innra gæðaeftirlit á gróðursetningu Skógræktar ríkisins og skulu slík verkefni skipulögð og unnin í samráði við aðrar deildir Skógræktar ríkisins, en lögð fyrir fagråd og felld inn í aðra starfsemi stöðvarinnar.

10. gr.

Með reglum þessum eru felldar úr gildi reglur nr. 114, 19. apríl 1968.

11. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 19.000 í stað kr. 15.700.

Í 6. gr. komi kr. 19.000 í stað kr. 15.700.

Í 10. gr. komi kr. 15.300 í stað kr. 13.200.

Í 14. gr. komi kr. 15.300 í stað kr. 13.200.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 30., sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 öðlast gildi 1. júlí 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 344 10. júlí 1989, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu 2. gr.:
5607.1002, 5607.1009, 5607.2100, 5607.2902, 5607.2909, 5607.3002, 5607.3009,
5607.4100, 5607.4902, 5607.4909, 5607.5002, 5607.5009, 6812.3000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

Nr. 293

26. júní 1990

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990.

1. gr.

10. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 orðist svo:
Á félagssvæði Vörubílstjórufélags Skagafjarðar, sem er Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.

2. gr.

16. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 orðist svo:
Á félagssvæði Vörubílstjórufélags Norðmýlinga, sem er Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Hámarkstala er 10 vörubifreiðar.

3. gr.

20. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 orðist svo:
Á félagssvæði Vörubílstjórufélagsins Vémundar, sem er Berunes-, Búða-, Fáskrúðs-fjarðar-, Breiðdals- og Stöðvarhreppur, allir í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 – 1990

18. júlí 1990

825

Nr. 294

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Strandagrunni og Reykjafjarðarál.

1. gr.

Frá og með 19. júlí 1990 eru allar togveiðar bannaðar á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°53' 40 N – 22°22' 02 V
2. 66°58' 51 N – 20°51' 21 V
3. 66°16' 16 N – 21°09' 50 V
4. 66°37' 41 N – 22°06' 45 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júlí 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

11. júlí 1990

AUGLÝSING

Nr. 295

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964, hefur ráðuneytið, hinn 11. júlí 1990, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004. Staðgreinireitur 1.235.3, sem afmarkast af lóðunum 6A, 6B og 8 við Hátún, er nú hluti þess svæðis sem afmarkast af endurbótasvæði með viðmiðun nýtingar 0,70 til 0,89. Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Ellý Guðmundsdóttir.

REGLUR

um menningarsjóð félagsheimila.

1. gr.

Menningarsjóður félagsheimila starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1970, um félagsheimili, sbr. 56. og 58. grein laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að menningarstarfi í félagsheimilum og öðrum þeim stöðum sem henta menningarstarfi. Sjóðurinn skal stuðla að leikstarfsemi, tónleikahaldi, listsýningum, bókmenntakynningum og hverskonar annarri menningarstarfsemi.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni sjóðsins. Styrkir úr sjóðnum skulu veittir samkvæmt ákvörðun menningarsjóðsnefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Bandalags íslenskra leikfélaga og Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar. Varðandi sameiginlegu tilnefningarnar skulu félögin tilnefna einn aðila frá hverju félaganna sem skipta með sér störfum í nefndinni, aðalmaður í tvö ár og síðan varamaður næstu tvö ár.

3. gr.

Menningarsjóðsnefnd getur veitt styrki úr sjóðnum til ferðar- og flutningskostnaðar til og milli staða þar sem menningarstarfsemin fer fram. Nefndin getur ákveðið um frávik frá þessum styrkreglum ef sérstök ástæða þykir til. Styrkþegar skulu senda menningarsjóðsnefnd greinargerð um á hvern hátt styrk hefir verið varið.

4. gr.

Styrkumsóknir skal senda til menntamálaráðuneytisins. Starfsmaður sjóðsins, sem ráðuneytið ræður, boðar til fundar í menningarsjóðsnefndinni, leggur fram umsóknir og aflar nauðsynlegra upplýsinga.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um afgreiðslu styrkveitinga. Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Ríkisbókhald annast reikningshald sjóðsins. Ársreikningar sjóðsins, endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun, skulu birtir í Stjórnartíðindum ásamt skrá um úthlutanir.

6. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur frá 28. maí 1980, um menningarsjóð félagsheimila.

Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 1990

29. júní 1990

827

Nr. 297

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Iðgjald álagt árið 1990 skal nema 0.37% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 249/1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

4. júlí 1990

Nr. 298

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um einkennisfatnað fangavarda
nr. 629 2. nóvember 1981.

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Stöðueinkennisplötur, gylltar 21 mm × 7 mm að stærð. Þær bera aðstoðarvarðstjórar festar langsum í gegnum brjóstvasabrún.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. júlí 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um Framkvæmdasjóð aldraðra.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem stofnaður var með lögum nr. 49/1981, er að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um land allt og byggingu húsnæðis fyrir aldraða.

2. gr.

Stjórn.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra er í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra, sbr. 3. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra og fulltrúa sem tilnefndur er af fjárveitinga-nefnd Alþingis.

3. gr.

Varsla og reikningshald.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur gefa sjóðstjórn yfirlit um stöðu sjóðsins.

Reikningar Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir nýliðið ár skulu fullgerðir um leið og aðrir reikningar Tryggingastofnunar ríkisins. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisstofnana.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórn leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Gjaldið skal nema kr. 2 500 á hvern gjaldanda árið 1990 og miðast við byggingarvísitölu desember 1988. Fjárhæð gjaldsins skal breytt árlega, með sérstakri reglugerð í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu.
2. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

5. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnæðis aldraðra og hjúkr-unarrýmis fyrir aldraða, sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
2. Að veita styrki til breytinga og endurbóta sem nauðsynlegar eru á eldra húsnæði fyrir aldraða eða leiða af ákvæðum laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða, sbr. 15. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
4. Önnur verkefni sem sjóðstjórn mælir með og heilbrigðisráðherra samþykkir.

Skv. ákvörðun ráðherra skal greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra kostnað vegna reksturs og stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Umsóknir og úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fyrir 1. október ár hvert skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra á komandi ári.

Heilbrigðisráðherra ákveður úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði aldraðra að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Heilbrigðisráðherra getur ákveðið að óska tillagna um ákveðinn hluta af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins.

Styrkur til verkefnis skuldbindur hvorki sjóðstjórn né ráðherra til að halda áfram styrkveitingum til þessa verkefnis.

Styrkir veittir til hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga skulu teljast hluti af lögboðnum framlögum ríkissjóðs.

7. gr.

Vinnureglur sjóðstjórnar við gerð tillagna um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Sjóðstjórn skal raða umsóknum í forgangsröð í samræmi við þörf á hverjum stað. Sjóðstjórn skal gæta þess að gera ekki tillögu um úthlutun vegna stofnana annarra en þeirra sem fengið hafa framkvæmdaleyfi sbr. 20. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

Við gerð tillagna um úthlutun til nýrra verkefna árið 1990 og síðar skal sjóðstjórn styðjast við eftirfarandi meginreglur:

1. Styrkur vegna þjónustumiðstöðva aldraðra og dagvistar, sbr. 2. tl. og 3. tl. 17. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, má nema allt að 35 af hundraði heildarkostnaðar. Styrkurinn má þó ekki verða hærri en 13 600 kr. á hvern m² miðað við byggingarvísitölu 100.
2. Styrkur vegna þjónustuhúsnæðis aldraðra, sbr. 1. tl. 18. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, má nema allt að 35 af hundraði heildarkostnaðar. Styrkurinn má þó ekki verða hærri en 13 600 kr. á hvern m² miðað við byggingarvísitölu 100.
3. Styrkur vegna hjúkrunarrýmis, sbr. 2. tl. 18. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, má nema allt að 40 af hundraði heildarkostnaðar. Styrkurinn má þó ekki verða hærri en 20 000 kr. á hvern m² miðað við byggingarvísitölu 100.
4. Styrkur vegna endurbóta og til stuðnings sveitarfélögum til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða skal miðast við framlagða kostnaðaráætlun og mat á nauðsyn.

Við gerð tillagna um styrk til verkefna sem sjóðurinn hefur þegar byrjað að styrkja skal sjóðstjórn miða við eldri vinnureglur.

8. gr.

Ýmis ákvæði.

Heilbrigðisráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, að krefja þá, sem styrk hafa fengið úr sjóðnum, um endurgreiðslu framlagsins ef húsnæði það sem styrkur var veittur til er notað í þágu annarra en aldraðra innan 20 ára frá því að húsnæðið var tekið í notkun.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 14. gr. laga nr. 92/1989 um málefni aldraðra og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 618/1982 um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra og reglugerð nr. 53/1982 um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts 1989–2009.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. júní 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts í Biskupstungum 1989–2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 301

27. júní 1990

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum
1989–2009.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. júní 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989–2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 302

11. júlí 1990

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Húsafells 1990–2010.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. júlí 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Húsafells 1990–2010. Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Hálsahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Ellý Guðmundsdóttir.

REIKNINGUR**Bjargráðasjóðs fyrir árið 1989.****Sameinaður rekstrarreikningur.****Fjármunatekjur:**

Vaxtatekjur og verðbætur	19 304 919
Fjármunatekjur alls	19 304 919

Fjármagnsgjöld:

Vaxtagjöld	2 130 887
Áætlaðar óinnheimtanlegar kröfur	9 217 701
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	23 668 003
Fjármagnsgjöld alls	35 016 591

Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	(15 711 672)
--------------------------------	--------------

Aðrar tekjur:

Framlög sveitarfélaga	13 780 052
Gjald af söluv. landbúnaðarins	68 876 918
Húsaleiga	0
Aðrar tekjur alls	82 656 970

Tekjur alls	66 945 298
-------------	------------

Styrkveitingar:

Styrkir	75 671 865
Eftirgefnir vextir	6 354
Eftirgefin lán	5 400
Styrkveitingar alls	75 683 619

Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld	(8 738 321)
--	-------------

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	7 672 751
Sérkostnaður	1 905 874
Rekstur fasteignar (Laugav. 105)	0
Innheimtulaun búvörugjalds	1 377 538
Afskriftir	559 970
Rekstrargjöld alls	11 516 133

Tap ársins	(20 254 454)
------------	--------------

Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember 1989.

Eignir:

Veltufjármunir:

Bankainnstæður	88 069 656
Aðrir skuldunautar	0
Gjaldf. afb., vextir og verðbætur	14 455 052
Næsta árs afborganir útlána	1 266 298
	<hr/>
Veltufjármunir alls	103 791 006

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:

Skuldabréfaeign	18 223 373
– Afborganir næsta árs	(13 644 999)
	<hr/>
Langtímakröfur alls	4 578 374

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld	2 158 161
Fasteignir	14 244 928
	<hr/>
	16 403 089
Afskrifað alls	(3 706 855)
	<hr/>
Varanl. rekstrarfjárm. alls	12 696 234
	<hr/>
Fastafjármunir alls	17 274 608
	<hr/>
Eignir samtals	121 065 614

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:

Ógreidd ýmis rekstrargjöld	663 408
Séreignadeild	9 235 222
Aðrir lánardrottmar	282 023
	<hr/>
Skammtímaskuldir alls	10 180 653
	<hr/>
Skuldir alls	10 180 653

Eigið fé:

Endurmatsreikningar	121 547 234
Eigið fé	(10 662 273)
	<hr/>
Eigið fé alls	110 884 961
Skuldir og eigið fé samtals	121 065 614

Reykjavík, 9. mars 1990.

Birgir L. Blöndal.

REIKNINGUR**Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1989.****Rekstrarreikningur.**

Fjármunatekjur:	Kr.
Vaxtatekjur af innstæðum	23 038 302
Vaxtatekjur af útlánnum	75 257 085
Dráttarvextir	19 631 577
Verðbætur	509 447 209
Lántökugjöld	4 431 447
Gengismunur	39 871 676
Fjármunatekjur alls:	671 677 296
<hr/>	
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld af langtímalánum	33 539 798
Verðbætur af langtímalánum	92 551 686
Önnur vaxtagjöld	6 892
Lántökugjöld	622 469
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	371 228 657
Gengismunur	66 487 512
Fjármagnsgjöld alls:	564 437 014
Hreinar fjármunatekjur:	107 240 282
<hr/>	
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarf.	82 500 000
Aðrar tekjur	0
Aðrar tekjur alls:	82 500 000
<hr/>	
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginl. kostnaði	7 672 751
Sérkostnaður sjóðsins	1 433 402
Afskriftir	2 236 217
Rekstrargjöld alls:	11 342 370
Tekjuafgangur:	178 397 912
<hr/>	

Efnahagsreikningur 31. desember 1989.**Eignir:**

Veltufjármunir:	Kr.
Sjóður	301 905
Bankainnstæður	19 107 435
Útistandandi skuldir	513 842
Bjargráðasjóður	282 022
Samband ísl. sveitarfélaga	0
Gjaldf. útist. vextir og verðb.	46 568 420
Gjaldfallnar afborganir	51 678 273
Áfallnir útistandandi vextir	70 139 183
Afborg. sem gjaldf. á næsta ári	319 401 887
Veltufjármunir alls:	507 992 967

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:

Skuldabréf	2 808 144 322
Afb. til greiðslu á næsta ári	371 080 160

Langtímakröfur alls: 2 437 064 162

Áhættufé:

Hlutabréf	200 000
---------------------	---------

Áhættufé alls: 200 000

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld og búnaður	14 078 849
Fasteign	33 238 167

47 317 016

Afskrifað alls	15 306 056
--------------------------	------------

Varanl. rekstrarf.m. alls: 32 010 960

Fastafjármunir alls: 2 469 275 122

Eignir samtals: 2 977 268 089

Skuldir og eigið fé:**Skammtímaskuldir:**

	Kr.
Skuldheimtumenn	1 854 721
Áfallnir ógr. vextir	11 794 399
Afb. næsta árs af langtímask.	107 134 732

Skammtímaskuldir alls: 120 783 852

Langtímaskuldir:

	Kr.
Framkvæmdasjóður Íslands	654 293 059
Seðlabanki Íslands	7 243 230
	<hr/>
Afborganir næsta árs	661 536 289
	<hr/>
Langtímaskuldir alls:	107 134 732
	<hr/>
Skuldir alls:	554 401 557
	<hr/>
	675 185 409

Eigið fé:

Endurmatsreikningur	1 414 075 520
Óráðstafað eigið fé	888 007 160
	<hr/>
Eigið fé alls:	2 302 082 680
	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals:	2 977 268 089
	<hr/>

Reykjavík, 21. mars 1990.

Magnús E. Guðjónsson.

Birgir L. Blöndal.

11. júlí 1990

Nr. 306

AUGLÝSING

um legu þjóðvegjar milli Myllulækjar og Grundar í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964, hefur ráðuneytið, hinn 11. júlí 1990, staðfest breytta legu þjóðvegjar milli Myllulækjar og Grundar í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu. Austurlandsvegur, sem legið hefur frá Myllulæk um Hvamma að Grund, færist nú austur fyrir Hvamma og austur fyrir byggingar jarðanna Áss og Bjarnarness II. Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Ráðherra hefur skorið úr ágreiningi sem var með hreppsnefnd Nesjahrepps og skipulagsstjórnar ríkisins um breytingartillögu þessa, sbr. 3. mgr. 1. gr. skipulagslaga, og staðfest breytinguna.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Elly Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING**um afnám reglugerðar nr. 4/1987.**

1. gr.

Reglugerð nr. 4 frá 9. janúar 1987 um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum er hér með afnumin.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 4. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 130/1981 um starfsmenntun
leiðsögumanna ferðafólks.**

1. gr.

2. mgr. 10. gr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79/1985 um skipulag ferðamála, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Árni Þór Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1990

12. júlí 1990

837

Nr. 309

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Eyrarsveit.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. c-staflíð 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarsveit frá 11. júlí 1990 skal vera kr. 500 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds, sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlangdar næsta ár.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað og kr. 6 500 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Eyrarsveitar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi frá og með 1. október 1990 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

23. júlí 1990

Nr. 310

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í ágústmánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í ágústmánuði 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 1%.
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 1%.
3. Afurðir rækjudeildar: Útborgun 5%.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júlí 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 60

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Sléttagrunni.

1. gr.

Frá og með 29. júlí 1990 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði á Sléttagrunni sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°00' N – 17°50' V
2. 66°40' N – 17°50' V
3. 66°40' N – 17°00' V
4. 67°00' N – 17°00' V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ

um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir einstakling búsettan hér á landi án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóð eða annan lögaðila, sem á heimili hér á landi, sendiráð Íslands í útlöndum og íslenska starfsmenn þeirra og íslenska ríkisborgara, sem starfa tímabundið hjá alþjóðastofnunum í útlöndum, svo framarlega sem þeir eru skattskyldir hér á landi skv. íslenskum skattalögum. Einstaklingur telst búsettur hér á landi ef hann á lögheimili hér á landi eða á hér heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga þótt hann sé jafnframt skráður með lögheimili erlendis. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður til heimilis hér á landi eða telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum.

Erlendur aðili merkir einstakling búsettan erlendis án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóð eða annan lögaðila, sem á heimili erlendis, erlent ríki og erlent ríkisfyrirtæki. Erlend sendiráð hér á landi, varnarlið á vegum Atlantshafsbandalagsins og erlendir starfsmenn þessara aðila, sem og makar þeirra og börn, teljast erlendir aðilar. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga þótt hann sé jafnframt skráður með lögheimili hér á landi. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Innlendur gjaldeyri merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum.

Erlendur gjaldeyri merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum.

Gjaldeyrisyfirfærsla merkir það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan gjaldeyri eða erlendum gjaldeyri fyrir innlendan gjaldeyri eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að gjaldeyri sé látinn af hendi eða móttækinn.

Bein fjárfesting (á ensku: direct investment) merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár fyrirtækis eða kaup á hlut, sem fyrir er í fyrirtæki, til að öðlast virk áhrif á stjórn viðkomandi fyrirtækis.

Óbein fjárfesting (á ensku: portfolio investment) merkir fjárfestingu í verðbréfum, fyrst og fremst til að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkir hvers konar framseljanleg kröfuréttindi, s.s. hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði o.þ.h., svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum öðrum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum sem innlendir aðili gefur út.

Erlend verðbréf merkir hvers konar framseljanleg kröfuréttindi, s.s. hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði o.þ.h., svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum öðrum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum sem erlendir aðili gefur út.

Markaðsverðbréf merkir verðbréf í flokki framseljanlegra verðbréfa, þ.m.t. hlutabréfa, sem boðin eru einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með almennu útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þ.á m. nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við getur átt.

Framvirk viðskipti (á ensku: forward contract) merkir samning, sem gerður er um skipti á gjaldmiðlum á tilteknum degi á umsömdu gengi (á ensku: currency forward contract), eða viðskipti sem fara fram á opinberum markaði og fela í sér kaup eða sölu á samningum um skipti á gjaldmiðlum í stöðluðum fjárhæðum á fastákveðnum degi á tilteknu markaðsgengi (á ensku: currency futures).

Skiptiréttur (á ensku: option) merkir samning sem gefur kaupanda hans rétt til að óska eftir kaupum eða sölu á gjaldmiðli á umsömdu gengi á lokadegi samnings (evrópskur skiptiréttur) eða hvenær sem er fyrir lokadag samnings (amerískur skiptiréttur).

Skipti (á ensku: swap) merkir samning þar sem hvor samningsaðila tekur á sig gjaldeyriskvaðir (á ensku: currency swap) og/eða vaxtaskilmála (á ensku: coupon eða interest rate swap) í lánsamningi sem hinn hefur gert.

ECU (á ensku: European Currency Unit) merkir evrópsku mynteininguna.

II. KAFLI Almenn atriði.

2. gr.

Skylda til að skipta við innlendir stofnanir.

Vegna hagskýrslugerðar skulu allar viðskiptagreiðslur í erlendum gjaldeyri til og frá landinu, þ.m.t. fjármagnsflutningar, vera fyrir milligöngu innlands viðskiptabanka eða sparisjóðs nema Seðlabanki Íslands heimili annað.

3. gr.

Sölu- og skilaskylda á erlendum gjaldeyri.

Allur erlendir gjaldeyri sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt, skal seldur eða honum skilað til viðskiptabanka eða sparisjóðs innan eðlilegs frests frá því að gjaldeyriinn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er útgerðum fiskiskipa, sem sigla með og selja fisk eða fiskafurðir á erlendum markaði, heimilt að draga frá skilaskyldu söluandvirði í hlutadeigandi ferð skyldugreiðslur til skipverja og nauðsynlegan kostnað vegna afgreiðslu og veru skipanna erlendis, svo og andvirði nauðsynja til skipsins, m.a. veiðarfæra vegna útgerðar þess.

Útflytjendum vöru og þjónustu og innlendum aðilum, sem hafa eignast erlendan gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur, er heimilt að leggja útflutningstekjur og annan erlendan gjaldeyri inn á gjaldeyrisreikninga í innlendum viðskiptabanka eða sparisjóði,

sbr. 36. gr. Þessum aðilum er einnig heimilt með þeim takmörkunum, sem koma fram í 37. gr., að leggja erlendan gjaldeyri inn á reikninga í erlendum bönkum enda sé viðkomandi vara veðbandalaus gagnvart innlendum lánastofnunum.

Seðlabankinn getur veitt frekari undanþágur frá skilaskyldu á erlendum gjaldeyri en fram koma í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Heimildir til að versla með erlendan gjaldeyri.

Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar, sparisjóðir, Lánastofnun sparisjóðanna hf. og Póst- og símamálastofnunin rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki viðskiptaráðherra.

Innlendir aðilar, sem eiga viðskipti við erlenda ferðamenn, hafa heimild til að skipta erlendum gjaldeyri þeirra. Þeim gjaldeyri skal skilað til viðskiptabanka eða sparisjóðs án óeðlilegs dráttar, sbr. 3. gr. Upplýsingar um eðli viðskiptanna skulu fylgja við sölu erlenda gjaldeyrisins.

5. gr.

Gjaldeyrisleyfi.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda í þeim tilvikum sem hér greinir:

1. Við innflutning á vörum sem háðar eru innflutningsleyfi skv. 13. og 14. gr.
2. Við fjármagnsflutninga frá landinu, þó ekki þá fjármagnsflutninga sem heimilaðir eru skv. ákvæðum í VI. kafla þessarar reglugerðar eða auglýsingum sem byggðar eru á henni. Fjármagnsflutningar á vegum ríkissjóðs sem og banka og sparisjóða vegna viðskipta þeirra með erlendan gjaldeyri eru undanþegnir gjaldeyrisleyfi.

Um umsóknir um gjaldeyrisleyfi fer eftir ákvæðum 1. mgr. 14. gr.

6. gr.

Leyfisgjald.

Hver sá sem fær innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi, sbr. 5. og 14. gr., skal greiða í banka eða sparisjóði 1% af fjárhæð þeirri sem tiltekin er í leyfinu. Undanþegin leyfisgjaldi eru leyfi fyrir bensíni og brennsluolíum, sem falla undir tollskrárnúmer 2710.0019, 2710.0060 og 2710.0070, og flutningsgjöld af þessum vörum.

Leyfisgjaldið rennur til samstarfsnefndar um gjaldeyrisráðgjafi, sbr. 9. gr., m.a. til að standa straum af kostnaði banka og sparisjóða við útgáfu og skráningu leyfa, skýrslugerðir o.fl. en afgangur í ríkissjóð.

7. gr.

Upplýsinga- og skýrsluskylda.

Aðilum, sem viðskipti hafa með erlendan gjaldeyri, er skylt að veita viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankanum allar þær upplýsingar, sem óskað kann að verða eftir um gjaldeyrisviðskipti, til að unnt sé að sinna nauðsynlegu eftirliti og safna gögnum vegna hagskýrslugerðar.

8. gr.

Eyðublöð og kennitala.

Það er skilyrði fyrir öllum gjaldeyrisviðskiptum að umsóknir séu skilmerkilega færðar á þar til gerð eyðublöð, sbr. 10. gr., og að kennitala viðskiptavinar og eðli viðskiptanna komi greinilega fram.

9. gr.

Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál.

Viðskiptaráðherra skipar samstarfsnefnd um gjaldeyrismál. Í henni sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Seðlabankans, viðskiptabankanna og Lánastofnunar sparisjóðanna hf. Formaður nefndarinnar skal vera úr viðskiptaráðuneytinu. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiddur af leyfisgjöldum, sbr. 6. gr.

Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál skal m.a. fjalla um mál sem tengjast gjaldeyrisyfirfærslum og fjármagnsflutningum, þ.m.t. erlendum lántökum, sem þarfnast sérstakra heimilda eða falla utan við þær starfsreglur sem viðskiptabönkum og sparisjóðum eru settar. Hún skal enn fremur fylgjast með framkvæmd þessara mála og sjá um að fyllsta samræmis sé gætt við afgreiðslu þeirra milli einstakra stofnana.

10. gr.

Nánari reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar.

Seðlabankinn setur í samráði við viðskiptaráðuneytið nánari reglur um framkvæmd einstakra ákvæða í þessari reglugerð eftir því sem ástæða er til, s.s. um framlagningu gagna, upplýsingaskyldu, gerð eyðublaða o.þ.h.

III. KAFLI

Gjaldeyriseftirlit.

11. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því að lögum og reglum um verslun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt, sbr. 22. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands og 6. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála með áorðnum breytingum.

Aðalverkefni gjaldeyriseftirlits Seðlabankans eru m.a. þessi:

1. Að hafa eftirlit með því að erlendu gjaldeyrir, sem er endurgjald fyrir vöru, þjónustu eða annað, sé seldur eða honum skilað til viðskiptabanka eða sparisjóðs, sbr. 3. gr. þessarar reglugerðar.
2. Að hafa eftirlit með því, með aðstoð þeirra sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, að erlendu gjaldeyrir sé notaður reglum samkvæmt.
3. Að fylgjast með framkvæmd reglna um gjaldeyrisviðskipti, þ.m.t. fjármagnsflutningum til og frá landinu. Gjaldeyriseftirlitið skal fylgjast með gjaldeyrisyfirfærslum og meðferð skjala og fylgja því eftir í samvinnu við þá sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri að farið sé eftir settum reglum.

12. gr.

Stöðvun gjaldeyrisafgreiðslu vegna meintra brota á gjaldeyrisreglum.

Gjaldeyriseftirlitinu er heimilt að stöðva tímabundið gjaldeyris sölu og gjaldeyrisafgreiðslur, þ.m.t. erlendar lántökur, til þeirra aðila, sem að þess mati hafa brotið settar gjaldeyrisreglur, þ.á m. um skilaskyldu og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri, notkun greiðslufrests, skýrslugerð og önnur atriði er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til viðskiptaráðuneytisins en slíkt málskot stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar. Gjaldeyriseftirlitið tilkynnir þeim sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri um stöðvun gjaldeyris sölu og ber þeim að sjá um framkvæmd ákvörðunarinnar og veita gjaldeyriseftirlitinu nauðsynlega aðstoð í því sambandi.

IV. KAFLI

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings á vöru.

13. gr.

Innflutningur á vöru.

Innflutningur á vöru til landsins er óheftur nema annað sé ákveðið í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

14. gr.

Innflutningsleyfi.

Í þeim tilvikum, sem innflutningur á vöru er háður leyfi, skal senda umsókn um innflutningsleyfi ásamt umsókn um gjaldeyrisleyfi, sbr. 5. gr., til viðskiptabanka eða sparisjóðs. Samstarfsnefnd um gjaldeyrisráðgjafi fjallar um og tekur ákvarðanir um umsóknir um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi en viðskiptabankar og sparisjóðir gefa leyfin út og innheimta gjald af þeim, sbr. 6. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem háðar eru innflutningsleyfi, skulu tollstjórar gæta þess að því sé framvísað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er ávallt heimilt að flytja vörur til landsins án innflutningsleyfis í eftirtöldum tilvikum:

1. Vörur sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum settum af fjármálaráðherra.
2. Gjafir og aðrar sendingar sem sönnur eru færðar á að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem óheimilt er að flytja til landsins skv. lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

15. gr.

Útflutningur á vöru.

Um útflutning á vöru fer eftir reglum sem utanríkisráðuneytið setur.

Gjaldeyrisviðskipti vegna útflutnings á vöru eru háð ákvæðum þessarar reglugerðar nema annað sé ákveðið í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

V. KAFLI

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings á þjónustu.

16. gr.

Innflutningur á þjónustu og þjónustugreiðslur til útlanda.

Innlendum aðilum er heimilt án innflutnings- eða gjaldeyrisleyfa að kaupa hvers konar þjónustu af erlendum aðilum innan þeirra takmarkana sem fram kunna að koma í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Til þjónustugreiðslna í þessu sambandi teljast gjaldeyrisyfirfærslur á eftirfarandi sviðum:

1. Almenn atvinnustarfsemi þjónustuaðila, s.s. meiri háttar viðgerðir, sérfræðiþjónusta, starfsemi verktaka, greiðslur fyrir höfundarrétt og einkaleyfi, launagreiðslur, umboðs-laun, bankakostnaður, umskipunargjöld og annar erlendum kostnaður sem tengist framangreindum viðskiptum.
2. Flutningastarfsemi, s.s. gjöld, sem tengjast sjó- og loftflutningum, og viðgerðir og viðhald á flutningatækjum.
3. Tryggingar, s.s. almannatryggingar, tryggingar í tengslum við utanríkisviðskipti, líftryggingar og endurtryggingar.

4. Hagnaður af atvinnustarfsemi, arður, vextir og leiga.
5. Ferðakostnaður, þ.m.t. notkun greiðslukorta.
6. Tilfallandi yfirfærslur einstaklinga og fjölskyldna, s.s. námskostnaður, áskriftir að dagblöðum og tímaritum og kaup á tímaritum, dagblöðum, bókum, hljómplötum o.þ.h., sbr. þó ákvæði 42. gr. um ýmsa fjármagnsflutninga einstaklinga og fjölskyldna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gilda eftirfarandi takmarkanir um 5. og 6. tl.:

Ferðakostnaður.

Innlendum aðilum er heimilt að yfirfæra í erlendan gjaldeyri allt að 200.000 krónur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt fyrir hvern einstakling til að greiða ferðakostnað í sérhverri ferð til útlanda. Ef um viðskiptaferð er að ræða hækkar hámarkið í 400.000 krónur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Í þeim tilvikum, sem óskað er eftir hærri gjaldeyrisyfirfærslu, skulu umsóknir þar að lútandi sendar viðskiptabanka eða sparisjóði og þaðan til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál ef umsóknin fellur utan almennra starfsreglna sem settar hafa verið. Noti ferðamaður greiðslukort erlendis skal heildarnotkun erlends gjaldeyris vera innan ofangreindra marka.

Þau fjárhæðarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr., falla niður hinn 1. janúar 1993.

Námskostnaður.

Íslenskum námsmönnum, er stunda nám erlendis eða sækja námskeið sem standa í a.m.k. einn mánuð, eru heimilaðar gjaldeyrisyfirfærslur með hliðsjón af mati Lánasjóðs íslenskra námsmanna á framfærslu- og námskostnaði í viðkomandi landi.

Gjaldeyrisyfirfærslur vegna maka mega nema allt að 50% af þeirri gjaldeyrisyfirfærslu, sem námsmaður á rétt á, og gjaldeyrisyfirfærsla vegna hvers barns 20% af sömu fjárhæð. Námsmenn geta fengið frekari gjaldeyrisyfirfærslur þegar þeir stofna heimili eða eru að koma sér fyrir erlendis í fyrsta skipti. Umsókn þar að lútandi skal send til viðskiptabanka eða sparisjóðs og þaðan til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál ef umsóknin fellur utan almennra starfsreglna sem settar hafa verið.

Námsmönnum eru einnig heimilaðar gjaldeyrisyfirfærslur til að greiða skólagjöld enda leggi þeir fram gögn þar að lútandi, s.s. reikninga eða bréf frá skóla.

Allar takmarkanir í 1. og 2. mgr. á gjaldeyrisyfirfærslum til að greiða námskostnað falla niður hinn 1. janúar 1993.

17. gr.

Útflutningur á þjónustu og þjónustugreiðslur til landsins.

Innlendum aðilum er heimilt án takmarkana að flytja út hvers konar þjónustu og taka á móti þjónustugreiðslum frá útlöndum nema lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um annað. Erlendur gjaldeyri, sem aflað er fyrir útflutta þjónustu, er skilaskyldur skv. 3. gr.

VI. KAFLI

Fjármagnsflutningar.

18. gr.

Beinar fjárfestingar innlendra aðila í útlöndum.

Innlendum aðilum er heimilt að stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri í útlöndum enda sé ekki um að ræða hærri fjárhæð en 3.750.000 krónur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt á almanaksárinu. Viðskiptaráðuneytið getur veitt rýmri heimildir en hér greinir skv. umsókn þar að lútandi.

Þau fjárhæðarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr., hækka í 5.625.000 krónur hinn 1. janúar 1991, 7.500.000 krónur hinn 1. janúar 1992 og þau falla niður hinn 1. janúar 1993.

19. gr.

Beinar fjárfestingar erlendra aðila innanlands.

Erlendum aðilum er heimilt innan þeirra marka, sem lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um, að stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Skylt er að tilkynna gjaldeyriseftirliti Seðlabankans um alla erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri jafnskjótt og samningar eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Jafnframt skal tilkynna Hlutafélagaskrá um kaup og sölu erlendra aðila á hlutafé í íslensku félagi. Erlendum aðilum, sem stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi, er heimilt að flytja í því skyni fé til landsins enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur gjaldeyriseftirliti Seðlabankans og féð flutt til landsins fyrir milligöngu innlends viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Heimilt er, skv. ákvæðum 16. gr., að flytja til útlanda móttækinn arð eða annan hagnaðarhlut af fjárfestingunni.

20. gr.

Gjaldeyrisyfirfærslur við sölu á beinum fjárfestingum.

Innlendum aðilum, sem hafa stofnað til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri í útlöndum, sbr. 18. gr., er heimilt við sölu á eignarhlut sínum eða slit atvinnufyrirtækisins að endurfjárfesta féð í atvinnurekstri í útlöndum í samræmi við ákvæði 18. gr. Að öðrum kosti skal féð flutt á ný til landsins, sbr. 3. gr.

Erlendum aðilum, sem hafa stofnað til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi, sbr. 19. gr., er heimilt við sölu á eignarhlut sínum eða slit atvinnufyrirtækisins að endurfjárfesta féð í atvinnurekstri hér á landi í samræmi við gildandi ákvæði laga, reglugerða eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla eða flytja féð til útlanda enda hafi féð verið flutt til landsins og því ráðstafað í samræmi við ákvæði 19. gr.

21. gr.

Fasteignaviðskipti innlendra aðila í útlöndum.

Um viðskipti innlendra aðila með fasteignir í útlöndum fer eftir reglum sem Seðlabankinn setur.

22. gr.

Fasteignaviðskipti erlendra aðila á Íslandi.

Erlendum aðilum er heimilt að kaupa fasteignir hér á landi innan þeirra marka, sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, og flytja fé í því skyni til landsins fyrir milligöngu innlends viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Við sölu á fasteign hér á landi er erlendum aðilum heimilt að kaupa aðra fasteign innan þeirra marka, sem kveðið er á um í 1. mgr. eða flytja söluandvirði fasteignarinnar úr landi enda hafi féð verið flutt til landsins og því ráðstafað í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Erlendum aðilum er heimilt, skv. ákvæðum 16. gr., að flytja til útlanda leigutekjur eða annan móttækinn arð af fasteignum.

23. gr.

Viðskipti innlendra aðila með markaðsverðbréf í erlendri mynt.

Um viðskipti innlendra aðila með erlend markaðsverðbréf og markaðsverðbréf, sem innlendir aðilar hafa gefið út í erlendri mynt í útlöndum, fer eftir reglum sem Seðlabankinn setur.

24. gr.

Útgáfa innlendra aðila á markaðsverðbréfum í útlöndum.

Innlendum aðilum er heimilt að gefa út og selja markaðsverðbréf í útlöndum í annarri mynt en íslenskum krónum innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Heimilt er að flytja til landsins söluandvirði útgefna verðbréfa og flytja til útlanda fé í því skyni að endurgreiða höfuðstól þeirra eða kaupa þau fyrir gjalddaga ef hagkvæmt þykir. Heimilt er skv. ákvæðum 16. gr. að flytja til útlanda fé til að greiða arð og vexti af verðbréfum sem innlendir aðilar hafa gefið út í útlöndum.

25. gr.

Viðskipti erlendra aðila með innlend markaðsverðbréf.

Erlendum aðilum er heimilt að kaupa fyrir milligöngu innlendra verðbréfamiðlara hlutabréf og skuldabréf með gjalddaga einu ári eða síðar frá kaupdegi sem innlendir aðilar hafa gefið út og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Sé hlutafjäreign einhvers erlends aðila hærri en sem nemur 15% af útgefnu hlutafé viðkomandi hlutafélags gilda ákvæði 19. gr. ef ekki koma til aðrar takmarkanir á eignarhlut erlendra aðila í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Skylt er erlendum aðilum að flytja fé til landsins í þessu skyni fyrir milligöngu innlends viðskiptabanka eða sparisjóðs. Innlend verðbréf, sem erlendir aðilar eignast, þó ekki verðbréf sem innlendir aðilar hafa gefið út í útlöndum, sbr. 24. gr., skulu varðveitt hjá innlendum aðilum.

Erlendum aðilum er heimilt að selja fyrir milligöngu innlendra verðbréfamiðlara verðbréf, sem þeir eignast skv. 1. mgr. og ráðstafa söluandvirðinu skv. ákvæðum 1. mgr. eða flytja féð til útlanda enda hafi féð verið flutt til landsins og því ráðstafað í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Erlendum aðilum er heimilt skv. ákvæðum 16. gr., að flytja til útlanda mótttekinn arð, vaxtatekjur og aðrar tekjur af innlendum verðbréfum.

26. gr.

Útgáfa erlendra aðila á markaðsverðbréfum hér á landi.

Erlendum aðilum er heimilt að gefa út markaðsverðbréf hér á landi í íslenskum krónum eða erlendri mynt enda sé gætt ákvæða 15. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og verðbréfin skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Um viðskipti innlendra aðila með verðbréfi erlendri mynt, sem erlendir aðili hefur gefið út hér á landi, fer eftir reglum sem Seðlabankinn setur, sbr. 23. gr. Heimilt er að flytja söluandvirði útgefna verðbréfa til útlanda og flytja til landsins fé í því skyni að endurgreiða höfuðstól þeirra eða kaupa þau fyrir gjalddaga. Heimilt er skv. ákvæðum 16. gr. að flytja til landsins fé til að greiða arð og vexti af verðbréfum sem erlendir aðilar hafa gefið út hér á landi.

27. gr.

Erlendur greiðslufrestur til innlendra aðila í tengslum við innflutning á vöru og þjónustu.

Innlendum aðilum er heimilt að flytja inn einstakar vörusendingar með allt að 360 daga greiðslufresti ef ekki kemur til ábyrgðar eða endurláns innlends viðskiptabanka, sparisjóðs, tryggingarfélags, fjárfestingarlánasjóðs eða annarrar innlendrar fjármálastofnunar. Ekki er þó heimilt að notfæra sér lengri greiðslufrest en almennt gerist í milliríkjaviðskiptum með hlutadeigandi vöruflokk.

Komi til ábyrgðar eða endurláns þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um getur í 1. mgr., við innflutning vöru þá er heimilaður erlendir greiðslufrestur til allt að 180 daga. Fresturinn má

þó ekki vera lengri en almennt gerist í milliríkjaviðskiptum með hlutaðeigandi vörflokk. Greiðslufrestur við innflutning á olíu og bensíni (tollskrárnúmer 2710.0011, 2710.0019, 2710.0020, 2710.0042, 2710.0060 og 2710.0070) má þó eigi vera lengri en 105 dagar.

Við innflutning á vörum með greiðslufresti skal reikna frestinn eigi síðar en frá tollafgreiðsludegi. Skal innflytjandi skrásetja greiðslufrestinn hjá viðskiptabanka eða sparisjóði samhliða tollafgreiðslu ef umsaminn frestur er lengri en 60 dagar.

Umsóknir um rýmri heimildir en hér greinir skulu sendar viðskiptabanka eða sparisjóði sem leggur þær fyrir til úrskurðar samstarfsnefndar um gjaldeyrismál, sbr. 9. gr.

28. gr.

Erlendar lántökur innlendra aðila í tengslum við innflutning, leigusamninga og innlenda framleiðslu á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri.

Innlendum aðilum er heimilt að taka erlend lán til að fjármagna innflutning og innlenda framleiðslu á eða semja um fjármögnunar- eða kaupleigu í tengslum við innflutning á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri og taka erlend lán til að fjármagna skipaviðgerðir hér á landi eða í útlöndum innan eftirfarandi marka:

1. Við innflutning eða innlenda framleiðslu á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri geta erlend lán hæst numið 80% af innlendu verði vörunnar en 70% ef slíkum lánnum fylgir ábyrgð eða endurlán innlends viðskiptabanka, sparisjóðs, tryggingarfélags, fjárfestingarlánasjóðs eða annarrar innlendar fjármálastofnunar.
2. Lánshlutfall við fjármögnun á viðgerðum fiskiskipa hér á landi eða í útlöndum getur ekki orðið hærra en viðmiðunarhlutfall Fiskveiðasjóðs Íslands í sambærilegum tilvikum. Um önnur skip gilda lánshlutföll skv. 1. tl.
3. Við innflutning eignarleigufyrirtækja á vélum, tækjum og búnaði í því skyni að gera eignarleigusamning um notkun þeirra við innlenda aðila geta erlend lán hæst numið 80% af samningsverði. Í þeim tilvikum, sem innlendir aðilar semja beint við erlend eignarleigufyrirtæki, skulu þeir leggja fram við samningsgerð fjárhæð er nemur 20% af samningsverði og er erlend lántaka vegna þess hluta samningsverðs óheimil.

Viðskiptaráðuneytið gefur út auglýsingu þar sem fram koma þeir vörflokkar sem ákvæði þessarar greinar ná til.

Viðskiptaráðuneytið getur veitt rýmri heimildir en hér greinir skv. umsókn þar að lútandi.

Þau hlutföll, sem tilgreind eru í 1. og 3. tl. 1 mgr. (80%), hækka í 100% hinn 1. janúar 1993 í þeim tilvikum þegar ekki er um að ræða ábyrgð eða endurlán innlendar fjármálastofnunar.

29. gr.

Aðrar erlendar lántökur innlendra aðila í tengslum við innflutning á vöru og þjónustu.

Sækja skal um heimildir til annarra erlendra lántaka í tengslum við innflutning á vöru og þjónustu en fram koma í 27. og 28. gr. til viðskiptaráðuneytisins.

30. gr.

Erlend lán til innlendra aðila vegna útflutningsvöru.

Innlendum framleiðendum útflutningsvöru, útflytjendum eða sölusamtökum er heimilt að taka erlend lán til að fjármagna útflutning vöru eða birgðir af slíkri vöru og flýta þannig fyrir skilum á söluandvirði vörunnar.

Útflutningslán má aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur söluandvirði vörunnar, sem lántakandi á útistandandi í útlöndum, að viðbættu andvirði birgða af fullunninni útflutningsvöru.

31. gr.

Yfirdráttarheimildir innlendra banka og sparisjóða í erlendum bönkum.

Innlendum bönkum og sparisjóðum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma í erlendum bönkum, enda sé notkun þeirra í samræmi við reglur sem Seðlabankinn setur um erlendan greiðslujöfnuð þessara stofnana.

32. gr.

Lánveitingar innlendra aðila til erlendra aðila í tengslum við útflutning á vöru og þjónustu.

Innlendum aðilum er heimilt að veita erlendum aðilum greiðslufrest við útflutning á vöru og þjónustu enda sé greiðslufresturinn ekki lengri en almennt gerist í milliríkjavíðskiptum með hlutadeigandi vörflokk. Útflytjandi skal skrá á útflutningsskjöl þann greiðslufrest sem hann heimilar.

33. gr.

Erlend lán til innlendra aðila án sérstaks tilefnis.

Innlendum aðilum er heimilt að taka erlend lán í öðru skyni en fram kemur í 27., 28. og 29. gr., svo framarlega sem slíkum lánum fylgir ekki ábyrgð eða endurlán innlends viðskiptabanka, sparisjóðs, tryggingarfélags, fjárfestingarlánasjóðs eða annarrar innlendar fjármálastofnunar og eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Lánið sé eigi herra en sem nemur 3.750.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt á almanaksárinu.
2. Lánstími sé eigi skemmri en eitt ár.
3. Gjaldeyrisyfurfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr.
4. Fullkomið eintak lánsamninga, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, sé sent gjaldeyriseftirliti Seðlabankans innan eins mánaðar frá undirskrift lánsamnings.

Viðskiptaráðuneytið getur veitt undanþágu frá skilyrðum, sem fram koma í 1. og 2. tl. skv. umsókn þar að lútandi.

Þau fjárhæðarmörk, sem tilgreind eru í 1. tl. 1. mgr., hækka í 5.625.000 krónur hinn 1. janúar 1991, 7.500.000 krónur hinn 1. janúar 1992 og þau falla niður hinn 1. janúar 1993.

34. gr.

Lánveitingar innlendra aðila til erlendra aðila án sérstaks tilefnis.

Innlendum aðilum er heimilt að veita erlendum aðilum lán í öðrum tilvikum en fram kemur í 32. gr. enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Lánið sé eigi herra en sem nemur 3.750.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt á almanaksárinu.
2. Lánstími sé eigi skemmri en eitt ár.
3. Gjaldeyrisyfurfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr.
4. Fullkomið eintak lánsamninga, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, sé sent gjaldeyriseftirliti Seðlabankans innan eins mánaðar frá undirskrift lánsamnings.

Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá skilyrðum, sem fram koma í 1. og 2. tl. skv. umsókn þar að lútandi.

Þau fjárhæðarmörk, sem tilgreind eru í 1. tl. 1. mgr., hækka í 5.625.000 krónur hinn 1. janúar 1991, 7.500.000 krónur hinn 1. janúar 1992 og þau falla niður hinn 1. janúar 1993.

35. gr.

Greiðslutryggingar, ábyrgðir, veðsetningar o.fl.

Innlendum aðilum er heimilt að setja greiðslutryggingu, ganga í ábyrgð til hagsbóta fyrir erlenda aðila og takast á hendur slíka ábyrgð fyrir erlenda aðila gagnvart innlendum aðilum. Þeim er einnig heimilt að framselja og veðsetja erlendum aðilum verðmæti hér á landi eða erlendis innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

36. gr.

Innlendir gjaldeyrisreikningar.

Innlendum aðilum, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri fyrir útflutning á vöru eða þjónustu eða á annan hátt í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur, er heimilt að leggja hann inn á innlendan gjaldeyrisreikning í innlendum viðskiptabanka eða sparisjóði. Sama rétt hafa íslenskir ríkisborgarar, sem búsettir eru erlendis, og erlend fyrirtæki sem innlendir aðilar eiga að meiri hluta.

37. gr.

Bankareikningar í eigu innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum.

Óheimilt er að opna bankareikninga í íslenskum krónum í útlöndum.

Innlendum aðilum er heimilt að opna bankareikninga í erlendri mynt í útlöndum enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Reikningseigandi eignast hinn erlenda gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.
2. Heildarinnstæður sérhvers innlends aðila séu að hámarki 750.000 krónur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt.
3. Sérhver bankareikningur sé skráður hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans.

Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá ofangreindum skilyrðum skv. umsókn þar að lútandi.

Þau fjárhæðarmörk, sem tilgreind eru í 2. tl., hækka í 1.500.000 krónur hinn 1. janúar 1991, 3.750.000 krónur hinn 1. janúar 1992 og þau falla niður hinn 1. janúar 1993.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir þeim fjárhæðarmörkum sem koma fram í 2. tl. 2. mgr.:

1. Eigendur íslenskra flutningstækja sem starfrækt eru að hluta til eða að öllu leyti í útlöndum.
2. Innlendir aðilar sem starfrækja fyrirtæki erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna reksturs þeirra svo og innlendir viðskiptabankar og sparisjóðir.
3. Innlend váttryggingarfélög sem endurtryggja í útlöndum í erlendri mynt eða taka að sér tryggingar erlendis.
4. Innlendir aðilar sem fá umboðslaunatekjur frá erlendum viðskiptaaðilum.

38. gr.

Bankareikningar í íslenskum krónum í eigu erlendra aðila í innlendum viðskiptabönkum eða sparisjóðum.

Erlendum aðilum, er hafa með höndum starfsemi hér á landi, er heimilt að opna reikninga í íslenskum krónum í innlendum viðskiptabanka eða sparisjóði og yfirfæra til útlanda innstæðu á slíkum reikningum enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir tilkynni gjaldeyriseftirliti Seðlabankans jafnóðum um opnun slíkra reikninga.
2. Hér sé einungis um að ræða reikninga sem tengjast starfsemi viðkomandi aðila hér á landi.

Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá ofangreindum skilyrðum skv. umsókn þar að lútandi.

39. gr.

Bankareikningar í erlendri mynt í eigu erlendra aðila í innlendum viðskiptabönkum eða sparisjóðum.

Erlendum aðilum er heimilt að að opna reikninga í erlendri mynt í innlendum viðskiptabönkum eða sparisjóðum, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir tilkynni gjaldeyriseftirliti Seðlabankans jafnóðum um opnun slíkra reikninga.
2. Gjalddeyrisfyrirslur af og á slíka reikninga skulu vera í samræmi við ákvæði annarra greina þessarar reglugerðar.

40. gr.

Kaup á erlendum gjaldeyri fyrir gjalddaga, framvirk gjaldeyrisviðskipti, viðskipti með skiptirétt, mynt- og vaxtaskipti.

Innflytjendum kornvara, olíuvara, járn, timburs og hliðstæðra magnvara og innlendum aðilum, er tekið hafa erlend lán, er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri allt að sex mánuðum fyrir gjalddaga til að greiða þessar vörur eða greiða afborganir og vexti skv. nánari samningi við innlendan viðskiptabanka eða sparisjóð enda sé hinn erlendi gjaldeyri geymdur á innlendum gjaldeyrisreikningi fram að gjalddaga.

Innlendum aðilum er heimilt að gera framvirka samninga um gjaldeyrisviðskipti við aðra innlenda aðila eða erlenda aðila svo framarlega sem eingöngu er um að ræða samninga um tvær eða fleiri erlendar myntir en ekki íslenskar krónur og að gjaldeyrisviðskiptin tengist inn- eða útflutningi á vöru og þjónustu eða greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánum.

Innlendum aðilum er heimilt að gera samninga um skiptirétt í gjaldeyrisviðskiptum við aðra innlenda aðila eða erlenda aðila svo framarlega sem eingöngu er um að ræða samninga um tvær eða fleiri erlendar myntir en ekki íslenskar krónur og gjaldeyrisviðskiptin tengist inn- eða útflutningi á vöru og þjónustu eða greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánum.

Innlendum aðilum, sem hafa tekið erlend lán, er heimilt að stofna til mynt- og vaxtaskipta við aðra innlenda aðila eða erlenda aðila enda sé þess gætt að samningstímabil sé ekki lengra en fyrir tiltekið erlent lán viðkomandi innlends aðila og gjaldeyriseftirliti Seðlabankans sent afrit af samningum um slík skipti.

Innlendir bankar og sparisjóðir eru undanþegnir þeim takmörkunum, sem fram koma í 2. og 3. mgr., enda séu viðskipti þeirra í samræmi við reglur sem Seðlabankinn setur um erlendan greiðslujöfnuð þessara stofnana.

41. gr.

Líftryggingar.

Heimilt er að flytja til og frá landinu bætur og uppsafnaðan höfuðstól vegna samninga um líftryggingu sem innlendir aðilar hafa gert við erlenda aðila.

42. gr.

Ýmsir fjármagnsflutningar einstaklinga og fjölskyldna.

Einstaklingum, fjölskyldum og öðrum innlendum aðilum eru heimilaðir ýmsir minni háttar fjármagnsflutningar til útlanda, s.s. gjafir, greiðslur á arfi eftir innlendan aðila og greiðslur á vinningum til erlendra þátttakenda í innlendu happdrætti eða veðmáli enda nemi gjaldeyrisyfírfærsla ekki hærri fjárhæð en 200.000 krónum á almanaksárinu eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Um lánveitingar til og frá landinu til náinna fjölskyldumeðlima gilda ákvæði 33. og 34. gr.

Einstaklingum og fjölskyldum, sem sest hafa að hér á landi, eru heimilaðar gjaldeyrisyfírfærslur til að greiða af lánnum sem tekin voru áður en viðkomandi settist að hér á landi enda sé fylgt ákvæðum 33. gr. þessarar reglugerðar.

Þeim sem flytjast búferlum frá landinu er heimilt að yfírfæra til útlanda allt að 750.000 krónur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt fyrir hvern einstakling gegn framvísun flutningsvottorðs og afganginn af eignum sínum gegn framvísun erlends búsetuvottorðs.

43. gr.

Flutningur peningaseðla, verðbréfa o.fl. á milli landa.

Um flutning peningaseðla og hvers konar myntar, minnispeninga, gulls og annarra dýrra málma, verðbréfa og hvers konar skuldbindinga á milli landa fer eftir reglum sem Seðlabankinn setur.

VII. KAFLI

Niðurfelling gengisskráningar og tímabundin stöðvun fjármagnsflutninga.

44. gr.

Niðurfelling gengisskráningar.

Seðlabankanum er heimilt að fella niður einhliða gengisskráningu um stundarsakir.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er þó heimilt að annast nauðsynlegar gjaldeyrisyfírfærslur á meðan gengi er ekki skráð enda sé áskilin hæfileg trygging í samráði við Seðlabankann við afhendingu eða móttöku gjaldeyris og gengið endanlega frá greiðslu hans strax og gengi hefur verið skráð að nýju.

45. gr.

Tímabundin stöðvun fjármagnsflutninga.

Seðlabankanum er heimilt að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að ákveða einhliða tímabundna stöðvun einhverra eða allra fjármagnsflutninga sem fjallað er um í VI. kafla þessarar reglugerðar ef skyndilegir og óvenjumiklir fjármagnsflutningar til og frá landinu valda óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

46. gr.

Gengisviðmiðun fjárhæða.

Fjárhæðarmörk þau, sem tilgreind eru í 16., 18., 33., 34., 37. og 42. gr. reglugerðar þessarar, breytast mánaðarlega í samræmi við gengisvísitölu (kaupgengi) hinnar evrópsku mynteiningar (ECU), sem Seðlabankinn skrári og auglýsir með gildistöku 1. dag hvers mánaðar. Grunnvísitala er gengi, sem tekur gildi 1. ágúst 1990.

47. gr.

Pagnarskylda.

Þeir sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

48. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 17. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála með áorðnum breytingum.

Mál út af brotum á þessari reglugerð fara að hætti opinberra mála.

49. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála með áorðnum breytingum og lögum nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, öðlast gildi hinn 1. september 1990. Jafnframt falla eftirtaldar reglugerðir og auglýsingar úr gildi: Reglugerð nr. 211/1988 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, reglugerð nr. 50/1988 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi með áorðnum breytingum nr. 132/1988, auglýsing nr. 309/1986 um erlend lán vegna útflutningsafurða, auglýsing nr. 489/1989 um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar og auglýsing nr. 499/1989 um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. gr. gilda eftirfarandi reglur um gjaldeyrisleyfi og leyfisgjald til og með 31. desember 1990:

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir öllum greiðslum til útlanda nema í þeim tilvikum sem hér greinir:

1. Vöruafgreiðslum þar sem viðkomandi vörur eru ekki háðar innflutningsleyfum skv. 13. og 14. gr.
2. Greiðslum sem Stjórnarráðið innir af hendi til erlendra aðila vegna vaxtakostnaðar og afborgana af erlendum ríkislánum, kostnaði við utanríkisþjónustuna og greiðslum þess til alþjóðastofnana.
3. Greiðslum vegna þjónustu Póst- og símamálastofnunarinnar.
4. Erlendum kostnaði gjaldeyrisafgreiðslna banka og sparisjóða.

Hver sá sem fær innflutningsleyfi, sbr. 13. og 14. gr., eða gjaldeyrisleyfi, sbr. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis, skal greiða í viðskiptabanka eða sparisjóði 1% af fjárhæð þeirri sem tiltekin er í leyfinu. Undanþegin leyfisgjaldinu eru:

1. Leyfi fyrir bensíni og brennsluólíum, sem falla undir tollskrárnúmer 2710.0019, 2710.0060 og 2710.0070, og flutningsgjöld af þessum vörum.
2. Greiðsla vörukaupalána sem tekin eru mest til 360 daga.
3. Leyfi fyrir námskostnaði.

Priðjungur leyfisgjaldsins rennur til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál, m.a. til að standa straum af kostnaði viðskiptabanka og sparisjóða við útgáfu og tölvuskráningu leyfa, svo og skýrslugerðir, en afgangur í ríkissjóð.

Viðskiptaráðuneytið, 27. júlí 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Á grundvelli 1.–3. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og 13. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 312/1990 um sama efni er innflutningur annarra vara en taldar eru upp hér á eftir óheftur, nema annað sé ákveðið í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum:

Tollskrárn.	Vörutegund
0101.1100	til
0106.0009	Lifandi dýr
0201.1000	til
0201.3000	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
0202.1000	til
0202.3000	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, frosið
0203.1100	til
0203.2900	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst
0204.1000	til
0204.5000	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst
0205.0000	Kjöt af hrossum, ösnum, múlösum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst
0206.1000	til
0206.9000	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svinum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst
0207.1000	til
0207.5000	Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105 (þ.e. hænsnum af tegundinni Gallus domesticus, öndum, gæsum, kalkúnum og perluhænsnum), nýtt, kælt eða fryst
0208.1000	til
0208.2000	til
0208.9003	til
0208.9009	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst

Tollskrárn.	Vörutegund
0209.0000	Svínafitá án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt
0210.1100	til
0210.9003	
0210.9009	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum
0401.1000	til
0408.9900	
0410.0000	Mjólkurafurðir; fuglaegg; ætar vörur úr dýraríkinu, ótaldar annars staðar
0602.1000	
0602.2000	
0602.3000	
0602.4000	
0602.9900	Lifandi plöntur (þar með taldar rætur), græðlingar og gróðurkvistir, ótaldir annars staðar, í mánuðunum desember til maí
0603.1000	til
0603.9000	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt, í mánuðunum desember til maí
0701.1000	til
0701.9000	Kartöflur, nýjar eða kældar
0702.0000	Tómatar, nýir eða kældir
1501.0001	til
1501.0009	Hreinsuð svínafeiti; önnur svína- og alifuglafeiti, brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin
1502.0001	til
1502.0009	Fita af dýrum af nautagripaætt, kindum eða geitum, hrá eða brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin
1503.0000	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt, o.fl.
1517.1000	til
1517.9009	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti og önnur tilbúin matarfeiti
1601.0001	til
1601.0009	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum
1602.1000	til
1602.9000	Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum
1902.1100	til
1902.4000	Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt, með fyllingu úr kjötafurðum sem að magni til eru meira en 20% miðað við þunga
2105.0001	til
2105.0009	Rjómaís og annar ís til manneldis
2106.9029	
2106.9039	Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft

Tollskrárn.	Vörutegund
2204.2101 2204.2901 2204.3000	Prúguþykkni, annað en í nr. 2009
2709.0000	Jarðolífur og olíur, fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óunnar
2710.0019	Annað bensín en flugvélabensín
2710.0060	Gasolífur
2710.0070	Brennsluolífur
9603.1000	Sópar og burstar úr hrísi eða öðrum jurtaefnum, samabundið, einnig með skafti
9603.2901	Burstar og sópar með plastbaki, ótaldir annars staðar
9603.2909	Aðrir burstar og sópar
9603.4000	Málningarpenslar (ekki málningarrúllur)
9603.9000	Aðrir sópar, burstar og penslar, þó ekki gúmmíþvögur á skafti og skaftþvögur

2. gr.

Framangreindar reglur gilda frá og með 1. september 1990 og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, nr. 132/1988, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. júlí 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

**um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum,
tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.**

1. gr.

Á grundvelli 12.gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990 um sama efni, hefur viðskiptaráðuneyti ákveðið að ákvæði 28. gr. reglugerðarinnar taki til eftirfarandi kafla tollskrárinnar og tilheyrandi tollskrárnúmera, þó ekki varahluta:

Tollskrárn.	Vörutegund
Úr 56. KAFLA:	
5608.1100	til
5608.9009	Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi; uppsett fiskinet og önnur fullgerð net úr spunaefnum

Tollskrárn.	Vörutegund
Úr 73. KAFLA:	
7309.0000	Geymar úr járni eða stáli
7314.1100	til
7314.5000	Færibönd o.fl.
Úr 84. KAFLA:	
8402.1100	til
8402.9000	Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (þó ekki heitavatnsmiðstöðvarkatlar sem einnig geta framleitt lágþrýstigufu); háhitavatnskatlar
8404.1009	Aukavéla­kostur til nota með kötlum í nr.8402
8404.2000	(t.d. forhitarar, háhitarar, sóthreinsitæki,
8404.9009	tæki til endurheimtu gass); þéttar fyrir gufu- eða aðrar aflvélar
8405.1000	til
8405.9000	Tæki til framleiðslu á gasi eða vatnsgasi,einnig með hreinsitækjum; tæki til framleiðslu á acetylgasi og áþekk tæki til gasframleiðslu með vatnsaðferð, einnig með hreinsitækjum
8406.1100	til
8406.9000	Vatnsgufuafllshverflar og aðrir gufuafllshverflar
8407.1000	til
8407.9000	Stimpil- eða hverfibrunahreyflar með neistakveikju
8408.1000	til
8408.9000	Stimpilbrunahreyflar með þrýstikveikju (dísil- eða hálf­dísilhreyflar)
8409.1000	til
8409.9900	Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til hreyfla í nr. 8407 eða 8408
8410.1100	til
8410.9000	Vökvahverflar, vatnshjól og gangráðar til þeirra
8411.1100	til
8411.9900	Potuhreyflar o.fl.
8412.1000	til
8412.9000	Skrúfuþotuhreyflar o.fl.
8413.1100	til
8413.9200	Vökvadætur, einnig með mælitækjum ; vökvalyftur
8414.1000	til
8414.4000	Loft- eða lofttæmidætur, loft- eða aðrar gasþjöppur
8414.5109	
8414.5909	
8414.6009	Loftræstiviftur og -háfar, þó ekki til heimilisnota
8414.8009	Önnur tæki í nr. 8414, þó ekki til heimilisnota
8417.1000	til
8417.9000	Ofnar fyrir iðnað og rannsóknastofur

Tollskrárn.	Vörutegund
8418.1009 8418.3009 8418.4009 8418.5000 8418.6109 8418.6909	Kæli- eða frystibúnaður
8419.1100 8419.9000	til Vélbúnaður, vélakostur eða búnaður fyrir rannsóknastofur; hrað- eða geymavatnshitarar, ekki fyrir rafmagn
8420.1000 8420.9900	til Sléttipressur eða aðrar völsunarvélar, þó ekki fyrir málma eða gler, og valsar til þeirra
8421.1100	Rjómaskilvindur
8421.1209 8421.3100 8421.3909 8421.9900	til og til Miðflótttaafsvindur og þurrkarar; tækjabúnaður til síunar eða hreinsunar á vökvum og lofttegundum
8422.1900	Aðrar uppþvottavélar en uppþvottavélar til heimilisnota
8422.2000 8422.9000	til Vélbúnaður til þökkunar, umbúða og þvotta
8423.1000 8423.9000	til Vogir og vogarlóð
8424.1000 8424.9000	til Vélræn tæki (einnig fyrir handafl) til sprautunar, dreifingar eða úðunar á vökvum eða dufti; slökkvitæki, einnig hlaðin; úðabyssur og áþekk tæki; gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar
8425.1100 8425.4100	til Blakkir og talíur, þó ekki skúffubönd, vindur og koppavindur (m.a. kraftblakkir til fiskiskípa og akkeris- og skipavindur), tjakkar til nota á bifreiðaverkstæðum
8426.1100 8426.9900	til Hegrar, kranar o.fl.
8427.1000 8427.2000	til Gaffallyftarar o.fl.
8428.1001 8428.9000	til Vélbúnaður til lyftingar
8429.1100 8429.5900	til Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúð
8430.1000 8430.6909	til Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar
8431.1000 8431.4900	til Hlutar til vélbúnaðar í nr. 8425 til 8430

Tollskrárn.	Vörutegund
8432.1000 8432.9000	til Landbúnaðarvélar og -tæki
8433.5100	Sambyggðar uppskeruþreskivélar
8433.5300	Rótar- eða hnýðisuppskeruvélar
8433.6000	Vélar til að hreinsa, aðgreina eða flokka egg, ávexti eða aðrar landbúnaðarafurðir
8434.2000	Mjólkurbúsvélar
8436.1000 8436.9900	til Annar vélbúnaður til landbúnaðar, garðyrkju, skógræktar, alifugla- eða býflugnaræktar, þar með talin spírunartæki með vélrænum útbúnaði eða hitabúnaði; útungunarvélar og unga- mæður
8437.1000 8437.9000	til Vélbúnaður til nota í mölunariðnaði o.fl.
8438.1000 8438.9000	til Vélbúnaður, ótalin annars staðar í þessum kafla, til iðnaðarvinnslu eða iðnaðarframleiðslu á matvöru eða drykkjarvöru, þó ekki vélbúnaður til vinnslu eða aðvinnslu á feiti eða olíu úr dýra- eða jurtaríkinu (flökunarvélar o.fl. meðtalið)
8439.1000 8439.9900	til Vélbúnaður til framleiðslu á deigi úr trefjakennendum sellulósa eða til framleiðslu eða vinnslu á pappír eða pappa
8440.1000 8440.9000	til Vélbúnaður til bókbands, þar með taldar bókasaumavélar
8441.1000 8441.9000	til Annar vélbúnaður til vinnslu á pappírseigi, pappír eða pappa, þar með taldar hvers konar pappírs- eða pappaskurðarvélar
8442.1000 8442.5000	til Vélbúnaður, tækjabúnaður og tæki (þó ekki smíðavélar í nr. 8456-8465) til að steypa eða setja prentletur, til aðvinnslu eða framleiðslu á prentmyndamótum, -plötum, -völsum eða öðrum prenthlutum
8443.1100 8443.9000	til Vélbúnaður til prentunar; hjálparvélar við prentun
8444.0000	Vélar til að þrýsta út, draga út, hrýfa eða skera tilbúin spunaefni
8445.1100 8445.9000	til Vélar til að vinna spunatrefjar; spuna-, tvöföldunar- eða tvinningarvélar og annar vélbúnaður til framleiðslu á spunagarni; spunaspólunar- eða spunavindisvélar (þar með taldar ívafsvindisvélar) og vélar til að vinna spunagarn til nota í vélar í nr. 8446 eða 8447
8446.1000 8446.3000	til Vefstólar
8447.1100 8447.9000	til Prjónavélar, stungubindivélar og vélar til framleiðslu á yfirspunnu garni, tylli, laufaborðum, útsaum, leggingum, fléttum eða netefnum og vélar til límbinda
8448.1100 8448.5900	til Hjálparbúnaður við vélar í nr. 8444, 8445, 8446 eða 8447; hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í þessum vörulíð eða í nr. 8444, 8445, 8446 eða 8447

Tollskrárn.	Vörutegund
8449.0000	Vélbúnaður til framleiðslu á flóka
8450.2000	Þvottavélar sem taka meira en 10 kg
8451.1000	Purrhreinsivélar
8451.2900	Purrkarar til iðnaðarnota
8451.3009	Strauvélar og pressur (þar með taldar suðupressur), aðrar en til heimilisnotkunar
8451.4000	Þvotta-, bleiki- eða litunarvélar
8451.5000	Vélar til að vinda, afvinda, brjóta, skera eða takka spunadúk
8452.2100	til
8452.2900	Saumavélar, þó ekki bókasaumavélar í nr. 8440, til notkunar í iðnaði
8453.1000	til
8453.9000	Vélbúnaður til forvinnslu sútunar eða vinnslu á húðum, skinnnum eða leðri eða til framleiðslu eða viðgerðar á skófatnaði eða öðrum vörum úr húðum, skinnnum eða leðri, þó ekki saumavélar
8454.1000	til
8454.9000	Málmþreifyfingar, bræðslusleifar, hrá málmsteypumót og steypuvélar til nota í málmvinnslu og málmsteypu
8455.1000	til
8455.9000	Málmvölsunarvélar og valsar til þeirra
8456.1001	til
8463.9000	Vélar til smíða úr málm og málmkarbíðum
8464.1000	til
8464.9000	Vélar til smíða úr steini, leir, steinsteypu, asbestsementi eða svipuðum jarðefnum eða til kaldvinnslu á gleri, þó ekki handverkfæri
8465.1001	til
8465.9909	Vélar til smíða úr viði, korki, beini, harðgúmmí, harðplasti og áþekktum hörðum efnum, þar með taldar vélar til að negla, hefta eða líma eða til annarrar samsetningar, þó ekki handverkfæri
8466.1000	til
8466.9400	Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í nr. 8456- 8465, þar með taldar efnis- eða verkfærafestingar, sjálfopnandi skurðarhausar, deilihausar og annar sérhæfður aukabúnaður fyrir smíðavélar; verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri
8470.3000	til
8470.9000	Reiknivélar; bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og áþekktar vélar, með reiknibúnaði
8471.1000	til
8471.9900	Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segullettur eða ritlettur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ótaldar annars staðar
8473.3000	Hlutar og fylgihlutir til véla í nr. 8471 (tölva)

Tollskrárn.	Vörutegund
8474.1000 8474.9000	til Vélbúnaður til að flokka, sálda, aðskilja, þvo, mylja, mola, blanda eða hnoða mold, stein, málmgrýti eða önnur jarðefni, í föstu formi (þar með talið duft eða deig); vélbúnaður til að pressa, forma eða móta eldsneyti úr steinaríkinu, leirdeig, óharðnað sement, gipsefni eða aðrar vörur úr steinaríkinu í duft- eða deigformi; vélar til framleiðslu á málmsteypumótum úr sandi
8475.1000 8475.9000	til Vélar til að setja saman rafmagns- eða rafeindalampa, -túbur eða -loka eða leifturlampa í glerhylki; vélar til framleiðslu eða heitvinnslu á gleri eða glervörum
8476.1100 8476.1900	til Sjálfsalar
8477.1000 8477.9000	til Vélbúnaður til vinnslu á gúmmí eða plasti eða til framleiðslu á vörum úr þessum efnum, ótalin annars staðar í þessum kafla
8478.1000 8478.9000	til Vélbúnaður til að vinna eða framleiða tóbak, ótalin annars staðar í þessum kafla.
8479.1000 8479.9000	til Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ótalin annars staðar í þessum kafla, þó ekki nr. 8479.8901
8480.1000 8480.7900	til Mótakassar til málmsteypu; mótaundirstöður; mótamynstur; steypumót fyrir málm (þó ekki hrásteypumót), málmkarbíð, gler, jarðefni, gúmmí eða plast
8485.1000	Skipsskrúfur og blöð til þeirra
Úr 85. KAFLA:	
8501.1000 8501.6400	til Rafhreyflar og rafalar (þó ekki rafalásamstæður)
8502.1100 8502.4009	til Rafalásamstæður og hverfistraumbreytar
8503.0000	Hlutur eingöngu eða aðallega nothæfir til véla í nr. 8501 eða 8502
8504.1100 8504.9000	til Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli
8514.1000 8514.9000	til Rafbræðslu- eða rafhitunarofnar (þar með taldir fyrir span- eða torleiði) fyrir iðnað eða rannsóknastofur; önnur span- eða torleiðihitunartæki fyrir iðnað eða rannsóknastofur
8515.1100 8515.9000	til Vélar og tækjabúnaður til lóðunar, brösunar eða rafsúðu, einnig nothæfir til skurðar, fyrir rafmagn (þar með talið rafmagnshitað), leysi- eða annan ljós- eða ljóseindageisla, úthljóð, rafeindageisla, rafsegulpúlva eða plasmaboga; rafmagnsvélar og -tækjabúnaður til heitúðunar málma eða glæddra málmkarbíða
8517.2000 8517.4000	til Raftækjabúnaður fyrir talsíma eða ritsíma
8521.1001 8521.9001	Myndbandsupptökutæki eða myndbandsflutningstæki fyrir sjónvarpsstarfsemi

Tollskrárn.	Vörutegund
8522.1000 8522.9000	til Hlutar og fylgihlutir til tækjabúnaðar í nr. 8521.1001 og 8521.9001
8525.1001 8525.2009	til Senditæki fyrir firðtal, loftskeyta- sendingar, útvarpsendingar eða sjónvarp, einnig með móttökubúnaði eða hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði
8526.1000 8526.9100	til Ratsjár- og radiómiðunartæki
8528.1001 8528.2001	Hljóð- eða myndbandsupptökutæki eða -flutningstæki fyrir sjónvarpsstarfsemi
8529.1001 8529.9001	Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8528.1001 og 8528.2001

Úr 86. KAFLA:

8604.0000	Járnbrauta- eða sporbrauta-, viðgerða- eða þjónustuvagnar, einnig sjálfknúnir
8609.0000	Gámar (þar með taldir gámar til flutnings á vökvum), sérstaklega hannaðir og búnir til flutnings með einni eða fleiri gerðum farartækja

Úr 87. KAFLA:

8701.2000	Dráttarbifreiðar fyrir festivagna
8701.3000	Beltadráttarvélar
8701.9001	Almennar hjóladráttavélar
8702.1001 8702.9009	til Almenningsbifreiðar
8703.2231 8703.2351 8703.2421 8703.3141 8703.3251 8703.3321 8703.9021	Sjúkrabifreiðar
8703.9029	Ýmis vélknúin ökutæki, aðallega gerð til mannflutninga
8704.1000 8704.9039	til Ökutæki til vöruflutninga
8705.1000 8705.9009	til Vélknúin ökutæki til sérstakra nota
8706.0009	Grindur með hreyfli fyrir ökutæki í nr. 8701-8705
8707.9000	Yfirbyggingar (einnig ökumannshús) fyrir almennings- og vörubifreiðar
8709.1100 8709.1900	til Sjálfnúnir vinnuvagnar o.fl.
8713.1000 8713.9000	til Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknúin eða knúin á annan vélrænan hátt

Tollskrárn.	Vörutegund
8714.2000	Hlutar og fylgihlutir til ökutækja í nr. 8713
8716.2000	til
8716.4000	Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga
Úr 88. KAFLA:	
8802.1100	til
8802.1200	Pyrlur
8802.3000	Flugvélar og önnur loftför, að eigin þyngd meira en 2000 kg til og með 15000 kg
8802.4000	Flugvélar og önnur loftför, að eigin þyngd meira en 15000 kg
Úr 89. KAFLA:	
8901.1001	Ferjur, hvers konar
8901.2000	Tankskip
8901.3000	Kælskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000
8901.9000	Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum
8903.1001	Uppblásnir, rónir björgunarbátar
8903.9001	Aðrir rónir björgunarbátar
8904.0000	Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum
8905.1000	til
8905.9000	Vitaskip, slökkvaskip, dýpkunarskip, flotkvíar o.fl.
8906.0000	Björgunarbátar, þó ekki árabátar
8907.1001	til
8907.9000	Önnur fljótandi mannvirki og björgunarflekar
Úr 90. KAFLA:	
9007.1900	Kvikmyndavélar fyrir 16 mm eða breiðari filmur
9007.2900	Kvikmyndasýningarvélar fyrir 16 mm eða breiðari filmur
9007.9100	til
9007.9200	Hlutar og fylgihlutir fyrir kvikmyndavélar og kvikmyndasýningarvélar í nr. 9007.1900 og 9007.2900
9009.1100	til
9009.9000	Ljósritunarvélar
9010.1000	Tæki og búnaður til sjálfvirkar framköllunar á ljósmyndaflumum (einnig kvikmyndaflumum) eða ljósmyndapappír í rúllum eða til sjálfvirkar lýsingar á framkallaða filmu á ljósmynda-pappír í rúllum
9010.2000	Önnur tæki og búnaður fyrir ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndaver); negatívusjár
9011.1000	til
9011.9000	Sambyggðar optískar smásjár, einnig til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörp-unar

Tollskrárn.	Vörutegund
9012.1000 9012.9000	til Smásjár, þó ekki optískar smásjár; ljósbylgjutæki
9013.1000 9013.9000	til Vökvakristalsbúnaður annar en sá sem nánar er gerð grein fyrir í öðrum vöruliðum; leysitæki, þó ekki leysidíóður; önnur optísk tæki og áhöld, ótalin annars staðar í þessum kafla
9014.1000 9014.9000	til Áttavitar; önnur áhöld og tæki til siglinga
9015.1000 9033.0000	til Áhöld og tækjabúnaður til mælinga o.fl.
Úr 92. KAFLA:	
9203.0000	Pípuorgel o.þ.u.l. til notkunar í kirkjum
Úr 94. KAFLA:	
9402.1000 9402.9000	til Húsgögn til lyflækninga, skurðlækninga, tannlækninga eða dýralækninga (t.d. skurðarborð, rannsóknaborð, sjúkrarúm með vélrænum búnaði, tannlæknastólar); rakarastólar og áþekk- ir stólar sem búnir eru snúnings-, jafnt sem halla- og lyftubúnaði; hlutar til framangreindra vara

2. gr.

Auglýsing þessi, sem öðlast gildi 1. september 1990, kemur í stað auglýsingar nr. 489/1989 um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Viðskiptaráðuneytið, 27. júlí 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

26. júlí 1990

Nr. 315

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 559 1. desember 1989, um bann við línuveiðum á Grímseyjarsundi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 559 1. desember 1989 um bann við línuveiðum á Grímseyjarsundi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um húsfriðunarsjóð.

1. gr.

Húsfriðunarsjóður skal stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa og annarra mannvirkja sem húsfriðunarnefnd telur hafa menningarsögulegt og listrænt gildi. Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga sbr. 46. gr. Þjóðminjalaga skulu renna í sjóðinn fyrir maímánuð ár hvert. Varsla og reikningshald húsfriðunarsjóðs skal vera í höndum Landsbanka Íslands samkvæmt samkomulagi sem menntamálaráðuneytið gerir við bankann þar að lútandi.

2. gr.

Húsfriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr húsfriðunarsjóði til viðgerða húsa, sem hún metur styrkhæf. Þá getur nefndin ákveðið að verja fé til verkefna er stuðla að varðveislu íslensks byggingararfs, til rannsókna á honum og útgáfu rita þar að lútandi. Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu fara fram í maí ár hvert samkvæmt umsóknum.

3. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum til húsfriðunarsjóðs í dagblöðum, Lögbirtingablaði og Sveitarstjórnarmálum. Auglýsingar skal birta í janúarmánuði ár hvert. Umsóknir skulu greinilega bera með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum og skulu eftirtalin gögn og upplýsingar fylgja umsóknum:

- a. uppmælingar, dagsettar og undirskrifaðar.
- b. ljósmyndir.
- c. upplýsingar um nánasta umhverfi t.d. sögulegar upplýsingar sem unnt er að afla, s.s. aldur mannvirkis, nöfn arkitekta, smíðs og eigenda fyrr og nú.
- e. greinargerð um framtíðarnotkun.
- f. greinargerð um fyrri breytingar sem kunnar eru.
- g. teikningar af breytingum ef ráðgerðar eru.
- h. kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt greinargerð um verktilhögun.

4. gr.

Húsfriðunarnefnd hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar. Varðar styrkmissi ef á slíkt brestur. Húsfriðunarnefnd skal hafa aðgang að kostnaðarreikningum í sambandi við framkvæmdir sem hún fjallar um. Einnig skal nefndin eða starfsmaður hennar eiga greiðan aðgang að vinnustað á meðan viðgerð fer fram.

5. gr.

Húsfriðunarnefnd skal láta menntamálaráðuneytinu, Þjóðminjaráði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í té yfirlit fyrir greiðslur úr sjóðnum fyrir lok hvers árs. Starfsskýrsla húsfriðunarnefndar og húsverndardeildar með yfirliti yfir úthlutanir úr húsfriðunarsjóði skal birt í ársskýrslu Þjóðminjaráðs.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 48. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. júlí 1990.

Svavar Gestsson.

Þórunn J. Hafstein.

SAMÞYKKT

um hundahald í Eyrarsveit.

1. gr.

Hundahald í Eyrarsveit sæti þeim takmörkunum sem kveðið er á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum í sveitarfélaginu, leyfi til hundahalds með eftirtöldum skilyrðum:

- a) Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og óheimilt er að framselja það.
- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda í húsinu fylgja umsókninni.
- c) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir 1 ár í senn og staðfest skal af heilbrigðisráðherra í sérstakri gjaldskrá, skal standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir 1 ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.
- d) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan. Hreppsnefnd getur ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag. Skal tryggingin ná til alls tjóns, sem hundurinn kann að valda. Við greiðslu leyfisgjalds, skal liggja fyrir vottorð um ábyrgðartryggingu.
- e) Hundurinn skal bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt nafn og skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda hans.
- f) Hundurinn skal árlega hreinsaður skv. reglugerð nr. 201/1957 um varnir gegn sullaveiki. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu leyfisgjalds.
- g) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
- h) Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli eða aðra þá staði, sem um ræðir í IX.–XV. kafla og XVIII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 en þeir eru:
 1. Gistihús (gistiskálar, söluskálar), tjaldbúðir, matsölur og aðrir veitingastaðir.
 2. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili.
 3. Snyrtistofur, hvers konar.
 4. Heilbrigðisstofnanir, hæli og íþróttamannvirki.
 5. Fangelsi og vistarverur handtekinna manna.
 6. Samkomuhús.
 7. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 8. Húsakynni, þar sem seld eru eða framleidd matvæli og aðrar neysluvörur.

3. gr.

Umsókn fyrir leyfi til hundahalds skal senda hreppsnefnd Eyrarsveitar, sem gefur út leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá hreppsnefnd. Þar skal m. a. skrá heiti, aldur, kyn, tegund, lit og önnur einkenni hundsins. Ennfremur nafn og heimilisfang leyfishafa svo og skráningarnúmer hundsins. Leyfishafi fær merкта plötu, sbr. 3. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Eyrarsveit. Lögregluvarðstofunni í Grundarfirði og heilbrigðisnefnd skulu send afrit af leyfisbréfi.

4. gr.

Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minniháttar brot að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstaka hunda eða öll veitt leyfi, telji hún brýna nauðsyn þar á að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar og lögreglu. Að öðru leyti fer um framkvæmdina skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarsveitar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um bann við notkun azó-litarefna og alifatískra klórflúorkolefnis-sambanda (freon) og skyldra efna sem drifefna í lyf.

1. gr.

Notkun azó-litarefna í lyfjum er óheimil hér á landi. Azó-litarefni hafa CI-númer 11.000-39.999 (CI = Colour Index).

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1991 skal innflutnings- og sölubann reglugerðar nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrúsa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni), einnig ná til lyfja og dýralyfja samkvæmt ákvæðum lyfjalaga nr. 108/1984 með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lyfjalögum nr. 108/1984 með síðari breytingum og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 622/1980 um notkun litarefna í lyfjum og 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrúsa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni).

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu þó heimilt, að fenginni umsögn lyfjanefndar, að leyfa innflutning og sölu lyfja og dýralyfja, sem innihalda

drifefni (ósoneyðandi efni) þau, sem tiltekin eru í reglugerð nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrusa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	7,19 kr/kWh
Fastagjald F1	3 586,00 kr/ár

A 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	12,19 kr/kWh
Fastagjald F1	3 586,00 kr/ár

A 3. Utanhússlýsing.

Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli.

Aflgjald	13 091,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	19 485,00 kr/kW/ár

A 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum.

Orkugjald	4,43 kr/kWh
Fastagjald	11 475,00 kr/ár

Heimilt er að velja lið A 1. ef hagkvæmara þykir.

B 1. Afmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald	10 616,00 kr/kW/ár
Orkugjald	2,59 kr/kWh

D 1. Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klst. á dag.

Orkugjald	2,09 kr/kWh
Fastagjald F3	7 062,00 kr/ár

D 2. Næturhitun.

Rafhíttun með roftíma allt að 15 klst. á dag á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald	1,99 kr/kWh
Fastagjald F3	7 062,00 kr/ár

D 3. Rofin hitun, 1 klst.

Orkugjald	5,14 kr/kWh
Fastagjald F3	7 062,00 kr/kWh/ár

Innheimta og lokun.*Innheimtugjald:*

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskil, innheimtu og undirbúning að lokun	823,00 kr.
---	------------

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu	1 647,00 kr.
---	--------------

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.*Götulýsing:*

Rafveita Eyrarbakka leggur til rafstreng og tengingar, en annað efni, svo sem ljósa-staurar og ljósker, er lagt til af Eyrarbakkahreppi ásamt uppsetningu.

Aflgjaldsmæling:

Liður B 1. er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A 1. veittir samhliða. Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram með mánaðar millibili.

Véla- og tækjanotkun:

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

Takmörkun á vali gjaldskrárliða:

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur rafveitan takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir notkun.

Sölugjald:

24,5% vsk. er innifalinn í öllum liðum nema orkugjaldi til húshitunar í liðum A 4., D 1., D 2., D 3. og fastagjaldi af F3.

Heimtaugargjald:

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

	kr.
63 A einfasa	49 288,00
63 A þrífasa	53 324,00
100 A þrífasa	82 688,00
200 A þrífasa	167 400,00
315 A þrífasa	379 822,00
400 A þrífasa	457 054,00
710 A þrífasa	602 879,00
1200 A þrífasa	1 014 279,00

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.

Framangreind heimtaugargjöld eiga við í skipulögðum hverfum öðrum en búfjárhverfum. Heimtaug á óskipulagt svæði reiknast samkvæmt tilkostnaði hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 468, 2. október 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júlí 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUR

um veitingu leyfa til fornleifarannsókna.

1. gr.

Fornleifanefnd fjallar um og veitir leyfi til staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna.

2. gr.

Þeir sem hug hafa á að stunda fornleifarannsóknir skulu sækja um leyfi til þess á þar til gerðum eyðublöðum til fornleifanefndar. Nefndin fjallar um leyfisumsóknir og veitir leyfi eða hafnar umsókn.

3. gr.

Í umsókn skal greina:

1. Umsækjandi (forstöðumaður rannsókna).
2. Heimilisfang.
3. Staða og menntun (æviatriði, menntun, prófgráður og ritaskrá, ljósrit prófskírteina skulu fylgja).
4. Stofnun.
5. Aðrir þátttakendur í rannsóknunum (æviatriði og menntun).
6. Rannsóknastaður (bæjarland, sveitarfélag, landshluti. Lýsa skal rannsóknastað sem nákvæmlegast, legu hans og stærð. Tilgreina skal landeiganda, ef land er í einkaeign skal skriflegt leyfi eiganda vera fengið).
7. Tilgangur rannsókna.
8. Rannsóknáætlun (Lýsa skal aðferðum og skráningu, gera skal grein fyrir tímaáætlun vettvangsrannsókna, áætlaðan upphafs- og lokadag, og tímaáætlun annarra úrvinnslurannsókna).
9. Forvarsla forngripa (Tilgreina skal forvörsluaðila sem taka munu að sér forvörslu forngripa sem kunna að finnast, nöfn þeirra, heimilisföng og símanúmer).

10. Fjármögnun rannsókna (Tilgreina skal þá sem leggja fram fé til rannsókna: vettvangsrannsókna, forvörslu, annarra úrvinnslurannsókna og útgáfu. Nöfn þeirra, heimilisföng og símanúmer. Fylgja skal ýtarleg kostnaðaráætlun rannsókna).

4. gr.

Skilmálar leyfis til fornleifarannsókna eru eftirfarandi:

Leyfi til fornleifarannsókna er veitt af fornleifanefnd í samræmi við ákvæði Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Leyfi til fornleifarannsókna er ekki framseljanlegt og skulu rannsóknirnar fara fram undir beinni stjórn og eftirliti fornleifafræðings þess sem það er veitt á vettvangi enda er hann persónulega ábyrgur fyrir þeim.

Leyfi til fornleifarannsókna gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

Vettvangsrannsóknir utanhúss skulu fara fram við bestu mögulegar aðstæður, svo að menningarverðmæti liggi ekki að þarflausu undir skemmdum vegna veðurskilyrða eða árstíðabundins ástands jarðvegs. Æskilegur tími utanhússrannsókna er frá júníbyrjun til septemberloka.

Sýna skal starfsmönnum fornleifadeildar Þjóðminjasafns, nefndarmönnum fornleifanefndar eða öðrum þeim sem hafa skriflegt umboð fornleifanefndar til eftirlits, öll gögn og gripir rannsókna æski þeir þess við eftirlit.

Við vettvangsrannsóknir skal daglega og jafnóðum fara fram ýtarleg skráning og ljósmyndun á jarðlögum, mannvistarlögum og forngripum sem í ljós koma. Hvert atriði skal hljóta auðkenni eða númer við skráningu. Gera skal forngripaskrá yfir alla fundna forngripi á vettvangi, geta fundartíma, nákvæms fundarstaðar og lýsa helstu einkennum hvers forngrips.

Öll frumgögn vettvangsrannsókna, eins og dagbækur, skrár, ljósmyndir og teikningar, skal afhenda fornleifadeild Þjóðminjasafns eða hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni samkvæmt ákvörðun fornleifanefndar til varðveislu með skrá yfir fjölda þeirra og gerð. Leyfishafi heldur afritum hjá sér. Alla fundna forngripi skal afhenda forvarða og skráða ásamt forngripaskrá. Gögn þessi og gripir skal ásamt stuttri yfirlitsskýrslu um gang rannsókna á leyfistímanum afhenda innan árs. Ef forvarsla gripa tekur lengri tíma skal gerð grein fyrir því við afhendingu annars efnis og afhenda gripina þegar forvörslu þeirra lýkur.

Endurnýjun rannsóknaleyfis er háð afhendingu gagna og gripa frá fyrra leyfistímabili.

Leyfishafi skal birta niðurstöður rannsókna innan fimm ára frá afhendingu gagna og gripa. Senda skal fornleifadeild Þjóðminjasafns tvö eintök endurgjaldslaust af öllu efni, svo sem bókum og greinum í blöðum og tímaritum, sem leyfishafi birtir um rannsóknina.

Gögn og gripir rannsókna skulu varðveitt í fornleifadeild Þjóðminjasafns eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni samkvæmt ákvörðun fornleifanefndar og skal leyfishafi eiga fyrsta útgáfurétt efnisins í fimm ár frá afhendingu þess til deildarinnar, að svo miklu leyti sem það er ekki eign ríkisins samkvæmt lögum. Eftir þann tíma skal efnið vera aðgengilegt öðrum vísinda- og fræðimönnum og er fornleifanefnd heimilt að láta gefa það út.

Leyfishafi skuldbindur sig til þess að ganga vel frá rannsóknarstað að rannsókn lokinni. Skal frágangur miða að því að varðveita sem best það sem eftir er af minjum og að minjastaðurinn sé snyrtilegur í hvívetna.

Vakin er athygli á 26. grein Þjóðminjalaga um að allir forngripir eru eign ríkisins. Enn fremur á 28. grein Þjóðminjalaga um að eigi megi flytja úr landi muni eða gripir sem eru eldri en 100 ára nema með leyfi Þjóðminjaráðs.

Fari leyfishafi ekki að greindum skilmálum eða ákvæðum Þjóðminjalaga að mati fornleifanefndar áskilur nefndin sér rétt til að afturkalla leyfið þegar í stað og krefjast afhendingar gagna og gripa til fornleifadeildar Þjóðminjasafns.

Fornleifanefnd áskilur sér einnig rétt til að afturkalla leyfi þegar í stað, ef svo mikilvægar fornleifar finnast að hennar mati, að eðlilegt megi teljast, með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar og rétti til menningararfleifðar sinnar, að frekari rannsóknir fari fram á vegum opinberra aðila.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 22. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 sbr. og 20. gr. reglugerðar um þjóðminjavörslu, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 19. júlí 1990.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu nr. 287/1989.

1. gr.

8. tl. I. kafla, orðist svo:

8. Græn símanúmer.

Rétthafi græns símanúmers greiðir meðallanglínugjald fyrir öll innkomandi símtöl, þ.e. 30 sek. skrefagjald á dagtaxta, 45 sek. á kvöldtaxta og 60 sek. á nætur- og helgartafta.

		kr.
8.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna	25 000,00
8.2.	Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	10 000,00

Upphringingum, sem koma inn á græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem notandi greiðir fyrir skv. gjaldskrá.

Númeraröð tölulíða 8, 9 og 10 I. kafla í núverandi gjaldskrá breytist og verður 9, 10 og 11.

2. gr.

2. tl. VII. kafla, Gagnaflutningsnet, orðist svo:

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s) 2400 4800 9600 19200

Ársfj.gj. kr 10 500,00 15 000,00 21 000,00 30 000,00

Hraði (b/s) 64000

Ársfj.gj. kr 51 000,00

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s) 300 1200 2400 4800 9600

Ársfj.gj. kr. 3 900,00 4 725,00 5 250,00 6 075,00 6 825,00

Hraði (b/s) 19200

Ársfj.gj. kr. 7 875,00

- 2.1.3. Ársfjórðungsgjald af tengingu við gagnanetið með hringimótaldi er kr. 790,00.
- 2.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist kr. 130,00 á ársfjórðungi fyrir hverja rás, sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).
- 2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.
- 2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 52 aurar.
- 2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:
- | | |
|--|------------|
| a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu | 9,3 aurar |
| b) Milli stöðvarsvæðis í gagnanetinu | 14,0 aurar |
- c) Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.4.), skal greiða kr. 1,45 á mínútu til viðbótar.
- d) Fyrir notkun á úthringigátt í gagnanetinu skal greiða kr. 1,45 á mínútu til viðbótar.
- 2.2.3. Gjalddeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er:
- | | |
|--|-----------|
| a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu | 1,1 eyrir |
| b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu | 2,2 aurar |
- 2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:
- | | |
|--|--------------|
| a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu | 5 000 krónur |
| b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu | 5 700 krónur |
- Par að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

3. gr.

VIII. kafli orðist svo:

Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum:

Gerður er greinarmunur á langlínunum og notendalínunum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota.

Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendalínugjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Notkun.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver notkun þeirra er og flutningsgeta. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur fyrir gagnaflutning greinast sem hér segir:

1. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað sama notanda á mismunandi stöðum. Orðið notandi tákna hér einstakling, fyrirtæki eða stofnun, sem starfar undir einu heiti. Línur milli fyrirtækja og dótturfyrirtækis eða milli fyrirtækis og sameiginlega fyrirtækis þess og annarra fyrirtækja falla ekki undir þennan flokk.

2. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda, einn í hvorum enda. Það er sett sem skilyrði fyrir leigumálanum að notandi sýni fram á að samtenging við þriðja aðila sé ekki tæknilega möguleg.

3. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda og eru notaðar til að veita aðgang að vinnslu í tölvu eða eru notaðar til að auka verðmæti gagna, sem verið er að flytja. Línur í þessum flokki eru einungis leigðar út að gerðum sérstökum leigusamningi þar sem kveðið er á um notkun línunnar. Ekki er hægt að fá leigðar línur í þeim tilgangi að annast samtengingu mismunandi notenda eins og gert er í skiptistöðvum.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur.

Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

1.1 Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá, sem gildir, þegar hún er tekin á leigu að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd (sbr. gr. 2.1.9 og 2.1.10).

1.2 Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

2. Afnotagjald.

2.1 Ársfjórðungsgjald fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfis km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

	Gjald fyrir hvern km	
	2ja víra Kr.	4ra víra Kr.
2.1.1. Tallína.	672,00	1 071,00
2.1.2. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s	762,00	1 216,00
2.1.3. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 48–64 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda.		3 000,00
		1 216,00
2.1.4. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 2 Mb/s. Lágmarksgjald er fyrir 5 km.		15 660,00
2.1.5. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s.	847,00	1 351,00

- 2.1.6. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki.
Hraði 48–64 Kb/s.
Gjald fyrir hvern enda. 3 300,00
Gjald fyrir hvern km. 1 351,00
- 2.1.7. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki.
Hraði 2 Mb/s.
Lágmarksgjald er fyrir 5 km. 18 792,00
- 2.1.8. Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu. 2 765,00 3 100,00
- 2.1.9. Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp. 921,00
Óháð lengd kr. 46.140,00
og að auki fyrir hvern km.
- 2.1.10. Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. 1 535,00
Óháð lengd kr. 76.900,00
og að auki fyrir hvern km.
- 2.1.11. Fjarstýringarlína. 672,00 1 071,00
- 2.1.12. Ritsímalína í tónritsíma. 350,00
- 2.1.13. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.11. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línur innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.
- 2.1.14. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.
- 2.1.15. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki. Gjaldið fer samkvæmt 2.1.5, 2.1.6 eða 2.1.7 eftir hraða en að auki greiðist magn gjald samsvarandi 8 mínútna notkun á dag á mesta hraða, sem tilgreindur er í 2.1.5., 2.1.6 eða 2.1.7 eftir því sem við á og á taxa, sem gildir innan stöðvarsvæðis í gagnaflutningsnetinu.
- 2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur eru sem hér segir:
- 2.2.1. Gjald vegna línu, sem tengir einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er sem svarar 16 250 mínútum á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirk val milli viðkomandi gjaldsvæða. Þetta kemur til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða þarf skv. I. kafla.
- 2.2.2. Fyrir tallínu milli einkabúnaðar notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð er gjaldið kr. 20 360,00 fyrir hvern endapunkt og útgangspunkt og kr. 215,00 fyrir hvern km. Fjarlægðin er reiknuð í símakerfinu milli viðkomandi endapunkta. Línur skv. þessum lið má ekki nota til að tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.
- 2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.2. en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0 – 4800	1	1,1
A2	4801 – 9600	1,3	1,43
A3	9601 – 19200	1,6	1,76
A4	48000 – 64000	2,5	2,75
A5	2 Mbit/s	25	27,5

- 2.2.4. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki greiðist eins og fyrir 1. flokk en að auki magn gjald, sem samsvarar 8 mínútna notkun á dag á hæsta hraða, sem tilgreindur er í flokki A1 til A5 eftir því sem við á og á taxa, sem gildir milli stöðvarsvæða í almenna gagnaflutningsnetinu.

- 2.2.5. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.2., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,2
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldistuðli jafnt og 1.

- 2.2.6. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal, skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.2.
- 2.2.7. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.2. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

Flokkur	Bandbreidd (KHz)	Stuðull
C1	3	1
C2	15	1,4
C3	2x15	2,8

- 2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfum er tekið lágmarksgjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. nema fyrir línur skv. 2.1.9. og 2.1.10., en fyrir þær er þetta gjald 1/4 af ársfjórðungsgjaldinu. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar er síðan tekið gjald, sem er 1/30 af ársfjórðungsgjaldinu.
- 3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfinu er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2. og innifelur það allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar er síðan tekið gjald, sem er 1/30 af ársfjórðungsgjaldinu.

4. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá og reglum er gerð samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála sbr. 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1990 og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis.

1.0 ORÐASKÝRINGAR

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Alvarleg meiðsl (Serious injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og

- a) hafa í för með sér meira en 48 klst. sjúkrahússvist sem hefst innan 7 daga frá þeim degi er meiðslin áttu sér stað, eða
- b) eru fólgin í beinbroti (þó eru undanþegin lokuð brot á fingrum, tám eða nefi), eða
- c) eru fólgin í upprifnum sárum sem hafa í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum, eða
- d) eru fólgin í sköddun á innra líffæri, eða
- e) eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna eða einhverjum bruna sem nær til meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
- f) eru fólgin í því að maður hafi orðið fyrir smiti eða skaðlegri geislun.

Farþegaloftfar (Passenger aircraft): Loftfar sem flytur fólk annað en flugverja, starfsmann flugrekanda sem er í starfi í þjónustu hans, fulltrúa hlutaðeigandi stjórnvalds eða umsjónarmann sem fylgir flutningi eða öðrum farni.

Flugliði (Flight crew member): Flugverji sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi eða rekstur loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara.

Flugstjóri (Pilot in command): Flugmaður sem ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugverji (Crew member): Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur.

Hleðslueining (Unit load device): Hvers konar gerð af vörugámi, loftfaragámi, loftfarapalli með neti, eða loftfarapalli með neti yfir hvolfþaki.

Hleðsluríki (State of Origin): Ríki þar sem vörusendingu var fyrst komið í loftfar.

Hlíðarumbúðir (Overpack): Umbúðir, sem einstakur sendandi notar utan um einn eða fleiri pakka, til þess að mynda einingu til hagræðingar í flutningi og geymslu.

Hættulegur varningur (Dangerous goods): Hlutir eða efni sem valdið geta verulegri hættu á heilsutjóni, öryggi eða eignatjóni ef þau eru flutt flugleiðis.

Óhapp í tengslum við hættulegan varning (Dangerous goods incident): Atvik, annað en slys í tengslum við hættulegan varning, tengt flutningi hættulegs varnings flugleiðis, sem gerist ekki endilega um borð í loftfari, og hefur í för með sér meiðsl á manni, eignatjón, eldsvoða, brot, leka á vökva eða geislavirkni, eða önnur ummerki er benda til þess að umbúðir hafi bilað. Sérhvert atvik tengt flutningi hættulegs varnings, sem stofnar loftfari eða þeim sem um borð eru í hættu, telst einnig óhapp í tengslum við hættulegan varning.

Ósambýðanlegur (Incompatible): Notað um hættulegan varning sem hætt er við að valdi útstreymi hita eða gass eða myndi tærandi efni ef hann blandast öðrum slíkum varningi.

Pakki (Package): Frágengin vörusending, umbúðir og innihald, tilbúin til flutnings.

- Pökkun** (Packing): Verkaðurinn að koma hlutum eða efnum fyrir í tryggum og hæfum umbúðum.
- Rétt sendingarheiti** (Proper shipping name): Heiti sem nota skal um tiltekinn hlut eða efni í öllum farmskírteinum og tilkynningum, og á umbúðunum í þeim tilvikum sem það á við.
- Ríki flugrekanda** (State of the Operator): Ríki þar sem flugrekandi hefur aðalaðsetur flugrekstrar síns, eða, ef slíkur staður er ekki til, þá fastur aðsetursstaður hans.
- Slys í tengslum við hættulegan varning** (Dangerous goods accident): Atvik, tengt flutningi hættulegs varnings flugleiðis, sem hefur í för með sér banvæn eða alvarleg meiðsl á manni eða meiri háttar eignatjón.
- Umbúðir** (Packaging): Ílát eða hirsla sem og sérhverjir aðrir hlutir eða efni sem nauðsynlegir eru til þess að ílátið eða hirslan gegni hlutverki sínu svo að tryggt sé að fylgt sé pökkunarákvæðum þessarar reglugerðar.
- UN-númer** (UN number): Fjögurra stafa einkennistala sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi hefur gefið efnum eða efnasamböndum.
- Undantekning** (Exception): Ákvæði í reglugerð þessarri, sem leysir tiltekinn hættulegan varning undan kröfum sem að öllu jöfnu ættu við hann.
- Undanþága** (Exemption): Heimild gefin út af hlutadeigandi stjórnvaldi til þess að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar.
- Vöruloftfar** (Cargo aircraft): Sérhvert loftfar, annað en farþegaloftfar, sem notað er til að flytja vörur og verðmæti.
- Vörusending** (Consignment): Einn eða fleiri pakkar sem í er hættulegur varningur og sem flugrekandi tekur við og kvittar fyrir sem einni heild, frá einum sendanda, í eitt skipti, á einum stað til að flytja til eins viðtakanda á einum ákvörðunarstað.

2.0 GILDISSVIÐ

2.1 Almenn gildissvið.

Reglugerð þessi, sem er samhljóða viðbæti 18 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO - Annex 18), gildir í millilandaflugi með íslenskum loftförum og erlendum loftförum sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir. Hún gildir einnig um erlend loftför sem hafa viðkomu á Íslandi eða fljúga um íslenska lofthelgi. Hlutadeigandi ríki geta veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar brýna nauðsyn ber til eða þegar annars konar flutningsaðferð er óheppileg eða þegar ekki er unnt vegna almannaheilla að fara eftir reglugerðinni, að því tilskildu að í slíkum tilvikum sé allt gert til þess að gætt sé sama öryggis og reglugerðin gerir ráð fyrir.

2.2 Tæknilegar leiðbeiningar um hættulegan varning.

2.2.1 „Tæknilegar leiðbeiningar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“ (Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air, Doc 9284), gefnar út af Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO og fáanlegar hjá Flugmálastjórn, fjalla um flutning hættulegs varnings flugleiðis.

2.3 Innanlandsflug.

2.3.1 Reglugerð þessi gildir einnig um flutning hættulegs varnings flugleiðis í innanlandsflugi nema Flugmálastjórn ákveði annað.

2.4 Undantekningar.

- 2.4.1 Undantekin í reglugerð þessari eru hlutir og efni sem að öðru jöfnu teldust hættulegur varningur en er þörf á um borð í loftförum í samræmi við gildandi ákvæði um lofthæfi eða flugrekstur, svo og ef þeirra er þörf í þeim sérstaka tilgangi sem um getur í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.
- 2.4.2 Þegar hlutir eða efni, ætluð til endurnýjunar þeim sem um getur í gr. 2.4.1, eru flutt í loftförum skal það gert í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar nema flutningur sé heimill í samræmi við ákvæði „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.
- 2.4.3 Hlutir og efni, sem ætluð eru til persónulegra nota farþega og flugverja, eru undantekin ákvæðum reglugerðar þessarar að því marki sem um getur í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

3.0 FLOKKUN

Flokkun hluta eða efna skal vera í samræmi við ákvæði „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

4.0 TAKMARKANIR Á FLUTNINGUM HÆTTULEGS VARNINGS FLUGLEIÐIS

4.1 Hættulegur varningur sem leyfilegt er að flytja flugleiðis.

Bannað er að flytja hættulegan varning flugleiðis nema farið sé eftir því sem kveðið er á um í þessari reglugerð, svo og fyrirmælum og leiðbeiningum í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

4.2 Hættulegur varningur sem bannað er að flytja flugleiðis nema veitt sé undanþága.

Eftirfarandi hættulegan varning er bannað að flytja flugleiðis nema undanþága sé veitt af hlutadeigandi ríkjum samkvæmt ákvæðum í gr. 2.1, eða hann megi flytja með leyfi útgefna af hleðsluríki í samræmi við „Tæknilegar leiðbeiningar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“:

- Hluti og efni sem eru á skrá í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“ yfir bannaðan varning við venjulegar aðstæður, og
- sýkt lifandi dýr.

4.3 Hættulegur varningur sem skilyrðislaust er bannað að flytja flugleiðis.

Hlutir og efni, sem tilgreind eru sérstaklega með heiti eða efnislýsingu í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“ og ákvæði eru um að bannað sé að flytja flugleiðis, skulu ekki flutt í neinu loftfari.

5.0 PÖKKUN

5.1 Almenn ákvæði.

Hættulegum varningi skal pakkað í samræmi við ákvæði þessa kafla og í samræmi við „Tæknilegar leiðbeiningar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

5.2 Umbúðir.

- 5.2.1 Umbúðir, sem notaðar eru við flutning hættulegs varnings flugleiðis, skulu vera í háum gæðaflokki og skulu þær vera vandlega gerðar og þeim tryggilega lokað svo að úr þeim leki ekki við flutning við venjulegar aðstæður vegna breytinga á hita, raka eða þrýstingi eða við titring.

- 5.2.2 Umbúðir skulu henta innihaldinu. Umbúðir, sem eru í beinni snertingu við hættulegan varning, eiga að standast efnaverkanir og aðrar verkanir frá slíkum varningi.
- 5.2.3 Efni og gæði umbúða skal vera í samræmi við ákvæði „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.
- 5.2.4 Umbúðir skulu prófaðar í samræmi við ákvæði „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.
- 5.2.5 Umbúðir, sem einkum er ætlað að geyma í vökva, skulu, án þess að leka, geta þolað þrýsting þann sem um getur í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.
- 5.2.6 Búa skal um innri umbúðir á tryggilegan hátt, festa þær eða setja við þær púða til að hindra að þær brotni eða leki og hafa stjórn á hreyfingum þeirra í ytri umbúðum við edlilegar aðstæður í flutningum flugleiðis. Efni, sem deyfa högg eða eru gleypin, mega ekki valda hættu ef þau komast í snertingu við innihaldið.
- 5.2.7 Engin ílát eða hirslur má endurnota fyrir en gengið hefur verið úr skugga um að þau hafi ekki orðið fyrir neinni tæringu eða öðrum skaða. Þegar ílát eða hirslur eru notuð aftur ber að sjá um að varningur, sem í þau er settur, mengist ekki.
- 5.2.8 Ef hætta getur stafað af óhreinsuðum tómum ílátum eða hirslum vegna eiginleika þeirra efna, sem áður hafa verið í þeim, skal loka þeim kirfilega og meðhöndla þau í samræmi við þá hættu sem af þeim stafar.
- 5.2.9 Hættuleg efni mega eigi loda við pakka að utanverðu í því magni að hætta stafi af.

6.0 MERKIMIÐAR OG MERKINGAR

6.1 Merkimiðar.

Sérhver pakki með hættulegum varningi skal merktur með viðeigandi merkimiðum og í samræmi við ákvæði „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“, nema öðruvísi sé ákveðið í þeim leiðbeiningum.

6.2 Merkingar.

6.2.1 Sérhver pakki með hættulegum varningi skal merktur með réttu farmheiti innihaldsins, viðeigandi UN-númeri, ef um það er að ræða, ásamt öllum öðrum merkjum sem ákvæði kunna að vera um í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

6.2.2 Sérmerkingar á umbúðum.

Sérhverjar umbúðir, sem framleiddar eru samkvæmt sérstökum vörulýsingum „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“, skulu merktar sér í samræmi við ákvæði þeirra og engar umbúðir skulu þannig sérmerktar nema þær fullnægi þeim sérkröfum sem um getur í þessum leiðbeiningum.

6.3 Tungumál sem nota skal við merkingar.

Til viðbótar þeim tungumálum, sem krafist er af hleðsluríki, skal enska notuð við merkingar tengdar hættulegum varningi.

7.0 ÁBYRGÐ SENDANDA

7.1 Almenn ákvæði.

Áður en nokkur afhendir pakka, með eða án hlífðarumbúða, sem í er hættulegur varningur til flutnings flugleiðis, ber honum að ganga úr skugga um að ekki sé

bannað að flytja varninginn flugleiðis, að hann sé rétt flokkaður, pakkaður og merktur og að honum fylgi fullnægjandi farmskírteini um hættulegan varning eins og kveðið er á um í þessari reglugerð og í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

7.2 Farmskírteini um hættulegan varning.

- 7.2.1 Sá sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis skal fylla út, undirrita og afhenda flugrekanda farmskírteini yfir hættulegan varning þar sem fram koma þær upplýsingar sem kveðið er á um í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“ nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim leiðbeiningum.
- 7.2.2 Í farmskírteinum þessum skal vera yfirlýsing frá þeim, sem afhendir hættulegan varning til flutnings, um að varningnum sé fullkomlega og réttilega lýst með réttum farmheitum, að hann sé flokkaður, pakkaður og merktur og þannig frá honum gengið að hann sé hæfur til flutnings flugleiðis í samræmi við gildandi reglur.

7.3 Tungumál sem nota skal.

Til viðbótar þeim tungumálum, sem krafist er af hleðsluríki, skal enska notuð í farmskírteinum hættulegs varnings.

8.0 ÁBYRGÐ FLUGREKANDA

8.1 Móttaka til flutnings.

Flugrekandi skal ekki taka á móti hættulegum varningi til flutnings flugleiðis:

- a) ef hinum hættulega varningi fylgja ekki útfyllt farmskírteini yfir hættulegan varning, nema þeirra sé ekki þörf samkvæmt ákvæðum „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“,
- b) þangað til pakkinn, hlífðarumbúðirnar eða vörugámurinn, sem geyma hinn hættulega varning, hafa verið rannsökuð í samræmi við móttökuákvæði þau sem frá er greint í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

8.2 Gátlisti fyrir móttöku hættulegs varnings.

Flugrekandi skal útbúa og nota gátlista um móttöku hættulegs varnings til hægðarauka við að framfylgja ákvæðum í gr. 8.1 hér að framan.

8.3 Skoðun með hliðsjón af skemmdum eða leka.

- 8.3.1 Pakka og hlífðarumbúðir, sem hafa að geyma hættulegan varning, og vörugáma, sem hafa að geyma geislavirk efni, skal rannsaka með hliðsjón af því hvort einhver merki eru um leka eða skemmdir áður en þeim er hlaðið um borð í loftfar eða í hleðslueiningu. Þökkum, hlífðarumbúðum eða vörugámum sem leka eða eru skemmdir, skal ekki hlaða um borð í loftfar.
- 8.3.2 Hleðslueiningu skal ekki hlaðið um borð í loftfar nema rannsókn einingarinnar hafi leitt í ljós að engin merki séu um leka frá hættulegum varningi í henni né skemmdir á varningnum.
- 8.3.3 Sérhvern pakka hættulegs varnings, sem hlaðið hefur verið um borð í loftfar og virðist hafa skaddast eða leka, skal flugrekandi fjarlægja úr loftfarinu eða sjá til þess að hann sé fjarlægður af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða stofnun og síðan skal flugrekandi ganga úr skugga um að afgangur vörusendingarinnar sé í skaðlausu ástandi til flutnings flugleiðis og að enginn annar pakki hafi mengast.
- 8.3.4 Pakka eða hlífðarumbúðir, sem geyma hættulegan varning, og vörugáma, sem geyma geislavirk efni, skal skoða með hliðsjón af því hvort einhver ummerki séu um skemmdir eða leka, þegar þeir eru affermdir úr loftfari eða hleðslueiningu. Ef í ljós

koma ummerki um skemmdir eða leka skal rannsaka svæði það í loftfarinu, þar sem hinn hættulegi varningur eða hleðslueining voru geymd, með hliðsjón af skemmdum eða mengun.

8.4 Takmarkanir á flutningi í farþegarými eða stjórnklefa.

Hættuleg efni má hvorki flytja í farþegarými, þegar farþegar eru um borð, né í stjórnklefa loftfars nema í þeim tilvikum sem slíkt er heimilað í samræmi við ákvæði „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

8.5 Eyðing mengunar.

8.5.1 Eyða skal tafarlaust hverri hættulegri mengun sem finnst í loftfari og stafað hefur af leka eða skemmdum á hættulegum varningi.

8.5.2 Loftfar sem mengast hefur af geislavirkum efnum skal þegar í stað tekið úr notkun og eigi tekið í notkun aftur fyrir en geislavirkni á öllum aðkvæmum stöðum og geislaengun, sem hefur ekki verið eytt, er neðan þeirra marka sem tilgreind eru í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

8.6 Aðgreining og einangrun.

8.6.1 Þökkum, sem í er hættulegur varningur sem hugsanlegt er að tæki hættulegum efnahvörfum ef pakkarnir kæmust í snertingu hver við annan, skal ekki hlaða hverjum nærri öðrum í loftfari eða á þann hátt að hætta geti verið á slíkum efnahvörfum ef leki kemur að einhverjum umbúðum.

8.6.2 Þökkum með eitri og efnum, sem geta valdið smiti, skal hlaða í loftfar í samræmi við ákvæði „Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

8.6.3 Í loftförum skal þökkum, sem í eru geislavirk efni, komið fyrir fjarri fólki, lifandi dýrum og ófrankölluðum filmum í samræmi við ákvæði um slíka flutninga í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

8.7 Öruggur frágangur hættulegs varnings.

Þegar hættulegum varningi, sem fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar, er hlaðið í loftfar skal flugrekandi sjá til þess að hann sé varinn gegn skemmdum og skal ganga frá slíkum varningi í loftförum á þann hátt að hann hreyfist ekki úr stað á flugi þannig að afstaða einstakra pakka breytist. Gengið skal þannig frá þökkum, sem geyma geislavirk efni, að tryggt sé að ákvæðum í gr. 8.6.3 sé ætíð fullnægt.

8.8 Hleðsla í vöruloftför.

Ef ekki er gert ráð fyrir annarri skipan í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“ skal þökkum, sem geyma hættulegan varning og merktir eru „Aðeins vöruloftför“ (Cargo aircraft only), hlaðið þannig að flugverji eða annar aðili, sem til þess hefur heimild, geti séð, meðhöndlað og, ef stærð og þyngd leyfa, aðskilið slíka pakka frá öðrum farmi á flugi.

9.0 ÁKVÆÐI UM UPPLÝSINGAR

9.1 Upplýsingar fyrir flugstjóra.

Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóra loftfars, sem á að flytja hættulegan varning, séu afhentar, eins fljótt og unnt er fyrir brottför, þær skriflegu upplýsingar sem kveðið er á um í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

9.2 Upplýsingar og fyrirmæli fyrir fluglíða.

Flugrekanda ber skylda til að hafa þess konar upplýsingar í flugrekstrarhandbók sinni að fluglíðar geti rækt skyldur sínar við flutning hættulegs varnings. Honum er enn fremur skylt að sjá um að til séu fyrirmæli um aðgerðir áhafnar ef neyðarástand, tengt hinum hættulega varningi, skapast.

9.3 Upplýsingar fyrir farþega.

Flugrekendur skulu tryggja að upplýsingum sé komið á framfæri við farþega þannig að þeir séu varaðir við hvers konar varningi, sem þeim er bannað að hafa meðferðis í flugvélum, bæði í handfarangri og í öðrum farangri í farangursgeymslu.

9.4 Upplýsingar fyrir aðra.

Flugrekendur, sendendur eða aðrir (samtök/stofnanir/félög), sem tengjast flutningi hættulegs varnings flugleiðis, skulu veita starfsfólki sínu upplýsingar, sem gera því kleift að rækja skyldur sínar við flutning hættulegs varnings, og veita því leiðbeiningar um aðgerðir sem grípa skal til ef neyðarástand skapast í sambandi við flutning hættulegs varnings.

9.5 Upplýsingar flugstjóra til flugvallaryfirvalda.

Ef neyðarástand verður í flugi ber flugstjóra skylda til að tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild um allan hættulegan varning um borð til þess að unnt sé að láta flugvallaryfirvöld vita. Ef unnt er, skal hann tilkynna um rétt farmheiti, flokk, aukahættu vegna sérlega merkts varnings, samþýðanleikahóp við Flokk 1 (sprengiefni), svo og magn og hvar í loftfarinu hinn hættulegi varningur er geymdur.

9.6 Upplýsingar við flugslys eða óhapp.

9.6.1 Ef flugslys verður og hættulegur varningur er innanborðs skal hlutaðeigandi flugrekandi tilkynna flugmálastjórn þess ríkis, þar sem slysið varð, eins fljótt og unnt er, um þann hættulega varning sem fluttur var, rétt farmheiti hans, flokk, aukahættu vegna sérlega merkts varnings, samþýðanleikahóp við Flokk 1 (sprengiefni), magn og hvar í loftfarinu hinn hættulegi varningur er geymdur.

9.6.2 Ef loftfar, sem flytur hættulegan varning, verður fyrir óhappi ber flugrekandanum, ef hann er um það krafinn af flugmálayfirvöldum þess ríkis þar sem óhappið varð, að láta þeim í té allar upplýsingar sem þarf til þess að hætta vegna skemmda af völdum hins hættulega varnings verði sem minnst.

10.0 FRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN

Þjálfunaráætlanir vegna hættulegs varnings skulu gerðar og endurbættar eins og gert er ráð fyrir í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

11.0 ÖNNUR ÁKVÆÐI

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að flugrekendur fylgi ákvæðum reglugerðar þessarar. Póst- og símamálastofnun hefur eftirlit með því að þessari reglugerð sé fylgt að því er varðar póstsendingar.

12.0 TILKYNNINGAR UM SLYS OG ÓHÖPP VIÐ FLUTNING HÆTTULEGS VARNINGS FLUGLEIÐIS

Flugrekendur skulu án tafar tilkynna flugmálastjórn um öll slys eða óhöpp, sem stafa af hættulegum varningi, eftir að hann hefur verið afhentur til flutnings flugleiðis. Slíkar tilkynningar skal gefa í samræmi við nánari ákvæði í „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“.

13.0 ÝMIS ÁKVÆÐI**13.1 Undanþágur.**

13.1.1 Flugmálastjórn/loftferðaæftirlit getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

13.2 Refsiákvæði.

13.2.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964.

13.3 Gildistaka.

13.3.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1990. Jafnframt fellur úr gildi „Reglugerð um öruggan flutning hættulegra efna með loftförum“ nr. 553/1987.

Samgönguráðuneytið, 5. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

19. júlí 1990

Nr. 323

REGLUGERÐ**um þjóðminjavörslu.****I. KAFLI****Skipulag þjóðminjavörslunnar.****1. gr.**

Þjóðminjavarðslan tekur til varðveislu og rannsókna á menningarsögulegum minjum þjóðarinnar.

Yfirstjórn þjóðminjavörslunnar er á hendi þjóðminjaráðs og hefur þjóðminjavörður, sem framkvæmdastjóri ráðsins, umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þess. Þjóðminjaráð er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands.

Fornleifanefnd starfar í umboði þjóðminjaráðs og fer með yfirstjórn forleifavörslu og forleifarannsókna í umboði þjóðminjaráðs. Nefndin er stjórnarnefnd fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

2. gr.

Meginsvið þjóðminjavörslunnar eru tvö þ.e. safnasvið, sbr. IV. kafla reglugerðar þessarar og fornleifasvið, sbr. V. kafla reglugerðar þessarar. Safnstjóri og deildarstjóri fornleifadeildar annast stjórn og daglega umsjón á hvoru sviði. Safnstjóri heyrir undir þjóðminjavörð en deildarstjóri fornleifadeildar fornleifanefnd.

Sérstakur fjármálastjóri Þjóðminjasafns Íslands starfar að þeim málum er lúta að fjármálalegri umsýslu stofnunarinnar svo sem nánar er kveðið á um í VII. kafla reglugerðar þessarar.

3. gr.

Þjóðminjaráð ákveður skipurit um þjóðminjavörsluna hverju sinni þar sem kveðið er á um skipan verkefna innan meginsviða þjóðminjavörslunnar þ.m.t. minjavarða og fornleifavarða. Ákvörðun skipuritsins er þó háð staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

II. KAFLI

Yfirstjórn.

4. gr.

Þjóðminjaráð fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð fimm aðalfulltrúum og fimm varafulltrúum til fimm ára í senn. Deildarstjórar Þjóðminjasafns og minjaverðir tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum til setu í ráðinu, Félag íslenskra safnamanna einn, Háskóli Íslands tilnefnir einn fulltrúa og Bandalag kennarafélaga tilnefnir einn fulltrúa. Sami háttur skal hafður á við skipan varamanna.

Menntamálaráðherra skipar einn aðalfulltrúa (og einn varafulltrúa) í ráðið án tilnefningar og skal hann vera fornleifafræðingur að mennt. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna. Miða skal við að sami maður gegni ekki samtímis formennsku í þjóðminjaráði og fornleifanevnd.

Þjóðminjaráð markar stefnu og gerir langtímaáætlanir um þjóðminjavörsluna fyrir landið í heild og hefur yfirumsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Það leitast við að samhæfa starfsemi meginsviða þjóðminjavörslunnar og skipar verkefnum í þá forgangs röð, sem hagkvæmust verður talin fyrir verndun menningarverðmæta þjóðarinnar og rannsóknir á þeim.

Þjóðminjaráð er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands. Það markar safninu stefnu og hefur yfirumsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið skal sjá til þess að unnar séu áætlanir um starfsemi safnsins, sýningar, rannsóknir, útgáfu rita og aðra þá starfsemi, sem fram fer í safninu og á vegum þess.

Þjóðminjaráð setur í samráði við deildarstjóra reglur um starfshætti og starfssvið hvernar deildar safnsins nema fornleifadeildar. Nánari reglur um starfshætti og starfssvið fornleifadeildar en um getur í reglugerð þessari setur stjórnarnefnd deildarinnar.

Þjóðminjaráð gerir tillögu til menntamálaráðherra um ráðningu safnstjóra, fjármálastjóra, minjavarða, deildarstjóra og sérfræðinga, sbr. þó 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. Ráðningu á öðru föstu starfsfólki annast safnstjóri eða deildarstjóri fornleifadeildar í samráði við þjóðminjavörð og fornleifanevnd eftir atvikum.

Þjóðminjaráð gerir tillögu til menntamálaráðuneytisins að reglugerð um starfsemi bygðasafna og setur skilyrði um styrkhæfi þeirra af hálfu ríkissjóðs. Þjóðminjaráð skal sjá minjavörðum fyrir vinnuáðstöðu við safnastofnun á minjasvæðinu að höfðu samráði við minjaráð og samtök sveitarfélaga.

Þjóðminjaráð setur reglur um lán safna á munum (þar á meðal depóneringar) og gerir ítarlegar tillögur til menntamálaráðuneytisins um lán á munum og minjum til útlanda. Ekki er heimilt að lána muni til útlanda nema að fengnu leyfi þjóðminjaráðs og menntamálaráðherra.

Þjóðminjaráð setur reglur um gjaldtöku fyrir útselda þjónustu einstakra deilda Þjóðminjasafns. Fornleifanevnd setur þó reglur um gjaldtöku fyrir útselda þjónustu fornleifadeildar.

Þjóðminjaráð heldur fundi svo oft sem nauðsynlegt er talið. Skal við það miðað að eigi séu haldnir fundir sjaldnar en mánaðarlega. Færa skal gerðabók þjóðminjaráðs og skulu útskriftir fundagerða sendar öllum hlutadeigandi eftir nánari ákvörðun ráðsins. Komi til atkvæðagreiðslu, ræður afl atkvæða.

Þjóðminjaráð skal sjá til þess að ársskýrsla þjóðminjaráðs ásamt starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands sé birt árlega með viðundandi hætti.

5. gr.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þjóðminjaráðs. Hann er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs og situr fundi þess. Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands er staðgengill þjóðminjavarðar.

Þjóðminjavörður á jafnframt sæti í fornleifanefnd og húsafríðunarnefnd ríkisins. Starfskyldur þjóðminjavarðar eru að öðru leyti eins og kveðið er á um í þjóðminjalögum og reglugerð þessari svo og eftir nánari ákvörðunum þjóðminjaráðs hverju sinni.

Forsæti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í fornleifafræði, þjóðháttafræði, safnfræði eða öðrum greinum menningarsögu.

6. gr.

Fornleifanefnd fer með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsóknna í landinu í umboði þjóðminjaráðs. Fornleifanefnd er stjórnarnefnd fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

Menntamálaráðherra skipar fimm aðalfulltrúa og fimm vara fulltrúa í nefndina til fimm ára í senn. Háskóli Íslands tilnefnir einn fulltrúa og skal hann hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann. Sá fulltrúi, sem ráðherra skipar í þjóðminjarád skv. 5. gr., skal sitja í fornleifanefnd og vera formaður hennar. Auk þess skulu sitja í nefndinni þjóðminjavörður og deildarstjóri fornleifadeildar. Sami háttur skal hafður á skipan varafulltrúa og aðalfulltrúa. Safnstjóri skal vera varafulltrúi þjóðminjavarðar í nefndinni en þjóðminjarád gerir tillögu um varamann deildarstjóra fornleifadeildar.

III. KAFLI

Minjasvæði

7. gr.

Landinu skal skipt í minjasvæði sem hér segir:

1. Vesturlandsminjasvæði sem nær yfir Vesturlandskjördæmi.
2. Vestfjarðaminjasvæði sem nær yfir Vestfjarðakjördæmi.
3. Norðurlandsminjasvæði sem nær yfir Norðurlandskjördæmi eystra og vestra.
4. Austurlandsminjasvæði sem nær yfir Austurlandskjördæmi.
5. Suðurlandsminjasvæði sem nær yfir Suðurlandskjördæmi.
6. Reykjanesminjasvæði sem nær yfir Reykjaneskjördæmi.
7. Reykjavíkurmínjasvæði sem nær yfir Reykjavík.

Safnstjóri og deildarstjóri fornleifadeildar skulu gegna hlutverki minja- og fornleifavarða í Reykjaneskjördæmi.

Minjavarsla á Reykjavíkurmínjasvæði heyrir undir borgarminjavörð, en þjóðminjarád skal reyna að komast að samkomulagi við borgaryfirvöld um fyrirkomulag fornleifavörslu þar.

8. gr.

Á hverju minjasvæði skulu starfa einn minjavörður og einn fornleifavörður.

Minjaverðir skulu hafa umsjón með menningarminjum, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggða- og minjasöfnum svæðisins til ráðuneytis og aðstoðar.

Minjaverðir heyra undir þjóðminjarád sem gerir tillögu til menntamálaráðherra um ráðningu þeirra til fimm ára í senn. Þeir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu og hafa lokið háskólaprófi í þjóðháttafræði, safnfræði, fornleifafræði eða öðrum þeim greinum, sem flokkast undir menningarsögu á sviði minjaverndar.

Fornleifaverðir skulu hafa umsjón með verndun, skráningu og rannsóknum á fornleifum á svæðinu og starfa undir stjórn fornleifanefndar.

Nánari verkaskipting milli minjavarða og fornleifavarða skal ákveðin af þjóðminjaráði með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað.

9. gr.

Á hverju minjasvæði skal starfa minjarád sem skipað er einum fulltrúa úr stjórn hvers viðurkennds byggðasafns á svæðinu ásamt minjaverði. Forstöðumenn viðurkenndra byggða-

safna eiga auk minjavarðar rétt til setu á fundum minjaráðs. Þá er fornleifaverði heimil seta á fundum minjaráðs án atkvæðaréttar ef til atkvæðagreiðslu kemur.

Hlutverk minjaráðs er að samhæfa starfsemi byggðasafna og vera minjaverði til ráðuneytis um varðveislu menningarsögulegra minja á svæðinu, sjá nánar 14. gr.

Minjavörður svæðisins skal boða til funda og stýra þeim. Fundi minjaráða skal halda eftir því sem nauðsynlegt verður talið, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

IV. KAFLI

Safnasvið.

10. gr.

Á safnasviði fer fram varðveisla og kynning þjóðminja. Þjóðminjasafn Íslands er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjaráð er stjórnarnefnd Þjóðminjasafnsins.

Safnstjóri er forstöðumaður safnasviðs og annast stjórn Þjóðminjasafns Íslands í umboði þjóðminjavarðar. Hann skal gera tillögur til þjóðminjavarðar að starfsáætlun fyrir safnið og einstakar deildir þess til tveggja ára í senn.

Menntamálaráðherra ræður safnstjóra samkvæmt tillögu þjóðminjavarðar til fimm ára í senn. Skal hann hafa sérfræðimenntun í menningarsögu og góða þekkingu á rekstri safna.

11. gr.

Í Þjóðminjasafni Íslands fer fram söfnun, skráning, varðveisla, forvarsla og rannsóknir á þjóðminjum og kynning á þeim fyrir almenningi. Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Þjóðminjasafnið hefur umsjón og eftirlit með forngripum eftir að fornleifanefnd hefur ákveðið varðveislu og vistun þeirra.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þjóðminjavörður lætur skrá alla gripi í kirkjum landsins sem teljast hafa minjagildi.

Þjóðminjavörður ákveður í samráði við þjóðminjaráð friðun og forvörslu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins, legsteina og annarra minningarmarkna í kirkjugörðum. Hann heldur skrá um friðaðar kirkjuminjar og lætur í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli. Þjóðminjaráð setur nánari reglur um friðun á kirkjugripum og minningarmörkum sbr. IV. kafla þjóðminjalaga. Enginn má taka að sér forvörslu kirkjugripa og minningarmarkna í og við kirkjur landsins án vitundar þjóðminjavarðar.

12. gr.

Þjóðminjasafni Íslands er skipt í deildir samkvæmt ákvörðun þjóðminjaráðs. Heimilt er þjóðminjaráði að fjölga deildum eða sameina starfsemi þeirra, en slík ákvörðun er háð samþykki menntamálaráðuneytisins og skal vera fyrirliggjandi áður en nýtt starfsár hefst. Deildarstjórar séu ráðnir til fimm ára í senn.

Ef sérsöfn s.s. Sjóminjasafn Íslands og Tækniminjasafn Íslands eru deildir í Þjóðminjasafni skulu þau hafa stöðu sérsafna og starfa skv. sérstakri stofnskrá og reglugerð, sem þjóðminjaráð gerir tillögu um og staðfest skal af menntamálaráðherra sbr. 5. gr. þjóðminjalaga.

Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 6. gr. og V. kafla reglugerðar þessarar.

Aðrar deildir Þjóðminjasafnsins eru: Forvörsludeild, myndadeild, sýninga- og fræðsludeild, textíl- og búningadeild, þjóðháttadeild og bókasafn.

Verksvið einstakra deilda safnsins er í meginatriðum sem hér segir, en þjóðminjaráð setur nánari reglur um skyldur þeirra og starfshætti:

- a) *Forvörsludeild* skal annast forvörslu, viðgerðir og hreinsun safngripa og umbúnað á þeim til flutninga. Þá skal deildin veita ráðgjöf um meðferð gripa og fylgjast með að hlutum séu

- búin viðunandi skilyrði í geymslum og sýningarsölum. Þjóðminjaráð setur nánari reglur í samvinnu við forvörsludeild um forvörslu menningarminja og skil á rannsóknagögnum.
- b) *Myndadeild* skal varðveita mannamyndasafn, ljós- og prentmyndasafn og ljósmyndaplötu- og filmusöfn safnsins. Deildin annast söfnun, skráningu og rannsóknir á myndefni hverskonar og veitir ráðgjöf þar að lútandi. Frummyndir í eigu safnsins skulu ekki lánaðar út nema í undantekningartilvikum, t.d. á sýningar, og þá í samræmi við reglur sem þjóðminjaráð setur. Myndadeild annast eftirtökur þeirra til notkunar utan safnsins.
- c) *Sýninga- og fræðsludeild* skal hafa umsjón með sýningum safnsins og gera áætlanir um þær til tveggja ára í senn. Þá annast deildin skólaþjónustu, gerð fræðsluefnis og safnaverkefna í samstarfi við fræðslufirvöld. Deildarstjóri og fulltrúi Bandalags kennarafélaga í þjóðminjaráði skulu hafa forgöngu um samstarf safna og skóla. Kostnaði vegna samstarfsins skal skipta milli safns og fræðslufirvalda. Einnig annast deildin útgáfu kynningar- og fræðslurita og önnur samskipti við almenning, fjölmiðla og stofnanir í samvinnu við aðrar deildir safnsins.
- d) *Húsverndardeild* sér um viðhald, rekstur og eftirlit með öllum húsum, sem Þjóðminjasafn Íslands á eða hefur gert samkomulag um rekstur og viðhald á. Í því skyni hefur deildarstjóri húsverndardeildar samvinnu við minjaverði hvers svæðis og skulu þeir sjá svo til að hæfir iðnaðar- og hleðslumenn ráðist til starfa, annaðhvort til fastra starfa sé þess kostur ellegar til tímabundinna verka og einstakra verkefna. Deildin getur í samvinnu við minjaverði og með samþykki menntamálaráðuneytisins fjölgað þeim húsum sem varðveitt eru á vegum safnsins, enda sé til þess fjárveiting. Slíkum mannvirkjum skal fundið viðeigandi hlutverk svo sem kostur er. Þá hefur deildin umsjón með verkefnum húsfriðunarnefndar ríkisins sbr. V. kafla þjóðminjalaga nr. 88/1989.
- e) *Textil- og búningadeild* skal varðveita textíla og búninga safnsins, annast söfnun, rannsóknir og kynningu á þeim.
- f) *Þjóðháttadeild* skal annast heimildaöflun, skráningu, rannsóknir og kynningu á íslenskum þjóðháttum og þjóðlífi.
- g) Bókasafn Þjóðminjasafnsins er í umsjá bókasafnsfræðings og skal því ætluð ákveðin fjárveiting ár hvert til reksturs og bókakaupa.
- Safnstjóri skal ásamt deildarstjórnum safnsins sjá til þess að önnur verkefni, sem ekki falla beinlínis undir verksvið framangreindra deilda, séu unnin og kostuð af sameiginlegu rekstrafé deilda safnsins.
- Safnstjóri og þjóðminjavörður skulu halda reglulega húsfundi með deildarstjórum og öðru starfsfólki deilda Þjóðminjasafnsins, eigi sjaldnar en sex sinnum á ári. Ákvarðanir þjóðminjaráðs um starfsemi safnsins og önnur þau mál, sem ráðið óskar eftir að starfsmenn þess fjalli um, skulu teknar fyrir á húsfundum.

13. gr.

Hlutverk byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka menningarsögulegar minjar, sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung, og kynna þær almenningi og skólafólki í samvinnu við fræðslufirvöld.

Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Byggðasöfn geta sótt um viðurkenningu þjóðminjaráðs. Um slíka viðurkenningu verður að sækja sérstaklega til þjóðminjaráðs. Í umsókn skal greina frá húsnaði og öðrum aðbúnaði viðkomandi safns, stjórn þess, eignaraðild að því og rekstrarförsendum að öðru leyti.

Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá og starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um ofangreind atriði, ráðningu forstöðumanns og þátttöku ríkisins í kostnaði við rekstur safnsins. Reglugerð um byggðasafn, þar sem m.a. er fjallað um framangreint efni, skal staðfest af menntamálaráðherra að tillögu þjóðminjaráðs.

Þjóðminjaráð gerir tillögu til menntamálaráðuneytisins um hvort og þá hverskonar ríkisstyrk byggðasöfn skuli hljóta, sem uppfylla skilyrði ráðsins. Viðurkenning þjóðminjaráðs verður að liggja fyrir áður en byggðasafn fær ríkisstyrk. Sótt skal sérstaklega um ríkisstyrki ár hvert og skal sérstök greinargerð fylgja umsókninni.

Styrkir úr ríkissjóði til starfsemi viðurkenndra byggðasafna geta verið með þrennum hætti:

Í fyrsta lagi almennur rekstrarstyrkur til sérgreindra verkefna.

Í öðru lagi hálf laun og launatengd gjöld vegna forstöðu manns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaráði.

Í þriðja lagi allt að einn þriðji hluti stofnkostnaðar við öflun húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur er með kaupum eða nýsmíði, enda samþykki þjóðminjaráð húsnæðið og stofnkostnað. Framlag ríkissjóðs vegna húsnæðisöflunar skal bundið vísitölu bygginarkostnaðar og innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun, sem safnstjórn gerir við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

Þjóðminjaráð skal setja nánari starfsreglur um ofangreind atriði.

14. gr.

Uppbygging og starfsemi byggðasafna skal samhæfð af minjaráði viðkomandi minjasvæðis.

Byggðasöfn senda minjaverði viðkomandi svæðis árlega starfsskýrslu sína ásamt ársreikningi og fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Minjavörður leggur gögn þessi fyrir minjaráð og þjóðminjaráð ásamt umsögn sinni. Útdrátt úr ársskýrslum byggðasafna skal birta í ársskýrslu þjóðminjaráðs.

V. KAFLI

Fornleifasvið.

15. gr.

Á fornleifasviði fer fram verndun, varðveisla og rannsóknir fornminja þ.e. fornleifar sbr. 16. gr þjóðminjalaga og forngrípi sbr. 26. gr sömu laga og kynning þær fyrir almenningi.

16. gr.

Fornleifanefnd mótar stefnu og gerir áætlanir um skráningu, vörslu og rannsóknir á fornleifum fyrir landið í heild. Nefndin hefur yfirumsjón með gerð og framkvæmd árlegrar fjárhagsáætlunar um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir sú áætlun er hluti þeirrar fjárhagsáætlunar sem þjóðminjaráð gerir fyrir þjóðminjavörsluna í landinu, sbr. 5. gr. Nefndin gerir tillögu til ráðherra um ráðningu fornleifavarda og deildarstjóra fornleifadeildar til fimm ára í senn.

Fornleifanefnd veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna og sér um að fornleifaskrá verði gefin út.

17. gr.

Deildarstjóri fornleifadeildar er forstöðumaður fornleifasviðs og sér um daglegan rekstur fornleifadeildar. Hann skal hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein.

Meginverkefni fornleifadeildar eru: Skráning þekktra fornleifa og útgáfa á skrá, eftirlit með þekktum fornleifum, friðlýsing fornleifa í samráði við fornleifanefnd, birting friðlýsingar og þinglýsing hennar, umsjón með að friðlýstar fornleifar séu auðkenndar, verndun og umsjón með friðuðum fornleifum og yfirumsjón með rannsóknum innlendra og erlendra rannsóknaraðila.

18. gr.

Fornleifadeild lætur skrá eftir föngum allar þekktar fornleifar. Skyld er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum.

Fornleifadeild skal leita samstarfs við skipulagsyfirvöld, Landmælingar ríkisins, ýmsa framkvæmdaðila vegna mannvirkjagerðar svo sem við vegagerð, virkjanir, flugvallagerð,

veitulagnir o.fl., hagsmunaaðila um landnýtingarmál svo sem skógrækt og landgræðslu og Náttúruverndarráð í því skyni að vinna að vernd, varðveislu og skráningu fornleifa og kynningu þeirra fyrir almenningi. Fornleifadeild skal vinna að sem ítarlegastri skráningu, staðgreiningu og lýsingu fornleifa í ofangreindu skyni.

Fornleifadeild ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðaðar og skal í umboði fornleifanefndar vinna að friðlýsingu þeirra í samræmi við 17. gr. þjóðminjalaga.

Í umboði fornleifanefndar skal fornleifadeild gefa út skrá um friðlýstar fornleifar skv. 17. gr. þjóðminjalaga, fornleifaskrá og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Eintak af útgefnum skráum skal senda menntamálaráðuneytinu jafnóðum og þær koma út.

19. gr.

Fornleifadeild og fornleifaverðir hafa rétt til að rannsaka fornleifar með grefti að fengnu leyfi fornleifanefndar sbr. 18. gr. þjóðminjalaga eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds, eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður. Við fornleifavörslu og rannsóknir skal gæta skipulegrar nákvæmni og visindalegra vinnubragða.

20. gr.

Fornleifanefnd setur reglur um veitingu leyfa til fornleifarannsókna og skil á rannsóknargögnum sem rannsóknnaðilar skulu hlíta. Reglur þessar eru háðar staðfestingu menntamálaráðuneytisins og skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Peir, sem hug hafa á að stunda fornleifarannsóknir, skulu sækja um leyfi til þess á þar til gerðum eyðublöðum til fornleifanefndar. Nefndin fjallar um leyfisumsóknir og veitir leyfi eða hafnar umsókn. Einvörðungu er unnt að veita leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna.

Í leyfisbréfi skal tekið fram hver sé leyfishafi, til hvaða svæðis rannsóknin nái, til hve langs tíma leyfi sé veitt, hver sé tilgangur rannsóknarinnar, hvaða skilyrði séu sett m.a. með hliðsjón af reglum fornleifanefndar um fornleifarannsóknir og um skil á rannsóknargögnum og fundnum munum. Áskilið skal að stjórnandi rannsóknarinnar hafi tilskilin próf í fornleifafræði. Rannsóknaraðilar skulu skila öllum forngripum sem kunna að finnast til fornleifadeildar eða hlutadeigandi byggða- eða minjasafns eftir ákvörðun fornleifanefndar.

21. gr.

Nú synjar fornleifanefnd umsókn um leyfi til fornleifarannsókna og er þá þeim sem synjað hefur verið leyfis heimilt að skjóta synjuninni til úrskurðar þjóðminjaráðs, ef hann telur að málið hafi eigi fengið lögmæta meðferð hjá fornleifanefnd.

Fulltrúa í fornleifanefnd er heimilt að skjóta afgreiðslu máls til þjóðminjaráðs ef hann telur að málið hafi eigi fengið lögmæta meðferð hjá nefndinni.

22. gr.

Þegar fornleifarannsókn og skráningu er lokið skal fornleifadeild í samráði við fornleifanefnd ákveða um vistun og varðveislu þeirra gripa sem tengjast viðkomandi rannsókn.

Verkefni vegna varðveislu og forvörslu forngripa sem legið hafa í jörðu heyra undir safnasvið enda skal jafnan vera náðið samráð milli safnasviðs og fornleifasviðs.

23. gr.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, sbr. 21. gr. þjóðminjalaga, sem spilla eða hætt er við að spilli fornleifum, hvort sem þær eru friðaðar samkvæmt 17. gr. eða 18. gr. þjóðminjalaga, skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur lýsa nákvæmlega þeim breytingum er af framkvæmdum mundi leiða áður en þær hefjast og bera allan kostnað af nauðsynlegum fornleifarannsóknum.

Við alla mannvirkjagerð skal fornleifum hlíft svo sem framast er kostur og stefnt að sem bestri varðveislu þeirra.

Pegar áætlun er á undirbúningsstigi um meiriháttar mannvirki á stað þar sem fornleifar eru í jörðu eða taldar í jörðu, skal gera fornleifanefnd viðvart og fjallar hún þá um málið og tekur upp viðræður við framkvæmdaaðila um tilhögun framkvæmda. Þær viðræður hafi það að markmiði að sem hagfelldastri niðurstöðu verði náð, bæði efnahagslega og frá sjónarmiði varðveislu og björgunar menningarverðmæta.

Fornleifanefnd ákveður hverju sinni hvað teljast nauðsynlegar fornleifarannsóknir.

24. gr.

Við framkvæmdir sem fornleifanefnd metur sem minni háttar og spilla eða hætt er við að spilli fornleifum skal allur kostnaður eða hluti kostnaðar við nauðsynlegar fornleifarannsóknir að öllu jöfnu greiddur af sérstakri fjárveitingu fornleifadeildar. Að öðrum kosti skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur bera allan kostnað af nauðsynlegum fornleifarannsóknum.

25. gr.

Erindum vegna nýfundinna fornleifa skv. 20. gr. þjóðminjalaga og umsóknum um leyfi til jarðrasks er hagar við fornleifum samkvæmt 21. gr. þjóðminjalaga skal beina til fornleifanefndar sem skal úrskurða innan mánaðar frá því að erindið berst henni hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja eða fram halda og með hvaða skilmálum.

26. gr.

Telji fornleifanefnd eða fornleifadeild sig verða vara við vítavert gáleysi eða vísvitandi skemmdarverk á fornleifum skal hún beina málinu til meðferðar hjá lögreglustjóra og eftir atvikum Rannsóknarlögreglu ríkisins.

27. gr.

Fornleifanefnd heldur fundi eins oft og nauðsynlegt er talið. Þó eigi sjaldnar en mánaðarlega. Nefndin skal auk þess halda sameiginlega fundi með fornleifavörðum a.m.k. einu sinni á ári. Halda skal gerðabók um störf nefndarinnar og skal útskriftum fundargerða komið til þjóðminjaráðs, fornleifavarða og annarra hlutaðeigandi eftir nánari ákvörðun nefndarinnar. Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókuð stutt sérálit í gerðabókina. Afl atkvæða ræður útslitum mála í nefndinni.

28. gr.

Í umbóði fornleifanefndar hefur fornleifavörður umsjón með fornleifarannsóknum á minjasvæði sínu. Fornleifavörður lítur eftir því að reglum fornleifanefndar og ákvæðum þjóðminjalaga sé fylgt við fornleifarannsóknir.

Fornleifavörður skal líta eftir fornleifum á minjasvæði sínu. Hann skal sérstaklega líta eftir friðuðum fornleifum svæðisins og koma reglulega á hvern slíkan minjastað og hafa samband við landeiganda eða umráðamann staðarins.

Fornleifaverðir gera tillögur til fornleifanefndar um ráðstafanir til verndar fornleifum á minjasvæði sínu og til að tryggja að almenningur fái notið þeirra að öðru leyti.

Fornleifaverðir gefa fornleifanefnd árlega skýrslu um fornleifavörslustarf sitt.

29. gr.

Fornleifaverðir skulu hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein. Stöður fornleifavarða skulu veittar til fimm ára í senn og gerir fornleifanefnd tillögu til ráðherra um ráðningu þeirra sbr. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar þessarar. Á hverjum fimm árum skulu stöður þeirra auglýstar. Stöðuumsóknum skulu fylgja rækilegar greinargerðir um menntun og fyrri störf umsækjenda.

VI. KAFLI

Húsafríðun.

30. gr.

Hlutverk húsafríðunarnefndar ríkisins er að stuðla að varðveislu og rannsóknnum á byggingararfi þjóðarinnar og gefa út og kynna almenningi allt það er viðkemur þessum þætti þjóðminjavörslunnar sjá og nánar ákvæði 33. gr reglugerðar þessarar.

Húsafríðunarnefnd starfar í umboði þjóðminjaráðs. Hún er skipuð fimm mönnum og skulu þeir hafa staðgóða þekkingu á hinum íslenska byggingararfi og reynslu á sviði húsverndar. Menntamálaráðherra skipar fjóra menn til fimm ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en auk þeirra á þjóðminjavörður sæti í nefndinni. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

31. gr.

Deildarstjóri húsafríðunardeildar er jafnframt framkvæmdastjóri og ritari húsafríðunarnefndar ríkisins og sér um daglega afgreiðslu þeirra mála sem eru á verksviði nefndarinnar. Hann tryggir samvinnu milli hennar og deildarinnar.

Deildarstjóri húsverndardeildar sér til þess að minjaverðir taki þátt í öllu því er lýtur að húsverndun á viðkomandi svæðum og skulu minjaverðir tilkynna deildinni um hvaðeina sem gert er til verndunar húsa á minjasvæðunum.

32. gr.

Húsverndardeild lætur í samvinnu við húsafríðunarnefnd skrá hús í landinu sem teljast hafa menningarsögulegt og listrænt gildi. Sérstaklega skal halda skrá yfir hús sem njóta friðunar samkv. 1. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Þá skal húsverndardeild og húsafríðunarnefnd stuðla að gerð húsakannana í þéttbýli og útgáfu þeirra.

33. gr.

Húsafríðunarnefnd gerir tillögur til menntamálaráðherra um friðun húsa og mannvirkja, sem að mati hennar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi, bæði fyrir landið allt og einstök svæði og byggðarlög. Minjaverðir, sveitar- og bæjarstjórnir svo og einstaklingar og eigendur hverskonar mannvirkja geta óskað eftir friðun mannvirkja við húsafríðunarnefnd, en hún gerir tillögur til menntamálaráðherra.

Húsafríðunarnefnd ríkisins úthlutar styrkjum úr húsafríðunarsjóði samkvæmt sérstakri reglugerð.

34. gr.

Ákvæði menntamálaráðherra friðun húss eða húsa að tillögum húsafríðunarnefndar annast deildarstjóri húsafríðunardeildar þinglýsingu friðunarinnar svo og auglýsingu í Stjórnartíðindum. Deildarstjóri húsafríðunardeildar tilkynnir eigendum ákvörðun um friðlýsingu sem og lögreglustjóra, bæjar- og sveitarstjórnnum og byggingarnefndum. Húsafríðunarnefnd og húsverndardeild skulu, að sveitar- og bæjarstjórnnum sé kunnugt um ákvæði 36. gr. þjóðminjalaga um sjálfkrafa friðanir mannvirkja og ákvæði um tilkynningarskyldu eigenda húsa reistra fyrir 1900 í því skyni að byggingafulltrúar sinni skyldu sinni gagnvart húsafríðunarnefnd.

VII. KAFLI

Fjármálastjórn.

35. gr.

Fjármálastjóri Þjóðminjasafns hefur með höndum fjármálaumsýslan þjóðminjavörslunnar að undanskildum húsafríðunarsjóði sbr. 46. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Það verksvið tekur til greiðslna og kynninga á fjármálum stofnunarinnar, m.a. fyrir fjárveitingavaldinu, svo og gerð fjárlagatillagna. Fjármálastjóri hefur einnig umsjón með gerð ársreiknings fyrir þjóðminjavörsluna og veitir upplýsingar um fjármál stofnunarinnar út á við.

36. gr.

Fjármálastjóri þjóðminjasafns ákveður í samráði við þjóðminjavörð, safnstjóra og deildarstjóra fornleifadeildar, hvernig sameiginlegur kostnaður við rekstur þjóðminjavörslunnar skuli borinn uppi af einstökum deildum safnsins og embættum minja- og fornleifavarda. Samkvæmt nánari fyrirætlunum þjóðminjaráðs og fornleifanefndar deilir fjármálastjóri síðan því sem eftir stendur af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og sértekjum stofnunarinnar niður á deildir og embætti minja- og fornleifavarda, í samræmi við greiðsluáætlun ríkissjóðs hverju sinni.

Fjármálastjóri ber ábyrgð á því gagnvart þjóðminjaráði og þjóðminjaverði að uppsettri fjárhagsáætlun sé fylgt, enda setur þjóðminjarád fjármálastjóra nákvæmar starfsreglur til að auðvelda honum örugga fjármálastjórn. Hann skal gefa þjóðminjaráði og fornleifanefnd yfirlit um fjármálastöðu stofnunarinnar með reglubundnum hætti og gera viðvart um öll meiriháttar frávik, sem upp kunna að koma í rekstrinum. Þjóðminjarád setur sérstakar reglur um rekstur og greiðslutilhögun vegna embætta minja- og fornleifavarda.

Fjármálastjóri skal gera ráðningasamninga við verkefnaáðna starfsmenn fyrir hönd annarra stjórnenda stofnunarinnar og annast launagreiðslur til þeirra.

37. gr.

Fjármálastjóri annast rekstur skrifstofu fyrir þjóðminjavörsluna og yfirumsjón og samhæfingu á kynningarstarfi.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Heimilt er að ráða minjaverði og fornleifaverði (sbr. 89. gr. og 29. gr.) í hálfar stöður. Einnig er heimilt að sami maður gegni bæði stöðu minjavarda og fornleifavarda.

39. gr.

Þær reglur sem þjóðminjarád og fornleifanefnd setja á grundvelli þessarar reglugerðar, aðrar en þær sem lúta að innri starfsemi Þjóðminjasafns, skulu hljóta staðfestingu menntamálaráðuneytis og birtingu í Stjórnartíðindum.

46. gr.

Um framkvæmd reglugerðar þessarar fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

47. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í þjóðminjalögum nr. 88/1989 og öðlast gildi sem hér segir:

1. 11. gr. öðlast gildi þegar safnstjóri hefur verið ráðinn til Þjóðminjasafns.
2. Aðrar greinar reglugerðarinnar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipa skal í allar stöður minjavarda og fornleifavarda fyrir 1. janúar 1995.

Menntamálaráðuneytið, 19. júlí 1990.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 54/1990 um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt dómi Félagsdóms 10. júlí 1990 ber að fella eftirtalin starfsheiti út af lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

Stofnun:

Staða:

Menntamálaráðuneyti.

Háskólabókasafn

Háskólabókavörður

Aðstodahráskólabókavörður

Mannfræðistofnun

Forstöðumaður

Verkfræðistofnun H.Í.

Forstöðumaður

Endurmenntunarnefnd H.Í.

Endurmenntunarstjóri

Raunvísindastofnun háskólans

Skrifstofustjóri

Orðabók háskólans

Forstöðumaður

Örnefnastofnun

Forstöðumaður

Þjóðgarðurinn Skaftafelli

Þjóðgarðsvörður

Vísindasjóður

Framkvæmdastjóri

Landbúnaðarráðuneyti.

Skógrækt ríkisins

Skógarverðir

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Forstöðumaður

á Mógilsá

Sauðfjárveikivarnir

Deildarstjóri (dýralæknir)

Sjávarútvegsráðuneyti.

Fiskifélag Íslands

Skrifstofustjóri

Verðlagsráð sjávarútvegsins

Framkvæmdastjóri

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Hollustuvernd ríkisins

Forstöðumenn

Ríkisspítalar

Framkvæmdastjórar sviða

Varaframkvæmdastjórar sviða

Fjármálaráðuneyti.

Lyfjaverslun ríkisins

Fjármálastjóri

Samgönguráðuneyti.

Vegagerð ríkisins

Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs

Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Veðurstofa Íslands

Yfirdeildarstjóri tækni- og

veðurathugunardeildar

Iðnaðarráðuneyti.
Iðntæknistofnun Íslands

Fjármálastjóri

Fjármálaráðuneytið, 23. júlí 1990.

F. h. r.

Birgir Guðjónsson.

Sigrún V. Ásgeirsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varma úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Suðureyrar.

2. gr.

Heitavatnsrennsli til hitunarkerfa húsa, neysluvatnslagna, iðnaðarkerfa o. fl., skal mælt með rúmmetramælum og greitt fyrir varmanotkunina samkvæmt þeirri mælingu. Jafnframt skal greitt fast árgjald sem innheimt verður mánaðarlega.

3. gr.

Fyrir afnot af allri heitavatnsnotkun skal greiða varmagjald (orkugjald) samkvæmt rúmmetramæli að viðbættu fastagjaldi fyrir hvern rúmmetramæli.

A. VARMAGJALD:

Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 108,00

B. FASTAGJALD:

Fastagjald fyrir hvern rúmmetramæli.

B.1	Fyrir mæla til og með 3/4“	kr.	917,00
B.2	Fyrir mæla 1“ -2“	kr.	1 835,00
B.3	Mælastærð stærri en 2“	kr.	3 670,00

4. gr.

C. HEIMÆÐAGJÖLD:

Heimæðagjöld skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

C.1	Fyrir hús allt að 400 rúmmetra	kr.	133 000,00
C.2	Fyrir hús stærri en 400 rúmmetra	kr.	133 000,00
	að viðbættum	kr.	100 00
	fyrir hvern rúmmetra umfram 400.		

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 metrar að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3	Mælagrindargjald	kr.	25 100,00
C.4	Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum	kr.	2 350,00

5. gr.

D. ÖNNUR GJÖLD:

D.1	Innheimtugjald (lokunargjald)	kr.	1,680,00
D.2	Mælaálestursgjald (aukaálestur)	kr.	1,248,00

6. gr.

Af húsrými með þilofnahitun eða rafgeislahitun (bein hitun) skal greiða 50% stofngjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 314, 24. júní 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ**Hitaveitu Suðureyrar.****I. KAFLI.****Rekstrarform.**

1. gr.

Hitaveita Suðureyrar er sjálfstætt fyrirtæki, sem Suðureyrarhreppur á og starfrækir. Hér eftir nefnd hitaveitan.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla og veita varma um hitaveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem tengist varmavinnslunni og varmasölnunni.

3. gr.

Hitaveitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Suðureyrarhrepps.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu varma til notenda á hitaveitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps, en stjórn hennar skal falin veitunefnd.

5. gr.

Veitunefnd er ákvörðunarþær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

6. gr.

Verkefni veitunefndar er stjórn hitaveitunnar og eftirlit með því að skipulag hennar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Hún ákveður framkvæmdir allra varmaorkumála á hitaveitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir hreppsnefndar Suðureyrarhrepps og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Hún semur gjaldskrá fyrir hitaveituna og leggur hana fyrir hreppsnefnd.

Hún undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu.

Hún semur fjárhagsáætlanir og leggur fyrir hreppsnefnd.

Hún gerir tillögur um ráðningu fastra starfsmanna hitaveitunnar til hreppsnefndar.

Hún gefur hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir.

Veitunefnd semur nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggur fyrir hreppsnefnd.

7. gr.

Hreppsnefnd ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar að fengnum tillögum veitunefndar.

Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur hitaveitunnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem veitunefnd gefur.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til hitaveitunnar eftir þörfum umfram fasta starfsmenn.

Framkvæmdastjóri situr fundi veitunefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóds og vera endurskoðaðir af endurskoðendum þeirra.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði, þannig að tryggður sé öruggur rekstur hitaveitunnar svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af hreppsnefnd, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

II. KAFLI.

Almenn ákvæði.

9. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar, nefnist húseigandi.

Kaupandi varma er sá aðili, sem skráður er fyrir mælagrind og ber hann ábyrgð á greiðslum varmagjalda.

10. gr.

Varminn er afhentur um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu á varma utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki hreppsnefndar Suðureyrarhrepps.

Vatnið sem er flutningsmiðill varmans og sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar.

Óheimilt er að tengja hvers kyns annan búnað við hina lokuðu varmarás en hitunar- og neysluvatnskerfi húss. Neysluvatnskerfi skal tengt um forhlið þar til gerðs varmaskiptis, sem er eign húseiganda. Óheimilt er að tengja beint, plastlagnir við hina lokuðu varmarás.

11. gr.

Varmanum er miðlað í formi heits vatns. Hitaveitan skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og þess háttar.

12. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni varmans, eru án ábyrgðar hitaveitunnar. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skal hitaveitan tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

13. gr.

Kaupendum er óheimil endursala varmans án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI.

Veitukerfið.

14. gr.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiaðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir utanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur og viðhald hans. Mælagrind takmarkast við næsta loka, húsmegin við rúmmetramæli hitaveitunnar, annarsvegar á neysluvatnsgrein og hinsvegar á ofnagrein.

15. gr.

Húseiganda innan lögsagnarumdæmis Sudureyrarhrepps, þar sem veitukerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við veitukerfi hitaveitunnar. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

16. gr.

Hitaveitan annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

17. gr.

Hitaveitan kostar lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir stofn- og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

Húseiganda er heimilt að grafa sjálfur og ganga frá skurði fyrir lagningu heimæðar innan sinnar lóðar, samkvæmt fyrir mælum hitaveitunnar þar um. Hitaveitan greiðir húseiganda fyrir hvern lengdarmetra í skurði samkvæmt fyrirfram umsömdu lengdargjaldi.

18. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna, skal húseigandi/kaupandi annast og kosta.

Húseigandi/kaupandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

19. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna.

IV. KAFLI.

Húsveitur og tenging þeirra við hitaveituna.

20. gr.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum, skal sækja um varmakaupin eða breytinguna til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningarmeistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingar- og skipulagsnefnd Suðureyrarhrepps.

Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar með minnst fjögurra daga fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr veitukerfinu á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Ný húskerfi skulu þrýstiprófuð með a.m.k. 8 kg/cm þrýstingi.

Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveituna við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og annað tilheyrandi tengingu við hitaveituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og það húsrými vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitunnar.

21. gr.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa loftræsikerfa, reglur byggingasamþykktar og byggingaskilmála.

Hreppsnefnd getur falið hitaveitunni umsjón og eftirlit allra mála sem snerta hitalagnir.

22. gr.

Hitaveitan skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/kaupanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt neysluvatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

23. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar í heimildarleysi, getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

24. gr.

Húseigandi/kaupandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/kaupanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/kaupandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

V. KAFLI.

Skilmálar fyrir varmasölu.

25. gr.

Upphaf og lok samningstíma um varmakaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

26. gr.

Skilyrði varmasölunnar er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda hitaveitunnar.

Purfi að takmarka notkun varma um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvar og hvernig hann skuli takmarkaður. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljót sem verða má.

27. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla sem notaðir eru í mælagrind.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef kaupandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda, að greiða mælaálestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði, nema að kaupandi eða hitaveitann eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

28. gr.

Komi til stöðvunar á afhendingu varmans vegna vanskila eða annarra vanefnda kaupanda, skal hann greiða fastagjald þar til varmakaupasamningur er úr gildi fallinn fyrir uppsögn.

29. gr.

Kaupandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir varmakaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja varmareikninga á áætlun um varmanotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggjast á staðreyndri varmanotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri varmanotkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega varmanotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar varmanotkunin hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestrargjalds krafist aukaálestrar og uppgjors miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um varmanotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Gjaldddagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 15 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað. Útsending varmareikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er að skipta reikningi vegna varmakaupa um einn mæli. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings. Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva varmaafhendingu um hinn sameiginlega mæli samanber 1. mgr. 30. gr.

Verði greiðslufall á reikningi hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá eindaga reiknings hverju sinni.

30. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu varma til húsveitu (mælis) kaupanda, sem greiðir ekki áætlunar-/álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Sá sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá. Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er á ný.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja kaupanda um greiðslu innheimtugjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar varmaafhendingar af ástæðum sem um getur í l. mgr. 30. gr. Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en varmaafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar varmaafhendingar er hitaveitunni heimilt að krefja kaupanda um innheimtugjald vegna undirbúnings að stöðvun.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega notkun.

Verði uppvíst að varmi hafi verið notaður á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla þann varma sem notaður var óleyfilega.

31. gr.

Nú vanrækir húseigandi/kaupandi að vinna verk, sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

32. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

33. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 225/1977 um Hitaveitu Suðureyrar.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1990.

Jón Sigurðsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslu hraðsendinga.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um tollafgreiðslu á hraðsendingum (express consignments) sem fluttar eru til landsins í flugi, fyrir milligöngu flutningsmiðlara, í samvinnu við erlend hraðflutningafyrirtæki.

2. gr.

Flutningsmiðlari sem óskar eftir heimild til að annast tollafgreiðslu á hraðsendingum samkvæmt reglugerð þessari skal uppfylla neðangreind skilyrði:

1. Stunda atvinnurekstur og hafa tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969;
2. hafa tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína, sbr. 5. gr. laga nr. 55/1988, um virðisaukaskatt, og
3. hafa að mati tollstjóra sýnt fram á við gerð og frágang aðflutningsskjala að hann hafi til að bera fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð innfluttra vara.

3. gr.

Flutningsmiðlari sem um ræðir í 2. gr. skal í skriflegu erindi til tollstjóra í því umdæmi þar sem hann er heimilisfastur sækja um heimild til að annast tollafgreiðslu á hraðsendingum. Í umsókn skal tilgreina eftirfarandi:

1. Nafn, kennitölu og aðsetur;
2. virðisaukaskattsnúmer og
3. hverjir hafi umboð til að skuldbinda hann með undirritun undirfarmskrár og aðflutningsskýrslu fyrir hans hönd, riti hann ekki sjálfur undir hana. Rithandarsýnishorn skulu fylgja umsókn.

Flutningsmiðlari skal þegar tilkynna tollstjóra allar breytingar sem verða á upplýsingum samkvæmt framanrituðu.

4. gr.

Flutningsmiðlari skal skila með umsókn sinni yfirlýsingu banka, sparisjóðs eða viðurkennds tryggingar- eða ábyrgðarfélags um að tekin sé skilyrðislaus sjálfsskuldarábyrgð á tiltekinni fjárhæð lánaðra aðflutningsgjalda, þ.m.t. virðisaukaskattur, og skal ábyrgðin auk þess taka til dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af vanefndum, sbr. 10. gr.

Flutningsmiðlari ákveður fjárhæð ábyrgðar sem jafnframt er hámark þeirrar fjárhæðar aðflutningsgjalda sem gjaldfrestur er veittur á innan hvers uppgjörstímabils, sbr. 9. gr. Telji tollstjóri ábyrgðarfjárhæð ófullnægjandi má hann ákveða lágmark hennar. Ábyrgð skal vera ótímabundin og uppsegjanleg af hálfu ábyrgðaraðila með ábyrgðarbréfi til viðkomandi tollstjóra með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn breytir hvorki ábyrgð varðandi aðflutningsgjöld sem greiðslufrestur hefur verið veittur á fyrir gildistöku uppsagnar ábyrgðar né ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta og annars kostnaðar. Eftir uppsögn ábyrgðar er tollstjóra óheimilt að tollafgreiða hraðsendingar til viðkomandi flutningsmiðlara samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Engar takmarkanir eru varðandi tollmeðferð hraðsendinga samkvæmt reglugerð þessari aðrar en þær sem leiðir af ákvæðum um innflutningstakmarkanir og innflutningsbann samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi, sbr. þó 2. og 3. mgr. 6. gr.

6. gr.

Hraðsendingar skulu afhentar beint frá farmflytjanda án fullnaðartollafgreiðslu í tollumdæmi þess tollstjóra sem hefur veitt flutningsmiðlara heimild til tollafgreiðslu á hraðsendingum samkvæmt reglugerð þessari. Við afhendingu hraðsendingar skal flutningsmiðlari afhenda tollgæslunni flugfarmbréf og undirfarmskrá í því formi, eintakafjölda og með þeim upplýsingum sem ríkistollstjóri ákveður.

Ef í hraðsendingu eru vörur sem háðar eru leyfi eða vottorðum skal jafnframt leggja þau fram við afhendingu.

Ef í hraðsendingu eru vörur sem njóta eiga tollfrelsis við innflutning samkvæmt samningi Íslands um aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu EFTA og fríverslunarsamningi Íslands við Evrópubandalagið skal leggja fram Eur. 1 flutningsskírteini eða vörureikning með upprunayfirlýsingu á. Ljósrit eða myndrit nægir við hraðafgreiðslu en frumrit skal þá lagt fram við fullnaðartollafgreiðslu. Sé þessa ekki gætt getur tollstjóri hafnað fríðindameðferð við fullnaðartollafgreiðslu ef vafi þykir leika á um upprunaréttindi vöru.

Vanti ofangreind tollskjöl eða þeim er í einhverju ábótavantu með tilliti til hraðsendingarinnar í heild eða að hluta getur tollgæslan neitað um afhendingu á þeim hluta sendingarinnar sem í einhverju er ábótavantu. Afhending skal hins vegar heimilud á öðrum vörum í sendingunni. Tollgæslan skal skrá athugasemd um ágallann í undirfarmskrá til leiðbeiningar við fullnaðartollafgreiðslu.

Leyfi og vottorð skulu árituð af tollgæslunni eftir því sem við á og send ásamt öðrum tollskjólum til skrifstofu tollstjóra þar sem fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

7. gr.

Vörur í hraðsendingum skulu flokkaðar í þrennt í undirfarmbréfi:

1. Í reit 1 skal gera grein fyrir vörum sem um ræðir í f-lið 1. gr. reglna nr. 479/1988 og undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum, þ.e. farmskrár, farmbréf, vörureikningar, pökkunarlistar, útskriftir o.þ.h., einnig á tölvumiðlum, sem sent er farmflytjendum, flutningsmiðlurum, bönkum og öðrum til eigin nota endurgjaldslaust og hefur ekkert viðskiptalegt gildi.
2. Í reit 2 skal tilgreina fjölda vörusendinga sem eru undir kr. 1.560 að verðmæti eða jafnvirði 20 SDR.
3. Í reitum sem auðkenndir eru með 3 skal gera grein fyrir hverri sendingu fyrir sig.

Við fullnaðartollafgreiðslu á vörum sem um ræðir í 1. tl. skal aðeins skila einni óútreiknaðri aðflutningsskýrslu í nafni flutningsmiðlara.

Við fullnaðartollafgreiðslu á vörum sem um ræðir í 2. tl. skal aðeins skila einni aðflutningsskýrslu í nafni flutningsmiðlara og skulu aðflutningsgjöld af þeim vera margfeldið

af fjölda sendinga og kr. 450 sem svarar til SDR 5,7732 við gildistöku reglugerðar þessarar og lækka skal eða hækka á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á gengi SDR (sérstök dráttarréttindi).

Af öðrum vörum í hraðsendingu skal við fullnaðartollafgreiðslu skila aðflutningsskýrslu fyrir hverja sendingu í nafni viðkomandi innflytjanda.

8. gr.

Flutningsmiðlari skal við fullnaðartollafgreiðslu skila þeim tollstjóra sem leyfi veitti samkvæmt 3. gr. aðflutningsskýrslum ásamt viðkomandi vörureikningum og öðrum tollskjölum innan sjö daga frá lokum uppgjörstímabils, sbr. 9. gr. og standa honum skil á álögðum aðflutningsgjöldum á gjalddaga, sbr. 9. gr.

Liggi fullnægjandi tollskjöl yfir einhverja vöru í hraðsendingu ekki fyrir samkvæmt 1. mgr. skal hún tollafgreidd til bráðabirgða samkvæmt ákvæðum I. kafla reglugerðar nr. 23/1982, um bráðabirgðatollafgreiðslu gegn fjártryggingu.

9. gr.

Uppgjörstímabil vegna hraðsendinga skal vera einn mánuður og gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

10. gr.

Verði um vanskil að ræða samkvæmt 8. og 9. gr. skal tollstjóri synja flutningsmiðlara um frekari fyrirgreiðslu vegna hraðsendinga meðan vanskil vara. Jafnframt skulu dráttarvextir reiknaðir á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð. Um ákvörðun og útreikninga dráttarvaxta skulu gilda ákvæði 1. mgr. 9. gr. og 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Hafi vangreidd aðflutningsgjöld ekki verið greidd innan fimmtán daga frá gjalddaga eins og hann er ákveðinn samkvæmt 9. gr. skal gengið að sjálfsskuldarábyrgð samkvæmt 4. gr. og nægir einföld krafa tollstjóra til ábyrgðaraðila. Greiðsla skal hafa borist tollstjóra innan sjö daga frá dagsetningu kröfubréfs. Hafi greiðsla eigi borist tollstjóra innan þess tíma getur tollstjóri stöðvað tollafgreiðslu til flutningsmiðlara eða viðkomandi innflytjanda þar til fullnaðarskil hafa verið gerð.

Tollstjóri sem veitt hefur heimild til hraðafgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari getur svipt flutningsmiðlara heimildinni vegna ítrekaðra vanskila á greiðslu aðflutningsgjalda svo og ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt. Heimildin fellur niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 55/1987 eiga við.

11. gr.

Óski flutningsmiðlari eftir afhendingu hraðsendingar utan dagvinnutíma tollgæslunnar skal allur kostnaður sem af því leiðir greiddur sérstaklega samkvæmt ákvörðun tollstjóra.

Flutningsmiðlarar sem heimild fá samkvæmt reglugerð þessari skulu afhenda undirfarmskrár og aðflutningsskýrslur í tölvutæku formi samkvæmt nánari ákvörðun ríkistollstjóra. Tollstjórar skulu því áður en heimild er veitt leita staðfestingar ríkistollstjóra á því að tölvukerfi viðkomandi fullnægi settum kröfum.

12. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu gilda eftir því sem við getur átt um hraðsendingar sem Póst- og símamálastofnunin annast.

Ríkistollstjóri getur sett nánari fyrirmæli um tollafgreiðslu hraðsendinga eftir því sem þurfa þykir og gert nauðsynlegar breytingar á framkvæmd reglugerðarinnar með tilliti til uppbyggingar tölvukerfis ríkistollstjóraembættisins.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. ágúst 1990. Frá sama tíma falla jafnframt úr gildi heimildarbréf fjármálaráðuneytisins um sama efni. Þó skal flutningsmiðlara heimilt að fresta tölvuvinnslu tollskjala, sbr. 11. gr., um allt að þrjá mánuði talið frá gildistöku reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 26. júlí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um ferðaskrifstofur.

Eftirtaldar ferðaskrifstofur hafa skilað til samgönguráðuneytisins fullnægjandi tryggingum samkvæmt 18. gr. laga um ferðamál nr. 79 2. júlí 1985.

Ferðaskrifstofan Úrval/Útsýn
 Ferðaskrifstofa Akureyrar
 Ferðaþjónusta Flugleiða
 Ferðamiðstöðin Veröld
 Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
 Samvinnuferðir – Landsýn
 Ferðaskrifstofa BSÍ
 Ferðaskrifstofa Kjartans Helgasonar
 Land og saga
 Ferðaskrifstofan Atlantik
 Ferðamiðstöð Austurlands
 Ferðaval
 Ferðaskrifstofa Harðar Erlingssonar
 Ferðaskrifstofa stúdenta
 Evrópuferðir
 Íslenskar fjallaferðir

Ferðaskrifstofa Farfugla
 Ferðaskrifstofa FÍB
 Ferðaskrifstofa Vestfjarða
 Flugferðir – Sólarflug
 Ferðaskrifstofan Saga
 Ferðabær
 Ferðaskrifstofa Húsavíkur
 Ferðaskrifstofa Reykjavíkur
 Ratvís
 Ferðaskrifstofan Alís
 Norræna ferðaskrifstofan hf.
 Ráðstefnur og fundir hf.
 Ferðaskrifstofa Íslands
 Ferðaskrifstofan Nonni
 Transa

Leyfi til reksturs eftirtalinnna ferðaskrifstofa hefur fallið niður, sbr. 18. gr. laga um ferðamál nr. 79 2. júlí 1985.

Ferðaskrifstofan Farandi
 Skotferðir

Samgönguráðuneytið, 20. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUR**um hreindýraveiðar árið 1990.**

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 600 hreindýr í Norður-Pingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 10. ágúst til 15. september árið 1990. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef veiðistjóri telur sérstakar ástæður mæla með því, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða skv. 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra sveitarfélaga:

1. Fjallahreppur	2	hreindýr
2. Skeggjastaðahreppur	2	–
3. Vopnafjarðahreppur	11	–
4. Fljótsdalshreppur	77	–
5. Jökuldalshreppur	77	–
6. Fellahreppur	32	–
7. Tunguhreppur	22	–
8. Hlíðahreppur	8	–
9. Hjaltastaðahreppur	24	–
10. Borgarfjarðahreppur	31	–
11. Seyðisfjarðarkaupstaður	6	–
12. Skriðdalshreppur	40	–
13. Vallahreppur	45	–
14. Egilsstaðahreppur	21	–
15. Eiðahreppur	26	–
16. Mjóafjarðahreppur	6	–
17. Norðfjarðahreppur	20	–
18. Eskifjarðarkaupstaður	20	–
19. Reyðarfjarðahreppur	9	–
20. Búðahreppur	2	–
21. Fáskrúðsfjarðahreppur	2	–
22. Stöðvarhreppur	2	–
23. Breiðdalshreppur	11	–
24. Beruneshreppur	11	–
25. Búlandshreppur	10	–
26. Geithellnahreppur	17	–
27. Bæjarhreppur	16	–
28. Nesjahreppur	16	–
29. Bærinn Höfn í Hornafirði	4	–
30. Mýrarhreppur	15	–
31. Borgarhafnarhreppur	15	–
	Samtals	600 hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, hefur veiðistjóri heimild til þess að láta veiða allt að 100 dýr til þess að standa undir hluta kostnaðar við rannsóknir á hreindýrastofninum og tilraunir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum hreindýra, samkvæmt nánari ákvörðun umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs, en hver sveitastjórn skiptir fénu innan síns svæðis. Skal sveitarstjórn fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitolönd eða skógarlönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó, að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Valdi hreindýr spjöllum eða átroðningi á eyðijörðum, er heimilt að taka nokkurt tillit til þess við skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverju sveitarfélagi sem nefnt er í 2. gr., nema samkomulag verði um það, að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af veiðistjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið að fenginni tillögu veiðistjóra og skýrslu eftirlitsmanns um framgang veiðinnar og ástand hreindýrastofnsins í sveitarfélaginu.

Hreindýraeftirlitsmenn veiðistjóra framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp, og hefur hann umsjón með störfum annarra eftirlitsmanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra hafa ekki heimild til þess að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitastjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Þess skal gætt að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til þess að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979 og reglugerð nr. 474/1988.

Aðalumsjónarmaður, skv. 3. mgr. 5. gr. ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal 243.

7. gr.

Sá sem særir dýr er skyldur að gera allt, hvað hann getur, til þess að aflífa það. Reynist það ekki framkvæmanlegt, er honum skylt að tilkynna það eftirlitsmanni og aðstoða hann við að aflífa dýrið.

Hvorki má skjóta hreindýr úr vélknúnu farartæki né nota slíkt farartæki til að smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega, að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bæja þeim frá.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda veiðistjóra skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum, sbr. 1. mgr. 5. gr.

10. gr.

Óheimilt er að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni, sbr. ákvæði laga nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

11. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, svo og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954 sbr.og 7. gr. laga nr. 47/1990, varða sektum eða varðhaldi, sbr. lög nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 368/1989, um hreindýraveiðar árið 1989.

Umhverfisiráðuneytið, 1. ágúst 1990.

F. h. r.
Páll Línal.

Kristinn Sv. Helgason.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi
utan staðgreiðslu, með síðari breytingu.**

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætast tveir töluliðir svohljóðandi:

22. Styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum eða opinberum stofnunum.
23. Verðlaun sem veitt eru í viðurkenningarskyni.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1990.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Snorri Olsen.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1990

Nr. 331

908

9. ágúst 1990

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) frá 6. ágúst 1990 vegna innrásar Íraka í Kúvæt, og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Írak eða Kúvæt og fluttar eru út þaðan eftir 6. ágúst 1990.

2. Starfsemi íslenskra ríkisborgara, eða starfsemi sem fer fram á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að útflutningi eða umfermingu vara frá Írak eða Kúvæt, er óheimil. Auk þess eru viðskipti íslenskra ríkisborgara eða viðskipti, sem fara fram á Íslandi, með vörur, sem upprunnar eru í Írak eða Kúvæt og fluttar eru út þaðan eftir 6. ágúst 1990, óheimil, ásamt notkun íslenskra skipa í slíkum viðskiptum.

3. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Írak eða Kúvæt vörur, eða selja eða útvega vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í Írak eða Kúvæt eða stjórnað er þaðan. Auk þess er óheimilt að selja eða útvega slíkar vörur frá Íslandi eða nota til þess íslensk skip. Starfsemi íslenskra ríkisborgara eða starfsemi, er fer fram á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að slíkri sölu eða útvegun, er ennfremur óheimil.

4. Íslenskum ríkisborgurum og öðrum aðilum á Íslandi er óheimilt að útvega ríkisstjórn Íraks eða fyrirtækjum í Írak eða Kúvæt fjármuni eða veita þeim aðra fjárhagslega eða efnahagslega fyrirgreiðslu, eða inna af hendi greiðslur til annarra aðila í Írak eða Kúvæt.

5. Undanþegin ákvæðum 3. tl. hér að framan eru sjúkragögn og matvæli notuð í mannúðarskyni. Ennfremur eru undanþegnar ákvæðum 4. tl. hér að framan greiðslur til sjúkrahjálpar, greiðslur í mannúðarskyni og matvæli notuð í mannúðarskyni.

Hver sá, sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngrri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utarríkisráðuneytið, 9. ágúst 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sveinn Björnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987, með síðari breytingum.

Vegna breytinga á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2 "Rules of the air"), eru hér með gerðar breytingar á flugreglum samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987 um setningu flugreglna.

Umrædd breyting tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Breyting á flugreglum.

1. gr.

Grein 4.1 orðist svo:

Allt sjónflug skal háð þeim skilyrðum um skyggni og fjarlægð frá skýjum sem jöfn eru eða strangari en um getur í eftirfarandi töflu. Hlutadeigandi flugstjórnardeild getur þó veitt sérstaka undanþágu fyrir sjónflug innan flugstjórnarsviðs.

	Innan flugstjórnarrýmis		Utan flugstjórnarrýmis	
	ofar en	í eða neðar en	ofar en	í eða neðar en
eftirfarandi hæðir: 3000 fet (900 m) fyrir ofan meðalsjávarmál eða 1000 fet (300 m) fyrir ofan jörð, hvort sem er hærra.*				
Flugskyggni	8 km	8 km (5 km**)	8 km	5 km***
Fjarlægð frá skýjum:				
a) lárétt	1.5 km	1.5 km	1.5 km	Laus við ský og
b) lórétt	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	sér til jarðar

* Nema hærra mörk séu ákveðin á grundvelli alþjóðlegs, svæðisbundins loftferðasamkomulags eða af hlutadeigandi ATS-stjórnvaldi.

** Þegar hlutadeigandi ATS-stjórnvald ákveður.

*** Þyrlum er þó heimilt að fljúga hér við lélegra skyggni en 5 km ef flogið er svo hægt að nægur tími gefist til að fylgjast með annarri umferð eða hindrunum þannig að árekstri verði afstýrt.

Grein 4.4 orðist svo:

2. gr.

Ekki má fljúga sjónflug, nema nauðsynlegt sé við flugtök og landingar, eða með sérstöku leyfi hlutadeigandi stjórnvalds:

- yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum í minni hæð en 1000 fet (300 m) yfir hæstu hindrun innan 600 m fjarlægðar frá loftfarinu,
- annars staðar en getið er í a) lið þessarar greinar, í minni hæð en 500 fet (150 m) yfir láði eða legi.

Lágmarksskýjahæð til flugtaks frá flugvöllum utan flugstjórnarsviða, skal vera 700 fet.

3. gr.

Grein 4.5 orðist svo:

Ef um er að ræða sjónflug í láréttu farflugi ofar en 3000 fet (900 m) yfir láði eða legi eða hærra ef hlutaðeigandi ATS-stjórnvald mælir svo fyrir, og með þeim undantekningum, sem um getur í 4.5.1. skal flogið í farflugslagi sem á við feril þess og sýnt er í töflu yfir farflugslög í viðauka C.

Þegar flogið er í 7000 fetum eða neðar skal flogið á loftþrýstingi miðað við meðalsjávarmál (QNH). Þar fyrir ofan skal flogið farflugslagi á 1013.2 hPa (29.92 ins).

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga**

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í júlímánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í ágúst 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ**um (2.) breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.**

1. gr.

Grein 12.2.1 hljóði svo:

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í III. - V., VIII. og X. - XVII. kafla.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu (9.) á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

EFNI INN – nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út- fl.leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um áv. og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Alpha-methylthiofentanyllum	N I+IV	x		
Beta-hydroxyfentanyllum	N I+IV	x		
Beta-hydroxy-3-methylfentanyllum	N I+IV	x		
4-methylaminorex	P I	x		
3-methylthiofentanyllum	N I+IV	x		
N-ethyl MDA	P I	x		
N-hydroxy MDA	P I	x		
Para-fluorofentanyllum	N I+IV	x		
Thiofentanyllum	N I+IV	x		

2. gr.

Eftirfarandi breyting skal gerð á lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

EFNI INN – nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út- fl.leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um áv. og fíkniefni nr. 65/1974 og 2.gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Míðazolannum	P IV			5)9(75 g))

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi 1. október 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1990

Nr. 336

912

10. ágúst 1990

REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð nr. 586 19. desember 1989,
um veiðar á úthafsrækju 1990.**

1. gr.

Rækjuafلامark einstakra rækjuveiðiskipa sem úthlutað var á grundvelli 4.–6. gr. reglugerðar nr. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990 skal hækka um 10%. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar getur heildarrækjuafli á árinu 1990 orðið 24.000 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 337

1. ágúst 1990

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 162, 4. apríl 1990, um námskeið fyrir
löggilta vigtarmenn.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig: Fram til 1. apríl 1991 er Löggildingarstofunni heimilt að veita starfandi löggiltum vigarmönnum undanþágu til þess að starfa sem slíkir, hafi þeir eigi átt þess kost að komast á námskeið í samræmi við framangreind ákvæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 60, 3. nóvember 1915 um löggilta vigtarmenn til þess að öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 1. ágúst 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um útgáfu á 1. flokki húsbrefa 1990 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 1. flokk húsbrefa 1990. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 1. flokki 1990, skal vera að hámarki 2 500 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í þremur undirflokkum a, b, c. Í undirflokki a skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 500 000,00, í undirflokki b kr. 50 000,00 og í undirflokki c kr. 5 000,00. Vextir í 1. flokki 1990 eru 5,75% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtinga- blaði nr. 19 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala ágústmánaðar 1990.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. ágúst 1990, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. ágúst 1990.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. nóvember 1991. Húsbrefaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. ágúst 1991. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Númer útdreginna húsbrefa svo og númer áður útdreginna, ógreiddra húsbrefa og greiðslustaður þeirra, skulu birt í Lögbirtinga- blaði og a.m.k. einu dagblaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbref þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, 15. ágúst 2015. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbrefa- deildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fynrast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ**um ríkisábyrgð á launum.**

1. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs á launakröfu og kröfum vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, sbr. a. og d. liði 4. gr. laga nr. 88/1990, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í þrotabú vinnuveitanda eru takmarkaðar hvað fjárhæð varðar með eftirfarandi hætti. Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum, eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði, án tillits til barnafjölda. Hámarksfjárhæðin skal fundin þannig að hæstu dagpeningar atvinnuleysisbóta í þeim mánuði sem gjalddagi kröfu fellur til margfaldast með meðalfjölda vinnudaga í mánuði miðað við eitt almanaksár, þ.e. 21.67, sú niðurstaða sem þannig fæst er síðan margfölduð með þremur.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu á kostnaði er launþegi hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar á hendur vinnuveitanda. Hið sama á við þá er krefjast bóta sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss, eða til þess sem á tilkall til bóta vegna dauðsfalls launþega.

Sá kostnaður sem hér um ræðir og ríkissjóður ábyrgist er tvíþættur. Hafi launþegi hafið lögformlegar innheimtuaðgerðir fyrir gjaldþrot greiðir ríkissjóður sannanlegan kostnað sem launþegi hefur orðið að greiða.

Eftir að bú hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta ábyrgist ríkissjóður eingöngu kostnað launþegans vegna

- a) kröfulýsingar í þrotabú,
- b) greiðslukröfu til ríkissjóðs,
- c) móts í skiptarétti.

3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra ákveðið að fela Tryggingastofnun ríkisins að annast meðferð mála vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrotaskipti. Félagsmálaráðherra tekur endanlega ákvörðun um hvort krafa um ríkisábyrgð á launum verði tekin til greina sbr. 11. gr. l. nr. 88/1990.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 88/1990 og öðlast þegar gildi. Reglugerðin tekur til krafna í bú, sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta eftir 28. febrúar 1990. Jafnframt er úr gildi felld 11. gr. rg. nr. 9/1980 um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og rg. nr. 247/1990 um ríkisábyrgð á launum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

7. ágúst 1990

Nr. 340

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

A.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Bugðulæk frá Rauðalæk að Laugalæk og skástæði að vestanverðu á götunni.

Ákvörðun þessi tekur gildi 12. september 1990.

B.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. á ónefndri götu austan Skógarhlíðar nr. 6 verði gert ráð fyrir akstri SVR frá Skógarhlíð að Bústaðavegi. Við Bústaðaveg verði komið fyrir slá með opnunarbúnaði fyrir SVR.
2. einstefna verði á ónefndri götu norðvestan við Vatnsmýrarveg nr. 37 frá Skógarhlíð að hægribeygjurampa milli Bústaðavegar og Vatnsmýrarvegar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 23. ágúst 1990.

C.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. á Bústaðavegi vestan Kringlumýrarbrautar verði hámarkshraði 60 km á klukkustund.
2. hámarkshraði á Miklubraut vestan Kringlumýrarbrautar og á Hringbraut austan Bjarkar-götu verði 60 km á klukkustund.

Ákvörðun þessi tekur gildi 23. ágúst 1990.

D.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin

1. einstefna á Sólvallagötu frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg með skástæðum að sunnanverðu.

2. einstefna á Sólvallagötu frá Framnesvegi að Bræðraborgarstíg með skástæðum að sunnarverðu.
3. einstefna á Vesturvallagötu frá Hringbraut að Holtsgötu með skástæðum að austanverðu. Ákvörðun þessi tekur gildi 22. ágúst 1990.

E.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að setja einstefnu á Freyjugötu frá Njarðargötu að Mímisvegi og frá Barónsstíg að Mímisvegi, með skástæðum að norðanverðu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 21. ágúst 1990.

F.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. setja einstefnu á Miðstræti frá Skálholtsstíg að Bókhöndustíg og að samsíða bílastæði verði áfram að austanverðu.
2. bann við bifreiðastæðum að vestanverðu verði afnumið á kaflanum gegnt lóðinni nr. 7 við Skálholtsstíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. september 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. ágúst 1990.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið, að eftirfarandi reglur skuli gilda um hámarkshraða á Ísafirði, og breytist VI. kafli í auglýsingu um umferð á Ísafirði nr. 249/1989 til samræmis við það, sbr. og auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum:

1. Frá Bæjarmörkum við Brúðarhamar á Súðavíkurlíð að flugvallarvegi 90 km/klst.
 2. Frá vegamótum við flugvallarveg að þeim meðtöldum að Hafrafellshálsi 70 km/klst.
 3. Frá Hafrafellshálsi að Menntaskólanum á Ísafirði 60 km/klst.
 4. Frá Menntaskólanum á Ísafirði að Hafnarstræti 50 km/klst.
 5. Frá Túngötu um Krók norður fyrir húsið nr. 10 við Hnífsdalsveg 35 km/klst.
 6. Frá Hnífsdalsvegi 10 norður fyrir húsið nr. 35 við Hnífsdalsveg 50 km/klst.
 7. Frá Hnífsdalsvegi 35 að Leiti í Hnífsdal 70 km/klst.
 8. Frá Leiti í Hnífsdal að Búðarvör 35 km/klst.
 9. Frá Búðarvör að bæjarmörkum á Ófæru utan við Seljadal í Óshlíð 70 km/klst.
 10. Á öllum öðrum götum og vegum en að framan greinir 35 km/klst.
- Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 3. ágúst 1990.

Pétur Kr. Hafstein.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1990

22. ágúst 1990

917

Nr. 342

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með kl. 12.00 á hádegi 23. ágúst 1990 eru allar togveiðar bannaðar á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'28 N – 21°46'26 V
2. 66°53'36 N – 20°54'13 V
3. 66°38'33 N – 21°08'26 V
4. 66°36'36 N – 21°35'47 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi frá kl. 12.00 á hádegi 23. ágúst 1990 reglugerð nr. 294, 18. júlí 1990, um bann við togveiðum á Strandagrunni og Reykjafjarðarál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. ágúst 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristján Skarphéðinsson.

14. ágúst 1990

Nr. 343

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ólafsvíkurkaupstað.

1. gr.

Í Ólafsvíkurkaupstað er óheimilt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Bæjarstjórn getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.

B 65

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

3. gr.

Lausaganga hrossa er óheimil í bæjarfélaginu án leyfis bæjarstjórnar, slíkum leyfum skulu fylgja sérstök leyfisbréf er bæjarstjórn gerir. Einnig er öll lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, bönnuð innan girðingar umhverfis Ólafsvíkurkaupstað. Bæjarstjórn er hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með hross um þéttbýli.

4. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Öll óhreinindi frá búfénu (tað o.þ.h.) skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss.

5. gr.

Bæjarstjórn skal veita leyfi til búfjánhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur í meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri að beiðni bæjarstjórnar hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og heimilt er að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins þannig að það valdi tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann að framangreindu, skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.

7. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjánhalds skal greiða árlega leyfisgjald til Ólafsvíkurkaupstaðar. Gjald þetta skal miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar bæjarstjórn ákveður upphæð gjaldsins skal hún hafa til hliðsjónar þann kostnað sem bæjarsjóður þarf að greiða vegna búfjánhalds í bæjarfélaginu, svo sem vörslu lands, kostnað við smölun o.fl. Gjald þetta má ekki verða tekjulind til annarra verkefna bæjarfélagsins.

8. gr.

Bæjarstjórn skal sjá um að búfjánhald girðing sé umhverfis þéttbýli og skipuleggja landsvæði fyrir búfjánhald.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með má út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ólafsvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964 um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1990.

F.h.r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Ellý Guðmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1990

17. júlí 1990

919

Nr. 344

REGLUGERÐ

um skírteini gefin út af Flugmálastjórn.

Efnisyfirlit:

I. ORÐASKÝRINGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Orðaskýringar
- 1.2 Almenn ákvæði

II. REGLUR UM SKÍRTEINI OG ÁRITANIR FLUGMANNA

- 2.1 Almennar reglur um skírteini flugmanna og áritanir
- 2.2 Flugnemi/flugvél og flugnemi/þyrla
- 2.3 Einkaflugmannsskírteini/flugvél
- 2.4 Atvinnuflugmannsskírteini/flugvél
- 2.5 Atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/flugvél
- 2.6 Blindflugsáritun/flugvél
- 2.7 Einkaflugmannsskírteini/þyrla
- 2.8 Atvinnuflugmannsskírteini/þyrla
- 2.9 Atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/þyrla
- 2.10 Blindflugsáritun/þyrla
- 2.11 Flugkennsluáritun/flugvél og flugkennsluáritun/þyrla
- 2.12 Skírteini svifflugmanns
- 2.13 Skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs

III. SKÍRTEINI FLUGLIÐA ANNARRA EN FLUGMANNA

- 3.1 Almennar reglur er varða skírteini flugvélstjóra
- 3.2 Flugleiðsögumaður
- 3.3 Flugvélstjóri

IV. SKÍRTEINI OG ÁRITANIR ANNARRA EN FLUGLIÐA

- 4.1 Flugvéltæknir - II. flokkur
- 4.2 Flugvéltæknir - I. flokkur
- 4.3 Flugumferðarstjóri
- 4.4 Áritanir í skírteini flugumferðarstjóra
- 4.5 Flugumsjónarmaður

V. GERÐ SKÍRTEINA

- 5.1 Skírteini útgefin af Flugmálastjórn

VI. ÁKVÆÐI UM HEILBRIGÐI VEGNA ÚTGÁFU SKÍRTEINA

- 6.1 Heilbrigðisvottorð - almennt
- 6.2 Skilyrði fyrir heilbrigðisvottorði
- 6.3 1. flokks heilbrigðisvottorð
- 6.4 2. flokks heilbrigðisvottorð
- 6.5 3. flokks heilbrigðisvottorð

VII. VIÐBÓTARÁKVÆÐI

- 7.1 Umsókn um veitingu skírteinis
- 7.2 Almenn ákvæði um próf
- 7.3 Framlenging og endurnýjun skírteinis
- 7.4 Gildisaukning skírteinis
- 7.5 Skráning fartíma
- 7.6 Svipting eða ógilding skírteinis

VIII. GILDISTAKA O.FL.

- 8.1 Undanþágur
- 8.2 Ágreiningur
- 8.3 Refsiákvæði
- 8.4 Gildistaka

I. KAFLI

ORÐASKÝRINGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI

1.1

Orðaskýringar.

Pegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Aðstoðarflugmaður (Co-pilot): Flugmaður, sem er handhafi flugskírteinis og hefur hvers konar flugmannsstarf í loftfari, annað en starf flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að njóta flugþjálfunar.

Afkastageta flugvélar (Aeroplane performance): Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar, að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs, við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

AIC (Aeronautical Information Circular): Upplýsingabréf um flugmál.

AIP (Aeronautical Information Publication): Flugmálaláhandbók.

Akstur loftfara (Taxiing): Hreyfingar loftfars með eigin afli um flugvöll, að undanskildu flugtaki og lendingu, en að meðtöldu flugi þyrlna rétt yfir yfirborði flugvallar innan áhrifa frá jörðu og með aksturshraða loftfara, þ.e. flugakstur.

Áritun (Rating): Heimild rituð á skírteini eða fylgiblað sem telst hluti þess og segir til um sérstök skilyrði, réttindi eða takmarkanir, tengd skírteininu.

Atvinnuflutningar (Air transport operations for remuneration or hire): Flutningar með loftförum gegn endurgjaldi í reglubundnu eða óreglubundnu flugi.

Blindflug (IFR-flight): Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugsskilyrði (Instrument meteorological conditions, IMC): Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.

- Blindflugstími** (Instrument flight time): Tími sá sem flugmaður stjórnar loftfari eingöngu eftir mælitækjum án viðmiðunar utan stjórnklefans.
- Blindflugspjálfi** (Basic instrument flight trainer): Sjá nánara flugpjálfi.
- Blindflugsæfingatími á jörðu** (Instrument ground time): Tími sá sem flugmaður æfir blindflug á jörðu niðri í flugpjálfa sem viðurkenndur hefur verið af Flugmálastjórn til slíkrar þjálfunar.
- Eftirlitsflugmaður** (Check-pilot): Flugmaður sem falið er það verkefni að kenna, hafa eftirlit með og prófa færni flugmanna til viðhalds eða til aukningar réttinda þeirra. Eftirlitsflugmaðurinn er tilnefndur af Flugmálastjórn eða af flugrekanda og samþykktur af Flugmálastjórn.
- Einflugstími** (Solo flight time): Fartími sá sem flugnemi er einn í loftfarinu.
- Einkaflug** (Private aviation): Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna, eða til öflunar frekari réttinda, og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Það telst ekki endurgjald þótt aðiljar skipti með sér beinum kostnaði vegna loftfarsins.
- Fartími** (Flight time): Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.
- Aths.: Fartími, eins og hann er skilgreindur hér, er reiknaður frá því að loftfarið fer af hlaði brottfararstaðar þar til það stöðvast á hlaði ákvörðunarstaðar.
- Fartími í svifflugi** (Glider flight time): Allur fartíminn, hvort sem sviffluga er í togi eða ekki, frá því að hún hreyfist af stað í flugtaki þar til hún stöðvast að afloknu flugi.
- Fartími með kennara** (Dual instruction time): Fartími sá sem einhver nýtur flugkennslu í loftfari hjá flugmanni með tilskilin réttindi.
- Fjarleiðsaga** (Radio navigation): Öll notkun þráðlausra fjarskipta til að ákvarða staðsetningu, fá upplýsingar um stefnu og til að vara við hindrunum eða hættum.
- Flugaðferðapjálfi** (Flight procedures trainer): Sjá nánara flugpjálfi.
- Flugáætlun** (Flight plan): Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug eða hluta þess, látnar flugumferðarþjónustudeild í té.
- Flugbraut** (Runway): Afmarkað rétthyrnt svæði á flugvelli, gert til flugtaks og landingar loftfara.
- Flugbrautarskyggni** (Runway visual range): Fjarlægð þaðan sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur séð yfirborðsmerkingar flugbrautarinnar eða ljós þau sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar.
- Flughandbók loftfars** (Aircraft Flight Manual): Handbók sem tengd er lofthæfiskírteininu, þar sem tilgreint er innan hvaða marka loftfarið er talið lofthæft og þar sem gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugliða um örugga starfrækslu loftfarsins.
- Flughermir** (Flight simulator): **Sjá nánara flugpjálfi.**
- Flughæð** (Altitude): Lóðrétt fjarlægð láréttis lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).
- Fluglag** (Flight level): Flötur með jöfnum loftþrýstingi sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013.2 Hektopasköl (hPa) (1013.2 mb) og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

- Flugliði** (Flight crew member): Ahafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við stjórn og starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.
- Flugmálalhandbók** - AIP (Aeronautical Information Publication - AIP): Bók, sem gefin er út af Flugmálastjórn ríkis eða á hennar vegum og í eru varanlegar upplýsingar um flug, nauðsynlegar fyrir flugleiðsögu.
- Flugrekandi** (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.
- Flugstjóri** (Pilot-in-command): Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.
- Flugtími** (Time in service): Sá hluti fartíma sem liður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta landingarstað.
- Flugturn** (Aerodrome control tower): Deild sem veitir flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu.
- Flugumferðarstjóri** með tilskilin réttindi (Rated air traffic controller): Flugumferðarstjóri sem er handhafi skírteinis með gildri áritun fyrir viðeigandi störf.
- Flugumferðarþjónustudeild** (Air traffic services unit): Almenn hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.
- Flugvél** (Aeroplane): Vélknúid loftfar þyngra en loft sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.
- Flugverji** (Crew member): Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.
- Flugþjálfari** (Synthetic flight trainer): Sameiginlegt nafn á eftirtöldum þremur gerðum tækja á jörðu þar sem líkt er eftir flugaðstæðum:
- Blindflugspjálfi** (Basic instrument flight trainer) sem búinn er viðeigandi mælitækjum til að líkja eftir aðstæðum í stjórnrymi loftfars á flugi í blindflugsskilyrðum.
 - Flugaðferðarþjálfari** (Flight procedures trainer) sem gefur raunhæfa mynd af stjórnrymi þar sem líkja má eftir viðbrögðum mælitækja og stjórn á vélrænum kerfum, rafmagns- og rafeindakerfum, svo og öðrum kerfum, ásamt getumörkum og flugeiginleikum loftfars af tilteknum flokki.
 - Flughermir** (Flight simulator) sem gefur svo nákvæma mynd af stjórnrymi tiltekinnar tegundar loftfars að stjórn vélrænna kerfa, rafmagns- og rafeindakerfa, svo og annarra kerfa, líkist í raun réttir því sem er í þessari tegund loftfars. Enn fremur líkjast umhverfi flugliða, getumörk loftfarsins og flugeiginleikar á sama hátt.
- Flugþjónustuleið** (ATS route): Tiltekin leið sem flugumferð er beint eftir, svo sem nauðsynlegt þykir þegar flugumferðarþjónusta er veitt.
- Fullgilding skírteinis** (Rendering a licence valid): Gildistaka skírteinis, sem gefið hefur verið út af öðru aðildarríki, í stað útgáfu sérstaks íslensks skírteinis.
- Gildandi flugáætlun** (Current flight plan): Flugáætlun með þeim breytingum sem á henni kunna að hafa verið gerðar með flugheimildum.

- Grannskoðun** (Overhaul): Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og hafa í för með sér að talning flugtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.
- Heilbrigðisvottorð** (Medical Assessment): Staðfesting útgefin af Flugmálastjórn þess efnis að skírteinishafi fullnægi tilgreindum heilbrigðiskröfum. Það er gefið út eftir að Flugmálastjórn hefur metið skýrslu trúnaðarlæknis sem skoðaði umsækjanda.
- Hæð** (Height): Lóðrétt fjarlægð láréttis lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.
- ICAO** (International Civil Aviation Organization): Alþjóðaflugmálastofnunin.
- IFR** (Instrument flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsreglur.
- ILS** (Instrument landing system): Blindlendingarkerfi.
- IMC** (Instrument meteorological conditions): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsskilyrði.
- Kennsluflug** (Instructional flying): Kennsluflug er það þegar loftfar er notað við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.
- Landflug** (Cross-country flight): Flug til fyrirfram ákveðins staðar, þar sem hugsanlega er lent, og farið er einkum til þess að afla reynslu í flugleiðsögu.
- Leiðarflug** (En-route flight): Sá hluti flugs milli áfangastaða sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.
- Leiðarflugáætlun** (Operational flight plan): Áætlun flugrekanda um öruggan framgang flugsins, gerð með hliðsjón af getumörkum loftfarsins, öðrum rekstrartakmörkunum og þeim skilyrðum sem skipta máli og búast má við á leið þeirri, sem fara á, og á hlutaðeigandi flugvöllum.
- Leiguflug** (Charter flight): Með leiguflugi er átt við óreglubundið flug til flutnings á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa 5700 kg eða meira eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.
- Loftbelgur** (Balloon): Loftfar sem er léttara en loft, og ekki er vélknúið. Aths.: Í þessari reglugerð á loftbelgur aðeins við um frjálsan loftbelg.
- Loftbraut** (Airway): Flugstjórnarsvæði eða hluti þess í gervi loftganga sem markað er flugvitum.
- Loftfar** (Aircraft): Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.
- Loftfar léttara en loft** (Lighter-than-air aircraft): Sérhvert loftfar sem helst uppi aðallega fyrir tilverknad flotkrafta sinna í lofti.
- Loftfarsgerð** (Aircraft - category): Flokkun loftfara eftir grundvallareiginleikum, svo sem flugvél, sviffluga, þyrta, frjáls loftbelgur o.s.frv.
- Loftfar skráð fyrir starfrækslu eins flugmanns** (Aircraft certificated for single-pilot operation): Tegund loftfars sem Flugmálastjórn hefur viðurkennt að hægt sé að starfrækja af öryggi með einum flugmanni.
- Loftfarstegund** (Aircraft - type of): Öll loftför, hönnuð á sama hátt í grundvallaratriðum, með þeim breytingum sem á þeim kunna að hafa verið gerðar svo fremi að þær hafi ekki haft í för með sér breytta flugeiginleika.

- Lofftar þyngra en loft** (Heavier-than-air aircraft): Sérhvert loftfar sem fær lyftikraft sinn á flugi aðallega frá loftkröftum.
- Meðalloft** (Standard atmosphere): Alþjóðlega skilgreint meðalástand lofthjúps jarðar.
- NOTAM** (Notices to airmen): Tilkynning sem nauðsynlegt er að berist sem fyrst til þeirra aðilja, sem flugstörf stunda, og hefur að geyma upplýsingar um uppsetningu, ástand eða breytingu á hvers konar flugbúnaði, þjónustu eða starfsháttum, svo og um hættur eða hindranir.
- Nótt** (Night): Sá tími sem miðpunktur sólar er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.
- Óreglubundið flug** (Non-Scheduled Flights): Með óreglubundnu flugi er átt við leiguflug, þjónustuflug og kennsluflug.
- PAR** (Precision approach radar): Nákvæmnisratsjá.
- PFT** (Proficiency flight test/training): Hæfniflugpróf/þjálfun sem Flugmálastjórn hefur viðurkennt til þess að viðhalda eða öðlast á ný viss réttindi tengd skírteinum samkvæmt þessari reglugerð.
- PPI** (Plan position indicator): Hringjá.
- PT** (Proficiency test/training): Hæfnipróf/þjálfun, sem Flugmálastjórn hefur viðurkennt, til þess að viðhalda eða öðlast á ný viss réttindi tengd skírteinum samkvæmt þessari reglugerð.
- Rafeindabúnaður loftfara** (Aircraft avionics): Sérhvert rafeindatæki, sem notað er í loftförum, að meðtöldum rafmagnsbúnaði þess. Þar er meðtalin fjarskiptabúnaður, einnig sjálfstýribúnaður og mælakerfi sem raf-eindatækni er notuð við.
- Ríki flugrekanda** (State of Operator): Ríki þar sem flugrekandinn hefur aðaladsetur flugrekstrar síns, eða ef slíkur staður er ekki til, þá fast heimilisfang.
- RVR** (Runway visual range): Flugbrautarskyggni.
- Sjónflug** (VFR-flight): Flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR).
- Skírteinishafi** (Licenced airman): Handhafi skírteinis sem Flugmálastjórn hefur gefið út eða viðurkennt og veitir honum réttindi til þess að starfa í loftfari eða við það, eða við störf sem tengjast starfrækslu þess.
- Skírteinisstjórnvald** (Licensing authority): Það stjórnvald sem aðildarríki hefur tilnefnt til útgáfu skírteina. Hér á landi Flugmálastjórn/loftferðaefirlit. Í þessari reglugerð er litið svo á að aðildarríki hafi falið skírteinisstjórnvaldi ábyrgð á eftirfarandi:
- mat á hæfni umsækjanda til að fá í hendur skírteini eða áritun
 - útgáfu skírteina og áritana
 - tilnefningu og leyfisveitingu viðurkenndra einstaklinga
 - viðurkenningu námskeiða
 - viðurkenningu á notkun flugþjálfara og veitingu leyfa til að nota þá til að öðlast reynslu og sýna þá hæfni sem krafist er vegna útgáfu skírteinis eða áritunar, og
 - fullgildingu skírteina sem gefin eru út af öðru aðildarríki ICAO
- Skráð flugáætlun** (Filed flight plan): Flugáætlun sem flugmaður eða tilnefndur fulltrúi hans hefur skráð hjá flugumferðarþjónustudeild án breytinga sem seinna kunna að hafa verið gerðar á henni.
- Skráningarríki** (State of Registry): Ríkið sem hefur loftfarið á loftfaraskrá sinni.

- Skyggni** (Visibility): Skilyrði til að sjá og greina áberandi óupplýsta hluti að degi til og áberandi upplýsta hluti að næurlagi. Skilyrðin markast af ástandi andrúmsloftsins og eru tilgreind í fjarlægðareiningum.
- Skýjahæð** (Ceiling): Sú hæð frá yfirborði jarðar upp að neðra borði lægsta skýjalags, neðan við 20000 fet (6000 m), sem þekur meira en helming himinhvolfins.
- SRE** (Surveillance radar element): Stefningarratsjá.
- Staðfesta lofthæfi** (Certify as airworthy): Að staðfesta það að loftfar, eða hluti þess, fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.
- Stefna** (Heading): Stefna sú, sem langás loftfars vísar í, venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttstefna, segulstefna, kompásstefna eða netstefna).
- Stjórnað flug** (Controlled flight): Flug sérhvers loftfars sem veitt er flugstjórnarþjónusta.
- Stjórnað sjónflug** (Controlled VFR flight): Stjórnað flug í samræmi við sjónflugsreglur.
- Stýra loftfari** (Pilot): Að handfjalla stjórnun loftfars meðan á fartíma stendur.
- Sviffluga** (Glider): Loftfar, sem ekki er vélknúð, þyngra en loft, og haldist getur á flugi aðallega vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.
- Undirrita viðhaldsvottorð** (Sign a maintenance release): Að votta að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim, sem viðhaldshandbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð.
- Vallarskyggni** (Ground visibility): Skyggni á flugvelli tilkynnt af viðurkenndum athuganda.
- Verkflug** (Aerial work): Sérstök flugstarfsemi framkvæmd með loftförum í atvinnuskyni, aðallega í landbúnaði, byggingarvinnu, við ljósmyndun og ýmiss konar kannanir úr lofti. Hér er þó ekki átt við atvinnuflutninga eins og þeir eru skilgreindir í „reglugerð um flugrekstur“ og viðbæti 6, I. hluta, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6, Part I.
- VFR** (Visual flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um sjónflugsreglur.
- VHF** (Very high frequency): Örtíðni.
- Viðurkennd viðhaldsstofnun** (Approved maintenance organization): Stofnun sem fengið hefur samþykki Flugmálastjórnar til að skoða, grannskoða, viðhalda, gera við og/eða breyta loftförum eða hluta þeirra undir umsjón sem viðurkennd er af Flugmálastjórn og/eða flugmálastjórn hlutaðeigandi lands.
- Viðurkennd þjálfun** (Approved training): Þjálfun samkvæmt ákveðinni námsskrá og undir umsjón sem samþykkt er af Flugmálastjórn.
- Viðurkennt lækni-fræðilegt mat** (Accredited medical conclusion): Niðurstaða sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af Flugmálastjórn, hafa komist að í tilteknu tilviki. Samráð má hafa, þegar þurfa þykir í slíku máli, við sérfræðinga í flugrekstri eða á öðrum sviðum.
- Voka** (Hover): Að fljúga (venjulega í lítilli hæð yfir jörðu) þannig, að loftfarið sé í kyrrstöðu miðað við yfirborð jarðar.

Þjónustufflug: Hvers konar flug í atvinnuskyni sem ekki verður skilgreint sem reglubundið áætlunarflug, leiguflug eða kennsluflug, svo sem flug með farþega og vörur í loftförum sem gerð eru fyrir 9 farþega eða færri, fræsáningar- og áburðarflug, mælinga- og könnunarflug, sjúkra- og neyðarflug, leitar- og björgunarflug, ljósmyndaflug og auglýsingaflug.

Þyrilvængja (Rotorcraft): Loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna lyftikrafts sem einn eða fleiri þyrilar framleiða.

Þyrila (Helicopter): Þyrilvængja sem heldur láréttu flugi aðallega fyrir tilverkn- að hreyfíknúinna þyrila.

1.2

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett um veitingu skírteina til aðilja sem hér eru taldir:

a) Fluglíðar

- flugnemaskírteini/flugvél og flugnemaskírteini/þyrila
- einkaflugmannskírteini/flugvél
- atvinnuflugmannsskírteini/flugvél
- atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/flugvél
- einkaflugmannskírteini/þyrila
- atvinnuflugmannsskírteini/þyrila
- atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/þyrila
- skírteini svifflugmanns
- skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs
- skírteini flugvélstjóra

b) Aðrir en fluglíðar

- skírteini flugvéltæknis – II. flokkur
- skírteini flugvéltæknis – I. flokkur
- skírteini flugumferðarstjóra
- skírteini flugumsjónarmanns

1.2.1

Starfsréttindi.

Ekki mega aðrir takast á hendur þau störf í íslenskum loftförum eða hér á landi og um getur í þessari reglugerð en handhafar gilds skírteinis samkvæmt henni.

1.2.2

Hvernig fullgilda skal skírteini.

1.2.2.1

Þegar skírteini, sem er gefið út af öðru aðildarríki ICAO, er tekið gilt í stað þess að gefa út íslenskt skírteini skal það fullgilt með sérstakri staðfestingu sem fylgja skal skírteininu. Slík fullgilding skal aldrei gilda lengur en skírteinið sjálft.

1.2.2.2

Flugmannsskírteini, sem gefið er út af aðildarríki ICAO, samkvæmt ICAO viðbæti 1, gildir innan sinna marka til einkaflugs í loftförum skráðum á Íslandi.

1.2.2.3

Skírteini svifflugmanns, einkaflugmannsskírteini, atvinnuflugmannsskírteini, atvinnuflugmannsskírteini I. flokks, skírteini flugvélstjóra og skírteini flugvéltæknis, sem gefið er út í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, gildir innan sinna marka að því er varðar loftför skráð á Íslandi.

1.2.3

Réttindi skírteinishafa.

Skírteinishafa er ekki heimilt að neyta annarra réttinda en þeirra sem skírteinið veitir.

1.2.4 Heilbrigðisskilyrði.

Til þess að fullnægja kröfum um heilbrigði, sem gerðar eru vegna útgáfu mismunandi skírteina, verður umsækjandi að standast tilteknar víðeigandi heilbrigðiskröfur sem eru greindar í þrjá flokka heilbrigðisvottorða. Nánari skilgreining er gefin í gr. 6.2, 6.3, 6.4 og 6.5. Til staðfestingar því að fullnægt sé kröfum í gr. 1.2.4.1 gefur Flugmálastjórn út til handhafa skírteinis heilbrigðisvottorð 1. flokks, 2. flokks eða 3. flokks, eftir því sem við á.

1.2.4.1 Umsækjandi um skírteini skal, þegar þess er krafist samkvæmt þessari reglugerð, vera handhafi heilbrigðisvottorðs sem er gefið út í samræmi við ákvæði þau sem tilgreind eru í VI. kafla.

1.2.4.2 Gildistími heilbrigðisvottorðs skal hefjast daginn sem það er gefið út og vera í samræmi við ákvæði greinar 1.2.5 þannig að það gildi til enda almanaksánaðar.

1.2.4.3 Með þeirri undantekningu, sem getur í gr. 1.2.5.2.3, skulu flugliðar eða flugumferðarstjórar ekki neyta réttinda skírteina sinna nema þeir séu handhafar heilbrigðisvottorðs sem er í gildi og á við skírteini þeirra, réttindi og áritanir.

1.2.4.4 Flugmálastjórn tilnefnir hæfa trúnaðarlækna til að kanna heilsufar umsækjenda vegna útgáfu eða endurnýjunar á skírteinum eða áritunum sem tilgreind eru í II. og III. kafla og á víðeigandi skírteinum í IV. kafla. Skrá um trúnaðarlækna Flugmálastjórnar er að finna í AIC og upplýsingar fást einnig hjá Flugmálastjórn/loftferðaeftirliti.

1.2.4.4.1 Trúnaðarlækna skulu hafa fengið eða skulu fá þjálfun í fluglæknisfræði.

1.2.4.4.2 Trúnaðarlækna skulu afla sér þekkingar á og reynslu af því umhverfi þar sem handhafar atvinnuskírteina og áritana þeirra vinna störf sín.

1.2.4.5 Umsækjendur um skírteini eða áritanir, þar sem fyrirmæli eru um líkams-hreysti, skulu láta trúnaðarlækni í té undirritaða yfirlýsingu um hvort þeir hafi áður gengið undir þess konar skoðun og þá hver niðurstaðan hafi orðið.

1.2.4.5.1 Nú reynist yfirlýsing, sem umsækjandi hefur látið trúnaðarlækni í té, röng og skal það þá tilkynnt Flugmálastjórn og skírteinisstjórnvaldi því sem gaf út viðkomandi skírteini, ef það er ekki íslenskt, þannig að hægt verði að gera víðeigandi ráðstafanir.

1.2.4.6 Þegar trúnaðarlæknir hefur lokið læknisskoðun á umsækjanda í samræmi við VI. kafla skal hann senda Flugmálastjórn undirritaða skýrslu sína, í samræmi við kröfur hennar, þar sem gerð er nákvæm grein fyrir niðurstöðum skoðunar hans.

1.2.4.6.1 Ef skoðunin er framkvæmd af tilkvöddum hópi lækna skal Flugmálastjórn tilnefna formann, sem ábyrgur er fyrir samræmingu á niðurstöðum skoðunarinnar, og skrifar hann undir skýrsluna.

1.2.4.7 Flugmálastjórn skal leita ráða hjá trúnaðarlæknum sínum þegar nauðsynlegt er að meta skýrslur sem Flugmálastjórn berast frá öðrum læknum.

1.2.4.8 Ef heilbrigðiskröfum, sem lýst er í VI. kafla, að því er varðar tiltekið skírteini, er ekki fullnægt skal víðeigandi heilbrigðisvottorð ekki gefið út né endurnýjað nema eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) Viðurkennt læknisfræðilegt mat feli í sér að við sérstakar aðstæður geti umsækjandi neytt réttinda sinna, þó að hann standist ekki kröfur, hvort sem þær eru tilgreindar í tölum eða á annan hátt, enda sé ekki líklegt að flugöryggi sé stefnt í hættu;

b) höfð hafi verið full hliðsjón af starfsumhverfi, hæfni, færni og reynslu umsækjanda sem máli skipta, og

- c) skírteinið skal áritað með sérstakri takmörkun eða takmörkunum þegar öruggr framkvæmd skyldustarfa skírteinishafa er háð slíkum takmörkunum.
- 1.2.4.9 Ef trúnaðarlæknir telur sig ekki geta metið heilsufar umsækjanda nema aflað sé frekari upplýsinga er umsækjanda skylt að gangast undir þá viðbótarrannsókn sem trúnaðarlæknir telur nauðsynlega.
- 1.2.4.10 Sætti umsækjandi sig ekki við niðurstöður læknisskoðunar getur hann, áður en 14 dagar eru liðnir, leitað úrskurðar þriggja manna nefndar sem í eiga sæti trúnaðarlæknir samgönguráðuneytis, trúnaðarlæknir hagsmunafélags umsækjanda, eða læknir tilnefndur af honum, ef téður umsækjandi er ófélagsbundinn, og læknir tilnefndur af landlækni.
- 1.2.5 **Gildi skírteina.**
- 1.2.5.1 Þegar ákvæðum VII. kafla er fullnægt gefur Flugmálastjórn út eða endurnýjar skírteini til allt að fimm ára í senn, miðað við lok þess mánaðar þegar útgáfa eða endurnýjun á sér stað. Handhafa skírteinis er eigi heimilt að neyta réttinda þeirra, sem skírteinið og/eða áritanir þess veita, nema hann hafi haldið við hæfni sinni og fullnægt sé ákvæðum laga og reglugerða er varða heilbrigðis-kröfur, nýlega reynslu og hæfnipróf, enda er skírteinið og áritanir þess eigi í gildi ef þess er ekki gætt.
- 1.2.5.1.1 Sannreyna má áframhaldandi hæfni flugliða sem starfa í atvinnuflutningum með því að þeir sýni hæfni sína í samræmi við ákvæði reglugerðar um flugrekstur nr. 381/1989 með áorðnum breytingum og/eða viðbæti 6 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6. Staðfesta má áframhaldandi hæfni flugliða í skrár flugrekanda eða flugdagbók flugliðans. Prófa má áframhaldandi hæfni flugliða í flugþjálfva viðurkenndum af Flugmálastjórn, að því marki sem Flugmálastjórn samþykkir.
- 1.2.5.1.1.1 Skírteini sem gefið hefur verið út samkvæmt fyrri reglugerð um sama efni, en ekki er lengur gert ráð fyrir samkvæmt þessari reglugerð, verður ekki endurnýjað og gildir eigi lengur en til 15. nóvember 1994. Skírteini þau og áritanir, sem hér er um að ræða, eru:
- a) Skírteini atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél.
 - b) Skírteini flugradíómanns.
 - c) Áritun fyrir stjórnað sjónflug.
 - d) Flugkennsluáritun fyrir svifflugur og frjálsa loftbelgi.
- 1.2.5.1.1.2 Skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél eða þyrlla, sem gefið hefur verið út samkvæmt fyrri reglugerð um sama efni, en ekki er lengur gert ráð fyrir samkvæmt þessari reglugerð, gildir áfram innan sinna marka í samræmi við ákvæði fyrri reglugerðar en þó eigi lengur en til 15. nóvember 1994.
- 1.2.5.2 Með þeim undantekningum, sem um getur í gr. 1.2.5.2.1, 1.2.5.2.2 og 1.2.5.2.3, skal heilbrigðisvottorð endurnýjað samkvæmt gr. 1.2.4.5 og 1.2.4.6 á ekki lengri fresti en hér segir:
- 24 mánaða fyrir skírteini flugnema/flugvél
 - 24 mánaða fyrir skírteini einkaflugmanns/flugvél
 - 12 mánaða fyrir skírteini atvinnuflugmanns/flugvél
 - 12 mánaða fyrir skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél
 - 24 mánaða fyrir skírteini flugnema/þyrlla
 - 24 mánaða fyrir skírteini einkaflugmanns/þyrlla
 - 12 mánaða fyrir skírteini atvinnuflugmanns/þyrlla
 - 12 mánaða fyrir skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/þyrlla

24 mánaða fyrir skírteini sviffflugmanns
 24 mánaða fyrir skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs
 12 mánaða fyrir skírteini flugvélstjóra
 24 mánaða fyrir skírteini flugumferðarstjóra

1.2.5.2.1 Þegar handhafar atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/flugvél og handhafar atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrla hafa náð 40 ára aldri styttist 12 mánaða tímabil það, sem greinir í gr. 1.2.5.2, í 6 mánuði.

1.2.5.2.2 Þegar handhafar hafa náð 40 ára aldri styttist 24 mánaða tímabil það, er greinir í gr. 1.2.5.2, sem gildir fyrir handhafa flugnemaskírteinis/flugvél og flugnema-skírteinis/þyrla, einkaflugmannsskírteinis/flugvél, einkaflugmannsskírteinis/þyrla, skírteini sviffflugmanns, skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs og skírteinis flugumferðarstjóra, í 12 mánuði og 12 mánaða tímabil það, er greinir í gr. 1.2.5.2, sem gildir fyrir skírteini handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél og atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla, styttist í 6 mánuði.

1.2.5.2.3 **Hvenær fresta má læknisskoðun.**

Með sérstakri undanþágu Flugmálastjórnar hverju sinni og samkvæmt skriflegri umsókn skírteinishafa má fresta endurnýjun læknisskoðunar skírteinishafa sem er að störfum fjarri aðsetri trúnaðarlæknis Flugmálastjórnar. Slíkan frest skal þó ekki veita nema sérstaklega standi á. Fyrir eftirtalda skírteinishafa skal hún ekki vera lengri en:

- a) Eitt sex mánaða tímabil ef um er að ræða flugliða loftfars sem ekki starfar í atvinnuflugi.
- b) Tvö þriggja mánaða tímabil samfleytt ef um flugliða í atvinnuflugi er að ræða, að því tilskildu að fyrir bæði tímabilin fái skírteinishafi fullnægjandi vottorð frá lækni sem tilnefndur er, samkvæmt gr. 1.2.4.4, af því ríki innan ICAO þar sem umsækjandi er staddur, eða ef slíkur læknir er ekki tiltækur, lækni með lækningaleyfi sem starfar á því svæði. Skýrsla um læknisskoðunina skal send Flugmálastjórn.
- c) Eitt tímabil, ekki lengra en 24 mánuðir, þegar skoðunin er gerð af lækni sem tilnefndur er, samkvæmt gr. 1.2.4.4, af því ríki innan ICAO þar sem umsækjandi er staddur. Þetta á þó aðeins við ef einkaflugmaður á í hlut. Skýrsla um læknisskoðunina skal send Flugmálastjórn.

1.2.6 **Heilsubrestur um stundarsakir.**

1.2.6.1 Skírteinishafar skulu ekki neyta réttinda þeirra, sem skírteinið og áritanir í það veita, ef þeir verða þess varir að heilsu þeirra hafi hrakað svo að óvíst sé að þeir geti neytt réttinda skírteinisins á öruggan hátt, sbr. einnig gr. 7.6.4.

1.2.7 **Viðurkennd þjálfun.**

1.2.7.1 Hæfni umsækjanda, sem hlotið hefur viðurkennda þjálfun, skal eigi vera minni en hæfni sú sem hann hefði náð með því að fullnægja kröfum um lágmarksreynslu. Kröfum, sem gerðar eru til skírteinishafa, er unnt að fullnægja auðveldar og skjótar af þeim umsækjendum sem taka þátt í vel stjórnudum, skipulögðum, samfelldum þjálfunarnámskeiðum samkvæmt fyrirfram ákveðnum námskrám (AB INITIO þjálfunarnámskeið, sbr. ICAO Doc 9401-AN/921 „Manual on Establishment and Operation of Aviation Training Centers“). Því hefur verið gert ráð fyrir minnkun krafna um reynslu til útgáfu vissra skírteina og áritana í þessari reglugerð fyrir umsækjanda sem hefur á fullnægjandi hátt lokið slíku námskeiði.

- 1.2.8 **Almennt.**
- 1.2.8.1 Handhafi skírteinis skal alltaf hafa það í sinni vörslu þegar hann er að störfum og sýna hlutaðeigandi yfirvöldum þegar þess er krafist.
- 1.2.8.2 Til þess að mega nota talstöðvar skulu skírteinishafar enn fremur afla sér sérstakra skírteina sem Póst- og símamálastofnun gefur út í því skyni.
- 1.2.8.3 Handhafa skírteinis flugmanns er skylt að vera áskrifandi að Flugmálahandbók „AIP Iceland“ eða hafa aðgang að henni hjá atvinnurekanda sínum.

II. KAFLI

REGLUR UM SKÍRTEINI OG ÁRITANIR FLUGMANNA

2.1 Almennar reglur um skírteini flugmanna og áritanir.

2.1.1 Almenn lýsing skírteinis.

2.1.1.1 Enginn má starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í eftirfarandi gerðum loftfara nema hann sé handhafi flugmannsskírteinis, sem gefið er út í samræmi við ákvæði þessarrar reglugerðar, fyrir:

- flugvél,
- þyrlu,
- svifflugú,
- frjálstan loftbelg.

2.1.1.2 Gerð loftfars skal koma fram í skírteinistitlinum eða skráð sem gerðaráritun í skírteinið.

2.1.1.2.1 Þegar handhafi flugskírteinis sækir um skírteini fyrir loftfarsgerð til viðbótar skal Flugmálastjórn annaðhvort:

- a) gefa út viðbótarskírteini til handa skírteinishafanum fyrir þessa gerð loftfara, eða
- b) skrá í upphaflega skírteinið nýju gerðaráritunina, miðað við skilyrði í gr. 2.1.2.

2.1.1.3 Áður en umsækjandi er veitt flugskírteini eða áritun skal hann standast þær kröfur um aldur, þekkingu, reynslu, flugnám, færni, heilbrigði, reglusemi og ríkisfang sem tilgreindar eru fyrir viðeigandi skírteini eða áritun.

2.1.1.3.1 Umsækjandi flugskírteinis eða áritunar skal sýna fram á hæfni sína og þekkingu eins og tilgreint er fyrir viðeigandi skírteini eða áritun. Er það gert með prófum, bóklegum og/eða verklegum, þ.m.t. hæfniprófum (PFT) hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða hjá aðiljum sem tilnefndir hafa verið eða samþykktir af Flugmálastjórn.

2.1.2 Gerðaráritanir.

2.1.2.1 Gerðaráritanir skulu vera fyrir þær gerðir loftfara sem taldar eru í gr. 2.1.1.1.

2.1.2.2 Gerðaráritun skal ekki skrá í skírteini ef gerðin er skráð í fyrirsögn skírteinisins.

2.1.2.3 Þegar viðbótargerðaráritun er skráð í skírteini flugmanns skal koma fram hvaða réttindi gerðaráritunin veitir skírteinishafanum.

2.1.2.4 Handhafi flugskírteinis, sem sækir um viðbótargerðaráritun, skal fullnægja skilyrðum þessarar reglugerðar í samræmi við réttindi sem gerðaráritunin veitir.

2.1.3 Flokks- og tegundaráritanir.

2.1.3.1 Flokksáritanir skulu gilda fyrir flugvélar sem skráðar eru til starfrækslu með einum flugmanni. Þær eru:

- a) einshreyfils landflugvél,
- b) einshreyfils sjóflugvél,
- c) fjölhreyfla landflugvél,
- d) fjölhreyfla sjóflugvél,

en ekkert er því til fyrirstöðu að gefa út annars konar flokksáritanir á svipaðan hátt og að ofan greinir.

2.1.3.1.1 Fyrir fyrstu flokksáritun skal umsækjandi sanna kunnáttu sína í ensku að því marki að hann geti lesið og skilið sér til gagns flughandbækur hlutaðeigandi flugvéla.

2.1.3.2 Tegundaráritanir gilda fyrir:

- a) hverja tegund loftfars sem skráð er til starfrækslu með áhöfn sem í eru a.m.k. tveir flugmenn,
- b) hverja tegund þyrлу, og
- c) hverja tegund loftfars sem Flugmálastjórn telur nauðsynlegt.

2.1.3.3 Þegar umsækjandi hefur sannað hæfni sína til þess að hljóta flugskírteini skulu þær áritanir, sem eiga við gerð, flokk og tegund loftfarsins sem notað var við prófið, skráðar í flugskírteini hans.

2.1.4 Hvenær krefjast skal flokks- og tegundaráritana.

2.1.4.1 Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að starfa án áritunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugvél né þyrлу nema hann hafi fengið staðfestingu á eftirfarandi réttindum:

- a) flokksáritun þá sem við á hverju sinni samkvæmt gr. 2.1.3.1, eða
- b) tegundaráritun þegar þess er krafist eins og gr. 2.1.3.2 kveður á um.

2.1.4.1.1 Þegar gefin er út tegundaráritun, sem takmarkar réttindi handhafa við störf aðstoðarflugmanns, skulu slíkar takmarkanir tilgreindar í árituninni.

2.1.4.2 Ef um sérstakt þjálfunar- eða prófunarflug er að ræða, eða einstakt flug sem ekki er farið í hagnaðarskyni og ekki með farþega, getur Flugmálastjórn gefið skírteinishafa skriflega sérstakt leyfi í stað þess að gefa út flokks- eða tegundaráritun eins og lýst er í gr. 2.1.4.1. Gildistími þessa leyfis skal ekki vera lengri en hlutaðeigandi flugi nemur.

2.1.5 Kröfur sem gerðar eru til útgáfu flokks- og tegundaráritunar.**2.1.5.1 Flokksáritun.**

Umsækjandi skal sanna hæfni að því marki sem krafist er til útgáfu skírteinis í þeirri gerð loftfars sem áritunin skal ná til.

2.1.5.2 Tegundaráritun sem krafist er í gr. 2.1.3.2 a).

Umsækjandi skal hafa:

- a) hlotið viðurkennda þjálfun á hlutaðeigandi tegund loftfars, sem feli í sér samhæfða þjálfun á tækni- og flugrekstrarsviði, svo og verklega þjálfun. Fyrir flugstjóra sem sækir um fyrstu réttindi á loftfarstegund, þar sem krafist er tveggja flugmanna, skal sú þjálfun fela í sér stjórnun flugverja, að skipuleggja starfssvið flugverja, svo og skyldur og ábyrgð flugstjóra. Þetta gildir einnig, eftir því sem við á, þótt aðeins sé sótt um tegundaráritun sem aðstoðarflugmaður. Hann skal hafa öðlast reynslu, undir viðeigandi eftir-

liti, í þeirri tegund loftfars og/eða flughermis sem áritun skal ná til á tilteknum sviðum. Sviðin eru þessi:

- edlilegar og hefðbundnar flugaðferðir á öllum stigum flugs,
- neyðarráðstafanir og aðgerðir við óedlilegar aðstæður og ef um bilun eða truflun í tækjabúnaði, svo sem í hreyfli, kerfum eða skrokk er að ræða,
- þar sem við á, blindflugaðferðir, þ.m.t. blindaðflug, fráhrarfsflug og landingaraðgerðir við edlilegar og óedlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, þ.m.t. sviðsett hreyfilbilun,
- hvernig bregðast skal við ef einn eða fleiri flugverjar verða óstarfhæfir og að skipuleggja starfssvið flugverja, þ.m.t. hlutverkaskipting flugmanna. Samvinna flugverja og notkun gátlista,

b) sýnt þá færni og þekkingu sem krafist er til öruggrar starfrækslu hlutaðeigandi tegundar loftfars að því er varðar skyldustörf flugstjóra eða aðstoðarflugmanns eftir því sem við á, og

c) sýnt, áður en þjálfun á nýja loftfarstegund hefst, þekkingu svo sem krafist er af handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks samkvæmt gr. 2.5.1.2 eða 2.9.1.2, eftir því sem við á. Þetta á einnig við þótt aðeins sé sótt um tegundaráritun sem aðstoðarflugmaður.

2.1.5.3 Tegundaráritun eins og lýst er í gr. 2.1.3.2 b) og c).

Umsækjandi skal hafa sýnt þá færni og þekkingu, sem krafist er til öruggrar starfrækslu hlutaðeigandi tegundar loftfars, með hliðsjón af skilyrðum fyrir skírteininu og flugmannsstörfum umsækjanda.

2.1.6 **Notkun flugþjálfna til kennslu/þjálfunar og til að sýna færni.**

Samþykki Flugmálastjórnar þarf til notkunar flugþjálfna til kennslu/þjálfunar og til að framkvæma hverja þá aðgerð sem krafist er meðan á prófun færni til útgáfu skírteinis eða áritunar stendur. Þeir, sem kenna/þjálfna eða prófa færni í flugþjálfna, skulu hafa hlotið viðurkenningu Flugmálastjórnar til þess. Þannig skal það tryggt að flugþjálfni sá, sem notaður er og notendur hans, hæfi hlutaðeigandi aðgerð.

2.1.7 **Hvenær krefjast skal blindflugsáritunar.**

Handhafa flugmannsskírteinis er hvorki heimilt að sinna störfum flugstjóra né störfum aðstoðarflugmanns loftfars samkvæmt blindflugsreglum nema Flugmálastjórn hafi staðfest réttindi hlutaðeigandi skírteinishafa á réttmætan hátt. Með réttmætri staðfestingu er átt við blindflugsáritun sem gefin er út fyrir þá loftfarsgerð sem flogið er.

2.1.7.1 **Hvenær krefjast skal áritunar til flugs að nóttu til.**

Handhafa flugmannsskírteinis er hvorki heimilt að sinna störfum flugstjóra né störfum aðstoðarflugmanns loftfars í flugi að nóttu til nema Flugmálastjórn hafi staðfest réttindi hlutaðeigandi skírteinishafa á réttmætan hátt. Með réttmætri staðfestingu er átt við áritun til flugs að nóttu sem gefin er út fyrir þá loftfarsgerð sem flogið er.

2.1.8 **Hvenær krefjast skal leyfis til að sinna flugkennslu.**

2.1.8.1 Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að veita flugkennslu, sem krafist er til að fá skírteini einkaflugmanns/flugvél, einkaflugmanns/þyrlla, atvinnuflugmanns/flugvél, atvinnuflugmanns/þyrlla, blindflugsáritun/flugvél, blindflugsáritun/

þyrlla, flugkennsluáritun, fyrir flugvélar og þyrllur eða áritun til flugs að nóttu nema Flugmálastjórn hafi á réttmætan hátt staðfest slík réttindi. Réttmæt staðfesting er fölgín í:

- a) flugkennaraáritun í skírteinið og heimild til að starfa fyrir viðurkennda stofnun sem Flugmálastjórn hefur heimilað að stunda flugkennslu, eða
- b) sérstakri heimild frá Flugmálastjórn.

2.1.8.2 Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að veita flugkennslu sem krafist er til að fá hvers konar önnur skírteini eða áritanir en um getur í gr. 2.1.8.1 nema með sérstakri heimild frá Flugmálastjórn.

2.1.9 **Viðurkenning á fartíma.**

2.1.9.1 Viðurkenna skal að fullu allan fartíma flugnema eða handhafa flugmannsskírteinis í einflugi, fartíma með kennara og fartíma sem flugstjóri til þess að fullnægja kröfum um fartíma fyrir fyrstu útgáfu flugmannsskírteinis eða til útgáfu flugmannsskírteinis af hærri gráðu.

2.1.9.2 Til þess að fullnægja kröfum um fartíma fyrir flugmannsskírteini af hærri gráðu skal ekki viðurkenna meira en helming þess fartíma sem handhafi flugmannsskírteinis sinnir störfum aðstoðarflugmanns í loftfari þar sem krafist er aðstoðarflugmanns.

2.1.9.3 Viðurkenna skal að fullu allan þann fartíma fyrir skírteini af hærri gráðu sem handhafi flugmannsskírteinis starfar sem aðstoðarflugmaður, en sinnir skyldustörfum flugstjóra undir umsjón flugstjóra hlutadeigandi loftfars. Þetta skal háð þeim skilyrðum að Flugmálastjórn viðurkenni framkvæmd eftirlitsins.

2.1.10 **Réttindamissir flugmanna sem náð hafa 60 ára aldri.**

2.1.10.1 Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2.1.10.2 Heimilt er þó að framlengja hámarksaldur þann sem um getur í gr. 2.1.10.1 um allt að 3 ár enda gangist hlutadeigandi flugmaður undir skoðun trúnaðarlækna Flugmálastjórnar og uppfylli heilbrigðisskilyrði, sbr. gr. 1.2.4, ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2.1.10.3 Þrátt fyrir ákvæði gr. 2.1.10.1 getur skírteinishafi starfað áfram sem flugmaður eftir að ofangreindum hámarksaldri er náð í m.a. einkaflugi, kennsluflugi og ýmis konar þjónustuflugi þar sem ekki er um að ræða flutninga á farþegum eða vörum gegn endurgjaldi, svo sem fræsáningar- og áburðarflugi, mælinga- og könnunarflugi, leitar- og björgunarflugi, ljósmyndaflugi, auglýsingaflugi, prófflugi og verkflugi, enda fullnægi hann þeim skilyrðum sem um slík flug gilda.

2.2 **Skírteini flugnema/flugvél og flugnema/þyrlla.**

2.2.1 **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**

Umsækjandi um skírteini flugnema/flugvél eða flugnema/þyrlla skal fullnægja tilteknum skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni, heilbrigði, reglusemi og ríkisfang. Skilyrðin eru þessi:

2.2.1.1 **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.2.1.2

Þekking.

Hann skal, skriflega og munnlega, sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- flugreglum og fyrirmælum um einkaflug á flugvélum eða þyrlum, eftir því sem við á,
- hagnýtum atriðum um landflug og gerð flugáætlaða fyrir sjónflug,
- viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar á meðal hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.2.1.3

Reynsla.

Hann skal hafa lokið að minnsta kosti 12 klst. fartíma á hlutaðeigandi gerð loftfars með kennara, þó með þeim fyrirvara að Flugmálastjórn getur lækkað kröfur þessar í samræmi við hæfni hans og reynslu ef hann er handhafi skírteinis flugmanns á annarri gerð loftfars.

2.2.1.4

Færni.

Hann skal í reynsluflugi með flugkennara sanna að hann sé fær um að fljúga tilgreindri tegund flugvéla eða þyrlna einn síns liðs á öruggan hátt.

2.2.1.5

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.2.1.6

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.2.1.7

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- íslenskur ríkisborgari, eða
- eiga lögheimili á Íslandi, eða
- hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.2.2

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, hefur handhafi skírteinis flugnema/flugvél eða flugnema/þyrla rétt til, undir eftirliti og með leyfi flugkennara með tilskilin réttindi, að fljúga flugvél eða þyrlu af tiltekinni tegund einn síns liðs að degi til. Honum er heimilt undir slíku eftirliti að fljúga landflug. Flugnemi skal ekki fljúga einflug erlendis eða milli landa nema með sérstöku leyfi flugmálastjórna hlutaðeigandi ríkja.

2.2.3

Gildi.

Skírteinið er gefið út eftir að skrifleg ósk um það hefur borist frá viðurkenndum flugskóla en flugkennara, sem réttindi hefur til þess, er þó heimilt að senda nemann í fyrsta einflug áður en skírteinið er gefið út. Skírteinið er því aðeins í gildi að flugkennari nemans hafi áritað það fyrir hvert einstakt flug, sama dag og flugið fer fram, og getið um hvað æfa skuli og um lengd æfingartímans. Flugkennari skal í flugi kynna sér hæfni nemans áður en hann áritar skírteinið ef neminn hefur ekki flogið síðustu 30 dagana.

2.3 Einkaflugmannsskírteini/flugvél.**2.3.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.****2.3.1.1 Aldur.**

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.3.1.2 Þekking.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmála-
stjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki
sem réttindi handhafa einkaflugmannsskírteinis/flugvél segja til um. Sviðin
skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa einkaflugmannsskírteinis/
flugvél. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu
sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

b) Undirstöðuatriði sem varða starfrækslu hreyfla flugvéla, kerfi og mælitæki.
c) Getumörk flugvéla og hreyfla. Upplýsingar sem skipta máli um starfrækslu
úr flughandbók eða öðrum gögnum sem við eiga.

Afkastageta og áætlanagerð

d) Áhrif hleðslu og dreifingar massa á flugeiginleika. Útreikningar massa og
jafnvægis.
e) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst í flugtaki, lendingu og við
aðrar aðstæður.
f) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur með tilliti til
einkaflugs samkvæmt reglum um sjónflug. Gerð og skráning flugáætlana.
Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu eftir því sem við á. Að
tilkynna staðarákvörðun. Stilling flughæðarmæla. Flug á svæðum með
mikilli flugumferð.

Mannleg geta og takmörk

g) Mannleg geta og takmörk svo og undirstöðuatriði heilbrigðisfræði er varða
handhafa skírteinis einkaflugmanns/flugvél.

Veðurfræði

h) Beiting undirstöðuatriða flugveðurfræði. Notkun upplýsinga um veður og
hvernig skal afla þeirra. Flughæðarmælingar.

Leiðsaga

i) Hagnýt atriði flugleiðsögu og staðarákvörðun eftir leiðarreikningi og
áttavita. Notkun flugkorta.

Venjur og starfshættir

j) Notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknerki og
skammstafanir.

- k) Viðeigandi varúðar- og neyðarráðstafanir, þ.m.t. hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði, ókyrrð í slóð annars loftfars og aðrar hættur við stjórn loftfars.

Flugfræði

- l) Grundvallaratriði flugfræði er varða flugvélar.

Fjarskipti

- m) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

Pekking á landinu

- n) Almenn þekking á landinu, þjóðvegakerfinu, helstu fjallvegum, jökulum, ám og fjöllum. Algengar sjónflugsleiðir. Nöfn og staðsetning helstu kennileita sem notuð eru í sjónflugi á Íslandi.

2.3.1.3

Reynsla.

2.3.1.3.1

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 60 klst. fartíma sem flugmaður í flugvélum og þar af minnst 25 klst. með flugkennara með tilskilin réttindi á síðustu 24 mánuðum. Þessi fartími skal vera hluti viðurkenndrar þjálfunar. Flugmálastjórn ákveður hvort reynsla, sem umsækjandi hefur hlotið undir tilsögn sem flugmaður í flugþjálfu, viðurkenndum af Flugmálastjórn, skuli teljast fullnægjandi sem hluti þessara 60 klst. Eigi skal meta slíka reynslu til fleiri en 5 klst.

2.3.1.3.1.1

Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður loftfara af öðrum gerðum, ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um í gr. 2.3.1.3.1. Meta má slíka reynslu til allt að 20 klst. fyrir handhafa flugmannsskírteinis/þyrla eða skírteinis sviffflugmanns, þó að því tilskildu að umsækjandi hafi minnst 50 fartíma reynslu í þyrlum eða sviffflugum, eftir því sem við á.

2.3.1.3.2

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 15 klst. einflugstíma í flugvélum undir eftirliti flugkennara með tilskilin réttindi. Þar af skulu eigi færri en 10 klst. vera einflugstími í landflugi, og a.m.k. eitt landflug skal eigi vera styttra en 275 km (150 NM) þar sem framkvæmdar eru stöðvunarlandingar á tveimur ólíkum flugvöllum.

2.3.1.4

Flugnám.

2.3.1.4.1

Umsækjandi skal hafa hlotið kennslu í flugvél hjá flugkennara með tilskilin réttindi. Kennarinn skal ábyrgjast að umsækjandi hafi reynslu í stjórn flugvélar á tilskildum sviðum að því marki sem krafist er af einkaflugmanni. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

- a) aðgerðir þær sem framkvæma þarf fyrir flug, þ.m.t. ákvörðun massa og jafnvægis, flugvélaraskoðun og umönnun,
- b) aðgerðir á flugvöllum og í umferðarhring flugvalla, varúðarráðstafanir til að forðast árekstra,
- c) stjórn flugvélar eftir sýnilegum kennileitum,
- d) flug á hættulega litlum hraða, að forðast ofris, að bera kennsl á og ná flugvél út úr frumofrisi og fullu ofrisi,

- e) flug á hættulega miklum hraða, að bera kennsl á og ná flugvél út úr gormdýfu,
- f) flugtak og landing í hliðarvindi og við venjuleg skilyrði,
- g) flugtak við aðstæður sem reyna á hámarksafkastagetu flugvélar (stutt flugbraut, hindranir nálægt flugbraut), landingar á stuttri flugbraut,
- h) flug þar sem aðeins er stuðst við tækjabúnað til leiðsagnar, þ.m.t. að ljúka láréttri 180° beygju. Blindflugstími þessi skal vera minnst 5 klst. Lækka má þessar tímakröfur í flugvél í 3 klst. ef a.m.k. 3 klst. eru áunnar í flugþjálfva viðurkenndum af Flugmálastjórn,
- i) landflug þar sem aðeins er stuðst við sýnileg kennileiti til leiðsagnar, ákvörðun hnattstöðu eftir leiðarreikningi og áttavita, svo og fjarleiðsögu-búnað þar sem hann er tiltækur,
- j) neyðarráðstafanir, þ.m.t. sviðsettar bilanir á tækjabúnaði flugvélar, og
- k) að stjórna loftfari að og frá flugvöllum og millilenda á flugvöllum þar sem er flugturnspjónusta, að haga störfum samkvæmt venjum og starfsháttum í flugumferðarþjónustu, að nota fjarskiptabúnað og kunna sérstakt orðaval þessu tengt.

2.3.1.4.2 Áður en umsækjandi neytir réttinda þeirra, sem skírteini hans veitir að nóttu til, skal hann hafa fengið áritun í skírteini sitt til flugs að nóttu og hlotið viðurkennda þjálfun, bæði bóklega og verklega, til þess.

2.3.1.5

Færni.

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að sinna störfum flugstjóra flugvélar og að beita þeim aðgerðum og starfsháttum sem lýst er í gr. 2.3.1.4 að því marki sem krafist er af handhafa einkaflugmannsskírteinis/flugvél, og að :

- a) stjórna flugvélinni innan þeirra takmarka sem henni eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita þekkingu í flugi, og
- e) hafa ætíð stjórn á flugvélinni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel.

2.3.1.6

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.3.1.7

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.3.1.8

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

- 2.3.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**
- 2.3.2.1 Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, hefur handhafi einkaflugmannsskírteinis/flugvél rétt til þess að starfa án endurgjalds sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í sérhverri flugvél í þeim flokki eða af þeirri tegund sem skírteini hans segir til um samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) og ekki er flogið í ágóðaskyni. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar áritunar til flugs að nóttu. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar blindflugsáritunar. Flytji hann farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 5 flugtök og 5 landingar í flugvél af sömu tegund á síðustu 90 dögum.
- 2.3.2.2 Áður en handhafi skírteinis neytir réttinda sinna að nóttu til skal hann hafa fullnægt þeim skilyrðum sem lýst er í gr. 2.3.1.4.2, og :
- a) hann skal hafa framkvæmt sem flugstjóri flugvélar a.m.k. 5 flugtök og 5 landingar að nóttu á síðustu 12 mánuðum eða hlotið og fengið staðfesta í flugdagbók sína viðbótarþjálfun til flugs að nóttu til hjá fullgildum flugkennara.
- b) hann skal, ef hann flytur farþega, á síðustu 90 dögum hafa framkvæmt minnst 5 flugtök og 5 landingar að nóttu í flugvél í sama flokki.
- 2.3.2.3 Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi einkaflugmannsskírteinis/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 10 klst. fartíma sem flugstjóri í flugvél á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/flugvél. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 2.3.1.5.
- 2.3.2.4 Hann skal sækja bóklegt upprifjunar-/síþjálfunarnámskeið, sem Flugmálastjórn hefur samþykkt, á því sem næst 30 mánaða fresti. Ekki mega þó líða meira en 36 mánuðir milli slíkra námskeiða. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/flugvél ekki sjaldnar en á 24 mánaða fresti. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 2.3.1.5.
- 2.3.2.5 Ef skírteinishafi fullnægir ekki einhverjum ákvæðum í gr. 2.3.2.3 eða 2.3.2.4 í 42 mánuði eða lengur skal hann til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný sanna að hann fullnægi kröfum þeim sem um getur í gr. 2.3.1.2, 2.3.1.5, 2.3.1.6, 2.3.1.7 og 2.3.1.8.
- 2.3.2.5.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.
- 2.4 Atvinnuflugmannsskírteini/flugvél.**
- 2.4.1 **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**
- 2.4.1.1 **Aldur.**
Umsækjandi skal ekki vera yngri en 18 ára.
- 2.4.1.2 **Þekking og menntun.**
Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki

sem réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

- a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

- b) Undirstöðuatriði sem varða starfrækslu og gangverk hreyfla flugvéla, kerfi og mælitæki.
 c) Getumörk hlutaðeigandi flugvéla og hreyfla. Upplýsingar sem máli skipta um starfrækslu úr flughandbók eða öðrum gögnum sem við eiga.
 d) Notkun og athugun á nothæfi tækjabúnaðar og kerfa hlutaðeigandi flugvéla.
 e) Starfshættir við viðhald á skrokki, kerfum og hreyflum hlutaðeigandi flugvéla.

Afkastageta og áætlanagerð

- f) Áhrif hleðslu og dreifingar massa á stjórn flugvélar, flugeiginleika og afkastagetu. Útreikningar massa og jafnvægis.
 g) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst í flugtaki, landingu og við aðrar aðstæður.
 h) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur samkvæmt reglum um sjónflug. Gerð og skráning flugáætlana. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu eftir því sem við á. Stilling flughæðarmæla.

Mannleg geta og takmörk

- i) Mannleg geta og takmörk sem varða handhafa skírteinis atvinnuflugmanns/flugvél.

Veðurfræði

- j) Túlkun og notkun flugveðurfrétta, korta og spáa. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra, bæði fyrir flug og meðan á flugi stendur. Flughæðarmælingar.
 k) Flugveðurfræði. Veðurfarsfræði viðeigandi svæða með hliðsjón af atriðum sem hafa áhrif á flug. Hreyfing loftþrýstikerfa, formgerð veðurskila, svo og upptök og eiginleikar mikilvægra fyrirbrigða í veðurfari sem hafa áhrif á flugtaks-, leiðar- og landingarskilyrði. Hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði.

Leiðsaga

- l) Flugleiðsaga, þ.m.t. notkun flugkorta, mælitækja og flugleiðsögubúnaðar. Skilningur á undirstöðuatriðum og einkennum hlutaðeigandi flugleiðsögukerfa. Starfræksla tækjabúnaðar í flugi.

Venjur og starfshættir

- m) Notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknmerki og skammstafanir.

- n) Viðeigandi varúðar- og neyðarráðstafanir.
- o) Venjur og starfshættir við farmflutninga. Hugsanlegar hættur tengdar flutningi á hættulegum efnum.
- p) Kröfur og venjur um að veita farþegum upplýsingar er varða öryggi þeirra, þ.m.t. varúð sem gæta ber þegar farið er um borð í loftfar og frá borði.

Flugfræði

- q) Grundvallaratriði flugfræði er varða flugvélar.

Fjarskipti

- r) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum, að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

Hjálp í viðlögum

- s) Undirstöðuatriði í fyrstu hjálp á slyssstað.

Almenn menntun

- t) Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða hafa aðra sambærilega menntun og hafa gott vald á ensku og íslensku máli. Vafaatriðum um það, hvort þessum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.4.1.3

Reynsla.

2.4.1.3.1

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 200 klst. fartíma sem flugmaður í flugvélum og hafa hlotið viðurkennda þjálfun til atvinnuflugs. Af þessum 200 klst. fartíma skulu minnst 25 klst. vera með flugkennara með tilskilin réttindi á síðustu 12 mánuðum. Viðurkennd þjálfun skal fela í sér kennslu og þjálfun til flugs að nóttu til. Flugmálastjórn ákveður hvort reynsla, sem umsækjandi hefur hlotið undir tilsögn sem flugmaður í flugþjálfva, viðurkenndum af Flugmálastjórn, skuli teljast fullnægjandi sem hluti þessara 200 klst. Eigi skal meta slíka reynslu til fleiri en 10 klst.

2.4.1.3.1.1

Umsækjandi skal hafa lokið í flugvélum a.m.k.:

- a) 100 klst. fartíma sem flugstjóri,
- b) 20 klst. fartíma sem flugstjóri í landflugi, þ.m.t. eitt landflug sem eigi skal vera styttra en 540 km (300 NM) þar sem framkvæmdar skulu stöðvunar- lendingar á tveimur ólíkum flugvöllum,
- c) 10 klst. blindflugstíma/blindflugsæfingatíma í kennslu þar sem eigi fleiri en 5 klst. skulu vera blindflugsæfingatími á jörðu, og
- d) 5 klst. fartíma að nóttu, þ.m.t. 5 flugtök og 5 lendingar sem flugstjóri.

2.4.1.3.1.2

Lækka má kröfurnar í gr. 2.4.1.3.1 um 200 klst. fartíma í 150 klst. og kröfurnar í gr. 2.4.1.3.1.1 um 100 klst. fartíma í 70 klst. ef umsækjandi hefur lokið þeim á viðurkenndu heildarþjálfunarnámskeiði (AB INITIO þjálfunarnámskeiði) þar sem fram fer samfelld heildarþjálfun til einka- og atvinnuflugmannsskírteinis.

2.4.1.3.2

Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður loftfara af öðrum gerðum ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um í gr. 2.4.1.3.1.

2.4.1.3.2.1 Allt að 50% þess 200 klst. fartíma, sem um getur í gr. 2.4.1.3.1, og 100 klst. fartíma, sem um getur í gr. 2.4.1.3.1.1, má umsækjandi hafa lokið í þylum ef hann er handhafi flugmannsskírteinis/þyrla.

2.4.1.3.2.2 Allt að 50% þess 150 klst. og 70 klst. fartíma, sem um getur í gr. 2.4.1.3.1.2, má umsækjandi hafa lokið í þylum ef hann er handhafi gilds atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrla.

2.4.1.4 **Flugnám.**

2.4.1.4.1 Umsækjandi skal hafa hlotið kennslu í flugvél hjá flugkennara með tilskilin réttindi. Kennarinn skal ábyrgjast að umsækjandinn hafi reynslu í stjórn flugvélar á tilskildum sviðum að því marki sem krafist er af atvinnuflugmanni. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

- a) aðgerðir þær sem framkvæma þarf fyrir flug, þ.m.t. ákvörðun massa og jafnvægis, flugvélaraskoðun og umönnun,
- b) aðgerðir á flugvöllum og í umferðarhring flugvalla, varúðarráðstafanir til að forðast árekstra,
- c) stjórn flugvélar eftir sýnilegum kennileitum,
- d) flug á hættulega litlum hraða, að forðast ofris, að bera kennsl á og ná flugvél út úr frumofrisi og fullu ofrisi,
- e) flug á hættulega miklum hraða, að bera kennsl á og ná flugvél út úr gormdýfu,
- f) flugtök og landing í hliðarvindi og við eðlileg skilyrði,
- g) flugtök við aðstæður sem reyna á hámarksafkastagetu flugvélar (stutt flugbraut og hindranir nálægt flugbraut), landingar á stuttri flugbraut,
- h) undirstöðuatriði við stjórn loftfars og að endurheimta eðlilega stöðu loftfars eftir óvenjulega stellingu með því að styðjast eingöngu við undirstöðuflugmælitæki,
- i) landflug þar sem aðeins er stuðst við sýnileg kennileiti til leiðsagnar, ákvörðun hnattstöðu eftir leiðarreikningi og áttavita, fjarleiðsögubúnaður, hvernig farið skal að ef lenda þarf á öðrum flugvelli en áætlað var,
- j) aðgerðir og starfshættir við óeðlilegt ástand eða neyðarástand, og
- k) að stjórna loftfari að og frá flugvöllum og millilenda á flugvöllum þar sem er flugturnspjónusta, að haga störfum samkvæmt venjum og starfsháttum flugumferðarþjónustu, að nota fjarskiptabúnað og kunna sérstakt orðaval þessu tengt.

2.4.1.4.2 Áður en umsækjandi neytir réttinda þeirra, sem skírteini hans veitir að nóttu til, skal hann hafa fengið áritun í skírteini sitt til flugs að nóttu til og hlotið viðurkennda þjálfun, bæði bóklega og verklega, til þess.

2.4.1.5 **Færni.**

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að sinna störfum flugstjóra flugvélar og til að beita þeim aðgerðum og starfsháttum, sem lýst er í gr. 2.4.1.4, að því marki sem krafist er af handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél, og að:

- a) stjórna flugvél innan þeirra takmarka sem henni eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita þekkingu í flugi,

- e) hafa ætíð stjórn á flugvélinni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutadeigandi aðgerð hafi heppnast vel,
- f) skilja og nota starfshætti og venjur við samhæfingu flugverja og kunna að bregðast við ef flugliði verður skyndilega vanhæfur, og
- g) hafa árangursrík og góð samskipti við aðra flugliða.

2.4.1.6

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.4.1.7

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.4.1.8

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.4.2

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.4.2.1

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, skulu réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél vera þessi:

- a) að neyta allra réttinda handhafa einkaflugmannsskírteinis/flugvél,
- b) að starfa sem flugstjóri í sérhverri flugvél sem ekki er rekin í atvinnuflutningum,
- c) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum í hverri þeirri flugvél þar sem aðeins er krafist eins flugmanns samkvæmt flughandbók, og
- d) að starfa sem aðstoðarflugmaður í atvinnuflutningum í flugvélum þar sem krafist er aðstoðarflugmanns,

Réttindi skírteinishafa samkvæmt liðum a) – d) gilda fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) í sérhverri flugvél í þeim flokki eða af þeirri tegund sem skírteini hans segir til um. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar áritunar til flugs að nóttu til. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar blindflugsáritunar. Ef hann flytur farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 3 flugtök og 3 landingar eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) innan síðustu 90 daga í flugvél af sömu tegund.

2.4.2.2

Áður en handhafi skírteinisins neytir réttindi sinna að nóttu til skal hann hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem lýst er í gr. 2.4.1.3.1.1 d) og 2.4.1.4.2, og hann skal, ef hann flytur farþega samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) að nóttu, á síðustu 90 dögum hafa framkvæmt minnst 5 flugtök og 5 landingar að nóttu í flugvél í sama flokki.

2.4.2.3

Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 70 klst. fartíma sem flugmaður á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist próf samkvæmt gr. 2.4.1.5. Allt að 50% þessa fartíma má vera í þyrilum.

- 2.4.2.4 Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir atvinnuflugmannsskírteini/flugvél ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 2.4.1.5. Sannreyna má áframhaldandi hæfni flugliða, sem starfa í atvinnuflutningum, með því að þeir sýni hæfni sína í samræmi við ákvæði reglugerðar um flugrekstur nr. 381/1989 með áorðnum breytingum og/eða viðbæti 6 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6.
- 2.4.2.5 Ef skírteinishafi fullnægir ekki ákvæðum í gr. 2.4.2.3 í meira en 36 mánuði skal umsækjandi til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný sanna að hann fullnægi kröfum sem um getur í gr. 2.4.1.2, 2.4.1.5, 2.4.1.6, 2.4.1.7 og 2.4.1.8. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru til þess að halda óskertum réttindum, sem skírteinið veitir, heldur hann sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.
- 2.4.2.5.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók eða réttilega skráð í samræmi við gr. 1.2.5.1.1.

2.5 Atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/flugvél

2.5.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

2.5.1.1 Aldur.

Umsækjandi skal eigi vera yngri en 21 árs.

2.5.1.2 Þekking og menntun.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/flugvél segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

- a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/flugvél. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

- b) Almenn einkenni og takmörk rafkerfa, vökvaprýstikerfa og loftprýstibúnaðar, svo og annarra kerfa flugvéla. Stjórnþæki, þ.m.t. sjálfstýribúnaður og búnaður til að auka stöðugleika.
- c) Undirstöðuatriði um starfrækslu, meðhöndlun og getumörk hreyfla flugvéla. Áhrif breytinga í andrúmslofti á afkastagetu hreyfils. Upplýsingar, sem máli skipta, um starfrækslu úr flughandbók eða öðrum gögnum sem við eiga.
- d) Starfshættir og venjur við starfrækslu hlutaðeigandi flugvéla og takmarkanir þeirra. Áhrif breytinga í andrúmslofti á afkastagetu flugvéla.
- e) Notkun og athugun á nothæfi tækjabúnaðar og kerfa hlutaðeigandi flugvéla.
- f) Flugmælitæki. Áttavitar, beygju- og hröðunarskekkjur þeirra. Snúðumælitæki, getumörk þeirra og áhrif pólveltu. Aðgerðir og starfshættir ef einhver flugmælitæki bila.
- g) Starfshættir við viðhald á skrokki, kerfum og hreyflum hlutaðeigandi flugvéla.

Afkastageta og áætlanagerð

- h) Áhrif hleðslu og dreifingar massa á stjórn flugvélar, flugeiginleika og afkastagetu. Útreikningar massa og jafnvægis.
- i) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst í flugtaki, lendingu og við aðrar aðstæður, þ.m.t. starfshættir við farflugsstjórn.
- j) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur. Gerð og skráning flugáætlana. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu eftir því sem við á. Stilling flughæðarmæla.

Mannleg geta og takmörk

- k) Mannleg geta og takmörk sem varða handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/flugvél.

Veðurfræði

- l) Túlkun og notkun flugveðurfrétta, korta og spáa. Táknmerki og skammstafanir. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra, bæði fyrir flug og meðan á flugi stendur. Flughæðarmælingar.
- m) Flugveðurfræði. Veðurfarsfræði viðeigandi svæða með hliðsjón af atriðum sem hafa áhrif á flug. Hreyfing loftþrýstikerfa, formgerð veðurskila, svo og upptök og eiginleikar mikilvægra fyrirbrigða í veðurfari sem hafa áhrif á flugtaks-, leiðar- og landingarskilyrði.
- n) Orsakir ísingar á hreyfil og skrokk, að bera kennsl á hana og áhrif hennar. Hvernig fljúga skal í gegnum veðurskil. Hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði.
- o) Hagnýt veðurfræði í háum loftlögum, þ.m.t. að túlka og nota veðurfréttir, kort og spár. Vindstrengir í háum loftlögum.

Leiðsaga

- p) Flugleiðsaga, þ.m.t. notkun flugkorta, fjarleiðsögubúnaðar og svæðisleiðsögubúnaðar. Tilteknar flugleiðsögukröfur fyrir langflug.
- q) Notkun, takmarkanir og nothæfi rafeindabúnaðar og flugmælitækja í flugi sem nauðsynleg eru fyrir stjórn og leiðsögu flugvéla.
- r) Notkun, nákvæmni og áreiðanleiki flugleiðsögukerfa þeirra sem notuð eru í flugtaki, leiðarflugi, aðflugi og lendingu. Bera kennsl á fjarleiðsögubúnað.
- s) Undirstöðuatriði og einkenni flugleiðsögukerfa, sem starfa sjálfstætt, og þeirra sem styðjast eingöngu við fjarleiðsögubúnað. Starfræksla tækjabúnaðar í flugi.

Venjur og starfshættir

- t) Túlkun og notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknmerki og skammstafanir, blindflugskort fyrir brottflug, leiðarflug, lækun flugs og aðflug.
- u) Varúðar- og neyðarráðstafanir. Öryggishættir í flugi samkvæmt blindflugsglum.
- v) Venjur og starfshættir við farmflutninga, þ.m.t. flutninga á hættulegum efnnum.
- w) Kröfur og venjur um að veita farþegum upplýsingar er varða öryggi þeirra, þ.m.t. varúð sem gæta ber þegar farið er um borð í loftfar og frá borði.

Flugfræði

- x) Grundvallaratriði flugfræði er varða flugvélar. Lofthreyfifræði, þegar flogið er undir hljóðhraða. Áhrif samþjöppunar loftis, takmarkanir á hreyfanleika, einkenni vængjahönnunar, áhrif aukabúnaðar sem eykur lyftikraft eða viðnám. Samband milli lyftikrafts, viðnáms og knýs við mismunandi flughraða og í ólíkum flugstillingum.

Fjarskipti

- y) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

Almenn menntun

- z) Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða hafa aðra sambærilega menntun og hafa gott vald á ensku og íslensku máli. Vafaatriðum um það, hvort þessum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.5.1.3**Reynsla.****2.5.1.3.1**

Umsækjandi skal vera handhafi gilds atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél og gildirar blindflugsáritunar/flugvél. Hann skal hafa lokið a.m.k. 1500 klst. fartíma sem flugmaður í flugvélum. Flugmálastjórn ákveður hvort reynsla, sem umsækjandi hefur hlotið undir tilsögn sem flugmaður í flugþjálfá, viðurkenndum af Flugmálastjórn, skuli teljast fullnægjandi sem hluti þessara 1500 klst. Eigi skal meta slíka reynslu til fleiri en 100 klst. og þar af skulu eigi fleiri en 25 klst. vera í flugaðferðapjálfa eða blindflugspjálfa.

2.5.1.3.1.1

Umsækjandi skal hafa lokið í flugvélum a.m.k.:

- 250 klst. fartíma sem flugstjóri eða sama fartíma sem er samsettur af eigi færri en 100 klst. sem flugstjóri og þeim viðbótarstundum sem á vantar sem aðstoðarflugmaður í starfi flugstjóra undir umsjón flugstjóra hlutaðeigandi flugvélar. Þetta skal háð þeim skilyrðum að Flugmálastjórn viðurkenni framkvæmd eftirlitsins,
- 200 klst. fartíma í landflugi og þar af eigi færri en 100 klst. sem flugstjóri eða sem aðstoðarflugmaður í starfi flugstjóra undir umsjón flugstjóra hlutaðeigandi flugvélar. Þetta skal háð þeim skilyrðum að Flugmálastjórn viðurkenni framkvæmd eftirlitsins,
- 75 klst. blindflugstíma/blindflugsæfingatíma og þar af skulu eigi fleiri en 30 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu, og
- 100 klst. fartíma að nóttu sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður.

2.5.1.3.2

Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður loftfara af öðrum gerðum ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um í gr. 2.5.1.3.1. Meta má fartíma, sem handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/þyrila hefur áunnið sér í þyrlum, til allt að 50% af þessum fartímakröfum en að jafnaði verður ekki fartími í öðrum gerðum loftfara metinn.

2.5.1.4**Flugnám.**

Umsækjandi skal hafa stundað hjá kennara það flugnám sem krafist er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél (grein 2.4.1.4) og til útgáfu blindflugsáritunar/ flugvél (gr. 2.6.1.3).

2.5.1.5

Færni.

2.5.1.5.1

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmála-stjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að framkvæma þessi störf sem flugstjóri flugvélar, þar sem krafist er aðstoðarflugmanns:

- a) starfshætti og hefðbundnar aðgerðir fyrir flug, þ.m.t. undirbúningur leiðarflugáætlunar og skráning flugáætlunar,
- b) hefðbundnar aðgerðir og starfshætti á öllum stigum flugs,
- c) starfshætti og aðgerðir samkvæmt blindflugsreglum við eðlilegar og óeðlilegar aðstæður og í neyðarástandi, þ.m.t. sviðsett bilun í hreyfli. Þessar aðgerðir skulu a.m.k. taka til eftirfarandi:
 - að skipta yfir í blindflug í flugtaki,
 - staðlaðra blindflugsbrottfara og koma,
 - blindflugsaðgerða í leiðarflugi og flugleiðsögu,
 - hefðbundinna starfshátta við biðflug,
 - aðflugs í blindflugi við tiltekin lágmörk,
 - hefðbundinna aðgerða við fráhrarfsflug,
 - landingar eftir blindaðflug,
- d) ráðstafanir og aðgerðir við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum og aðgerðir sem tengjast bilunum og truflunum tækjabúnaðar, svo sem hreyfils, kerfa og skrokks, og
- e) rétt viðbrögð ef flugliði verður skyndilega vanhæfur og skipulagning og samhæfing flugverja, þ.m.t. að skipta niður störfum flugmanna, samvinna flugverja og notkun gátlista.

2.5.1.5.1.1

Umsækjandi skal sanna hæfni sína til að beita þeim aðgerðum og starfsháttum, sem lýst er í gr. 2.5.1.5.1, að því marki sem krafist er af handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/flugvél, og að :

- a) stjórna flugvélinni innan þeirra takmarka sem henni eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita þekkingu á flugi,
- e) hafa ætíð stjórn á flugvélinni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel,
- f) skilja og nota starfshætti og venjur við samhæfingu flugverja og kunna að bregðast við ef flugliði verður skyndilega vanhæfur, og
- g) hafa árangursrík og góð samskipti við aðra flugliða.

2.5.1.6

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.5.1.7

Reglusemi.

Synja skal áritunar þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með áritunina. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.5.1.8

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.5.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**

2.5.2.1 Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, skulu réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/flugvél vera sem hér segir:

a) að neyta allra réttinda handhafa einkaflugmannsskírteinis/flugvél, atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir blindflug og flug að nóttu til í flugvélum, og

b) að starfa sem flugstjóri og aðstoðarflugmaður flugvéla í loftflutningum. Ef hann flytur farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 3 flugtök og 3 lendingar eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) innan síðustu 90 daga í flugvél af sömu tegund.

2.5.2.2 Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 70 klst. fartíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist próf samkvæmt gr. 2.5.1.5. Af þessum 70 klst. skulu vera minnst 20 klst. samkvæmt blindflugsreglum (IFR). Allt að 50% þessa fartíma má vera í þrylum.

2.5.2.3 Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/flugvél ekki sjaldnar en tvisvar á hverjum 12 mánuðum. Milli þessara hæfniprófa má ekki líða skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir. Sannreyna má áframhaldandi hæfni flugliða, sem starfa í atvinnuflutningum, með því að þeir sýni hæfni sína í samræmi við ákvæði „Reglugerðar um flugrekstur“ nr. 381/1989 með áorðnum breytingum og/eða viðbæti 6 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6.

2.5.2.4 Ef skírteinishafi fullnægir ekki ákvæðum gr. 2.5.2.2 í meira en 36 mánuði skal umsækjandi til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný sanna að hann fullnægi kröfum sem um getur í gr. 2.5.1.2, 2.5.1.5, 2.5.1.6, 2.5.1.7 og 2.5.1.8. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru til þess að halda óskertum réttindum, sem skírteinið veitir, heldur hann sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.5.2.4.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók eða réttilega skráð í samræmi við gr. 1.2.5.1.1.

2.6 **Blindflugsáritun/flugvél.**

2.6.1 **Skilyrði fyrir árituninni.**

2.6.1.1 **Þekking.**

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa blindflugsáritunar/flugvél segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

a) Reglur og reglugerðir sem varða blindflug. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem varða blindflug.

Almenn þekking á loftförum

- b) Notkun, takmarkanir og nothæfi nauðsynlegs rafeinda- og mælitækjabúnaðar við stjórn og flugleiðsögu flugvéla í blindflugi og í blindflugsskilyrðum. Notkun og takmarkanir sjálfstýribúnaðar.
- c) Áttavitar, skekkjur þeirra í beygju og hröðun. Snúðumælitæki, getumörk þeirra og áhrif pólveltu. Aðgerðir og starfshættir ef bilun verður í einhverjum flugmælitækjum.

Afkastageta og áætlanagerð

- d) Undirbúningur fyrir flug og athuganir sem eiga við flug samkvæmt blindflugsreglum.
- e) Gerð leiðarflugáætlana. Gerð og skráning blindflugsáætlana. Stilling flughæðarmæla.

Mannleg geta og takmörk

- f) Mannleg geta og takmörk er varða blindflug í flugvél.

Veðurfræði

- g) Beiting flugveðurfræði. Túlkun og notkun veðurfrétta, korta og spáa. Táknerki og skammstafanir. Notkun veðrupplýsinga og hvernig afla skal þeirra. Flughæðarmælingar.
- h) Orsakir ísingar á hreyfil og skrokk, að bera kennsl á hana og áhrif hennar. Hvernig fljúga skal í gegnum veðurskil. Hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði.

Leiðsaga

- i) Hagnýt flugleiðsaga þar sem notast er við fjarleiðsögubúnað.
- j) Notkun, nákvæmni og áreiðanleiki flugleiðsögugerfa þeirra sem notuð eru í flugtaki, leiðarflugi, aðflugi og lendingu. Bera kennsl á fjarleiðsögubúnað.

Venjur og starfshættir

- k) Túlkun og notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknerki og skammstafanir, blindflugskort fyrir brottflug, leiðarflug, lækkun flugs og aðflug.
- l) Varúðar- og neyðarráðstafanir. Öryggishættir í flugi samkvæmt blindflugsreglum.

Fjarskipti

- m) Starfshættir og orðaval á íslensku og ensku við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt blindflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

2.6.1.2

Reynsla.

2.6.1.2.1

Umsækjandi skal vera handhafi einka- eða atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél.

2.6.1.2.2

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k.:

- a) 50 klst. fartíma í landflugi sem flugstjóri loftfara. Þar af skulu eigi færri en 25 klst. vera í flugvélum en 25 klst. mega vera í þyrpum, og

- b) 40 klst. blindflugstíma/blindflugsæfingatíma í flugvélum í viðurkenndri þjálfun. Viðurkenna má blindflugstíma/blindflugsæfingatíma í þyrlum ef umsækjandi er handhafi blindflugsáritunar/þyrla. Af þessum 40 klst. skulu eigi fleiri en 20 klst., eða 30 klst. þar sem notast er við flughermi, vera blindflugsæfingatími á jörðu. Blindflugsæfingatími á jörðu skal fara fram undir umsjón kennara með tilskilin réttindi.

2.6.1.3

Flugnám.

2.6.1.3.1

Af þeim blindflugstíma, sem krafist er í gr. 2.6.1.2.2 b), skulu eigi færri en 10 klst. vera kennslustundir í flugvél hjá flugkennara með tilskilin réttindi. Kennarinn skal ganga úr skugga um að umsækjandi hafi reynslu á tilteknum sviðum að því marki sem krafist er af handhafa blindflugsáritunar. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

- a) venjulegar aðgerðir fyrir flug, þ.m.t. notkun flughandbókar eða jafngilds rits og þeirra rita um flugumferðarþjónustu sem ætluð eru til undirbúnings blindflugsáætlunar,
- b) skoðun fyrir flug, notkun gátlista, akstur flugvéla og prófun fyrir flugtak,
- c) aðgerðir og starfshættir fyrir blindflug við eðlilegar og óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, þar með talið a.m.k.:
 - að skipta yfir í blindflug í flugtaki,
 - staðlaðar blindflugsbrottfarir og komur,
 - venjur og aðgerðir í leiðarflugi samkvæmt blindflugsreglum,
 - venjur og aðgerðir við biðflug,
 - blindaðflug við tilgreind lágmörk,
 - hefðbundnar aðgerðir við fráhrarfsflug,
 - lendingar eftir blindaðflug,
- d) aðgerðir meðan á flugi stendur og sérstakir flugeiginleikar,
- e) kennsla og þjálfun til flugs að nóttu.

2.6.1.3.2

Ef neyta á réttinda blindflugsáritunar á fjölhreyfla flugvél skal umsækjandi hafa hlotið flugkennslu hjá kennara með tilskilin réttindi á þeirri gerð flugvélar sem fljúga á. Flugkennarinn skal ganga úr skugga um að umsækjandi hafi reynslu í stjórn flugvéla þar sem aðeins er stuðst við mælitæki og með einn hreyfil óvirkan eða sviðsettan sem óvirkan.

2.6.1.4

Færni.

2.6.1.4.1

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmála-stjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að framkvæma þau störf og þær aðgerðir, sem lýst er í gr. 2.6.1.3.1, með þeirri hæfni sem réttindi handhafa blindflugsáritunar/flugvél krefjast, og til að :

- a) stjórna flugvélinni innan þeirra takmarka sem slíku loftfari eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita almennri þekkingu á flugi, og
- e) hafa ætíð stjórn á flugvélinni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutadeigandi aðgerð hafi heppnast vel.

2.6.1.4.1.1

Umsækjandi skal sanna getu sína til að stjórna fjölhreyfla flugvélum þar sem aðeins er stuðst við mælitæki og með einn hreyfil óvirkan eða sviðsettan sem óvirkan ef neyta skal réttinda á slíkum flugvélum.

2.6.1.5

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.6.1.6

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.6.1.7

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.6.2

Réttindi handhafa áritunarinnar og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.6.2.1

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, skulu réttindi handhafa blindflugsáritunar/flugvél vera að stjórna flugvélum í flugi að nóttu til og samkvæmt blindflugsreglum.

2.6.2.2

Áður en neyta skal blindflugsréttindanna á fjölhreyfla flugvélum skal handhafi áritunarinnar hafa fullnægt þeim skilyrðum sem lýst er í gr. 2.6.1.4.1.1.

2.6.2.3

Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi blindflugsáritunar/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 20 klst. blindflugtíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug á síðustu 6 mánuðum. Helmingur þessa fartíma má vera á þyrilu eða í flugþjálfu er Flugmálastjórn hefur samþykkt. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug/flugvél ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í annað hvort skipti má taka slíkt hæfnipróf (PFT) í viðurkenndum flugþjálfu.

2.6.2.3.1

Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.7**Einkaflugmannsskírteini/þyrila.**

2.7.1

Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

2.7.1.1

Aldur.

Umsækjandi skal eigi vera yngri en 17 ára.

2.7.1.2

Þekking.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrila segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

- a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrila. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

- b) Undirstöðuatríði sem varða starfrækslu þyrfluhreyfla, færsla átaks frá einum vélarhluta til annars, kerfi og mælitæki.
- c) Getumörk þyrlna og hreyfla. Upplýsingar sem máli skipta um starfrækslu úr flughandbók.

Afkastageta og áætlanagerð

- d) Áhrif hleðslu og dreifingar massa á flugeiginleika. Útreikningar massa og jafnvægis.
- e) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst í flugtaki, landingu og við aðrar aðstæður.
- f) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur með tilliti til einkaflugs samkvæmt reglum um sjónflug. Gerð og skráning flugáætlana. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu eftir því sem við á. Að tilkynna staðarákvörðun. Stilling flughæðarmæla. Flug á svæðum með mikilli flugumferð.

Mannleg geta og takmörk

- g) Mannleg geta og takmörk, svo og undirstöðuatríði heilbrigðisfræði er varða handhafa skírteinis einkaflugmanns/þyrfla.

Veðurfræði

- h) Beiting undirstöðuatríða flugveðurfræði. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra. Flughæðarmælingar.

Leiðsaga

- i) Hagnýt atriði flugleiðsögu og staðarákvörðun eftir leiðarreikningi og áttavita. Notkun flugkorta.

Venjur og starfshættir

- j) Notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknerki og skammstafanir.
- k) Viðeigandi varúðar- og neyðarráðstafanir, þ.m.t. hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði og ókyrrð í slóð annars loftfars. Að lenda í þyrilverri, vagg eða velta í jarðhrifum og aðrar hættur við stjórn loftfars.

Flugfræði

- l) Grundvallaratriði flugfræði er varða þyrflur.

Fjarskipti

- m) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

Þekking á landinu

- n) Almenn þekking á landinu, þjóðvegakerfinu, helstu fjallvegum, jökklum, ám og fjöllum. Algengar sjónflugsleiðir. Nöfn og staðsetning helstu kennileita sem notuð eru í sjónflugi á Íslandi.

- 2.7.1.3 **Reynsla.**
- 2.7.1.3.1 Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 50 klst. fartíma sem flugmaður í þyrlum og þar af minnst 25 klst. með flugkennara með tilskilin réttindi á síðustu 24 mánuðum. Þessi fartími skal vera hluti viðurkenndrar þjálfunar. Flugmálastjórn ákveður hvort reynsla, sem umsækjandi hefur hlotið undir tilsögn sem flugmaður í flugþjálfva, viðurkenndum af Flugmálastjórn, skuli teljast fullnægjandi sem hluti þessara 50 klst. Eigi skal meta slíka reynslu til fleiri en 5 klst.
- 2.7.1.3.1.1 Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður loftfara af öðrum gerðum ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um í gr. 2.7.1.3.1. Meta má slíka reynslu til allt að 10 klst. fyrir handhafa flugmannsskírteinis/flugvél, þó að því tilskildu að umsækjandi hafi minnst 50 fartíma reynslu í flugvélum.
- 2.7.1.3.2 Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 10 klst. einflugstíma í þyrlum undir eftirliti flugkennara með tilskilin réttindi. Þar af skulu eigi færri en 5 klst. vera einflugstími í landflugi og a.m.k. eitt landflug skal eigi vera styttra en 185 km (100 NM) þar sem framkvæmdar eru lendingar á tveimur mismunandi stöðum.
- 2.7.1.4 **Flugnám.**
- 2.7.1.4.1 Umsækjandi skal hafa hlotið eigi færri en 25 klst. kennslutíma á þyrlu hjá flugkennara með tilskilin réttindi. Kennarinn skal ábyrgjast að umsækjandi hafi reynslu í stjórn þyrlu á tilskildum sviðum að því marki sem krafist er af einkaflugmanni. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:
- a) aðgerðir þær sem framkvæma þarf fyrir flug, þ.m.t. ákvörðun massa og jafnvægis, skoðun þyrlu og umönnun,
 - b) aðgerðir á flugvöllum og í umferðarhring flugvalla, varúðarráðstafanir til að forðast árekstra,
 - c) stjórn þyrlu eftir sýnilegum kennileitum,
 - d) að endurheimta eðlilegt ástand á byrjunarstigum þess að lenda í þyrliverri og hvernig skal endurheimta eðlilegan snúningshraða eftir mjög lágan snúningshraða þyrils innan eðlilegra hradamarka hreyfils,
 - e) stjórn þyrlu á jörðu niðri og að ganghæfa hreyfil, að voka, flugtök og lendingar við eðlilegar aðstæður, í logni og á hallandi svæði,
 - f) flugtök og lendingar með eins litlu afli og nauðsyn krefur, flugtaks- og lendingartækni þar sem nýtt er hámarksafkastageta, aðgerðir á afmörkuðu svæði, snöggstöðvanir,
 - g) landflug þar sem aðeins er stuðst við sýnileg kennileiti til leiðsagnar, ákvörðun hnattstöðu eftir leiðarreikningi og áttavita, svo og fjarleiðsögu-búnaður þar sem hann er tiltækur, þar með talið a.m.k. eitt einnar klst. flug,
 - h) neyðarráðstafanir, þ.m.t. sviðsettar bilanir á tækjabúnaði þyrlu, aðflug og landing með sjálfsnúningi,
 - i) að stjórna loftfari að og frá flugvöllum og millilenda á flugvöllum þar sem er flugturnsþjónusta, að haga störfum samkvæmt venjum og starfsháttum í flugumferðarþjónustu, að nota fjarskiptabúnað og kunna sérstakt orðaval þessu tengt, og
 - j) flug þar sem aðeins er stuðst við tækjabúnað til leiðsagnar, þ.m.t. að ljúka láréttri 180° beygju í þyrlu sem búin er tækjum sem til þess eru hæf.
- 2.7.1.4.2 Áður en umsækjandi neytir réttinda þeirra, sem skírteini hans veitir, að nóttu til skal hann hafa fengið áritun í skírteini sitt til flugs að nóttu og hlotið viðurkennda þjálfun, bæði bóklega og verklega, til þess.

2.7.1.5

Færni.

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmála-stjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að sinna störfum flugstjóra þyrlu og beita þeim aðgerðum og starfsháttum, sem lýst er í gr. 2.7.1.4, að því marki sem krafist er af handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrla, og til að:

- a) stjórna þyrlunni innan þeirra takmarka sem henni eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita þekkingu í flugi, og
- e) hafa ætíð stjórn á þyrlunni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel.

2.7.1.6

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.7.1.7

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.7.1.8

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.7.2

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.7.2.1

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, hefur handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla rétt til að starfa án endurgjalds sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í sérhverri þyrlu af þeirri tegund sem skírteini hans segir til um samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) og ekki er flogið í ágóða skyni. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar áritunar til flugs að nóttu. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar blindflugsáritunar/þyrla. Ef hann flytur farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 5 flugtök og 5 landingar í þyrlu af sömu tegund á síðustu 90 dögum.

2.7.2.2

Áður en handhafi skírteinis neytir réttinda sinna að nóttu til skal hann hafa fullnægt þeim skilyrðum sem lýst er í gr. 2.7.1.4.2 og :

- a) hann skal hafa framkvæmt sem flugstjóri þyrlu a.m.k. 5 flugtök og 5 landingar að nóttu á síðustu 12 mánuðum eða hlotið og fengið staðfesta í flugdagbók sína viðbótarþjálfun til flugs að nóttu hjá fullgildum flugkennara.
- b) hann skal, ef hann flytur farþega, á síðustu 90 dögum hafa framkvæmt minnst 5 flugtök og 5 landingar að nóttu í þyrlu í sama flokki.

- 2.7.2.3 Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrila að hafa skráðan a.m.k. 10 klst. fartíma sem flugstjóri þyrilu á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/þyrila. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 2.7.1.5.
- 2.7.2.4 Hann skal sækja bóklegt upprifjunar-/síþjálfunarnámskeið, sem Flugmálastjórn hefur samþykkt, á því sem næst 30 mánaða fresti. Ekki mega þó líða meira en 36 mánuðir milli slíkra námskeiða. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/þyrila ekki sjaldnar en á 24 mánaða fresti. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 2.7.1.5.
- 2.7.2.5 Ef skírteinishafi fullnægir ekki einhverjum ákvæðum í gr. 2.7.2.3 eða 2.7.2.4 í 42 mánuði eða lengur skal hann, til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný, sanna að hann fullnægi kröfum þeim sem um getur í gr. 2.7.1.2, 2.7.1.5, 2.7.1.6, 2.7.1.7 og 2.7.1.8.
- 2.7.2.5.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.8 Atvinnuflugmannsskírteini/þyrila.

2.8.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

2.8.1.1 Aldur

Umsækjandinn skal eigi vera yngri en 18 ára.

2.8.1.2 Þekking og menntun.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrila segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

- a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrila. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

- b) Undirstöðuatriði sem varða starfrækslu og gangverk þyriluhreyfla, færsla átaks frá einum vélarhluta til annars, kerfi og mælitæki.
- c) Getumörk hlutaðeigandi þyrilna og hreyfla. Upplýsingar, sem máli skipta, um starfrækslu úr flughandbók.
- d) Notkun og athugun á nothæfi tækjabúnaðar og kerfa hlutaðeigandi þyrilna.
- e) Starfshættir við viðhald á skrokki, kerfum og hreyflum hlutaðeigandi þyrilna.

Afkastageta og áætlanagerð

- f) Áhrif hleðslu og dreifingar massa, þ.m.t. áhrif utanborðsfarms, á stjórn þyrilu, flugeiginleika og afkastagetu. Útreikningar massa og jafnvægis.
- g) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst í flugtaki, lendingu og við aðrar aðstæður.

- h) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur samkvæmt reglum um sjónflug. Gerð og skráning flugáætlana. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu eftir því sem við á. Stilling flughæðarmæla.

Mannleg geta og takmörk

- i) Mannleg geta og takmörk sem varða handhafa skírteinis atvinnuflugmanns/þyrila.

Veðurfræði

- j) Túlkun og notkun flugveðurfrétta, korta og spáa. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra, bæði fyrir flug og meðan á flugi stendur. Flughæðarmælingar.
- k) Flugveðurfræði. Veðurfarsfræði viðeigandi svæða með hliðsjón af atriðum sem hafa áhrif á flug. Hreyfing loftþrýstikerfa, formgerð veðurskila og upptök og eiginleikar mikilvægra fyrirbrigða í veðurfari sem hafa áhrif á flugtaks-, leiðar- og landingarskilyrði. Hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði.

Leiðsaga

- l) Flugleiðsaga, þ.m.t. notkun flugkorta, mælitækja og flugleiðsögubúnaðar. Skilningur á undirstöðuatriðum og einkennum hlutaðeigandi flugleiðsögukerfa. Starfræksla tækjabúnaðar í flugi.

Venjur og starfshættir

- m) Notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknmerki og skammstafanir.
- n) Viðeigandi varúðar- og neyðarráðstafanir. Að lenda í þyrilverri, vagg eða velta í jarðhrifum og aðrar hættur við stjórn loftfars.
- o) Venjur og starfshættir við farmflutninga, þ.m.t. utanborðsfarm. Hugsanlegar hættur tengdar flutningi á hættulegum efnum.
- p) Kröfur og venjur um að veita farþegum upplýsingar er varða öryggi þeirra, þ.m.t. varúð sem gæta ber þegar farið er um borð í loftfar og frá borði.

Flugfræði

- q) Grundvallaratriði flugfræði er varða þyrilur.

Fjarskipti

- r) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

Hjálp í viðlögum

- s) Undirstöðuatriði í fyrstu hjálpi á slysstað.

Almenn menntun

- t) Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða hafa aðra sambærilega menntun og hafa gott vald á ensku og íslensku máli. Vafaatriðum um það, hvort þessum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.8.1.3

Reynsla.

2.8.1.3.1

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 150 klst. fartíma sem flugmaður í þyrlum og hafa hlotið viðurkennda þjálfun til atvinnuflugs. Af þessum 150 klst. fartíma skulu minnst 25 klst. vera með flugkennara með tilskilin réttindi á síðustu 12 mánuðum. Viðurkennd þjálfun skal fela í sér kennslu og þjálfun til flugs að nóttu. Flugmálastjórn ákveður hvort reynsla, sem umsækjandi hefur hlotið undir tilsögn sem flugmaður í flugþjálfva, viðurkenndum af Flugmálastjórn, skuli teljast fullnægjandi sem hluti þessara 150 klst. Eigi skal meta slíka reynslu til fleiri en 10 klst.

2.8.1.3.1.1

Umsækjandi skal hafa lokið í þyrlum a.m.k.:

- a) 35 klst. fartíma sem flugstjóri,
- b) 10 klst. fartíma sem flugstjóri í landflugi, þ.m.t. eitt landflug þar sem framkvæmdar skulu landingar á tveimur ólíkum stöðum,
- c) 10 klst. blindflugstíma/blindflugsæfingatíma í kennslu þar sem eigi fleiri en 5 klst. skulu vera blindflugsæfingatími á jörðu, og
- d) 5 klst. fartíma að nóttu, þ.m.t. 5 flugtök og 5 aðflug til landingar sem flugstjóri.
- e) 15 klst. fartíma við ýmsar aðstæður hér á landi undir leiðsögn reynds flugmanns, samþykktum af Flugmálastjórn.

2.8.1.3.1.2

Lækka má kröfurnar í gr. 2.8.1.3.1 úr 150 klst. fartíma í 100 klst., ef umsækjandi hefur lokið þeim á viðurkenndu heildarþjálfunarnámskeiði (AB INITIO þjálfunarnámskeiði) þar sem fram fer samfelld heildarþjálfun til einka- og atvinnuflugmannsskírteinis.

2.8.1.3.2

Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður loftfara af öðrum gerðum ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um í gr. 2.8.1.3.1. Meta má fartíma sem handhafi flugmannsskírteinis/flugvél hefur áunnið sér í flugvélum til allt að 50 klst., en að jafnaði verður fartími í öðrum gerðum loftfara ekki metinn.

2.8.1.4

Flugnám.

2.8.1.4.1

Umsækjandi skal hafa hlotið kennslu á þyrlu hjá flugkennara með tilskilin réttindi. Kennarinn skal ábyrgjast að umsækjandi hafi reynslu í stjórn þyrlu á tilskildum sviðum að því marki sem krafist er af atvinnuflugmanni. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

- a) aðgerðir þar sem framkvæma þarf fyrir flug, þ.m.t. ákvörðun massa og jafnvægis, skoðun þyrlu og umönnun,
- b) aðgerðir á flugvöllum og í umferðarhring flugvalla, varúðarráðstafanir til að forðast árekstra,
- c) stjórn þyrlu eftir sýnilegum kennileitum,
- d) að endurheimta eðlilegt ástand á byrjunarstigum þess að lenda í þyrilverri og hvernig skal endurheimta eðlilegan snúningshraða eftir mjög lágan snúningshraða þyrils innan eðlilegra hraðamarka hreyfils,
- e) stjórn þyrlu á jörðu niðri og að ganghæfa hreyfil, að voka, flugtök og landingar við eðlilegar aðstæður, í logni og á hallandi svæði, brött aðflug,
- f) flugtök og landingar með eins litlu afli og nauðsyn krefur, flugtaks- og landingartækni þar sem nýtt er hámarksafkastageta, flug í aðþrengdu svæði, snöggstöðvanir,

- g) að voka utan jarðhrifa, aðgerðir með utanborðsfarm ef við á, flug í mikilli hæð,
- h) undirstöðuatriði við stjórn loftfars og að endurheimta eðlilega stöðu loftfars eftir óvenjulega flugstillingu með því að styðjast eingöngu við undirstöðuflugmælitæki,
- i) landflug þar sem aðeins er stuðst við sýnileg kennileiti til leiðsagnar, ákvörðun hnattstöðu eftir leiðarreikningi og áttavita og fjarleiðsögubúnaður, hvernig farið skal að ef lenda þarf annars staðar en áætlað var,
- j) aðgerðir og starfshættir við óeðlilegt ástand og neyðarástand, þ.m.t. sviðsett bilun í tækjabúnaði þyrilu, aðflug með sjálfsnúningi og landing, og
- k) að stjórna loftfari að og frá flugvöllum og millilenda á flugvöllum þar sem er flugturnsþjónusta, að haga störfum samkvæmt venjum og starfsháttum flugumferðarþjónustu, að nota fjarskiptabúnað og kunna sérstakt orðaval þessu tengt.

2.8.1.4.2 Áður en umsækjandi neytir réttinda þeirra, sem skírteini hans veitir að nóttu til, skal hann hafa fengið áritun í skírteini sitt til flugs að nóttu og hlotið viðurkennda þjálfun, bæði bóklega og verklega, til þess.

2.8.1.5

Færni.

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmála-stjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að sinna störfum flugstjóra þyrilu og til að beita þeim aðgerðum og starfsháttum, sem lýst er í gr. 2.8.1.4, að því marki sem krafist er af handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrila, og að :

- a) stjórna þyrilu innan þeirra takmarka sem henni eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita þekkingu í flugi,
- e) hafa ætíð stjórn á þyrilunni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel,
- f) skilja og nota starfshætti og venjur við samhæfingu flugverja og kunna að bregðast við ef flugliði verður skyndilega vanhæfur, og
- g) hafa árangursrík og góð samskipti við aðra flugliða.

2.8.1.6

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.8.1.7

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.8.1.8

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.8.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**

2.8.2.1 Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, skulu réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla vera þessi :

- a) að neyta allra réttinda handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrla,
- b) að starfa sem flugstjóri í sérhverri þyrlu sem ekki er rekin í atvinnuflutningum,
- c) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum í hverri þeirri þyrlu sem aðeins krefst eins flugmanns samkvæmt flughandbók, og
- d) að starfa sem aðstoðarflugmaður í atvinnuflutningum í þyrlum þar sem krafist er aðstoðarflugmanns,

Réttindi skírteinishafa samkvæmt liðum a) - d) gilda fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) í sérhverri þyrlu af þeirri tegund sem skírteini hans segir til um. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar áritunar til flugs að nóttu. Honum er heimilt að fljúga samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu að því tilskildu að hann sé handhafi gildrar blindflugsáritunar. Ef hann flytur farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 3 flugtök og 3 landingar eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) innan síðustu 90 daga í þyrlu af sömu tegund.

2.8.2.2 Áður en handhafi skírteinisins neytir réttinda sinna að nóttu til skal hann hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem lýst er í gr. 2.8.1.3.1.1 d) og 2.8.1.4.2, og hann skal, ef hann flytur farþega samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) að nóttu, á síðustu 90 dögum hafa framkvæmt minnst 3 flugtök og 3 landingar að nóttu í þyrlu af sömu tegund.

2.8.2.3 Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla að hafa skráðan a.m.k. 70 klst. fartíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist próf samkvæmt gr. 2.8.1.5. Allt að 50% þessa fartíma má vera í flugvélum.

2.8.2.4 Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir atvinnuflugmannsskírteini/þyrla ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 2.8.1.5.

2.8.2.5 Ef skírteinishafi fullnægir ekki ákvæðum í gr. 2.8.2.3 í meira en 36 mánuði skal umsækjandi til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný sanna að hann fullnægi kröfum sem um getur í gr. 2.8.1.2, 2.8.1.5, 2.8.1.6, 2.8.1.7 og 2.8.1.8. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum, sem gerðar eru til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, heldur hann sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.8.2.5.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók eða réttilega skráð í samræmi við gr. 1.2.5.1.1.

2.9 **Atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/þyrla**

2.9.1 **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**

2.9.1.1 **Aldur.**

Umsækjandi skal eigi vera yngri en 21 árs.

2.9.1.2

Þekking og menntun.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmála-
stjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki
sem réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrlla segja til um.
Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa flugstjórnaskírteinis/þyrlla. Flug-
reglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

- b) Almenn einkenni og takmörk rafkerfa, vökvaprýstikerfa og annarra kerfa
þyrllna. Stjórnþæki, þ.m.t. sjálfstýribúnaður og búnaður til að auka stöðug-
leika.
- c) Undirstöðuatriði um starfrækslu, meðhöndlun og getumörk þyrlluhreyfla.
Færsla átaks frá einum vélarhluta til annars. Áhrif breytinga í andrúmslofti
á afkastagetu hreyfils. Upplýsingar, sem máli skipta, um starfrækslu úr
flughandbók.
- d) Starfshættir og venjur við starfrækslu hlutaðeigandi þyrllna og takmarkanir
þeirra. Áhrif breytinga í andrúmslofti á afkastagetu þyrllna. Upplýsingar,
sem máli skipta, um starfrækslu úr flughandbók.
- e) Notkun og athugun á nothæfi tækjabúnaðar og kerfa hlutaðeigandi þyrllna.
- f) Flugmælitæki. Áttavitar, beygju- og hröðunarskekkjur þeirra. Snúðumæli-
tæki, getumörk þeirra og áhrif pólveltu. Aðgerðir og starfshættir ef einhver
flugmælitæki bila.
- g) Starfshættir við viðhald á skrokki, kerfum og hreyflum hlutaðeigandi
þyrllna.

Afkastageta og áætlanagerð

- h) Áhrif hleðslu og dreifingar massa, þ.m.t. áhrif utanborðsfarms, á stjórn
þyrllna, flugeiginleika og afkastagetu. Útreikningar massa og jafnvægis.
- i) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst í flugtaki, lendingu og við
aðrar aðstæður, þ.m.t. starfshættir við farflugsstjórn.
- j) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur. Gerð og
skráning flugáætlana. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu eftir
því sem við á. Stilling flughæðarmæla.

Mannleg geta og takmörk

k) Mannleg geta og takmörk sem varða handhafa skírteinis flugstjóra/þyrlla.

Veðurfræði

- l) Túlkun og notkun flugveðurfrétta, korta og spáa. Táknmerki og skamm-
stafanir. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra, bæði fyrir
flug og meðan á flugi stendur. Flughæðarmælingar.
- m) Flugveðurfræði. Veðurfarsfræði viðeigandi svæða með hliðsjón af atriðum
sem hafa áhrif á flug. Hreyfing loftþrýstikerfa, formgerð veðurskila og
upptök og eiginleikar mikilvægra fyrirbrigða í veðurfari sem hafa áhrif á
flugtaks-, leiðar- og landingarskilyrði.
- n) Orsakir ísingar á hreyfil, skrokk og þyril, að bera kennsl á hana og áhrif
hennar. Hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði.

Leiðsaga

- o) Flugleiðsaga, þ.m.t. notkun flugkorta, fjarleiðsögubúnaðar og svæðisleiðsögubúnaðar. Tilteknar flugleiðsögukröfur fyrir langflug.
- p) Notkun, takmarkanir og nothæfi rafeindabúnaðar og flugmælitækja í flugi sem nauðsynleg eru fyrir stjórn og leiðsögu þyrlna.
- q) Notkun, nákvæmni og áreiðanleiki flugleiðsögukerfa. Bera kennsl á fjarleiðsögubúnað.
- r) Undirstöðuatriði og einkenni flugleiðsögukerfa, sem starfa sjálfstætt, og þeirra sem styðjast eingöngu við fjarleiðsögubúnað. Starfræksla tækjabúnaðar í flugi.

Venjur og starfshættir

- s) Túlkun og notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknmerki og skammstafanir.
- t) Varúðar- og neyðarráðstafanir. Að lenda í þyrilverri, vagg eða velta í jarðhrifum, ofris víkjandi þyrilblaðs, veltur vegna þenslu og aðrar hættur við stjórn loftfars. Öryggishættir tengdir flugi samkvæmt sjónflugsreglum.
- u) Venjur og starfshættir við farmflutninga, þ.m.t. utanborðsfarm, og flutning á hættulegum efnum.
- v) Kröfur og venjur um að veita farþegum upplýsingar er varða öryggi þeirra, þ.m.t. varúð sem gæta ber þegar farið er um borð í loftfar og frá borði.

Flugfræði

- w) Grundvallaratriði flugfræði er varða þyrnur.

Fjarskipti

- x) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

Almenn menntun

- y) Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða hafa aðra sambærilega menntun og hafa gott vald á ensku og íslensku máli. Vafaatriðum um það, hvort þessum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.9.1.3

Reynsla.

2.9.1.3.1

Umsækjandi skal vera handhafi gilds atvinnuflugmannsskírteinis/þyrna. Hann skal hafa lokið a.m.k. 1000 klst. fartíma sem flugmaður í þyrnum. Flugmálastjórn ákveður hvort reynsla, sem umsækjandi hefur hlotið undir tilsögn sem flugmaður í flugþjálfá, viðurkenndum af Flugmálastjórn, skuli teljast fullnægjandi sem hluti þessara 1000 klst. Eigi skal meta slíka reynslu til fleiri en 100 klst. og þar af skulu eigi fleiri en 25 klst. vera í flugaðferðapjálfa eða blindflugspjálfa.

2.9.1.3.1.1

Umsækjandi skal hafa lokið í þyrnum a.m.k.:

- a) 250 klst. fartíma sem flugstjóri eða sama fartíma sem er samsettur af eigi færri en 100 klst. sem flugstjóri og þeim viðbótarstundum sem á vantar sem aðstoðarflugmaður í starfi flugstjóra, undir umsjón flugstjóra hlutaðeigandi þyrna. Þetta skal háð þeim skilyrðum að Flugmálastjórn viðurkenni framkvæmd eftirlitsins,

b) 200 klst. fartíma í landflugi og þar af eigi færri en 100 klst. sem flugstjóri eða sem aðstoðarflugmaður í starfi flugstjóra undir umsjón flugstjóra hlutaðeigandi þyrlu. Þetta skal háð þeim skilyrðum að Flugmálastjórn viðurkenni framkvæmd eftirlitsins,

c) 30 klst. blindflugstíma/blindflugsæfingatíma og þar af skulu eigi fleiri en 10 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu, og

d) 50 klst. fartíma í flugi að nóttu til sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður.

2.9.1.3.2

Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður loftfara af öðrum gerðum ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um í gr. 2.9.1.3.1. Meta má fartíma sem handhafi flugmannsskírteinis/flugvél hefur áunnið sér í flugvélum, til allt að 50% af þessum fartímakröfum, en að jafnaði verður ekki fartími í öðrum gerðum loftfara metinn.

2.9.1.4

Flugnám.

Umsækjandi skal hafa hlotið þá flugkennslu sem krafist er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (gr. 2.8.1.4).

2.9.1.5

Færni.

2.9.1.5.1

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að framkvæma sem flugstjóri þyrlu, þar sem krafist er aðstoðarflugmanns, þessi störf:

a) starfshætti og hefðbundnar aðgerðir fyrir flug, þ.m.t. undirbúningur leiðarflugáætlunar og skráning flugáætlunar,

b) hefðbundnar aðgerðir og starfshætti á öllum stigum flugs,

c) ráðstafanir og aðgerðir við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum og aðgerðir, sem tengjast bilunum eða truflunum tækjabúnaðar, svo sem hreyfils, kerfa og skrokks, og

d) rétt viðbrögð ef flugliði verður skyndilega vanhæfur og skipulagning og samhæfing flugverja, þ.m.t. að skipta niður störfum flugmanna, samvinna flugverja og notkun gátlista.

2.9.1.5.1.1

Umsækjandi skal sanna hæfni sína til að beita þeim aðgerðum og starfsháttum, sem lýst er í gr. 2.9.1.5.1, að því marki sem krafist er af handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrla, og að :

a) stjórna þyrlunni innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,

c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,

d) beita þekkingu í flugi,

e) hafa ætíð stjórn á þyrlunni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel,

f) skilja og nota starfshætti og venjur við samhæfingu flugverja og kunna að bregðast við ef flugliði verður skyndilega vanhæfur, og

g) hafa árangursrík og góð samskipti við aðra flugliða.

2.9.1.6

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.9.1.7

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.9.1.8

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.9.2

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.9.2.1

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, skulu réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrlla vera sem hér segir:

- a) að neyta allra réttinda handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrlla og atvinnuflugmannsskírteinis/þyrlla, réttinda til flugs að nóttu, og
- b) að starfa sem flugstjóri og aðstoðarflugmaður á þyrlum í loftflutningum. Ef hann flytur farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 3 flugtök og 3 landingar eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) innan síðustu 90 daga í þyrllu af sömu tegund.

2.9.2.2

Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrlla að hafa skráðan a.m.k. 70 klst. fartíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist próf samkvæmt gr. 2.9.1.5. Allt að 50% þessa fartíma má vera í flugvélum.

2.9.2.3

Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/þyrlla ekki sjaldnar en tvisvar á hverjum 12 mánuðum. Milli þessara hæfniprófa má ekki liða skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir.

2.9.2.4

Ef skírteinishafi fullnægir ekki ákvæðum í gr. 2.9.2.2 í meira en 36 mánuði skal umsækjandi, til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný, sanna að hann fullnægi kröfum sem um getur í gr. 2.9.1.2, 2.9.1.5, 2.9.1.6, 2.9.1.7 og 2.9.1.8. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum, sem gerðar eru til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, heldur hann sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.9.2.4.1

Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók eða réttilega skráð í samræmi við gr. 1.2.5.1.1.

2.10**Blindflugsáritun/þyrlla.**

2.10.1

Skilyrði fyrir árituninni.

2.10.1.1

Þekking.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa blindflugsáritunar/þyrlla segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

- a) Reglur og reglugerðir sem varða blindflug. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem varða blindflug.

Almenn þekking á loftförum

- b) Notkun, takmarkanir og nothæfi nauðsynlegs rafeinda- og mælitækjabúnaðar við stjórn og flugleiðsögu þyrlna í blindflugi og í blindflugsskilyrðum. Notkun og takmarkanir sjálfstýribúnaðar.
- c) Áttavitar, skekkjur þeirra í beygju og hröðun. Snúðumælitæki, getumörk þeirra og áhrif pólveltu. Aðgerðir og starfshættir ef bilun verður í einhverjum flugmælitækjum.

Afkastageta og áætlanagerð

- d) Undirbúningur fyrir flug og athuganir sem eiga við flug samkvæmt blindflugsreglum.
- e) Gerð leiðarflugáætlana. Gerð og skráning blindflugsáætlana. Stilling flughæðarmæla.

Mannleg geta og takmörk

- f) Mannleg geta og takmörk er varða blindflug í þyrilu.

Veðurfræði

- g) Beiting flugveðurfræði. Túlkun og notkun veðurfrétta, korta og spáa. Táknerki og skammstafanir. Notkun veðrupplýsinga og hvernig afla skal þeirra. Flughæðarmælingar.
- h) Orsakir ísingar á hreyfil, skrokk og þyril, að bera kennsl á hana og áhrif hennar. Hvernig fljúga skal í gegnum veðurskil. Hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði.

Leiðsaga

- i) Hagnýt flugleiðsaga þar sem notaður er fjarleiðsögubúnaður.
- j) Notkun, nákvæmni og áreiðanleiki flugleiðsögukerfa þeirra sem notuð eru í flugtaki, leiðarflugi, aðflugi og landingu. Bera kennsl á fjarleiðsögubúnað.

Venjur og starfshættir

- k) Túlkun og notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknmerki og skammstafanir, blindflugskort fyrir brottflug, leiðarflug, lækkun flugs og aðflug.
- l) Varúðar- og neyðarráðstafanir. Öryggishættir í flugi samkvæmt blindflugsreglum.

Fjarskipti

- m) Starfshættir og orðaval, á íslensku og ensku, við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt blindflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

2.10.1.2

Reynsla.

Umsækjandi skal vera handhafi einkaflugmanns-, atvinnuflugmanns- eða atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrila.

2.10.1.2.1

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k.:

- a) 50 klst. fartíma í landflugi sem flugstjóri loftfara. Þar af skulu eigi færri en 25 klst. vera í þylum, en 25 klst. mega vera í flugvélum, og
- b) 40 klst. blindflugstíma/blindflugsæfingatíma í þylum í viðurkenndri þjálfun. Viðurkenna má blindflugstíma/blindflugsæfingatíma í flugvélum ef umsækjandi er handhafi blindflugsáritunar/flugvél. Af þessum 40 klst. skulu eigi fleiri en 20 klst., eða 30 klst. þar sem notast er við flughermi, vera blindflugsæfingatími á jörðu. Blindflugsæfingatími á jörðu skal fara fram undir umsjón kennara með tilskilin réttindi.

2.10.1.3

Flugnám.

Af þeim blindflugstíma, sem krafist er í gr. 2.10.1.2.2 b), skulu eigi færri en 10 klst. vera kennslustundir í þylu hjá flugkennara með tilskilin réttindi. Flugkennarinn skal ganga úr skugga um að umsækjandi hafi reynslu á tilteknum sviðum og að því marki sem krafist er af handhafa blindflugsáritunar/þyrila. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

- a) venjulegar aðgerðir fyrir flug, þ.m.t. notkun flughandbókar eða jafngilds rits og þeirra rita um flugumferðarþjónustu sem ætluð eru til undirbúnings blindflugsáætlunar,
- b) skoðun fyrir flug, notkun gátlista, akstur loftfara og prófun fyrir flugtak,
- c) aðgerðir og starfshættir fyrir blindflug við eðlilegar og óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, þar með talið a.m.k.
 - skipta yfir í blindflug í flugtaki
 - staðlaðar blindflugsbrottfarir og komur
 - venjur og aðgerðir meðan á blindflugi stendur
 - venjur og aðgerðir við biðflug
 - blindaðflug við sérstaklega tilgreind lágmark
 - hefðbundnar aðgerðir við fráhrarfsflug
 - lendingar eftir blindaðflug
- d) aðgerðir meðan á flugi stendur og sérstakir flugeiginleikar,
- e) ef við á, stjórn fjölhreyfla þyrilu í blindflugi þegar einn hreyfill er óvirkur eða sviðsettur sem óvirkur, og
- f) kennsla og þjálfun til flugs að nóttu.

2.10.1.4

Færni.

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmála- stjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að framkvæma þau störf og þær aðgerðir, sem lýst er í gr. 2.10.1.3, með þeirri hæfni sem réttindi handhafa blindflugsáritunar/þyrila krefjast og til að :

- a) stjórna þyrilu innan þeirra takmarka sem slíku loftfari eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita almennri þekkingu á flugi, og
- e) hafa ætíð stjórn á þyrlunni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel.

2.10.1.5 **Heilbrigði.**

Umsækjandi skal vera handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.10.1.6 **Reglusemi.**

Synja skal áritun þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með áritunina. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.10.1.7 **Ríkisfang.**

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.10.2 **Réttindi handhafa áritunarinnar og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, skulu réttindi handhafa blindflugsáritunar/þyrlla vera að stjórnna þyrlum samkvæmt blindflugsreglum og í flugi að nóttu.

2.10.2.1 Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi blindflugsáritunar/þyrlla að hafa skráðan a.m.k. 20 klst. blindflugtíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug á síðustu 6 mánuðum. Helmingur þessa fartíma má vera á flugvél eða í flugþjálfara er Flugmálastjórn hefur samþykkt. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug/þyrlla ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í annað hvort skipti má taka slíkt hæfnipróf (PFT) í viðurkenndum flugþjálfara.

2.10.2.1.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.10.3 **Sameiginleg áritun blindflugsréttinda á flugvél og þyrllu.**

Réttindi þau, sem tilgreind eru í gr. 2.6.2. og 2.10.2., má sameina í eina áritun sem gildir jafnt fyrir flugvélar og þyrlur enda hafi skilyrðum þeim, sem tilgreind eru í gr. 2.6 og 2.10, verið fullnægt.

2.11 Flugkennsluáritun/flugvél og flugkennsluáritun/þyrlla.2.11.1 **Skilyrði fyrir veitingu áritunarinnar.**2.11.1.1 **Þekking.**

Umsækjandi skal fullnægja kröfum þeim um þekkingu sem gerðar eru til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis og blindflugsáritunar eins og lýst er í gr. 2.4.1.2 og 2.6.1.1 eða gr. 2.8.1.2 og 2.10.1.1, eftir því sem við á. Hann skal hafa hlotið viðurkennda bóklega og verklega kennslu hjá aðiljum sem sérstaklega hafa hlotið viðurkenningu Flugmálastjórnar til kennslu og þjálfunar flugkennara. Auk þess skal umsækjandi hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa flugkennsluáritunar segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

- a) aðferðir við hagnýta kennslu,

- b) að meta frammistöðu nemanda í þeim námsgreinum sem kenndar eru á jörðu niðri,
- c) lærdómsferlið,
- d) frumatriði árangursríkrar kennslu,
- e) að meta nemandann og prófa, svo og mismunandi viðhorf til þjálfunar,
- f) að móta þjálfunaráætlun,
- g) að skipuleggja kennslustund,
- h) kennsluaðferðir í skólastofu,
- i) notkun hjálpargagna við kennslu,
- j) að greina og leiðrétta mistök nemanda,
- k) mannleg geta og takmörk að því er varðar flugkennslu,
- l) hættur við að sviðsetja truflanir í kerfum og bilanir í loftförum.

2.11.1.2

Reynsla.

2.11.1.2.1

Umsækjandi um flugkennsluáritun „Flokkur I“ skal fullnægja þeim kröfum um reynslu sem gerðar eru til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis og blindflugsáritunar eins og lýst er í gr. 2.4.1.3 og 2.6.1.3 eða 2.8.1.3 og 2.10.1.3, eftir því sem við á.

2.11.1.2.2

Umsækjandi um flugkennsluáritun „Flokkur II“ skal vera handhafi flugkennsluáritunar „Flokkur I“ og auk þess hafa skráðan 500 klst. fartíma, þar af 200 klst. sem flugkennari.

2.11.1.2.3

Umsækjandi um flugkennsluáritun „Flokkur III“ skal vera handhafi flugkennsluáritunar „Flokkur II“ og auk þess hafa skráðan 900 klst. fartíma, þar af 300 klst. sem flugkennari.

2.11.1.2.4

Umsækjandi um flugkennsluáritun „Flokkur IV“ skal vera handhafi flugkennsluáritunar „Flokkur III“ og auk þess hafa skráðan 1200 klst. fartíma, þar af 150 klst. fartíma í flugi samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

2.11.1.3

Flugnám.

Umsækjandi skal, undir umsjón flugkennara sem til þess er viðurkenndur af Flugmálastjórn :

- a) hafa hlotið kennslu í aðferðum við flugkennslu, þ.m.t. sýnikennsla, æfingakennsla, að bera kennsl á og leiðrétta almenn mistök nemenda, og
- b) hafa æft kennsluaðferðir í þeim flugæfinga- og starfsháttum sem kennsluþjálfun hans miðar að.

2.11.1.4

Færni.

Umsækjandi skal hafa sannað, með prófi hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, á þeim gerðum loftfara sem sótt er um kennsluréttindi á, hæfni sína til að leiðbeina á þeim sviðum sem flugkennslan skal ná til, þ.m.t. kennsla fyrir flug, eftir flug og á jörðu niðri, eftir því sem við á.

2.11.1.5

Reglusemi.

Synja skal áritunar þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með áritunina. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.11.1.6

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.11.2

Réttindi handhafa flugkennsluáritunar og skilyrði þau sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

Réttindi handhafa flugkennsluáritunar flokkast svo sem um getur í gr. 2.11.2.1 – 2.11.2.4, að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5 og 2.1, og að því tilskildu að flugkennarinn:

1. sé a.m.k. handhafi skírteinis og/eða áritunar til þeirrar kennslu sem hann veitir,
2. sé handhafi skírteinis og áritunar sem nauðsynleg eru til að sinna störfum flugstjóra þess loftfars sem kennt er á,
3. hafi áunnin flugkennararéttindi skráð í skírteini sitt, og
4. stundi flugkennslu einungis við flugskóla sem viðurkenndur er af Flugmála-stjórn.

2.11.2.1

FLOKKUR I

Flugkennari, sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru í gr. 2.11.2, hefur réttindi til:

- a) að leiðbeina í einflugi flugnema, hann má þó ekki úrskurða flugnema hæfan til fyrsta einflugs né fyrsta landflugs,
- b) að stunda flugkennslu til útgáfu einkaflugmannsskírteinis.

2.11.2.2

FLOKKUR II

Flugkennari, sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru í gr. 2.11.2, hefur auk flugkennararéttinda „Flokkur I“ einnig réttindi til að úrskurða flugnema hæfan til fyrsta einflugs og fyrsta landflugs og prófa handhafa einkaflugmannsskírteinis í hæfniprófi.

2.11.2.3

FLOKKUR III

Flugkennari, sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru í gr. 2.11.2, hefur auk flugkennararéttinda „Flokkur I og II“ einnig réttindi til að stunda flugkennslu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis, til útgáfu fyrstu réttinda á fjölhreyfla loftför og að prófa handhafa atvinnuflugmannsskírteinis í hæfniprófi.

2.11.2.4

FLOKKUR IV

Flugkennari, sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru í gr. 2.11.2, hefur auk flugkennararéttinda „Flokkur I, II og III“ einnig réttindi til :

- a) að stunda flugkennslu til útgáfu flugkennararéttinda,
- b) að stunda flugkennslu til útgáfu blindflugsréttinda, og
- c) að prófa handhafa blindflugsréttinda í hæfniprófi.

2.11.3

Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi flugkennsluáritunar að hafa skráðan a.m.k. 10 klst. fartíma sem flugstjóri á síðustu 12 mánuðum í þeim flokki loftfara sem hann hefur flugkennsluáritun fyrir eða, ef um er að ræða þyrlur eða fjölhreyfla flugvélar, þær tegundir loftfara sem hann hefur flugkennsluáritun fyrir.

- 2.11.4 Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir hlutaðeigandi flugkennsluáritun ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 2.11.1.4.
- 2.11.5 Hann skal á síðustu 24 mánuðum hafa áunnið sér a.m.k. 70 klst. fartíma við að neyta réttinda flugkennsluáritunar sinnar eða hafa á sama tíma staðist próf samkvæmt gr. 2.11.1.4.
- 2.11.6 Ef handhafi áritunar fullnægir ekki ákvæðum í gr. 2.11.5 í meira en 36 mánuði skal umsækjandi, til þess að endurheimta réttindi áritunarinnar á ný, sanna að hann fullnægi kröfum sem um getur í gr. 2.11.1.1, 2.11.1.4, 2.11.1.5, og 2.11.1.6.
- 2.11.7 Flugmálastjórn getur veitt flugrekendum, flugskólum eða einstaklingum sérstaka heimild til að stunda flugþjálfun til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis og blindflugsréttinda, svo og til að prófa handhafa atvinnuflugmannsskírteinis og blindflugsáritunar í hæfniprófi, að fullnægðum þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni.
- 2.11.7.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.12 Skírteini sviffflugmanns.

2.12.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

2.12.1.1 Aldur.

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 16 ára.

2.12.1.2 Þekking.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa skírteinis sviffflugmanns segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

- a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa skírteinis sviffflugmanns. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

- b) Undirstöðuatriði um starfrækslu kerfa í sviffflugum og mælitæki þeirra.
c) Takmörk þau sem sett eru starfrækslu sviffflugna. Upplýsingar sem skipta máli um starfrækslu úr flughandbók eða öðrum gögnum sem við eiga.

Afkastageta og áætlanagerð

- d) Áhrif hleðslu og dreifingar massa á flugeiginleika, vandamál sem varða massa og jafnvægi.
e) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst við flugtak, landingu og við aðrar aðstæður.
f) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur samkvæmt reglum um sjónflug. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu, eftir því sem við á. Stilling flughæðarmæla. Flug á svæðum með mikilli flugumferð.

Mannleg geta og takmörk

- g) Mannleg geta og takmörk sem varða handhafa skírteinis sviffflugmanns.

Veðurfræði

- h) Beiting undirstöðuatriða flugveðurfræði. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra. Flughæðarmælingar.

Leiðsaga

- i) Hagnýt atriði flugleiðsógu og staðarákvörðun eftir leiðarreikningi og áttavita. Notkun flugkorta.

Venjur og starfshættir

- j) Notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknerki og skammstafanir.
 k) Mismunandi flugtaksaðferðir og starfshættir þar að lútandi.
 l) Viðeigandi varúðar- og neyðarráðstafanir, þ.m.t. hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði, ókyrrð í slóð annars loftfars og aðrar hættur við stjórn loftfars.

Flugfræði

- m) Grundvallaratriði flugfræði er varða sviffflugur.

Fjarskipti

- n) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

2.12.1.3

Reynsla.

2.12.1.3.1

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 12 klst. fartíma sem flugmaður í sviffflugum, þ.m.t. 5 klst. einflugstími þar sem eigi færri en 20 flugtök og landingar skulu hafa verið framkvæmd. Heildarfjöldi flugferða skal vera minnst 45.

2.12.1.3.1.1

Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður flugvéla ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um í gr. 2.12.1.3.1. Meta má slíka reynslu til allt að 50% af fartímakröfum.

2.12.1.3.2

Umsækjandi skal á tilteknum sviðum og undir viðeigandi umsjón hafa aflað sér reynslu við stjórn sviffflugna. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

- a) aðgerðir þær sem framkvæma þarf fyrir flug, þ.m.t. samsetning og skoðun sviffflugna,
- b) tækni og aðferðir við framkvæmd þeirrar flugtaksaðferðar sem beitt er hverju sinni, þ.m.t. viðeigandi flughraðatakmarkanir, neyðarráðstafanir og táknerki sem notuð eru,
- c) aðgerðir í umferðarhring flugvalla, varúðarráðstafanir til að forðast árekstra,
- d) stjórn sviffflugna eftir sýnilegum kennileitum,
- e) flug á öllu flugsviðinu,
- f) að bera kennsl á einkenni og ná sviffflugna út úr frumofrasi og fullu ofrasi, svo og gormdýfu,
- g) flugtak, aðflug og landing við eðlilegar aðstæður og í hliðarvindi,
- h) landflug þar sem aðeins er stuðst við sýnileg kennileiti og ákvörðun hnattstöðu eftir leiðarreikningi og áttavita,
- i) neyðarráðstafanir.

2.12.1.4

Færni.

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að sinna starfi flugstjóra sviffluglu og beita þeim aðgerðum og starfsháttum sem lýst er í gr. 2.12.1.3.2 að því marki sem krafist er af handhafa skírteinis svifflugmanns, og að :

- a) stjórna svifflugunni innan þeirra takmarka sem henni eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita þekkingu í flugi, og
- e) hafa ætíð stjórn á svifflugunni á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel.

2.12.1.5

Heilbrigði.

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.12.1.6

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

2.12.1.7

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.12.2

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.12.2.1

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, hefur handhafi skírteinis svifflugmanns rétt til þess að annast flugstjórn á hvaða sviffluglu sem er, svo fremi sem skírteinishafi hefur reynslu í flugtaksaðferð þeirri sem beitt er hverju sinni.

2.12.2.2

Ef fljúga á með farþega skal skírteinishafi hafa lokið eigi færri en 10 stunda fartíma sem flugmaður svifflugna.

2.12.2.3

Handhafa skírteinis svifflugmanns er heimilt að fljúga vélsvifflugum samkvæmt nánari reglum er Flugmálastjórn setur um vélsvifflugur. Réttindi skulu staðfest með áritun á flugskírteinið.

2.12.2.4

Til þess að halda réttindum sínum þarf svifflugmaður að hafa flogið a.m.k. 12 flugferðir, sem samtals eru a.m.k. 3 klst., á síðusta 24 mánaða tímabili eða standast hæfnipróf (PFT) eftir nánari ákvörðun Flugmálastjórnar.

2.12.2.4.1

Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.13**Skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs.**

Reglur þessar um skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs eiga við frjálsa loftbelgi sem í er notað heitt loft eða gas.

2.13.1

Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

2.13.1.1

Aldur.

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 16 ára.

2.13.1.2

Þekking.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmála-stjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa skírteinis stjórnanda frjáls loftbelgs segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi :

Lög um loftferðir

a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa skírteinis stjórnanda frjáls loftbelgs. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum

- b) Undirstöðuatriði um starfrækslu kerfa í frjálsum loftbelgjum og mælitækja þeirra.
- c) Takmörk þau sem sett eru starfrækslu frjáls loftbelgs. Upplýsingar, sem skipta máli, um starfrækslu úr flughandbók eða öðrum gögnum sem við eiga.
- d) Eiginleikar og notkun gastegunda sem notaðar eru í frjálsum loftbelgjum.

Afkastageta og áætlanagerð

- e) Áhrif hleðslu á flugeiginleika. Útreikningar massa.
- f) Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst við flugtak, landingu og við aðrar aðstæður, þ.m.t. áhrif lofthita.
- g) Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur samkvæmt reglum um sjónflug. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu, eftir því sem við á. Stilling flughæðarmæla. Flug á svæðum með mikilli flugumferð.

Mannleg geta og takmörk

h) Mannleg geta og takmörk sem varða handhafa skírteinis stjórnanda frjáls loftbelgs.

Veðurfræði

i) Beiting undirstöðuatriða flugveðurfræði. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra. Flughæðarmælingar.

Leiðsaga

j) Hagnýt atriði flugleiðsögu og staðarákvörðun eftir leiðarreikningi og áttavita. Notkun flugkorta.

Venjur og starfshættir

k) Notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknerki og skammstafanir.

l) Viðeigandi varúðar- og neyðarráðstafanir, þ.m.t. hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði, ókyrrð í slóð annars loftfars og aðrar hættur við stjórn loftfars.

Flugfræði

m) Grundvallaratriði flugfræði er varða frjálsa loftbelgi.

Fjarskipti

n) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

2.13.1.3**Reynsla.**

Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 16 klst. fartíma sem stjórnandi frjáls loftbelgs, þ.m.t. eigi færri en 8 flugtök og uppflug, þar af a.m.k. eitt einflug í loftbelg.

2.13.1.3.1

Umsækjandi skal hafa aflað sér reynslu, undir umsjón þar til hæfra aðilja, í stjórn frjáls loftbelgs á tilteknum sviðum. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

- a) aðgerðir sem framkvæma þarf fyrir flug, þ.m.t. samsetning og uppsetning loftbelgs, að blása upp og binda niður loftbelg, svo og skoðun,
- b) aðferðir og venjur við flugtak og uppflug loftbelgs, þar með talið takmarkanir, neyðarráðstafanir og táknerki þau sem nota skal hverju sinni,
- c) ráðstafanir til að forðast árekstra,
- d) stjórn frjáls loftbelgs eftir sýnilegum kennileitum,
- e) að bera kennsl á skyndilega lækkingu og að endurheimta rétta hæð eftir hana,
- f) landflug eftir sýnilegum kennileitum og ákvörðun hnattstöðu eftir áttavita og leiðarreikningi,
- g) aðflug og landingar, þar með talin stjórn loftbelgs á jörðu niðri, og
- h) neyðarráðstafanir.

2.13.1.3.2

Ef umsækjandi neytir réttinda þeirra, sem skírteini hans veitir, að nóttu til, skal hann hafa aflað sér reynslu, undir eftirliti aðilja með tilskilin réttindi, í flugi frjáls loftbelgs að nóttu til.

2.13.1.4**Færni.**

Umsækjandi skal sanna, með prófi hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, hæfni sína til þess að sinna störfum stjórnanda frjáls loftbelgs og að beita þeim aðgerðum og starfsháttum, sem lýst er í gr. 2.13.1.3.2, að því marki sem krafist er af handhafa skírteinis stjórnanda frjáls loftbelgs, og að:

- a) stjórna frjálsum loftbelgi innan þeirra takmarka sem honum eru sett,
- b) ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,
- c) sýna góða dómgreind og flugmennsku,
- d) beita þekkingu í flugi, og
- e) hafa ætíð stjórn á frjálsa loftbelgnum á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel.

2.13.1.5**Heilbrigði.**

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.13.1.6**Reglusemi.**

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

- 2.13.1.7 **Ríkisfang.**
Umsækjandi skal vera:
a) íslenskur ríkisborgari, eða
b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
c) hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.
- 2.13.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**
- 2.13.2.1 Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, er um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis stjórnanda frjáls loftbelgs vera að annast flugstjórn á hvaða frjálsum loftbelgi sem er, að því tilskildu að hann hafi reynslu í stjórn loftbelgja annaðhvort með heitu lofti eða gasi, eftir því sem við á.
- 2.13.2.2 Áður en handhafi skírteinis neytir réttinda sinna að nóttu til skal hann hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem lýst er í gr. 2.13.1.3.3, og fengið réttindi til flugs að nóttu skráð í skírteini sitt.
- 2.13.2.3 Til þess að halda réttindum sínum þarf stjórnandi frjáls loftbelgs að hafa flogið a.m.k. 8 sinnum og leyst af hendi 4 tæmingar og fyllingar loftbelgs á síðustu 24 mánuðum eða standast hæfnipróf (PFT) eftir nánari ákvörðun Flugmála-stjórnar.
- 2.13.2.3.1 Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

III. KAFLI

SKÍRTEINI FLUGLIDA ANNARRA EN FLUGMANNA

- 3.1 Almennar reglur sem varða skírteini flugvélstjóra.**
- 3.1.1 Umsækjandi skal, áður en honum er veitt skírteini flugvélstjóra, fullnægja þeim skilyrðum sem kveða á um aldur, þekkingu, reynslu, færni, heilbrigði, reglusemi og ríkisfang eins og mælt er fyrir um slíkt skírteini.
- 3.1.1.1 Umsækjandi um skírteini flugvélstjóra skal sanna þekkingu sína og færni að því marki sem Flugmálastjórn krefst til útgáfu skírteinisins.
- 3.2 Flugleiðsögumaður.**
Skírteini flugleiðsögumanns er ekki gefið út lengur, né heldur eru eldri skírteini flugleiðsögumanna endurnýjuð.
- 3.3 Flugvélstjóri.**
Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi. Skírteini flugvélstjóra veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf nema þeir séu einnig flugvirkjar.
- 3.3.1 **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**
- 3.3.1.1 **Aldur.**
Umsækjandi skal ekki vera yngri en 18 ára.
- 3.3.1.2 **Þekking.**
Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa skírteinis flugvélstjóra segja til um. Sviðin skulu vera a.m.k. þessi:

Lög um loftferðir

- a) Reglur og reglugerðir sem varða handhafa skírteinis flugvélstjóra. Reglur og reglugerðir um flugrekstur er varða skyldustörf flugvélstjóra.

Almenn þekking á loftförum

- b) Undirstöðuatriði varðandi hreyfla loftfara, gashverfla og/eða bulluhreyfla. Eiginleikar eldsneytis, eldsneytiskerfa, þ.m.t. stjórn og eftirlit með eldsneyti. Smurning og smurkerfi. Eftirbrennar og íspýtingarkerfi, eðli og gangverk kveikjuferils vélar og ræsingarkerfi.
- c) Undirstöðuatriði um starfrækslu, meðhöndlun og getumörk hreyfla loftfara. Áhrif breytinga í andrúmslofti á afkastagetu hreyfla.
- d) Skrokkar, stjórnæki, burðarvirki, hjólabúnaður, hemlar og skriðvarar, tæring og endingartími vegna málmlúa. Að bera kennsl á skemmdir og galla í burðarvirki.
- e) Ís- og regnvarnarkerfi.
- f) Jafnþrýsti- og loftbætikerfi, súrefniskerfi.
- g) Vökvaprýsti- og loftþrýstikerfi.
- h) Undirstöðuatriði raffræði, rafkerfi (rið- og rakstraums), rafleiðslukerfi flugvéla, tenging þeirra og skermun.
- i) Undirstöðuatriði um eðli og starfsemi mælitækja, áttavita, sjálfstýribúnaðar, talstöðvarbúnaðar, flugleiðsögutækja og ratsjár búnaðar til flugleiðsagnar, flugstjórnarkerfa, notkun birta og rafeindabúnaðar.
- j) Getumörk hlutaðeigandi loftfara.
- k) Brunavarnir, tæki og búnaður til að skynja, kæfa og slökkva eld.
- l) Notkun og eftirlit með endingu búnaðar og kerfa hlutaðeigandi loftfara.

Afkastageta og áætlanagerð

- m) Áhrif hleðslu og dreifingar massa á stjórn loftfars, flugeiginleika og afkastagetu. Útreikningur massa og jafnvægis.
- n) Notkun og hagnýt beiting gagna um afkastagetu, þar með taldir starfshættir við farflugstjórn.

Mannleg geta og takmörk

- o) Mannleg getumörk sem varða handhafa skírteinis flugvélstjóra.

Venjur og starfshættir

- p) Undirstöðuatriði um viðhald, aðferðir til viðhalds lofthæfi loftfars, bilana-tilkynningar, skoðun loftfars fyrir flug, varúðarráðstafanir við eldsneytis-töku og notkun utanaðkomandi orku. Búnaður og kerfi í farþegarými.
- q) Starfshættir og viðbrögð við eðlilegar og óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum.
- r) Venjur og starfshættir við farmflutninga, þ.m.t. flutningur á hættulegum efnum.

Flugfræði

- s) Undirstöðuatriði flugfræði.

Fjarskipti

- t) Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum.

3.3.1.3 **Reynsla.**

3.3.1.3.1 Umsækjandi skal hafa lokið, undir eftirliti manns sem viðurkenndur er af Flugmálastjórn, eigi færri en 100 klst. fartíma í starfi flugvélstjóra. Flugmálastjórn ákveður hvort reynsla í starfi flugvélstjóra í flughermi, viðurkenndum af henni, skuli teljast fullnægjandi sem hluti þessara 100 klst. Eigi skal meta slíka reynslu til fleiri en 50 klst.

3.3.1.3.1.1 Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem flugmaður ákveður Flugmálastjórn hvort hægt sé að viðurkenna slíka reynslu og, ef svo er, að hvaða marki hægt sé að slá af þeim kröfum sem lýst er í gr. 3.3.1.3.1.

3.3.1.3.2 Umsækjandi skal hafa öðlast starfsreynslu í skyldustörfum flugvélstjóra, undir eftirliti flugvélstjóra sem til þess hefur verið viðurkenndur af Flugmálastjórn, á tilteknum sviðum. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

a) Venjulegir starfshættir:

- skoðun loftfars fyrir flug
- eldsneytistaka, umsjón með eldsneyti
- eftirlit með viðhaldsskjólum
- hefðbundnir starfshættir í stjórnklefa loftfars á öllum stigum flugs
- samhæfing áhafnar og aðgerðir ef hluti áhafnar verður skyndilega óhæfur til að sinna skyldustörfum sínum
- bilanatilkynningar.

b) Starfshættir við óeðlilegar aðstæður og þegar viðbúnaðar er þörf:

- að bera kennsl á að kerfi loftfars starfar óeðlilega
- beiting starfshátta við óeðlilegar aðstæður og þegar viðbúnaðar er þörf.

c) Starfshættir í neyð:

- að bera kennsl á neyðarástand
- beiting viðeigandi starfshátta í neyð.

3.3.1.4 **Færni.**

Umsækjandi skal sanna hæfni sína til að sinna störfum flugvélstjóra loftfars og til að beita þeim aðgerðum og starfsháttum, sem lýst er í gr. 3.3.1.3.2, að því marki sem krafist er af handhafa skírteinis flugvélstjóra, og að:

a) nota kerfi loftfars innan þeirra takmarka sem loftfarinu eru sett,

b) sýna góða dómgreind og flugmennsku,

c) beita þekkingu í flugi,

d) sinna öllum skyldustörfum sem einn af samheldinni áhöfn á þann hátt að aldrei leiki vafi á að vel hafi til tekist,

e) skilja og nota starfshætti og venjur við samhæfingu flugverja og kunna að bregðast við ef flugliði verður skyndilega vanhæfur, og

f) hafa árangursrík og góð samskipti við aðra flugliða.

3.3.1.4.1 Notkun flugþjálfna til að framkvæma einhverja þeirra aðgerða sem krafist er til að sanna færni þá, er lýst er í gr. 3.3.1.4, skal vera viðurkennd af Flugmálastjórn sem gengur úr skugga um að flugþjálfinn hafi hlutadeigandi aðgerðum.

3.3.1.5 **Heilbrigði.**

Umsækjandi skal vera handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

3.3.1.6 **Reglusemi.**

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

3.3.1.7

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

3.3.2

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

3.3.2.1

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5. og 1.2.6., skulu réttindi handhafa skírteinis flugvélstjóra vera að starfa sem slíkur í þeim tegundum loftfara sem hlutaðeigandi hefur sýnt fram á að séu innan hans getu- og færnimarka, samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar og kröfum þeim er lýst er í gr. 3.3.1.2 og 3.3.1.4 sem kveða á um öruggan rekstur hlutaðeigandi gerðar loftfars.

3.3.2.2

Þær gerðir loftfara, sem handhafi skírteinis flugvélstjóra hefur leyfi til að neyta í réttinda þeirra sem skírteinið gefur, skal annaðhvort skrá í skírteinið eða á hverjum þeim öðrum stað sem Flugmálastjórn tekur gildan.

3.3.2.3

Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi skírteinis flugvélstjóra að hafa skráðan a.m.k. 70 klst. fartíma sem flugvélstjóri á síðustu 12 mánuðum á þær tegundir loftfara sem skráðar eru í skírteinið eða hafa á sama tíma staðist próf samkvæmt gr. 3.3.1.4.

3.3.2.4

Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir flugvélstjóraskírteini ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í stað hæfniprófs (PFT) getur umsækjandi sannað hæfni sína með prófi samkvæmt gr. 3.3.1.4. Sannreyna má áframhaldandi hæfni flugliða, sem starfa í atvinnuflutningum, með því að þeir sýni hæfni sína í samræmi við ákvæði reglugerðar um flugrekstur nr. 381/1989 með áorðnum breytingum og/eða viðbæti 6 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6.

3.3.2.5

Ef skírteinishafi fullnægir ekki ákvæðum í gr. 3.3.2.3 í meira en 36 mánuði skal umsækjandi, til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný, sanna að hann fullnægi kröfum sem um getur í gr. 3.3.1.2, 3.3.1.4, 3.3.1.5, 3.3.1.6 og 3.3.1.7.

3.3.2.5.1

Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók eða réttilega skráð í samræmi við gr. 1.2.5.1.1.

V. KAFLI

SKÍRTEINI OG ÁRITANIR ANNARRA EN FLUGLIÐA**4.1****Flugvéltæknir - II. flokkur.**

Flugvéltæknir getur verið flugtæknifræðingur, flugverkfræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, sem varða rafeindabúnað loftfara, getur verið um radióvirkja eða aðilja með hliðstæða menntun að ræða. Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltækna II. flokks sem veita réttindi sem varða viðhald loftfara í heild sinni eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið. Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna II. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.1.1

Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

Umsækjandi um skírteini flugvéltækna II. flokks skal fullnægja tilteknum skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni, reglusemi og ríkisfang. Skilyrðin eru þessi:

4.1.1.1

Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.

4.1.1.2

Þekking og menntun.

4.1.1.2.1

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum um skyldu handhafa skírteinis flugvéltækis II. flokks,
- b) samsetningu, starfsemi, skoðun, viðhaldi og hönnun eftirtalinna hluta sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
 - 1) loftfara í heild sinni,
 - 2) skrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - 3) hreyfla loftfara ásamt fylgihlutum þeirra,
 - 4) kerfa loftfara og eininga þeirra,
 - 5) mælitækja loftfara, og
 - 6) rafeindabúnaðar loftfara.

4.1.1.2.2

Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku eða öðru hliðstæðu námi að mati Flugmálastjórnar. Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.1.1.3

Reynsla.

Hann skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðun og viðhaldi loftfara eða hluta þeirra:

- a) til útgáfu skírteinis, sem veitir réttindi til að undirrita viðhaldsvottorð, eigi minna en:
 - 1) 3 ár, eða
 - 2) 2 ár ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði sem veitir samsvarandi verklega reynslu.
- b) til útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum, samkvæmt gr. 4.1.2.2 b) eða c), skal hann hafa reynslutíma sem gerir mönnum kleift að öðlast sömu hæfni og krafist er samkvæmt a). Þessi tími skal ekki vera styttri en:
 - 1) 2 ár, eða
 - 2) sá tími sem Flugmálastjórn telur nauðsynlegan fyrir umsækjendur, sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, til að öðlast samsvarandi verklega reynslu.

4.1.1.4

Færni.

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.

4.1.1.5

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.

4.1.1.6

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

4.1.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**

4.1.2.1 Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 4.1.2.2, hefur handhafi skírteinis flugvéltækis II. flokks réttindi sem hér segir:

- a) til skírteinis sem tekur til loftfara í heild sinni
 - til að staðfesta lofthæfi loftfars eftir lítils háttar viðgerðir, heimilaðar minni háttar breytingar, ísetningu viðurkennds hreyfils, aukabúnaðar og tækja og til að undirrita viðhaldsvottorð að aflokinni skoðun og/eða venjulegu viðhaldi,
- b) til skírteinis með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.1.2.2 b) eða c)
 - til að staðfesta lofthæfa þá hluta loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir skoðun, lítils háttar viðgerðir eða heimilaðar minni háttar breytingar.

4.1.2.2 Réttindi handhafa skírteinis flugvéltækis II. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.1.2.1, gilda aðeins:

- a) um þau loftför í heild sem skráð eru á skírteinið annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli, eða
- b) um þá skrokka, hreyfla og þau kerfi eða einingar sem skráð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli, og/ eða
- c) um þau kerfi eða einingar rafeindabúnaðar loftfara sem skráð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli,
- d) ef hann hefur kynnt sér viðeigandi upplýsingar og fyrirmæli, sem í gildi eru, um viðhald og lofthæfi þeirrar tilteknu tegundar loftfars, sem hann undirritar viðhaldsvottorð fyrir, eða fyrir þá skrokka, hreyfla, hluta loftfara, kerfi og rafeindabúnað sem hann staðfestir lofthæfan,
- e) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort nýtt viðeigandi réttinda flugvéltækis II. flokks ekki skemur en 6 mánuði eða ef hann hefur sannað Flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast réttindin.

4.1.3 **Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.**

Fyrirmælin í gr. 4.1.1 og 4.1.2 taka til veitingar skírteina til einstaklinga. Þegar í þess stað viðurkenndri viðhaldsstofnun eru veitt réttindi, hliðstæð þeim sem eru í gr. 4.1.2.1, skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist. Gæta skal þess þegar stofnun eru veitt slík réttindi að heimild til að undirrita viðhaldsvottorð sé takmörkuð við einstaklinga sem hafa þekkingu og reynslu samsvarandi því sem um getur í gr. 4.1.1.2 og 4.1.1.3.

4.2 **Flugvéltæknir – I. flokkur.**

Flugvéltæknir getur verið flugtæknifræðingur, flugverkræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, sem varða rafeindabúnað loftfara, getur verið um radióvirkja eða aðilja með hliðstæða menntun að ræða. Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltækna I. flokks sem veita réttindi sem varða grannskóðanir, heimilaðar viðgerðir eða heimilaðar breytingar loftfara í heild sinni eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið. Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna I. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.2.1 **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**

Umsækjandi um skírteini flugvéltækni I. flokks skal fullnægja tilteknum skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni, reglusemi og ríkisfang. Skilyrðin eru þessi:

4.2.1.1 **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.2.1.2 **Þekking og menntun.**

4.2.1.2.1 Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum um skyldur handhafa skírteinis flugvéltækni I. flokks,
- b) samsetningu, starfsemi, skoðun og hönnun þeirra hluta sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
 - 1) loftfara í heild sinni,
 - 2) skrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - 3) hreyfla loftfara ásamt fylgihlutum þeirra,
 - 4) kerfa loftfara og eininga þeirra,
 - 5) mælitækja loftfara, og
 - 6) rafeindabúnaðar loftfara.
- c) aðferðum og tilhögun við skoðanir og hvenær samþykkja skal viðgerðir, grannskoðanir og prófanir eftirtalinna hluta sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
 - 1) loftfara í heild sinni,
 - 2) skrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - 3) hreyfla loftfara, þar með talið videigandi einingar þeirra, búnaður, mælitæki og aðrir fylgihlutir, svo og ísetning þessara hluta,
 - 4) kerfa loftfara og eininga þeirra,
 - 5) mælitækja loftfara, og
 - 6) rafeindabúnaðar loftfara.

4.2.1.2.2 Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og edlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati Flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.2.1.3 **Reynsla.**

Hann skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðunum, grannskoðunum, leyfðum viðgerðum og heimiludum breytingum á loftförum eða hlutum þeirra:

- a) til útgáfu skírteinis, sem veitir réttindi til að staðfesta loftför lofthæf, eigi minna en:
 - 1) 5 ár, eða
 - 2) 3 ár ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði sem veitir samsvarandi verklega reynslu.
- b) til útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum, samkvæmt gr. 4.2.2.2 b), skal hann hafa reynslutíma sem gerir mönnum kleift að öðlast sömu hæfni og krafist er samkvæmt a). Þessi tími skal ekki vera styttri en:
 - 1) 3 ár, eða

- 2) sá tími sem Flugmálastjórn telur nauðsynlegan fyrir umsækjendur, sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, til að öðlast samsvarandi verklega reynslu.

4.2.1.4

Færni.

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.

4.2.1.5

Reglusemi.

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.

4.2.1.6

Ríkisfang.

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

4.2.2

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

4.2.2.1

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 4.2.2.2, hefur handhafi skírteinis flugvéltæknis I. flokks réttindi sem hér segir:

- a) til skírteinis sem tekur til loftfara í heild sinni
 - til að staðfesta loftfar lofthæft eftir sérhverja grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu á loftfari, skrokki eða hreyfli, að meðtöldum aukabúnaði og mælitækjum, rafeindabúnaði og öðrum búnaði, svo og ísetningu þeirra. Áskilið er að við þessar grannskodanir, viðgerðir og/eda breytingar verði eingöngu notaðir viðurkenndir varahlutir til endurnýjunar.
- b) til skírteinis með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.2.2.2 b).
 - til að staðfesta lofthæfa þá hluta loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu, þar með talin ísetning viðurkenndra varahluta.

Í þessu felast ekki réttindi til að undirrita viðhaldsvottorð nema í samræmi við gr. 4.2.3.

4.2.2.2

Réttindi handhafa skírteinis flugvéltæknis I. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.2.2.1, gilda aðeins:

- a) um þau verk og þau loftför í heild sem rituð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli, eða
- b) um þau verk og þá skrokka loftfara, þá hreyfla, þau kerfi eða einingar og rafeindakerfi og hluta þeirra sem skráð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli,
- c) ef hann hefur kynnt sér allar viðeigandi upplýsingar og fyrirmæli sem í gildi eru um lofthæfi þeirrar tegundar loftfars, skrokks, hreyfils, kerfis eða hluta þess, svo og rafeindabúnaðar, sem hann staðfestir lofthæft eftir grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu,
- d) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort neytt viðeigandi réttinda flugvéltæknis I. flokks ekki skemur en 6 mánuði eða ef hann hefur sannað Flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast réttindin.

- 4.2.3 **Veiting og neyting sameiginlegra réttinda I. flokks og II. flokks skírteinis.**
Réttindi, sem skilgreind eru í gr. 4.1.2.1 og 4.2.2.1, má veita með einu skírteini í stað þess að gefa út sérstakt I. flokks og II. flokks skírteini enda hafi kröfum þeim, sem um getur í gr. 4.1.1 og 4.2.1, verið fullnægt. Réttinda, sem þannig eru veitt, skal neyta skv. gr. 4.1.2.2 og 4.2.2.2.
- 4.2.4 **Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.**
Fyrirmælin í gr. 4.2.1 og 4.2.2 taka til veitingar skírteina til einstaklinga. Þegar í þess stað viðurkenndri viðhaldsstofnun eru veitt réttindi, hliðstæð þeim, sem eru í gr. 4.2.2.1, skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist.
- 4.3 **Flugumferðarstjóri.**
- 4.3.1 **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**
Umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra skal fullnægja tilteknum skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni, heilbrigði, reglusemi og ríkisfang, ásamt kröfum um a.m.k. eina flugumferðarstjórnaráritun, samkvæmt gr. 4.4.1, 4.4.2, 4.4.3 og 4.4.4. Flugmálastjórn er þó rétt að setja nánari reglur um töku prófa fyrir útgáfu skírteinis og áritana. Skilyrðin og kröfurnar eru þessi:
- 4.3.1.1 **Aldur.**
Hann skal ekki vera yngri en 21 árs. Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugumferðarstjóri eftir að hann hefur náð 60 ára aldri. Heimilt er þó að framlengja þennan hámarksaldur um 5 ár til 31. desember 1990, en síðan aðeins um allt að 3 ár, enda gangist hlutaðeigandi flugumferðarstjóri undir skoðun trúnaðarlækna Flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.
- 4.3.1.2 **Þekking og menntun.**
- 4.3.1.2.1 Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:
- a) íslensku og ensku til notkunar við flugumferðarstjórn og hæfni til að tala þau mál án hreims eða málfarslegra galla sem myndu hafa bagaleg áhrif á talstöðvarviðskipti,
 - b) flugreglum eins og þær eru skráðar í ritum ICAO og Flugmálastjórnar,
 - c) vinnu við flugumferðarstjórn eins og frá henni er greint í viðeigandi ICAO-ritum og íslenskum starfsreglum. Sérstaka áherslu skal leggja á stjórn IFR-umferðar,
 - d) viðeigandi köflum úr ICAO-ritum er varða fjarskiptabúnað og fjarskipta-aðferðir, þar með talin orðasambönd og venjur í talviðskiptum,
 - e) undirstöðuatriðum í loftsiglingafræði, þar á meðal kunnátta í notkun hæðarmæla,
 - f) viðeigandi gerðum flugleiðsögutækja að meðtöldum merkingum og ljósa-búnaði ásamt notkun þeirra og takmörkunum,
 - g) veðurkortum, veðurfréttum og veðurspám svo að hann geti metið veður og veðurhorfur eftir þeim,
 - h) getumörkum mismunandi tegunda loftfara, að því er varðar flugumferðarstjórn, og
 - i) undirstöðuatriðum ratsjártækja, notkun þeirra og takmörkunum.

4.3.1.2.2 Hann skal hafa lokið stúdentsprófi eða hafa aðra sambærilega menntun og hafa gott vald á ensku og íslensku máli.

4.3.1.3 **Reynsla.**

Hann skal hafa:

- a) starfað á fullnægjandi hátt í a.m.k. 9 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra, eða
- b) lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri og starfað í a.m.k. 3 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra.

4.3.1.4 **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 3. flokks heilbrigðisvottorðs.

4.3.1.5 **Reglusemi.**

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.

4.3.1.6 **Ríkisfang.**

Umsækjandi skal vera:

- a) íslenskur ríkisborgari, eða
- b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
- c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

4.4 Áritanir í skírteini flugumferðarstjóra.

Áritanir í skírteini flugumferðarstjóra skulu vera fyrir flugturnspjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu og ratsjá. Skilyrði fyrir útgáfu áritana eru skráð í gr. 4.4.1, 4.4.2, 4.4.3 og 4.4.4 og réttindi þeirra eru samkvæmt gr. 4.4.5.

4.4.1 **Skilyrði áritunar fyrir flugturnspjónustu.**

Umsækjandi um áritun skal fullnægja tilteknum kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi greinum að því er varðar flugvöll þann sem sótt er um áritun fyrir. Kröfurnar eru þessar:

4.4.1.1 **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum sem gilda um flugvöllinn,
- b) flugleiðsögutækjum sem tiltæk eru innan hringlaga svæðis með 25 sjómílna geisla frá miðju flugvallarins,
- c) skammstöfunum og öðru sem lýtur að veðurfregnum, svo og sérkennum veðurfars á flugvellinum og í nánd hans,
- d) sérkennum flugumferðar við flugvöllinn,
- e) samstarfi flugumferðarstjórnar vallarins við aðrar flugumferðarþjónustudeildir, eins og við á,
- f) umhverfi flugvallarins og kennileitum,
- g) reglum, sem gilda á staðnum, um notkun og athuganir á flugbrautarskyggni (RVR), eins og við á, og
- h) reglum, sem gilda á staðnum, um neyðarráðstafanir.

4.4.1.2

Reynsla.

- a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði og starfað á fullnægjandi hátt undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en einn mánuð á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- b) ef viðurkenndu þjálfunarnámskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a.m.k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu skal starfsreynslutíminn ekki vera skemmri en 1 mánuður.

4.4.1.3

Færni.

Hann skal hafa sýnt hæfni sína í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.2

Skilyrði áritunar fyrir aðflugsstjórnarþjónustu.

Umsækjandi um áritun skal fullnægja tilteknum kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi greinum að því er varðar flugvöll þann eða flugvelli þá sem sótt er um áritun fyrir. Kröfurnar eru þessar:

4.4.2.1

Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) staðarreglum um aðflug að flugvöllum og um flugstjórnarsvið,
- b) flugleiðsögutækjum innan ábyrgðarsvæðis hans og í nánd við það,
- c) skammstöfunum og öðru sem lýtur að veðurfregnum, svo og sérkennum veðurfars sem líkleg eru að hafa áhrif á ábyrgðarsvæðinu,
- d) sérkennum flugumferðar í svæðinu,
- e) rafeindabúnaði sem notaður er við flugumferðarstjórn,
- f) samstarfi aðflugsstjórnarinnar við aðrar flugumferðarþjónustudeildir, eins og við á,
- g) landslagi og kennileitum,
- h) staðarreglum, sem gilda á svæðinu, um notkun og athuganir á brautar-skyggni (RVR), eins og við á,
- i) aðferðum við leitar- og björgunarþjónustu og tiltækum búnaði hennar,
- j) reglum, sem gilda á staðnum, um neyðarráðstafanir, og
- k) aðferðum við biðflug, aðflug, fráhrarfsflug og brottflug í blindflugsskilyrðum.

4.4.2.2

Reynsla.

4.4.2.2.1

- a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði og starfað á fullnægjandi hátt undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- b) ef viðurkenndu þjálfunarnámskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a.m.k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir flugturnsþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu skal starfsreynslutíminn ekki vera skemmri en 2 mánuðir.

4.4.2.2.2

Flugmálastjórn ákveður eftir aðstæðum hverju sinni hve mikil staðarreynsla er nauðsynleg til að öðlast áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu á nýjum stað.

4.4.2.3

Færni.

Hann skal hafa sýnt hæfni sína í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.3

Skilyrði áritunar fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu.

Umsækjandi um áritun skal fullnægja tilteknum kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi greinum að því er varðar flugstjórnarsvæði það sem sótt er um áritun fyrir. Kröfurnar eru þessar:

4.4.3.1

Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) flugleiðsögutækjum innan flugstjórnarsvæðisins og í nánd við það,
- b) gögnum um veðurupplýsingar og sérkennum veðurfars sem líkleg eru til að hafa áhrif á ábyrgðarsvæði hans,
- c) flugvöllum og sérkennum flugumferðar,
- d) samstarfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar við aðrar flugumferðarþjónustu-deildir,
- e) videigandi atriðum um fjarskiptastöðvar, þar með talið hver tíðni þeirra og starfsemi er,
- f) landslagi og kennileitum,
- g) aðferðum við leitar- og björgunarþjónustu og tiltækum búnaði hennar, og
- h) aðferðum við biðflug, aðflug, fráhrarfsflug og brottflug í blindflugsskilyrðum.

4.4.3.2

Reynsla.

- a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnám-skeiði og starfað á fullnægjandi hátt undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- b) ef viðurkenndu þjálfunarnámsskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a.m.k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir flugturnsþjónustu eða aðflugsstjórnarþjónustu skal starfsreynslutíminn undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki vera skemmri en 2 mánuðir.

4.4.3.3

Færni.

Hann skal hafa sýnt hæfni sína í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.4

Skilyrði fyrir ratsjáráritun.

Umsækjandi skal hafa fullgilt skírteini flugumferðarstjóra, sbr. gr. 4.3.1, með þeirri áritun sem krafist er á videigandi stað. Hann skal fullnægja kröfum um þekkingu, skv. gr. 4.4.4.2, og reynslu, skv. gr. 4.4.4.3, um flugvöll þann eða flugvelli þá og flugstjórnarsvæði, sem áritunar er óskað fyrir, með hliðsjón af þeirri ratsjá sem nota skal. Þessar kröfur gera ráð fyrir að umsækjandi hafi videigandi áritun fyrir flugturnsþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu sem ratsjarréttinda er óskað fyrir.

4.4.4.1

Ratsjáráritun skiptist í áritanir fyrir nákvæmnisratstjá (PAR), stefningarratsjá (SRE) og svæðisratsjá.

4.4.4.2

Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) aðferðum til að tryggja rétta hæð yfir jörðu, þar með taldar viðeigandi flugþjónustuleiðir og lágmörk yfir hindrunum, eins og við á,
- b) sérkennum mismunandi tegunda loftfara, að því er varðar ratsjárflugstjórn,
- c) grundvallaratriðum ratsjártækni,
- d) sérkennum hlutadeigandi ratsjártækja, notkun þeirra og takmörkunum, þar með taldar takmarkanir vegna landslags, veðurskilyrða og annarra atriða sem hafa áhrif á starfsemi þeirra,
- e) samstarfi innan flugumferðarþjónustudeildarinnar og við aðrar slíkar deildir, hvort sem þær eru búnar ratsjá eða ekki,
- f) aðferðum við ratsjárauðkenningu loftfara, eins og við á, og
- g) aðferðum við ratsjárflugstjórn, við aðflug, fráhrarfsflug, brottflug og leiðarflug, eins og við á.

4.4.4.3

Reynsla.

- a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnám-skeiði og starfað á fullnægjandi hátt undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra, sem hefur ratsjarréttindi, ekki skemur en 1 mánuð á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- b) hann skal hafa starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra, sem hefur ratsjarréttindi, eigi skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum, að því tilskildu að
 - i) ef umsækjandi á að starfa við nákvæmnisratsjá skal reynsla hans, skv. lið a) eða b), fela í sér a.m.k. 200 slík aðflug. Af þeim skulu ekki vera fleiri en 100 í viðurkenndu þjálfunartæki og a.m.k. 50 leyst af hendi með nákvæmnisratsjá á þeim flugvelli þar sem umsækjandi hyggst starfa,
 - ii) ef umsækjandi á að starfa við stefningarratsjá skal reynsla, samkvæmt lið a), fela í sér a.m.k. 25 aðflug með hringsjá eða skv. lið b) fela í sér a.m.k. 50 aðflug með hringsjá. Við öll aðflugin skulu hafa verið notuð sams konar ratsjártæki og það sem sótt er um réttindi fyrir.

4.4.4.4

Færni.

Hann skal hafa sýnt hæfni sína í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.5

Réttindi handhafa skírteinis flugumferðarstjóra og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

4.4.5.1

Að því tilskildu að fullnægt sé kröfum þeim, er greinir í gr. 1.2.5 og 1.2.6, eru réttindi handhafa skírteinis flugumferðarstjóra, sem hefur eina eða fleiri neðantaldra áritana, svo sem hér greinir:

4.4.5.1.1

Áritun fyrir flugturnsþjónustu.

Að annast eða hafa í sinni umsjá flugturnsþjónustu á þeim flugvelli sem hann hefur áritun fyrir, að því tilskildu að hann hafi kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.2 Áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu.

Að annast eða hafa í sinni umsjá aðflugsstjórnarþjónustu við flugvöll eða flugvelli þá, sem hann hefur áritun fyrir, í því loftrými eða í tilteknum hluta þess sem Flugmálastjórn hefur ákveðið að heyri undir hlutaðeigandi aðflugsstjórnarþjónustudeild enda hafi hann kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.3 Áritun fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu.

Að annast eða hafa í sinni umsjá þjónustu á því flugstjórnarsvæði eða á tilteknum hluta þess, sem hann hefur áritun fyrir, enda hafi hann kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.4 Ratsjáráritun.

Að annast eða hafa í sinni umsjá stjórn flugumferðar sem hann hefur áritun fyrir, með:

- a) notkun tilgreindrar nákvæmnisratsjár á ákveðnum flugvelli,
- b) notkun tilgreindrar stefningarratsjár til aðflugsstjórnar í loftrými tilgreindrar aðflugsstjórnardeildar,
- c) notkun tilgreindrar svæðisratsjár til umferðarstjórnar í loftrými tilgreindrar flugstjórnarmidstöðvar.

4.4.5.2 Gildistími áritana.

4.4.5.2.1 Áritun fellur úr gildi þegar flugumferðarstjóri hefur ekki starfað samkvæmt henni á 6 mánaða tímabili. Ef áritun hefur fallið úr gildi getur flugumferðarstjóri endurnýjað hana með því að standast hæfnipróf (PT) hjá Flugmálastjórn þar sem prófuð er þekking og færni umsækjanda að því er varðar hlutaðeigandi áritun.

4.4.5.2.2 Ef skírteinishafi fullnægir ekki ákvæðum í gr. 4.4.5.2.1. í meira en 36 mánuði skal umsækjandi, til þess að endurheimta réttindi skírteinisins á ný, fullnægja ákvæðum í gr. 4.3.1.2, 4.3.1.3, 4.3.1.4, 4.3.1.5, 4.3.1.6 og þar að auki ákvæðum í gr. 4.4.5.2.1.

4.4.5.2.3 Hann skal standast hæfnipróf (PT) fyrir áritun þá, sem hann starfar eftir, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

4.5 Flugumsjónarmaður.**4.5.1 Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**

Umsækjandi um skírteini flugumsjónarmanns skal fullnægja tilteknum kröfum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni, reglusemi og ríkisfang. Kröfurnar eru þessar:

4.5.1.1 Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.5.1.2 Þekking og menntun.

4.5.1.2.1 Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) gerð flugáætlana og leiðarflugáætlana, þar með talinn útreikningur á þyngdarpunkti, eldsneytiseyðslu og flugþoli ásamt vali á varaflugvöllum,

- b) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka (AIP), NOTAM, táknumerka og skammstafana,
- c) reglum og reglugerðarákvæðum um loftflutninga,
- d) venjum og starfsháttum við flugumferðarstjórn sem varða starf flugumsjónarmanna,
- e) flugveðurfræði,
- f) notkun og takmörkunum hæðarmæla, einkanlega mismunandi stillingum þeirra,
- g) grundvallaratriðum um flugleiðsögu, sérstaklega á flugrekstri við blindflugsskilyrði,
- h) aðferðum við að fylgjast með flugi, og
- i) fjarskiptaaðferðum við loftför og viðeigandi farþjónustustöðvar.

4.5.1.2.2

Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati Flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.5.1.3

Reynsla.

4.5.1.3.1

Hann skal á síðustu 3 árum fyrir umsókn hafa lokið tveggja ára starfi í einhverri einni eða fleiri en einni eftirtalinna starfsgreina enda hafi hann verið starfsmaður í einhverri þeirra ekki skemur en 1 ár:

- a) flugmaður í loftflutningum,
- b) flugleiðsögumaður í loftflutningum,
- c) flugloftskeytamaður í loftflutningum,
- d) veðurfræðingur í sambandi við flugrekstur,
- e) flugumferðarstjóri eða tæknilegur umsjónarmaður með flugumsjón flugfélags sem rekur loftflutningastarfsemi,

eða

4.5.1.3.2

hann skal hafa starfað sem aðstoðarmaður við flugumsjón í loftflutningum eigi skemur en 1 ár á síðustu 2 árum fyrir umsókn,

eða

4.5.1.3.3

hann skal hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri.

4.5.1.3.4

Umsækjandi, sem fullnægir settum skilyrðum, samkvæmt gr. 4.5.1.3.1, 4.5.1.3.2 og 4.5.1.3.3, skal hafa starfað sem flugumsjónarmaður undir eftirliti flugumsjónarmanns með réttindum eigi skemur en 90 daga á síðustu 6 mánuðum fyrir umsókn.

4.5.1.4

Færni.

Hann skal sanna hæfni sína til að:

- a) gera á fullnægjandi hátt, á grundvelli daglegra veðurkorta og veðurfrétta, grein fyrir ríkjandi veðurfari á tiltekinni flugleið eða í námunda við hana og segja fyrir um veðurbreytingar, sem máli skipta fyrir loftflutninga, með sérstakri hliðsjón af tilteknum flugvöllum,
- b) ákvarða æskilegustu flugleið,
- c) annast flugumsjón og alla aðra aðstoð við flug í óhagstæðum skilyrðum, svo sem handhafa skírteinis flugumsjónarmanns sæmir.

- 4.5.1.5 **Reglusemi.**
Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið.
- 4.5.1.6 **Ríkisfang.**
Umsækjandi skal vera:
a) íslenskur ríkisborgari, eða
b) eiga lögheimili á Íslandi, eða
c) hafa stundað nám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.
- 4.5.2 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**
- 4.5.2.1 Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, eru réttindi handhafa skírteinis flugumsjónarmanns þau að starfa sem flugumsjónarmaður á hverju því svæði sem hann fullnægir lágmarkskröfum fyrir, að því tilskildu að hann haldi við hæfni þeirri sem um getur í ICAO, viðbæti 6 og reglugerð um flugrekstur.
- 4.5.2.2 Til þess að halda réttindum sínum skal handhafi skírteinis flugumsjónarmanns hafa starfað sem slíkur a.m.k. 6 mánuði á síðustu 24 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PT) sem Flugmálastjórn tekur gilt.

V. KAFLI GERÐ SKÍRTEINA

- 5.1 **Skírteini útgefin af Flugmálastjórn.**
Skírteini, útgefin af Flugmálastjórn samkvæmt þessari reglugerð, skulu gerð í samræmi við eftirfarandi ákvæði.
- 5.1.1 **Atriði.**
Eftirfarandi atriði skulu koma fram á skírteininu:
I Nafn ríkisins (með feitu letri).
II Tegund (gerðaráritun) skírteinisins (með mjög feitu letri).
III Númer skírteinisins með arabískum tölustöfum.
IV Fullt nafn skírteinishafa.
V Heimilisfang skírteinishafa.
VI Þjóðerni skírteinishafa.
VII Eiginhandarundirskrift skírteinishafa.
VIII Útgefandi skírteinisins og, ef nauðsynlegt er, með hvaða skilyrðum skírteinið er útféið.
IX Ákvæði um gildistíma og réttindi skírteinishafa.
X Undirskrift fulltrúa Flugmálastjórnar og dagsetning útgáfu skírteinisins.
XI Stimpill Flugmálastjórnar.
XII Áritanir, þ.e. flokksáritanir, tegundaráritanir, ratsjáráritanir o.s.frv.
XIII Athugasemdir, þ.e. sérstakar athugasemdir um takmörkun réttinda og aukin réttindi.
XIV Sérhver önnur atriði er Flugmálastjórn æskir.

- 5.1.2 **Efni.**
Í skírteinin skal notaður úrvalsappír eða annað hentugt efni og atriðin, sem talin eru í 5.1.1, skulu sjást þar greinilega.
- 5.1.3 **Litur.**
- 5.1.3.1 Grunnlitur allra skírteina skal vera hvítur.
- 5.1.3.2 Sérhver tegund (gerðararitun) skírteina er einkennd ákveðnum lit, á eftirfarandi hátt:
- a) Einkaflugmaður/flugvél - ljósbrún rönd.
 - b) Atvinnuflugmaður/flugvél - ljósblá rönd.
 - c) Atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél - dökkgræn rönd.
 - d) Einkaflugmaður/þyrla - ljósgrá rönd.
 - e) Atvinnuflugmaður/þyrla - dökkgrá rönd.
 - f) Atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla - tvær dökkgráar rendur.
 - g) Svifflugmaður - bleik rönd.
 - h) Stjórnandi frjáls loftbelgs - fjólublá rönd.
 - i) Flugvélstjóri - brún rönd.
 - j) Flugvéltæknir II. flokks - rauðbrún rönd.
 - k) Flugvéltæknir I. flokks - rauðbrún rönd.
 - l) Flugumferðarstjóri - gul rönd.
 - m) Flugumsjónarmaður - ljósgræn rönd.
- 5.1.4 **Tungumál.**
Öll skírteini, nema flugnemaskírteini, skulu prentuð bæði á íslensku og ensku. Áritanir í skírteinin skulu einnig vera á þeim tungumálum.
- 5.1.5 **Niðurröðun atriða.**
Titlar atriða skulu tölusettir rómverskum tölustöfum eins og segir í gr. 5.1.1 og í samræmi við nefnda grein. Niðurröðun má vera sú er best þykir henta en samræmi skal vera milli hinna ýmsu gerða skírteina.

VI. KAFLI

ÁKVÆÐI UM HEILBRIGÐI VEGNA ÚTGÁFU SKÍRTEINA

Leiðbeiningar til afnota fyrir Flugmálastjórn og trúnaðarlækna hennar eru gefnar út sérstaklega og er þær að finna í gildandi útgáfu ICAO af „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895). Ógerningur er að rekja staðla þessa í smáatriðum þannig að þeir nái yfir öll einstök tilvik. Hljóta því margar ákvarðanir, sem varða mat á heilbrigði, að vera háðar dómgreind og persónulegu mati hlutadeigandi trúnaðarlæknis. Þess vegna verður að grundvalla matið á nákvæmri læknisskoðun í samræmi við strangar og almennar kröfur lækna. Tilhlýðilega hliðsjón verður að hafa af réttindum þeim, sem skírteini það veitir, sem sótt er um eða umsækjandi hefur, og þeim skilyrðum sem hann vinnur við er hann neytir réttinda sinna við skyldustörf sín.

6.1 Heilbrigðisvottorð – almennt.

6.1.1 Flokkar heilbrigðisvottorða.

Flokkar heilbrigðisvottorða skulu vera þrír svo sem hér segir :

a) 1. flokks heilbrigðisvottorð

á við umsækjendur um eftirfarandi skírteini og handhafa þeirra :

- skírteini atvinnuflugmanns/flugvél og þyrta
- skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél og þyrta
- skírteini flugvélstjóra
- b) 2. flokks heilbrigðisvottorð
 - á við umsækjendur um eftirfarandi skírteini og handhafa þeirra :
 - skírteini einkaflugmanns/flugvél og þyrta
 - skírteini svifflugmanns
 - skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs
- c) 3. flokks heilbrigðisvottorð
 - á við umsækjendur um eftirfarandi skírteini og handhafa þeirra :
 - skírteini flugumferðarstjóra.

- 6.1.2 Umsækjandi um heilbrigðisvottorð skal láta trúnaðarlækni í té yfirlýsingu, sem hann hefur sjálfur undirritað, um heilsufar sitt og fjölskyldu sinnar, svo og um arfgenga sjúkdóma innan fjölskyldunnar. Athygli umsækjanda skal vakin á nauðsyn þess að yfirlýsing þessi sé eins fullkomin og nákvæm og vitneskja hans leyfir og að farið verði með rangar upplýsingar í samræmi við gr. 1.2.4.5.1.
- 6.1.3 Læknir sá, sem sér um skoðunina, skal tilkynna Flugmálastjórn sérhvert tilvik þar sem umsækjandi stenst ekki að hans mati einhverjar kröfur, hvort sem þær eru tilgreindar í tölum eða á annan hátt, og mat læknisins er að þótt umsækjandi neyti réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, sé ekki líklegt að það stofni flugöryggi í hættu (1.2.4.8.).
- 6.1.4 Sömu kröfur eru gerðar um endurnýjun heilbrigðisvottorða og um fyrstu útgáfu þeirra nema annað sé sérstaklega tekið fram.

6.2 Skilyrði fyrir heilbrigðisvottorði.

6.2.1 Almennt.

Umsækjandi um heilbrigðisvottorð, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum í gr. 1.2.4.1, skal gangast undir læknisskoðun þar sem stuðst er við kröfur um eftirfarandi atriði :

- a) líkamshreysti og andlega heilbrigði,
- b) sjón- og litaskynjun, og
- c) heyrn.

6.2.2 Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.

Umsækjendur um alla flokka heilbrigðisvottorða skulu vera lausir við :

- a) hvers konar afbrigðileika, meðfæddan eða ákominn, eða
- b) hvers konar virka, dulda, bráða eða langvinna vanhæfi, eða
- c) hvers konar sár, áverka eða eftirstöðvar aðgerða sem gætu haft í för með sér svo verulega óhæfi að líkindi væru til að truflað gæti örugga stjórn loftfars eða örugga framkvæmd skyldustarfa.

6.2.3 Kröfur um sjón.

Þær aðferðir, sem notaðar eru við mælingu sjónskerpu, geta hæglega haft í för með sér misjafnt mat. Til að ná heildarsamræmi skal gæta þess að innbyrðis samkvæmni ríki í mati á mismunandi aðferðum.

6.2.3.1 Við sjónskerpupróf skal eftirfarandi haft í huga :

- a) Til sjónskerpuprófs í upplýstu herbergi skal notaður um það bil 50 lúxa ljósstyrkleiki en hann samsvarar 30 kandelum á fermetra. Ljósstyrkleiki herbergisins ætti að vera um það bil 1/5 af þeim ljósstyrkleika sem notaður er við mælingu.

- b) Til sjónskerpuþrófs í dimmu eða rökkvuðu herbergi skal notaður 15 lúxa ljósstyrkleiki en hann samsvarar að jafnaði 10 kandelum á fermetra.
- c) Sjónskerpa er mæld með röð af sjónspjöldum Landolts eða öðrum sjónspjöldum líkum þeim. Skulu þau vera í 6 m fjarlægð frá umsækjanda, eða 5 m eftir því sem á við prófunaraðferðina.

6.2.4 **Kröfur um litaskynjun.**

Flugmálastjórn skal nota skoðunaraðferðir sem tryggja örugga prófun litaskynjunar.

- 6.2.4.1 Þess skal krafist að umsækjandi geti hæglega skynjað þá liti sem nauðsynlegt er að hann skynji til þess að geta leyst skyldustörf sín vel og örugglega af hendi.
- 6.2.4.2 Prófa skal hæfi umsækjanda til að þekkja rétta röð af samlitum plötum (töflum) í dagsljósi eða í gerviljósi sem hefur sama lithitastig og ljósgjafar „C“ og „D“ sem skilgreindir eru af „International Commission on Illumination“ (ICI).
- 6.2.4.2.1 Umsækjandi, sem stenst þær kröfur er Flugmálastjórn setur, skal teljast hæfur. Samt sem áður má telja umsækjanda hæfan þótt hann standist ekki slíkt próf ef hann getur hæglega þekkt ljósmerki notuð í flugi sem stafa frá viðurkenndum litaskynjunarlampa.

6.2.5 **Kröfur um heyrn.**

Kröfur um heyrn eru gerðar til viðbótar við þær eyrnaskoðanir sem gerðar eru við læknisskoðun samkvæmt kröfum um líkamshreysti og andlega heilbrigði.

- 6.2.5.1.1 Þess skal krafist að umsækjandi sé laus við hvers konar heyrnargalla sem mundu hamla því að hann gæti með öryggi gegnt þeim skyldustörfum sem skírteinið veitir honum rétt til.

6.3 **1. flokks heilbrigðisvottorð.**

6.3.1 **Útgáfa og endurnýjun vottorðs.**

- 6.3.1.1 Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél eða þyrila, atvinnuflugmanns/flugvél eða þyrila og skírteini flugvélstjóra skal gangast undir læknisskoðun fyrir útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 6.3.1.2 Ef annað er ekki tekið fram í þessum kafla skulu handhafar skírteina atvinnuflugmanns I. flokks og atvinnuflugmanns/flugvél eða þyrila, skírteina flugvélstjóra eða skírteina flugleiðsögumanns endurnýja 1. flokks heilbrigðisvottorð sín ekki sjaldnar en greint er í gr. 1.2.5.2.
- 6.3.1.3 Þegar Flugmálastjórn getur sannprófað að kröfum þessa kafla og almennum ákvæðum í gr. 6.1 og 6.2 er fullnægt skal gefa út 1. flokks heilbrigðisvottorð umsækjanda til handa.

6.3.2 **Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.**

Læknisskoðunin skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

- 6.3.2.1 Umsækjandi má ekki þjást af nokkrum sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem gætu stuðlað að því að hann yrði skyndilega ófær um að stjórna loftfari örugglega eða vinna skyldustörf sín af öryggi.
- 6.3.2.2 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram :
 - a) geðveiki,
 - b) ofdrykkja,

- c) lyfjaávaní,
 - d) neins konar persónuleikatrufun, sérstaklega svo alvarleg, að hún hafi hvað eftir annað haft í för með sér brotlegt athæfi af ásettu ráði,
 - e) geðrænn afbrigðileiki eða taugaveiklun að nokkru ráði, þannig að það gæti gert umsækjanda óhæfan til þess að neyta af öryggi réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, nema viðurkennt læknisfræðilegt mat bendi til þess, að þótt umsækjandi fullnægi ekki kröfunum, þá sé ekki líklegt að það stofni, við vissar aðstæður, flugöryggi í hættu þótt hann neyti réttinda skírteinisins.
- 6.3.2.2.1 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram neins konar geðrænn afbrigðileiki, persónuleikatrufun né taugaveiklun sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veita sem sótt er um eða þegar eru fengin.
- 6.3.2.2.1.1 Umsækjanda, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að telja óhæfan ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.
- 6.3.2.3 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði :
- a) sjúkdómur í taugakerfinu, sem kann að ágerast og/eða er óbreyttur og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini og áritanir umsækjanda veita,
 - b) flogaveiki,
 - c) hvers konar trufun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.
- 6.3.2.4 Umsækjandi, sem hlotið hefur höfuðmeiðsli sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati eru líkleg til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.5 Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né ákomnum hjartagalla sem er líklegur til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita. Ef umsækjandi hefur þjáðst af kransæðastíflu skal hann ekki talinn hæfur. Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, tilfallandi aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculoventricular dissociation), má telja innan takmarka þess sem eðlilegt er.
- 6.3.2.5.1 Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis og skal endurtekin við síðari skoðanir umsækjanda á aldrinum 30 til 40 ára a.m.k. á tveggja ára fresti og eftir það ekki sjaldnar en árlega. Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún veitir þó engan veginn næga vitneskju til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.
- 6.3.2.6 Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur. Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita.
- 6.3.2.7 Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilar í æðakerfinu.
- 6.3.2.8 Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisskoðunar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.

- 6.3.2.8.1 Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar á brjóstholi og skal endurtaka hana með vissu millibili eftir það.
- 6.3.2.9 Umsækjandi með meiri háttar skemmdir á brjóstvegg ásamt innföllum brjóstkassa og afleiðingar uppskurðar, sem hefur í för með sér minnkun á öndunarhæfi í mikilli hæð, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.10 Umsækjandi með lungnaþembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.11 Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um óvirk eða læknuð mein er að ræða, sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns, má telja umsækjanda hæfan.
- 6.3.2.12 Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum eða líffærum, sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.13 Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki þess konar kviðslit sem gæti haft í för með sér sjúkdómseinkenni sem valda óhæfi.
- 6.3.2.14 Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi eða líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrængsla eða þrýstings, sem gætu valdið óhæfi skírteinishafa á flugi, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.14.1 Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á gallgangi eða á meltingarvegi og þeim líffærum, sem honum eru tengd, og haft hefur í för með brotnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi á flugi.
- 6.3.2.15 Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennslikirtlatruflanir, sem gætu truflað öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.16 Umsækjanda með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla á fullnægjandi hátt án sykursýkislyfja, má telja hæfan.
- 6.3.2.17 Umsækjandi með svo mikla miltisstækkun, að miltið nær stöðugt niður fyrir brún rifjahylkis, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.18 Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild, og umsækjandi með blóðsjúkdóm, skal ekki talinn hæfur nema ef viðurkennt læknisfræðilegt mat bendir til þess að ástandið sé ekki líklegt til þess að hafa áhrif á öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
- 6.3.2.18.1 Þótt umsækjandi hafi sigðfrumusjúkdóm (sickle cell trait) ætti það ekki að valda því að hann sé talinn óhæfur nema hið gagnstæða sé læknisfræðilega staðfest.
- 6.3.2.18.2 Ef í grein 6.3.2.18 er um að ræða skammvinnan sjúkdóm skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.3.2.19 Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um skammvinnan sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma. Í þvagi má ekki vera neitt óeðlilegt sem trúnaðarlæknir telur greinilega sjúklegt. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagvegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um skammvinnt ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.

- 6.3.2.20 Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagevgum, sérstaklega lokun líffæris, sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, líkleg til að valda óhæfi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýrað hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega, án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar, má telja umsækjanda hæfan.
- 6.3.2.20.1 Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á þvafærum, sem haft hefur í för með sér brott nám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi við flugstörf.
- 6.3.2.21 Umsækjandi, sem haft hefur sárásótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal krafinn um að láta trúnaðarlækni í té sönnunargögn um að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.
- 6.3.2.22 Kona, sem haft hefur alvarlega óreglu á tíðum sem ekki hefur lagast við viðeigandi meðferð og líklegt er að truflni öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, skal ekki talin hæf.
- 6.3.2.22.1 Umsækjendur, sem gengist hafa undir skurðaðgerð við kvensjúkdómi, skal meta í hverju einstöku tilviki.
- 6.3.2.23 Pungun veldur tímabundinni óhæfi.
- 6.3.2.23.1 Ef engin meiri háttar óeðlileg einkenni gera vart við sig má telja hlutaðeigandi hæfan á miðmánuðum meðgöngu að viðurkenndu læknisfræðilegu mati.
- 6.3.2.24 Eftir að sængurlegu eða meðgöngu lýkur skal konu ekki leyft að neyta réttinda skírteinis síns fyrr en hún hefur gengist undir nýja læknisskoðun og verið metin hæf.
- 6.3.2.25 Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum, eða einhvers konar alvarlegar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða ákomnum sjúkdómi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar löskunar á beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla, sem ekki myndu trufla öryggi í störfum miðað við réttindi, sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, má telja hann hæfan.
- 6.3.2.26 Ekki má vera:
- a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,
 - b) neitt ógróið gat á hljóðhimnu. Eitt gat án útferðar þarf ekki að gera umsækjanda óhæfan. Við þessar aðstæður skal skírteini hvorki gefið út né endurnýjað nema viðeigandi kröfum um heyrn í gr. 6.3.4 sé fullnægt,
 - c) nein varanleg stífla í kokhlustum,
 - d) nein varanleg truflun í völundarhúsi. Ef um skammvinnt ástand er að ræða má telja umsækjanda óhæfan um tíma.
- 6.3.2.27 Nasagöng skulu vera vel opin fyrir loftstraumi báðum megin. Engin veruleg vansköpun né alvarlegur, bráður eða langvinnur kvilli má vera í koki eða efri öndunarvegi. Ef umsækjandi er málháltur eða stamar skal hann ekki talinn hæfur.
- 6.3.3 **Kröfur um sjón.**
- Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.
- 6.3.3.1 Starfsemi augnanna og þeirra líffæra, sem þeim eru tengd (adnexae), skal vera eðlileg. Í hvorugu auga né þeim líffærum, sem þeim eru tengd, má vera neitt

virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að hindra eðlilega starfsemi augnanna að því marki að það truflí öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.

6.3.3.2 Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.

6.3.3.3 Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsýniskerpu sem ekki er minni en 6/9 (20/30, 0.7) á hvoru auga um sig með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónskerpu er aðeins fullnægt með því að nota sjóngler má telja umsækjanda hæfan, ef :

- a) umsækjandi hefur sjónskerpu ekki minni en 6/60 (20/200, 0.1) á hvoru auga um sig án þess að nota sjóngler, eða ljósbrotsgalli er innan - 3 ljósbrotseininga (diopter) eða samsvarandi kúpuglersskekkju,
- b) slík sjóngler eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritun sú, sem sótt er um eða veitt hefur verið, veita rétt til, og
- c) umsækjandi hefur tiltæk vídeigandi varasjóngler þegar hann rækir störf í samræmi við þau réttindi sem skírteini hans veitir.

6.3.3.3.1 Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi þeim kröfum í gr. 6.3.3.3 a), sem fjalla um skekkju í ljósbroti, er talinn gera það áfram, nema ástæða sé til að ætla að svo sé ekki, en þá er augnskoðun endurtekin samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar. Sjónskerpan er mæld án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand, sem gefur tilefni til að mæla ljósbrotsgalla aftur, er m.a.: ljósbrotshæfi sem nálgast þau mörk sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónskerpu án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðslu eða uppskurð á augum er að ræða.

6.3.3.4 Þess skal krafist að umsækjandi geti lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30–50 cm, og geti lesið N14 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr 100 cm fjarlægð. Ef kröfum þessum er ekki fullnægt nema með notkun sjónglers má telja umsækjanda hæfan að því tilskildu að sjóngler séu alltaf og þegar í stað til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir sjónkröfum þessum. Ekki má nota lestrargleraugu (single vision near correction). Umsækjandi, sem nota þarf sjóngler til að standast þessar kröfur, verður að hafa „hálfmánagler“, tvískipt eða jafnvel þrískipt gler, til að geta lesið á mælitæki og kort eða handbók, sem hann heldur á í hendinni, og einnig til að geta séð fjær sér í gegnum gluggarúðuna án þess að taka af sér glerin. Lestrargleraugu (óskipt gler, hæfileg til lestrar), draga verulega úr fjarsýniskerpu. Þegar þörf er á að fá eða endurnýja sjóngler er þess vænst að umsækjandi skýri augnlækni frá lestrarfjarlægðum í stjórnklefa við flugstörf í loftförum þeim sem líklegt er að hann starfi við.

6.3.3.4.1 Umsækjandi skal sjá vel í 30 cm fjarlægð þegar hann notar sjóngler sem krafist er í gr. 6.3.3.3. Umsækjandi, sem stenst ekki þessar kröfur, getur samt sem áður talist hæfur að því tilskildu að hann leggi fram gögn, sem Flugmálastjórn tekur gild, þess efnis að umsækjandi hafi fengið sjóngler fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir eða að hann þarfnist ekki slíks sjónglers um tíma. Þess skal krafist að slíkur umsækjandi noti þau sjóngler, sem þörf er á fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir, í viðbót við hvers konar gler sem krafist er samkvæmt gr. 6.3.3.3, við störf þau sem skírteini hans veitir réttindi til.

6.3.4 Kröfur um heyrn.

Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.3.4.1 Umsækjandi, sem prófaður er með hreintónsheyrnarmæli við fyrstu útgáfu skírteinis og að minnsta kosti á fimm ára fresti þar til 40 ára aldri er náð, og eftir það að minnsta kosti á þriggja ára fresti, má ekki vera haldinn heyrnardeyfð á hvoru eyra um sig meiri en 35 dB á neinni tíðni sem er 500, 1000 eða 2000 Hz, eða meiri en 50 dB við tíðnina 3000 Hz. Ef heyrnardeyfð umsækjanda er meiri en að ofan greinir má samt sem áður telja hann hæfan, að því tilskildu að:

a) umsækjandi hafi heyrn á hvoru eyra sem samsvarar heyrn venjulegs manns við svipaðan umhverfishávaða og er í flugstjórnarklefa og stafar af fjar-skíptum með tali og vitamerkjum,

b) umsækjandi geti heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann í hljóðlátu herbergi.

6.3.4.1.1 Ef aðrar aðferðir eru notaðar skulu þær fullnægja sömu skilyrðum og greint er frá í gr. 6.3.4.1.

6.4 2. flokks heilbrigðisvottorð.**6.4.1 Útgáfa og endurnýjun vottorðs.**

6.4.1.1 Umsækjandi um skírteini einkaflugmanns/flugvél eða þyrila, skírteini svifflugmanns og skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs skal fyrst gangast undir læknisskoðun fyrir útgáfu 2. flokks heilbrigðisvottorðs.

6.4.1.2 Ef annað er ekki tekið fram í þessum kafla skulu handhafar skírteina einkaflugmanns/flugvél eða þyrila, skírteina svifflugmanns og skírteina stjórnanda frjáls loftbelgs endurnýja 2. flokks heilbrigðisvottorð sitt ekki sjaldnar en greint er í gr. 1.2.5.2.

6.4.1.3 Þegar Flugmálastjórn hefur sannprófað að kröfum þessa kafla og almennum ákvæðum í gr. 6.1. og 6.2. er fullnægt skal gefa út 2. flokks heilbrigðisvottorð umsækjanda til handa.

6.4.2 Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.

Læknisskoðunin skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.4.2.1 Umsækjandi má ekki þjást af nokkrum sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem gætu stuðlað að því að hann yrði skyndilega ófær um að stjórna loftfari örugglega eða vinna skyldustörf sín af öryggi.

6.4.2.2 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram:

a) geðveiki,

b) ofdrykkja,

c) lyfjaávani,

d) neins konar persónuleikatrúflun, sérstaklega svo alvarleg, að hún hafi hvað eftir annað haft í för með sér brotlegt athæfi af ásettu ráði,

e) geðrænn afbrigðileiki eða taugaveiklun að nokkru ráði,

þannig að það gæti gert umsækjanda óhæfan til þess að neyta af öryggi réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, nema viðurkennt læknisfræðilegt mat bendi til þess að þótt umsækjandi fullnægi ekki kröfunum þá sé ekki líklegt að það stofni, við vissar aðstæður, flugöryggi í hættu þótt hann neyti réttinda skírteinisins.

- 6.4.2.2.1 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram neins konar geðrænn afbrigðileiki, persónuleikatruflun né taugaveiklun sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veita sem sótt er um eða þegar eru fengin.
- 6.4.2.2.1.1 Umsækjanda, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að telja óhæfan ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.
- 6.4.2.3 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:
- a) sjúkdómur í taugakerfinu, sem kann að ágerast og/eða er óbreyttur, og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini og áritanir umsækjanda veita,
 - b) flogaveiki,
 - c) hvers konar truflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.
- 6.4.2.4 Umsækjandi sem hlotið hefur höfuðmeiðsli sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati eru líkleg til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.5 Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né ákomnum hjartagalla sem er líklegur til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita. Ef umsækjandi hefur þjást af kransæðastíflu skal hann ekki talinn hæfur. Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, tilfallandi aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshreringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculoventricular dissociation), má telja innan takmarka þess sem eðlilegt er.
- 6.4.2.5.1 Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis, við fyrstu endurrannsókn eftir að 40 ára aldri er náð og eftir það eigi sjaldnar en á 5 ára fresti og einnig í endurrannsóknnum almennt ef um vafatilvik er að ræða. Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún veitir þó engan veginn næga vitneskju til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.
- 6.4.2.6 Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur. Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita.
- 6.4.2.7 Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu. Umsækjandi með æðahnúta telst ekki skilyrðislaust óhæfur.
- 6.4.2.8 Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmati (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisskoðunar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.
- 6.4.2.8.1 Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar á brjóstholi og skal endurtaka hana með vissu millibili eftir það.
- 6.4.2.9 Umsækjandi með meiri háttar skemmdir á brjóstvegg ásamt innföllnum brjóstkassa og afleiðingar uppskurðar, sem hefur í för með sér minnkun á öndunarhæfi í mikilli hæð, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.10 Umsækjandi með lungnaþembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.

- 6.4.2.11 Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um óvirk eða læknuð mein er að ræða, sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns, má telja umsækjanda hæfan.
- 6.4.2.12 Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum eða líffærum, sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.13 Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki þess konar kviðslit sem gæti haft í för með sér sjúkdómseinkenni sem valda óhæfi.
- 6.4.2.14 Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi eða líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrengsla eða þrýstings, sem gætu valdið óhæfi skírteinishafa á flugi, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.14.1 Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á gallgangi eða á meltingarvegi og þeim líffærum, sem honum eru tengd, og haft hefur í för með sér brott nám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi á flugi.
- 6.4.2.15 Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennisliskirtlatruflanir, sem gætu truflað öryggi í störfum, miðað við þau réttindi, sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.16 Umsækjanda með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla á fullnægjandi hátt án sykursýkislyfja, má telja hæfan. Notandi sykursýkislyfja telst ekki hæfur nema ef um lyf er að ræða sem tekin eru inn (gleypilyf) við skilyrði sem gera viðeigandi lækniseftirlit kleift og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
- 6.4.2.17 Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild, og umsækjandi með blóðsjúkdóm, skal ekki talinn hæfur nema ef viðurkennt læknisfræðilegt mat bendir til þess að ástandið sé ekki líklegt til þess að hafa áhrif á öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
- 6.4.2.17.1 Þótt umsækjandi hafi sigðfrumusjúkdóm (sickle cell trait) ætti það ekki að valda því að hann sé talinn óhæfur nema hið gagnstæða sé læknisfræðilega staðfest.
- 6.4.2.17.2 Ef í gr. 6.4.2.17 er um að ræða skammvinnan sjúkdóm skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.4.2.18 Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um skammvinnan sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma. Í þvagi má ekki vera neitt óeðlilegt sem trúnaðarlæknir telur greinilega sjúklegt. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagevgum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um skammvinnt ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.4.2.19 Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagevgum, sérstaklega lokun líffæris, sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, líkleg til að valda óhæfi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýrað hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega, án hækkads blóðþrýstings eða þvageitrunar má telja umsækjanda hæfan.

- 6.4.2.19.1 Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum, sem haft hefur í för með sér brottnáam að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi við flugstörf.
- 6.4.2.20 Umsækjandi, sem haft hefur sárasótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal krafinn um að láta trúnaðarlækni í té sönnunargögn um að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.
- 6.4.2.21 Kona, sem haft hefur alvarlega óreglu á tíðum sem ekki hefur lagast við viðeigandi meðferð og líklegt er að truflri öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, skal ekki talin hæf.
- 6.4.2.21.1 Umsækjendur, sem gengist hafa undir skurðaðgerð við kvensjúkdómi, skal meta í hverju einstöku tilviki.
- 6.4.2.22 Pungun veldur tímabundinni óhæfi.
- 6.4.2.22.1 Ef engin meiri háttar óeðlileg einkenni gera vart við sig má telja hlutaðeigandi hæfan á miðmánuðum meðgöngu að viðurkenndu læknisfræðilegu mati.
- 6.4.2.23 Eftir að sængurlegu eða meðgöngu lýkur skal konu ekki leyft að neyta réttinda skírteinis síns fyrir en hún hefur gengist undir nýja læknisskoðun og verið metin hæf.
- 6.4.2.24 Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum, eða einhvers konar alvarlegar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða ákomnum sjúkdómi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar löskunar á beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla, sem ekki myndu trufla öryggi í störfum miðað við réttindi, sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, má telja hann hæfan.
- 6.4.2.25 Ekki má vera:
- a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,
 - b) nein varanleg truflun í völundarhúsi. Ef um skammvinnt ástand er að ræða má telja umsækjanda óhæfan um tíma.
- 6.4.2.26 Engin veruleg vansköpun né alvarlegur, bráður eða langvinnur kvilli má vera í koki eða efri öndunarvegi.
- 6.4.3 **Kröfur um sjón.**
Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.
- 6.4.3.1 Starfsemi augnanna og þeirra líffæra, sem þeim eru tengd (adnexae), skal vera eðlileg. Í hvorugu auga né þeim líffærum, sem þeim eru tengd, má vera neitt virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að hindra eðlilega starfsemi augnanna að því marki að það truflri öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
- 6.4.3.2 Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.
- 6.4.3.3 Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsýniskerpu sem ekki er minni en 6/12 (20/40, 0.5) á hvoru auga um sig með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónskerpu er aðeins fullnægt með því að nota sjóngler má telja umsækjanda hæfan, ef:
- a) slík sjóngler eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritun sú, sem sótt er um eða veitt hefur verið, veita rétt til, og
 - b) umsækjandi hefur tiltæk viðeigandi varasjóngler þegar hann rækir störf í samræmi við þau réttindi sem skírteini hans veitir.

- 6.4.3.3.1 Ef sjónskerpa sú, sem krafist er í gr. 6.4.3.3, næst aðeins með notkun sjónglers og sjónskerpan án sjónglers á hvoru auga er minni en 6/60 (20/200, 0.1) má telja umsækjanda hæfan, ef ljósbrots galli hans er innan ± 5 ljósbrotsseininga (diopters) eða samsvarandi kúpuglersskekkju. Umsækjandi með ljósbrots galla á öðru hvoru auga, sem er meiri en ± 5 ljósbrotsseiningar eða samsvarandi kúpuglersskekkju, má samt sem áður telja hæfan að viðurkenndu læknisfræðilegu mati.
- 6.4.3.3.1.1 Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi þessum kröfum er talinn gera það áfram nema ástæða sé til að ætla að svo sé ekki en þá er augnskoðun endurtekin samkvæmt ákvörðun Flugmálstjórnar. Sjónskerpan er mæld án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand, sem gefur tilefni til að mæla ljósbrots galla aftur, er m.a.: ljósbrots hæfi sem nálgast þau mörk sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónskerpu án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðsli eða uppskurð á augum er að ræða.
- 6.4.3.4 Þess skal krafist að umsækjandi geti lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30–50 cm. Ef kröfum þessum er ekki fullnægt nema með notkun sjónglers má telja umsækjanda hæfan að því tilskildu að sjóngler séu alltaf og þegar í stað til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir sjónkröfum þessum. Ekki má nota lestrargleraugu (single vision near correction).
- 6.4.4 **Kröfur um heyrn.**
Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.
- 6.4.4.1 Umsækjandi á að geta heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann í hljóðlátu herbergi.
- 6.5 3. flokks heilbrigðisvottorð.**
- 6.5.1 **Útgáfa og endurnýjun vottorðs.**
- 6.5.1.1 Umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra skal gangast undir læknisskoðun fyrir útgáfu 3. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 6.5.1.2 Ef annað er ekki tekið fram í þessum kafla skulu handhafar skírteina flugumferðarstjóra endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð sitt ekki sjaldnar en greint er í gr. 1.2.5.2.
- 6.5.1.3 Þegar Flugmálastjórn getur sannprófað að kröfum þessa kafla og almennum ákvæðum í gr. 6.1 og 6.2 er fullnægt skal gefa út 3. flokks heilbrigðisvottorð umsækjanda til handa.
- 6.5.2 **Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.**
- Læknisskoðunin skal miðuð við eftirfarandi kröfur.
- 6.5.2.1 Umsækjandi má ekki þjást af nokkrum sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem gætu stuðlað að því að hann yrði skyndilega ófær um að vinna skyldustörf sín af öryggi.
- 6.5.2.2 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram :
- a) gedveiki,
 - b) ofdrykkja,
 - c) lyfjaávani,

d) neins konar persónuleikatrúflun, sérstaklega svo alvarleg, að hún hafi hvað eftir annað haft í för með sér brotlegt athæfi af ásettu ráði,

e) geðrænn afbrigðileiki eða taugaveiklun að nokkru ráði,

þannig að það gæti gert umsækjanda óhæfan til þess að neyta af öryggi réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, nema viðurkennt læknisfræðilegt mat bendi til þess að þótt umsækjandi fullnægi ekki kröfunum þá sé ekki líklegt að það stofni, við vissar aðstæður, flugöryggi í hættu þótt hann neyti réttinda skírteinisins.

- 6.5.2.2.1 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram neins konar geðrænn afbrigðileiki, persónuleikatrúflun né taugaveiklun sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veita sem sótt er um eða þegar eru fengin.
- 6.5.2.2.1.1 Umsækjanda, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að telja óhæfan ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.
- 6.5.2.3 Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:
- sjúkdómur í taugakerfinu, sem kann að ágerast og/eða er óbreyttur, og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini og áritanir umsækjanda veita,
 - flogaveiki,
 - hvers konar trúflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.
- 6.5.2.4 Umsækjandi sem hlotið hefur höfuðmeiðsli sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati eru líkleg til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteinið veitir honum, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.5 Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né ákomnum hjartagalla sem er líklegur til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteini hans veitir. Ef umsækjandi, sem þjáðst hefur af kransæðastíflu, hefur að viðurkenndu læknisfræðilegu mati náð viðunandi bata má telja hann hæfan. Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, tilfallandi aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculoventricular dissociation), má telja innan takmarka þess sem eðlilegt er.
- 6.5.2.5.1 Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis, við fyrstu endurrannsókn eftir að 40 ári aldri er náð og eftir það eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og einnig í endurrannsóknum almennt ef um vafatilvik er að ræða. Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún veitir þó engan veginn næga vitneskju til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.
- 6.5.2.6 Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur. Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita.
- 6.5.2.7 Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu. Umsækjandi með æðahnúta telst ekki skilyrðislaust óhæfur.
- 6.5.2.8 Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisskoðunar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.

- 6.5.2.8.1 Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar á brjóstholi og skal endurtaka hana með vissu millibili eftir það.
- 6.5.2.9 Umsækjandi með lungnaþembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.10 Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um óvirk eða læknuð mein er að ræða, sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns, má telja umsækjanda hæfan.
- 6.5.2.11 Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum eða líffærum, sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.12 Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki þess konar kviðslit sem gæti haft í för með sér sjúkdómseinkenni sem valda óhæfi.
- 6.5.2.13 Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi eða líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þregsla eða þrýstings, sem gætu valdið óhæfi, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.14 Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennisliskirtlatruflanir, sem gætu truflað öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini hans veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.15 Umsækjanda með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla á fullnægjandi hátt án sykursýkislyfja, má telja hæfan. Notandi sykursýkislyfja telst ekki hæfur nema ef um lyf er að ræða, sem tekin eru inn (gleypilyf) við skilyrði sem gera videigandi lækniseftirlit kleift og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita.
- 6.5.2.16 Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild, og umsækjandi með blóðsjúkdóm, skal ekki talinn hæfur nema ef viðurkennt læknisfræðilegt mat bendir til þess að ástandið sé ekki líklegt til þess að hafa áhrif á öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita.
- 6.5.2.16.1 Ef í grein 6.5.2.16 er um að ræða skammvinnan sjúkdóm skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.5.2.17 Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um skammvinnan sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma. Í þvagi má ekki vera neitt óeðlilegt sem trúnaðarlæknir telur greinilega sjúklegt. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um skammvinnt ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.5.2.18 Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagegum, sérstaklega lokun líffæris, sem stafar af þregslum eða þrýstingi, líklegt til að valda óhæfi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýráð hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega, án hækkads blóðþrýstings eða þvageitrunar, má telja umsækjanda hæfan.
- 6.5.2.19 Umsækjandi, sem haft hefur sárásótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal krafinn um að láta trúnaðarlækni í té sönnunargögn um að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.
- 6.5.2.20 Kona, sem haft hefur alvarlega óreglu á tíðum sem ekki hefur lagast við videigandi meðferð og líklegt er að trufla öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita, skal ekki talin hæf.

- 6.5.2.21 Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum, eða einhvers konar alvarlegar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða ákomnum sjúkdómi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar löskunar á beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla, sem ekki myndu trufla öryggi í störfum miðað við réttindi, sem skírteini umsækjanda veita, má telja hann hæfan.
- 6.5.2.22 Ekki má vera:
- neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,
 - nein varanleg truflun í vöndurhúsi. Ef um skammvinnt ástand er að ræða má telja umsækjanda óhæfan um tíma.
- 6.5.2.23 Engin veruleg vansköpun né alvarlegur, bráður eða langvinnur kvilli má vera í koki eða efri öndunarvegi. Ef umsækjandi er málhaltur eða stamar skal hann ekki talinn hæfur.
- 6.5.3 **Kröfur um sjón.**
- Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.
- 6.5.3.1 Starfsemi augnanna og þeirra líffæra, sem þeim eru tengd (adnexae), skal vera eðlileg. Í hvorugu auga né þeim líffærum, sem þeim eru tengd, má vera neitt virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að hindra eðlilega starfsemi augnanna að því marki að það trufla öryggi í störfum, miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita.
- 6.5.3.2 Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.
- 6.5.3.3 Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsýnisskerpu sem ekki er minni en 6/9 (20/30, 0.7) á hvoru auga um sig með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónskerpu er aðeins fullnægt með því að nota sjóngler má telja umsækjanda hæfan, ef:
- umsækjandi hefur sjónskerpu ekki minni en 6/60 (20/200, 0.1) á hvoru auga um sig án þess að nota sjóngler eða ljósbrotsgalli er innan ± 3 ljósbrotsein-inga (dioptr) eða samsvarandi kúpuglersskekkju, og
 - slík sjóngler eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritun sú, sem sótt er um eða veitt hefur verið, veita rétt til,
 - umsækjandi hefur tiltæk viðeigandi varasjóngler þegar hann rækir störf í samræmi við þau réttindi sem skírteini hans veitir.
- 6.5.3.3.1 Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi þeim kröfum í gr. 6.5.3.3a), sem fjalla um ljósbrotsgalla, er talinn gera það áfram, nema ástæða sé til að ætla að svo sé ekki, en þá er augnskoðun endurtekin samkvæmt ákvörðun Flugmála-stjórnar. Sjónskerpan er mæld án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand, sem gefur tilefni til að mæla ljósbrotsgalla aftur, er m.a.: ljósbrotshæfi sem nálgast þau mörk sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónskerpu án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðsli eða uppskurð á augum er að ræða.
- 6.5.3.4 Þess skal krafist að umsækjandi geti lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30–50 cm, og geti lesið N14 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr 100 cm fjarlægð. Ef kröfum þessum er ekki fullnægt nema með notkun sjónglers má telja umsækjanda hæfan að því tilskildu að sjóngler séu alltaf og þegar í stað til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir sjónkröfum þessum. Lestrargleraugu (single-vision near correction) má telja nægileg við viss skyldustörf er varða flugumferðarstjórn. Hins vegar ber að gæta þess að venjuleg lestrargleraugu (óskipt gler, hæfileg til lestrar) draga

verulega úr fjarsýniskerpu. Þegar þörf er á að fá eða endurnýja sjóngler er þess vænst að umsækjandi skýri augnlækni frá lestrarfjarlægðum við flugumferðarstjórnarstörf þau sem líklegt er að hann starfi við.

- 6.5.3.4.1 Umsækjandi skal sjá vel í 30 cm fjarlægð þegar hann notar sjóngler sem krafist er í gr. 6.5.3.3. Umsækjandi, sem stenst ekki þessar kröfur, getur samt sem áður talist hæfur að því tilskildu að hann leggi fram gögn, sem Flugmálastjórn tekur gild, þess efnis að umsækjandi hafi fengið sjóngler fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir eða að hann þarfnist ekki slíks sjónglers um tíma. Þess skal krafist að slíkur umsækjandi noti þau sjóngler, sem þörf er á fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir, í viðbót við hvers konar gler sem krafist er samkvæmt gr. 6.5.3.3 við störf þau sem skírteini hans veitir réttindi til.

6.5.4 **Kröfur um heyrn.**

Læknisskóðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

- 6.5.4.1 Umsækjandi, sem prófaður er með hreintónsheyrnarmæli við fyrstu útgáfu skírteinis og að minnsta kosti á fimm ára fresti þar til 40 ára aldri er náð og eftir það að minnsta kosti á þriggja ára fresti, má ekki vera haldinn heyrnardeyfð á hvoru eyra um sig meiri en 35 dB á neinni tíðni sem er 500, 1000 eða 2000 Hz, eða meiri en 50 dB við tíðnina 3000 Hz. Ef heyrnardeyfð umsækjanda er meiri en að ofan greinir má samt sem áður telja hann hæfan, að því tilskildu að :
- umsækjandi hafi heyrn á hvoru eyra sem samsvarar heyrn venjulegs manns við svipaðan umhverfishávaða og er á venjulegum vinnustað flugumferðarstjóra, og
 - umsækjandi geti heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann í hljóðlátu herbergi.
- 6.5.4.1.1 Ef aðrar aðferðir eru notaðar skulu þær fullnægja sömu skilyrðum og greint er frá í gr. 6.5.4.1.

VII. KAFLI VIÐBÓTARÁKVÆÐI

7.1 **Umsókn um skírteini eða áritun.**

- 7.1.1 Umsókn um skírteini eða áritun skal senda til Flugmálastjórnar á sérstökum eyðublöðum sem hún leggur til.

Umsókn skal fylgja :

- Skírnar- og/eða fæðingarvottorð við fyrstu útgáfu skírteinis umsækjanda.
- Sakavottorð, þegar kröfur um reglusemi eru gerðar til veitingar skírteinis eða áritunar samkvæmt þessari reglugerð.
- Læknisvottorð um það að umsækjandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í VI. kafla um heilbrigði, eftir því sem við á hverju sinni.
- Greinargerð um fræðilega og verklega menntun umsækjanda, sem hann hefur aflað sér til þess að öðlast skírteini það sem hann sækir um, og þau gögn sem krefjast verður henni til sönnunar.
- Tvær lausar ljósmyndir (3,5 x 4,5 cm).
- Skírteini Póst- og símamálastofnunar, sbr. gr. 1.2.8.2, ef við á.

7.1.2 Eftir að Flugmálastjórn hefur athugað umsóknina og vottorð þau, sem henni fylgja, og prófað, eftir því sem við á, hæfi umsækjanda til þess að öðlast skírteini það eða áritun, sem hann sækir um, skal skírteinið gefið út eða áritað enda fullnægi umsækjandinn skilyrðum reglugerðar þessarar.

7.2 Almenn ákvæði um próf.

7.2.1 Öll próf og athuganir á hæfni og færni samkvæmt reglugerð þessari skulu fara fram undir umsjón Flugmálastjórnar eða eftirlitsmanna og/eða prófdómenda, sem hún skipar, á þeim tíma og stað sem hún tiltekur.

7.2.1.1 Bóklegum prófum skal lokið með fullnægjandi árangri áður en verkleg próf eru þreytt.

7.2.2 Umsækjandi skal áður en hann þreytir ofangreind próf hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru um heilbrigði og læknisskoðun samkv. VI. kafla.

7.2.3 Umsækjandi skal leggja til loftfar fyrir öll nauðsynleg flugpróf, sem hann kann að taka, og skal loftfar þetta fullnægja þeim skilyrðum sem Flugmálastjórn setur hverju sinni með hlidsjón af lofthæfi o.fl.

7.2.4 Til að standast skriflegt eða verklegt próf skal umsækjandi a.m.k. hljóta 70 stig í meðaleinkunn (miðað við hæst 100 stig), þó þannig að einkunn í einstakri grein sé eigi lægri en 60 stig.

7.2.5 Ef umsækjandi um flugmannsskírteini hefur ekki lokið öllum prófum né fullnægt að öðru leyti skilyrðum samkvæmt reglugerð þessari innan tveggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið til þess að öðlast viðkomandi skírteini skal hann sanna hæfni sína á ný í þeim greinum og að því marki sem Flugmálastjórn ákveður.

7.2.6 Umsækjanda, sem hefur ekki staðist próf í bóklegum námsgreinum, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf einu sinni eftir því sem næst 6 vikur, eða á næstu auglýstu prófdögum Flugmálastjórnar, og skal það vera í öllum námsgreinum sem hann hlaut undir 70 stig í einkunn. Þær einkunnir sem umsækjandi fær þá gilda sem lokaeinkunnir í hlutaðeigandi greinum. Skilyrði þess að fá að endurtaka próf er að Flugmálastjórn telji hann hafa fengið nægilega kennslu í hlutaðeigandi námsgreinum til að þreyta próf að nýju. Ef hann stenst ekki prófið skal hann sitja aftur viðurkennt námskeið í hlutaðeigandi námsgreinum og taka próf á auglýstum prófdögum Flugmálastjórnar.

7.2.7 Umsækjanda um skírteini einkaflugmanns eða atvinnuflugmanns, sem hefur ekki staðist það verklega flugpróf sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf þegar hann hefur flogið í að minnsta kosti 4 klukkustundir, þar af að minnsta kosti 2 klst. með flugkennara. Skal flugkennarinn votta í flugdagbók umsækjanda að hann telji hann hæfan til þess að þreyta próf að nýju.

7.2.8 Umsækjanda um atvinnuflugmannsskírteini I. flokks, sem hefur ekki staðist það verklega próf sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf eftir einn mánuð ef hann hefur flogið að minnsta kosti 10 klst. til viðbótar og þar af að minnsta kosti 5 klst. blindflug.

7.2.9 Nú hefur umsækjandi stundað nám við viðurkenndan erlendan skóla eða stofnun og lokið þaðan prófi og skal hann þá senda Flugmálastjórn öll prófskírteini sín þar að lútandi svo og gögn um námsefni og námstíma. Flugmálastjórn getur þá að athuguðu máli veitt skírteini það eða réttindi, sem sótt var um, án þess að nýtt próf komi til, enda hafi námið verið fyllilega sambærilegt við nám á Íslandi, m.a. að því er varðar námsefni og námstíma, að

mati Flugmálastjórnar. Að öðrum kosti getur Flugmálastjórn krafist þess að umsækjandi sanni þátttöku í námi með vottorði og þekkingu með prófi í þeim greinum, sem þurfa þykir, á þeim stað og tíma er hún ákveður.

7.2.10 Flugmálastjórn felur viðurkenndum skólum stjórn bóklegs atvinnuflugnáms og hefur eftirlit með framkvæmd þess. Námið skal stundað samkvæmt staðfestri kennsluáætlun frá Flugmálastjórn. Rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið stúdentsprófi eða sambærilegu námi, bóklegu og verklegu einkaflugnámi og er handhafi einkaflugmannskírteinis. Atvinnuflugpróf, samkvæmt þessum kafla, veitir bókleg réttindi fyrir atvinnuflugmannsskírteini I. flokks samkvæmt reglugerð þessari.

7.2.11 Flugmálastjórn getur ákveðið að:

- a) bóklegt flugkennaranám sé stundað á sérstöku námskeiði sem hún viðurkennir,
- b) áritun í skírteini flugliða fyrir fjölhreyfla flugvélar sé háð því að umsækjandi hafi áður sótt námskeið um notkun og getumörk viðeigandi flugvélategunda og staðist próf að því loknu hjá Flugmálastjórn eða aðilja sem Flugmálastjórn viðurkennir.

7.2.12 Flugmálastjórn getur veitt umsækjanda undanþágu frá prófi í einstökum greinum ef hann hefur lokið slíku prófi til þess að öðlast annað skírteini.

7.3 Framlenging og endurnýjun skírteinis.

7.3.1 Ef óskað er framlenging eða endurnýjunar á gildistíma skírteinis skal senda Flugmálastjórn umsókn um það á nákvæmlega útfylltu eyðublaði, sem gert er í því skyni, ásamt:

- a) skírteininu,
- b) læknisvottorði um að handhafi fullnægi áfram þeim heilbrigðisskilyrðum sem gerð eru til hlutaðeigandi starfs, samkvæmt VI. kafla, og
- c) flugdagbók ef við á.

7.3.2 Að lokinni athugun framlengir Flugmálastjórn síðan skírteinið, áritar með takmörkuðum réttindum eða synjar erindinu, allt eftir því sem við á.

7.4 Gildisaukning skírteinis.

7.4.1 Ef handhafi skírteinis óskar eftir viðbótarréttindum í skírteini sitt skal hann senda Flugmálastjórn skriflega umsókn um þetta ásamt skírteininu sjálfu og nákvæmri greinargerð um það hvernig hann hefur öðlast þá hæfni, fræðilega og/eða verklega, sem til viðbótar þarf.

7.4.2 Ef talið er, eftir nákvæma athugun, að hægt sé að verða við umsókninni skráir Flugmálastjórn viðbótarréttindin í skírteinið eða gefur út nýtt skírteini

7.5 Skráningu fartíma.

7.5.1 Um skráningu fartíma skal farið eftir reglugerð um það efni, eins og hún er á hverjum tíma.

7.6 Svipting eða ógilding skírteinis.

7.6.1 Handhafi skal ekki, hvernig sem á kann að standa, lána eða gefa skírteini sitt né láta öðrum það í té til afnota og skal það varða sviptingu réttinda ef ekki liggur þyngrí hegning við að lögum.

- 7.6.2 Handhafar skírteina samkvæmt reglugerð þessari mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir áður en störf eru hafin né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinisins um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu ef sakir eru miklar eða brot ítrekað. Sá, sem starfað hefur í loftfari, má eigi neyta áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma eftir að starfa hans í loftfari lauk ef svo stendur á að hann hafi ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.
- 7.6.3 Nú kemur í ljós að rangar eða villandi upplýsingar hafa verið gefnar, þegar skírteini var gefið út, því gefið aukið gildi eða það verið endurnýjað og skal þá skírteinið, gildisaukningin eða endurnýjun skírteinis, sem vegna rangra eða villandi upplýsinga hafa verið veitt, talin ógild og afturkölluð nema eigandi skírteinis geti sannað að ekki sé hægt að gefa honum sök á hinum röngu eða villandi upplýsingum og að gefnar upplýsingar hafi ekki skipt máli fyrir útgáfu skírteinisins, gildisaukningu eða endurnýjun þess.
- 7.6.4 Skýlt er hverjum handhafa skírteinis að tilkynna Flugmálastjórn eða trúnaðarlæknum hennar tafarlaust ef nokkur vafi leikur á að hann vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum fullnægi áfram tilskildum heilbrigðisskilyrðum. Ávallt skal tilkynna um eftirfarandi:
- a) Fjarvist frá störfum vegna sjúkdóms lengur en 20 daga.
 - b) Innlögn á sjúkrahús eða aðra heilbrigðis- eða meðferðarstofnun.
 - c) Þungun.
 - d) Sérhvern sjúkdóm eða ástand sem veldur því að hlutadeigandi þarf að nota hjálpartæki að því er varðar sjónskyn eða hvers konar vélræn hjálpartæki.
 - e) Sérhvern sjúkóm eða ástand sem krefst reglubundinnar eða ítrekaðrar lyfjameðferðar.
- 7.6.5 Ef Flugmálastjórn telur vafa leika á að handhafi skírteinis hafi áfram nægilega verklega eða líkamlega hæfni eða fræðilega þekkingu getur hún afturkallað skírteinið þar til gengið hefur verið úr skugga um óskerta hæfni hans með lækniisskoduð og/eða nýju prófi, ef með þarf. Flugmálastjórn getur, hvenær sem er, krafist nýs læknisvottorðs ef grunur leikur á að skírteinishafi fullnægi ekki lengur tilskildum heilbrigðisskilyrðum.
- 7.6.6 Flugmálastjórn getur fyrirvaralaust afturkallað skírteini um tiltekinn tíma ef handhafi hefur, að mati Flugmálastjórnar, sýnt ábyrgðarleysi, skort á dómgreind og reynslu, vanrækslu eða gerst brotlegur á annan hátt er hann neytti réttinda skírteinis síns eða áritana.
- 7.6.7 Ef skírteini hefur verið afturkallað eða hlutadeigandi fyrirgert réttindum, sem í því felast, skal hann tafarlaust afhenda það Flugmálastjórn eða trúnaðarmanni hennar.

VIII. KAFLI GILDISTAKA O.FL.

- 8.1 **Undanþágur.**
Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

- 8.2 Ágreiningur.**
Ágreiningi, sem rísa kann vegna reglugerðar þessarar, má vísa til samgöngu-
ráðuneytis til úrskurðar.
- 8.3 Refsiákvæði.**
Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII.
kafla laga nr. 34, 21. maí 1964.
- 8.4 Gildistaka.**
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34, 21. maí 1964, um
loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1990. Jafnframt
fellur úr gildi reglugerð um skirteini gefin út af Flugmálastjórn, nr. 329/1986,
ásamt breytingu nr. 240/1989.

Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

SAMÞYKKT

**um breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði
eystra nr. 24/1988, með breytingu nr. 491/1989.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., 17., tl. 2. gr. laga nr. 81/1988,
skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 9 000	3. flokkur	kr. 36 000
2. flokkur	kr. 18 000	4. flokkur	kr. 54 000

2. gr.

Upphæðir leyfisgjalda skv. 2. gr. verða sem hér segir:

1. flokkur	kr. 1 000	3. flokkur	kr. 3 000
2. flokkur	kr. 2 000	4. flokkur	kr. 4 000

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands eystra, sbr. 6.
gr. 8. tl. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr.
3. tl. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. ágúst 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1990

24. ágúst 1990

1009

Nr. 346

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 311, 26. júlí 1990,
um bann við rækjuveiðum á Sléttagrunni.**

1. gr.

Frá og með 25. ágúst 1990 er felld úr gildi reglugerð nr. 311, 26. júlí 1990, um bann við rækjuveiðum á Sléttagrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. ágúst 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristján Skarphéðinsson.

22. ágúst 1990

Nr. 347

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í septembermánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í septembermánuði 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 1,7%
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 1,7%
3. Afurðir rækjudeildar: Útborgun 3%

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. ágúst 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

1. gr.

Við 1. tl. í ákvæðum til bráðabirgða bætist ný setning er orðist svo:

Fram að þeim tíma gilda ákvæði auglýsingar nr. 147/1985, um merkingu nauðsynjavara, sem innihalda eiturefni, hættuleg efni eða önnur efni sem geta verið skaðleg heilbrigði manna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, sbr. og lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. ágúst 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1990

28. ágúst 1990

1011

Nr. 349

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 466 30. september 1989 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1990–1991.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt með samkomulagi við hlutadeigandi afurðastöð að nýta allt að 4% af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1991/1992 með innleggi á verðlagsárinu 1990/1991. Á svæðum þar sem fóðuröflun verður verulega undir meðallagi vegna óhagstæðs árferðis er þó heimilt að nýta allt að 8%, enda liggja fyrir meðmæli Búnaðarfélags Íslands og samþykki framkvæmdanefndar búvörusamninga. Einnig er þeim framleiðendum sem vilja leggja niður sauðfjárbúskap heimilt að nýta af fullvirðisrétti verðlagsársins 1991/1992 vegna förgunar á öllum bústofni í sauðfé eða meginhluta hans haustið 1990. Í samkomulaginu skal m.a. taka fram um greiðslu þessara afurða, sbr. 2. mgr. 29. gr. 1. nr. 46/1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

28. ágúst 1990

Nr. 350

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 145,
29. mars 1990.**

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá og með 1. september 1990:

IV kafli. Heimtaugar í dreifbýli.

1. Heimtaugargjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði o.þ.h.

Líður 1.1. breytist og orðist svo:

„1.1. Lágmarksgjald er 82.600 kr. fyrir hverja nýja heimtaug. Umframkostnaður við nýja heimtaug svo og kostnaður af breytingu eldri heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins og nánari ákvörðun rafmagnsveitustjóra hverju sinni.“

Liður 1.2 breytist og orðist svo:

„1.2. Orkusjóður veitir styrk til lagningar heimtauga sem uppfylla þau skilyrði sem sjóðurinn setur. Styrkurinn nemur allt að þeirri fjárhæð sem 80 m heimtaug og 25 kVA spennistöð kostar, að frádregnu lágmarksgjaldi skv. lið 1.1.“

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 351

28. ágúst 1990

REGLUR

Orkuráðs um styrkveitingar úr orkusjóði til heimtauga í strjálbýli.

Með vísun til 71. gr. orkulaga nr. 58/1967, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi reglur um styrkveitingar úr orkusjóði til heimtauga í sveitum:

1. Orkufyrirtæki skulu senda orkuráði umsóknir um styrkveitingar til heimtauga.
2. Umsóknir um styrkveitingu skulu sendar á sérstöku eyðublaði sem orkuráð lætur í té.
3. Með hverri umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:
 - a. Tegund heimtaugabeidni.
 - b. Tegund framkvæmda.
 - c. Áætlaður heildarkostnaður.
 - d. Heimtaugargjald.
 - e. Umframgjald sem heimtaugarbeiðandi greiðir.
 - f. Upphæð, sem sótt er um úr orkusjóði.
4. Rétt til styrkveitinga eiga:
 - a. Bændur á lögbylum sem stunda hefðbundinn landbúnað, búgreinar svo sem loðdýrækt, fiskeldi, ferðamannaþjónustu, skógrækt eftir samningi við Skógrækt ríkisins um nytjaskógrækt eða aðra sambærilega starfsemi. Einnig hafa aðrir sem reka framangreinda starfsemi í sveitum rétt á styrk til heimtaugar, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu á staðnum.
 - b. Þjónustufyrirtæki í sveitum, sem fyrst og fremst þjóna þeim notendum sem styrkhæfir eru skv. staflíð a.
5. Almenn er aðeins styrkt ein heimtaug á hvern notanda skv. staflíðum a. og b.
6. Styrkur orkusjóðs getur numið allt að þeirri fjárhæð sem 80 m einfasa jarðstrengsheimtaug ásamt 25 kVA einfasa spennistöð kostar að frádregnu heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins eða Orkubús Vestfjarða.

Reglur þessar skulu taka gildi 1. september 1990. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri reglur sama efnis frá 8. mars 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 1990

30. ágúst 1990

1013

Nr. 352

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tollstjórum er heimilt að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar að veita innflytjendum, sem eru virðisaukaskattskyldir aðilar og stunda innflutningsverslun, framleiðslu eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni, greiðslufrest á virðisaukaskatti vegna tollafgreiðslu á innfluttum vörum, sbr. 4. gr., svo og innfluttri þjónustu þegar hún tengist vöruinnflutningi, sbr. reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá.

2. gr.

Orðin „innan hvers uppgjörstímabils, sbr. 4. gr.“ í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hvert uppgjörstímabil vegna greiðslufrests á virðisaukaskatti af vörum, sem taldar eru upp í viðauka við reglugerð þessa, er tveir mánuðir: janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember. Greiðslufrestur af öðrum innfluttum vörum skal vera einn mánuður. Innflytjendur, sem veittur hefur verið greiðslufrestur á virðisaukaskatti, skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða tollstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, virðisaukaskatt sem þeim hefur verið lánaður.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar falli brott.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi 1. september 1990.

Fjármálaráðuneytið, 30. ágúst 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81/31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Í Héraðsflóa, frá og með 5. september 1990 til og með 31. desember 1990, frá línu réttvísandi austnordaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnordaustur af Ósflæs (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar, frá og með 1. október 1990 til og með 31. desember 1990, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1990 til og með 31. desember 1990, utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. ágúst 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

Nr. 354

REGLUGERÐ

17. júlí 1990

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl., nr. 645/1989.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr töluliður, 8, sem orðist svo: 8. Nýskráning eldri skipa, styttri en 6 metrar mælt milli stafna, kr. 17 000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING**um tilnefningu Flugleiða hf. til að halda uppi
áætlunarflugferðum milli landa.**

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands frá 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið tilnefnt Flugleiði hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands frá og með 31. ágúst 1990 til og með 31. október 1990.

Tilnefning þessi kemur í stað tilnefningar til handa Arnarflugi hf. til sams konar flugs samkvæmt auglýsingu nr. 90 15. mars 1982.

Ráðuneytið hefur jafnframt í dag heimilað Flugleiðum hf. að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Keflavíkur og Hamborgar frá og með 31. ágúst 1990 til og með 31. október 1990 og fellt úr gildi heimild Arnarflugs hf. hér að lútandi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING**um umferð í Fellabæ, Norður-Múlasýslu.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Fellahrepps hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Fellabæ, og gilda þær frá 1. október 1990:

1. gr.

Biðskylda er á eftirtöldum götum gagnvart Lagarfelli:
Hamrafelli, Lágafelli, Miðfelli, Háafelli og Einhleypingi.

2. gr.

Biðskylda er á eftirtöldum götum gagnvart Upphéraðsvegi:
Kauptúni, Sunnufelli, Heimatúni og Ullartanga.

Lögreglustjórinn í Norður-Múlasýslu, 17. ágúst 1990.

Lárus Bjarnason.

REGLUR

um smíði og öryggisbúnað báta styttri en 6 m að lengd.

1. *Gildissvið*
 - 1.1 Reglur þessar gilda um báta styttri en 6 m að lengd, mælt milli stafna. Eru bátarnir skilgreindir í reglunum sem smábátar.
 - 1.2 Reglur þessar gilda ekki um smábáta, sem blásnir eru upp með loftkenndu efni eða svokallaða vatnasleða.
 - 1.3 Smábáta má samþykkja sem vinnubáta, enda uppfylli þeir ákvæði reglna þar um.
2. *Almenn ákvæði*
 - 2.1 Smábátar, sem framleiddir eru til sölu hér á landi, skulu samþykktir af Siglingamálastofnun ríkisins, og skráðir hjá skipaskráningardeild stofnunarinnar. Sama gildir um innflutta smábáta til notkunar hér á landi.
 - 2.2 Smábátar, sem eigandi smíðar til eigin nota, geta hlotið samþykki hjá Siglingamálastofnun ríkisins, sé þess óskað, og skulu þeir þá einnig skráðir hjá skipaskráningardeild stofnunarinnar.
 - 2.3 Smábáta er óheimilt að nota í atvinnuskyni, nema þeir séu samþykktir af Siglingamálastofnun ríkisins sem vinnubátar til viðkomandi starfsemi og hafi gilt skoðunarvottorð því til staðfestingar.
3. *Samþykki smábáta.*
 - 3.1 Smábátar skulu samþykktir af Siglingamálastofnun ríkisins samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd minni en 15 metrar.
 - 3.2 Bátar, sem smíðaðir eru í alþjóðalega keppnisflokkka eru undanþegnir ákvæðum reglna um smíði skemmtibáta, að undanskildum kröfum um flotholt, enda séu bátarnir eingöngu notaðir á takmörkuðu svæði til æfinga eða keppni.
4. *Skráning smábáta.*
 - 4.1 Í skrá yfir smábáta skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:
 - 4.1.1 Smábátanúmer, sem er skráningarnúmer bátsins.
 - 4.1.2 Nafn og heimilisfang framleiðanda.
 - 4.1.3 Smíðanúmer og smíðaár.
 - 4.1.4 Aðalmál (lengd, breidd, dýpt)
 - 4.1.5 Gerð aðalvélar og vélarafli í kW.
 - 4.2 Í skrá yfir smábáta sem samþykktir eru sem fiskibátar, skal eftirfarandi koma fram auk þess sem tilgreint er í 4.1:
 - 4.2.1 Nafn bátsins.

- 4.2.2 Umdæmisbókstafir og tölur.
- 4.2.3 Fullt nafn og heimilisfang eiganda.
- 4.2.4 Skrásetningardagur og ár.
- 4.2.5 Brúttótonn.
- 4.3 Heimilt er að strika út af smábátaskrá þá fiskibáta sem ekki eru skoðaðir samkvæmt ákvæðum í gr. 9.2 í þrjú ár samfleytt. Við endurskráningu bátanna skal fara að sem við nýskráningu, þ.e. gengið skal úr skugga um að bátarnir uppfylli að öllu leyti ákvæði reglna.
5. *Merking smábáta.*
 - 5.1 Smábátar, sem samþykktir eru af Siglingamálastofnun ríkisins, skulu merktir með viðurkenningarskilti frá stofnuninni, sem varanlega er fest í bátinn samkvæmt ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
 - 5.2 Á viðurkenningarskiltinu skal eftirfarandi tilgreint:
 - 5.2.1 Smábátanúmer.
 - 5.2.2 Hámarksvélarafl í kW.
 - 5.2.3 Hámarkshleðsla í kg.
 - 5.2.4 Hámarksfjöldi manna, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.
 - 5.3 Einnig skulu bátarnir merktir með smíðanúmeri eða öðru númeri, sem Siglingamálastofnunin tekur gilt. Þetta númer skal varanlega fest eða grópað í bol smábátsins samkvæmt ákvörðun Siglingamálastofnunar.
 - 5.4 Smábátar sem samþykktir eru sem fiskibátar skulu auk þess sem að framan greinir vera merktir sem hér segir:
 - 5.4.1 Skráningarnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum.
 - 5.4.2 Nafni bátsins.
 - 5.4.3 Umdæmisbókstöfum og tölum.
 - 5.4.4 Bókstafir og tölur skulu vera dökkir stafir á ljósum grunni eða ljósir stafir á dökkum grunni og hæð stafanna ekki minni en 10 cm.
 - 5.4.5 Stafirnir skulu gefa endurskin í myrkri.
6. *Samþykkt eldri smábáta.*
 - 6.1 Eigendur eldri smábáta geta óskað eftir samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins á þeim. Uppfylli þeir ákvæði reglna eftir því sem við á, er heimilt að skrá bátanna og skulu þeir þá merktir samkvæmt 5. gr.
7. *Smábátar, sem leigðir eru gegn greiðslu.*
 - 7.1 Smábátar, sem leigðir eru gegn greiðslu, skulu hafa hlotið viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins samkvæmt þessum reglum.
8. *Öryggisbúnaður.*
 - 8.1 Vinnubátar skulu búnir eftirgreindum öryggisbúnaði:
 - 8.1.1 Bjargbelti fyrir alla um borð.
 - 8.1.2 Þrjú rauð handblys.
 - 8.1.3 Vatnshelt vasaljós.
 - 8.1.4 Sjúkrakassi.

- 8.1.5 Pokulúður.
- 8.1.6 Árar eða fullnægjandi talstöð.
- 8.1.7 Austurtrog.
- 8.1.8 Radarspegill, sem festa má á ár.
- 8.1.9 Legufæri og handslökkvitæki skv. reglum um smíði og búnað báta með mesta lengd minni en 15 m.
- 8.2 Siglingamálastofnun ríkisins kveður nánar á um öryggisbúnað vinnubáta með hliðsjón af farsviði þeirra, svo og ef bátarnir hafa leyfi til sjósóknar utan þess tíma sem tilgreindur er í gr. 9.2. Skal þá tekið mið af reglum um björgunar og öryggisbúnað báta lengri en 6 metrar.
- 8.3 Smábátar, sem eingöngu eru notaðir sem vatnabátar á takmörkuðu svæði, skulu búnir bjargbeltum fyrir alla um bord, árum og austurtrogi.
- 8.4 Smábátar í eigu félagasamtaka eða siglingaklúbba, sem lánaðir eru eða leigðir til félagsmanna undir eftirliti, skulu búnir sem vatnabátar samkvæmt gr. 8.3.
- 8.5 Smábátar, sem leigðir eru út til almennings til stuttra ferða á lygnu vatni í sjónmáli frá eftirlitsstöð leigusala, skulu vera búnir bjargbeltum fyrir alla um bord, árum og austurtrogi.
- 8.6 Allur laus búnaður skal vera í lokuðum hirslum eða umbúðum, sem eru fasttengdar í bátnum.
9. *Skoðun smábáta.*
- 9.1 Smábátar sem notaðir eru í atvinnuskyni, skulu skoðaðir eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skal þeim veitt skoðunartorð uppfylli þeir ákvæði reglna.
- 9.2 Skoðunartorð skal aðeins gilda á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Smábátar sem á að nota á takmörkuðu svæði í fjörðum eða flóum, eða við fiskveiðar eða fiskeldi nálægt ströndum landsins, geta þó fengið sérstakt leyfi til sjósóknar með takmarkað farsvið utan þess tímabils sem að framan greinir.
- 9.3 Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að gera skyndiskoðanir á smábátum þeim, sem þessar reglur fjalla um, hvar og hvenær sem hentugt þykir. Sé smábáti á einhvern hátt áfátt í gerð eða búnaði, ber skoðunarmanni að benda eiganda á slíka galla og hvernig megi úr þeim bæta.
- Skoðunartorð vinnubáta má fella úr gildi, ef í ljós kemur að þeir uppfylla ekki ákvæði reglna við skyndiskoðun.
- Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 frá 30. mars 1987, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 51/1979, sbr. nr. 49/1983 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 16. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum.

1. gr.

Skilagjald.

Leggja skal skilagjald á innflutt öl og gosdrykki og aðra slíka drykki í einnota umbúðum úr málm, gleri, plasti eða sambærilegum efnum, svo og öl, gosdrykki eða slíka drykki, sem framleiddir eru eða átappaðir eru hér á landi og seldir eru í sams konar umbúðum. Skal skilagjaldið nema 4,82 krónum á hverja umbúðaeiningu.

2. gr.

Umsýsluþóknun.

Umsýsluþóknun, sem leggja skal á til viðbótar skilagjaldi, skal nema 5% af skilagjaldi.

3. gr.

Gjaldskylda.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hér á landi og flokkast í vöruliði 2201, 2202 og 2203 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987. Drykkjarvörur, sem seldar eru úr landi, eru ekki gjaldskyldar. Við flokkun til gjaldskyldu skv. reglugerð þessari skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 96/1987 og auglýsingum nr. 12/1988 og 96/1988. Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun drykkjarvara.

4. gr.

Álagning skilagjalds.

Öllum þeim, sem flytja inn til landsins skilagjaldsskyldar vörur skv. 1. gr., hvort sem er til eigin nota eða endursölu, ber skylda til við tollafgreiðslu að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af hinum innfluttu vörum. Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við útreikning annarra aðflutningsgjalda en virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Þeim, sem framleiða eða tappa á skilagjaldsskyldum drykkjarvörum innanlands, ber skylda til að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af framleiðslu sinni og standa skil á því í ríkissjóð.

Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við álagningu vörugjalds eða annarra sambærilegra framleiðslugjalds. Gjöldin mynda hins vegar stofn til virðisaukaskatts.

6. gr.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o. fl.

Skilagjald og umsýsluþóknun af innlendum drykkjarvörum reiknast við sölu eða afhendingu þeirra frá framleiðanda, og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Hvert uppgjörstímabil vegna skilagjaldsskyldrar innlendar framleiðslu eða átöppunar eru tveir mánuðir: janúar og febrúar; mars og apríl; maí og júní; júlí og ágúst; september og október; nóvember og desember.

Skilagjaldi og umsýsluþóknun af innlendri framleiðslu, ásamt framtalsskýrslu í því formi

sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga, og skulu framleiðendur senda Endurvinnslunni hf. afrit af innlagðri framtalsskýrslu. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag, færast gjalddagi á næsta virkan dag þar á eftir.

7. gr.

Viðurlög.

Ef skilagjald og umsýsluþóknun er ekki greitt á tilskildum tíma, skal aðili sæta álagi til viðbótar skilagjaldi eða til viðbótar því skilagjaldi og umsýsluþóknun, sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu og skilagrein, skv. 6. gr., hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og skilagjald og umsýsluþóknun því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð, er til áætlunar svarar, eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kerufrests.

Álag skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. 4% álag á þá upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

2. Álag til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, reiknað í fyrsta sinn fyrsta dag næsta mánaðar eftir gjalddaga, hið sama og dráttarvextir eru á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

8. gr.

Innheimta og endurgreiðsla.

Skilagjald og umsýsluþóknun skal greiða í ríkissjóð, er síðan ráðstafar umsýsluþóknuninni, skilagjaldinu og virðisaukaskatti af því jafnskjótt og við verður komið til Endurvinnslunnar hf., hlutafélags sem stofnað var skv. 2. gr. laga nr. 52/1989. Endurvinnslan hf. skal sjá um að skilagjaldið verði endurgreitt neytendum ásamt virðisaukaskatti af því við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Skal endurgreiðslan þannig nema samtals 6,00 krónum á hverja umbúðaeiningu. Þó skulu líða 45 dagar frá hækkun álagðs skilagjaldsins úr 5,00 krónum í 6,00 krónur þar til Endurvinnslan hf. hækkar endurgreiðslu til neytenda fyrir hverja umbúð, sem skilað verður, úr 5,00 krónum í 6,00 krónur. Á sama hátt skal greiða samsvarandi gjald til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka, sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

9. gr.

Endurvinnslan hf.

Endurvinnslan hf. skal sjá um að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Endurvinnslan hf. skal gefa Umhverfisráðuneytinu ársfjórðungslega skýrslu um starfærsklu skilakerfisins, þ.m.t. um fjölda skilaðra umbúða eftir tegundum.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 52/1989 og öðlast gildi 15. september 1990. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 273/1989.

Umhverfisráðuneytið, 31. ágúst 1990.

F. h. r.

Páll Línal.

Kristinn Sv. Helgason.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Dalasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Héraðsnefnd Dalasýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra hver í sínum hreppi.

II. KAFLI

Um afrétti og önnur leitarlönd.

2. gr.

Land sem fjallskilaf framkvæmd tekur til, eru beitolönd þau sem nytjuð eru sem sumarhagar fyrir sauðfé. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða annað.

3. gr.

Alla þá menn í hverjum hreppi, sem skyldir eru til skv. 4. gr. að gera fjallskil, skal hreppsnefnd kveðja til þess skriflega á ári hverju með nægum fyrirvara. Í slíkum fjallskilaboðum skal taka fram, hvaða fjallskil hver og einn eigi að inna af hendi, á hvaða svæði hver skuli ganga, hvernig fjallskilum skuli haga, rekstrum til réttar, geymslu safnsins við réttina þar til réttarstarf byrjar, hverjir sækja skuli fé í réttir utan hrepps, hverjir skuli vera leitarstjórar og hve margir og sérhvað annað er að fjalleitum lýtur.

Fjallskilaboð skulu ganga sem þingboð um hreppinn eða ljósrit af fjallskilaseðli á hvern bæ.

Allir fjáreigendur skulu að forfallalausum taka við leitarstjórarstarfi og hafa það á hendi. Til að sækja sauðfé í réttir utan hrepps skulu ávallt valdir markglöggir og aðgætnir menn og skulu þeir hafa með sér markaskrá sýslunnar, er ný mörk séu færð inn í.

4. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kindur, hvort sem er í heimalöndum eða ekki, og hross að afrétti. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarmanna til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru. Nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Skal jafnt gjald lagt á hvert hross, þar sem þeim er smalað til réttar sem á 5 sauðkindur.

Hreppsnefnd á rétt á því, að hver sem fjallskilaskyldur er, leggi menn til leita, ef þörf krefur. Reki menn fénað sinn í aðra hreppa til sumargöngu, eða hafi fé sitt í girðingu yfir sumarið, er hreppsnefnd heimilt að færa niður fjallskilakostnað að nokkru. Full fjallskil greiðast af fé því sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti, gæslukostnað á úrtíningsfé o.fl., eftir ákvörðun hreppsnefndar. Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

5. gr.

Eigendum eyðijarða er óheimilt að ráðstafa beitaraftotum til utansveitarmanna án leyfis hreppsnefndar.

6. gr.

Allir búendur hreppsins, svo og umráðamenn eyðijarða, eru skyldir að láta smala heimalönd sín á hausti, þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir, og hafa fé sitt í vörslu fram yfir leit. Allt ókunnugt fé, er finnst kann, nái til réttar áður en réttarstarf hefst. Búendur skulu flytja féð til réttar.

Nú sinnir umráðamaður jarðar ekki smölunarskyldu sinni, getur þá hreppsnefnd látið smala landið á hans kostnað.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja fjallskilakostnað á eigendur eyðijarða og jarða í ábúð, sem ekki hafa sauðfjárbú, eða eiga svo fátt fé, að ekki nái hálfu dagsverki, sem svarar einu dagsverki á hver 100.000 í landverði jarðarinnar samkvæmt fasteignamati 1989. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða vorsmölun til mörkunar og rúnings, ef hún telur ástæðu til.

7. gr.

Aðalhaustleitir skulu vera tvær: Fyrsta leit í Dalahólfi syðra laugardag 12. til 18. september, og í Dalahólfi nyrðra laugardag 14. til 20. september. Heimilt er að skipta leitum á tvo daga. Hreppsnefndum er heimilt að fella niður leit á sínu svæði, eða hluta þess, ef henta þykir, í samráði við aðrar hreppsnefndir þegar fyrsta leit á að fara fram. Önnur leit í Dalahólfi syðra laugardag 26. september til 2. október og í Dalahólfi nyrðra laugardag 28. september til 4. október, og verður ekki breytt nema með samþykki allra hlutadeigandi hreppsnefnda.

Réttað skal leitardaga í Hólmarétt, Flekkudalsrétt, Tungurétt, Ormsstaðarétt og Skarðsrétt, eftir fyrstu leit en í hinum næsta dag eftir leitir.

8. gr.

Skilaréttir skulu haldnar sama dag eða daginn eftir aðra leit í öllum hreppum sýslunnar, nema í Gillastaðarétt skal rétta degi síðar, á mánudegi.

9. gr.

Eftirleitir fari fram eftir ákvörðun hreppsnefndar. Þurfi að skilja eftir kindur í leitum, hvort sem er í sjálfheldu eða af völdum sjúkdóma eða slysa, sjái viðkomandi leitarstjóri í samráði við oddvita um að ná í féð, sé þess kostur. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

10. gr.

Leitarstjórar skulu gæta þess vandlega, að allir þeir sem eiga að leggja til menn í fjalleitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn sem hreppsnefnd hefur fyrirskipað og að allir leitarmenn fylgi fjársafni til réttar. Þeir skulu og sjá um, að leitir fari vel og skipulega fram, að leitarmenn hefji leit strax og sauðljóst er orðið, bíði hver eftir öðrum á gangnamótum að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitum samhliða. Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarföngi telur óhæfan eða vanbúinn, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir. Stefna ber að því að leitarmenn séu vel klæddir í áberandi klæðnaði eins og björgunarsveitarmenn nota.

11. gr.

Ef einhver vanrækir að láta mann til fjallskilastarfa, skulu leitarstjórar eða hreppsnefnd kaupa mann í staðinn, sé þess kostur, og greiði sá manninum, er leitina átti að inna af hendi. Fáist ekki maður til leitarstarfa, greiði sá, er dagsverkið átti að inna af hendi, dagsverkið til fjallskilasjóðs, auk sektar allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

III. KAFLI

Um réttir og réttarstörf.

12. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að lögréttir og aukaréttir séu ávallt í góðu ástandi. Skulu dilkar að jafnaði svo stórir að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en fjádrætti er lokið. Hreppsnefndir skulu sjá um, að vélknúnum ökutækjum sé fært að lögrétt, og aðstaða sé til að koma réttarfé á bíla eða fjárvagna.

Þeir hreppar, er fjárvon eiga í öðrum hreppum í haustréttum, skulu kosta byggingu og viðhald á hæfilega stórum dilkum við lögrétt þess hrepps, sem fjárvon er í, eftir samkomulagi viðkomandi hreppsnefnda.

Kostnaður við byggingu almenningsréttar skal greiðast úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar. Heimilt er sveitarstjórn að jafna niður á fjallskilaskylda aðila í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar. Hluta af gjaldinu má leggja á landverð jarða. Sveitarstjórn getur ákveðið framlag sveitarsjóðs.

13. gr.

Valdi réttarbygging gróðurspillingu eða jarðusla, skal endurgjald koma fyrir úr hrepps-sjóði eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir.

14. gr.

Lögréttir eru þessar:

Í Hörðudalshreppi, Hólmarétt.

Í Miðdalshreppi, Fellsendarétt.

Í Haukadalshreppi, Kirkjufellsrétt.

Í Laxárdalshreppi, Gillastaðarétt.

Í Hvammshreppi, Skerðingsstaðarétt.

Í Fellsstrandarhreppi, Flekkudalsrétt.

Í Skarðshreppi, Skarðsrétt.

Í Saurbæjarhreppi, Múlarétt.

Aukaréttir eru þessar:

Í Haukadalshreppi, Vatnsrétt.

Í Fellsstrandarhreppi, Tungurétt og Ormsstaðarétt.

Breyta má um lögréttarstað eftir ákvörðun hreppsnefndar og samþykki sveitarfundar og héraðsnefndar.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar réttarstörfum, nema hreppsnefnd ákveði annað. Hreppstjórar annast löggæslu í réttum.

16. gr.

Enginn má marka kind á eyra í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra. Ekki má taka fé úr dilkum án leyfis réttarstjóra.

17. gr.

Ómerkinga skal láta í sérstakan dilk og hleypa þangað þeim ám, sem líkur eru til að vanti lamb undir. Þá ómerkinga sem af ganga, skal farið með eftir gildandi reglum. Þær kindur, sem að dómi tilkvaddra manna, hafa skemmd eyru og ekki er hægt að greina mark á, skal farið með sem ómerkinga. Andvirði þeirra kinda, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í fjallskilasjóð. Leitast skal við að auðkenna ómerkinga og móður, sem finnast í leitum, ef tök eru á.

18. gr.

Búanda þeim, sem ábúð hefur á jörð, þar sem lögrétt eða aukarétt er, skal gjalda réttartoll, eitt til tvö fjallskiladagsverk, eftir samningi hreppsnefndar við viðkomandi jarðeiganda.

19. gr.

Þeir menn, sem sendir eru í lögréttir utan hrepps, skulu skila því sauðfé, er þeir taka í réttinni, á þann hátt sem hreppsnefnd ákveður.

20. gr.

Ef sauðfé finnst í afréttum eða heimahögum eftir réttir, þá skal finnandi koma því til byggða, ef kostur er, og tilkynna eiganda eða oddvita heimasveitar eiganda.

IV. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

21. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í réttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um að svo sér gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Annar óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

22. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hvarrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á eigendur að gefa sig fram innan tilskilins tíma.

23. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðist eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

V. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

24. gr.

Búfjármörk eru: Eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra með sömu stöfum og hreppsmerkið.

25. gr.

Héraðsnefnd ræður markavörð til að hafa umsjón með upptöku nýrra marka og að búa markaskrá undir prentun. Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá sýslunnar.

VI. KAFLI

Um ágang afréttarpenings o.fl.

26. gr.

Verði mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétt í heimahaga, getur sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart.

27. gr.

Nú verður verulegur ágangur sauðfjár eða hrossa frá einu sveitarfélagi í annað, og getur þá það sveitarfélag, er fyrir ágangi verður óskað eftir að hitt sveitarfélagið greiði bætur fyrir

áganginn, eða sendi menn í göngur, ef það er talið heppilegra, miðað við gangnakostnað og usla í högum.

Míða skal greiðslu við fjallskilakostnað á fullorðna kind í því sveitarfélagi sem féð gengur í og séu tvær kindur, sem til réttar koma, metin ein gjaldeining.

Réttarstjóri skal sjá um að telja það fé sem til réttar kemur. Verði ágreiningur um gjaldtöku skulu viðkomandi hreppar tilfærna einn mann hver og sýslumaður einn mann í nefnd til að úrskurða endanlega um ágreiningsefnið.

28. gr.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá er fyrir verður, kært til hreppsstjóra. Búpening, sem er sérstaklega áleitinn í afgirt ræktuð lönd, skal eigandi hirða, þegar tilsagður er og setja í örugga vörslu. Vanræki eigandi að hirða tilsagðan fénað, má kæra til hreppsstjóra.

29. gr.

Sé ágangspeningur settur inn, skal þess gett, að hann sé ekki í svelt. Ef innsettur fénaður ferst eða slasast greiðir sá er inn setur bætur til eiganda.

30. gr.

Telji hreppsnefnd ofsetin beitarlönd á einstökum jörðum í hreppnum eða á afrétti, þá getur hún krafist ítölu. Áður skal þó hreppsnefnd leita álits gróðurverndarnefndar Dalasýslu.

VII. KAFLI

Um hross.

31. gr.

Sérhver hrossaeigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark, frostmerkingu eða önnur merki á hrossum sínum. Hreppsnefnd getur, ef henni þykir ástæða til, bannað að hross gangi á afrétti.

32. gr.

Séu hross á afrétti, skal þeim smalað til annarrar réttar. Með óskilahross skal farið sem óskilakindur. Þó skulu þau seljast með 10 daga auglýsingarfresti fyrir söludag og 12 vikna innlausnarfresti eftir söludag. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig 12 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum refsheimildum. Renna sektir í fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brot er framið í.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

34. gr.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu nr. 400 12. september 1975.

Landbúnaðarráðuneytið 30. ágúst 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu í flugi.

1. Orðaskýringar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Alvarleg meiðsl (Serious injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og

- a) hafa í för með sér meira en 48 klst. sjúkráðsvisst sem hefst innan 7 daga frá þeim degi er meiðslin áttu sér stað, eða
- b) eru fólgin í beinbroti (þó eru undanskilin lokuð brot á fingrum, tám eða nefi), eða
- c) eru fólgin í upprifnum sárum sem hafa í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum, eða
- d) eru fólgin í sköddun á innra líffæri, eða
- e) eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna eða einhverjum bruna sem nær til meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
- f) eru fólgin í því að maður hafi orðið fyrir smiti eða skaðlegri geislun.

Fartími (Flight time): Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara.

Flugstjóri (Pilot in command): Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugumferðaratvik (Air traffic incident): Flugumferðaratvik er það, þegar liggur við árekstri loftfara eða upp koma alvarleg vandamál er rekja mætti til gallaðra vinnuáðferða eða til skorts á að staðfestum vinnuáðferðum sé beitt, svo og vegna bilana á flugöryggisbúnaði jarðstöðva. Flugumferðaratvik flokkast á eftirfarandi hátt:

1. Árekstrarhætta (near collision) - nánar skilgreind í þrjá flokka eftir því hversu alvarlegt atvikið er:
 - a) raunveruleg hætta á árekstri,
 - b) hugsanleg hætta á árekstri,
 - c) ekki veruleg hætta á árekstri.
2. Vinnuáðferð (brot eða gallar á vinnuáðferðum).
3. Bilun eða galli á flugöryggisbúnaði jarðstöðva.

Flugumferðarþjónusta (Air traffic service): Almenn hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingarþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu, flugstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugturnsþjónustu.

Flugumferðarþjónustudeild (Air traffic services unit): Almenn hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

Flugverji (Crew member): Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Lofftar (Aircraft): Sérhvert það tæki, sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Óhapp (Incident): Atvik, annað en slys, er tengist rekstri loftfars og hefur eða getur haft áhrif á öryggi flugs.

Slys (Accident): Atvik tengt starfrækslu loftfars sem verður frá þeim tíma er einhver maður fer um borð í loftfarið, í því skyni að fljúga í því og þar til allir slíkir menn hafa farið frá borði, og þar sem:

- a) einhver maður lætur lífið eða verður fyrir alvarlegum meiðslum, er:
 - stafa af veru hans um borð í loftfarinu, eða
 - verða vegna beinnar snertingar hans við loftfarið eða einhverja hluti sem hafa losnað frá því, eða
 - stafa af því að einhver lendir í loftstraumi þotuhreyfils, nema meiðslin séu af eðlilegum orsökum, af eigin eða annarra manna völdum, eða þeir, sem meiðslin hljóta, eru laumufarþegar sem hafa falið sig utan þess rýmis sem venjulega er aðgengilegt farþegum og áhöfn, eða
- b) loftfarið verður fyrir skemmd eða broti sem
 - veruleg áhrif hefur á styrkleika þess, afköst eða flugeiginleika, og
 - að jafnadi myndi hafa í för með sér þörf fyrir meiri háttar viðgerð eða skipti á þeim hluta sem fyrir skemmdum varð, nema hreyfilbilun eða skemmd á hreyfli þegar skemmdin takmarkast við hreyfilinn, hreyfilhlífar eða hreyfilbúnað, eða skemmdir sem takmarkast við loftskráfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, hlífar, smávægilegar beyglur eða smágöt á ytra borði loftfarsins, eða
- c) loftfar er týnt eða ekki er unnt að komast að því.

Veðurstofa (Meteorological Authority): Embætti á vegum aðildarríkis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem veitir eða sér um veðurþjónustu fyrir flug.

2. Almenn ákvæði.

2.1 Skylt er að tilkynna um eftirfarandi atriði:

- a) Slys, eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð.
- b) Þegar loftfar verður fyrir óhappi eða skemmdum sem koma í ljós á flugi, eða þegar skemmdir eða gallar finnast við skoðun og viðhald og hafa áhrif á lofthæfi loftfars (sjá gr. 4).
- c) Önnur atvik eða atburði en flugslys, óhöpp, skemmdir eða galla, er um getur í lið a) og b), þegar áhöfn, farþegar eða loftfar hafa verið í háska (sjá gr. 5).
- d) Frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönum (sjá gr. 6).
- e) Stórfellt lögbrot framið um borð í loftfari eða ef flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig (sjá gr. 7).
- f) Slys og óhöpp við flutning hættulegs varnings flugleiðis (sjá gr. 8).

3. Flugslys.

3.1 Með flugslysi er átt við slys, eins og þau eru skilgreind í reglugerð þessari, önnur en slys í tengslum við hættulegan varning.

- 3.2 Flugslýs skal tilkynna flugumferðarþjónustudeild eða loftferðaefirliti þegar í stað.
- 3.3 Flugstjóra loftfars ber að fullnægja tilkynningarskyldu. Ef honum er það ekki unnt hvílir tilkynningarskyldan á eiganda eða umráðanda (notanda) loftfars.

4. Óhöpp, skemmdir og gallar.

- 4.1 Hér er átt við:
- þess konar óhöpp, sem loftfar verður fyrir, eða skemmdir og galla á eða í því eða búnaði þess, sem hafa áhrif á flughæfi loftfarsins, án þess að um flugslys sé að ræða, og eiga sér stað eða verða uppvis frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði, og
 - þess konar skemmdir eða galla sem ekki eru taldir venjulegir en skipta verulegu máli fyrir lofthæfi loftfars eða búnað þess og koma í ljós við viðhald og/eða skoðun eða gerast á jörðu vegna árekstrar, veðurfars, eldsvoða eða af öðrum orsökum.
- 4.2 Tilkynna ber óhöpp, skemmdir eða galla ef þau hefðu getað valdið alvarlegri hættu á slysi eða ef þau benda til þess að meiri háttar galli sé á loftfari.
- 4.3 Tilkynna ber loftferðaefirliti um ofangreind atriði eins fljótt og unnt er, þó ekki síðar en 72 klst. eftir að atvikið átti sér stað.
- 4.4 Tilkynningarskylda hvílir á flugstjóra eða eiganda/umráðanda (notanda) loftfars.

5. Önnur atvik eða atburðir en flugslys, óhöpp og skemmdir eða gallar.

- 5.1 Hér er átt við flugumferðaratvik og önnur eða annars konar atvik eða atburði en um getur í gr. 3 og 4, þar sem loftfar eða fólk um borð hefur verið í greinilegum háska, og eiga sér stað eða verða uppvis frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði og
- hætta verður á árekstri milli loftfara í lofti, eða
 - komið hafa upp skyndileg veikindi eða önnur forföll flugverja eftir að flug er hafið svo að hann getur ekki rækt starf sitt sem skyldi, eða
 - orðið hafa mistök hjá flugumferðarþjónustu eða þjónustu veðurstofu, eða
 - orðið hefur bilun eða komið hefur fram galli á fjarskiptatækjum og öðrum hjálpartækjum flugs á jörðu niðri, svo og ef flugkort reynast röng eða ekki fullnægjandi, eða
 - loftfar hefur verið ranglega hlaðið.
- 5.2 Tilkynna ber atvik og atburði, sem gerast innan íslenskrar lofthelgi, þar sem alvarleg hættu á flugslysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur að hendi borið sem til þess bendir að meiri háttar annmarki sé á búnaði flugvalla, flugvitum eða hjálpartækjum flugs á jörðu niðri eða rekstri þeirra. Ef atvikið eða atburðurinn verður innan lögsögu annars ríkis skal einnig tilkynna það flugmálayfirvöldum þess ríkis þar sem þess er krafist.
- 5.2.1 Tilkynna skal samkvæmt gr. 5.1 a), þegar unnt er, hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild með fjarskiptum þegar í stað.
- 5.2.2 Tilkynna skal samkvæmt gr. 5.1 b), c), d) og e) á sama hátt og mælt er fyrir um í gr. 4.3.
- 5.3 Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

6. Frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum.

- 6.1 Tilkynna skal hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild þegar þurft hefur við stjórn loftfars að bregða út af reglum, fyrirmælum eða bönnum eða brjóta í bága við þau í neyðartilvikum vegna öryggis loftfars eða manna um borð.
- 6.2 Ofangreind atvik skal tilkynna með fjarskiptum þegar í stað ef unnt er, annars svo fljótt sem verða má.
- 6.3 Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

7. Þegar framið er stórfellt lögbrot í loftfari eða flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig.

- 7.1 Flugstjóri loftfars skal tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild svo fljótt sem verða má og, ef unnt er, fyrir landingu:
- þegar einhver um borð í loftfari hefur verið tekinn í gæslu,
 - þegar einhver hefur framið eða gert sig líklegan til eða hótað að fremja verknað sem ógnaði öryggi, góðri hegðan eða reglu um borð, og
 - þegar framið hefur verið stórfellt lögbrot í loftfari og þann, er verknaðinn framdi, á að afhenda lögreglu eða öðrum hlutaðeigandi yfirvöldum.
- Tilkynningarskylda flugstjóra til Flugmálastjórnar í þessum tilvikum leysir ekki undan og kemur ekki í stað tilkynningarskyldu til annarra yfirvalda.

8. Tilkynningar um slys og óhöpp við flutning hættulegs varnings flugleiðis.

- 8.1 Flugrekendur skulu án tafar tilkynna Flugmálastjórn um öll slys eða óhöpp sem stafa af hættulegum varningi eftir að hann hefur verið afhentur til flutnings flugleiðis. Tilkynna skal í samræmi við ákvæði „Reglugerðar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“, eins og hún er á hverjum tíma.

9. Refsiákvæði.

- 9.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964.

10. Gildistaka.

- 10.1 Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 30., 44., 46., 47. og 50., sbr. 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1990. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 441/1976 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 22. ágúst 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir nr. 477
27. október 1988, með síðari breytingum.

1. gr.

20. gr. orðist svo:

Af heildarsölu hvernar getraunaviku skal 40% varið til vinninga. Þar af skulu 2% heildarsölunnar lögð í sérstakan sjóð sem leggst við heildarupphæð vinninga samkvæmt ákvörðun stjórnar Íslenskra getrauna. Ákvörðun um það í hvaða getraunaviku sjóður þessi verður notaður skal auglýsa a.m.k. einni viku áður en sú getraunavika hefst.

Heildarupphæð vinninga hvernar getraunaviku skiptist síðan í 3 hluta þannig að 50% skiptist milli þeirra raða sem hafa 12 réttar ágiskanir en 25% til þeirra sem hafa 11 réttar ágiskanir og 25% til þeirra sem hafa 10 réttar ágiskanir.

Sé ein röð með 12 réttar ágiskanir rennur öll upphæðin í 1. vinningsflokki til hennar en séu fleiri raðir með 12 réttar ágiskanir skiptist vinningsupphæðin jafnt milli þeirra. Í 2. og 3. vinningsflokki skiptist vinningsupphæðin jafnt milli þeirra raða sem hafa jafnmargar ágiskanir réttar.

Hafi engin röð 12 réttar ágiskanir leggst vinningsupphæð 1. vinningsflokks við 1. vinningsflokk næstu leikviku á eftir. Hafi engin röð 11 réttar ágiskanir flyst 2. vinningsflokkur á 10 réttar og 3. vinningsflokkur á 9 réttar og síðan koll af kalli.

Ef vinningsupphæð í 2. eða 3. vinningsflokki reynist vera undir kr. 200 færast sá vinningsflokkur í næsta vinningsflokk þar fyrir ofan.

Allir vinningar skulu lækka þannig að þeir standi á heilli krónu. Mismunur sem þannig myndast skal leggjast við heildarupphæð vinninga næstu leikviku á eftir.

2. gr.

1. málsgrein 21. greinar orðist svo:

Þegar úrslit kappleikja getraunavikunnar liggja fyrir skal rétttri vinningsröð slegið inn í tölvukerfið. Það sýnir fjölda vinningsraða og upphæðir í 1., 2. og 3. vinningsflokki.

3. gr.

2. mgr. 6. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 258/1989, er felld úr gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir nr. 59/29. maí 1972 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. ágúst 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 7. september 1990 eru allar togveiðar bannaðar á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°55'5 N – 21°50'0 V
2. 66°59'0 N – 20°51'0 V
3. 66°32'5 N – 21°00'0 V
4. 66°30'0 N – 21°32'0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 342 22. ágúst 1990 um bann við togveiðum á Hornbanka.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. september 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum sveitarstjórnar Hrafnagilshrepps og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hrafnagilshreppi: Hámarkshraði á Ártröð, Brekkutröð og Vallartröð í Reykárbyggð í landi Hrafnagils skal vera 35 km á klukkustund.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Eyjafjarðarsýslu, 31. ágúst 1990.

Elías I. Elíasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1990

6. september 1990

1033

Nr. 364

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188 6. apríl 1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 434/1988.

1. gr.

Úr c-lið 1. mgr. 17. gr. falli niður orðið limhögnir.

2. gr.

Tafla yfir merkingu og mat á dilkakjöti í 2. mgr. 17. gr. orðist svo:

Vaxtarlag/vöðvafylling	Fitumörk	Merking
ÚRVALSFLOKKUR: Sérlega vel vaxnir og vöðvafylltir skrokkar með jafnri fitudreifingu	Síðufita ekki yfir 9 mm. Fita á baki ekki yfir 3 mm.	D I-ÚRVAL gulur miði.
I. FLOKKUR: Sæmilega vaxnir og vöðvafylltir skrokkar.	A: Síðufita ekki yfir 11 mm. B: Síðufita 12–14 mm C: Síðufita 15 mm og þar yfir	D I–A hvítur miði D I–B dökkblár miði. D I–C dökkgrænn miði.
II. FLOKKUR: Fremur þunnvaxnir og holdrýrir skrokkar.		D II ljósblár miði.
III. FLOKKUR: Mjög holdrýrir og útlitsgallaðir skrokkar.		D III ljósgrænn miði
D–X: Minniháttar mar eða verkunargallar.		D–X
D–XX: Mikið mar, meiriháttar verkunargallar, blóðlituð fita eða fita sem ekki storknar.		D–XX

Þyngdarflokkar:

- 6: að 12,7 kg
- 2: 12,8–16,2 kg
- 8: 16,3–19,2 kg
- 4: 19,3 kg og þyngri

3. gr.

32. gr. orðist svo:

Dilkaslátur.

Heilt, nýtt dilkaslátur til neytenda skal vera: $\frac{1}{4}$ l af blóði (án umbúða), afhyrndur haus, vel sviðinn, klofinn, fullhreinsaður og ekki undir 1,1 kg að þyngd (að meðaltali, séu slátrin fleiri en eitt), lifur, hjarta, nýru, vömb, keppur, hálsæðar, þind og 1 kg mör. Vömb og keppur skulu vera tæmd af gor og hreinsuð (kalónuð).

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. september 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um samvinnu heilsugæslustöðva í Reykjavíkurlæknishéraði og um kjör fulltrúa starfsmanna í stjórnir þeirra.

1. gr.

Formenn stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík, ásamt héraðslækni, mynda samstarfsráð heilsugæslustöðva í Reykjavík. Samstarfsráðið skiptir með sér verkum.

Hlutverk ráðsins er að annast yfirstjórn skrifstofu heilsugæslustöðva í Reykjavík, ráðningu sameiginlegs framkvæmdastjóra stöðvanna svo og annars starfsfólks skrifstofunnar.

Samstarfsráð gerir tillögur til heilbrigðismálaráðs og ráðherra um samræmingu þjónustu heilsugæslustöðvanna, þ. á m. um þá þjónustu, sem ekki er talið nauðsynlegt að veita á öllum stöðvum, heldur á einni eða fleiri stöðvum, og hvar henni skuli þá komið fyrir. Samstarfsráð gerir með sama hætti tillögur um skipan vaktþjónustu heilsugæslustöðvanna.

2. gr.

Rekin skal ein sameiginleg skrifstofa fyrir heilsugæslustöðvar í Reykjavík, er annist fjármál og daglegan rekstur stöðvanna, undir stjórn framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til framkvæmdastjóra sjúkrahúsa, sbr. 29. og 30. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

3. gr.

Starfsmannaráð skal starfa við hverja heilsugæslustöð í Reykjavík og gildir um kjörgengi, kosningu og störf þeirra reglugerð nr. 413/1973, um starfsmannaráð sjúkrahúsa.

Starfsmannaráð heilsugæslustöðva hvers heilsugæsluumdæmis í Reykjavík kjósa einn aðalfulltrúa og einn til vara í stjórn heilsugæslustöðva hlutaðeigandi umdæmis. Framkvæmdastjóri sbr. 2. gr., sér um að kosningar í starfsmannaráð og kjör fulltrúa í stjórnir heilsugæslustöðva fari fram.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 75/1990, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heilsuverndarstarf í Reykjavík, skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1991. Stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur gerir í samráði við stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurlæknishéraði (samstarfsráð heilsugæslustöðvanna), tillögur um framtíðarhlutverk stöðvarinnar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu og í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík. Skipulag þessa efnis skal koma til framkvæmdar frá 1. janúar 1992. Meðan stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur starfar skal formaður hennar sitja í samstarfsráði skv. 1. gr. með sömu réttindi og aðrir fulltrúar.
2. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. koma til framkvæmdar þegar skipaðar verða stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík eftir sveitarstjórnarkosningar 1994, en aðalfulltrúi og varafulltrúi starfsmanna hefur þegar verið valinn í núsitjandi stjórn.
3. Samstarfsráð Heilsugæslustöðva í Reykjavík aðstoðar við tilflutning starfsmanna heilsugæslunnar í Reykjavík, sem skal að fullu lokið fyrir árslok 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. september 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa í náttúruverndarefnum.

2. gr.

Á Náttúruverndarþingi eigi sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2. Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarsamtök, er hlotið hafa viðurkenningu Náttúruverndarráðs: Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarfélag Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Vestfirsk náttúruverndarsamtök, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Landssamtökin Líf og land, Skotveiðifélag Íslands, Æðarræktarfélag Íslands, Ferðapjónusta bænda, Landssamband veiðifélaga, Landssamband stangveiðifélaga, Félag leiðsögumanna, Landfræðifélagið, Landvarðafélag Íslands, Landssamband hestamanna, Liffraðifélag Íslands, Jarðfræðafélag Íslands og Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd.
3. Þrjú fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði. Tveir fulltrúar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (einn frá líffræðiskor og annar frá jarðfræðiskor). Einn fulltrúi frá Félagi náttúrufræðinema við Háskóla Íslands.
4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5. Náttúruverndarráð, aðalmenn og varamenn.
6. Eftirtaldir embættismenn: Fulltrúi umhverfisráðuneytis, fulltrúi menntamálaráðuneytis, búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, fulltrúi frá Landsvirkjun, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, veiðistjóri, þjóðminjavörður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, vita- og hafnamálastjóri, forstöðumaður Vinnueftirlits ríkisins, rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, forstjóri Landmælinga Íslands og rafmagnsveitustjóri.

3. gr.

Náttúruverndarráð boðar til þings, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kys Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar umhverfisráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 456/1987 um Náttúruverndarþing.

Umhverfissráðuneytið, 18. september 1990.

Júlíus Sólnes.

Páll Líndal.

GJALDSKRÁ

vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 386/1989.

1. gr.

Gjöld fyrir vinnslu starfsleyfis og sérhæft eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna vinnslu starfsleyfa og sérhæfðs eftirlits með starfsleyfisskyldri starfsemi skv. greinum 3.6. og 8.2.1 í reglugerð nr. 386/1989, í samræmi við gjaldskrá þessa.

Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 í reglugerð nr. 386/1989 skal greiða gjald fyrir vinnslu starfsleyfis við veitingu starfsleyfis skv. 8. kafla reglugerðarinnar og árlegt gjald vegna sérhæfðs eftirlits skv. grein 3.5 í reglugerðinni, sem hér segir:

	Starfsleyfisvinnsla	Sérhæft eftirlit
1. flokkur	kr. 480 000	kr. 240 000
2. flokkur	kr. 85 000	kr. 60 000
3. flokkur	kr. 45 000	kr. 25 000
4. flokkur	kr. 12 000	kr. 10 000

2. gr.

Úttekt vegna starfsleyfisvinnslu.

Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaradilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið skorti, má samkvæmt gr. 8.2.5. í reglugerð nr. 386/1989 setja sem skilyrði að fram fari úttekt, það er athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda. Taki Hollustuvernd ríkisins þátt í að undirbúa, framkvæma eða hafa eftirlit með slíkri úttekt, það er athugunum, mælingum eða rannsóknum skv. þessari grein, skal umsækjandi greiða stofnuninni skv. gjaldskrá nr. 13/1990.

3. gr.

Forkönnun vegna staðarvals.

Samkvæmt gr. 8.2.6. í reglugerð nr. 386/1989 skal ef um er að ræða meiriháttar atvinnurekstur, t.d. þar sem fjárfesting er meiri en 600 milljónir króna miðað við byggingavísitölu 136, 1. apríl 1989, gera forkönnun vegna staðarvals, þar sem fram fari mat á umhverfisröskun vegna starfseminnar. Sama gildir, ef á takmörkuðu svæði á sér stað mikil uppbygging smærri fyrirtækja og Hollustuvernd ríkisins telur, að hætta sé á röskun lífríkis, eða óviðunandi mikilli mengun lofta, láða og lagar. Einnig skal, áður en starfsemin hefst, þegar fjárfesting í atvinnurekstri er meiri en 600 milljónir króna miðað við byggingavísitölu 136 til samanburðar við síðara ástand, framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem helst verða fyrir áhrifum af starfseminni. Rannsóknir og mat á umhverfisröskun fara fram á kostnað umsækjanda.

Taki Hollustuvernd ríkisins þátt í að undirbúa, framkvæma eða hafa eftirlit með forkönnun skv. þessari grein, skal umsækjandi greiða stofnuninni skv. gjaldskrá, er um ræðir í 2. gr.

4. gr.

Breyting á starfsleyfi.

Fyrir breytingu á starfsleyfi, sérstakar athuganir og aðra sérfræðiþjónustu skal greiða skv. gjaldskrá nr. 13/1990.

5. gr.

Úttekt vegna umhverfisvandamála.

Gefi eftirlit til kynna að um veruleg umhverfisvandamál sé að ræða, getur eftirlitsaðili krafist úttektar á kostnað hlutadeigandi aðila, samkvæmt reglugerð nr. 386/1989 gr. 3.6. Ágreiningi um nauðsyn slíkrar úttektar og/eða um kostnað má vísa til ráðherra eigi Hollustuvernd ríkisins hlut að máli.

Annist Hollustuvernd ríkisins úttektina skal greitt fyrir hana skv. gjaldskrá skv. 2. gr.

6. gr.

Ferða- og upphaldskostnaður.

Auk gjalds skv. 1. gr. er heimilt að innheimta gjald fyrir ferða- og upphaldskostnað vegna vinnslu starfsleyfis og sérhæfðs eftirlits.

7. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Umsækjanda ber að greiða starfsleyfisgjald, skv. 1. gr., áður en hann fær starfsleyfi afhent.

Gjaldddagi eftirlitsgjalda er 1. apríl og eindagi 1. maí. Heimilt er að innheimta dráttarvexti sé gjald ekki greitt á eindaga.

Fyrir árið 1990 er gjaldddagi eftirlitsgjalda 1. október og eindagi 1. nóvember. Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Frávik frá gjaldskrá.

Fari sérhæft eftirlit ekki fram samkvæmt því sem segir í lið 3.5.2 í reglugerð 386/1989 fellur gjaldtaka niður frá og með þeim tíma sem eftirlitið skyldi fara fram og til þess tíma er það hefst.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá nr. 216/1989.

Umhverfisráðuneytið, 19. september 1990.

Júlíus Sólnes.

Kristinn Sv. Helgason.

REGLUGERÐ**um breyting á mengunarvarnareglugerð nr. 386, 25. júlí 1989.**

1. gr.

Fyrirsögn viðauka 7 orðist svo:

Atvinnurekstur sem umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir.

2. gr.

Aftan við 26. lið í viðauka 7 koma tveir nýir liðir:

27. Sjóefnavinnsla.

28. Annar sambærilegur atvinnurekstur.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 18. september 1990.***Július Sólnes.**Páll Líndal.**GJALDSKRÁ****fyrir mengunareftirlit á Norðurlandssvæði eystra.**

1. gr.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 5. tl. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, 3. gr. 6. tl. og viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989, svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 9 000.

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefnda, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 sbr. 5. tl. 8. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 386/1989, er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000.

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar, sveitarstjórnnum í té eftirlitsskyld fyrirtæki. Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með lögtaki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 18. september 1990.

F. h. r.

Páll Líndal.Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Þingeyrarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Þingeyrarhrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Þingeyrarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 14.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri í samráði við oddvita hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boða hreppsnefndarfundi og ákveða jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar og sveitarstjóri semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri í samráði við oddvita ákveða að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti og sveitarstjóri telja nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundum hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveði sér hljóðs á hreppsnefndarfundum.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð annarra nefnda, ráða eða stjórna, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slíkt tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 2. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvita-störf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

50. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

52. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

53. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlök skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

54. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar, sem hefur í för með sér útgjöld, skal atíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

Hreppsnefnd kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Tveir aðalmenn, hreppstjóri sjálfkjörinn formaður, og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Hafnarstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. *Heilbrigðismálaráð*. Einn aðalmaður og annar til vara úr hópi stjórnar heilsugæslustöðvar skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
9. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

10. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
11. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.
12. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
13. Tveir *forðagæslumenn* og jafnmargir til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
14. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

56. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir, lausanefndir, til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI.

Um framkvæmdastjórn og starfslíð hreppsins.

57. gr.

Hreppnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppnefnd.

58. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er ædsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Hreppnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

59. gr.

Hreppnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennismæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 107,80.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,7 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast kr. 2 470,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) Fyrir mæla til og með ¾"	kr. 860,00
b) Fyrir mæla 1" til 2"	kr. 1 720,00
c) Fyrir mæla 3" eða stærri	kr. 3 440,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrar-tíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1 200,00

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³	kr. 137 500,00
Fyrir hús stærri en 400 m ³	kr. 137 500,00
að viðbættum	kr. 100,00

fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimædagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimædagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 12 800,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða kr. 2 470,00 fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að krefja notanda um greiðslu innheimtugjalds hafi komið til stöðvunar orkuafhendingar og skal gjaldið vera kr. 1 200,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en orkuafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar orkuafhendingar er hitaveitunni heimilt að krefja notandann um innheimtugjald vegna undirbúnings að stöðvun.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1990, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 621, 27. desember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 13. september 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Þingeyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að fasteignum innan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, samþykkir hreppsnefnd Þingeyrarhrepps að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal- og deiliskipulags fyrir Þingeyrarkauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT**um forkaupsrétt Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu
að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, samþykkir hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal- og deiliskipulags fyrir Suðureyrar-kauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ**um sérstök línu- og netasvæði suður og vestur af Reykjaneskaga.**

1. gr.

Frá og með 1. október 1990 til og með 31. desember 1990 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjaneskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30 N, 21°39 V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30 N, 21°39 V í punkt 63°40 N, 22°32 V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40 N, 22°32 V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. október 1990 til og með 31. janúar 1991, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan af 64°20 N.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1991 til og með 30. apríl 1991 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan 64°20 N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. september 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hjörtur Guðmundsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í októbermánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í septembermánuði 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,5%.
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,5%.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. september 1990.

F. h. r.
Gylfi Gautur Pétursson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin

1. stöðvunarskylda á Sævarhöfða og Rafstöðvarvegi gagnvart Bíldshöfða,
 2. biðskylda á þvergötum Gullteigs við Gullteig og á þvergötum Laugalæks við Laugalæk.
- Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1990.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna vinstri beygju af Eiríksgötu norður Snorrabraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1990.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við bifreiðastöðum á Tryggvagötu að sunnanverðu milli Ægisgötu og Norðurstígs.

Ákvörðun þessi tekur gildi 30. september 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1990.

Böðvar Bragason.

14. júní 1990

Nr. 379

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Súðavíkurbreppi.

1. gr.

Í Súðavíkurbreppi er óheimilt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Hreppsnefnd getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.

3. gr.

Allt búfjárhald og lausaganga búfjár án leyfis er bönnuð á svæðinu sem markast af Eyrardalsá að innan og að Sjónarhóli að utan. Hreppsnefnd er hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með búfé um þéttbýli (Súðavík) í hreppnum.

4. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við og haldið hreinum. Öll óhreinindi frá búfénu (tað o.þ.h.) skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss.

5. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur í meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri að beiðni hreppsnefndar hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins þannig að það valdi tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann af framangreindu, skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.

7. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

8. gr.

Þeir aðilar sem stunda sauðfjárbúskap innan þéttbýlis fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu undanþegnir kvöðum samkvæmt ákvæðum hennar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 44/1964, sbr. lög nr. 38/1980, um búfjárhald í kaupstöðum og kaupúnum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

AUGLÝSING**um staðfestingu á legu nýrrar brúar yfir Markarfljót
ásamt aðkomuvegum.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1990 staðfest skipulagsupprátt er sýnir legu nýrrar brúar yfir Markarfljót ásamt aðkomuvegum.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps og hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hafa samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1990

27. september 1990

1057

Nr. 381

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn,
nr. 242, 8. júní 1990.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskránni, er taki gildi 1. október 1990.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1%

Iðnaðarráðuneytið, 27. september 1990.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

27. september 1990

Nr. 382

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku,
nr. 438 22. september 1989 með síðari breytingum.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, sem öðlast gildi 1. október 1990.

Liður D1. Til hitunar á íbúðarhúsnaði.	Kr.
Orkugjald	2,55
Fastagjald	2 634,00

Liður D4. Til hitunar.	
Orkugjald	2,71
Fastagjald	2 634,00

Iðnaðarráðuneytið, 27. september 1990.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

B 76

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í septembermánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í október 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. september 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu háspennulínu (Búrfellslínu 3B) frá Hamranesi í Hafnarfirði að Sandskeiði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1990 staðfest skipulagsupprátt er sýnir legu háspennulínu (Búrfellslínu 3 B) frá Hamranesi í Hafnarfirði um Garðabæ, Reykjavík, Kópavog og Mosfellsbæ að Sandskeiði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, bæjarstjórn Garðabæjar, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogs og bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1990

30. september 1990

1059

Nr. 385

AUGLÝSING

um nýtt fylgiskjal með reglugerð nr. 64/1990 um (8.) breytingu á
reglugerð nr. 246/1982 með síðari breytingum um greiðslu
almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Með vísan til 3. gr. reglugerðar nr. 246/1982 með síðari breytingum skal nýtt fylgiskjal
taka gildi þegar í stað.

2. gr.

Auglýsing nr. 167/1990 er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

Fylgiskjal

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/G/ML	NVNR
ABBOTICIN	SH-TFL	250 MG	24		072934
ACINIL	TÖFLUR	200 MG	60		089839
ACINIL	TÖFLUR	200 MG	100		089847
ACINIL	TÖFLUR	400 MG	60		089862
ACINIL	TÖFLUR	400 MG	100		066118
AEROPAX	HYLKI		100		439141
AMILIN (TORO)	TÖFLUR	10 MG	100		080572
AMILIN (TORO)	TÖFLUR	25 MG	50		080580
AMILIN (TORO)	TÖFLUR	25 MG	100		080598
AMOXICILLIN	HYLKI	250 MG	15		469676
AMOXICILLIN	HYLKI	375 MG	15		469759
AMOXICILLIN	HYLKI	500 MG	15		469825
AMOXIL	MIXTÚRUD	50 MG/ML	80	ML	192278
APURIN	TÖFLUR	100 MG	100		197186
ARTANE	TÖFLUR	2 MG	100		196972
ARTANE	TÖFLUR	5 MG	100		196964
ASEPIN (TORO)	TÖFLUR	0.125 MG	30		124131
ASEPIN (TORO)	TÖFLUR	0.25 MG	10		403212
ASEPIN (TORO)	TÖFLUR	0.25 MG	30		403220
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	150 MG	18		180349
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	150 MG	60		107607
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	150 MG	120		107615

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/G/ML	NVNR
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	300 MG	20		048991
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	300 MG	100		049015
ATAMIR	HYLKI	250 MG	50		015883
ATENOLOL	TÖFLUR	50 MG	30		470757
ATENOLOL	TÖFLUR	50 MG	100		470765
ATENOLOL	TÖFLUR	100 MG	30		470773
ATENOLOL	TÖFLUR	100 MG	100		470781
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	25 MG	100		409631
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	30		087262
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	100		087270
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	30		087288
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	100		087296
BACLOFEN	TÖFLUR	10 MG	50		469643
BACLOFEN	TÖFLUR	25 MG	50		469668
BALANCID	TUGGUTFL		30		507608
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	2 MG	50		060061
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	2 MG	100		060079
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	5 MG	50		060087
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	5 MG	100		060095
BETASEL (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	100		081547
BETASEL (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	100		081554
BETNOVAT	KREM	1 MG/G	30	G	008086
BETNOVAT	KREM	1 MG/G	50	G	008094
BETNOVAT	LAUSN	1 MG/G	30	ML	008243
BETNOVAT	LAUSN	1 MG/G	100	ML	008326
BETNOVAT	SMYRSLI	1 MG/G	30	G	008383
BETNOVAT	SMYRSLI	1 MG/G	50	G	008458
BROMERGIN (TORO)	TÖFLUR	2.5 MG	30		485235
BROMERGIN (TORO)	TÖFLUR	2.5 MG	100		403402
CALCIPEN	MIXTÚRUD	50 MG/ML	100	ML	009894
CALCIPEN	MIXTÚRUD	50 MG/ML	200	ML	009910
CALCIPEN	TÖFLUR	200 MG	20		100974
CALCIPEN	TÖFLUR	333 MG	10		100982
CALCIPEN	TÖFLUR	333 MG	20		100990
CALCIPEN	TÖFLUR	333 MG	30		504217
CARDOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	100		077974
CARDOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	100		077982
CIMETIDIN (DELTA)	TÖFLUR	400 MG	50		066480
CIMETIDIN (DELTA)	TÖFLUR	400 MG	100		066498
DAREN (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	30		497289
DAREN (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	100		497297
DAREN (DELTA)	TÖFLUR	20 MG	30		497305
DAREN (DELTA)	TÖFLUR	20 MG	100		497313
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	100		450809
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	30		450825
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	100		450833
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	2 MG	50		002469
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	2 MG	100		002477
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	20		195560
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	50		195628
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	100		195701
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	2 MG	50		539841
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	2 MG	100		539858
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	5 MG	20		168344
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	5 MG	50		168476
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	5 MG	100		168526
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	2 MG	50		539643

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/G/ML	NVNR
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	2 MG	100		539650
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	5 MG	20		539676
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	5 MG	50		539684
DIENOESTROL	SK-STIL	0.5 MG	20		411637
DIFLONID	TÖFLUR	250 MG	20		020446
DIFLONID	TÖFLUR	250 MG	50		192088
DIFLONID	TÖFLUR	500 MG	20		087668
DIFLONID	TÖFLUR	500 MG	100		066456
DILANGIN (TORO)	TÖFLUR	30 MG	30		017970
DONOBID	TÖFLUR	250 MG	100		020990
DOPAMET	TÖFLUR	250 MG	30		590638
DOPAMET	TÖFLUR	500 MG	100		590976
DOXYCYKLIN (DELTA)	HYLKI	100 MG	10		066464
DOXYCYKLIN (DELTA)	HYLKI	100 MG	30		066472
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	10		173492
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	100		173559
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	10		131987
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	30		131995
DUPHALAC	MIXTÚRA	667 MG/ML	100	ML	538348
DUPHALAC	MIXTÚRA	667 MG/ML	1000	ML	019828
DUROFERON DURETTER	FORDATFL		250		020024
ELYZOL	SK-STIL	500 MG	6		466359
ELYZOL	TÖFLUR	250 MG	12		466334
ELYZOL	TÖFLUR	250 MG	24		466342
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	4		430686
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	8		430694
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	30		511444
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	100		128967
ENTRYDIL	TÖFLUR	120 MG	100		441238
ENTRYDIL	TÖFLUR	60 MG	100		441071
ERY-MAX	MIXT.KYR	40 MG/ML	100	ML	019224
ERY-MAX	MIXT.KYR	40 MG/ML	200	ML	019430
ERY-MAX	SH-HYLKI	250 MG	20		019232
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	250 MG	30		456996
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	250 MG	40		480715
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	250 MG	100		457010
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	500 MG	20		457093
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	500 MG	30		457085
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	500 MG	100		457101
EUSAPRIM	MIXTÚRA	8+40 MG/ML	100	ML	124388
FENOXCILLIN	MIXTÚRA	50.000 AE/ML	90	ML	184457
FENOXCILLIN	MIXTÚRA	50.000 AE/ML	120	ML	184440
FLEMOXIN	MIXTÚRUD	50 MG/ML	100	ML	054130
FURIX	TÖFLUR	40 MG	25		122739
FURIX	TÖFLUR	40 MG	50		122747
FURIX	TÖFLUR	40 MG	100		122754
FURIX	TÖFLUR	40 MG	250		122762
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	150 MG	20		132183
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	150 MG	50		132209
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	150 MG	100		132217
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	300 MG	30		403717
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	300 MG	100		463885
GEANGIN	TÖFLUR	40 MG	30		082354
GEANGIN	TÖFLUR	80 MG	30		082370
GELAT M.SILIK.APP.BR.(LR)	MIXTÚRA		600	ML	550780
GELAT M.SILIKATI (LR)	MIXTÚRA		600	ML	550749

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/G/ML	NVNR
GLOBENTYL	TÖFLUR	500 MG	20		594085
GLOBENTYL	TÖFLUR	500 MG	100		594093
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	0.5 MG	100		104331
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	1 MG	100		104349
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	4 MG	100		077909
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	20 MG	100		109686
HYDROKORTISON (DELTA)	KREM	10 MG/G	20	G	087338
HYDROKORTISON (DELTA)	SMYRSLI	10 MG/G	20	G	087346
HYDROKORTISON AKV.(DELTA)	KREM	10 MG/G	20	G	089623
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	200 MG	20		463778
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	200 MG	100		081513
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	400 MG	30		181289
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	400 MG	100		081539
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	600 MG	30		181396
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	600 MG	100		181404
IBUPROFEN	TÖFLUR	400 MG	100		450700
IBUPROFEN	TÖFLUR	600 MG	100		450718
INDERAL	TÖFLUR	10 MG	50		179614
INDERAL	TÖFLUR	40 MG	50		179598
INDERAL	TÖFLUR	40 MG	200		533232
INDERAL	TÖFLUR	80 MG	100		033688
INDERAL	TÖFLUR	160 MG	50		407619
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	50 MG	10		403410
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	50 MG	50		403428
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	100 MG	10		403436
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	100 MG	50		403485
INDOMETASIN (DELTA)	HYLKI	25 MG	30		535161
INDOMETASIN (DELTA)	HYLKI	25 MG	50		535179
INDOMETHACIN	HYLKI	25 MG	100		409763
INDOMETHACIN	HYLKI	50 MG	100		409912
ISORDIL	TUNGUR.T	5 MG	100		066506
ISORDIL	TÖFLUR	10 MG	100		066514
ISORDIL	TÖFLUR	30 MG	100		066522
JARNGLUKONAT (LR)	TÖFLUR	300 MG	50		550483
JARNGLUKONAT (LR)	TÖFLUR	300 MG	100		550491
KAAVEPININ	TÖFLUR	500 MG	30		426601
KALEORID	FORDATFL	750 MG	250		037853
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	50		071118
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	100		071126
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	250		447953
KLORDIAZEPOXID (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	30		059667
KLORDIAZEPOXID (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	50		059691
KLORDIAZEPOXID (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	30		060012
KLORDIAZEPOXID (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	50		060020
KLORDIAZEPOXID (LR)	TÖFLUR	5 MG	30		104356
KLORDIAZEPOXID (LR)	TÖFLUR	5 MG	50		104364
KLORDIAZEPOXID (LR)	TÖFLUR	10 MG	30		066134
KLORDIAZEPOXID (LR)	TÖFLUR	10 MG	50		066142
KORZEM (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	100		431205
KORZEM (DELTA)	TÖFLUR	60 MG	30		447896
KORZEM-R (DELTA)	FORDATFL	120 MG	30		557561
KORZEM-R (DELTA)	FORDATFL	120 MG	100		557603
LAKTULOSA (DELTA)	MIXTÚRA	667 MG/ML	500	ML	520585
LAKTULOSA (TORO)	MIXTÚRA	667 MG/ML	500	ML	088054
LANOXIN	TÖFLUR	0.25 MG	100		035865
LANOXIN-PG	TÖFLUR	62.5 MCG	100		580381

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/G/ML	NVNR
MAGNYL (RAPO)	TÖFLUR	500 MG	50		166850
MASTERIN (TORO)	TÖFLUR	1 MG	100		109637
METOPRIM (LR)	TÖFLUR	100 MG	30		073288
METOPRIM (LR)	TÖFLUR	100 MG	100		073296
METYLDOPA (DELTA)	TÖFLUR	250 MG	100		530261
MIANSIN (LR)	TÖFLUR	10 MG	100		491985
MIANSIN (LR)	TÖFLUR	30 MG	50		491993
MIANSIN (LR)	TÖFLUR	30 MG	100		492009
MILDISON	KREM	10 MG/G	30	G	170191
MONISTAT	SK-KREM	20 MG/G	78	G	022400
NAPROXEN (LR)	EP-STIL	500 MG	5		145615
NAPROXEN (LR)	EP-STIL	500 MG	25		145623
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	250 MG	50		550384
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	250 MG	100		550459
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	20		109645
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	50		109652
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	100		109660
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	250 MG	50		539999
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	250 MG	100		540914
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	20		077990
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	50		078006
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	100		078014
NEBACETIN	SMYRSLI		20	G	172304
NIFEDIPINE	HYLKI	10 MG	100		059899
NIFEDIPINE	HYLKI	10 MG	250		059915
NUELIN RETARD	FORDATFL	250 MG	100		084293
OPTIMOL	AUGNDR	2.5 MG/ML	5	ML	110072
OPTIMOL	AUGNDR	5 MG/ML	5	ML	110080
PACISYN	TÖFLUR	5 MG	20		169748
PACISYN	TÖFLUR	5 MG	50		169730
PARZAN (DELTA)	TÖFLUR		30		031401
PARZAN (DELTA)	TÖFLUR		50		031435
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	20		457127
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	50		457135
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	100		457143
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.5 MG	20		457150
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.5 MG	50		457192
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.5 MG	100		457218
PEKTOLIN (DELTA)	MIXTÚRA		100	ML	524843
PRAZAC	TÖFLUR	2 MG	100		528828
PRAZAC	TÖFLUR	5 MG	100		528836
PRAZAC	TÖFLUR	1 MG	30		528794
PRAZAC	TÖFLUR	1 MG	100		528802
PRIMAZOL (LR)	MIXTÚRA	8+40 MG/ML	100	ML	181131
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	20		534537
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	30		062711
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	100		534552
PRIMAZOL STERKAR (LR)	TÖFLUR	160+800 MG	10		433722
PRIMAZOL STERKAR (LR)	TÖFLUR	160+800 MG	50		433748
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	50		530212
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	40 MG	50		509356
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	40 MG	100		509364
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	80 MG	100		509380
RETAFER	FORDATFL	100 MG	100		183160
SALBUTAMOL	INNUDAL	0.1 MG/SK	200	SK	158733
SLOW-K	FORDATFL	600 MG	100		496778

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/G/ML	NVNR
SLOW-K	FORÐATFL	600 MG	500		424192
SOBRIL	TÖFLUR	15 MG	25		400432
SOBRIL	TÖFLUR	15 MG	100		400424
SORBITRATE	TÖFLUR	20 MG	100		092429
SPARKAL	TÖFLUR	5+50 MG	30		090076
SPARKAL	TÖFLUR	5+50 MG	100		090084
SPARKAL MITE	TÖFLUR	2.5+25 MG	30		090100
SPARKAL MITE	TÖFLUR	2.5+25 MG	100		090118
SPASMERIN (DELTA)	TÖFLUR	135 MG	25		473330
SPASMERIN (DELTA)	TÖFLUR	135 MG	50		473348
SPASMERIN (DELTA)	TÖFLUR	135 MG	100		473371
SPASMERIN (TORO)	TÖFLUR	135 MG	50		017699
SPASMERIN (TORO)	TÖFLUR	135 MG	100		017715
SPIRIX	TÖFLUR	25 MG	40		123232
SPIRIX	TÖFLUR	25 MG	100		123240
SPIRIX	TÖFLUR	100 MG	30		525899
SPIRIX	TÖFLUR	100 MG	100		525907
SPIRIX	TÖFLUR	50 MG	30		103127
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	250 MG	30		438903
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	250 MG	50		119784
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	250 MG	100		119792
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	30		438937
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	50		120089
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	100		120147
STESOLID	TÖFLUR	2 MG	25		160291
SUKRAL (TORO)	TÖFLUR	1 G	60		037424
SUKRAL (TORO)	TÖFLUR	1 G	120		037457
TAMOFEN	TÖFLUR	10 MG	30		165266
TAMOXIFEN	TÖFLUR	10 MG	100		412825
TAMOXIFEN	TÖFLUR	20 MG	30		412833
TAMOXIFEN	TÖFLUR	20 MG	100		412924
TAMOXIFEN	TÖFLUR	40 MG	30		023184
TAMOXIFEN	TÖFLUR	40 MG	100		023192
TITRALAC	TÖFLUR		100		424580
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.125 MG	10		408658
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.125 MG	30		408674
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	10		408708
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	30		408716
TRUXAL	TÖFLUR	50 MG	50		155408
TRUXAL	TÖFLUR	50 MG	100		155390
VERAPAMIL	TÖFLUR	40 MG	100		128173
VERAPAMIL	TÖFLUR	80 MG	100		135319
VERAPAMIL	TÖFLUR	120 MG	100		128835
VI-SIBLIN	KYRNI	610 MG/G	250	G	035055
VI-SIBLIN S	KYRNI	880 MG/G	250	G	191056
VISCOLYT	TÖFLUR	8 MG	50		013946
VISCOLYT	TÖFLUR	8 MG	100		013953
VISLOC	TÖFLUR	5 MG	30		189167
VISLOC	TÖFLUR	5 MG	100		189563
VISLOC	TÖFLUR	10 MG	30		189613
VISLOC	TÖFLUR	10 MG	100		189696
VISLOC	TÖFLUR	15 MG	30		189076
VISLOC	TÖFLUR	15 MG	100		189118
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	25 MG	30		181479
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	25 MG	100		181511
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	50 MG	30		037176
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	50 MG	100		037192

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Stöðvarhrepps nr. 548/1987.

1. gr.

56. gr. B. liður orðist svo:

Til fjögurra ára: Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum.

1. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyri áfengisvarnir sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969, barnavernd sbr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, félagshjálp, fjárhagsaðstoð og öldrunarmál sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra, málefni fatlaðra sbr. lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, öll með síðari breytingum.

2. *Byggingarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Verði stofnuð svæðisbyggingarnefnd kys hreppsnefnd einn aðalmann og einn varamann í hana eða á annan hátt eftir samkomulagi aðildarhreppa.

3. *Hafnarstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

4. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi og annar til vara í nefndina í Fáskrúðsfjarðarlæknishéraði skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

6. *Fræðslumálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyri málefni grunnskóla sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla með síðari breytingum, málefni tónlistarskóla sbr. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla með síðari breytingum og málefni leikskóla sbr. lög nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn með síðari breytingum.

7. *Stjórn heilsugæslustöðvar Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sbr. 6. gr. laga nr. 87/1989.

8. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. f. lið 3. gr. laga nr. 70/1990 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

9. *Tveir forðagæslumenn* og jafnmargir til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.

10. Tilnefning eins *úttektarmanns* og tveggja til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. (Hreppstjóri sjálfkjörinn).

11. *Umhverfis- og umferðarmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyri umhverfismál, landgræðsla, skógrækt, sorphreinsunar- og heilbrigðismál og umferðarmál sbr. umferðarlög. Einn aðalmaður og einn varamaður nefndarinnar eru jafnframt fulltrúar sveitarfélagsins í heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs, sbr. 4. tölulið þessarar greinar.

2. gr.

57. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum eða samkvæmt ákvæðum um verksvið, sem út skulu gefin í skipunarbréfi til þeirra. Umboð til starfa fellur niður í lok hvers kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni er lokið.

Við ákvörðun um skipan starfsnefnda skal skýrt afmarkað nafn þeirra, verksvið og fjöldi nefndarmanna. Þær nefndir sem gert er ráð fyrir að kjósa eru:

1. *Menningarmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyrir málefni bókasafns, söguritun, félagsheimili og önnur menningarmál er til hennar kann að verða vísað.

2. *Fjárhags- og allsherjarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana í samvinnu við sveitarstjóra og fjallar um þau mál önnur, sem sveitarstjórn kann að vísa til hennar.

3. *Atvinnumálanefnd.* Fimm fulltrúar. Nefndin skal fylgjast með atvinnulífi byggðarlagsins og gera úttekt á stöðu þess ár hvert. Hún leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku.

3. gr.

Samþykkt þessi er gerð af hreppsnefnd Stöðvarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1990.

F.h.r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Ellý Guðmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1990

5. október 1990

1067

Nr. 387

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 344/1989, um jöfnunargjald.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu 2. gr. reglugerðarinnar:
4902.1001, 4902.1009, 4902.9001 og 4902.9009.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 5. október 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

5. október 1990

Nr. 388

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 560/1989, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 18,80 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 20,55 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 6. október 1990.

Fjármálaráðuneytið, 5. október 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

MENGUNARVARNAREGLUGERÐ

1.0 KAFLI.

Gildissvið.

- 1.1. Reglugerð þessi nær til allrar mengunar ytra umhverfis, svo og allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér slíka mengun. Undanþegin er þó starfsemi og framkvæmd, sem fellur undir lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986, reglur um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu nr. 8/1971, reglur um varnir gegn olíumengun sjávar við olúbirgðastöðvar nr. 560/1982, reglugerð um öryggisrádstafanir gegn jónandi geislun nr. 356/1986, og lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum nr. 46/1981.

2.0 KAFLI

Skilgreiningar.

- 2.1. *Með ytra umhverfi* er átt við allt land, lög og loft utandyra og utan vinnustaða.
- 2.2. *Með fráveituvatni* er átt við vatn, sem veitt er í fráveitur. Fráveituvatn getur verið skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa og fleira.
- 2.3. *Með fráveitu* er átt við opnar eða lokaðar leiðslur, sem notaðar eru til að flytja fráveituvatn, sem leitt er í ár, vötn, sjó eða jörð. Búnaður til meðhöndlunar fráveituvatns telst hluti fráveitu.
- 2.4. *Með ofanvatni* er átt við regnvatn og leysingarvatn, sem rennur í fráveitur af húspökum, götum, gangstéttum, og öðru þéttu yfirborði.
- 2.5. *Með skólpi* er átt við bæði húsaskólp og iðnaðarskólp eða blöndu af hvoru tveggja. Húsaskólp er fráveituvatn frá híbýlum manna, skrifstofum, veitingahúsum, skólum og öðru þvílíku. Iðnaðarskólp er fráveituvatn frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi.
- 2.6. *Með grófhreinsun* er átt við hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist eða öðrum búnaði, til að koma í veg fyrir útlitsmengun (sjónmengun). Stærð ristaropa skal ekki vera meiri en 20 mm.
- 2.7. *Með siturleiðslu* er átt við gataða leiðslu, sem lögð er í jörðu, til að dreifa fráveituvatni út í jarðveg.
- 2.8. *Með sigvatni* er átt við mengað vatn, sem kemur frá hvers konar starfsemi, og ekki er leitt í fráveitu. Ennfremur vatn, sem rennur frá úrgangi eða gegnum hann.
- 2.9. *Með einni persónueiningu* er átt við þau lífrænu efni og næringarsölt, sem einn einstaklingur skilar að meðaltali frá sér á sólarhring, eða jafngildi þeirra.
- 2.10. Helstu gerðir úrgangs skilgreinast á eftirfarandi hátt:
 - 2.10.1. *Sorp* (neysluúrgangur).
Leifar, rusl og umbúðir, sem til falla við heimilishald. Einnig úrgangur, sem til fellur við aðra starfsemi og hefur svipaða eiginleika.
 - 2.10.2. *Framleiðsluúrgangur*.
Úrgangur, sem til fellur við framleiðslu verslun og þjónustu, svo sem pappír, timbur, gler o.fl.

- 2.10.3. *Salernisúrgangur.*
Allur úrgangur frá þurr- eða vatnssparandi salernum, sem ekki eru tengd við fráveitu.
- 2.10.4. *Ristarúrgangur.*
Úrgangur sem til fellur við grófhreinsun á fráveituvatni.
- 2.10.5. *Seyra.*
Fastur úrgangur úr fráveituvatni, annar en ristarúrgangur.
- 2.10.6. *Sérstakur úrgangur.*
Úrgangur, sem ekki verður meðhöndlaður á sama hátt og sorp, framleiðsluúrgangur eða salernisúrgangur, vegna umfangs, eðlis, eða vegna þess að hann getur valdið alvarlegri mengun og/eða hættu fyrir lífverur. Hættulegur efnaúrgangur skv. viðauka 4 flokkast undir sérstakan úrgang.
- 2.11. *Með ruslabíðu* er átt við ílát, sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við rusl og þess háttar.
- 2.12. *Með sorpiláti* er átt við ílát, sem sorpi er safnað í og síðan flutt í eða losað úr til brottflutnings til sorpmóttökustöðvar.
- 2.13. *Með móttökustöð* er átt við stað og aðstöðu, þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar, annarrar meðhöndlunar eða förgunar.
- 2.14. *Með úttektarrannsókn* er átt við viðamikla rannsókn eða langtímamælingu, venjulega bundna við stærra svæði, svo sem landsvæði, borg eða borgarhluta, eða rannsókn á yfirgripsmiklum þáttum mengunar, svo sem frá farartækjum, eða rannsókn á mengun er berst frá öðrum löndum.
- 2.15. *Með eftirlitsmælingu* er átt við stakar mælingar, sem framkvæmdar eru skv. fyrirmælum í starfsleyfum sbr. 8. kafla, eða í þeim tilgangi að kanna hvort settum reglum og viðmiðunarmörkum sé fylgt.
- 2.16. *Með strandsvæði* er átt við fjöruna ásamt 250 metra breiðu svæði út frá stórstraumsfjörumörkum.
- 2.17. *Með viðtaka* er átt við það svæði, sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir henni.
- 2.18. *Með þynningarsvæði* er átt við þann hluta í viðtaka, þar sem eftirlitsaðilar með reglugerð þessari samþykkja, að mengun megi vera yfir viðmiðunarmörkum.
- 2.19. *Með sérhæfðu eftirliti* er átt við eftirlit, með flókinni efnafræðilegri vinnslu, og meiriháttar iðnaði og starfssemi. Einnig annað eftirlit, sem sérstakan tækjabúnað, eða sérþekkingu þarf til að inna af hendi.
- 2.20. *Með ráðherra* er í reglugerð þessari átt við umhverfisráðherra.

3.0 KAFLI

Eftirlit.

- 3.1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Ef um sérhæft eftirlit er að ræða, vegna umfangs eða eðlis starfseminnar, annast þó mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins það samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerð þessari.
- 3.2. Eftirlitið nær til lofts, láðs og lagar, svo og búnaðar og allra aðstæðna, sem valdið geta mengun.
- 3.3. Eftirlitsaðili skal með ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingum örva aðgerðir, sem miða að því að hindra og/eða takmarka mengun.
- 3.4. Eftirlitsaðili skal hafa óhindraðan aðgang að svæðum og byggingum, þar sem mengunarhætta er til staðar, svo og að búnaði og tækjum, sem geta valdið mengun. Eftirlitsaðila skulu veittar allar upplýsingar, sem hann kallar eftir við rannsókn á mengunarhættu.

3.5. Sérhæft eftirlit með atvinnurekstri, sem ráðherra veitir starfsleyfi.

3.5.1. Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 er háður sérhæfðu eftirliti og skiptist í því sambandi í 4 flokka eins og fram kemur í viðauka 8. Eftirlit með almennum mengunarþáttum er eftir sem áður í höndum heilbrigðisnefnda.

3.5.2. Sérhæft eftirlit með starfsemi, sem upp er talin í viðauka 8 skal vera eftirfarandi:

Flokkur	Frestur fyrir fyrstu skoðun	Tíðni sérfræðiskoð. og minni mælingar	Nákvæmar mælingar
1.	6. mánuðir	Árlega	Þriðja hvert ár
2.	6. mánuðir	Þriðja hvert ár	Sjöta hvert ár
3.	1. ár	Fimmta hvert ár	Tiunda hvert ár
4.	1. ár	Fimmta hvert ár	Aldrei

3.5.3. Komi fram við eftirlit að ekki sé fylgt ákvæðum starfsleyfis, eða séu rökstuddar kvartanir tíðar vegna starfseminnar, má færa viðkomandi fyrirtæki upp um einn flokk.

Berist ekki rökstuddar kvartanir og sýni eftirlitið ekki umhverfisleg vandamál, má færa fyrirtækið niður um einn flokk.

3.6. Fyrirtæki sem upp eru talin í viðaukum 8 og 9, greiða árlegt eftirlitsgjald, sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins varðandi viðauka 8 og hlutaðeigandi svæðisnefndar um heilbrigðiseftirlit varðandi viðauka 9. Gjaldið skal standa straum af eftirlitinu.

Gefi eftirlitið til kynna að um veruleg umhverfisvandamál sé að ræða, getur eftirlitsaðili krafist úttektar á kostnað hlutaðeigandi reksturs. Ágreining um nauðsyn slíkrar úttektar og/eda um kostnað má vísa til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar eigi heilbrigðis-eftirlit sveitarfélaganna í hlut og til ráðherra náist ekki málamiðlun. Eigi Hollustuvernd ríkisins hlut að máli má vísa málinu til ráðherra.

3.7. Með sérstöku samkomulagi við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir, sem ráðherra staðfestir, getur Hollustuvernd ríkisins tekið að sér annað eftirlit en sérhæft á tilteknum eftirlitssvæðum með starfsemi, sem upp er talin í viðauka 9.

Á sama hátt getur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna tekið að sér sérhæft eftirlit með starfsemi, sem skráð er í viðauka 8.

4.0 KAFLI

Varnir gegn vatnsmengun.

4.1. Eigandi fráveitu skal farga fráveituvatni á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af, að röskun á lífríki og umhverfi verði sem minnst og að öðru leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

4.2. *Nýjar og endurbættar fráveitur.*

4.2.1. Heilbrigðisnefnd veitir samþykki fyrir nýjum og endurbættum fráveitum.

4.2.2. Sveitarstjórn skal senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar.

4.2.3. Í áætlun skulu m.a. koma fram upplýsingar um:

1. Svæðið sem fráveituvatni er veitt frá og að hve miklu leyti fráveitan kemur í stað eldri fráveita.
2. Fyrirhugað magn fráveituvatns, annars vegar frá íbúðabyggð og hinsvegar frá iðnaðarsvæðum, svo og um hvers konar iðnað er að ræða.
3. Fyrirhugaða hreinsun fráveituvatns, þ.á.m. sérstaka hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.

4. Fyrirhugaðan viðtaka fráveituvatnsins og með hvaða hætti fyrirhugað er að leiða út í viðtakann.
 5. Áætluð áhrif á viðtakann af völdum fráveituvatnsins
 6. Fyrirhugaða meðhöndlun ristarúrgangs og seyru frá hreinsivirkjum og fyrirhugaðan móttökustað.
 7. Hvenær áætlað er, að fráveitan verði tekin í notkun.
- 4.2.4. Heilbrigðisnefnd skal fá umsögn frá og hafa náð samráð við Hollustuvernd ríkisins, áður en samþykki er veitt fyrir fráveitum, sem flytja meiri mengunarefni en nemur 100 persónueiningum til ferskvatns, eða 1000 persónueiningum til sjávar.
- Ef leitt er frá tveim eða fleiri fráveitum út í viðtaka innan sama þynningarsvæðis skoðast það sem ein fráveita.
- 4.3. *Varnir gegn mengun í ám og vötnum.*
- 4.3.1. Sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld skulu við gerð svæða- og aðalskipulags í samráði við heilbrigðisnefnd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins, flokka vatnasvæði í eftirfarandi flokka, vegna varna gegn vatnsmengun.
Flokkur I. Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana, eða útivistar.
Flokkur II. Vötn, ár og læki, sem nýta má til afrennslis.
 - 4.3.2. Bannað er að leiða skólþ í ár og vötn, sem talin eru í flokki I í lið 4.3.1.
 - 4.3.3. Heilbrigðisnefnd getur þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfis-skyld skv. viðauka 7 veitt tímabundna undanþágu frá banni skv. 4.3.2., ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.
 - 4.3.4. Umsókn um undanþágu frá 4.3.2., ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga, sem sýna væntanleg umhverfisáhrif skal senda til heilbrigðisnefndar.
 - 4.3.5. Fráveituvatn einstakra íbúðarhúsa, eða sumarbústaða, er undanþegið rannsóknarskyldu, enda sé það leitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Aðeins má nota þær þrær, sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt.
 - 4.3.6. Allt húsakólþ skal leitt um rotþró, eða annan búnað með a.m.k. jafn góða hreinsihæfni, áður en það er leitt í ár og vötn.
 - 4.3.7. Virkni hreinsibúnaðar á fráveituvatn og dreifing í umhverfinu skal á hverjum tíma vera slík, að mengun í ám og vötnum utan þynningarsvæða sé innan viðmiðunarmarka, sem fram koma í viðauka 1 með reglugerð þessari.
 - 4.3.8. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, breytt viðmiðunarmörkum fyrir hámarksmengun af völdum þeirra efna, sem upp eru talin í viðauka 1 og fellt út eða bætt við efnum í þá viðaukaskrá.
- 4.4. *Varnir gegn mengun grunnvatns.*
- 4.4.1. Bannað er að menga grunnvatn með fráveituvatni og sigvatni.
 - 4.4.2. Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfis-skyld skv. viðauka 7 og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, þegar um stærri fráveitur er að ræða, veitt tímabundna undanþágu frá banni skv. 4.4.1.
 - 4.4.3. Umsókn um undanþágu frá 4.4.1., ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga, sem sýna væntanleg umhverfisáhrif skal senda til heilbrigðisnefndar.
 - 4.4.4. Fráveituvatn einstakra sumarbústaða eða íbúðarhúsa, sem ekki eru á lindarsvæðum, er undanþegið rannsóknarskyldu, enda sé það leitt um rotþró og siturleiðslu skv. reglum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

4.5. *Varnir gegn mengun strandsvæða.*

- 4.5.1. Allt skólp, sem leitt er til sjávar, skal leiða minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð, eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Sé um að ræða uppblandað skólp með hitaveitu- og/eða ofanvatni í hlutföllunum a.m.k. 1:5, sem leitt er um yfirfallsleiðslur nægir að leiða það út fyrir stórstraumsfjöruborð.
- 4.5.2. Sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld skulu við gerð svæða- og aðalskipulags að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins flokka strandsvæði í eftirfarandi flokka, vegna varna gegn sjávarmengun.
Flokkur I: Strandsvæði, mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.
Flokkur II: Önnur strandsvæði.
- 4.5.3. Bannað er að leiða skólp út í strandsvæði, sem heyra til flokki I, sbr. 4.5.2.
- 4.5.4. Heilbrigðisnefnd getur þegar um er að ræða starfsemi, sem ekki er starfsleyfis skyld skv. viðauka 7 veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum greina 4.5.1. og 4.5.3., þó með þeim takmörkunum, sem um getur í 4.2.4.
- 4.5.5. Umsókn um undanþágu frá 4.5.1. og/eða 4.5.3., ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga, er sýna væntanleg umhverfisáhrif fráveituvatnsins, skal senda til heilbrigðisnefndar.
- 4.5.6. Skólp, sem leitt er frá einstökum íbúðarhúsum eða sumarbústöðum er undanþegið rannsóknarskyldu enda sé það leitt um rotþró og siturleiðslu í samræmi við reglur Hollustuverndar ríkisins og fyrirmæli heilbrigðisnefndar.
- 4.5.7. Grófhreinsa skal allt skólp, sem leitt er í sjó.
- 4.5.8. Heilbrigðisnefnd getur þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfis skyld skv. viðauka 7, veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum 4.5.7., ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í 4.2.4.
- 4.5.9. Saurgerlamengun strandsjávar utan þynningarsvæða skal vera undir viðmiðunarmörkum, sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari.
- 4.5.10. Ráðherra setur í viðauka 2, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins fleiri viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun strandsjávar. Hollustuvernd ríkisins hefur við gerð þeirra tillagna samráð við Siglingamálastofnun ríkisins.

4.6. *Vatnsrannsóknir.*

- 4.6.1. Hollustuvernd ríkisins annast sérhæft eftirlit, sé ekki annað ákveðið skv. grein 3.7. og skipuleggur og hefur umsjón með úttektarrannsóknum á vatnsmengun.
- 4.6.2. Heilbrigðisnefnd framkvæmir, eða lætur framkvæma eftirlitsmælingar á fráveituvatni og viðtaka.
Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um sýnatöku og rannsókn miðað við magn fráveituvatns og mismunandi aðstæður.

4.7. *Núverandi fráveitur.*

- 4.7.1. Sveitarstjórn sendir upplýsingar til heilbrigðisnefndar um núverandi fráveitukerfi sveitarfélagsins og einkafráveitur. Sömu upplýsingar skulu sendar til Hollustuverndar ríkisins fyrir fráveitur, sem flytja meiri mengunarefni en um getur í 4.2.4.
- 4.7.2. Í upplýsingum skal koma fram:
 1. Hvar og með hvaða hætti fráveituvatn er leitt út í umhverfið.
 2. Magn fráveituvatns frá íbúðarbyggð og frá iðnaðarsvæðum, svo og hvers konar iðnaður það er, sem leiðir fráveituvatn í fráveitukerfið.

3. Hreinsun fráveituvatns, þ.á.m. sérstök hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.
4. Meðhöndlun og förgun á ristarúrgangi og seyru frá hreinsibúnaði.
5. Dreifing gerlamengunar í viðtaka.
- 4.7.3. Ef fráveita flytur meiri mengunarefni en um getur í 4.2.4. leggur Hollustuvernd ríkisins, að fengnum umsögnum sérfróðra aðila, mat á mengun í ljósi ofangreindra upplýsinga og skilar greinargerð um niðurstöður til viðkomandi heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar.
- 4.7.4. Telji Hollustuvernd ríkisins, eftir að hafa leitað álits umsagnaraðila að úrbóta sé þörf, skal stofnunin leita tillagna sveitarstjórnar um úrbætur, þar sem komi fram rökstuðningur og áætlun um tímaröð framkvæmdaliða.

5.0 KAFLI

Varnir gegn loftmengun.

- 5.1. Mengun andrúmslofts af völdum efna sem talin eru upp í viðauka 3 með reglugerð þessari, skal utan þynningarsvæðis vera undir viðmiðunarmörkum, sem þar eru upp talin.
- 5.2. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, felld út eða bætt við efnum í viðauka 3. Ráðherra getur einnig, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, breytt viðmiðunarmörkum sem sett hafa verið um hámarksmengun andrúmslofts sbr. viðauka 3.
- 5.3. Heilbrigðisnefnd getur takmarkað umferð og aðra starfsemi á ákveðnum svæðum um skemmiri tíma, ef hætta er talin á, að mengun fari yfir viðmiðunarmörk, sbr. 5.1. Einnig ef óþæginda gætir af völdum annarra efna, en þeirra sem talin eru upp í viðauka 3.
- 5.4. Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi, sem ekki er starfsleyfis skyld samkvæmt viðauka 7, sett reglur um brennslu, sem valdið getur skaða á umhverfi, gefið frá sér lykt eða reyk sem veldur óþægindum.
- 5.5. Dreifing útblásturslofts í umhverfinu og virkni hreinsibúnaðar skal á hverjum tíma vera slík, að mengun sé innan viðmiðunarmarkna sbr. 5.1.
 - 5.5.1. Húseigendur skulu sjá svo um, að reykur frá kynditækjum, o.s.frv. valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.
 - 5.5.2. Eigendur vélknúinna ökutækja eins og þau eru skilgreind í umferðarlögum skulu sjá um, að vélbúnaður sé þannig stilltur, að ekki valdi óþarfa reyk eða sótmyndun.
Mengun frá bifreiðum skal vera innan viðmiðunarmarkna samkvæmt viðauka 6. Við skoðun ökutækja skal kanna útblástur og reynist hann yfir viðmiðunarmörkum sbr. viðauka 6, skal gerð krafa um úrbætur.
Skoðun telst ekki fullgild fyrr en úr hefur verið bætt.
 - 5.5.3. Forráðamenn fyrirtækja og stofnana skulu sjá svo um, að reykur, ryk og hættulegar eða daunillar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.
- 5.7. *Loftrannsóknir.*
 - 5.7.1. Hollustuvernd ríkisins annast sérhæft eftirlit sé ekki annað ákveðið skv. grein 3.7. og skipuleggur og hefur umsjón með loftgæðarannsóknnum.
 - 5.7.2. Heilbrigðisnefnd framkvæmir, eða lætur framkvæma, reglubundnar eftirlitsmælingar á loftmengun. Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um sýnatöku og rannsóknir.
- 5.8. Skipulagsyfirlönd skulu við gerð svæða- og aðalskipulags hafa hliðsjón af loft- gæðarannsóknnum, sem framkvæmdar eru samkvæmt reglugerð þessari, svo og áliti eftirlitsaðila, sbr. einnig skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

6.0 KAFLI

Varnir gegn mengun af völdum úrgangs.6.1. *Meðferð úrgangs.*

- 6.1.1. Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt, að valdið geti skaða eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bílflök, skipsskrokka o.s.frv.
- 6.1.2. Forráðamenn verslana, bensín- og olíustöðva, söluturna, samkomustaða, orlofsbúða, tjaldstæða o.s.frv., skulu í samráði við heilbrigðisnefnd koma fyrir nægilegum fjölda ruslabiða og sjá um viðhald og tæmingu þeirra. Forráðamenn skulu einnig sjá um nauðsynlega hreinsun nálægs umhverfis.
- 6.1.3. Sveitarstjórn svo og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum, þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra, svo fremi þetta sé ekki öðrum falið sbr. 6.1.2.
- 6.1.4. Sveitarstjórn skal sjá um tæmingu sorpíláta og brottflutning sorpsins. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun á sorpi jafnt á heimilum, vinnustöðum o.þ.l. og á losunarstað.
- 6.1.5. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og brottflutning úrgangsins. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun þessa úrgangs.
- 6.1.6. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur skv. viðauka 4 með reglugerð þessari, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við eftirlitsaðila og í samræmi við reglur útgefnar skv. 6.2.7.
- 6.1.7. Rekstraráðilar húsnæðis eða svæða, þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til, sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremi ekki er í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt, sem kveður á um annað.
- 6.1.8. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess, að sá sem brotið hefur ákvæði greinar 6.1.1., skuli hreinsa upp eða greiða kostnað öðrum, sem verkið vinna. Þessu ákvæði má einnig beita gagnvart þeim, sem sjá um tæmingu ruslabiða og sorpíláta, hafi ónóg tæming leitt til þess að úrgangur hafi dreifst.

6.2. *Förgun úrgangs.*

- 6.2.1. Sveitarstjórn/sveitarstjórnir leggja til og sjá um rekin sé móttökustöð fyrir úrgang, sjá þó 6.2.6.
- 6.2.2. Sorp og framleiðsluúrgangur, sem ekki verður endurnýttur eða notaður á annan hátt, skal fluttur til móttökustöðva skv. 6.2.1.
- 6.2.3. Utan þéttbýlis getur heilbrigðisnefnd heimilað einkaaðilum förgun á sorpi, sem frá þeim kemur, enda leyfi aðstaður slíkt að mati nefndarinnar.
- 6.2.4. Ávallt skal leita leiða til að nýta sérstakan úrgang. Þann hluta, sem ekki verður nýttur skal, annan en hættulegan efnaúrgang, flytja til móttökustöðva skv. 6.2.1., sem Hollustuvernd ríkisins hefur sérstaklega viðurkennt til móttöku slíks úrgangs.
- 6.2.5. Salernisúrgangur, ristarúrgangur og seyra, sem ekki verða nýtt skal flutt til móttökustöðvar sem skv. 6.2.1. sem samþykkt er af heilbrigðisnefnd.
- 6.2.6. Hættulegan efnaúrgang skv. viðauka 4 með reglugerð þessari skal flytja til móttökustöðva, sem ráðherra samþykkir til móttöku slíks úrgangs að fengnum tillögum starfshóps skv. 6.3. Ráðherra getur þó, að tillögu Hollustuverndar ríkisins, veitt aðilum undanþágu frá þessu ákvæði, hvað einstök efni varðar.

- 6.2.7. Ráðherra gefur út reglur, að fengnum tillögum starfshóps skv. 6.3., um flutning meðferð, förgunaraðferð og förgunarstaði mismunandi tegunda hættulegs úrgangs. Reglur þessar birtast sem viðaukar með reglugerð þessari.
- 6.3. Ráðherra skipar 5 manna fastan starfshóp, sem í eiga sæti fulltrúar frá Hollustuvernd ríkisins, sem er formaður, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins. Starfshópurinn gerir tillögur til ráðherra um staðsetningu móttökustöðva skv. 6.2.6., svo og um aðstöðu, frágang og rekstur á móttökustöð.

Starfshópurinn gerir einnig tillögur til ráðherra um flutning, meðferð, förgunarstaði, förgunaraðferðir, o.fl. skv. 6.2.7.

7.0 KAFLI.

Varnir gegn hávaðamengun.

- 7.1. Mengun af völdum hávaða skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka 5 með reglugerð þessari, sbr. þó gr. 7.4.
- 7.2. Hávaðavarnir skulu á hverjum tíma vera slíkar, að mengun sé innan viðmiðunarmarkna skv. 7.1., sbr. þó 7.4. Stuðlað skal að hávaðavörnum m.a. á eftirfarandi hátt:
- 7.2.1. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða.
- 7.2.2. Eigendur vélknúinna ökutækja skulu sjá svo um, að farartæki þeirra valdi ekki óþarfa hávaða.
- 7.2.3. Við allar framkvæmdir, svo sem byggingar, gröft, gatnagerð o.fl. skal þess sérstaklega gætt, að ekki verði óþægindi af völdum hávaða.
- 7.3. Nú reynast hávaðavarnir ekki nægilegar, og gerir þá heilbrigðisnefnd tillögur til sveitarstjórnar t.d. um takmörkun umferðar og/eða starfsemi á ákveðnum tímum og svæðum. Þar á meðal takmörkun umferðar um tilteknar götur að kvöldlagi, um nætur, eða allan sólarhringinn eftir atvikum, til að halda hávaða innan viðmiðunarmarkna skv. 7.1.
- 7.4. Heilbrigðisnefnd getur vegna sérstakra óviðráðanlegra aðstæðna og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins leyft, að á ákveðnum afmörkuðum svæðum megi hávaði vera yfir viðmiðunarmörkum skv. 7.1.
- 7.5. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglur um mæliaðferðir og viðmiðunarmörk um hávaða frá ökutækjum, vinnuvélum o.þ.l. Reglurnar birtast sem viðauki með reglugerð þessari.
- 7.6 *Hávaðamælingar.*
- 7.6.1. Hollustuvernd ríkisins annast sérhæft eftirlit, sé ekki annað ákveðið skv. grein 3.7. og skipuleggur og hefur umsjón úttektarrannsókna á hávaða.
- 7.6.2. Heilbrigðisnefnd framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á hávaða. Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um mælingar.
- 7.7. Skipulagsyfirlönd skulu við gerð svæða- og aðalskipulags hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga svo og álit eftirlitsaðila skv. reglugerð þessari, sbr. einnig skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

8. KAFLI.

Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun.

- 8.1. *Atvinnurekstur, sem umhverfissráðherra veitir starfsleyfi.*
- 8.1.1. Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 með reglugerð þessari má ekki hefja fyrir en fengið er starfsleyfi ráðherra skv. ákvæðum 8.2., 8.3. og 8.4. þessa kafla.
 - 8.1.2. Eigi má breyta eða auka við atvinnurekstur skv. viðauka 7, ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
 - 8.1.3. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, sem leitar samráðs hlutadeigandi heilbrigðisnefndar, bætt við og fellt út atvinnurekstur í viðauka 7 og 9.
- 8.2. *Starfsleyfisumsóknir og vinnsla starfsleyfistillagna.*
- 8.2.1. Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar Hollustuvernd ríkisins. Umsækjendur greiða kostnað við starfsleyfisvinnsluna samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra gefur út.
 - 8.2.2. Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, byggingum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn, sem máli kunna að skipta.
 - 8.2.3. Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs og heilbrigðisnefndar. Einnig umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, eiturefnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins og annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.
 - 8.2.4. Áður en umsagnar heilbrigðisnefndar og Náttúruverndarráðs er leitað, skal liggja fyrir mat á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið. Það skal unnið á vegum Hollustuverndar ríkisins.
 - 8.2.5. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið skorti, má setja sem skilyrði að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda.
 - 8.2.6. Ef um er að ræða meiri háttar atvinnurekstur, t.d. þar sem fjárfesting er meiri en 600 milljónir miðað við byggingavísitölu 136, 1. apríl 1989, skal gera forkönnun vegna staðarvals, þar sem fram fari mat á umhverfissröskun vegna starfseminnar. Sama gildir, ef á takmörkuðu svæði á sér stað mikil uppbygging smærri fyrirtækja og Hollustuvernd ríkisins telur, að hætta sé á röskun lífríkis, eða óviðunandi mikilli mengun lofts, láðs eða lagar. Einnig skal, áður en starfsemi hefst, þegar fjárfesting í atvinnurekstri er meiri en 600 milljónir miðað við byggingavísitölu 136 til samanburðar við síðara ástand, framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem helst verða fyrir áhrifum af starfseminni. Rannsóknir og mat á umhverfissröskun er á kostnað umsækjanda.
- 8.3. *Réttur til athugasemda.*
- 8.3.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna sbr. gr. 8.2.5. og 8.2.6. getur hann leitað úrskurðar ráðherra.
 - 8.3.2. Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum, sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. 8.3.3. Skal auglýsing þess efnis birt í Lögbirtingablaðinu. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru fyrst kynntar. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur, ef sérstakar ástæður mæla með því.

8.3.3. Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis, sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir, sem málið varðar.

8.3.4. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið og lætur í ljós álit. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, úrskurðar ráðherra ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar, áfram til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. lögum nr. 81/1988.

8.4. *Veiting starfsleyfa.*

- 8.4.1. Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. 8.3.
- 8.4.2. Starfsleyfi sem ráðuneytið gefur úr skv. reglugerð þessari, skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.
- 8.4.3. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi við ákveðinn tíma.

8.5. *Annar atvinnurekstur.*

- 8.5.1. Annar atvinnurekstur sem valdið getur mengun og er upp talinn í viðauka 9 er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- 8.5.2. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar fyrir þessa starfsemi, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

9.0 KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

- 9.1. Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer skv. ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
- 9.2. Atvinnurekstur, sem fellur undir viðauka 7 og ekki er með tilskilin leyfi ráðherra, skal stöðvaður að kröfu ráðherra að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins. Framkvæmd stöðvunar er í höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar sbr. 27. gr. laga nr. 81/1988 en á ábyrgð ráðherra.
- 9.3. Ef aðili sinnir ekki fyrirælum heilbrigðisnefndar innan tiltekens frests, getur hún ákveðið honum dagesktir allt að kr. 100.000,00 á dag, þar til úr er bætt.
- 9.4. Til að auka innsöfnun á hættulegum úrgangi skv. lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, getur ráðherra að fengnum tillögum eiturefnanefndar, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs, ákveðið gjald á vöru, er verður fyrirsjáanlega að hættulegum úrgangi.
- 9.5. Reglugerð þessi er sett skv. 3. grein laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma reglugerðir nr. 154/1990, nr. 263/1990 og 368/1990, sbr. lög nr. 47/1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfandi atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðauka 7 og ekki hefur við gildistöku reglugerðar þessarar gilt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 390/1985, eða hefur þegar sótt um í

- samræmi við þá reglugerð, skal sækja um starfsleyfi í samræmi við reglugerð þessa fyrir 1. janúar 1991. Sama gildir um atvinnurekstur skv. viðauka 9, sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi.
2. Þegar í stað skal hefjast handa við gerð leiðbeininga í samræmi við grein 8.5.2. Ráðherra skipar í því skyni starfshóp, sem gerir tillögur að mörkum fyrir leyfilega mengun í útblæstri og fráveituvatni, skorsteinshæð miðað við mismunandi aðstæður, kröfur til mengunarvarnabúnaðar o. fl.
 3. Gildistöku 2. liðar í viðauka 6 í reglugerð nr. 386/1989 er frestað til 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 28. september 1990.

Júlíus Sólnes.

Kristinn Sv. Helgason.

VIÐAUKI 1.

Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun í ám og vötnum.

- A.** *Við útrásir, þar sem fráveituvatn er leitt í ár og vötn, sem nýta má sem viðtaka má hvergi vera:*

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit, eða gruggi.

- B.** *Í ám og vötnum utan þynningarsvæðis skal eftirfarandi gilda:*

Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2°C

Súrefnismettun, lágmark: 70%

Má aldrei fara undir 6 mg O₂/l

50% af tímanum yfir 9 mg O₂/l

Sýrustig, pH: 6 - 9

Hámarksbreyting vegna frárennslis: 0,5

Ammoníak, NH₃: Mínna en 0.025 mg/l

Súrefnisnotkun BOD₅: Hæst 4 mg O₂/l

HOCl: Hæst 0.004 mg/l

Olíur og fitur: Olíubrúk má ekki sjást.

Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

VIÐAUKI 2.

Viðmiðunarmörk fyrir hámarksgerlamengun við strendur og voga vegna holræsaútrása.

1. Fjöldi saurgerla, E-coligerlar eða streptokokkar, skal utan þynningarsvæðis í a.m.k. 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni.
2. Þar sem útivistarsvæði eru við fjörur, ellegar matvælaíðnaður í grennd, skal utan þynningarsvæðis fjöldi saurgerla, E-coligerlar eða streptokokkar, í a.m.k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni.

VIÐAUKI 3.
Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun andrúmslofts.

Efni	Viðmiðunartími	Meðaltal
Brennisteinstvíldi (SO ₂)	Sólarhringur Ár	50 µg/m ³ 30 µg/m ³
Köfnunarefnistvíldi (NO ₂)	Sólarhringur Ár	100 µg/m ³ 30 µg/m ³
Kolsýrlingur (CO)	Ein klst. Átta klst.	25 mg/m ³ 10 mg/m ³
Svifryk P < 10 um	Sólarhringur Ár	100 µg/m ³ 40 µg/m ³
Fallryk, óvatnsleysanlegt	Mánuður	10 g/m ²

Hæri gildi leyfileg í 5% tilfella, þegar viðmiðunartími er mánuður, eða skemmri.

VIÐAUKI 4.
HÆTTULEGUR EFNAÚRGANGUR.

1. *Olíuúrgangur.*

Dæmi:

- 1.1. Smurolía, smurfeiti, vökvaolía, spennaolía, hráolía, svartolía, tjara og þess háttar úrgangur, svo og úrgangur mengaður þess háttar olíum.
- 1.2. Olíuþeytur, t.d. frá málmíðnaði svo sem bor- og sögunarolíur.
- 1.3. Olíuúrgangur (sori) frá hreinsun geyma, olíugíldrum olíumóttöku í höfnum o.fl.
- 1.4. Olía, sem hreinsuð hefur verið upp eftir olíuslys, olíumenguð síuefni, sem notuð hafa verið t.d. við hreinsun stranda og olíu úr sjó, mikið olíumengaður jarðvegur o.fl.

2. *Lífrænn leysiefnaúrgangur.*

- 2.1. Leysiefni, sem innihalda halógen (F, Cl, Br, I).

Dæmi:

- metýlenklóríð (díklórmetan)
- metýlklóróform (1,1,1.-tríklóretan)
- tríklóretýlen
- perklóretýlen

- 2.2. Leysiefni, sem ekki innihalda halógen.

Dæmi:

- iðnaðarbensín
- lacknafta (white sprit o.fl.)
- toluen
- xylen
- terpentína
- metanól (tréspiritus)
- isóprópanól
- bútanól
- aceton
- metýletýlketon (MEK)

- metýlísóbútylketon (MIBK)
- etýlacetat
- butýlacetat
- glýkól (etýlenglýkól)

Kælivökvi bifreiða með allt að 50% glýkól telst ekki hættulegur úrgangur.

3. *Annar lífrænn efnaúrgangur.*

Dæmi:

3.1. Fenól, formaldehyð, ísócyanöt.

3.2. Fastur fljótandi eða hálffastur úrgangur t.d. eimingarleifar og afgangar frá efnasmíði (syntese), efnahreinsunum, affitunarstöðvum, plastiðnaði, efnaiðnaði, o.fl., sem inniheldur eiturefni eða meira en 5% lífrænt bundinn brennistein eða halógen.

4. *Málningar- og lakkúrgangur frá málningarverksmiðjum, sprautuklefum og málningarverktökum.*

4.1. Fljótandi og duftkenndur úrgangur.

4.2. Fastir og hálffastir tví- eða fjölþátta málningar og lakkafangar, þar sem einn þáttur er í ofgnótt.

4.3. Fastir og hálffastir málningar- og lakkafangar, sem innihalda antimon, blý, kadmíum, kóbolt, kopar, króm, mangan, tin eða sambönd af ofangreindum málmmum.

5. *Límúrgangur frá verksmiðjum, verktökum og verkstæðum.*

Dæmi:

5.1. Allir fljótandi límafgangar nema einþáttalím, sem ekki inniheldur lífræn leysiefni.

5.2. Fastir og hálffastir tví- og fjölþátta límafgangar, þar sem einn þáttur er í ofgnótt.

5.3. Fastir og hálffastir límafgangar, sem innihalda fenól eða lífræn halógensambönd.

6. *Lútar og sýrur.*

Ef pH gildið fellur utan við sviðið 2 - 11,5.

Dæmi um sýrur:

- saltsýra
- saltpéturssýra
- brennisteinssýra
- flussýra
- fosfórsýra
- perklórsýra

Dæmi um lúta:

- natríumhýdroxíð (vítissóti)
- kalíumhýdroxíð (kalílútur)

7. *Úrgangur, sem inniheldur kadmíum eða kvikasilfur.*

Dæmi:

7.1. Rafhlöður, sem innihalda meira en 0.025% kvikasilfur eða kadmíum.

7.2. Óhreinsaðar umbúðir, sem innihalda kadmíumsambönd, kvikasilfur eða kvikasilfursambönd.

7.3. Málmblöndur, sem innihalda kadmíum.

7.4. Ryk og seyra, sem inniheldur kadmíum frá hreinsivirkjum í iðnaði.

7.5. Tæki og hlutir, sem innihalda kvikasilfur, svo sem sjálfvirkir rofar, hitamælar, þrýstímælar o.fl.

7.6. Úrgangur frá tannlæknastofum og þess háttar, sem inniheldur kvikasilfur.

7.7. Hjálparefni o.fl., sem innihalda kadmíum

8. *Úrgangur sem inniheldur antimon, arsenik, beryllíum, silfur, selen, kóbolt, króm, kopar, blý, mangan, nikkell, sink, tallíum eða vanadíum.*

Dæmi:

- 8.1. Úrgangur frá yfirborðsmeðhöndlun málma t.d. sinkhúðun.
 8.2. Úrgangur frá prent- og framköllunarstofum.
 8.3. Hvatar frá iðnaði, ryk og seyra frá hreinsivirkjum, sem inniheldur ofangreinda málma.
 8.4. Geymasýrur og annar úrgangur frá blýrafgeymum.
 8.5. Úrgangur, sem inniheldur króm frá sítunarverksmiðjum.

9. *Úrgangur, sem inniheldur cýaníð.*

10. *Úrgangur, sem inniheldur PCB.*

Dæmi:

- 10.1. Einangrunar- og kælivökvar, spenna- og þéttaolía (Askeral).

11. *Ýmis eiturefnaúrgangur.*

Dæmi:

- 11.1. Sveppaeitur, illgresiseitur, skordýraeitur, rotvarnarefni, sóttgreinsiefni og fúavarnarefni.
 11.2. Óhreinsuð flát, sem innihalda eiturefni.

12. *Asbetryk.*

Dæmi:

- 12.1. Ryk frá hreinsibúnaði á útblæstri frá sögun og slípun hemlaborða o.fl.

13. *Efnaúrgangur frá rannsóknarstofum, lyfjagerðum, lyfjaverslunum og sjúkrahúsum, o.fl.*

VIÐVÖRUN: Sýklaúrgangur má ekki flytja til móttökustöðva, heldur skal honum eytt sérstaklega.

VIÐAUKI 5.

Viðmiðunarmörk fyrir hámarkshávaða mælt sem A-veginn jafngildishávaði ($dB(A)_{Leq}$) frá umferð, fyrirtækjum og annarri starfsemi.

	Virka daga kl. 07 - 18	Kvöld kl. 18 - 23	Nótt kl. 23 - 07 og helgidaga
Iðnaðarsvæði	70	70	70
Blönduð byggð (verslun, þjónusta, smáíðnaður, íbúðarbyggð)	55	50	40
Hrein íbúðarbyggð	50	45	40
Sumarhúsabyggð	40	35	35

Mælingar skulu framkvæmdar í ca 1,5 m hæð, minnst 3,5 m frá vegg eða öðrum hlutum, sem endurkasta hljóði. Vindhraði skal ekki vera meiri en 5 m/sek.

Ef um er að ræða ríkjandi tón eða reglulega hávaðatoppa, skal lækka öll ofangreind mörk um 5 $dB(A)_{Leq}$.

VIÐAUKI 6.**Leyfilegt hámark mengunarefna í útblásturslofti bifreiða.**

1. Um útblástur frá fólksbifreiðum, frá og með árgerð 1992 og bíla sem eru fluttir inn til landsins frá og með 1.1. 1992, skulu gilda eftirfarandi mörk.

Miðað er við USA-75 prófanir.

Kolmónoxíð	CO	2,1 g/km
Kolvetni	CH	0,25 g/km
Köfnunarefnisoxíð	NOx	0,62 g/km
Ryk		0,124 g/km
Bensínufur		2,0 g/prófur

2. Um útblástur frá öðrum fólksbifreiðum skulu frá og með 1.1. 1990 gilda eftirfarandi mörk.

Miðað er við USA-73 prófanir.

Kolmónoxíð	CO	24,2 g/km
Kolvetni	CH	2,1 g/km
Köfnunarefnisoxíð	NOx	1,9 g/km

VIÐAUKI 7.**Atvinnurekstur, sem umhverfissráðherra gefur út starfsleyfi fyrir.**

1. Fiskimjölsverksmiðjur
2. Álframleiðsla
3. Áburðarframleiðsla
4. Sements- og kalkframleiðsla
5. Kísiljárnframleiðsla
6. Kísilmálmframleiðsla
7. Kísilframleiðsla
8. Cellulosa- og pappírsframleiðsla
9. Járn- og stálframleiðsla
10. Zink- og krómhúðun málma
11. Glerullar- og steinullarframleiðsla
12. Sútunarverksmiðjur
13. Ullarþvottastöðvar
14. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera
15. Meðhöndlun og eyðing á hættulegum úrgangi
16. Sorphaugar og sorpbrennslur
17. Sorpmóttaka, þjöppun og önnur meðhöndlun, compost o.fl.
18. Lím og málningarvöruframleiðsla
19. Hreinlætisvöruverksmiðjur
20. Plastframleiðsla
21. Olíumalar- og malbikunarstöðvar
22. Framleiðsla á mjóli og feiti úr sláturúrgangi
23. Birgðar- og afgreiðslustöðvar fyrir bensín og olíur með meira en 100 m³ geymslurými
24. Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m³ geymslurými (STP)
25. Lifrabræðsla
26. Fituhersla
27. Sjóefnavinnsla
28. Annar sambærilegur atvinnurekstur

VIÐAUKI 8.**Flokkun starfsleyfisskyldra fyrirtækja sem Hollustuvernd ríkisins hefur beint sérhæft eftirlit með.****1. Flokkur.**

Álframleiðsla
Framleiðsla á tilbúnum áburði
Sements- og kalkframleiðsla
Kísiljárnframleiðsla (SiFe)
Kísilmálmframleiðsla (Si)
Kísilframleiðsla (SiO₂)
Cellulosa- og pappírframleiðsla
Járn- og stálframleiðsla
Glerullar- og steinullarframleiðsla
Fiskeldisstöðvar, ef framleiðsla er meiri en 1000 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 100 tonn á ári og afrennsli í ferskvatn
Móttökustöðvar, sorphaugar og sorpbrennsla, ef þær þjóna fleiri en 50.000 einstaklingum.
Meðhöndlun og eyðing á hættulegum efnaúrgangi

2. Flokkur.

Fiskimjölsverksmiðjur, ef framleiðslugeta er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í þéttbýli
Fiskeldisstöðvar, ef framleiðslugeta er meiri en 200 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 20 tonn og afrennsli í ferskvatn.
Seiðaeldisstöðvar með meira en 350 þús seiðum og afrennsli í ferskvatn
Móttökustöðvar, sorphaugar og sorpbrennsla, ef þær þjóna fleiri en 10.000 einstaklingum

3. Flokkur.

Fiskimjölsverksmiðjur, ef framleiðsla er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í strjálbýli. Einnig minni verksmiðjur sem staðsettar eru í þéttbýli.
Yfirborðsmeðhöndlun á jární, stáli og öðrum málum.
Sútunarverksmiðjur
Olúmalar- og malbikunarstöðvar
Fiskeldisstöðvar, ef framleiðsla er meira en 100 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn.
Seiðaeldisstöðvar með meira en 150.000 seiði og afrennsli í ferskvatn.
Móttökustöðvar, sorphaugar og sorpbrennsla, sem þjóna fleiri en 2000 einstaklingum.
Ullarþvottastöðvar
Fituherstur
Birgðar og afgreiðslustöðvar fyrir olíur og bensín með meira en 100 m³ geymslurými.
Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m³ geymslurými (STP)
Lifrabræðslur
Framleiðsla á mjóli og feiti úr sláturúrgangi.

4. Flokkur.

Seiða- og fiskeldisstöðvar annað en um getur í 1-3
Lím- og málningarverksmiðjur
Hreinlætisvöruverksmiðjur
Plastframleiðsla
Olúmalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
Móttökustöðvar, sorphaugar og sorpbrennsla, annað en um getur í 1-3.

VIÐAUKI 9.**Listi yfir atvinnurekstur, sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi****1. Vinnsla úr járni og öðrum málmum.**

- 1.1. Málmsteypur
- 1.2. Stálsmiði og stálskipagerð
- 1.3. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur
- 1.4. Nagla- og skrúfuframleiðsla
- 1.5. Vélaframleiðsla
- 1.6. Blikksmiðjur
- 1.7. Vinnsla á málmum í raftækniðnaði t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði

2. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og líkum jarðefnum.

- 2.1. Steinnmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum
- 2.2. Steinsmiði
- 2.3. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
- 2.4. Leirmunaverkstæði

3. Efnaiðnaður.

- 3.1. Fyrirtæki sem geyma klórgas
- 3.2. Lakksprautun
- 3.3. Prentiðnaðarfyrirtæki
- 3.4. Efnalaugar
- 3.5. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
- 3.6. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
- 3.7. Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda
- 3.8. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað

4. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu.

- 4.1. Föðurstöðvar
- 4.2. Föðurblöndur
- 4.3. Gúmmívinnsla
- 4.4. Trésmíðaverkstæði
- 4.5. Sögunarmyllur
- 4.6. Fúavörn á timbri
- 4.7. Framleiðsla á spónaplötum límtré og þess háttar
- 4.8. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
- 4.9. Leðurvinnsla
- 4.10. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur
- 4.11. Litun og bleiking

5. Matvælavinnsla.

- 5.1. Sláturhús
- 5.2. Kjöttvinnsla
- 5.3. Niðursuðuverksmiðjur
- 5.4. Reykhús og reykofnar
- 5.5. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
- 5.6. Framleiðsla tilbúinna rétta
- 5.7. Heitloftspurrkun fiskafurða
- 5.8. Mjólkurstöðvar
- 5.9. Framleiðsla mjólkurdufts
- 5.10. Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
- 5.11. Kaffibrennsla
- 5.12. Smjörflíkisgerðir
- 5.13. Kartöfluvinnsla
- 5.14. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
- 5.15. Lauksteikingarverksmiðjur
- 5.16. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
- 5.17. Meðhöndlun, blöndun og mólun á korni
- 5.18. Kæli- og frystigeymslur

6. Búfjár og dýrahald.

- 6.1. Minnkabú
- 6.2. Refabú
- 6.3. Hænsna- og kjúklingabú
- 6.4. Svinabú
- 6.5. Kanínurækt og kanínuhald
- 6.6. Hestahald
- 6.7. Dýraspítalar
- 6.8. Hunda- og kattageymslur
- 6.9. Gæludýraverslanir

7. Starfssemi er snertir vélknúin farartæki.

- 7.1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
- 7.2. Flugvellir og flugbrautir
- 7.3. Bífreiðaverkstæði
- 7.4. Ryðvarnarverkstæði
- 7.5. Smurstöðvar
- 7.6. Bensínstöðvar
- 7.7. Vöruflugutningamiðstöðvar
- 7.8. Biðstöðvar leigubífreída
- 7.9. Bið- og endastöðvar strætisvagna

8. Ýmislegt.

- 8.1. Stórar spennistöðvar
- 8.2. Stórar vörugeymslur
- 8.3. Líkbrenslur
- 8.4. Skotvellir
- 8.5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
- 8.6. Æfingasvæði slökkviliðs
- 8.7. Skolphreinsistöðvar
- 8.8. Þvottahús

AUGLÝSING**um umferð á Sauðárkróki.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Sauðárkróks, hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Leiðrétt er auglýsing frá 21. desember 1989, 2. tl., sem á að hljóða svo: Bífreiðastöður eru bannaðar við Hegrabraut og Knarrarstíg.
2. Akstur er óheimill vestur Ránarstíg milli Hólavegar og Skagfirðingabrautar, nema fyrir skólabíl.
3. Biðskylda er á hesthúsafleggjara á Flæðum gagnvart Sauðárkróksbraut.
4. Biðskylda er á Flugvallarvegi gagnvart Sauðárkróksbraut.
5. Biðskylda er á Mosahlíð gagnvart Sæmundarhlíð.
Ákvæði þessi taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 10. september 1990.

Halldór Þ. Jónsson.

AUGLÝSING

um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur.

1. Gildissvið

- 1.1 Þessir tæknilegu tengiskilmálar gilda fyrir tengingu og rekstur notendavirkja með kerfismálsþennu allt að 1000 V, sem tengd eru við lágspennudreifikerfi rafveitunnar eða verða tengd við það.
- 1.2 Skilmálarnir eru settir samkvæmt reglugerð rafveitunnar og skulu staðfestir af ráðherra.

2. Spenna og straumtegund

- 2.1 Lágspennudreifikerfi rafveitunnar er að jafnaði rekið með þrífasa riðstraum, samkvæmt gildandi málsþennustaðli á hverjum tíma. Í strjálbýli er einnig rekið einfasa riðstraumskerfi.
- 2.2 Við gerð virkja og val neyslutækja, sem tengjast við 3~230 V kerfi, skal gera ráð fyrir því að hægt sé að breyta þeim síðar fyrir tengingu við gildandi málsþennu.
- 2.3 Fyrir stóra hreyfla í iðnaðarveitum, dælustöðvum hitaveitna o.fl. getur komið til afhending á hærri spennu, að jafnaði 3N~660 V, eða annarri alþjóðlegri spennu, ef slíkt er hagkvæmt fyrir báða aðila og ef notandi óskar þess. Kerfismálsþenna slíks kerfis skal þó aldrei vera hærri en 1000 V. Aðrir hlutar veitunnar skulu reknir á gildandi málsþennu.
- 2.4 Um afhendingu á háspennu, að jafnaði 11 kV, eða annarri alþjóðlegri spennu svo sem til háspenntra rafskautskatla og mjög stórra iðnaðarhreyfla, skal fara eftir sérsamningi hverju sinni. Í samningi skal m.a. kveða á um gjald fyrir heimtaug, eignaraðild og fyrirkomulag hins háspennna búnaðar, þ.m.t. fyrirkomulag mælingar. Einnig skal gera samning um orkuviðskipti þar sem kveðið er á um mestu afl- og orkuúttekt, rof og aðra stýringu ef við á, orkuverð og árlega lágmarksgreiðslu og loks gildistíma samnings. Frá slíkum samningi skal gengið áður en kaup eru fest á tækjum og búnaði.

3. Almenn ákvæði

3.1 Neysluveita

- 3.1.1 Eigandi neysluveitu er ábyrgur fyrir nýlögn, stækkun, breytingu og viðhaldi veitunnar frá tengistað heimtaugar. Undanskilið er viðhald mælitækja rafveitunnar.

3.2 Löggiltir rafverktakar

- 3.2.1 Um störf rafverktaka gilda auk þessara reglna reglugerð rafveitunnar, skilyrði sem sett eru í skilmálum fyrir rafverktakaleyfum, og önnur þau fyrirmæli sem rafveitan þarf eftir atvikum að setja þeim. Ennfremur gilda reglugerð RER, reglugerð um brunavarnir og brunamál, byggingarreglugerð og byggingarlög ásamt skipulagsreglugerð og skipulagslögum, allt eftir því sem við á.
- 3.2.2 Umsókn um lagnaleyfi, tengiskýrslur og önnur skrifleg samskipti rafverktaka við rafveituna skulu undirrituð af honum sjálfum eða í fjarveru hans af staðgengli sem rafveitan hefur samþykkt samkvæmt skriflegri umsókn þar um.

- 3.2.3 Verk, sem rafverktaki tekur að sér, skulu unnin af honum sjálfum og/eða starfsmönnum hans og skal hann hafa gott eftirlit með allri vinnu sem unnin er í hans nafni.
- 3.2.4 Rafverktaka ber að mæta á skrifstofu rafveitunnar þegar hann er boðaður þangað.
- 3.3 *Gjaldskrá*
- 3.3.1 Rafverktaki og raflagnahönnuður skulu kunna góð skil á gjaldskrá rafveitunnar og haga mælafyrirkomulagi og mælaútdrætti í samræmi við hana eins og hún er á hverjum tíma.
- 3.3.2 Rafverktaki sjái ennfremur um, að straumur verði ekki tekinn úr kerfi rafveitunnar án þess að fara um mæla hennar.
- 3.4 *Straumrof*
- 3.4.1 Þurfi rafverktaki vegna starfa sinna að gera neysluveitu annarra notenda tímabundið spennulausa, skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því á tryggilegan og viðeigandi hátt og sjá til þess að rofið verði sem skemmst.
- 3.5 *Varnarráðstafanir*
- 3.5.1 Tegund snertispennuvarnar samkvæmt reglugerð RER skal ákvörðuð í samráði við rafveituna.
- 3.5.2 Í nýbyggingar skal setja sökkulskaut samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar um gerð og útfærslu. Tengist það við PEN-skinnu heimtaugar, þar sem núllun er viðhöfð. Ella tengist það PE-skinnu.
- 3.5.3 Ekki er heimilt að nota PEN-leiði rafveitunnar sem jörð fyrir loftnet, eldingarvara og því um líkt.
- 3.6 *Teikningar*
- 3.6.1 Áður en verk er hafið er eiganda eða umboðsmanni hans, rafverktaka eða raflagnahönnuði, skylt að leggja tímanlega inn til samþykktar hjá rafveitunni þær teikningar sem krafist er í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins (RER), byggingarreglugerð og öðrum opinberum reglugerðum og fá þær samþykktar. Teikningar skulu jafnframt vera í samræmi við ÍST og IEC og í því umfangi sem stærð veitunnar gerir nauðsynlegt að mati rafveitunnar.
- 3.6.2 Með umsókn um aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal fylgja a.m.k. einlínumynd sem sýni tengistað heimtaugar og mælafyrirkomulag, grunnmynd og þverskurð af þeim hluta hússins sem heimtaugin kemur í og afstöðumynd sem sýni stærð inntakspípu og málsetta staðsetningu hennar.
- 3.7 *Umsóknir og tilkynningar*
- 3.7.1 Hinum löggilta rafverktaka ber að sækja um leyfi fyrir og tilkynna rafveitunni eftirtalin verk og fá viðkomandi veitu tengda allt eftir því sem við á:
- * Skammtímatengd virki.
 - * Nývirki.
 - * Varaafstöðvar.
 - * Meiri háttar endurbætur á eldri mannvirkjum.
 - * Allar þær breytingar sem kunna að snerta heimtaug og/eða mælitæki rafveitunnar.
 - * Hreyfla með meira málafli en kveðið er á um í greininni „Neyslutæki“ 6. grein 6. liður.

- * Hreyfla með þungri eða tíðri ræsingu eða mjög breytilegri straumtöku.
- * Röntgentæki.
- * Tæki með fasahornsstýringu (DK: faseinkelstýring) eða sveifluraðastýringu (DK: helpériodestýring) ef þau eru stærri en kveðið er á um í greininni „Neyslutæki“, 6. grein 9. liður.
- * Almenn neyslutæki stærri er 12 kVA.
- * Rafsuðutæki stærri en 5 kVA.
- * Öll hitunartæki sem háð eru sérstakri heimild og koma á hitataxta gjaldskrár.

3.8 *Skammtímatengd virki*

- 3.8.1 Til skammtímatengdra virkja teljast m.a. raforkuvirki á byggingarstöðum, sýningar-svæðum og til hátíðarlýsingar.
- 3.8.2 Ef ekki er hægt að koma mælitækjum fyrir í fullnægjandi húsnæði eða ef ekki er gert ráð fyrir festum tengikössum fyrir tengingu heimtaugar, sem hægt er að koma mælitækjum fyrir í, skulu þau sett í viðurkenndar byggingarstaðatöflur og ennfremur skal tryggt að þær halli ekki. Taugar frá afhendingarstað að mælitæki skulu vera eins stuttar og við verður komið og þó aldrei lengri en 30m. Þær skulu vera í einu lagi án nokkurra losanlegra samskeyta.
- 3.8.3 Verði engri mælingu við komið af tæknilegum ástæðum eða ef slíkt er óhagkvæmt, skal leita samninga við rafveituna um áætlaða notkun miðað við uppsett afl, áætlaðan samtímastuðul og notkunartíma.

3.9 *Varaafstöðvar*

- 3.9.1 Fyrirkomulag og frágangur tengingar við dreifikerfi rafveitunnar, varnarbúnaður og rekstur einkarafstöðva og varaafstöðva er háður áður fengnu samþykki rafveitunnar samkvæmt skriflegri umsókn þar um og skal einnig vera samkvæmt ákvæðum RER í „Reglugerð um raforkuvirki“.

4 **Heimtaugar**

4.1 *Heimtaugar*

- 4.1.1 Eiganda veitu eða umboðsmanni hans, rafverktaka og raflagnahönnuði er skylt að kynna sér vel skilmála rafveitunnar, bæði almenna og þá sérskilmála sem gilda fyrir viðkomandi hverfi. Skilmála afhendir byggingarfulltrúi við lóðaúthlutun.
- 4.1.2 Aðalheimtaugar leggur rafveitan eingöngu sem jarðstrengsheimtaugar og ákveður að öðru leyti gerð og legu heimtaugar og tengistað í samráði við eiganda eða umboðsmann hans. Um lagningu bráðabirgðaheimtauga fer eftir ákvörðun rafveitunnar hverju sinni.
- 4.1.3 Rafveitan áskilur sér eðlilegan tíma fyrir hönnun, skipulagningu og framkvæmdir við lagningu heimtauga. Eiganda er því skylt að sækja tímanlega um heimtaug á þar til gerðu eyðublaði hvort sem um er að ræða nýja heimtaug, færslu, breytingu eða stækkun á eldri heimtaug.
- 4.1.4 Heimtaug greiðist samkvæmt gjaldskrá rafveitunnar eins og hún er á hverjum tíma.
- 4.1.5 Rafveitan ákveður í skilmálum gerð, stærð og fyrirkomulag inntakspípu.
- 4.1.6 Við umsókn um stærri heimtaug en 200 A skal raflagnahönnuður leggja fram útreikninga og áætla væntanlega aflþörf til næstu fimm ára. Á grundvelli slíkrar áætlunar ákveða rafveitan og eigandi sameiginlega stærð heimtaugar.

- 4.1.7 Í raðhús, parhús og hliðstæð hús er almennt afgreidd ein heimaug í hvert hús, þ.e. í hverja einingu.
- 4.1.8 Í hús aldraðra, stúdentagarða, orlofshús og hliðstæð hús er almennt afgreidd ein heimaug fyrir öll húsin.
- 4.1.9 Eigandi veitu sér um lagningu inntakspípu og þéttingu hennar í vegg. Rafverktaki tryggir réttan frágang hennar og að hún sé ídráttarhæf. Pípu skal skilað með nælonídráttartaug.
- 4.1.10 Rafveitan sér um vatnspéttingu heimaugar við inntakspípu í jörðu.
- 4.1.11 Áður en rafveitan leggur heimaug skal eigandi sjá til þess, að lóð sé grófjöfnuð í endanlegri hæð og að aðkoma sé góð fyrir tæki rafveitunnar.
- 4.1.12 Frá heimaug má ekki leggja kvísl að byggingum á annarri lóð án skriflegs samþykkis rafveitunnar.
- 4.1.13 Gildleiki stofns skal ætíð vera í samræmi við skráða stærð heimaugar.
- 4.1.14 Séu stofntengibox notuð fyrir heimaugar, skulu þau vera innsiglanleg með tvöfaldri einangrun og með viðurkenndum tengiklemmum af réttri stærð miðað við stærð heimaugar. Eigandi leggur til stofntengibox en rafverktaki sér um setningu þess og tengingu.
- 4.1.15 Rafverktaki skal þétta við inntak stofns í stofnvarkassa eða stofntengibox svo að hann rykfyllist ekki.
- 4.1.16 Stofnvarkassa, stofntengibox og aðaltöflu má ekki staðsetja á blautum stöðum, mjög heitum stöðum né heldur á bruna- og sprengihættustöðum. Sama gildir um kalda útveggi, nema komið sé í veg fyrir slagamyndun á fullnægjandi hátt.
- 4.1.17 Stofnvarkassi, stofntengibox og aðaltafla skulu vera vel aðgengileg. Þess skal gætt að ekki sé svo múrað að, þiljað af eða aðgangur á annan hátt hindraður að stofnvarkassa/tengiboxi, að ekki sé hægt að innsigla hann eða opna.
- 4.1.18 Ekki má breyta notkun þess rýmis sem heimaug tengist í, á þann veg að slíkt brjóti í bága við 16. og 17. grein eða rýri á annan hátt öryggi og notagildi heimaugarinnar. Í vafatilvikum ber áður að leita samþykkis rafveitunnar.
- 4.1.19 Tryggt skal að aðaltöflur séu rúmgóðar og að nægjanlegt rými sé fyrir greiningu og tengingu heimaugarstrengs. Til aðskilnaðar neysluveitu frá dreifikerfi rafveitunnar er í aðaltöflu krafist aðalvara og aðalrofa sem mega vera sambyggð í varrofa. Í stað þessa má einnig nota aflrofa með yfirstraum- og skammhlaupsvörn. Nota má lekastraumsrofa sem aðalrofa.
- 4.1.20 Þess skal gætt að réttir fasar séu tengdir í stofnvarkassa og sé um þrífasa tengingu að ræða að hún sé tengd réttisælis. Rafveitan merkir innan í loki kassans með strimli á streng eða á annan vel auðkenndan hátt hvaða fasi/fasar skulu tengdir í viðkomandi hús. Röð fasanna í kassanum, séð framan frá, er frá vinstri talið L1, L2, L3 og PEN (RST-0). Sé um þrífasa tengingu að ræða skal þess gætt að jafna álagi á fasa.

4.2 Tenging

- 4.2.1 Rafverktaki sækir skriflega á sérstöku eyðublaði og með a.m.k. dags fyrirvara um tengingu neysluveitu við dreifikerfi rafveitunnar.
- 4.2.2 Rafveitan annast tengingu neysluveitu við dreifikerfið og setur spennu á hana að aðalvörum og aðalrofa. Þessi aðgerð er engum öðrum heimil.

- 4.2.3 Rafveitan getur krafist þess að rafverktakinn eða sá starfsmaður hans sem ábyrgð bar á framkvæmd verksins, sé viðstaddur tengingu. Óski rafverktakinn að vera viðstaddur tengingu, skal hann geta þess á eyðublaðinu eða semja um það á annan tryggan hátt. Í hvorugu tilvikinu er nærvera hans á ábyrgð eða kostnað rafveitunnar.
- 4.2.4 Rafveitunni er heimilt að neita um tengingu neysluveitu við dreifikerfið ef ekki hefur verið farið eftir þessum skilyrðum, reglugerð rafveitunnar og öðrum fyrir mælum svo og ef varnarráðstöfun veitunnar gegn of hárrí snertispennu er ekki samkvæmt reglugerð RER, ef annar frágangur er ófullnægjandi eða hætta kann að stafa af veitunni að mati rafveitunnar. Ber rafverktakinn fulla ábyrgð á því beina og óbeina tjóni sem af slíkri neitun kann að leiða.
- 4.3 *Valvísi og stærð yfirstraumsvarbúnaðar*
- 4.3.1 Tryggja verður valvísi yfirstraumsvarbúnaðar í neysluveitu gagnvart stofnvörum rafveitunnar. Varbúnaður í straumtakmörkunarflokki 3 skv. VDE 0641 og annar jafngildur búnaður fullnægir þessu skilyrði.
- 4.4 *Skammhlaupsþol*
- 4.4.1 Neysluveita á eftir afhendingarstað rafveitunnar verður a.m.k. að vera gerð fyrir eftirfarandi skammhlaupsstrauma:
- * Stofnlögn, aðaltafla, kvíslagnir til og með síðasta vari á undan mælitæki. 25 kA
 - * Raflögn og búnaður frá síðasta vari á undan mælitæki til og með greinitöflu. 10 kA
- 4.4.2 Sjálfvirkir stofnrofar verða að vera gerðir fyrir a.m.k. 10 kA rofgetu. Sjálfvirk kvísl- og greinivör verða að vera gerð fyrir a.m.k. 6 kA rofgetu.
- 4.4.3 Framangreind ákvæði eiga við heimtaugar 315 A og minni. Séu stofnvör stærri er krafist sérstakrar athugunar hverju sinni.

5. Orkusölumælar og stjórn búnaður

5.1 *Mælatöflur og mælaskápar*

- 5.1.1 Mælatafla/skápur er rafmagnstafla fyrir mæla og annan stjórn búnað rafveitunnar eða aðgreint mælahólf í rafmagnstöflu.
- 5.1.2 Nota ber mælatöflur framleiddar samkvæmt viðurkenndum stödlum og skulu þær hafa hlotið samþykki rafveitunnar. Þær skulu einnig vera samþykktar af Rafmagns-eftirliti ríkisins. Um stærð á töflum fyrir mismunandi gerðir, stærðir og fjölda mælitækja skal fara eftir leiðbeiningum rafveitunnar eins og þær eru á hverjum tíma. Við hönnun ber að taka tillit til hugsanlegrar stækkunar og/eða fjölgunar mælitækja en minnsta mælatafla skal rúma einn þrífasa kWh-mæli 10/60 A. Sjá töflu I.
- 5.1.3 Í mælatöflum skal vera nægjanlegt rými fyrir nauðsynleg stjórn tæki rafveitunnar (fjarstýri liða, klukkurofa, hjálparliða o.fl.). Stjórn tæki skulu ávallt vera staðsett í sömu töflu og viðkomandi mælitæki.
- 5.1.4 Í mælatöflu má ekki staðsetja annan búnað en þann sem tengist mælitækjum og stjórn búnaði rafveitunnar.
- 5.1.5 Mælatöflur skulu vera lokaðar.
- 5.1.6 Undirlag mælis skal vera lóðrétt og vera úr torbrennanlegu efni. Fara skal eftir fyrir mælum rafveitunnar um festingu mælitækja.

- 5.1.7 Hæð að neðri brún mælis frá fullfrágengnu gólfi skal vera mest 1,7m og minnst 0,8m.
- 5.1.8 Þar sem fleiri en einn mælir eru á mælatöflu ber að merkja greinilega tegund notkunar og notkunarstað.
- 5.1.9 Allir orkusölumælar og stjórnbúnaður þeirra skulu að jafnaði staðsettir í aðaltöflu, verði því af hagkvæmniástæðum við komið.
- 5.2 *Staðsetning mælatöflu*
- 5.2.1 Staðsetja skal mælatöflur á hreinlegum og aðgengilegum stöðum svo að tenging, eftirlit og álestur geti hæglega farið fram. Staðurinn skal einnig vera vel lýstur. Staðsetja skal mælatöflur á þurrum og titringslausum stöðum.
- 5.2.2 Óheimilt er að staðsetja mælatöflur á stöðum svo sem í eldhúsum, snyrtiherbergjum, þvottahúsum og íbúðum fjölbýlishúsa, innréttingum, hlöðum og gripahúsum, rannsóknarstofum, vinnslusölum, á mjög heitum stöðum ($\geq 40^{\circ}\text{C}$), í eldsneytisgeymslum og á bruna- og sprengihættustöðum. Í vafaatriðum ber að leita heimildar rafveitunnar. Framanritað á einnig við, þegar húsnæði er breytt.
- 5.2.3 Rými framan við mælatöflu skal vera minnst 0,8m að breidd og í dýpt og 2,0m hátt. Fjarlægð mælatöflu frá hliðarvegg skal vera minnst 5cm. Ætíð skal vera hægt að opna töfluhurð í 90° .
- 5.3 *Mælitæki og tengingar*
- 5.3.1 Öll mælitæki og búnað til orkusölumælinga leggur rafveitan til og eru þau eign hennar. Hér er um að ræða orku- og aflmæla, mælaspenna, tímarofa, púlslíða (kipplíða), fjarstýriliða (móttökuliða), fjarmælitæki og annan nauðsynlegan búnað.
- 5.3.2 Rafveitan annast allt viðhald mælitækja og prófanir þeirra. Mælitækni gæði þeirra skulu vera eins og almennt gerist á hverjum tíma. Til allrar almennrar afl- og orkusölu eru notaðir kW/kWh-mælar af nákvæmniflokki 2.0 og straumspennar af flokki 0.5. Öll mælitæki skulu hafa hlotið viðurkenningu viðurkenndra prófunarstofnana.
- 5.3.3 Rafveitan annast uppsetningu og tengingu orkusölumæla, fjarstýriliða, klukkurofa og annars stýribúnaðar, nema um annað sé sérstaklega samið. Rafveitan afhendir hinum löggilta rafverktaka straumspenna með skammhleypu eftirvafi. Hann staðsetur þá samkvæmt nánari fyrirmælum hennar og tengir forvaf. Allt annað efni útvegar og tengir hinn löggilti rafverktaki rafveitunni að kostnaðarlausu. Sá sem setur upp mæli skal með hallamáli tryggja lóðrétta stöðu hans.
- 5.3.4 Notanda er óheimilt að setja upp eigin kW/kWh-mæla í neysluveitu sína nema til komi skriflegt samþykki rafveitunnar. Skal þá skráningu og eftirliti mælis hagað á sama hátt og um almennan orkusölumæli væri að ræða. Árlegt endurgjald reiknast samkvæmt gjaldskrá rafveitunnar eins og hún er á hverjum tíma. Sjá lið 5.3.2.
- 5.3.5 Tengistaðir á ómældum stofn- og kvísslögnum skulu vera innsiglanlegir. Tengt skal í boxum með tvöfaldri einangrun með viðurkenndum tengibúnaði.
- 5.3.6 Sé veita varin með 63 A vörum eða minni, skal mæling vera bein. Straumfara mælataugar skulu vera fínþættar 10mm^2 Cu. Sé veita varin með 80-100 A vörum, skal haft samráð við rafveituna, hvort mæling skuli vera bein eða um straumspenna. Sé bein mæling ákveðin, skulu straumfara mælataugar vera fínþættar 16mm^2 Cu. Sé miðtaug tekin frá miðtaugalista, skal hún vera fínþætt 4mm^2 Cu og vera tengd miðtaug veitu í pressudum strengskó eða innsiglanlegum og viðurkenndum búnaði. Sé miðtaug slafað um mæli skal þversnið hennar vera jafnt þversniði fasatauga.

- 5.3.7 Mælataugar skulu vera í litum: Svört taug að mæli en brún frá mæli. Miðtaug skal vera ljósblá. Sé mæling þrífasa skulu mælataugar ennfremur merktar með plastádragi samkvæmt fasaröðun L1, L2, L3 og N fyrir miðtaug. Mælataugar skulu vera úr fínþættum Cu-vír með ádregnum tengihulsum sem tengjast tengibretti mælis og öðrum búnaði. Séu ekki sérstakar stýringar fyrir mælataugar í mælatöflu skulu mælataugar hvers fasa heftar saman með plastádragi. Sé mælir settur eftir spennu- setningu veitu skal mælataugum skilað í tengi. Lengd hvorrar taugar, mælt frá þeim fleti sem mælir kemur á, skal vera minnst 10cm.
- 5.3.8 Þrífasamælar skulu tengdir í réttri fasaröð, L1, L2, L3 og N (RST-0). Skal rafverktaki haga útdrætti mælatauga í samræmi við framanritað og jafnframt sannprófa fasaröð með fasfylgdarsjá (snúningsáttarmæli).
- 5.3.9 Mælataugar skulu vera ósamsettar og lagðar skipulega svo að auðvelt sé að rekja legu þeirra og tengingu.
- 5.3.10 Óski orkukaupandi að orkukaup hans um tvær eða fleiri heimtaugar á sama stað verði sammæld, skal hann leita heimildar rafveitunnar og semja um fyrirkomulag og kostnað við mælinguna. Rafveitan getur einnig óskað eftir sammælingu.
- 5.3.11 Þurfi orkukaupandi á að halda púlgildum fyrir orkunotkun sína, svo og tímamerki meðalálags, t.d. til álagsstýringar, innra uppgjors eða annarra nota, skal hann leita heimildar og hafa samráð við rafveituna um fyrirkomulag. Veiti rafveitan heimildina leggur hún til milliliða. Fer um gjald fyrir slík tæki samkvæmt gjaldskrá rafveitunnar eins og hún er á hverjum tíma. Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð vegna bilunar í þessum tækjum.
- 5.3.12 Rafverktaka er heimilt að höfðu samráði við rafveituna að taka niður mælitæki hennar þegar notkun er lokið eða þegar hún er færð á aðra mæla. Er honum þá heimilt að rjúfa innsigli á tengibretti mælitækisins. Hann skal hins vegar án tafar og eigi síðar en næsta virkan vinnudag tilkynna rafveitunni aðgerðina á þar til gerðu eyðublaði og skila mælitækinu. Öll önnur færsla og/eða flutningur mælitækis er óheimil. Aldrei má rjúfa innsigli prófunarstofnana, innlendra né erlendra, af húsum mælitækja.
- 5.4 *Mæling um straumspenna*
- 5.4.1 Sé veita varin með 125 A vörum eða stærri skal mæling vera um straumspenna.
- 5.4.2 Straumspenna skal staðsetja sem næst á eftir aðalrofa eða kvíslrofa. Þeir skulu þannig settir að auðvelt sé að komast að þeim til tenginga og eftirlits þó að veitan sé í rekstri.
- 5.4.3 Allar tengingar straum- og spennurása skulu vera innsiglanlegar.
- 5.4.4 Gildleiki straumfara tauga milli straumspenna og mælis skal vera 2,5mm² Cu, sé tenging straumspenna og mælis innan sömu töflu.
- 5.4.5 Séu straumspennar og mælir ekki í sömu töflu, skal fyrirkomulag og gildleiki straumfara tauga ákveðið að höfðu samráði við rafveituna.
- 5.4.6 Miðtaug straumspennamælis skal vera 4mm² Cu, fínþætt og ljósblá, og tengjast miðtaug veitunnar í pressuðum strengskó eða í innsiglanlegum búnaði.
- 5.4.7 Spennurásir straumspennamælis skulu tengdar forvöfum (K) straumspennanna.
- 5.4.8 Um annan frágang og tengingu straumspenna við mæla vísast til tengimyndar rafveitunnar.

- 5.4.9 Sé mæling um straumspenna er rafveitunni heimilt að krefjast þess að gert sé ráð fyrir launaflsmæli.
- 5.4.10 Telji rafveitan það æskilegt getur hún krafist skammhlaupsbrettis og spennurása-vara. Í slíku tilviki leggur rafveitan búnaðinn til.
- 5.4.11 Notanda er óheimilt að tengja eigin stjórn- og mælitæki veitunnar við eftirvaf straum- og spennuspenna rafveitunnar.

5.5 *Spennufall*

- 5.5.1 Við aflúttekt til og með 100 kVA má spennufall frá afhendingarstað heimtaugar að mælitæki ekki fara yfir 0,5% miðað við álag samsvarandi málstraum næsta vars á undan mælitæki.

Við meiri aflúttekt er leyft hærra spennufall samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aflúttekt	Mesta leyfða spennufall
>100 kVA, ≤250 kVA	1,00%
>250 kVA, ≤400 kVA	1,25%
>400 kVA	1,50%

6. **Rafmagnsneyslutæki**

6.1 *Almennt*

- 6.1.1 Rafmagnsneyslutæki skulu þannig gerð og notuð að þau hafi ekki truflandi áhrif á aðrar neysluveitur og dreifikerfi rafveitunnar né brjóti í bága við ákvæði Rafmagns-efirlits ríkisins í „Reglugerð um raforkuvirki“.

6.2 *Merkiplata*

- 6.2.1 Þess skal gætt að auðvelt sé að lesa á merkiplötu fasttengdra tækja. Sé þetta ekki gerlegt vegna aðstæðna skal endurtaka upplýsingar, sem eru á merkiplötu, á sýnilegum stað eða vera hægt að veita þær með framlögðum gögnum, t.d. notkunarleiðarvísi eða afhendingarseðli.

6.3 *Rekstur spennuviðkvæmra tækja*

- 6.3.1 Notandi skal sjálfur með viðeigandi ráðstöfunum tryggja truflunarlausan rekstur spennuviðkvæmra tækja t.d. tölvubúnaðar, rannsóknartækja og röntgentækja.
- 6.3.2 Notandi skal sjálfur gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón sem getur orðið vegna spennubreytinga eða spennurofs á einum eða fleiri fösum. Þetta á einnig við þegar eðlileg spenna kemst á að nýju.

6.4 *Launafl*

- 6.4.1 Þéttar til að mæta launaflí skulu tengdir beint með neyslutækjum eða sjálfvirkum mæli- og stjórnubúnaði.

6.5 *Tenging úrhleðslulampa*

- 6.5.1 Ljósabúnaður með úrhleðslulömpum skal fasviksbættur.

Undanþegnir þessu ákvæði eru úrhleðslulampar á heimilum t.d. lýsing undir eldhússkápum, kappalýsing o.fl.

Einnig er undanþeginn þessu ákvæði ljósabúnaður á stöðum með sprengihættu, í tölvumíðstöðvum og geymsluhólfum fyrir verðmæti.

6.5.2 Þéttar til að bæta fasviksstuðul lampa mega ekki trufla eða deyfa tóntíðnistýringu rafveitunnar, sbr. grein 6.10.

6.6 Tenging hreyfla

6.6.1 Ræsing hreyfla má eigi valda truflandi spennufalli í kerfi rafveitunnar. Þessu skilyrði er að jafnaði fullnægt ef málafl hreyfla er eigi meira en hér segir:

1-fasa hreyflar tengdir við 1 ~ 230 V	2,0 kW
3-fasa hreyflar tengdir við 3N ~ 400 V:	
a) bein ræsing með straumþrengslasnúð (DK: strömfortræningsrotor)	5,5 kW
b) stjórn- og þríhrningsræsing	11,0 kW
c) ræsing með búnaði, sem takmarkar ræsistrauminn við tvöfaldan málstraum hreyfilsins	15,0 kW

Þegar um er að ræða stærri hreyfla og ræsibúnað þeirra og hreyfla, sem geta orsakað truflanir í kerfi rafveitunnar vegna þungrar ræsingar, tíðrar innsetningar eða breytilegrar straumtöku, t.d. sagahreyfla, fræsihreyfla og lyftuhreyfla, skal þegar á hönnunarstigi, áður en ákvörðun um val tækja er tekin, ná samkomulagi við rafveituna um nauðsynlegar fyrirbyggjandi ráðstafanir.

6.7 Tenging rafsudutækja

6.7.1 Til að koma í veg fyrir truflanir í veitum annarra notenda þarf heimild rafveitunnar fyrir notkun rafsuduspenna með meira en 2 kVA málaflí. Tæki stærri en 2 kVA mega ekki valda álagi á N-leiðarann, en álag frá tækjum á að dreifast sem jafnast á fasaleiðarana.

6.7.2 Launafli skal mætt þannig að við 150 A rafsudustraum við staðlaða 24 V vinnuspennu sé aflstuðullinn a.m.k. 0,7. Við rafsudutæki með stillingu niður fyrir 150 A skal reikna launaflið út frá rafsudumálstraumnum og viðkomandi staðlaðri vinnuspennu þannig að aflstuðullinn fari aldrei niður fyrir 0,7.

Ekki þarf að bæta aflstuðul viðnámsrafsudutækja.

6.7.3 Um rafsuduvélar gilda sömu reglur og fyrir hreyfla.

6.8 Rafhitatæki

6.8.1 Raforka til hitunar, húshitunar og iðnaðarhitunar, sem seld er eftir rafhitataxta, er háð leyfi rafveitunnar. Leyfi skal bundið nafni notanda og stað notkunar. Tæki skulu fasttengd.

Við umsókn um leyfi til húshitunar skal fylgja útreikningur, er sýni nauðsynlega aflþörf og áætlaða orkunotkun.

6.8.2 Rafveitan getur krafist þess að hitun sé tengd stjórnþúnaði hennar, sem aðlagar hitunarálagið að aðstæðum rafveitunnar, eins og þær eru á hverjum tíma. Um fyrirkomulag stjórnþækja og frágang lagna sem tengjast við þau fer eftir nánari fyrirmælum rafveitunnar.

Rafveitan getur krafist þrífasa tengingar, sé afl hitunar meira en 5,5 kW.

Rofin hitun 16,5 kW að afli eða meira komi inn í tveimur eða fleiri þrepum með tímatöf við endurkomu spennu eftir nánari ákvörðun rafveitunnar hverju sinni.

6.9 Tenging tækja með fasahornsstýringu eða með sveifluraðastýringu

6.9.1 Neyslutæki til heimilis- og hliðstæðra nota verða að vera samkvæmt CENELEC staðli EN 60555. Sjónvarpstæki og tæki nýtt í atvinnu- og þjónustuskyni mega, uns evrópskur staðall er samþykktur, tengjast við dreifikerfi rafveitunnar, ef truflun af þeirra völdum fer ekki upp fyrir þau gildi, sem ákveðin eru í framannefndum staðli.

Neyslutæki, sem valda meiri bjögun á dreifispennu rafveitunnar en framannefndur staðall segir til um, má því aðeins tengja við dreifikerfi rafveitunnar að fengið sé til þess sérstakt leyfi rafveitunnar.

Stillir til aflstillingar tengdur framan við tæki, t.d. ljósdeyfir, skoðast sem hluti viðkomandi neyslutækis.

Á heimilum er leyft að tengja lýsingu með fasahornsstýringu, allt að 1.200 W í uppsettu afli.

Tilgreindir staðlar gilda einnig fyrir neyslutæki með rafliðastýringum, t.d. eldunarhellur og bökunarofna með tvímálmsrofum.

Neyslutæki samsett úr fleiri sjálfstæðum tækjum eru leyfð ef truflun hvers og eins er lægri en hámarksgildi samkvæmt staðli. Dæmi um slíka fasahornsstýringu er sambyggð þvottavél og þeytivinda með aðskildum hreyflum. Dæmi um slíka sveifluraðastýringu er stýring hellna í eldavél.

Sé fasahornsstýring jöfn á öllum fösum má að jafnaði gera ráð fyrir því að heimilistæki og hliðstæð tæki séu innan marka framannefnds staðals ef afl þeirra er ekki meira en hér segir:

a) Fasahornsstýring ohmskra – spanvirkra neyslutækja, t.d. hreyfla og úrhleðslulampa:

* Tenging milli fasaleiðis og N-leiðis við 230 V	1.400 W
* Tenging milli tveggja fasaleiða við 400 V	4.500 W
* Tenging við 3 ~ 400 V án N-leiðis og með jöfnu álagi á fasa	10.000 W
* Tenging við 3N ~ 400 V með N-leiði og með jöfnu álagi á fasa	2.500 W

b) Fasahornsstýring glólampa í iðnaði, þjónustu og landbúnaði:

* Tenging milli fasaleiðis og N-leiðis við 230 V	700 W
* Tenging milli tveggja fasaleiða við 400 V	2.000 W
* Tenging við 3 ~ 400 V án N-leiðis og með jöfnu álagi á fasa	3.600 W
* Tenging við 3N ~ 400 V með N-leiði og með jöfnu álagi á fasa	1.200 W

Sé sveifluraðastýring jöfn á fösum, má að jafnaði gera ráð fyrir því, að ohmsk tæki til heimilis- og skyldra nota séu innan marka framannefnds staðals, ef afl þeirra er ekki meira en hér segir:

* Tenging milli fasaleiðis og N-leiðis við 230 V	400 W
* Tenging milli tveggja fasaleiða við 400 V	900 W
* Tenging við 3N ~ 400 V með N-leiði og með jöfnu álagi á fasa	1.800 W

Þessi síðasttöldu gildi hækka ef roftíðni lækkar niður fyrir 1000 aðgerðir (inn eða út) á mínútu. Viðmiðunargildi fást úr eftirfarandi töflu:

Aðg./mín	Fasi/N-leiðir	Fasi/fasi	3N~400V Fasar/N-leiðir
500	600 W	1.500 W	3.300 W
100	900 W	2.200 W	4.400 W
10	1.700 W	4.100 W	8.300 W
5	2.100 W	5.100 W	10.400 W
4	2.300 W	5.600 W	11.300 W
3	2.500 W	6.100 W	12.300 W
2	2.800 W	6.900 W	14.000 W
1	3.500 W	8.600 W	17.400 W

6.10 Tóntíðnistýring

- 6.10.1 Neysluveita skal þannig gerð, að hún trufla ekki rekstur tóntíðnistýringar rafveitunnar, ella er notanda veitunnar skylt að búa hana tóntíðnisperrum og bera sjálfur af því allan kostnað. Sé tóntíðnistýring rafveitunnar rekin með hærri tíðni en 250 Hz er notanda skylt að kynna sér ákvæði rafveitunnar áður en búnaður er ákveðinn. Þetta gildir fyrir veitur sem valda yfirsveiflum, t.d. rafsuðutæki, afriðlar, segulmagnarar o.fl., svo og fyrir veitur sem deyfa tóntíðnispennuna niður fyrir móttökugildi liðanna, t.d. stór þéttavirki o.fl.
- 6.10.2 Tryggja skal að þéttar sem raðtengdir eru spanviðnánum, spennum og spólum, hafi ekki sömu eigintíðni og tóntíðnistýring rafveitunnar.
- 6.10.3 Neyslutæki, t.d. hljómflytningstæki, ljósdeyfar, sjónvarpstæki, tölvur o.fl., sem verða fyrir truflunum af völdum tóntíðnistýringar rafveitunnar, skulu varin gegn þeim með viðeigandi búnaði sem notandi ber sjálfur kostnað af.

6.11 Rekstur virkja sem nýta burðartíðni

- 6.11.1 Öðrum en rafveitunni er óheimilt að nota dreifikerfi rafveitunnar til boðflutnings á burðartíðni.
- 6.11.2 Ef notandi notar sína eigin veitu til slíks flutnings innan síns húsnæðis, ber honum að tryggja að slíkt trufla ekki aðrar veitur.

TAFLA I Minnstu mál á einingu við uppsetningu mæli- og stýritækja.

Mál eru í mm (hæð x breidd x dýpt)

TEGUND MÆLINGAR	-1- FASA KERFI	-3- FASA KERFI
BEIN MÆLING VÖR ALLT AÐ 63A	240 x 150 x 150 (340x190x150) ¹⁾	340 x 190 x 150
BEIN MÆLING VÖR 80 - 100A		410 x 220 x 170
STRAUMSPENNAMÆLING SKAMMHLAUPSBRETTI OG SPENNURÁSAVÖR		340 x 190 x 150 150 x 210 x 150
AFLMÆLING BEIN OG GEGNUM STRAUMSPENNA		360 x 210 x 170
STÝRITÆKI	250 x 80 x 75	280 x 100 x 110

¹⁾ Mál í sviga á við, þegar aðeins er einn mælir í mælatöflunni.

Reglur þessar um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur hafa eftirtaldar rafveitur samíð og samþykkt sem sjálfstæðan viðauka við reglugerðir þeirra:

Hitaveita Suðurnesja,	sbr. III og IV kafla reglug. nr. 89/1990
Bæjarveitur Vestmannaeyja,	sbr. 16. gr., reglug. nr. 241/1990
Orkubú Vestfjarða,	sbr. II og III kafla reglug. nr. 192/1978
Rafmagnsveita Reykjavíkur,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 451/1977, með síðari breytingum
Rafmagnsveitur ríkisins,	sbr. 13. gr., reglug. nr. 112/1968, með síðari breytingum
Rafveita Akureyrar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 458/1979, með síðari breytingum
Rafveita Borgarness,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 39/1948
Rafveita Eyrarbakka,	sbr. reglug. nr. 11/1940
Rafveita Hafnarfjarðar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 177/1939, með síðari breytingum
Rafveita Húsavíkur,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 470/1979, með síðari breytingum
Rafveita Hveragerðis,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 125/1947
Rafveita Reyðarfjarðar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 15/1949
Rafveita Sauðárkróks,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 8/1950
Rafveita Siglufjarðar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 62/1949
Rafveita Stokkseyrar,	sbr. reglug. nr. 8/1925
Selfossveitur,	sbr. 15. gr., bráðabirgðareglug. nr. 57/1989, með síðari breytingum

Reglugerðarviðauki þessi, um tæknilega tengiskilmála fyrir ofangreindar rafveitur, staðfestist hér með, samkv. 24. gr. laga nr. 58/1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 25. september 1990.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Guðrún Skúladóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ársæls Sigurðssonar og Sigurbjargar Pálsdóttur.

Til samræmis við erfðaskrá, Sigurbjargar Pálsdóttur, kt. 060707-2359, Blönduhlíð 7, Reykjavík, dags. 6. júní 1988, stofnar undirritaður skiptaforstjóri í dánarbúinu sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ársæls Sigurðssonar og Sigurbjargar Pálsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3 688 231,00 – þrjámilljónirsexhundruðáttatíuog áttaþúsundtvö-
hundruðþrjátíuog einkróna – er haldast skal óskert.

Verðtryggja skal stofnfé sjóðsins, en að öðru leyti ræður stjórn hans ávöxtunarleið.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

10% af árlegum nettótekjum sjóðsins (þ.e. brúttótekjur að frádregnum stjórnunarkostnaði) skal lagt við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hæfan fræðimann til rannsókna á ættum Skaftfellinga og byggðasögu Vestur-Skaftafellssýslu og skal til þess varið 90% árlegra raunvaxta hans, sbr. ákvæði 3. gr., skv. ákvörðun sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir þrír menn:
Sveinn Pálsson, kt. 210612-3789, Blönduhlíð 7, Reykjavík.
Páll Ævar Pálsson, kt. 020760-2229, Borgarholtsbraut 32, Kópavogi.
Þórður Tómasson, kt. 280421-2949, safnvörður, Skógum undir Eyjafjöllum.
Hver stjórnarmaður tilnefnir sinn varamann.

Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum, ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknað sem að mati dómsmálaráðuneytisins gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórn semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sbr. og ákvæði 3. gr. l. nr. 19/1988.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun innan sjóðsstjórnar.

Stjórnin ákveður stjórnarmedlimum þóknun fyrir störf þeirra að höfðu samráði við endurskoðanda sjóðsins, sbr. þó ákvæði 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

7. gr.

Samkvæmt heimild í nefndri erfðaskrá má stjórnin breyta skipulagsskrá þessari, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, sbr. og ákvæði 6. gr. l. nr. 19/1988.

8. gr.

Taki sjóðsstjórn ákvörðun um að leggja sjóðinn niður vegna breyttra aðstæðna eða hún telji verkefni hans tæmd skal sjóðsfé skipt í jöfnum hlutföllum á milli eftirtaldrá:

1. Krabbameinsfélags Íslands.
2. Hjartaverndar, landssamtaka hjarta- og æðarverndarféлага á Íslandi.
3. Dvalarheimilis aldraðra í Vestur-Skaftafellssýslu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. september 1990.
Jóhannes Ásgeirsson, hdl.
skiptaforstjóri.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. september 1990.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs.

1. gr.

Greiða skal gjald af vöru og leigusölu í landbúnaði sem rennur í sérstakan sjóð er nefnt Búnaðarmálasjóður. Gjald þetta, sem nefnt er búnaðarmálasjóðsgjald, skal reikna sem hlutfall af þeirri upphæð sem framleiðendum er greidd á hverjum tíma, þ.m.t. sá hluti framleiðendaverðs sem greiddur kann að vera beint til framleiðenda með niðurgreiðslum úr ríkissjóði.

2. gr.

Gjaldskyld vöru- og leigusala skiptist á eftirfarandi hátt:

- A. Greiða skal 0,75% gjald af:
 - a. alifuglarækt.
 - b. svínarækt.
- B. Greiða skal 1,5% gjald af:
 - a. nautgripaafurðum og lifandi nautgripum til útflutnings.
 - b. sauðfjárafurðum og lifandi fé til útflutnings.
 - c. afurðum hrossa og lifandi hrossum til útflutnings.
 - d. garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar, þ.m.t. trjáplöntur og runnar til skrudgarðyrkju.
 - e. loðdýraafurðum og lifandi loðdýrum til útflutnings.
 - f. kanínuafurðum og lifandi kanínum til útflutnings.
 - g. skógarafurðum hvers konar nema trjáplöntum til skógræktar.
 - h. ferðaþjónustu, þó er bíla-, báta- og hestaleiga og veiðileyfi undanþegin gjaldskyldu.
 - i. æðardúni.

Landbúnaðarráðherra getur þó heimilað annað hlutfall en að framan greinir að fengnum tillögum frá Stéttarsambandi bænda. Stéttarsamband bænda skal fyrir 1. september ár hvert senda landbúnaðarráðherra beiðni vegna þeirra búgreinafélaga sem óska þess að fella niður eða endurgreiða að hluta eða öllu leyti eða hækka búgreinafélagsgjald í allt að 1%. Stéttarsamband bænda skal einnig fyrir 1. september ár hvert senda landbúnaðarráðherra beiðni vegna þeirra búgreinafélaga sem óska þess að fella niður gjald til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Óskir búgreinafélaga um breytingar skulu hafa borist Stéttarsambandi bænda fyrir 5. ágúst ár hvert.

Landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 15. september ár hvert gjaldahlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds yfirstandandi verðlagsár fyrir einstakar afurðir.

Undanþegnar gjaldskyldu eru búvörur og hlunnindaafnot fyrir fjölskyldu framleiðanda, sem ekki hafa komið í sölu.

3. gr.

Búnaðarmálasjóðsgjald það sem um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim viðskiptaaðilum sem kaupa eða taka við vörunum frá framleiðendum sem milliliður að smásöludreifingu og dregst við útborgun afurðaverðs frá því sem framleiðandanum er greitt. Þeir framleiðendur sem selja vöru sína án milliliða til neytenda eða til smásöluaðila, skulu standa skil á gjaldinu. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu gjaldsins.

Skylt er viðskiptaaðilum, sem greiðsluskyldir eru hverju sinni fyrir gjaldi þessu, að gefa innheimtuaðila fyrir 10. hvers mánaðar staðfesta skýrslu um mótttekið vörumagn frá hverjum framleiðanda í næstliðnum mánuði ásamt framleiðandaverði vörunnar nema að það sé ákveðið af verðlagsnefnd búvara.

Framleiðendur sem selja gjaldskylda vöru og leigu án milliliða til neytenda eða til smásöluaðila skulu fyrir 10. hvers mánaðar gefa innheimtuaðila skýrslu um framleiðslu og ráðstöfun þeirra afurða í næstliðnum mánuði. Ennfremur upplýsingar um verðmæti gjaldskyldrar vöru- eða leigusölu nema að framleiðendaverð sé ákveðið af verðlagsnefnd búvara. Þegar framleiðendaverð er ekki ákveðið af verðlagsnefnd búvara, skal innheimtuaðili í byrjun hvers verðlagsárs gera áætlun um hlutfall framleiðendaverðs af útflutnings-, heildsölu- og/eða smásöluverði sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Innheimtuaðili lætur gera eyðublöð fyrir mánaðarskýrslur gjaldskyldra afurða og sendir viðskiptaaðilum og framleiðendum þau, þeim að kostnaðarlausu.

4. gr.

Við útreikning á búnaðarmálasjóðsgjaldi af sláturafurðum skal reikna gjaldið á kíló kjöts að viðbættu verðmæti sláturs og húða, skinna eða gæra eftir því sem við á.

5. gr.

Gjaldskyldum aðilum ber að standa innheimtuaðila skil á búnaðarmálasjóðsgjaldi 25 dögum eftir lok hvers tímabils, þannig:

Gjaldtímabil:	Gjalddagi:
sept. – nóv.	25. desember
des.	25. janúar
jan. – febr.	25. mars
mars – maí	25. júní
júní – ágúst	25. september

Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti frá gjalddaga af því, sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Búnaðarmálasjóðsgjald má taka lögtaki.

Innheimtuaðili getur heimilað þeim framleiðendum sem hafa með höndum árstíða-bundna vöru- eða leigusölu í landbúnaði að skila skýrslum, sbr. 3. gr., í einu lagi og greiða gjaldið að loknu hverju sölutímabili. Innheimtuaðili getur einnig heimilað einstökum framleiðendum að skila einni skýrslu í lok verðlagsársins og greiða gjaldið samkvæmt henni.

6. gr.

Innheimtuaðila er heimilt að halda gjaldföllnum gjöldum skv. þessari reglugerð eftir hverju sinni þegar skil niðurgreiðslna og útflutningsbóta úr ríkissjóði eða endurgreiðslur af hinu sérstaka kjarnfóðurgjaldi fara fram til viðkomandi aðila.

7. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar vörur eða þjónustu þykja að mati innheimtuaðila ófullnægjandi, eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 3. gr. og uppgjöri skv. 5. gr., skal innheimtuaðili skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn sem innheimtuaðili telur þörf á. Fá innheimtuaðili fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi er innheimtuaðila heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að innheimtuaðili taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskram eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Innheimtuaðili skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu innheimtuaðila til landbúnaðarráð-

herra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga búnaðarmálasjóðsgjalds né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu innheimtuaðila eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

8. gr.

Jafnhliða búnaðarmálasjóðsgjaldi skal innheimtuaðili á sama hátt innheimta gjald af vöru- og leigusölu í landbúnaði sbr. 2. gr., 0,6%, er renni til Bjargráðasjóðs Íslands, sbr. 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð ásamt síðari breytingum, hafi stjórn sjóðsins ekki undanþegið vöruna eða leiguna gjaldskyldu að einhverju eða öllu leyti. Ákvarðanir um breytta gjaldskyldu til Bjargráðasjóðs skal taka fyrir 1. september ár hvert og tilkynna þær landbúnaðarráðherra sem auglýsir gjaldahlutfallið með auglýsingu um gjaldahlutföll til Búnaðarmálasjóðs. Óski Stéttarsamband bænda fyrir hönd búgreinafélags, eftir breyttri gjaldskyldu skal beiðni um slíkt hafa borist til Bjargráðasjóðs Íslands fyrir 15. ágúst ár hvert.

9. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skiptir innheimtum gjöldum og vaxtatekjum skv. reglugerð þessari mánaðarlega á milli eftirtalinna aðila:

	Greiðsla af A-fl. skv. 2. gr.	Greiðsla af B-fl. skv. 2.gr.
a) Til Stéttarsambands bænda	0,100%	0,250%
b) Til búnaðarsambanda	0,250%	0,500%
c) Til búgreinafélaga	0,075%	0,075%
d) Til Búnaðarfélags Íslands	0,025%	0,075%
e) Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins	0,100%	0,200%
f) Til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum sbr. lög nr. 32/1979	0,200%	0,400%
g) Til Bjargráðasjóðs	0,600%	0,600%

Nú hefur landbúnaðarráðherra að beiðni Stéttarsambands bænda, sbr. 2. gr., vikið frá skiptingu 1. mgr. þessarar greinar hvað varðar stafliði c og f og skal þá haga greiðslum samkvæmt því. Á sama hátt breytast greiðslur til Bjargráðasjóðs, hafi stjórn sjóðsins nýtt sér heimild 8. gr.

Áður en skipting fer fram skal draga frá kostnað við innheimtu og endurskoðun.

Skipting milli búnaðarsambanda skal gerð með hliðsjón af gjaldskyldu framleiðsluverðmæti og gjaldahlutfalli búgreina á hverju búnaðarsambandssvæði.

Skiptingin milli búgreinafélaga skal gerð með hliðsjón af gjaldskyldu framleiðsluverðmæti hverrar búgreinar og gjaldahlutfalli hennar.

10. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Búnaðarritinu og Árbók landbúnaðarins, endurskoðaða af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

11. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði varðandi reglugerð þess sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 631 11. nóvember 1982 um innheimtu gjalda til Búnaðarmálasjóðs.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal Stofnlánadeild landbúnaðarins halda tekjum eins og orðið hefðu að óbreyttum lögum til 30. nóvember 1990. Skal Búnaðarmálasjóður því greiða Stofnlánadeild þær tekjur sem ella hefðu runnið þangað mánuðina september, október og nóvember 1990. Jafnframt skerðast tekjur annarra aðila skv. 9. gr. þannig að mánuðina september, október og nóvember 1990 verða greiðslur til búnaðarsambanda og Stéttarsambands eins og þær hefðu orðið að óbreyttum reglum, greiðslur til Bjargráðasjóðs verða samkvæmt þessari reglugerð, en greiðslur til annarra aðila falla niður.

II.

Þrátt fyrir heimildarákvæði 3. mgr. 2. gr. og 8. gr. skal gjaldahlutfall búnaðarmálasjóðs-gjalds og bjargráðasjóðsgjalds á tímabilinu 1. september–31. desember 1990 vera skv. 1. mgr. 2. gr. og 1. málslíð 8. gr.

Landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 20. desember 1990 gjaldahlutföll einstakra búgreina fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1991.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

**um breyting á reglum nr. 77/1986 um ársreikning
viðskiptabanka og sparisjóða.**

Í stað núverandi 12. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Framsetning lífeyrisskuldbindinga skal vera með þeim hætti sem greinir í eftirfarandi tölulíðum 1 til 5:

1. Allir bankar og sparisjóðir sem tekið hafa á sig lífeyrisskuldbindingar skulu láta fara fram tryggingafræðilegan útreikning á stöðu áfallinna en ógreiddra lífeyrisskuldbindinga sinna og færa í ársreikning, eins og nánar er ákveðið í þessari grein. Miða skal við áunnin lífeyrisréttindi vegna liðins starfstíma og skal hvorki tekið tillit til raunverulegra, né áætlaðra, breytinga á launum einstakra starfsmanna eftir lok reikningsárs. Við útreikning samkvæmt framansögðu skal miða við 3% ávöxtunarkröfu, þ.e. ávöxtun umfram breytingu kaupgjalds. Heimilt er að miða við lægri ávöxtunarkröfu enda sé getið um það í skýringum með ársreikningi. Yfirlit yfir helstu forsendur skal fylgja útreikningi á áföllum lífeyrisskuldbindingum á eyðublaði sem bankaeftirlitið lætur í té.
2. Tryggingafræðilegur útreikningur, sbr. 1. tölulíður þessarar greinar, skal að jafnaði fara fram árlega en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Fari ekki fram árlegur útreikningur skal ákvarða stöðu áfallinna skuldbindinga með tryggingafræðilegri áætlun.
3. Lífeyrisgreiðslur, sem banki eða sparisjóður innir af hendi vegna starfsmanna sem látið hafa af starfi, skulu færast til lækkunar á áföllum lífeyrisskuldbindingum í efnahagsreikningi.

4. Sá mismunur sem fram kemur á reiknaðri stöðu áfallinna lífeyrisskuldbindinga í lok reikningsárs og byrjun reikningsárs skal, að teknu tilliti til 3. tölulíðar þessarar greinar, færður í efnahagsreikning og rekstrarreikning eins og hér segir:
- Reikna skal verðbætur og vexti á áfallnar lífeyrisskuldbindingar eins og þær voru í byrjun reikningsárs og breytingu þeirra á árinu og færist hin reiknaða fjárhæð til gjalda í rekstrarreikningi með vöxtum og verðbótum. Miða skal við breytingu á lánskjaravísitölu frá byrjun reikningsárs til byrjunar næsta reikningsárs og meðalvexti af verðtryggðum útlánnum eins og þeir eru í viðkomandi banka eða sparisjóði á hverjum tíma.
 - Áhrif breyttra reiknireglna og forsendna sem skipta máli skal sérgreina og færa meðal óreglulegra liða í rekstrarreikningi.
 - Önnur breyting á áföllum lífeyrisskuldbindingum, hækkun eða lækkun, skal færast í rekstrarreikning með launakostnaði.
5. Til viðbótar útreikningi á lífeyrisskuldbindingum vegna áunninna réttinda, sbr. 1. tölulíð þessarar greinar, skulu bankar og sparisjóðir eigi sjaldnar en á 3ja ára fresti láta reikna út lífeyrisskuldbindingar miðað við bæði áunninn rétt og framtíðarrétt starfsmanna.

2. gr.

Í reglurnar bætist ný grein, er verði „Ákvæði til bráðabirgða“ er orðist svo:

Þeir bankar og sparisjóðir sem ekki hafa fært lífeyrisskuldbindingar sínar að fullu í efnahagsreikning í árslok 1989 skulu láta fara fram tryggingafræðilegan útreikning á skuldbindingunum miðað við þann tíma sbr. 12. gr. Heimilt er að byggja á tryggingafræðilegum útreikningi sem miðaðist við árslok 1986 eða síðar með framreikningi til ársloka 1989 sbr. 2. tölulíð 12. gr.

Mismunur á reiknaðri fjárhæð í árslok 1989 samkvæmt framansögðu og bókfærðum lífeyrisskuldbindingum samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 1989 skal færa í ársreikning þannig:

Gjaldfæra meðal óreglulegra liða í rekstrarreikningi á ekki lengri tíma en átta árum í fyrsta sinn á árinu 1990 þannig að reiknaðar skuldbindingar verði að fullu færðar í efnahagsreikning í síðasta lagi í árslok 1997. Fjárhæðin skal framreiknast skv. hækkun lánskjaravísitölu frá 1. jan. 1990 og reikna skal sömu ársvexti og getið er um í 4. tölulíð 12. gr. þessara reglna. Gera skal grein fyrir heildarskuldbindingum í skýringum með ársreikningi hvers árs og skulu þær reiknaðar eins og nánar er tilgreint í 12. gr. þessara reglna.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með stöð í 37. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka og 41. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 9. október 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Tryggvi Axelsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 542 15. nóvember 1989.

1. gr.

3. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að sveitarfélag hafi sótt um framlag til félagsmálaráðuneytisins til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og styrkhæfni hennar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert.

2. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, og öðlast gildi 1. janúar 1990. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 467/1981, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, til að öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Við reglugerðina bætist bráðabirgðaákvæði sem orðast þannig:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun tekjujöfnunarframlaga 1990 skal til grundvallar útsvarstekjum leggja álögd útsvör 1990 á tekjur á árinu 1989. Skilyrði fyrir því að sveitarfélag fái tekjujöfnunarframlag 1990 er að sveitarfélag hafi á árinu 1990 fullnýtt heimild til útsvarsálagningar (7,5%). Tekjujöfnunarframlag 1990 skal miðað við að greiða sveitarfélögum 90% af þeirri upphæð sem þau skortir til að ná viðmiðunartekjum skv. 13. gr.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símapjónustu.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. nóvember 1990.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 7 710,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi – áætlaður helmingur – greiðist fyrirfram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljorum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1–2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

- 2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 1 000,00 fyrir heimili og kr. 2 000,00 fyrir verslunar og/eða atvinnusíma að viðbættum kr. 2,40 fyrir hvert teljarskref umfram 400 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 200 skref innifalin í fastagjaldinu.
- 2.2. Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notanda kr. 455,00 á ársfjórðungi.
- 2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4. Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5–1.0 km	kr.	253,00
b. Lengd línuleiðar	1.0–2.0 km	kr.	377,00
c. Lengd línuleiðar	2.0–4.0 km	kr.	630,00
d. Lengd línuleiðar	4.0–8.0 km	kr.	1 510,00
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr.	2 015,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskífu (binker)	2 915,00	295,00
3.2. Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		300,00
3.3. Vatnspétt talfæri		350,00
3.4. Hátalarasími		1 205,00
3.5. 2ja línu talfæri Siemens	7 270,00 ²⁾	625,00
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	3 660,00 ²⁾	449,00
3.7. Rítarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		520,00 ³⁾ 4)5)

Skýringar:

- 2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- 3) Á hvert talfæri.
- 4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- 5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.8. Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	6 505,00 ²⁾³⁾	555,00 ³⁾
3.9. Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	17 720,00 ²⁾	1 490,00
3.10. Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	3 115,00 ²⁾³⁾	330,00 ³⁾
3.11. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		545,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.12. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		650,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.13. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		860,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.14. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		1 050,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.15. Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri	12 390,00 ²⁾³⁾	1 065,00 ³⁾
3.16. Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 3 til 6 talfæri	8 980,00 ²⁾³⁾	765,00 ³⁾
3.17. Raðsímar, Reipos ⅔, 2 línur, 3 til 6 talfæri	8 400,00 ²⁾³⁾	745,00 ³⁾
3.18. Raðsímar, Reipos ⅔, 2 línur, 7 til 11 talfæri	12 895,00 ²⁾³⁾	1 120,00 ³⁾
3.19. Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		1 875,00 ³⁾
3.20. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 480,00 ²⁾	495,00
3.21. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	9 315,00 ²⁾	1 085,00
3.22. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	9 315,00 ²⁾	6 420,00
3.23. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	3 640,00 ²⁾	455,00
3.24. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð . . .	9 315,00	2 640,00
3.25. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	9 315,00	7 960,00
3.26. Tengingjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 1 300,00.		
3.27. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	27 930,00	555,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	44 870,00	1 110,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	66 220,00	1 665,00

Skýringar:

- Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- Á hvert talfæri.
- Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.4. L.M.E. 4+16	104 380,00	2 775,00
4.1.5. L.M.E. 5+30	106 830,00	4 855,00
4.1.6. L.M.E. 6+40	108 525,00	6 375,00
4.1.7. E.B. 6+30	108 790,00	4 990,00
4.1.8. ADG 101 8+40	254 400,00	6 655,00
4.1.9. ADG 101 16+80	334 775,00	13 310,00
4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX). Viðhald sjálfvirkra einkasímstöðva, sem stofnunin selur er skv. reikningi eða sérstöku rekstrargjaldi. Við sölu einkasímstöðvar skal greiða 1/3 hluta áætlaðs kostnaðargjalds þegar stöðin er pöntuð, 1/3 hluta þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		390,00
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		780,00
4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2. og öðrum einkasímstöðvum.		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá X. kafla.	6 470,00	
4.3.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	6 470,00	6 155,00
4.3.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	6 470,00	8 790,00
4.3.4. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	6 470,00	5 340,00
4.3.5. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	6 470,00	6 675,00
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	6 470,00	8 010,00
4.3.7. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.3.4.–4.3.6.		
4.3.8. Fyrir beinar innvalslínur í einkasímstöð er tekið gjald skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem gefin er út af póst- og símamálastjóra í samráði við ráðuneytið.		

5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símakerfið.

	Kr.
5.1. Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris	9 718,00
5.2. Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.	
5.3. Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota	485,00
Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.	

6. Flutningsgjald.

- | | |
|--|-----------------|
| 6.1. Milli húsa á sama símsstöðvarsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað | Kr.
3 855,00 |
| (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í). | |
| 6.2. Milli símsstöðvarsvæða | 4 770,00 |
| 6.3. Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnótandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma. | |
| 6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi. | |

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli símsstöðvarsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi. Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama símsstöðvarsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 1 980,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 460,00 ef 6–12 mánuðir líða á milli.

7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og óski að taka samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnótandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 4 330,00, enda beri nýi símnótandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.

Viðtökugjald lækkar í kr. 770,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra. Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Óski símnótandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 540,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

8. Græn símanúmer.

Rétthafi græns símanúmers greiðir meðallanglínugjald fyrir öll innkomandi símtöl, þ.e. 40 sek. skrefagjald á dagtaxta, 60 sek. á kvöldtaxta og 80 sek. á nætur- og helgartaxta.

- | | |
|--|-----------|
| | Kr. |
| 8.1. Stofngjald fyrir þjónustuna | 25 000,00 |
| 8.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi | 10 000,00 |

Upphringingum, sem koma inn á græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem notandi greiðir fyrir skv. gjaldskrá.

9. Sérþjónusta í stafræna símakerfinu.

1. Stofngjald.

Skráningargjald kr. 575 greiðist í hvert sinn, sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn. Vakning, liður 2.1., er undanskilin. Gjaldið greiðist einnig í hvert sinn, sem þjónusta er flutt á milli símanúmer við flutning.

2. Afnotagjald.

Fyrir þessa þjónustu er greitt ársfjórðungsgjald og/eða sérstakt noktunargjald þegar viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

- 2.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.
- 2.2. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 5 númer er kr. 138 á ársfjórðungi.
- 2.3. Símtalsflutningur.
 - a) Öll símtöl eru flutt.
 - b) Þegar númerið er upptekið.
 - c) Þegar ekki er svarað.Ekki er greitt afnotagjald fyrir þessa þjónustu en sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það teljaraskref samkvæmt 1.1.–1.3. í III. kafla eða 1.5. í IV. kafla.
- 2.4. Langlínulæsing. Afnotagjald fyrir hvorn eftirtalinnna kosta er kr. 138 á ársfjórðungi.
 - a) Föst læsing í stöð.
 - b) Læsing með lykilorði.
- 2.5. Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi.
- 2.6. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi:
 - a) Hringing samstundis.
 - b) Hringing eftir 6 sekúndur.
- 2.7. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
- 2.8. Samtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi.
- 2.9. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

10. Uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

11. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

12. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin selur greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi reglur:

1. Stofngjald.

Stofngjald fyrir sjálfvirkan síma er sama og í I. kafla.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð kr. 500,00.
- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutadeigandi oddvita.
- 3.4. Símnötendur eru að sjálfsgöðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.5. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsgöðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.
- 3.6. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
- 3.7. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþrótaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomu-
lagi.

III. KAFLI Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirk innanlands: Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1, 2, 3, \dots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	240 sek.
2	48 sek.
3	32 sek.

1.2. Kvöldtaxti er frá kl. 18.00 til kl. 23.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	480 sek.
2	72 sek.
3	48 sek.

1.3. Nætur og helgartaxti er frá kl. 23.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 23.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	480 sek.
2	96 sek.
3	64 sek.

- 1.4. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 1 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
2.1. Um 0– 10 km línulengd	18,00	6,00
– 10– 25 km línulengd	24,00	8,00
– 25–100 km línulengd	33,00	11,00
Yfir 100 km línulengd	39,00	13,00

Framanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
 2.4. Kvaðning kr. 24,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 53,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
 2.6. Boðsending: kr. 75,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 38,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.
 2.7. Handvirk vakning kr. 52,00. Föst vakning, pr. mánuð kr. 870,00.
 2.8. Gjald fyrir hringingar í 03 og 08 er 1 teljaraskref við svar og talning á 12 sek. fresti.

3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 3,15 fyrir hvert teljaraskref. Afgreiðslugjald er kr. 24,00.

4. Radiósímtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 24,00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 8,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
 4.2. Strandargjald kr. 54,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílu frá landi, en annars kr. 75,00 fyrir 3 mín. og kr. 18,00 eða kr. 25,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
 4.4. Aukapjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt III. kafla 2.
 4.5. Fyrir radiósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
 a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 b. Strandargjald.
 c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 d. Gjald fyrir aukapjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. III., kafla 2.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki kvöld-, nætur eða helgartaxtar eins og fyrir val innanlands.

IV. KAFLI

Gjaldskrá fyrir farsímanotendur.**1. Farsímaþjónusta.**

Í farsímaþjónustunni eru afgreidd sjálfvirk og handvirk símtöl. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

- 1.1. Stofngjald er kr. 8 470,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun númers.
- 1.2. Afnotagjald er kr. 1 100,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 1.3. Viðtökugjald án númeraskipta kr. 4 760,00, enda beri nýi símnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.
- 1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 690,00.
- 1.5. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,40 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.
- 1.6. Viðskiptagjald fyrir handvirka afgreiðslu er afgreiðslugjald og mínútagjald. Afgreiðslugjald er kr. 7,00 fyrir hvert símtal og mínútagjald er kr. 15,00 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

2. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

- 2.1. Læsing til útlanda.
 - 2.1.1. Stofngjald kr. 2 480,00.
 - 2.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 60,00.

3. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Notendum er gefinn kostur á upplýsingum um hvaða númer hringt er í, dagsetningu og tímalengd símtala, gegn greiðslu eftirfarandi gjalda:

- 3.1. Símtöl til útlanda.
 - 3.1.1. Stofngjald kr. 565,00.
 - 3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 205,00.
 - 3.1.3. Gjald pr. símtal kr. 1,15.
- 3.2. Öll símtöl.
 - 3.2.1. Stofngjald kr. 565,00.
 - 3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 205,00.
 - 3.2.3. Gjald pr. símtal kr. 1,15.

V. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.**1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.**

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 60,00 og kr. 3,25 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 195,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 21,00.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 26,00 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 70,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálftraðboðagjald kr. 97,50.

- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 60,00 og hálftr hradþoðagjald kr. 97,50. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalasjóð.
- 1.6. Afhending símskeyta.
 - 1.6.1. Venjulegt símskeyti: Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarstjóðvar ef hann óskar þess.
 - 1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleidis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
 - 1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
 - 1.6.4. Samúðarskeyti: Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
- 1.7. Hraðafhending símskeyta: Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðþoðagjaldi, kr. 195,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 21,00 að auki.
- 1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskkeyti.
 - 3.1.1. Gjald fyrir loftskkeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstjóðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstjóð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
 - a. Grunnjald fyrir hvert skeyti kr. 60,00.
 - b. Línugjald kr. 3,25 á hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 3,70 hvert orð.
 - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - e. Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda. Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskkeyti.
 - 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstjóðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstjóðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 26,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 19,00.
 - 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskkeyti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

- 4.1. Gjald fyrir sendingu.
 - 4.1.1. Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 140,00.
 - 4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til kl. 21.00 kr. 70,00.
 - 4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir móttöku.
 - 4.2.1. Símnefni á ári kr. 615,00.

4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 590,00.

4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 140,00.

5. Stöðvartelex.

5.1. Gjald fyrir sendingu.

5.1.1. Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 140,00.

5.1.2. Mínútagjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 53,00.

VI. KAFLI

Boðkerfi.

Í boðkerfinu eru afgreidd sjálfvirk boðköll til tón- og talnaboðtækja, auk þess er í boði ýmis sérþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

1. Boðkallsþjónusta.

1.1. Stofngjald er greitt fyrir hvert boðkallsnúmer, og greiðist það við úthlutun boðkallsnúmersins.

1.1.1. Stofngjald fyrir tónboðtæki: kr. 5 000,00.

1.1.2. Stofngjald fyrir talnaboðtæki: kr. 6 000,00.

1.2. Afnotagjald (ársfjórðungsgjald) greiðist fyrirfram fyrir hvert boðkallsnúmer. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir tónboðtæki: kr. 800,00.

1.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talnaboðtæki: kr. 1 000,00.

1.3. Viðtökugjald er kr. 4 330,00 enda ber nýi boðkerfisnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum. Innifalið í gjaldinu er breytingar á boðkallsnúmeri, sé þess óskað.

1.4. Skráningargjald fyrir breytt boðkallsnúmer er kr. 1 000,00.

1.5. Skráningargjald fyrir breytingar, kr. 500,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um eina eða fleiri breytingar á boðtækisnúmeri, aðgangsnúmeri og einstökum boðtækisnúmerum í hópalli.

Metið er hverju sinni hvort hægt sé að verða við óskum um breytingar.

1.6. Viðskiptagjald fyrir boðkall er skrefagjald, kr. 2,40 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.

2. Sérþjónusta í boðkallskerfinu.

2.1. Boðkerfisnotendum gefst kostur á að leigja svokölluð talhólf, sem geymsla fyrir töluð skilaboð. Hver skilaboð geta verið allt að 15 sek. löng, og rými er fyrir 6 skilaboð í hverju talhólfi. Skilaboðum er eytt sjálfkrafa eftir 24 stundir, hafi réttthafi talhólfsins ekki sjálfur eytt þeim áður.

Hægt er að senda boðkall í hvert skipti sem hringt er í talhólfsnúmerið, og gera réttthafa talhólfsins þannig viðvart þegar skilaboð til hans berast í talhólfið. Hlustað er á skilaboðin með því að hringja í talhólfsnúmerið (með tónvalsíma) og velja aðgangsnúmer.

2.1.1. Stofngjald fyrir talhólfsnúmer með aðgangsnúmeri: kr. 5 000,00.

2.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talhólfsnúmer: kr. 1 000,00.

- 2.1.3. Viðskiptagjald fyrir talhólf er skrefagjald, kr. 2,40 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.
- 2.2. Rétthafi talhólfsins getur, gegn greiðslu aukagjalds og með því að nota tónvalsíma, lesið inn eigið kynningarsvar – allt að 15 sek. langt. Kynningarsvarið er geymt, þar til rétthafi eyðir því eða les inn nýtt kynningarsvar. Allir, sem hringja í talhólfsnúmerið, heyra kynningarsvarið.
- 2.2.1. Stofngjald fyrir eigið kynningarsvar: kr. 2 500,00.
- 2.2.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 250,00.
- 2.3. Endurtekning boðkalls. Til þess að tryggja enn betur að boðkall greinist í boðtæki er hægt að endurtaka það sjálfvirkt (venjulega innan nokkurra sek.).
- 2.3.1. Stofngjald: kr. 1 000,00.
- 2.3.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 100,00.
- 2.4. Hópkall: Hægt er að senda boðkall til allt að 10 boðtækja í einu, með því að hringja í svokallað hópkallsnúmer. Þegar hringt er í hópkallsnúmerið eru öll boðtækin í hópnum kölluð upp í röð, á sjálfvirkan hátt. Boðtækin í hópnum hafa einnig eigið boðkallsnúmer, sem notuð eru ef koma á boðum til einstakra tækja í hópnum. Öll boðtæki innan hvers hóps verða að vera eins, þ.e. annað hvort öll tónboðtæki, eða öll talnaboðtæki.
- 2.4.1. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer: kr. 10 000,00.
- 2.4.2. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer, sé samtímis greitt stofngjald fyrir öll boðtækisnúmerin í hópnum: kr. 5 000,00.
- 2.4.3. Ársfjórðungsgjald fyrir hópkall: kr. 1 200,00.
- 2.4.4. Viðskiptagjald fyrir hópkall er skrefagjald, kr. 2,40 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.
- Áskilinn er réttur til þess að hafna ósk um hópkall að einhverju eða öllu leyti.

VII. KAFLI

Fjarritvélar.

1. Stofngjald.

	Kr.
1.1. Númer í telexstöð	14 200,00
1.2. Bæjarlína	3 550,00
1.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	38 920,00
1.4. Innbyggður endurgati	6 925,00
1.5. Innbyggður vélsendir	6 925,00
1.6. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	15 970,00
1.7. Afriðill	3 435,00
1.8. Tengipúlt	5 105,00
1.9. Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.10. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	3 435,00
1.11. Breyting á telexheiti	1 825,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	2 325,00
2.2.	Bæjarlína	595,00
2.3.	Venjuleg fjarrítvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega	15 260,00
	Venjuleg fjarrítvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
2.4.	Innbyggður endurgati	2 240,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	2 240,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	8 185,00
2.7.	Afriðill	1 825,00
2.8.	Tengipúlt	2 310,00
2.9.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarrítvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu sírstöðvar	6 505,00
3.2.	Frá húsi á svæði annarrar sírstöðvar	9 805,00
3.3.	Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiði notandi lagnir og tilheyrandi búnað sem setja þarf upp skv. kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
3.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

4. Gjald fyrir telexritanir.

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 2,40 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 6,00 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu fjarrítabúnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VIII. KAFLI

Gagnaflutningsnet.

Í almenna gagnaflutningsnetinu eru skiptistöðvar víðs vegar um landið. Gögn eru send um netið líkt og pakkar með heimilisfangi viðtakanda. Í skiptistöðvum eru gagnapakkararnir lesnir sundur og sendir áfram í rétta átt. Notendur verða ýmist tengdir stöðvunum með beinum línunum eða þeir geta valið línu með því að nota sjálfvirka símakerfið eins og þegar hringt er í síma. Hver notandi kaupir rétt til gagnaflutnings á tilteknum hámarkshraða. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200 ¹⁾	64 000
Stofngjald kr.	21 000,00	29 000,00	42 000,00	58 000,00	100 000,00

1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800 ¹⁾	9 600 ¹⁾	19 200 ¹⁾
Stofngjald kr.	12 200,00	14 500,00	16 400,00	19 100,00	21 800,00	25 500,00

1.1.3. Fyrir fjölrásanotkun á notandalínu greiðist 700,00 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

1.1.4. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með hringimótaldi, greiða skráningargjald en ekki stofngjald. Skráningargjaldið er 2 000 krónur.

1.1.5. Skráningargjald fyrir úthringigátt er 2 000 krónur.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200 ¹⁾	64 000
Ársfjórðungsgjald kr.	10 500,00	15 000,00	21 000,00	30 000,00	51 000,00 ²⁾

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800 ¹⁾	9 600 ¹⁾	19 200 ¹⁾
Ársfjórðungsgjald kr.	3 900,00	4 725,00	5 250,00	6 075,00	6 825,00	7 875,00

2.1.3. Ársfjórðungsgjald af tengingu við gagnanetið með hringimótaldi er 790 krónur.

2.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist 130 krónur á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).

- 2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.
- 2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 52 aurar.
- 2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:
- a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu 9,3 aurar
 - b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu 14,0 aurar
 - c) Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.4.), skal greiða kr. 1,45 á mínútu til viðbótar.
 - d) Fyrir notkun á úthringigátt í gagnanetinu skal greiða kr. 1,45 á mínútu til viðbótar.
- 2.2.3. Gjalddeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er:
- a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu 1,1 eyrir
 - b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu 2,2 aurar
- 2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:
- a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu 5 000 krónur
 - b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu 5 700 krónur
- Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

3. Viðtöku- og flutningsgjald.

- 3.1. Viðtökugjald fyrir fasttengda notendur er ½ stofngjald, háð hraða.
- 3.2.1. Flutningsgjald fyrir staðal X.25 er ½ stofngjald samkvæmt hraða 2400 b/s.
- 3.2.2. Flutningsgjald fyrir staðla X.3 og X.28 er ½ stofngjald samkvæmt hraða 300 b/s.

4. Skammtímatengingar.

Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna gagnaflutningsnetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:

- 4.1. Fyrir X.25-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 65 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 65 daga.
- 4.2. Fyrir X.3/X.28-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 55 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 55 daga.

1) Notendalínur fyrir grunnbands mótald sem eru takmarkaðar við svæði einnar sjálfvirkar símstöðvar (sjá X. kafla).

2) Fyrir 64 kb/s mótald hjá notanda greiðist til viðbótar ársfjórðungsgjald samkvæmt verðskrá.

IX. KAFLI

Gagnahólf.

Notendur tengjast kerfinu annað hvort með einkatölvu sem útstöð eða með tölvukerfi sem einkakerfi. Útstöð tengist Gagnahólfskerfinu (X.400) annað hvort með almenna gagnaflutningsnetinu eða sjálfvirka símakerfinu. Einkakerfi tengist gagnahólfskerfinu með almenna gagnaflutningsnetinu. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands. Gjald fyrir flutning milli landa er ákveðið hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

	Kr.
1. Stofngjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
1.1. Fyrir útstöð	3 000,00
1.2. Fyrir einkakerfi	15 000,00

2. Afnotagjald.

2. Ársfjórðungsgjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
2.1.1. Fyrir útstöð	1 000,00
2.1.2. Fyrir einkakerfi	5 000,00
2.2. Magngjald er tekið fyrir hverja byrjaða 1000 stafi.	
2.2.1. Sending á 1000 stöfum	5,00
2.3. Tímagjald er tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.	
2.3.1. Fyrir útstöð	3,00
2.4. Geymslugjald fyrir hverja 1000 stafi í sólarhring. Þó eru fyrstu 4000 stafirnir án gjalds. Þetta gjald á eingöngu við þá sem nota útstöð.	
2.4.1. Fyrir útstöð	0,40
2.5. Grunn gjald fyrir hvert sent skeyti.	
2.5.1. Fyrir útstöð	2,00
2.5.2. Fyrir einkakerfi	2,00
2.6. Gjald fyrir þjónustueiningar. Kerfið býður upp á ýmsar þjónustueiningar. Tekið er gjald fyrir eftirfarandi:	
2.6.1. Tilkygning um afhendingu	10,00

3. Sérþjónusta.

3.1. Sending á telexi.	
3.1.1. Gjald fyrir hvert sent telex	15,00
3.1.2. Gjald fyrir hverja senda 400 stafi	7,00
3.2. Sending á telefaxi.	
3.2.1. Gjald fyrir hvert sent telefax	15,00
3.2.2. Gjald fyrir hverja senda 1000 stafi	11,00

X. KAFLI

Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum:

Gerður er greinarmunur á langlínunum og notendalínunum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota.

Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Notkun.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver notkun þeirra er og flutningsgeta. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur fyrir gagnaflutning greinast sem hér segir:

1. flokkur. Línur sem tengja saman einkabúnað sama notanda á mismunandi stöðum. Orðið notandi tákna hér einstakling, fyrirtæki eða stofnun, sem starfar undir einu heiti. Línur milli fyrirtækja og dótturfyrirtækis eða milli fyrirtækis og sameiginlega fyrirtækis þess og annarra fyrirtækja falla ekki undir þennan flokk.

2. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda, einn í hvorum enda. Það er sett sem skilyrði fyrir leigumálanum að notandi sýni fram á að samtenging við þriðja aðila sé ekki tæknilega möguleg.

3. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda og eru notaðar til að veita aðgang að vinnslu í tölvu eða eru notaðar til að auka verðmæti gagna, sem verið er að flytja. Línur í þessum flokki eru einungis leigðar út að gerðum sérstökum leigusamningi þar sem kveðið er á um notkun línunnar. Ekki er hægt að fá leigðar línur í þeim tilgangi að annast samtengingu mismunandi notenda eins og gert er í skiptistöðvum.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur.

Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá, sem gildir, þegar hún er tekin á leigu að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd (sbr. gr. 2.1.9 og 2.1.10).
- 1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfis km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

	Gjald fyrir hvern km	
	2ja víra	4ra víra
	Kr.	Kr.
2.1.1. Tallína.	672,00	1 071,00
2.1.2. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s	762,00	1 216,00
2.1.3. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 48–64 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda.		3 000,00
		1 216,00
2.1.4. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 2 Mb/s. Lágmarksgjald er fyrir 5 km.		15 660,00
2.1.5. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s.	847,00	1 351,00
2.1.6. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 48–64 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda.		3 300,00
		1 351,00
2.1.7. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 2 Mb/s. Lágmarksgjald er fyrir 5 km.		18 792,00
2.1.8. Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu.	2 765,00	3 100,00
2.1.9. Stafræn dagskrárlína fyrir mónico hljóðvarp. Óháð lengd kr. 46 140,00 og að auki fyrir hvern km.		921,00
2.1.10. Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 76 900,00 og að auki fyrir hvern km.		1 535,00
2.1.11. Fjarstýringarlína.	672,00	1 071,00
2.1.12. Ritsímalína í tónritsíma.		350,00
2.1.13. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.11. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línur innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.		
2.1.14. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.		
2.1.15. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki. Gjaldið fer samkvæmt 2.1.5, 2.1.6 eða 2.1.7 eftir hraða en að auki greiðist magngjald samsvarandi 8 mínútna notkun á dag á mesta hraða, sem tilgreindur er í 2.1.5 eða 2.1.7 eftir því sem við á og á taxa, sem gildir innan stöðvarsvæðis í gagnaflutninganetinu.		

- 2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur eru sem hér segir:
- 2.2.1. Fyrir tallínu milli einkabúnaðar notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð er gjaldið kr. 20 360,00 fyrir hvern endapunkt og útgangspunkt og kr. 215,00 fyrir hvern km. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símakerfinu milli viðkomandi endapunkta. Línur samkvæmt þessum lið má ekki nota til að tengja einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.
- 2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samsvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.
- 2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0 – 4800	1	1.1
A2	4801 – 9600	1.3	1.43
A3	9601 – 19200	1.6	1.76
A4	48000 – 64000	2.5	2.75
A5	2 Mbit/s	25	27.5

- 2.2.4. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki greiðist eins og fyrir 1. flokk en að auki magngjald, sem samsvarar 8 mínúta notkun á dag á hæsta hraða, sem tilgreindur er í flokki A1 til A5 eftir því sem við á og á taxa, sem gildir milli stöðvarsvæða í almennu gagnaflutningsnetinu.
- 2.2.5. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0.22
B2	75	0.22
B3	100	0.24
B4	300	0.33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

- 2.2.6. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal, skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.
- 2.2.7. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

Flokkur	Bandbreidd (KHz)	Stuðull
C1	3	1
C2	15	1.4
C3	2x15	2.8

- 2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma. Þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfum er tekið lágmarksgjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. nema fyrir línur skv. 2.1.9. og 2.1.10., en fyrir þær er þetta gjald 1/4 af ársfjórðungsgjaldi af notendakerfishlutanum sem eingöngu er háður lengd. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar er síðan tekið gjald, sem er 1/30 af ársfjórðungsgjaldinu.
- 3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfinu er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2. og innifelur það allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar er síðan tekið gjald, sem er 1/30 af ársfjórðungsgjaldinu.

XI. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

XII. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 625,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 155,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XIII. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 185,00. Sé auk aðalsímotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 315,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímotendur geta ekki öðlast aðalsímotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

	Kr.
3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	315,00
3.2. Aukanafn í skrá	315,00
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	185,00
3.4. Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 315,00 + 315,00	630,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

- 4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.
Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.
- 4.2. Skrásetning gegn borgun.
Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 185,00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 315,00. Auglýsingalína kostar kr. 185,00.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XIV. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.**1. Radióeftirlitsgjöld.**

- Gjöld vegna radiótækja skulu vera sem hér segir:
- 1.1. Fyrir milli-, stutt-, metra- og desimetrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar fyrir þjónustu við farartæki).
- 1.1.1. Leyfisbréfgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)
- Kr.
650,00
- 1.1.2. Árlegt eftirlitsgjald senda, þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött 1 435,00
- 1.1.3. Eftirlitsgjald vegna aukaskoðunar senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött, sem voru ekki í lagi við aðalskoðun eða vegna verulegra breytinga á búnaði
- 930,00
- Ferðakostnaður greiðist að auki eftir reikningi.
- 1.1.4. Leyfisbréfgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)
- 310,00
- 1.1.5. Árlegt eftirlitsgjald senda, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna
- 940,00
- 1.1.6. Eftirlitsgjald vegna aukaskoðunar senda þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna, sem voru ekki í lagi við aðalskoðun eða vegna verulegra breytinga á búnaði
- 615,00
- Ferðakostnaður greiðist að auki eftir reikningi.

1.2.	Fyrir hverja talstöð á milli-, stutt- og metra- og desimetrabylgju, sem einungis eru skoðaðar eftir ósk eiganda eða af gefnu tilefni (sjá einnig 1.4).	
1.2.1.	Leyfisbréfgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	310,00
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir handtalstöðvar á skipa- og flugvélatíðnum	1 500,00
1.2.3.	Árlegt starfrækslugjald fyrir aðrar stöðvar	390,00
1.3.	Farsímar og handvirkir bílasímar.	
1.3.1.	Leyfisbréfgjald er innifalið í stofngjaldi.	
1.3.2.	Starfrækslugjald er innifalið í afnotagjaldi.	
1.4.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.4.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	710,00
1.4.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	575,00
1.4.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	480,00
1.4.4.	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	335,00
1.4.5.	Stöðvarleyfi fyrir almenningstalstöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna (gildir í 5 ár, starfsleyfi þarf ekki)	465,00
1.4.6.	Bráðabirgðaleyfi útlendinga	335,00
1.5.	Fyrir útvarpsstöðvar (hljóðvarp og sjónvarp).	
1.5.1.	Leyfisbréfgjald fyrir senda með sendiafl fyrir 1 kílówatt eða yfir (gildir lengst í 3 ár)	2 320,00
1.5.2.	Leyfisbréfgjald fyrir senda með sendiafl minna en 1 kílówatt og endurvarpsstöðvar (gildir lengst í 3 ár, sjá þó 1.5.3.)	1 160,00
1.5.3.	Leyfisbréfgjald fyrir endurvarpsstöðvar með sendiafl minna en 150 milliwött, sem settar eru upp fyrir sveitabæi (gildir í 3 ár)	380,00
1.6.	Ýmis gjöld.	
1.6.1.	Leyfisbréfgjald amatöra með upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	610,00
1.6.2.	Leyfisbréfgjald amatör-nýliða ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár)	310,00
1.6.3.	Gjald fyrir bráðabirgðaleyfi útlendra amatöra (gildir í 6 mánuði nema um sé að ræða samfellda dvöl þá er gildistími 1 ár)	310,00
1.6.4.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	310,00
1.6.5.	Leyfisbréfgjald vegna radiósenda fyrir fjarstýringar	220,00
1.6.6.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	505,00
1.6.7.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	255,00
1.6.8.	Innsigliðgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	670,00

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

2.1.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt	14 550,00
2.2.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0,5 watt eða minna	7 280,00
2.3.	Gjald fyrir prófun á einstökum talstöðvum, sem fluttar eru inn af einstaklingum til eigin nota	1 705,00
2.4.	Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.	
2.5.	Gjald fyrir prófun eða athugun á einstökum radiótækjum, sem einstaklingar flytja inn til eigin nota	730,00

- 2.6. Gjald fyrir forkönnun á eiginleikum talstöðva og annarra radiótækja 2 425,00
 2.7. Viðvíkjandi reglum um viðurkenningu radiótækja og tegundaprófun sjá reglur nr. 322/1985, sem samgönguráðuneytið hefur gefið út.

3. Viðskiptagjöld.

- 3.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla III. 4. hér að framan.
 3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3. hér að framan.
 3.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

	Kr.
Fyrir 1–5 báta	140,00
Fyrir 6–15 báta	255,00
Fyrir 16–30 báta	365,00
Fyrir 31 bát og fleiri	490,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

- 3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 255,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
 3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
 3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 490,00.
 3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvarþjónustunni til annars gjaldsvæðis í síma-kerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 70,00.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	255,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	385,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	515,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	700,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

- 5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- 5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 5.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 5.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neydartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en enduroppnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.

- 5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 5.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegunda-prófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.
- 5.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnunum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
- 5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

XV. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{2}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00–08:00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. III. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XVI. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símataækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símataækjum og símalögnum.

- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu slitni, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutadeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsplitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma gegn greiðslu afnotagjalds.
- 1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálstjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar miðstöðvar og fjarritvélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
- 1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjald er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 870,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 155,00 fyrir lokun og enduroppnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símsstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XVII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. nóvember 1990. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. nóvember 1990 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 287 13. júní 1989, nr. 486 11. október 1989 og nr. 321 18. júlí 1990.

Samgönguráðuneytið, 8. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um skráningu Gammatox (lindans).

1. gr.

Útrýmingarefnið Gammatox sem inniheldur 19,5% w/w og koparsúlfat 52% w/w, sbr. reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra er hér með sett í hættuflokk A skv. 4. gr. sömu reglugerðar.

2. gr.

Notkun efnisins er aðeins leyfð við böðun sauðfjár gegn óprifum (lús og kláðamaur) skv. fyrirmælum héraðsdýralækna. Héraðsdýralæknum er einum heimilt að dreifa efninu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. október 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ fyrir pósthjónustu. Gildir frá 1. nóvember 1990.

TEGUND SENDINGAR	Pyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. kr.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. kr.	¹⁾ Flug- burðar- gj. kr.	Alm. burðar- gj. kr.	¹⁾ Flug- burðar- gj. kr.	Alm. burðar- gj. kr.	¹⁾ Flug- burðar- gj. kr.
Hámark stærðar og þyngdar								
Bréf.	20	25	25	²⁾	30	²⁾	30	45
Hámarksstærð:	100	30	30		75		75	125
Lengd + breidd	250	55	55		150		150	325
+ þykkt 900 mm.	500	90	90		285		285	595
Mesta lengd 600 mm.	1000	150	320		490		490	1160
Í ströngum:	2000	210	800		800		800	2215
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				²⁾		²⁾		
Mest 105 × 148 mm.		25	25		25		25	30
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	25	25	25	25	25	25	30
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	30	30	30	35	40	35	65
Hámarksþyngd 2 kg.	250	55	55	55	60	70	60	145
Bækur þó 5 kg.	500	90	90	90	110	150	110	270
Burðargjald fyrir prent	1000	150	150	270	185	310	185	535
yfir 1000 g til Norðurl.	2000	210	260	480	260	480	260	1060
er sama og fyrir	3000	320	390	785	390	785	390	1375
„Önnur lönd.“	4000	440	520	1090	520	1090	520	1690
	5000	535	650	1395	650	1395	650	2005
Smápakkar.	100	30	30	30	35	40	35	65
Stærð sama og bréfa.	250	55	55	55	60	65	60	145
Hámarksþyngd 2 kg.	500	90	90	90	110	150	110	270
	1000	150	150	270	185	310	185	535
	2000 ^{e)}	210	260	480	260	480	260	1060
Innrituð blöð og tímarit.								
Innritunargjald 16935 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.								
(minnst 50 eintök til hvers í einu).	hver							
Hámarksþ. 20 kg.	500	23						
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald:	20	6,10						
500 eint.	100	6,80						
Hámarksþyngd	250	11,90						
500 g hvert eintak.	300	18,10						
	500	30,10						

- ¹⁾ Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.
²⁾ Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.
³⁾ Umsókn um gjaldeyrisyfirfærslu (ebl. 509) útfyllist við allar greiðslur til útlanda.
⁴⁾ Til útlanda bætist við gjald fyrir símskeyti til viðkomandi lands.
⁵⁾ Póststöðvar gefa upplýsingar um þau lönd sem pósthjón og/eða póstaðisnáviðskipti eru við.
⁶⁾ Ekki til allra landa. Nánari upplýsingar veita pósthjónvar.
⁷⁾ Innifalinn er 24,5% virðisaukaskattur vegna sendingar innanlands.

Greiðsla skaðabóta pósthjónarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

- Verðbréf og -böggla: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
- Ábyrgðarsendingar og almennir böggla: a. allt að 1350 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 15.485 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

TEGUND SENDINGAR	Innan-lands	Norður-lönd	Önnur lönd ^{*)}	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald krónur		
Póstgíröþjónusta¹⁾ (Hámarksupphæð ótakmörkuð)	Burðar-gjald krónur	Burðar-gjald krónur	Burðar-gjald krónur	Almennir bögglar (innanlands):	Pyngdar-mörk kg	Alm. bögglar krónur ²⁾	Rúmfr. broth. krónur ³⁾
Innborganir (ókeypis á eigin reikning)	42	42	50	Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd			
Millifærslur á milli póstgíróreikninga	ókeypis	ókeypis	ókeypis	20 kg mest. Lengd + mesta ummál 3 m.	5	290	430
Útborganir (ókeypis í eigin hendur) . . .	67	67	75	Mesta lengd 1.50 m.	10	375	565
				Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	15	565	845
					20	755	1130
Póstávisanir⁴⁾ Hámarksupphæð 200 000 kr. innanlands. Um hámarksupphæð póstávisana til útlanda veita póststöðvarnar upplýsingar				Verðbréf.			krónur
a) almennar póstávisanir	65	65	75	Burðargjald sendingar eftir tegund.			85
b) símapóstávisanir	250	65 ⁵⁾	75 ⁵⁾	Skrásetningargjald			85
				Tryggingargjald.			85
				Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna			85
Póstkröfur Hámarksupphæð innanlands sama og póstávisana (200 000 kr.). Með innborgun á póstgíróreikning er hámarksupphæð ótakmörkuð. Burðargjald sendingar eftir tegund.				Verðböggla.			krónur
Bréfapóstkrufa:				Burðargjald sendingar eftir tegund.			105
a) Með póstávisun	110	110	120	Skrásetningargjald ⁶⁾			105
b) Með innborgun á póstgíróreikning	75	75	110	Tryggingargjald.			85
Bögglaþóstkrufa:				Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna			85
a) Með póstávisun	130 ⁷⁾	110	120	Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.			
b) Með innborgun á póstgíróreikning	95 ⁸⁾	75	110				

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald 85 krónur

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 65 krónur.
Skiptiverð í frímerkjum 30 krónur.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 50 krónur.

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu 50 krónur

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: 120 krónur.

Tollmeðferð böggla: 120 krónur.

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús).
Þar sem daglegur útburður er 195 krónur

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 35 krónur.

Geymslugjald böggla: 80 krónur á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

Móttökukvittun 35 krónur

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Útanlands og innan 35 krónur.

Talning í verðbréfi innanlands: 50 krónur hver sending.

PÓSTFAX-ÞJÓNUSTA

a) Frá póststöð til póststöðvar	245 krónur fyrsta síða
	125 krónur hver viðbótarsíða
b) Frá einkatæki til póststöðvar	155 krónur fyrsta síða
	80 krónur hver viðbótarsíða
c) Frá póststöð til tækis í einkaeign	190 krónur fyrsta síða
	105 krónur hver viðbótarsíða

Pósthólfaleiga: Ársleiga eftir stærð: 490, 615 og 745 kr. Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

TEGUND SENDINGAR

FORGANGSPÓSTUR – EMS Innanlands:	Þyngdar- mörk kg	Burðar- gjald krónur ⁷⁾	Þyngdar- mörk kg	Burðar- gjald krónur ⁷⁾
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + mesta ummál 3 m.	0,250	1735	10	3535
Mesta lengd 1,50 m.	1	1870	11	3720
Um burðargj. fyrir forgangspóst til útlanda veita pósthúsin upplýsingar	2	2055	12	3905
	3	2240	13	4090
	4	2425	14	4275
	5	2610	15	4460
	6	2795	16	4645
	7	2980	17	4830
	8	3165	18	5015
	9	3350	19	5200
			20	5385

Faxkröfujónusta 290 krónur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 19. gr. póstlaga nr. 33/1986 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórns og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. nóv. 1990. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthjónustu nr. 402 frá 18. ágúst 1989.

Samgönguráðuneytið, 8. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

5. október 1990

Nr. 399

REGLUGERÐ

um kaup og sölu lyfja í heilidsölu.

1. gr.

Sala bóluæfnis til ónæmisadgerða, flúortaflna og flúorlausna.

Lyfjaverslun ríkisins er heimilt að selja sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, læknastöðvum, læknum, tannlæknum og dýralæknum bóluæfni til ónæmisadgerða skv. lögum um ónæmisadgerðir nr. 38/1978, með síðari breytingum svo og flúortöflur og flúorlausnir til tannverndar.

2. gr.

Sala annarra lyfja í heilidsölu.

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að kaupa lyf í heilidsölu:

- þeir sem hafa heimild til smásölu lyfja,
- sjúkrahús, sbr. 3. gr.,
- heilsugæslustöðvar, sbr. 3. gr.,
- læknastöðvar, sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins til sjúkrahússreksturs í samræmi við 26. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum, sbr. 3. gr.,

- e) lækna, tannlækna og dýralækna, sbr. 5. gr.,
- f) tilraunastofnanir, sem leyfi hafa til tilrauna með lyf, sbr. 6. gr.,
- g) veiðistjóri og aðrir, skv. reglugerð nr. 100/1973 með síðari breytingum um eyðingu svartbaks og hrafns, sbr. 7. gr.

3. gr.

Nánar um sölu annarra lyfja í heildsölu til sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og lækna­stöðva.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og lækna­stöðvum, sbr. staflíði b)-d) í 2. gr. önnur lyf en þau sem nefnd eru í 1. gr. enda hafi þessar stofnanir í þjónustu sinni lyfjafræðing, er hefur umsjón með og ber ábyrgð á öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra innan stofnunarinnar. Starf lyfjafræðings við stofnunina getur tengst öðru starfi hans, t.d. við lyfjabúð eða lyfjaútibú í umdæminu. Umfang starfs lyfjafræðings fer eftir starfi stofnunarinnar. Stofnun skv. staflíðum b)-d) í 2. gr. er og heimilt að gera þjónustusamning við lyfjabúð umdæmisins, sbr. 9. gr.

4. gr.

Hlutverk lyfjafræðinga á stofnunum sem hafa heimild til að kaupa lyf í heildsölu.

Hlutverk lyfjafræðinga á stofnunum sem hafa heimild til að kaupa lyf í heildsölu er:

1. að panta öll lyf til stofnunarinnar,
2. að taka við og ganga frá lyfjasendingum til stofnunarinnar,
3. að færa allar tilskipaðar skrár varðandi lyfin,
4. að vera ábyrgur fyrir rétttri geymslu og meðferð lyfjanna á stofnuninni,
5. að sjá til þess að ekki séu í notkun fyrnd lyf á stofnuninni,
6. að afgreiða lyf á deildir stofnunarinnar,
7. að veita læknum, hjúkrunarliði og öðru starfsfólki stofnunarinnar upplýsingar og ráð varðandi notkun, geymslu og aðra meðferð lyfja,
8. að veita læknum og öðru ráðandi starfsfólki stofnunarinnar aðstoð við rétt og hagkvæmt lyfjaval.

5. gr.

Lækna, tannlækna og dýralækna.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja læknum, sem jafnframt hafa heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til reksturs lyfjasmásölu, önnur lyf en þau er um getur í 1. gr., enda þótt þeir hafi ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni.

Lyfjaheildsölum og Tilraunastöðinni að Keldum er heimilt að selja héraðsdýralæknum dýralyf önnur en þau er um getur í 1. gr. enda þótt þeir hafi ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni.

Lyfjaheildsölum er einungis heimilt að selja tannlæknum flúortöflur og flúorlausnir til tannverndar.

6. gr.

Tilraunastofnanir, sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

Rannsóknastofur, sem gera rannsóknir á lyfjum, geta sótt um sérstaka heimild til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til kaupa í heildsölu á einstaka nafngreindum lyfjum, sem nota þarf í rannsóknastarf, án þess að rannsóknastofan hafi lyfjafræðing í þjónustu sinni.

7. gr.

Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans.

Lyfjaverslun ríkisins er heimilt að selja veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og öðrum skadlegum mávategundum. Til þess

að kaup geti farið fram skal liggja fyrir gilt leyfisskírteini frá hlutaðeigandi lögreglustjóra til heimildar notkunar lyfjanna.

8. gr.

Leyfi til að kaupa lyf í heilðsölu.

Aðilar þeir, sem taldir eru upp í 2. gr. staflidum b)-g), og vilja fá leyfi til að kaupa lyf í heilðsölu, önnur en þau sem 1. gr. nefnir, skulu sækja um slíkt leyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Í umsókninni skal koma fram með hvaða hætti umsækjandi telur sig fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar fyrir umræddu leyfi.

Lyfjaeftirlit ríkisins skal árlega gefa út skrá þar sem upp eru taldir þeir aðilar sem heimild hafa til að kaupa lyf í heilðsölu, önnur en þau sem um getur í 1. gr. reglugerðarinnar.

9. gr.

Eftirlit.

Allir sem kaupa lyf í heilðsölu og hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni falla undir eftirlit lyfjaeftirlits ríkisins og er þar með skylt að greiða árlegt lyfjaeftirlitsgjald skv. gildandi reglugerð hverju sinni. Þetta gildir þó ekki ef stofnun hefur gert þjónustusamning við lyfjabúð umdæmisins. Í þeim tilvikum verður eftirlit með lyfjabirgðum stofnunarinnar hluti af hefðbundnu eftirliti með viðkomandi lyfjabúð.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 61. gr. laga nr. 76/1982 um lyfjadreifingu, tekur gildi frá og með 1. janúar 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnanir, sem fengið hafa bráðabirgðaleyfi til að kaupa lyf í heilðsölu skulu tilkynna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 1. desember 1990 hver sé starfandi lyfjafræðingur við stofnunina eða við hvern hafi verið gerður þjónustusamningur, sbr. 3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. október 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr.
laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 515 884.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 37 130.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1990 og gildir til jafnlangdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. september 1990 staðfest uppdrátt er sýnir breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar, 12. maí 1987.

Breytingin tekur til landnotkunar á hluta óbyggðs svæðis merktu F-3 í Urriðavatnsdölum sem verður nú opið svæði frátekið fyrir golfvöll merkt ÍP-5.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir: Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri.

Stofnendur eru Landssamtök hjartasjúklinga, Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar og nágrennis og Samband ísl. berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS).

2. gr.

Stofnfé eru eftirtalin framlög stofnenda, og skal það haldast óskert.	Kr.
Landssamtök hjartasjúklinga	122 000,00
Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar og nágrennis	122 000,00
Samband ísl. berkla- og brjóstholssjúklinga	122 000,00

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar aðrar en stofnfé skv. framangreindu.

3. gr.

Heimili og varnarþing er á Akureyri.

4. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að veita hjarta- og lungnasjúklingum eftirfarandi þjónustu:

- Endurhæfingu í beinu framhaldi af dvöl á sjúkrahúsi og/eða Vinnuheimilinu á Reykjalundi skv. tilvísun lækna.
- Almenna framhaldsendurhæfingu, þar sem fyrrverandi sjúklingum gefst kostur á viðhaldsþjálfun skv. æfingakerfum í samræmi við getu þeirra.
- Ráðgjafar- og upplýsingaþjónusta um hjarta- og lungnasjúkdóma svo og lifnaðarhætti, mataræði, réttindi sjúklinga og fl.

5. gr.

Tekjustofnar stofnunarinnar eru:

- a) Þóknun fyrir þjónustu þá, sem nefnd er í 4. grein.
- b) Gjafir og styrktarfé frá stofnendum.
- c) Önnur framlög, sem veitt er viðtöku eða aflað.
- d) Vextir af stofnfé.

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar skipa 15 menn og eru þeir þannig valdir: Stofnaðilar tilnefna hver fyrir sig þrjá menn og einn til vara, til tveggja ára í senn. Stjórnnum Fjórðungssjúkrahússins og Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri skal boðið að tilnefna einn mann hvorum til setu í ráðinu til 2ja ára í senn. Sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna á Akureyri skal boðið að tilnefna úr sínum hópi 3 menn til setu í ráðinu til 2ja ára í senn. Starfsmannafélagi Akureyrar STAK, skal boðið að tilnefna einn mann til setu í ráðinu til tveggja ára í senn.

7. gr.

Fulltrúaráðið kys sér formann til tveggja ára í senn. Hann boðar fundi í því og stjórnar þeim. Boða skal til funda á sannanlegan hátt með viku fyrirvara. Varamenn skal boða til funda, ef um kunn forföll aðalmanna er að ræða.

Fundir eru lögmatir ef minnst helmingur fulltrúa mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála á fundum ráðsins. Framkvæmdastjórnarmenn eiga sæti á fundum fulltrúaráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúaráðið skal hafa eftirlit með því að framkvæmdastjórn stofnunarinnar starfi samkvæmt lögum og í samræmi við skipulagsskrá þessa. Það getur sett almennar reglur um starfstilhögun og rekstur stofnunarinnar innan ramma skipulagsskrár þessarar.

Veita skal ráðinu aðgang að skjölum og gögnum varðandi rekstur stofnunarinnar.

8. gr.

Aðalfund fulltrúaráðs skal halda fyrir 31. maí ár hvert.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- a) Skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemina.
- b) Endurskoðaða reikninga stofnunarinnar, sem stjórnin leggur fram.
- c) Kosningu framkvæmdastjórnar og varamanna til þriggja ára í senn, ef ráðið óskar þess. Aukafund skal halda þegar framkvæmdastjórnin óskar þess eða fimm fulltrúar hið fæsta.

9. gr.

Fulltrúaráð kys hlutbundinni kosningu framkvæmdastjórn stofnunarinnar, sem skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Má enginn þeirra vera jafnframt í fulltrúaráðinu.

Fulltrúaráðið kys formann stjórnarinnar sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Varamenn skal jafnan boða á fundi stjórnarinnar og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna. Stjórnin er ályktunarfær, ef meirihluti hennar mætir.

Gerðabók skal haldin á stjórnarfundum.

10. gr.

Framkvæmdastjórn ber að starfa samkvæmt skipulagsskrá þessari og lögum nr. 19 frá 1988. Verkefni hennar er:

- a) Að stjórna stofnuninni í samræmi við almennar reglur fulltrúaráðsins, sbr. 7. gr.
- b) Að ráða starfsfók og segja því upp, ákvarða laun þess og önnur starfskjör.
- c) Að veita prókúru.
- d) Að sjá um fjármál og annast framkvæmdir.

- e) Að sjá um reikningshald og reikningssskil og ráða löggiltan endurskoðanda reikninga stofnunarinnar.
- f) Að fara með öll önnur störf, sem eðlilegt eða nauðsynlegt er að taka ákvarðanir um eða framkvæma á vegum stofnunarinnar.

11. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari, ef meirihluti fulltrúaráðs samþykkir það á aðalfundi. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á breytingunni.

Heimilt er að leggja stofnunina niður, ef meirihluti fulltrúaráðs tekur ákvörðun um það á fundi, sem boðaður hefur verið um það mál. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra fyrir því.

Eignum stofnunarinnar skal þá varið til starfsemi í þágu hjarta- og lungnasjúklinga eftir ákvörðun meirihluta fulltrúaráðsins.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. september 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónasar Sigurbjörnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónasar Sigurbjörnssonar. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum til minningar um Jónas Sigurbjörnsson, Sunnuhlíð 4, 603 Akureyri. Jónas var fæddur 24. ágúst 1950 og lést 7. júlí 1989.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Samherja hf. og Ísbergs ltd. að fjárhæð kr. 365.000. Stofnfé má ekki skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar skíðamönnum á Akureyri, svo sem með því að styrkja þá til náms í íþrótt sinni eða útvega þeim kennslu eða námsaðstöðu. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita til þessa fé úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 5. gr. þegar henni þykir ástæða til og er æskilegt að umsóknir um styrkveitingu berist fyrir 1. desember og 1. apríl ár hvert.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir af fé hans,
- b) árleg framlög og aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita á hverjum tíma þá upphæð sem hún telur sér fært að veita án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skal einn þeirra tilnefndur af ættingjum Jónasar heitins, tveir fulltrúar skíðamanna tilnefndir af Skíðaráði Akureyrar, einn fulltrúi Skíðaráðs Akureyrar og einn fulltrúi fyrirtækjanna Samherja og Ísbergs. Tilnefningar gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1992.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu vera endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, er skipaðir séu af Skíðaráði Akureyrar, Samherja og Ísbergi. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi ef tök eru á því. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri eða annarri ríkis-tryggðri stofnun, með sem hagstæðustu kjörum. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann, enda sé sjóðurinn í ábyrgð sjóðsstjórnar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skal fé hans renna óskipt til Skíðaráðs Akureyrar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. september 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. bann við bílastæðum á Ránargötu að norðanverðu gengt City Hótelu með undanþágu fyrir hópferðabíla og leigubíla,
 2. að bann við vinstri beygju af Snorrabraut austur Hverfisgötu verði afnumið.
- Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 1990.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. október 1990.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

fyrir Háskólann á Akureyri.

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslustofnun. Hann skal veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum í atvinnulífnum og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Stjórn.

A. Almenn ákvæði um starfssvið rektors, háskólanefndar, forstöðumanna deilda, skrifstofustjóra og bókavörðar.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólanefnd og rektor. Háskólanefnd hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu háskólans. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum háskólans og hefur daglegt eftirlit með rekstri hans, kennslu og annarri starfsemi.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Forstöðumaður deildar hefur yfirumsjón með kennslu, námsskrágerð deildar, svo og gerð stundaskrár og próftöflu, og hefur eftirlit með útvegum námsbóka, handbóka og annarra gagna. Hann hefur einnig umsjón með málum sem snerta rannsóknir deildar.

Forstöðumaður boðar til deildarfunda og stjórnar þeim. Hann gerir í samvinnu við skrifstofustjóra fjárhagsáætlanir fyrir deild sína.

4. gr.

Skrifstofustjóri er yfirmaður á skrifstofu. Hann er rektor til aðstoðar við daglega starfsemi, stjórnun og skipulag og hefur umsjón með fjárreiðum háskólans í umboði rektors.

5. gr.

Bókavörður hefur yfirumsjón með bókasafni og lesstofum háskólans. Hann er ábyrgur gagnvart rektor og háskólanefnd. Bókavörður gerir fjárhagsáætlanir fyrir bókasafnið í samvinnu við forstöðumenn deilda og skrifstofustjóra. Bókavörður hefur bókasafnsnefnd sér til ráðuneytis.

Bókavörður og bókasafnsnefnd annast og gera tillögu um uppbyggingu bókasafns, þjónustu þess og myndun tengsla milli bókasafns og notenda. Í bókasafnsnefnd skulu eiga sæti bókavörður, einn fulltrúi frá hverri deild, kosinn á deildarfundi, og einn fulltrúi nemenda tilnefndur af Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri.

B. Um ráðningu rektors, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans.

6. gr.

Rektor er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára. Skal staðan auglýst og leitað umsagnar háskólanefndar um umsækjendur. Heimilt er að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

Hæfni umsækjanda um rektorsembætti skal metin eftir vísinda- og útgáfustörfum hans, ferli hans sem háskólakennara, stjórnunarreynslu og öðrum störfum sem á einhvern hátt lúta að háskólastjórn og æðri menntun. Falli rektor frá eða láti af störfum áður en embættistími hans er liðinn, skal aldursforseti meðal forstöðumanna deilda gegna rektorsembætti þangað til ráðið hefur verið í það embætti samkvæmt lögum.

7. gr.

Að loknu fyrsta skipunartímabili forstöðumanna deilda, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1988, skal forstöðumaður hvernar deildar kjörinn á deildarfundi, og skal hann fullnægja hæfniskröfum sem gerðar eru til fastráðinna kennara við háskólann sbr. 16. gr. Háskólanefnd staðfestir tilnefningu deildarinnar og ræður forstöðumann til þriggja ára.

Falli forstöðumaður deildar frá skal aldursforseti úr hópi fastráðinna kennara gegna starfi forstöðumanns þangað til ráðið hefur verið í embættið að nýju samkvæmt lögum. Í tímabundinni fjarveru forstöðumanns skipar háskólanefnd staðgengil.

Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókaforstjóra að fengnum tillögum háskólanefndar.

Rektor ræður annað starfslið við stjórnarsýslu og rektur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

C. Háskólanefnd, skipan hennar, starfssvið og starfshættir.

8. gr.

Háskólanefnd skal þannig skipuð:

- a. Rektor, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
- b. Forstöðumenn deilda háskólans.
- c. Einn fulltrúi lausráðinna kennara, kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.
- d. Tveir fulltrúar nemenda, kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
- e. Skrifstofustjóri á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

9. gr.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar ef tveir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors. Færa skal til bókar ákvarðanir háskólanefndar.

10. gr.

Háskólanefnd skipar, sbr. 16. gr. í dómnefndir um stöduveitingar lektora, dósentar og prófessora við háskólann.

Sæki háskóladeild um hækkun lektors í stöðu dósents eða um hækkun dósents í stöðu prófessors, ber háskólanefnd að sjá svo til að slíkar umsóknir sæti þeirri meðferð sem kveðið er á um í lögum um dósents- og prófessorsembætti við Háskólann á Akureyri, sbr. 17. gr.

11. gr.

Háskólanefnd kveður á um skipulagningu nýrra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra og fjallar um áætlaðar framkvæmdir við háskólann, sbr. 13. gr. Ennfremur tekur nefndin endanlega afstöðu til innritunarbeiðna nemenda sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, en hafa starfsreynslu eða annars konar óformlega þjálfun.

12. gr.

Háskólanefnd hefur, í samráði við rektor, umsjón með að árbók háskólans komi út.

Í árbók háskólans skal vera skýrsla um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því sem háskólinn hefur haft til umráða svo og um málefni nemenda.

III. KAFLI.

Kennarar og deildir háskólans.*A. Deildir háskólans.*

13. gr.

Í Háskólanum á Akureyri eru heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Tvær brautir eru við rekstrardeild, iðnrekstrarbraut og rekstrarbraut.

Menntamálaráðherra getur samþykkt stofnun fleiri deilda eða námsbrauta, að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

B. Kennarar háskólans og veiting kennaraembættis.

14. gr.

Fastir kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Einnig starfa stunda-kennarar við skólann. Dósent- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknastörfum.

15. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Rektor ræður stundakennara í samráði við forstöðumenn deilda. Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Rektor er heimilt að ráða fólk tímabundið til sérstakra rannsóknarverkefna eftir því sem fjárveitingar leyfa, að fengnum samþykki háskólanefndar.

16. gr.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentstöður og lektorstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar, rannsóknir, kennslustörf, stjórnunarstörf svo og námsferil sinn og önnur störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embætti prófessors eða dósentar. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina. Háskóli Íslands annan, háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði sem um er að ræða. Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því er hún var skipuð.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentstarf við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess. Heimilt er háskólanefnd að hlutast til um skipun dómnefndar um stöðu lektors með sama hætti. Ennfremur skal leita álits háskólanefndar um umsækjendur hvort heldur eru lektorar, dósentar eða prófessorar.

Heimilt er að binda ráðningu lektora, dósentar og prófessora við ákveðinn tíma. Heimilt er að endurnýja ráðningu ef háskólanefnd mælir með því.

17. gr.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorstöðu í dósentstöðu og úr dósentstöðu í prófessorsstöðu. Lektor sem gegnt hefur starfi sínu tvö ár minnst getur farið þess á leit að háskóladeild hans fari fram á stöðuhækkun honum til handa. Dósent sem gegnt hefur starfi

sínu tvö ár minnst getur farið þess á leit að háskóladeild hans fari fram á stöðuhækkun honum til handa. Umsókn þar um skal hlutaðeigandi deild senda til háskólanefndar. Um skipan og störf dómnendar til að fjalla um hæfi umsækjanda skulu gilda sömu ákvæði og um dómnefnd þegar staða er auglýst, sbr. 16. gr.

C. Starfsskylda kennara.

18. gr.

Háskólanefnd ákveður að fenginni heimild ráðuneytis og umsögn forstöðumanna deilda hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta innan marka gildandi kjarasamninga.

19. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn undan kennsluskyldu allt að einum mánuði. Á þetta einkum við ef kennarar vinna tímabundin störf við stjórnun, rannsóknir eða þróun.

D. Háskóladeildir og störf þeirra.

20. gr.

Á deildarfundum eiga sæti forstöðumaður deildar, prófessorar, dósentar og lektorar hvort sem þeir gegna fullu starfi eða hlutastarfi. Einnig eiga þar sæti tveir fulltrúar stundakennara og einn fulltrúi nemenda viðkomandi deildar.

21. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum en skylt er að boða til fundar ef rektor eða þriðjungur deildarmanna sem rétt eiga á fundarsetu æskja þess. Forstöðumaður deildar boðar fundi bréflaga og með þriggja daga fyrirvara ef unnt er en einstakar háskóladeildir geta þó ákveðið annan hátt á fundarboðum. Fundarefni skal greina í fundarboði. Deildarfundur er ályktunarfær ef fund sækir meira en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði forstöðumanns deildar. Gerðir deildarfunda skulu bókfærðar.

22. gr.

Deildarfundur er forstöðumanni deildar til ráðuneytis við skipulagningu á starfsemi deildarinnar. Ennfremur skal deildarfundur fjalla um mál einstakra nemenda deildarinnar.

23. gr.

Námsnefnd starfar við hverja deild háskólans. Námsnefnd skal skipuð af deildarfundi. Í námsnefnd skulu sitja þrjú fulltrúar fastra kennara, einn fulltrúi stundakennara og einn fulltrúi nemenda. Námsnefnd skal halda fundi a.m.k. einu sinni í mánuði. Námsnefnd skal gera tillögur um stefnumörkun í kennslu og námi. Hverri deild er heimilt að setja reglur um áheyrnarfulltrúa í námsnefnd.

IV. KAFLI.

Kennsla og nemendur.

A. Háskólaár.

24. gr.

Háskólaárið telst frá 1. september til jafnlengdar næsta ár.

Kennsluárið skiptist í tvö misseri, haustmisseri frá 1. september til 15. janúar og vormisseri frá 16. janúar til 31. maí. Háskólanefnd getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Hver deild fyrir sig ákveður hvenær kennsla og próf fara fram. Starfsvikur á haust- og vormisseri skulu ekki vera færri en 30. Kennsluhlé skal vera um

jól, frá og með 22. desember, til og með 2. janúar. Um páska skal ekki kennt á miðvikudegi fyrir skírdag og á þriðjudegi eftir annan í páskum.

Sjúkra- og upptökupróf eru í janúar fyrir haustmisseri og júní fyrir vormisseri. Stjórn deildar getur gert breytingar á skipulagi fyrir eina eða fleiri námsgreinar ef nauðsyn krefur.

B. Kennsla.

25. gr.

Háskólinn skal gefa út námskrá í upphafi hvers skólaárs. Í henni skulu vera skráð númer og nöfn allra námsáfanga og stutt lýsing á hverjum áfanga fyrir sig. Tilgreina ber öll skilyrði um undanfara einstakra áfanga þegar það á við. Þessi námskrá skal gilda fyrir nemendur sem innritast það námsárið og stunda nám með eðlilegri námsframvindu.

Forstöðumaður hvernar deildar gefur út áætlun, í upphafi kennslu hvers áfanga, með upplýsingum um kennara, tilgang og markmið, leiðbeiningum til nemenda, hvernig námsmat sé háttað og hvert lesefni sé.

26. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta nemendur. Fyrirlestrar eru öðrum opnir með samþykki kennara.

27. gr.

Nú er nám metið til eininga og skal þá ein eining svara sem næst til einnar viku vinnu.

28. gr.

Háskóladeildum er heimilt að setja reglur um skyldu nemenda til þátttöku í æfingum, verklegu námi og vettvangspjálfun.

C. Nemendur.

29. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta hefur rétt til að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur um að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Heimilt er deild eða námsbraut að kanna undirbúning umsækjenda með prófum í slíkum tilvikum, ef þurfa þykir.

30. gr.

Skrásetning nýnema fer fram á tímabilinu 1. maí til 1. júní ár hvert. Skráning annarra fer fram á tímabilinu 1. júní til 15. júní ár hvert. Beiðni um skrásetningu nýnema skal fylgja ljósrit eða staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu viðkomandi deildar. Nemar skulu greiða skrásetningargjald fyrir 20. júní. Nemendur hafa hvorki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar né ganga undir próf nema þeir uppfylli framangreind skilyrði.

31. gr.

Ár hvert skal háskólanefnd ákveða skrásetningargjald, að höfðu samráði við stjórnir Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri. Gjald þetta er háð samþykki menntamálaráðherra hverju sinni. Skrásetningargjald rennur til starfsemi Félagsstofnunar og Félags stúdenta, og skal skipting þess ákveðin með sama hætti og fjárhæðin. Heimilt er að innheimta pappírsgjöld með skrásetningargjaldi.

32. gr.

Gerist nemandi sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans getur háskólanefnd veitt honum áminningu eða vikið úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu. Nemandi er heimilt að skjóta úrskurði háskólanefndar til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar en nemandi má þó ekki ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

D. Próf.

33. gr.

Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. sem hluta af einkunn og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta greinar. Skal um þetta vera samráð á milli forstöðumanns deildarinnar og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð nemendum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námsáfangi.

Háskólakennarar standa fyrir prófum en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum og reglugerð.

34. gr.

Fyrir upphaf kennslutímabils skrá nemendur sig í þau námskeið er þeir hyggjast sækja. Innritun í námskeið gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu.

35. gr.

Einkunnir eru í heilum tölum frá 1 til 10. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst.

36. gr.

Við munnlegt og verklegt próf skal vera prófdómari. Við mat á lokaverkefni skal ætíð vera prófdómari, hvort sem það er munnlegt eða skriflegt. Önnur skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Niðurstöður prófa skulu liggja fyrir eigi síðar en 3 vikum eftir prófdag. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 10 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi forstöðumanns deildar. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki sé ekki um lokaverkefni að ræða. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda í viðkomandi námskeiði, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálráðuneytið skipar prófdómara að fengnum tillögum háskóladeildar. Prófdóm- arar samkv. 1. mgr. skulu skipaðir til þriggja ára í senn hið lengsta.

37. gr.

Nemandi sem kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll telst hafa þeytt prófið. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en tveim sólarhringum áður en próf hefst.

Nú stenst nemandi ekki próf og er honum þá heimilt að endurtaka það tvisvar. Sækja þarf sérstaklega um það til háskólanefndar ef þreyta á endurtekningarpróf í þriðja sinn.

38. gr.

Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið. Sé endurtaka heimiluð skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið. Seinni einkunnin skal gilda.

39. gr.

Skrifstofa háskólans annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við forstöðumenn deilda.

40. gr.

Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Hún sér og um að birta nemendum einkunnir.

V. KAFLI.

Stofnanir háskólans, eigur hans og fjármál.

41. gr.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eigum. Um stjórnir sjóða fer eftir því sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

VI. KAFLI.

Heilbrigðisdeild.

42. gr.

Kennsla og rannsóknir í hjúkrunarfræði og undirstöðugreinum hennar fara fram við heilbrigðisdeild.

43. gr.

Nám í hjúkrunarfræði er skipulagt sem fjögurra ára nám og lýkur með BS-prófi í hjúkrunarfræði. Námið er að lágmarki 120 einingar, 30 einingar á ári. Heimilt er að setja nemendum skilyrði um að ljúka námsefni 1. og 2. árs áður en nám er hafið á þriðja ári. Hámarksnámstími til lokaprófs er 6 ár, 3 ár til að ljúka fyrri hluta, þ.e. venjulegu tveggja ára námi, og með sama hætti 3 ár til að ljúka síðari hluta náms. Heimilt er að veita undanþágu frá þessum tímamörkum með samþykki deildarfundar.

44. gr.

Nemendur í hjúkrunarfræði skulu á námstíma sínum afla sér þriggja mánaða starfsreynslu á heilbrigðisstofnunum.

VII. KAFLI.

Rekstrardeild.

45. gr.

Kennsla og rannsóknir í greinum sem tengjast rekstri fyrirtækja og stofnana fara fram við rekstrardeild.

46. gr.

Við rekstrardeild eru tvær námsbrautir, iðnrekstrarbraut sem skiptist í tvö svið, framleiðslu- og markaðssvið, og rekstrarbraut. Námið er skipulagt sem tveggja ára nám. Hámarksnámstími til að ljúka prófi í rekstrarfræði eða iðnrekstrarfræði er þrjú ár. Heimilt er að veita undanþágu frá þessum tímamörkum með samþykki deildarfundar.

47. gr.

Að loknu 70 eininga námi og tilskildum prófum kallast nemandi af iðnrekstrarbraut iðnrekstrarfræðingur og nemandi af rekstrarbraut rekstrarfræðingur.

Heimilt er háskólanefnd að bæta við 50 einingum til BS-prófs í rekstrardeild, enda hafi fé verið veitt til þess í fjárlögum.

VIII. KAFLI.
Sjávarútvegsdeild.

48. gr.

Kennsla og rannsóknir í greinum sjávarútvegs fara fram við sjávarútvegsdeild.

49. gr.

Til að fá inngöngu í sjávarútvegsdeild skulu nemendur hafa öðlast hið minnsta eins árs starfsreynslu í sjávarútvegi.

50. gr.

Nám í sjávarútvegsfræði er skipulagt sem fjögurra ára nám og er 120 einingar, 30 einingar á ári. Hámarksnámtími til að ljúka prófi í sjávarútvegsfræði er sex ár. Heimilt er að veita undanþágu frá þessum tímamörkum með samþykki deildarfundar.

51. gr.

Að loknu 120 eininga námi og tilskildum prófum í sjávarútvegsdeild kallast nemandi sjávarútvegsfræðingur.

IX. KAFLI.

Gildistaka.

52. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 18/1988, um Háskólann á Akureyri, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. október 1990.

Svarar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING
um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð um Norðurgötu, Reynivelli og Ránargötu vikur fyrir umferð um Grenivelli. (biðskylda).
2. Bifreiðastöður eru bannaðar við suðurbrún Grenivalla milli Hjalteyrargötu og Norðurgötu.
3. Tvístefnuakstur verður á Helgamagrastræti frá mótum Munkaþverárstrætis og suður fyrir innkeyrslu á lóð við Helgamagrastræti nr. 53.
4. Biðskylda á Furuvöllum við Norðurgötu fellur niður.
 Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 9. október 1990.

Eliás I. Eliásson.

REGLUGERÐ

um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1991–1992.

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti og tilsvarendi magn af slátri og gærum.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/31. maí 1976 með síðari breytingum.

Eyðijörð er jörð sem ekki hefur verið setin í tvö ár eða lengur, sbr. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur tveggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytis, sbr. jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn sauðfjárafurða, sem búmarkssvæði og/eða framleiðendum er ábyrgt fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. laga nr. 46/1985.

Fullvirðismark er samanlagður fullvirðisréttur allra framleiðenda á búmarkssvæði til framleiðslu sauðfjárafurða, reiknaður sem hlutfall af samanlögðu búmarki svæðisins í sauðfé.

II. KAFLI.

Um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða.

2. gr.

Búmarkssvæði vegna framleiðslu sauðfjárafurða skulu vera hin sömu og ákveðin voru með reglugerð nr. 287/1990. Landbúnaðarráðherra er heimilt að sameina búmarkssvæði innan búnaðarsambands svæðis, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband óskar þess fyrir 20. október 1990.

3. gr.

Fullvirðisréttur einstakra framleiðenda til framleiðslu sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1991/1992 skal vera hinn sami og þeim var ákveðinn með reglugerð nr. 466/1989 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1990/1991 með eftirfarandi frávikum:

- a. Með sérstökum rökstuðningi getur búnaðarsamband óskað leyfis landbúnaðarráðherra til endurúthlutunar á þeim fullvirðisrétti sem ákveðinn var skv. 4. gr. reglugerðar nr. 443/1987, og skv. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 157/1987, að hluta eða öllu leyti. Rökstudd umsókn skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 20. október 1990.
- b. Niður skal felldur fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða, sem seldur hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 406/1986.

- c. Hafi framleiðandi gert samning við Framleiðnisjóð landbúnaðarins um leigu fullvirðisréttar, er ekki heimilt að nýta réttinn með innleggi sauðfjárafurða á verðlagsárinu.
- d. Frá fullvirðisrétti einstakra framleiðenda, sem þeim er ákvarðaður skv. þessari grein, dregst fullvirðisréttur sem þeir hafa látið í skiptum fyrir fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu eftir ákvæðum 12. gr. reglugerðar nr. 233/1989.
- e. Taka skal tillit til breytinga sem orðið hafa vegna skipta á milli framleiðenda á fullvirðisrétti til mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu, sbr. 1. mgr. 7. gr. og vegna leigu á fullvirðisrétti til sauðfjárframleiðslu sbr. 2. mgr. 7. gr.
- f. Við bætist reiknaður fullvirðisréttur þeirra sem sagt hafa upp búmarkisleigusamningum sem gerðir voru á árinu 1986 og mætt er með uppsöfnuðum fullvirðisrétti til sauðfjárframleiðslu vegna skipta skv. 2. tl. 12. gr. reglugerðar nr. 233/1989 og 2. tl. 13. gr. reglugerðar nr. 305/1988.

4. gr.

Fullvirðisrétti samkvæmt a-lið 3. gr. er viðkomandi búnaðarsambandi heimilt að ráðstafa til framleiðenda sem búa við þröngan kost vegna lítills fullvirðisréttar á hvern vinnandi mann á búinu (t.d. vegna ættliðaskipta), lítilla möguleika til annarrar tekjuöflunar en af mjólkur- og sauðfjárframleiðslu eða erfiðra félagslegra aðstæðna.

Umsókn, ásamt staðfestum upplýsingum um búrekstraraðstöðu, skal senda viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 20. október 1990. Búnaðarsamband tilkynnir umsækjendum og Framleiðsluráði landbúnaðarins afgreiðslu umsókna fyrir 30. október 1990.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda ráðstöfun á grundvelli tillagna, sem sambandið gerir til Framleiðsluráðs.

5. gr.

Nú selur framleiðandi líflömb til aðila sem gert hefur samning um fjárskipti við Sauðfjárveikivarnir og skal þá Framleiðsluráð landbúnaðarins meta líflömbin til jafngildis fullvirðisréttar og draga frá fullvirðisrétti sem seljanda er reiknaður samkvæmt reglugerð þessari. Fullvirðisréttur sem til frádráttar kemur skal fundinn þannig að þungi líflamba skal margfaldaður með stuðlinum 0,38. Fullvirðisréttur sem þessu nemur kemur ekki til endurútlutunar og fellur til Sauðfjárveikivarna á verðlagsárinu.

Sauðfjárveikivarnir skulu tilkynna Framleiðsluráði og hlutaðeigandi búnaðarsambandi um sölu líflamba á búmarkssvæðinu vegna fjárskipta fyrir 1. nóvember 1991. Framleiðsluráð reiknar út og tilkynnir búnaðarsambandi og framleiðendum jafngildi hinna seldu líflamba í fullvirðisrétti fyrir 10. nóvember 1991.

6. gr.

Í stað greiðslu fyrir ónotaðan fullvirðisrétt er framleiðanda heimilt að geyma fullvirðisrétt vegna innleggs á tímabilinu frá 1. desember 1991 til 1. júní 1992, enda hafi hann tilkynnt það Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 15. nóvember 1991 og gert staðfest samkomulag við afurðastöð um slátrun.

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr. með innleggi í afurðastöð, greiðir ríkissjóður fyrir a.m.k. þrjá fimmtu hluta hins ónýtta fullvirðisréttar allt að 50% fullvirðisréttar hans. Þó verður ekki greitt fyrir ónotaðan fullvirðisrétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi framleiðanda. Heimilt er að greiða þeim framleiðendum, sem förguðu fé vegna fjárskipta að opinberum fyrirmælum og hófu

fjárbúskap á ný árin 1986–1990, fyrir ónotaðan fullvirðisrétt þó að framleiðsla þeirra sé innan við 50% af fullvirðisrétti. Ónýttur fullvirðisréttur sem greiðsla kemur fyrir verði þó að hámarki 60% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis. Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt, sem leigður er með milligöngu búnaðarsambands, skal ekki vera hærri en nemur leigugreiðslu búnaðarsambands til viðkomandi framleiðanda auk umsýsluálags.

Fyrir allt að tvo fimmtu hluta hins ónýtta fullvirðisréttar skal ekki koma greiðsla og skal sá hluti ganga til þess að mæta framleiðslu á grundvelli fullvirðisréttar sem úthlutað hefur verið skv. reglugerð nr. 157/1987 og vegna leiðréttrar frumúthlutunar og úthlutunar búnaðarsambanda sem ekki rúmast innan upphaflegrar magntölu búvörusamnings frá 20. mars 1987.

Frá ónýttum fullvirðisrétti skv. 2. mgr., skal draga eina ærgildisafurð fyrir hverja ásetta kind í bústofnsaukningu hjá viðkomandi framleiðanda, miðað við hausttalningu skv. forðagæsluskýrslu eða staðfestingu forðagæslumanns, áður en til greiðslu kemur. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu þegar um er að ræða bústofnaaukningu vegna fjárskipta eða vegna skipta á fullvirðisrétti til mjólkurframleiðslu.

Fullvirðisréttur sem ákvarðaður var skv. 2. gr. í viðauka við búvörusamning frá 22. september 1989, og ekki er nýttur með eigin innleggi í afurðastöð eða framleiðandi fær greitt fyrir skv. 2. mgr. getur ekki nýst á annan hátt á verðlagsárinu 1991–1992.

Fullvirðisréttur sem ekki er nýttur með innleggi í afurðastöð, leigu skv. 7. gr., sölu til ríkissjóðs eða umboðsaðila hans eða skv. ákvæðum 2. og 4. mgr. skal ganga til að mæta framleiðslu vegna úthlutana sem um er fjallað í 3. mgr. þessarar greinar.

Greiðsla fyrir ónotaðan fullvirðisrétt skal taka mið af hlutfalli launa- og fjármagnskostnaðar (afskrifta og vaxta) í grundvallarverði sauðfjárafurða 1. september 1991. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur þessar samkvæmt nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur.

7. gr.

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti fyrir verðlagsárið 1991–1992 milli lögbýla. Með samþykki búnaðarsambands er framleiðendum þó heimilt að skipta á mjólkur- og sauðfjárrétti. Einnig getur landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við viðkomandi búnaðarsamband, heimilað ráðstöfun fullvirðisréttar milli lögbýla, þegar sérstakar ástæður mæla með því, s.s. búferlaflutningur. Leiguliðar þurfa að auki samþykki jarðareiganda. Þá er framleiðanda óheimilt að leggja afurðir inn í afurðastöð í annars nafni eða nýta fullvirðisrétt sinn með innleggi afurða sauðfjár sem hann hefur fengið á fæti frá öðrum framleiðanda eftir 1. maí 1991, sbr. þó ákvæði 9. gr.

Heimilt er framleiðanda, sem ekki nýtir sinn fullvirðisrétt, að leggja hann inn til leigu gegn föstu fyrirfram ákveðnu gjaldi hjá búnaðarsambandi, að fengnu samþykki jarðareiganda ef um leiguábúð er að ræða. Leigutími getur lengst orðið til 1. september 1992. Búnaðarsamband skal ráðstafa þeim rétti er til fellur á fyrrgreindan hátt með því að leigja hann öðrum framleiðendum. Framleiðendur sem hafa heildarfullvirðisrétt undir 450 ærgildum skulu hafa forgang til leigu fullvirðisréttar. Sömuleiðis skulu þeir framleiðendur sem falla undir ákvæði 1. mgr 4. gr. hafa forgang. Að öðru jöfnu skal leitast við að láta leigu á rétti innan sveitafélags njóta forgangs og þess gætt að fullvirðisréttur sem leigður er með fyrrgreindum hætti krefjist ekki nýrra fjárfestinga í byggingum.

Þeir framleiðendur sem vilja taka fullvirðisrétt á leigu leggi inn umsókn þar um hjá viðkomandi búnaðarsambandi. Landbúnaðarráðherra ákveður leigugjald fyrir þann fullvirðisrétt sem leigður er á þennan hátt að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Leiga fullvirðisréttar á þennan hátt getur aldrei orðið öðrum en ábúendum á lögbýlum tekjustofn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Landbúnaðarráðherra getur, að höfðu samráði við viðkomandi búnaðarsambönd, undanskilið ákveðin svæði ákvæðum þessarar greinar, enda berist viðkomandi búnaðarsamböndum tilkynning þar um fyrir 30. október 1990.

8. gr.

Skerða skal fullvirðisrétt sem reiknast skv. ákvæðum þessa kafla, taki framleiðandi út ófryst kjöt og slátur úr afurðastöð umfram eftirfarandi mörk:

1. Framleiðandi á lögbýli getur tekið allt að 10 ærgildisafurðir alls af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu eða allt að 60 kg fyrir hvern heimilismann sem hefur þar lögheimili 1. desember 1990 eða síðar skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbýlis, með eða án fullvirðisréttar, getur tekið allt að 10 ærgildisafurðir af eigin framleiðslu úr afurðastöð, þó aldrei fleiri ærgildisafurðir en nemur fjölda framtalinna kinda á síðustu forðagæsluskýrslu.

Taki framleiðandi meira út en um getur í 1. og 2. tl. 1. mgr., skerðist fullvirðisréttur hans um það magn. Jafnframt skerðist heildarfullvirðisréttur til framleiðslu á kindakjöti sbr. 3. og 4. gr. um sama magn. Óheimilt er framleiðanda að taka kjöt úr afurðastöð eftir að það hefur verið fryst. Heimild til að taka út kjöt eftir ákvæðum þessarar greinar án þess að það skerði fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda, fellur niður hjá þeim aðilum sem slátra utan afurðastöðvar.

Afurðastöðvum er skylt að halda sérstaka skrá yfir allt heimtekið kjöt, þar sem fram koma allar sömu upplýsingar og um innlagt kindakjöt. Skrár þessar skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins með sláturskýrslum. Skal það annast útreikninga er sýna breytingu fullvirðisréttar skv. reglum þessum og tilkynna það viðkomandi afurðastöð áður en fullnaðaruppgjör fer fram skv. 11. gr. Sláturleyfishafa er skytt að merkja allt kjöt sem tekið er út úr afurðastöð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með stimpli sem á stendur „HEIMTEK-**IÐ**“. Stimpla skal skrokka á sex stöðum alls. Hvorn helming skal stimpla á þremur stöðum, á bóg, hrygg og læri.

9. gr.

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal fráfarandi bóndi fá fullvirðisrétt lögbýlisins til ráðstöfunar á því verðlagsári sem hefst haustið eftir að ábúendaskiptin fara fram, nema um annað sé sérstaklega samið milli aðila, eða viðtakandi hafi yfirtekið bústofn og afurðir við ábúendaskiptin.

III. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða skv. 3. gr. og heldur skrá um fullvirðisrétt, og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

11. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir hlutadeigandi sláturleyfishöfum fullvirðisrétt framleiðanda eigi síðar en 10. desember 1991.

Frumgreiðsla fyrir sauðfjárafurðir skv. 1. tl. 29. gr. laga nr. 46/1985 skal miðuð við fullvirðisrétt hlutadeigandi framleiðanda skv. 3. gr.

Fullnaðargreiðsla skv. 2. tl. 29. gr. áður nefndra laga skal miðast við endanlega ráðstöfun fullvirðisréttar framleiðanda til framleiðslu sauðfjárafurða skv. þessari reglugerð.

12. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar um endanlegan fullvirðisrétt, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutadeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. laga nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindi berst henni.

13. gr.

Sé jörð ekki í ábúð og ekki samnýtt með annarri jörð, skal Framleiðsluráð landbúnaðarins innkalla fullvirðisrétt jarðarinnar, enda hafi jörðin verið í eyði í a.m.k. tvö ár og samningur ekki í gildi um ráðstöfun fullvirðisréttar.

Fullvirðisréttur sem fylgir innkölluðu búmarki skv. b-lið 2. gr reglugerðar nr. 287/1990, og annar sá fullvirðisréttur sem fellur til búnaðarsambands, kemur til endurúthlutunar á viðkomandi búmarkssvæði skv. ákvæðum 1. mgr. 4. gr.

14. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að færa fullvirðisrétt milli búa í eigu ríkisins (tilrauna-búa, skólabúa o.s.frv.).

Einnig er landbúnaðarráðherra heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti ríkisjarða að fengnum meðmælum viðkomandi búnaðarsambands.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eiríks Guðjónssonar í Ási.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Eiríks Guðjónssonar í Ási. Heimili hans og varnarþing er í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Eirík Guðjónsson bónda í Ási, sem fæddur var 2. febrúar 1913 og lést 31. ágúst 1988. Stofnendur eru fjögur systkini Eiríks Guðjónssonar og makar þeirra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er úr dánarbúi Eiríks Guðjónssonar og nemur kr. 3 000 000,00. Höfuðstólinn má aldrei skerða og skal ávallt leggja við hann $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna og verðbætur allar. Hið sama gildir um annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að efla og styrkja menningar-, líknar- og framfaramál í Ásahreppi í Rangárvallasýslu og einnig þau málefni, sem samstarf hefur tekist um við aðila í öðrum sveitarfélögum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Sýslumaður Rangárvallasýslu og er hann formaður. Tveir af ættingjum Eiríks Guðjónssonar tilnefndir af stofnendum sem tilnefna varamenn sína er síðar taka við og tilnefna þá sína varamenn.

Stofnendur skulu tilnefna tvo endurskoðendur sem tilnefna varamenn sína.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir sjóðsins. Sjóðinn skal ávaxta í ríkistryggðum banka, verðtryggðum skuldabréfum eða með öðrum þeim hætti sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja megi öruggan og arðvænlegastan hverju sinni. Stjórn sjóðsins ákveður hvenær styrkur er veittur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur með samþykki allra stjórnarmanna ákveðið að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða leggja sjóðinn niður. Fari svo að sjóðurinn verði lagður niður, skal eignum sjóðsins varið með þeim hætti sem boðið er í 4. gr.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Rangárvallasýslu, 31. ágúst 1989.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 1990

19. október 1990

1157

Nr. 409

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 362 5. september 1990 um bann við
togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Reglugerð nr. 362 5. september 1990 um bann við togveiðum á Hornbanka fellur úr gildi kl. 20.00 19. október 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. október 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nfr. 410

1158

15. október 1990

REGLUGERÐ

um ullarmat.

1. gr.

Öll ull sem kemur til mats skal metin í einhvern eftirfarandi gæðaflokka:

A. HVÍT ULL

H - Úrval: Alhvít, gallalaus og óskemmd ull. Í þennan flokk fer eingöngu ull sem er algerlega laus við gular illhærur, rusl, mor, húsagulku og tvíklippingu. Ullin skal vera fremur togfín, þelmikil og gljáandi. Kviðull og læraull skal að jafnaði tekin frá og sett í lakari flokka. Snöð skal vera lengra en 6 sm og uppfylla að öðru leyti ofangreindar kröfur.

H - I. flokkur: Hvít ull sem ekki er alveg laus við gular illhærur en uppfyllir að öðru leyti þær kröfur sem gerðar eru til úrvalsflokks.

H - II. flokkur: Hvít ull sem ekki er tæk í úrvalsflokk eða I. flokk vegna gulra illhæra, lítils háttar húsagulku (ekki hlandbrunnin) eða lítils háttar þófa en laus við heymor. Einnig ull með gróft tog eða þellítil, en að mestu laus við tvíklippingu, ásamt snöði sem er lengra en 4,5 sm. Mikið gul ull og ull með miklu af dökkum hárum flokkast sem mislit og ull með hvítum illhærum fer í H - III. flokk.

H - III. flokkur: Hvít ull, skemmd eða mjög gölluð. Ull með heymori og rusli, mikið gulnuð eða hlandbrunnin af húsivist, þófin ull, þó ekki harðþófin. Ull með hvítum illhærum og ull sem er áberandi tvíklippt við rúning, ásamt snöði styttra en 4,5 sm.

B. MISLIT ULL

M - I. flokkur svart: Óskemmd svört ull með jafnan og hreinan svartan lit. Laus við grá hár, þófa, heymor, rusl og aðrar húsvistarskemmdir og laus við tvíklippingu. Svart snöð lengra en 6 sm. Kviðull og læraull skal að jafnaði tekin frá.

M - I. flokkur grátt: Óskemmd grá ull með steingráan litblæ, laus við gulan eða grámórauðan litblæ. Að öðru leyti eins og M - I. fl. svart.

M - I. flokkur mórautt: Óskemmd mórauð ull með jafnan og hreinan mórauðan lit (ekki grámórauð). Að öðru leyti eins og M - I. fl. svart.

M - II. flokkur: Öll önnur óskemmd mislit ull, þ.e. ull af flekkóttu, grámórauðu, botnóttu og golsóttu fé, ásamt „hvítri“ ull með miklu af gulum illhærum, dökkum hárum eða blettum. Einnig svört, grá og mórauð ull sem ekki er tæk í I. flokk vegna galla á litblæ. Óskemmt mislitt snöð lengra en 4,5 sm.

M - III. flokkur: Skemmd og gölluð mislit ull, eins og H - III. fl. hvít ull.

Ull sem ekki flokkast í einhvern ofangreindra flokka fer í úrkast og telst ekki söluvara. Við mat á ull er heimilt að skipta reyfum á milli gæðaflokka. Þó skal að jafnaði miðað við að hvert reyfi skiptist mest í tvo gæðaflokka.

2. gr.

Um leið og ull er metin í gæðaflokka skal áætla meðalnýtingu ullar í hverjum gæðaflokki, þ.e. hlutfall hreinnar ullar að loknum þvotti. Við mat á nýtingu skal styðjast við eftirfarandi reglur:

80% nýting: Hrein og óskemmd haustull, laus við sand og rusl, vel þurr.

75% nýting: Lítið óhrein haustull og hrein og þurr vetrarull og snodull, sem ekki er mjög feit.

70% nýting: Vetrarull og snodull í meðallagi hrein og í meðallagi feit eða lítið feit með sandskellum.

65% nýting: Mjög feit eða óhrein vetrarull og hreinleg sumarull.

60% nýting: Meðalhrein sumarull, mjög óhrein vetrarull og rök ull, ásamt ull með töluverðum sandi.

50% nýting: Sandull, klepraul og blaut ull.

3. gr.

Á matsnótum til innleggjenda skal tilgreina magn ullar í hverjum gæðaflokki ásamt meðalnýtingu í hverjum flokki. Matsmenn skulu einnig tilgreina helstu ástæður fyrir matsniðurstöðum ásamt athugasemdum um frágang, ef við á, í þar til gerðum reit á matsnótu. Ull sem fer í úrkast skal fleygt en magn tilgreint á matsnótu. Ef verulegur hluti innleggs flokkast í úrkast, skal tilkynna innleggjanda það áður en ullinni er eytt.

4. gr.

Heimilt er að meta ull eftir öðrum reglum en tiltekna eru í 1. og 2. gr., ef kaupandi og seljandi gera með sér samkomulag um slíkt mat, t.d. þegar ull er seld beint til handiðnaðar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn hjá afurðastöðvum og umboðsmönnum, sem taka á móti ull frá framleiðendum.

Þeir skulu hafa notið fræðslu og þjálfunar í ullarmati áður en þeir fá réttindi til starfa sem ullarmatsmenn. Þjálfun skal fara fram á matsstöð með reyndum matsmönnum undir handleiðslu eftirlitsmanns með ullarmati. Eftirlitsmaður með ullarmati mælir með skipun nýrra matsmanna að lokinni þjálfun.

6. gr.

Afurðastöðvar eða umboðsmenn, sem hafa ullarmatsmenn í þjónustu sinni, skulu koma upp aðstöðu til mats á ull sem til þeirra berst. Jafnan skal leitast við að meta ull jafnóðum og hún berst. Matsaðstaða skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

- Sæmilega rúmgott, þurr og trekklaust húsnæði, þannig að hægt sé að hýsa ómetna og metna ull án hættu á skemmdum, ásamt aðstöðu fyrir matsmenn.
- Rimlaborð fyrir hvern matsmann og ljós í hæfilegri hæð, þannig að tryggð sé góð lýsing fyrir matsmenn við störf sín. Ljósgrafi skal miðast við að lýsing sé sem líkust dagsbirtu.
- Greinilega merktir kassar undir hvern gæðaflokk, sem matsmenn flokka ullina í við hvert matsborð.

Sömu reglur gilda um aðstöðu við mat í ullarþvottastöð. Eftirlitsmaður með ullarmati annast eftirlit með matsaðstöðu og leiðbeinir um lagfæringar á henni.

7. gr.

Eftirlitsmaður með ullarmati skal hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar. Hann skipuleggur störf sín í samráði við ullarmatsnefnd. Hlutverk hans skal vera:

- a) að annast eftirlit og leiðsögn með ullarmati á öllum stöðum þar sem mat fer fram og leiðbeina matsmönnum um matsreglur samkvæmt 1. og 2. gr. og leitast við að samræma vinnubrögð matsmanna.
- b) að hafa umsjón með þjálfun nýrra matsmanna og taka þátt í undirbúningi og framkvæmd námskeiða og fræðslufunda um ullarmat og ullarmedferð fyrir ullarmatsmenn í samráði við ullarmatsnefnd.
- c) að veita bændum almenna fræðslu og leiðbeiningar um rúning, meðferð og frágang á ull.

8. gr.

Ullarmatsnefnd úrskurðar í ágreiningsmálum og annast yfirmat eftir því sem þurfa þykir. Ágreiningi vegna ullarmats er heimilt að vísa til ullarmatsnefndar, sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst henni. Nefndinni er heimilt að kalla til matsmenn eða eftirlitsmann með ullarmati til þess að framkvæma yfirmat undir umsjón nefndarinnar. Ullarmatsmönnum er skylt að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um ullarmat.

Ullarmatsnefnd skal einnig standa fyrir fræðslu og leiðbeiningum til ullarmatsmanna og bænda með námskeiða- og fundahöldum. Nefndin vinnur að þessum málum í samstarfi við eftirlitsmann með ullarmati og hún er einnig ráðgefandi fyrir störf hans á öllum sviðum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um flokkun og mat á gærum og ull nr. 57/1990 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um móttöku, flokkun og mat ullar nr. 416 8. desember 1976.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um tilnefningu Flugleiða hf. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands frá 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið tilnefnt Flugleiðir hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands frá og með 1. nóvember 1990 og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

Ráðuneytið hefur jafnframt heimilað Flugleiðum hf. að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Keflavíkur og Hamborgar frá og með 1. nóvember 1990 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu umferðar-nefndar Akraness hefur verið ákveðið að setja einstefnu á Háholt, frá Kirkjubraut að Stillholti. Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 10. október 1990.

Jón Vilberg Guðjónsson, ftr.

17. október 1990

AUGLÝSING

Nr. 413

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að gjaldskylda í stöðumæla náí til kl. 16.00 í tilraunaskyni næstu fjóra mánuði.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. október 1990.

Böðvar Bragason.

17. október 1990

AUGLÝSING

Nr. 414

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við bifreiðastöðum á Fjallkonuvegi að norðanverðu milli Jöklafoldar og Frostafoldar.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. október 1990.

Böðvar Bragason.

17. október 1990

AUGLÝSING

Nr. 415

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin tvístefna á Tjarnargötu milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis og bann við bifreiðastöðum beggja vegna götunnar á sama kafla.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. október 1990.

Böðvar Bragason.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælíbúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári í nóvember enda verði beiðni þ.a.l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins. Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæði hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minni en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- a) Vatnsgjald um hemil kr. 2 680,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 116,00
fyrir hvern rúmmetra.
- c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80° C skal hitaveitan leiðrétt vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80° C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mín. til að hitaveitunni sé skylt að leiðréttá samanber 1. mgr. Leiðrétt verður einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð, með hitaveitu, skal vera 12% af ætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðargeymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m ³	kr. 60 418,00
251 – 500 m ³	kr. 60 418,00 + 144,30 kr/m ³ yfir 250 m ³
501 – 1500 m ³	kr. 96 493,00 + 84,50 kr/m ³ yfir 500 m ³
1501 – 6000 m ³	kr. 180 993,00 + 54,30 kr/m ³ yfir 1500 m ³
6000 m ³	kr. 425 343,00 + 42,50 kr/m ³ yfir 6000 m ³

Lámærksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 45 538
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

- b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.
- c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. a og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tenging heimæðar er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseignendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fohheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t.d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 2 680,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð og skulu gjöld greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 173,2 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 38, 23. janúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er nægir til fullrar hitunar að dómi hitaveitunnar enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt. Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 105,80.

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar. áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.

Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	kr.
a. fyrir mæla 15 mm	624
b. fyrir mæla 20 mm	1 519
c. fyrir mæla 25 mm	3 039
d. fyrir mæla 32 mm	6 077
e. fyrir mæla 40 mm	12 154
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	24 309

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 18 758
er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald kr. 1 185
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 690

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. febrúar 1990, 164,9 stig og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, til að öðlast gildi 1. nóvember 1990.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 38, 23. janúar 1990 með síðari breytingum.

Lönaðarráðuneytið, 25. október 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414 22. nóvember 1976 um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. eru fjáreigendur á Vestfjörðum vestan Kollafjarðarlínu, að undanskildum Reykjarfjarðarhreppi, undanþegnir skyldu til bólusetningar ásetningslambda haustið 1990 til varnar gegn garnaveiki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. breytingu með lögum nr. 12/1967 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 529/1989, um framtal og skil á virðisaukaskatti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 8. gr..

- a) Í stað „fyrir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: eftir.
- b) 4. mgr. orðist svo:

Skattstjóri má því aðeins samþykkja endurgreiðslu samkvæmt þessari grein að skattákvörðun liggja fyrir vegna fyrri uppgjörstímabila. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu. Skuldajafna má ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri tímabila ásamt álagi og dráttarvöxtum þótt hann sé ekki enn fallinn í gjalddaga.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, er verði 10. gr., og breytist númeraröð annarra greina til samræmis við það, svohljóðandi:

Sláturleyfishafar samkvæmt lögum nr. 30/1966 geta fengið heimild skattstjóra til að skila á ári hverju tveim sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjár-afurðum. Uppgjörstímabil skýrslna þessara skal vera frá 1. september til og með 15. október og frá 1. nóvember til og með 15. desember.

Skattstjóri skal afgreiða bráðabirgðaskýrslu án ástæðulauss dráttar.

Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á skýrslu annan innskatt en bráðabirgðaskýrsla tekur til.

3. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1990 skal uppgjörstímabil síðari bráðabirgðaskýrslu skv. 10. gr. vera frá 16. nóvember til og með 15. desember.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 24. og 33. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. 49. gr. laganna, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 24. október 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja í lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, sbr. 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þó með þeim undantekningum er greinir í 2. og 3. gr.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klst.:
 - a) Flugbraut frá Þjóðbraut framhá byggingum nr. 880 og 882.
 - b) Ónefndri götu frá Þjóðbraut framhá byggingum nr. 839 og 2028 að Grjótagötu.
 - c) Hestgötu, Holtsgötu, Suðurgötu, Upplandi, Víkingsgötu og Brunnlendi.
 - d) Akbrautum um íbúðahverfi sem afmarkast af Austurbraut að austan af Hestgötu að norðan og af Suðurgötu að vestan.
 - e) Akbrautum um íbúðahverfi sem afmarkast af Austurbraut að vestan og Flugvallarbraut að sunnan.
 - f) Breiðgötu frá vegamótum Austurbrautar að mótum vegar að byggingum nr. 752 og 732.
 - g) Austurbraut frá Upplandi að vegamótum Brunnlands/Vesturlands.
 - h) Þjóðbraut frá mótum Breiðgötu að mótum Birkihlíðar.
 - i) Birkihlíð frá mótum Austurbrautar að Lómalandi.
 - j) Þjóðbraut frá mótum Suðurgötu að mótum Grjótagötu.
 - k) Austurbraut frá mótum Flugvallarbrautar að Hestgötu.
 - l) Akbrautum að og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þar sem þær skiptast við leiðbeiningarskilti til móttöku og brottfarar.
2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 80 km á klst.:
 - a) Grjótagötu.
 - b) Á vegarkafla að fjarskiptastöðinni á Stafnesi, er hefst 1,5 km sunnan byggingar nr. 1624.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar ná þó ekki til þjóðvega innan lögsagnarumdæmisins.

4. gr.

Ákvæði þessi sem sett eru samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli, nr. 269 frá 1. júlí 1985.

Lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli, 19. október 1990.

Þorgeir Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í nóvember 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í nóvember 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 463/1988 um Atvinnuþryggingasjóð
útflutningsgreina, sbr. reglugerð nr. 505/1988 og nr. 471/1989.

1. gr.
3. málsliður 7. gr. falli brott.
2. gr.
4. málsgrein 8. gr. falli brott.
3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 9 2. mars 1989 um efnahagsaðgerðir öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 1. október 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Helga Jónsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148
frá 18. mars 1982 með síðari breytingum.

1. gr.
3. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum sem skattskyldar eru samkvæmt 1. grein skal greiða vatnsskatt sem nema má 0,5% af heildarfasteignamati eignarinnar samkvæmt nánari ákvörðun veitunefndar og/eða bæjarstjórnar.

Lágmarksvatnsskattur má þó vera kr. 6 000 og er það einnig lágmarksgjald vegna nýtingar vatnslinda úr landi bæjarins, sbr. 3. grein reglugerðar fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. grein, skal vera kr. 30 á hvern m³ vatns samkvæmt mældri notkun, en samkvæmt áætlaðri notkun sem hér segir:

 - a) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t.d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 70 000 á ári fyrir vatnsnotkun.
 - b) Fyrir vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar skal greiða kr. 16 fyrir hver 100 kg sementsnotkun.
 - c) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 35 fyrir hvert landað tonn.
 - d) Fyrir vatnsnotkun við fiskverkun skal greiða kr. 30 fyrir hvert tonn af innvegnum fiski.
 - e) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir:

Til fiskiskipa kr. 90 fyrir hvern m³ eða hluta þess magns og skal lágmarksgjald vera kr. 900.

Til annarra skipa kr. 120 fyrir hvern m³ og skal lágmarksgjald vera kr. 1 200.

Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip sem fengið hefur vatn afhent má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93, 5. júní 1947, og vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

**um leyfðan heildarafla úr helstu botnfisktegundum á fiskveiði-
tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991.**

1. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal leyfður heildarafla úr helstu botnfisktegundunum vera sem hér segir:

1. þorskur	245 þúsund lestir	4. karfi	55 þúsund lestir
2. ýsa	40 þúsund lestir	5. grálúða	30 þúsund lestir
3. ufsi	65 þúsund lestir	6. skarkoli	7 þúsund lestir

Leyfður heildarafla miðast við óslægðan fisk með haus.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 1. nóvember 1990 eru allar línuveiðar bannaðar í Faxaflóa, sunnan línu, sem dregin er úr Garðskagavita í Bessastaðakirkju.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Heimspækistofu dr. Helga Pjeturss.

Ég undirritaður, Benedikt Björnsson Sigurbjörnsson, kt. 121122-2789, staðfesti að ég set hér með á stofn sjálfseignarstofnun sem eftirgreind skipulagsskrá, er staðfest skal af dómsmálaráðherra, skal gilda um.

1. gr.

Stofnunin heitir Heimspækistofa dr. Helga Pjeturss.

2. gr.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er vísindaleg rannsóknarstarfsemi á sviði heimspæki sem felst í eftirgreindu:

- a) Varðveisla rita dr. Helga Pjeturss og muna sem tengjast persónu hans og minningu, sérstaklega þeirra frumgagna sem hann studdist við við tilurð kenninga sinna um lífið í alheimi. Einnig söfnun þess sem um kenningar hans hefur verið ritað. Stefnt skal að því að koma upp tölvugagnabanka og heimspækikenningar og þróun í þekkingu á lífinu.
- b) Að skapa vinnuadstöðu og skilyrði fyrir þá sem vilja kynna sér verk dr. Helga Pjeturss og að vinna í anda hans að skilningi á lífinu svo og styrkja ákveðin verkefni sem þjóni þessum tilgangi.

4. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er bækur og bréf dr. Helga Pjeturss svo og skrifborð sem frá honum er komið. Verðmæti þessa stofnfjár er varlega áætlað kr. 500 000,- fimm hundruð þúsund 00/100,-. Stofnfé má ekki skerða.

5. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru framlög styrktarmanna og gjafir.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum. Stjórnarmenn skulu sjálfir skipa með sér störfum. Í upphafi skulu eftirgreindir þrír menn skipa stjórnina:

Benedikt Björnsson Sigurbjörnsson,

kt. 121122-2789,

Þingholtsstræti 15, Reykjavík.

Guðmundur Jóhann Guðmundsson,
kt. 260634-2089,
Urðarstíg 7, Reykjavík.

Samúel D. Jónsson,
kt. 111029-2459,
Brekkubyggð 35, Garðabæ.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar situr ótímabundið. Segi stjórnarmaður af sér, forfallist um lengri tíma eða falli frá, skipa hinir nýjan stjórnarmann.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal tilnefna þrjá menn úr hópi styrktarmanna til eins árs í senn sem vinnir með stjórninni að fjármálum stofnunarinnar í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar.

Stjórn stofnunarinnar samkvæmt framansögðu fer með vörslu fjár og eigna hennar og annast ávöxtun fjárens og er heimilt að stofna sjóði sem ætlað er að rádstafa úr til ákveðinna verkefna sem þjóni tilgangi stofnunarinnar.

Prókúru fyrir stofnunina skal Benedikt Björnsson Sigurbjörnsson hafa þar til annað verður ákveðið.

9. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir stofnunarinnar nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

10. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal hafa yfirumsjón með fjármálum stofnunarinnar og skal það í upphafi vera Símon Kjærnested meðan hans nýtur við.

11. gr.

Endurskoðaða reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar var varið á því ári skal senda Ríkisendurskoðun fyrir 1. júní ár hvert.

12. gr.

Komi til þess að sjálfseignarstofnun þessi verði lögð niður skulu allar eignir hennar renna til Háskóla Íslands og varið í sama tilgangi og kveðið er á um í 3. grein skipulagsskrár þessarar.

Reykjavík, 15. ágúst 1990.

Benedikt Björnsson Sigurbjörnsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1990.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

ERINDISBRÉF

iðnfulltrúa.

1. gr.

Iðnfulltrúi starfar í umboði menntamálaráðuneytisins.

Hann skal m.a.:

- veita upplýsingar um mismunandi námsleiðir til starfa í iðnaði,
- veita upplýsingar um tengsl náms í skóla og náms í fyrirtækjum,
- veita iðnnemum, fyrirtækjum og skólum upplýsingar um réttindi og skyldur hvers aðila um sig varðandi nám sem fram fer skv. námssamningi,
- aðstoð við gerð iðnnámssamninga og samninga um starfsþjálfun á vegum skóla,
- staðfesta samningana og senda þá til menntamálaráðuneytisins til skráningar,
- afhenda samningsbundnum iðnnemum vinnubók, veita tilsögn í færslu hennar og vísa á þá aðila sem hafa eiga eftirlit með vinnubókinni,
- veita fyrirtækjum leiðbeiningar um framkvæmd námssamninga,
- aðstoða við lausn ágreiningsmála er upp kunna að koma milli samningsaðila, ef annar eða báðir æskja þess,
- vísa vafa- og ágreiningsmálum varðandi samningagerð eða framkvæmd samnings til menntamálaráðuneytisins,
- slíta námssamningum ef svo reynist óhjákvæmilegt og koma upplýsingum um það til menntamálaráðuneytisins,
- fylgist með því að iðnnemar á námssamningi sem lokið hafa tilskildu námi í skóla og atvinnulífi skili sér til sveinsprófs.

2. gr.

Iðnfulltrúi skal svo sem kostur er fylgjast með breytingum og þróun í iðnaði og iðnfræðslu og vera tengiliður milli skóla og atvinnulífs við að koma gagnkvæmum upplýsingum á milli þessara aðila.

Hann skal einnig hafa tengsl við fræðslunefndir iðngreinaflokka og Iðnfræðslurád eftir því sem tilefni gefast.

3. gr.

Iðnfulltrúi skal vera samráðsaðili varðandi kynningar grunnskóla á námi og störfum í iðnaði.

Menntamálaráðuneytið, 25. september 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

REGLUGERÐ

um alifuglarækt og ráðstafanir gegn kjúklingasótt og öðrum sjúkdómum alifugla.

I. KAFLI

Orðaskýringar og yfirstjórn.

1. gr.

Orðaskýringar.

1.1. Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Alifugl: Hænsnflugl, alinn til framleiðslu á kjöti og eggjum, svo og kalkúnar, endur og gæsir.

Alifuglabú: Staður ásamt nauðsynlegum húsakynnum og búnaði, þar sem stunduð er alifuglarækt. Bú með færri en 50 fugla eða ársframleiðslu sem svarar 800 kg af eggjum, eru hér undanskilin.

Dýralæknir alifuglasjúkdóma: Dýralæknir sem hefur aflað sér staðgóðrar sérþekkingar í sjúkdómum og eldi alifugla að loknu dýralæknisprófi.

Foreldrafuglar: Stofnfuglar af holda- og varphænsnakyni, sem notaðir eru til framleiðslu á útungunareggjum.

Kjúklingar: Alifuglar af holdakyni sem slátrað er til neyslu yngri en 12 vikna.

Útungunarstöð: Staður, ásamt nauðsynlegum húsakosti og búnaði, þar sem stunduð er útungun á alifuglaeggjum í vélum, hvort heldur ungarnir eru ætlaðir til sölu eða til nota á eigin búi.

Varphænsni: Alifuglar sem notaðir eru til framleiðslu á neyslueggjum.

2. gr.

Yfirstjórn o.fl.

2.1. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til. Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis og hafa undir sinni stjórn dýralækni alifuglasjúkdóma. Dýralæknir alifuglasjúkdóma skal í samvinnu við héraðsdýralækna sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti varðandi alifuglasjúkdóma.

2.2. Dýralæknir alifuglasjúkdóma skal með almennri fræðslu og leiðbeiningastarfi leitast við að auka skilning manna á alifuglasjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni sem þeir geta valdið.

2.3. Dýralæknir alifuglasjúkdóma skal halda skrá yfir útungunarstöðvar og alifuglabú. Þar skal tilgreind stærð, aðstaða, útbúnaður og framleiðslugeta.

2.4. Dýralæknir alifuglasjúkdóma svo og héraðsdýralæknar eða fulltrúar þeirra skulu hafa frjálsan aðgang að útungunarstöðvum og alifuglabúum og er rekstraraðilum skylt að veita þessum aðilum allar nauðsynlegar upplýsingar um búreksturinn.

2.5. Héraðsdýralæknar skulu í samvinnu við dýralækni alifuglasjúkdóma hafa vakandi auga með rekstri alifuglabúa hver í sínu umdæmi. Þeir skulu sinna reglubundnu heibrigðiseftirliti og sýnatöku eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari. Héraðsdýralæknar skulu tilkynna yfirdýralækni og dýralækni alifuglasjúkdóma þegar í stað ef upp kemur grunur um alvarlegan sjúkdóm í alifuglum í umdæmi þeirra.

2.6. Í lok hvers árs skulu héraðsdýralæknar og dýralæknir alifuglasjúkdóma senda yfirdýralækni yfirlit um störf sín er varða alifuglasjúkdóma.

II. KAFLI

Rannsóknir á sýnum og meðferð sjúkdóma.

3. gr.

Rannsóknir á sýnum.

3.1. Dýralæknir alifuglasjúkdóma rannsakar í samráði við yfirdýralækni, sýni sem eru tekin við reglubundið eftirlit í útungunarstöðvum og á alifuglabúum, ásamt sýnum sem tekin eru vegna gruns um sjúkdóma, sem kunna að koma upp.

3.2. Eigendum útungunarstöðva og alifuglabúa ber að greiða þann kostnað sem sýnatöku og rannsókn vegna reglubundins eftirlits kann að fylgja, samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðar-ráðuneytið samþykkir.

4. gr.

Meðferð sjúkdóma.

4.1. Forráðamanni alifuglabús er skylt að tilkynna héraðsdýralækni þegar í stað ef vart verður við óeðlileg vanhöld á búinu. Hann skal þá, svo fljótt sem audið er, kanna hvaða orsakir liggja að baki. Eiganda er skylt að afhenda héraðsdýralækni nauðsynleg sýni til rannsóknar, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðdraganda og sjúkdómseinkenni.

4.2. Ef upp kemur grunur um alvarlegan smitsjúkdóm skal héraðsdýralæknir þegar í stað tilkynna það yfirdýralækni og dýralækni alifuglasjúkdóma.

4.3. Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm að mati héraðsdýralæknis eða dýralæknis alifuglasjúkdóma er þeim heimilt að banna þegar í stað hvern þann samgang við önnur bú eða staði sem valdið gætu dreifingu á smiti frá búinu. Jafnframt skulu þeir hlutast til um að sjúkdómsgreiningu sé hraðað svo sem kostur er. Dýralæknir alifuglasjúkdóma skal í samráði við yfirdýralækni jafnskjótt og við verður komið gera tillögur til landbúnaðarráðherra um nauðsynlegar ráðstafanir til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

4.4. Reynist nauðsynlegt að beita lyfjagjöf, ónæmisáðgerðum eða víðtækri hreinsun og sóttthreinsun í baráttu við sjúkdóm á alifuglabúi skal héraðsdýralæknir hafa eftirlit með framkvæmd verksins í samráði við dýralækni alifuglasjúkdóma. Forráðamaður búsins skal leggja fram nægjanlega aðstoð á sinn kostnað svo verkið gangi án ónauðsynlegra tafa. Búið ber allan kostnað af áðgerðum sem þessum.

III. KAFLI.

Varnir gegn kjúklingasótt.

5. gr.

5.1. Á búum þeim sem afhenda útungunaregg eða unga til lífs skulu fara fram blóðprófanir vegna kjúklingasóttar á hænsnum eldri en 6 mánaða. Sýni blóðprófun að í hænsnastofninum leynist smitberar skal stöðva afhendingu útungunareggja eða sölu unga frá búinu, en eiganda skal gefinn kostur á nýrri blóðprófun að þremur mánuðum liðnum. Þau hænsni sem svara jákvætt skulu fjarlægð án tafar úr hænsnabúinu og slátrað jafnskjótt og kostur er. Sýking skal staðfest með sýklarannsókn. Að loknu blóðprófi skal sá sem það framkvæmir gefa eiganda eða umboðsmanni hans vottorð um árangur prófanna.

5.2. Vottorð skoðunarmanns gildir í 12 mánuði frá útgáfudegi, en fellur að þeim tíma liðnum úr gildi uns prófað hefur verið að nýju og er útungun óheimil þann tíma.

5.3. Hafi hænsni á búi sýnt neikvæða útkomu við blóðprófanir tvisvar í röð með eins árs millibili er skoðunarmanni leyfilegt að gefa út vottorð er gildi í tvö ár frá útgáfudegi. Sýni hænsnastofn búsins framvegis neikvæða útkomu, er eiganda eigi skylt að láta prófa hænsni sín nema annað hvert ár. Er þá nægjanlegt að prófa hluta af hænsnastofni búsins, þó aldrei færri

en 100 fugla, og skal þess gætt að sem jöfnust hlutfallstala sé tekin úr hverjum hóp og aldursflokki.

5.4. Þegar sýking er staðfest með sýklarannsókn, skulu eldihús, hreiður, búr og útungunarvélar, sóttthreinsaðar samkvæmt nánari fyrirmælum dýralæknis alifuglasjúkdóma.

5.5. Skytt er eiganda að veita skoðunarmanni nægilega aðstoð við blóðpröfun endurgjalds-laust og fullan aðgang að öllum þeim húsum þar sem hænsni eru geymd. Ef skoðunarmaður telur nauðsynlegt, er eiganda skytt að veita fullkomnar upplýsingar hverjum hann hafi afhent unga eða egg til útungunar síðastliðið ár.

5.6. Óheimilt er að flytja egg eða fugla í hænsnabú sem hlotið hafa leyfi til að selja útungunaregg eða unga frá búi, þar sem blóðpróf hafa ekki verið framkvæmd.

IV. KAFLI.

Aðbúnaður og rekstrarleyfi alifuglabúa.

6. gr.

6.1. Alifuglabú skal þannig staðsett að ekki berist þaðan ódaunn sem sé til óþæginda, né að hætta sé að þangað berist smit fá öðrum alifuglabúum, útungunarstöðvum eða sláturhúsum. Fjarlægð milli alifuglabúa skal vera minnst einn km. Ennfremur skal við staðsetningu gætt ákvæða heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990.

Umhverfi húsanna skal vera þurrt og þrífalegt, svo að óhreinindi og smit berist ekki inn í húsin. Steypt stétt skal vera við dyr. Athafnasvæði búanna skal vera vel afgirt, eftir því sem aðstæður leyfa, til að koma í veg fyrir óþarfa og óæskilega umferð. Hlið skal að jafnaði vera lokað.

6.2. Fjöldi fugla á hverju búi skal taka mið af hættu á útbreiðslu sjúkdóma.

6.3. Við dyr hvers eldihúss, sem skulu vera læstar, á að vera nafn þess aðila, sem sér um og ber ábyrgð á því húsi.

6.4. Óviðkomandi aðilum skal bannaður aðgangur í alifuglabú. Gestum skulu afhentar yfirhafnir og skóhlífar til notkunar innandyrá.

6.5. Í fordyri hvers eldihúss skal vera vaskur, heitt og kalt rennandi vatn, sápuþjafi og sérstök geymsla fyrir hlífðarföt og skófatnað, sem notaður er eingöngu í eldihúsinu.

6.6. Öll hús sem alifuglar eru hafðir í, svo og fóðurgeymslur skulu vera meindýra- og fuglaheld. Ekki má hafa sundfugla og aðra alifugla á sama búi. Hundum og köttum skal ekki hleypt inn á alifuglabú, nema slíkt sé gert til að vinna á meindýrum og þá undir eftirliti og skulu þeir sérstaklega merktir búinu.

6.7. Gólf, veggir og loft í eldihúsum skulu vera vatnspolin og slétt, svo að auðvelt sé að þrifa og sóttthreinsa þau. Frárennsli með öruggum vatnslásum skulu vera frá hverju eldihúsi, og skal það leitt í rotþró.

6.8. Loftræstipörf miðast við fóðurnotkun og skal vera lágmark $2\text{ m}^3/\text{sek}/\text{tonn}$ fóðurs notað á dag. Þó skal koltvísýringur í andrúmslofti ekki fara yfir 3000 ppm, ammóníak ekki yfir 25 ppm og brennisteinsvetni ekki yfir 0.5 ppm rúmmáls. Jafnframt skal rakastig vera milli 55% og 80%.

6.9. Ljósstyrkur og ljósatími skal ekki vera utan þessara marka: Í upphafi er lágmarksljósstyrkur 20 lux, sem lækkar niður í 10 lux við 2-3 vikna aldur og loks 6 lux seinni hluta vaxtartímans. Þó skal vera ljós a.m.k. 8 klst. á hverjum sólarhring og ljós slökkt í a.m.k. 30 mín. einu sinni á sólarhring. Heimilt er þó að hafa stöðugt ljós fyrstu 10 dagana.

6.10. Á hverju búi skal vera kæli til geymslu sýna, sem senda á til rannsóknar.

6.11. Dauða fugla, sem ekki eru sendir í rannsókn, skal brenna eða grafa jafnóðum á tryggilegan hátt og skal fylgja reglum heilbrigðisnefnda eins og þær eru á hverjum stað.

- 6.12. Héraðsdýralæknir skal árlega veita hverjum framleiðanda sem framleiðir á almennan markað rekstrarleyfi ef hann telur að fullnægt sé þeim skilyrðum um heilbrigði alifugla, húsakost, búnað, umgengni og aðra aðstöðu til alifuglaræktar sem sett eru í reglugerð þessari.
- 6.13. Gildistími rekstrarleyfis er þar til næsta skodun fer fram. Enginn má stunda alifuglarækt til framleiðslu á almennan markað nema hafa til þess fullgilt leyfi.
- 6.14. Ef framleiðandi fullnægir ekki skilyrðum, sem sett eru í þessari reglugerð skal héraðsdýralæknir krefjast úrbóta skriflega þar sem tilgreind eru þau atriði sem lagfæra þarf. Héraðsdýralæknir skal gefa framleiðanda hæfilegan, tímabundinn frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal senda dýralækni alifuglasjúkdóma.
- 6.15. Telji héraðsdýralæknir, eftir að veittur frestur er liðinn, ástand á búinu enn óviðunandi, skal hann veita stuttan lokafrest að höfðu samráði við yfirdýralækni. Ef viðhlítandi úrbætur hafa ekki verið gerðar að lokafresti liðnum fellur rekstrarleyfi úr gildi. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust tilkynna slíkt dýralækni alifuglasjúkdóma og yfirdýralækni.

7. gr.

Fóður og fóðurkerfi.

- 7.1. Hráefni til fóðurgerðar skal vera laust við salmonellasýkla, og skal það staðfest af viðurkenndri rannsóknastofu. Tilbúið fóður skal ávallt vera hitavögglað. Mölun á vögglum skal framkvæmd á þann veg að mengun eða smit geti ekki átt sér stað. Sótthreinsa skal mylluútbúnað reglulega.
- 7.2. Forðast ber að nota sekkjað fóður á alifuglabúum og óheimilt er að bera sekkjað fóður milli eldishúsa.
- 7.3. Fóðurgeymar sem og fóðurdreifikerfi skulu varin fyrir ágangi meindýra og fugla, sem og annarra dýra.
- 7.4. Fóðurgeymar skulu vera þannig frágengnir að þá sé auðvelt að þrifa og sótthreinsa og svo um þá búið að ekki myndist í þeim slagi. Sama máli gegnir um sambyggð fóðurmötunarkerfi.
- 7.5. Fóðurgeyma, fóðurgeymslur og annað tilheyrandi skal að jafnaði þrifa í hvert sinn sem nýr eldishópur er tekinn inn í húsin, en að lágmarki einu sinni á ári.
- 7.6. Fóður sem er eftir í fóðurdreifikerfi þegar skipt er um hóp í húsi skal fjarlægt og ekki gefið alifuglum.
- 7.7. Vatn skal uppfylla kröfur gildandi heilbrigðisreglugerðar um drykkjarvatn og sé vatn ekki fengið frá opinberri vatnsveitu skal héraðsdýralæknir taka vatnssýni einu sinni á ári til athugunar á gæðum vatnsins.
- 7.8. Fóður- og vatnslát skulu þannig úr garði gerð og fyrir komið að auðvelt sé að fullnægja eðlilegum kröfum um hreinlæti.
- 7.9. Við flutning og geymslu á spónum eða öðrum undirburði, skal verja hann mengun.

V. KAFLI.

Um eldi alifugla.

8. gr.

Uppeldi stofnfugla og varphænsna.

- 8.1. Eldishús og búnaður þess skal vera hreinn og sótthreinsaður og hús skal hafa staðið tómt í a.m.k. einn mánuð áður en stofnfuglaungar eru settir í það.
- 8.2. Uppeldishús fyrir stofnfugla skal vera í a.m.k. eins km fjarlægð frá öðrum alifuglahúsum. Uppeldishús fyrir varphænsni skal vera í a.m.k. 500 m fjarlægð frá öðrum alifuglahúsum.
- 8.3. Starfsmenn við uppeldi alifugla skulu ávallt klæðast hreinlegum hlífðarfatnaði og skal ekki nota hann við önnur störf. Sá maður sem sér um hirðingu stofnfugla skal ekki fást við hirðingu á öðrum fuglum.

- 8.4. Öll varphænsni í sama húsi skulu að jafnaði vera jafngömul en stofnfuglar skulu undantekningarlaust vera jafngamlir.
- 8.5. Eigi skal hafa fleiri en 12 fullorðna fugla á hvern fermetra gólfflatar.
- 8.6. Þar sem skömmtun á fódri og vatni er nauðsynleg, við uppeldi stofnfugla skulu fódur og bryningartæki miðast við að allir fuglar geti komist að samtímis.
- 8.7. Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með stofnfuglum tvisvar sinnum á uppeldistímanum hið minnsta, á 2-4 vikna og 14-16 vikna aldri og varphænsnum árlega. Ef um óeðlileg vanhöld er að ræða skal bústjóri gera héraðsdýralækni aðvart.
- 8.8. Senda skal sýni stofnfugla til rannsóknar á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum samkvæmt eftirfarandi reglum:
- 2 - 4 vikna 1% fugla, lágmark 20 fuglar
 - 14-16 vikna 1% fugla, lágmark 10 fuglar (í síðasta lagi 15 dögum fyrir flutning í stofnhús).
- 8.9. Ef sjúkdómar greinast í stofnfuglum skal dýralæknir alifuglasjúkdóma gera tillögur um aðgerðir. Ef um næman smitsjúkdóm er að ræða skal haft samráð við yfirdýralækni um nauðsynlegar ráðstafanir, til að hefta útbreiðslu hans.
- 8.10. Starfsmaður skal halda nákvæmar skýrslur um aldur, vanhöld, þyngdaraukningu fugla, fódurnotkun, vatnsnotkun og hita- og rakastig.

9. gr.

Eldi stofnfugla.

- 9.1. Eldishús og búnaður þess skal vera hreinn og sótthreinsaður og hús hafa staðið tómt í einn mánuð hið skemmsta áður en stofnfuglar eru settir í það.
- 9.2. Fleira en eitt hús með stofnfuglum mega standa saman en þau skulu þó vera í a.m.k. 500 m fjarlægð frá öðrum alifuglahúsum.
- 9.3. Þeir sem hirða stofnfugla skulu að jafnaði ekki annast hirðingu á öðrum fuglum. Við störf í eldishúsum skal ávallt klæðast hreinlegum hlífðarfatnaði sem nota skal eingöngu innan hvers eldishúss.
- 9.4. Fuglar í hverju húsi skulu vera jafngamlir, þó má skipta um hana einu sinni á eldistímanum.
- 9.5. Eigi skal hafa fleiri en 7 fugla á hvern fermetra gólfflatar.
- 9.6. Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með stofnfuglum tvisvar á ári. Ef um óeðlileg vanhöld er að ræða, skal bústjóri gera héraðsdýralækni aðvart, sbr. 4. gr.
- 9.7. Egg skulu tínd a.m.k. þrisvar á sólarhring og þau sótthreinsuð jafnóðum á viðurkenndan hátt.
- 9.8. Starfsmaður skal halda nákvæmar skýrslur um aldur, vanhöld, fódurnotkun, þyngdaraukningu, vatnsnotkun, varp, hita- og rakastig.
- 9.9. Sýni til rannsóknar skal senda reglulega til dýralæknis alifuglasjúkdóma, eftir nánari reglum sem hann setur í samráði við yfirdýralækni.

10. gr.

Eldi varphænsna.

- 10.1. Eldishús og búnaður þess skal vera hreinn og sótthreinsaður og æskilegt er að hús hafi staðið tómt í a.m.k. hálfan mánuð áður en varphænsni eru sett í það.
- 10.2. Ef fuglar eru hafðir á gólfi skal eigi hafa fleiri en 9 fugla á hvern fermetra.
- 10.3. Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með fuglunum, að lágmarki einu sinni á ári. Ef um óeðlileg vanhöld er að ræða skal bústjóri gera héraðsdýralækni aðvart, sbr. 4. gr.
- 10.4. Starfsmaður skal halda nákvæmar skýrslur um aldur, vanhöld, fódurnotkun, varp, hita- og rakastig.

11. gr.

Eldi kjúklinga.

11.1. Eldishús og búnaður þess skal vera hreinn og sóttþreinsaður og hús hafa staðið tóm í a.m.k. hálfan mánuð áður en daggamlir ungar eru settir í það.

11.2. Fuglar í sama eldishúsi skulu vera jafngamlir. Fuglar skulu vera frá sömu útungunarstöð og æskilegt að þeir séu úr eggjum frá sama stofnbúi.

11.3. Ekki skal hafa fleiri en 19 fugla á hvern fermetra gólfflatar eða sem svarar 32 kg lifandi þunga á fermetra.

Hiti skal vera 32° C fyrstu fjóra ævidagana og lækkar síðan um hálfra gráðu á dag að 23° C við fjögurra vikna aldur. Fóðurrými skal vera 3,3 cm hið minnsta á hvern kjúkling með keðjufóðrun en þar sem pönnufóðrun er notuð skal vera einn pönnufóðrari á hverja 70 kjúklinga. Eitt brynningartæki skal vera fyrir hverja 200 kjúklinga. Lýsing í byrjun eldis skal vera 20 lux, sem lækkar í 6 lux við þriggja vikna aldur. Ljós skulu slökkt í a.m.k. 30 mín. einu sinni á sólarhring eftir fyrstu 10 dagana.

11.4. Héraðsdýralæknir skal hafa reglubundið eftirlit með rekstri kjúklingabúa eftir nánari reglum sem dýralæknir alifuglasjúkdóma setur í samráði við yfirdýralækni. Ef um óeðlileg vanhöld er að ræða skal héraðsdýralækni gert aðvart, sbr. 4. gr.

11.5. Slátra skal kjúklingum 14-28 daga gömlum til gerlafræðilegra athugana, 0,2-1% fugla, lágmark 10 fugla og þeir sendir til rannsóknar á Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum á Keldum, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar um slátrun alifugla nr. 260/1980.

11.6. Starfsmaður skal halda nákvæmar skýrslur um aldur, vanhöld, fóðurnotkun, hita- og rakastig.

VI. KAFLI.

Aðbúnaður og rekstrarleyfi útungunarstöðva.

12. gr.

Húsakostur og búnaður.

12.1. Útungunarstöð skal standa í a.m.k. eins km fjarlægð frá eldishúsum alifugla.

12.2. Húsnæði það sem útungun fer fram í skal vera rúmlegt miðað við þarfir. Húsnæði skal þannig úr garði gert að auðvelt sé að hreinsa það og sóttþreinsa. Þar skal vera góð aðstaða til að þrifa eggjabakka og annan búnað og áhöld. Þar skal vera hreinlætisaðstaða og aðstaða til fataskipta. Gólf skulu vera úr steinsteypu, gallalaus, með fullkomnum niðurföllum, sem tengd eru í rotþró. Húsnæði, búnaði og áhöldum skal halda hreinum og þrífalegum og þar má ekki geyma hluti sem eru starfseminni óviðkomandi. Útungunarstöðvar skulu þannig búnar að þangað komist hvorki meindýr eða fuglar.

12.3. Starfsfólk útungunarstöðvar skal ekki sjá um hirðingu á öðrum fuglum né starfa í alifuglasláturhúsi. Við störf skal ávallt klæðast hreinlegum hlífðarfatnaði, sem nota skal eingöngu í útungunarstöðinni. Óviðkomandi er bannaður aðgangur að útungunarstöðvum nema gætt sé sérstakra varúðarráðstafana. Óheimilt er að hafa heimilisdýr, búfugla eða dúfur á útungunarstöðvum.

12.4. Aðeins má taka við útungunareggjum frá viðurkenndum stofnbúum og skal fylgja vottorð viðkomandi héraðsdýralæknis.

12.5. Útungunaregg skal sóttþreinsa, þegar komið er með þau í stöðina og eins þegar þau eru sett í vélar, samkvæmt reglum sem dýralæknir alifuglasjúkdóma setur í samráði við yfirdýralækni.

12.6. Fúlegg úr útungunarvélum, eggjaskurn, sjálfdauda unga eða unga sem eru deyddir skal hirða jafnóðum og brenna eða grafa á tryggilegan hátt. Eggjabakka, búnað og áhöld skal hreinsa og sóttþreinsa eftir hverja notkun og útungunarvélar og klekjara í hvert sinn sem

útungun hefst á ný. Samráð skal hafa við héraðsdýralækni um sóttþreinsun. Þess skal gætt að hún skaði hvorki egg eða unga. Öll sóttþreinsiefni skal geyma þar sem óviðkomandi nær ekki til.

12.7. Kyngreining á ungum skal fara fram í sérherbergi. Þeir sem kyngreina unga skulu halda áhöldum sínum vel hreinum og sóttþreinsa þau að loknu starfi í útungunarstöðinni. Þeir skulu hafa sérstök hlífðarföt og skófatnað við vinnu sína, sem auðvelt er að þvo og sóttþreinsa og í öllu starfi skulu þeir gæta þess að bera ekki smitefni milli stöðva. Ungu, sem deyða þarf að lokinni kyngreiningu skal aflífa með jafn skjótum og sársaukalitlum hætti og kostur er.

12.8. Til flutnings á daggömlum ungum skal nota hreinar, ónotaðar umbúðir. Umbúðir skulu greinilega merktar „Lifandi ungar“ og skal þess gætt að sem best fari um ungana meðan á flutningi stendur og leitast skal við að flutningar á ungunum séu eins beinir og greiðir og kostur er.

12.9. Starfsmaður skal halda nákvæmar skýrslur um móttöku eggja, fjölda, árangur útungunar og dreifingu unga. Auðkenna skal egg úr hverju eldishúsi.

12.10. Verði vart óeðlilegra vanhalda í útungunarstöð eða í ungum seldum frá útungunarstöð skal umráðamaður stöðvarinnar gera héraðsdýralækni aðvart.

12.11. Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm að mati héraðsdýralæknis í fuglum í útungunarstöð eða á búi sem afhendir egg, skal héraðsdýralæknir hlutast til um að nauðsynleg sýni séu send til rannsóknar án tafar. Er honum heimilt í samráði við yfirdýralækni, að stöðva sölu á ungum frá stöðinni fyrirvaralaust uns nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir smitdreifingu. Eiganda eða umráðamanni er skylt að veita nauðsynlega aðstoð við sýnatöku og láta sýni af hendi endurgjaldslaust.

13. gr.

Eftirlit.

13.1. Héraðsdýralæknar skulu eftir nánari reglum dýralæknis alifuglasjúkdóma og yfirdýralæknis hafa reglubundið eftirlit með rekstri útungunarstöðva.

13.2. Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslu um eftirlitsferðir sínar, á eyðublöð sem dýralæknir alifuglasjúkdóma lætur þeim í té.

13.3. Ef útungunarstöð fullnægir ekki skilyrðum, sem sett eru í þessari reglugerð skal héraðsdýralæknir krefjast úrbóta skriflega. Héraðsdýralæknir skal gefa hæfilegan tímabundinn frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal senda dýralækni alifuglasjúkdóma.

13.4. Nú telur héraðsdýralæknir að ítrekuðum kröfum um úrbætur hafi ekki verið sinnt á viðunandi hátt eftir að veittur frestur er liðinn og skal hann þá veita stuttan lokafrest í samráði við yfirdýralækni. Ef viðhlítandi úrbætur hafa ekki verið gerðar að lokafresti liðnum fellur rekstrarleyfi útungunarstöðvarinnar úr gildi. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust tilkynna þetta dýralækni alifuglasjúkdóma og yfirdýralækni.

14. gr.

Leyfisveiting.

14.1. Allir þeir sem stunda útungun á alifuglaeggjum með vélum, skulu hafa til þess skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

14.2. Umsókn um leyfi til þess að reka útungunarstöð, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, ásamt umsögn viðkomandi héraðsdýralæknis og vottorði um heilsufar fugla á búi eða búum þeim sem láta af hendi útungunaregg til stöðvarinnar. Ennfremur skal fylgja umsókninni lýsing á stærð og gerð húsnæðis stöðvarinnar, útungunarvélum og afkastagetu þeirra, sem og öðrum búnaði.

14.3. Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til starfrækslu útungunarstöðva, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Samþykki dýralæknis alifuglasjúkdóma þarf fyrir öllum meiri háttar breytingum á húsnæði, búnaði og vinnutilhögun. Leyfi má afturkalla án fyrirvara ef ástæða þykir til t.d. vegna sjúkdóma eða brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

VII KAFLI.

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Eldi í búrum o.fl.

15.1. Við eldi alifugla í búrum skal fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 125/1986 um hæsnahald í búrum.

15.2. Brot gegn reglugerð þessari varða missi réttinda til eldis alifugla, útungunar og til þess að afhenda unga eða útungunaregg í eitt ár eða lengur, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

16. gr.

Gildistaka o.fl.

16.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 77/1981 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 429 2. nóvember 1984 um útungunarstöðvar og ráðstafanir gegn kjúklingasótt og öðrum smitsjúkdómum alifugla.

16.2. Þeir aðilar sem hafa leyfi til sölu á ungunum og til útungunar á eggjum, halda leyfum sínum þar til gildistími þeirra rennur út. Um endurnýjun leyfa fer eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Framleiðendum sem ekki uppfylla skilyrði 6.1., 8.2., 9.2. og 14.1., um fjarlægðarmörk, skal gefinn frestur til 1. janúar 1994 til að fullnægja ákvæðum þeirra málsgreina.

II.

Þar til ráðinn hefur verið sérstakur dýralæknir alifuglasjúkdóma, skal yfirdýralæknir annast skyldur hans samkvæmt reglugerð þessari.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 213/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar úr bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

2. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
 4. *Þjóðhátíðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess er heimilt að kveðja til fulltrúa félagasamtaka.
 5. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi*. Þrjú aðalfulltrúar og jafnmargir til vara.
- B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
 2. *Áfengisvarnarnefnd*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
 3. *Atvinnumálanefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.
 4. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
 5. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
 6. *Hafnarstjórn*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
 7. *Heilbrigðisnefnd*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðisfirtlit.
 8. *Húsaleigunefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
 9. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 10. *Umhverfismálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálaráð fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971 og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur gerir ráðið tillögur til bæjarstjórnar um fegrun bæjarins.
 11. *Skólanefnd grunnskóla Stykkishólshverfis*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Hreppsnefnd Helgafellssveitar tilnefnir auk þess einn aðalmann og einn til vara.
 12. *Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Stjórnir Lúðrasveitar og Tónlistarfélags skulu tilnefna sameiginlega einn fulltrúa.
 13. *Skólanefnd iðnskóla*. Bæjarstjórn tilnefnir þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 16. gr. laga nr. 68/1966 um iðnfræðslu. Skólanefnd iðnskóla fer einnig með stjórn framhaldsdeildar Fjölbrautaskóla Vesturlands í Stykkishólmi.
 14. *Stjórn safna*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningubókasöfn og reglugerð nr. 138/1978. Safnanefnd fer með málefni allra safna sem starfrækt eru á vegum bæjarins og gerir tillögur til bæjarstjórnar um uppbyggingu safna og rekstur.
 15. *Stjórn lista- og menningarsjóðs*. Tveir fulltrúar auk forseta bæjarstjórnar sem er formaður stjórnar samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins.
 16. *Héraðsnefnd Snæfellinga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. samþykktar um héraðsnefnd Snæfellinga, er tók gildi 1. janúar 1989.

17. *Húsnæðisnefnd*. Bæjarstjórn tilnefndir þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 70/1990. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.
 18. *Stjórn vinnumiðlunar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara kjörnir af bæjarstjórn skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun. Stjórnin er auk þess skipuð tveimur mönnum tilnefndum annars vegar af félögum launþega og hins vegar af félagi atvinnurekenda. Stjórnin skal starfa á grundvelli laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
 19. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
 20. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni er lúta að búfjárhaldi. Nefndin gerir tillögu til bæjarstjórnar um einn forðagæslumann og annan til vara. Skal hann sjá um eftirlit með fóðurforða samkvæmt búfjárræktarlögum nr. 31/1973.
 21. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
 22. *Garðnefnd Hólmgarðs*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kvenfélagið Hringurinn tilnefnir þar af tvo aðalmenn í nefndina. Starfssvið nefndarinnar er að hafa eftirlit og umsjón með Hólmgarði.
 23. *Ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að eflingu ferðamannaþjónustu og hefur umsjón og eftirlit með þeim verkefnum á sviði ferðamála, sem bæjarstjórn felur henni.
 24. *Stjórn Dvalarheimilis aldraðra*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri Dvalarheimilis aldraðra auk þess að annast málefni aldraðra og þjónustu við aldraða eftir samþykktum bæjarstjórnar.
 25. *Stjórn barnaheimilis*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Tveir aðalmenn eru tilnefndir af St. Franciskussystrum samkvæmt samningi um rekstur barnaheimilisins milli bæjarstjórnar og St. Franciskussystra. Stjórn barnaheimilis skal hafa á hendi umsjón og eftirlit með rekstri barnaheimilisins.
 26. *Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
 27. *Æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með æskulýðsstarfi á vegum bæjarins, þar á meðal rekstri æskulýðsmiðstöðvar.
 28. *Íþróttanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með íþróttastarfi á vegum bæjarins.
 29. *Sögunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Sögunefnd skal hafa umsjón og eftirlit með ritun sögu Stykkishólms.
- Bæjarráð fer með verkefni þeirra nefnda sem lögskylt er að kjósa en ekki eru tilgreindar í samþykktinni, sbr. heimild í 56. gr. sveitarstjórnarlaga, þar á meðal verkefni framfærslunefndar, skv. framfærslulögum nr. 80/1947.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, staðfestist hér með, skv. 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1990.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Línal.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. október 1990 staðfest sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 17. nóvember 1990, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosningu, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosningu að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. janúar 1991.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Heimsljós.

Undirritaðir aðilar hafa orðið ásáttir um að gera með sér eftirfarandi samning um að stofna sjálfseignarstofnun.

1. gr.

Stofnunin heitir Heimsljós. Lögheimili stofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að breytingu á vitund fólks og lífsháttum. Að auka lífsfyllingu einstaklinga með samstillingu líkama, hugar og sálar og nota til þess lífsspeki Yogi Amrit Desai og kripalu hreyfingarinnar.

Til að ná fram markmiði stofnunarinnar hefur verið komið á fót jógakennslu og fræðslu um iðkunina, kennslu í djúpöndun, hugleiðslu og slökun. Stofnunin mun halda skemmri og lengri námskeið, sem stuðla eiga að andlegum vexti og þroska einstaklingsins. Skapa vettvang þar sem fólk getur starfað saman, tekið ábyrgð á eigin lífi og unnið að sjálfsþroska.

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 411 600 og er það greitt af stofnfélögum. Stofnfé skal ávaxta á tryggilegan hátt. Stofnféd má ekki skerða.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar verða framlög og gjafir er því berast svo og tekjur af starfsemi stofnunarinnar, auk vaxta.

5. gr.

Eftirtaldir skipa stjórn stofnunarinnar:

Jón Ágúst Guðjónsson, kt. 230251-5079, Jörfabakka 10, Reykjavík, gjaldkeri. Sigurður G. Pálmason, kt. 130854-5839, Ásenda 1, Reykjavík, formaður og Helga Mogensen, kt. 120454-4639, Vegghömrur 15, Reykjavík, ritari.

Falli einhver stjórnarmanna, af einhverjum ástæðum, úr stjórn, skal stjórnin tilnefna annan í hans stað. Ef ágreiningur verður um tilnefningu, skal um hana kosið. Engin varastjórn er í stofnun þessari.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar er ráðinn af stjórn, og er hann nú Helga Mogensen.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar ber að halda gerðabók fyrir stofnunina, færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað er varðar hag og rekstur stofnunarinnar, tekjur og gjöld og færa í hana ársreikninga stofnunarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin semur reikninga stofnunarinnar árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur breytt skipulagsskrá þessari eða ákveðið að leggja hana niður, ef hún er einhuga um það og skulu þá eignir hennar renna til Guðspekifélagsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 28. september 1990.

Helga Mogensen.

Sigurður Pálmason.

Jón Ágúst Guðjónsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. október 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474
4. desember 1984.

1. gr.

2. mgr. 34. gr. orðist svo:

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að leiktækjastofum. Dvöl á knattborðsstofum verði bundin við útivistarreglur barna og unglunga en börnum innan tólf ára aldurs verði einungis heimill aðgangur í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. október 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

17. ágúst 1990

Nr. 433

REGLUR

um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

1. gr.

Orðskýringar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglum þessum hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Alþjóðasamþykktin. Alþjóðasamþykkt um skipamælingar undirrituð í London 23. júní 1969.

Brúttótonnataka. Mæling á heildarstærð skips, eins og hún er ákvörðuð, sem kveðið er á í reglum þessum.

Nýtt skip. Skip, sem kjölur er lagður að, eða er á svipuðu byggingarstigi eftir 1. júlí 1987.

Gamalt skip. Skip, sem ekki er nýtt.

Mesta lengd. Mesta lengd skipsins, sjá meðfylgjandi viðauka fyrir mál-, tré-, plast- og önnur skip. Sé brugðið út af venjubundnu lagi framstefnis í smíði skipa sem reglur þessar ná til skal miða mestu lengd að framan við skurðpunkt framhaldslína bolsins (sjá viðauka).

Lengd. 96% af heildarlengd sjólínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá efri brún kjalar, eða lengdin frá fremri brún stefnis að miðju stýrisáss á sömu sjólínu, ef hún er stærri. Á skipum, sem hönnuð eru með kjölhalla, skal sjólínan, sem lengd þessi mælist á vera samhliða hannaðri sjólínu.

Mælingalengd. Fjarlægð á milli tveggja punkta og er fremri punkturinn þar sem neðri flötur efra þilfars mætir innri brún byrðings við stefni, ef skipið hefur málmyrðing, og að ytra fleti byrðings við stefni, á skipi með byrðing úr öðru efni. Aftari punkturinn er þar sem neðri

flötur þilfars mætir byrðing í skut á sama hátt og fremri punkturinn. Mælingalengd skipa, sem ekki hafa þilfar, skal vera fjarlægðin milli ytri stafna við efri brún borðstokks.

Mótuð dýpt. Fjarlægðin, mæld lóðrétt frá efri brún kjalar að neðra fleti þilfars við skipshlið. Í tréskipum hvort sem smíðuð eru á tré eða járnbönd, skal fjarlægðin mæld frá neðri brún spúnningar við kjöl. Sé form neðra hluta miðbandsins holt eða kjalsýjur þykkar, skal fjarlægðin mæld frá þeim punkti, sem framlengd lína flata hluta botnsins sker hlið kjalarins.

Á skipum með ávala pröm skal mótuð dýpt mæld að skurðpunkti mótaðrar línu þilfars og útsúðar framlengdum þannig, að þær myndi horn.

Þar sem þrep er á efra þilfari og hærri hluti þess nær yfir þann stað, sem mæla á mótuðu dýptina skal hún mæld frá framhaldslínu lægri hluta þilfarsins dreginni samsíða hærri hlutanum.

Mælingadýpt. Fjarlægð mæld frá neðri fleti efra þilfars, að innri brún byrðings við kjöl eða að innri fleti kjölplötu á skipum með málmbyrðing, en frá neðri fleti efra þilfars að ytra fleti byrðings við kjöl á skipum með byrðing úr hverskonar öðru efni.

Mælingadýpt skipa, sem ekki hafa þilfar, skal vera fjarlægðin frá efri brún borðstokks að efri brún kjalar eða spónfarslínu, eftir því hvor dýptin er meiri, þegar sú fjarlægð er mæld á miðri mælingalengd.

Efra þilfar. Efsta heila þilfarið sem mætir ágangi veðra og sjávar, með fastabúnaði til veðurþéttrar lokunar allra opa á þeim hluta þess, sem áveðurs er, enda hafi öll þau op á hliðum skipsins, sem eru fyrir neðan það þilfar, fastabúnað til vatnsþéttrar lokunar þeirra. Á skipum með lyftu efra þilfari, skal lægsta lína óvarða þilfarsins og framlenging hennar samsíða lyfta hlutanum teljast efra þilfar.

Breidd. Breidd skips er mesta breidd þess, mæld miðskipa innan á byrðing á skipi með málmbyrðing en að ytri brún byrðings á skipi úr hverskonar öðru efni. Sjá meðfylgjandi viðauka fyrir málm-, tré-, plast- og önnur skip.

2. gr.

Gildissvið.

- 2.1. Reglur þessar gilda um öll skráningarskyld skip undir 24 metrum að lengd.
- 2.2. Reglurnar skulu gilda um:
 - a) ný skip,
 - b) gömul skip, sem gerðar eru verulegar breytingar á eftir að reglur þessar taka gildi,
 - c) gömul skip, ef eigendur þeirra óska eftir endurmælingu,
 - d) öll skip minni en 15 m mesta lengd frá 1. janúar 1991,
 - e) öll önnur gömul skip frá og með 1. janúar 1994.
- 2.3. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessara reglna, þegar um er að ræða skip afbrigðilegrar gerðar eða skip, sem einungis er heimilt að nota til sérstakra verkefna innan afmarkaðra svæða.

3. gr.

Mæling skipa minni en 15 m mestu lengd.

Við ákvörðun á brúttótonnatölu skal mæla mestu lengd og breidd skipsins. Reikna síðan út BT samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$BT = 0.031 ML^2 * B$$

ML og B er mesta lengd skipsins og breidd samkvæmt skilgreiningu 1. greinar. Nettótonnatalan skal fundin með því að margfalda BT með 0.3.

$$NT = 0.3 * BT$$

4. gr.

Mæling skipa með þilfari 15 m að 24 m að mestu lengd.

- 4.1. Við mælingu skipa með þilfari, skal fara eftir ákvæðum viðauka I í alþjóðasamþykktinni eftir því sem við á.
- 4.2. Til ákvörðunar á rúmmáli skips undir efra þilfari skal beita þeim mæli- og reikniaðferðum er hér segir:
- 4.2.1. Farið skal eftir 2. reglu (1), (2), (3), (4), (5), (6), (7), (8) í viðauka I í alþjóðasamþykktinni við skilgreiningu á hugtökum sem notuð eru.
- 4.2.2. Mælingalengdinni skal skipt í jafna hluta eins og hér segir:
Fyrir skip 15 metra og lengri mestu lengd skal skipta mælingalengd niður í 8 jafna hluta. Heimilt er að skipta mælingalengd í fleiri hluta og einstökum hlutum í minni hluta, ef ástæða þykir til.
- 4.2.3. Þverskurðarflatarmál flatanna milli hlutanna skal síðan fundið með því að skipta mældri dýpt hvers þverskurðar niður í 4 jafna hluta ef dýptin er minni en 6 metrar, 6 jafna hluta ef dýptin er 6 til 12 metrar og 8 jafna hluta, ef dýptin er 12 metrar eða meiri. Skipta má hverjum þverskurði niður í fleiri hluta og hverjum hluta í minni hluta, ef þörf þykir.
Allar breiddir skulu mældar út á byrðing í skipum með málmbyrðing, en að ytri hlið byrðings í skipum, sem hafa byrðing úr hverskonar öðru efni.
- 4.2.4. Við útreikning á flatarmáli þverskurða og rúmmáli undir þilfari samkv. liðum 4.2.2. og 4.2.3. skal nota Simpsons reglu.
- 4.2.5. Heimilt er að samþykkja aðrar reikniaðferðir við ákvörðun á rúmmáli undir þilfari, ef þær gefa sömu eða betri nákvæmni.
- 4.3. Til ákvörðunar á rúmmáli reisna og annarra yfirbygginga skal beita þeim mæli- og reikniaðferðum er hér greinir.
- 4.3.1. Mæla skal á milli innri flata útveggja og frá þilfari til þilfars með eðlilegri nákvæmni.
- 4.3.2. Í rými með réttar síður og þilfarsfleti, skal heimilt að nota einfaldari reikniaðferðir. Í rýmum með bogadregna fleti skal mæla minnst 3 breiddir eða lengdir eftir því sem við á og reikna út flatarmál og rúmmál með Simpsons reglu.
- 4.4. Brúttótonnatale skipa 15 metrar að mestu lengd og lengri, en undir 24 metrum, skal vera sú stærð, sem fæst þegar brúttótonnatale skipanna, samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar, er margfölduð með eftirfarandi stærð:

$$0,92 + 0,08 \frac{(L-15)}{9}$$

- 4.5. Nettótonnatale skipa, sem mælast skv. þessari grein, skal vera sú stærð, sem fæst, þegar brúttótonnatale skipanna samkvæmt ákvæðum liða 4.4 og 4.5 er margfölduð með 0.368.

5. gr.

Mæling skipa án þilfars.

Fyrir skip án þilfars skal brúttótonnatalan fundin með eftirfarandi jöfnu:

$$BT = 0.031 * ML^2 * B$$

ML og B er mesta lengd skipsins og breidd samkvæmt skilgreiningu 1. greinar.

6. gr.

Framkvæmd mælinga.

- 6.1. Áður en smíði skips hefst, eða svo fljótt sem verða má eftir að smíði hefst, skal eigandi eða skipasmíðastöð senda Siglingamálastofnun ríkisins útreikninga á brúttó- og nettótonnatölu skipsins. Útreikningarnir skulu á skýran hátt tilgreina staðsetningu þverskurða, öll mæligildi og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að staðreyna mælingu.
- 6.2. Áður en skip, sem keypt er erlendis frá, er skráð hér á landi, skal senda Siglingamálastofnun ríkisins útreikninga, sem greina frá stærð skipsins samkvæmt reglum þessum.
- 6.3. Útreikningum á brúttó- og nettótonnastærð skipa skulu fylgja eftirfarandi teikningar, eftir því sem við á:
 - Fyrirkomulag.
 - Línuteikning eða bandariss.
 - Miðband.
 - Langskurður.
 - Yfirbygging, þ.m.t. öll mannvirki ofan efra þilfars.Teikningarnar skulu varðveittar hjá Siglingamálastofnun ríkisins sem fylgiskjal með mælingaskýrslum. Siglingamálastofnun ríkisins getur krafist þess að fá í hendur aðrar teikningar, ef framlagðar teikningar teljast ófullnægjandi.
- 6.4. Tilkynna skal Siglingamálastofnun ríkisins um breytingar á skipum, sem áhrif hafa á mælingu þeirra og senda inn teikningar af þeim breytingum.

7. gr.

Mælibréf.

- 7.1. Skip, sem reglur þessar ná til, skulu hafa um borð íslenskt mælibréf útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 7.2. Siglingamálastofnun ríkisins getur heimilað yfirvöldum annarra ríkja að gefa út mælibréf samkvæmt reglum þess til bráðabirgða.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

- 8.1. Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 237/1987 um mælingar skipa.
- 8.2. Mælibréf útgefið samkvæmt eldri mælingareglum skulu halda gildi sínu, svo fremi að ekki hafi verið gerðar verulegar breytingar á skipinu eftir gildistöku þessara reglna, sbr. 2. gr. þessara reglna. Þó skulu mælibréf skv. eldri reglum eigi gilda lengur en til 31. desember 1990 fyrir skip minni en 15 m mestu lengd og 31. desember 1993 fyrir öll önnur skip.


Samgönguráðuneytið, 17. ágúst 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.


Ragnhildur Hjaltadóttir.

SKÝRINGAMYNDIR AF ENDAMÖRKUM LENGDAR FYRIR
MÆLINGU Í TRÉSKIPUM ≤ 15 M MESTU LENGD


AFTURSTAFN.




FRAMSTAFN.



KRUSSARASKUTUR.




MIDBAND.




LEIÐBEININGAMYND Á BREIDD YFIR ALLT FYRIR MÆLINGU Í ÖLLUM
ÖÐRUM SKIPUM EN STÁLSKIPUM


SKÝRINGARMYND FYRIR MÆLINGU Á OPNUM BÁT ≤ 15 M MESTU LENGD



MIDLÍNA




- A: MÆLINGARBREIDD Á OPNUM BÁT
- B: MÆLINGARBREIDD Á ÞILFARSBÁT



SKÝRINGARMYND VIÐ MÆLINGU SKIPA ≤ 15 M MESTU LENGÐ

A: MESTA LENGÐ PILFARSBÁTS MEÐ LYFT FRAMPILFAR FYRIR MÆLINGU
B: MESTA LENGÐ PILFARSBÁTS ÁN LYFTS PILFARS FYRIR MÆLINGU

SKÝRINGARMYND VÍÐ MÆLINGU SKIPA \leq 15 M MESTU LENGÐ



A: MESTA LENGÐ MÆLINGAR Á OPNUM EÐA LOKUÐUM BÁT MED AFBRIGÐILEGUM FRAM OG AFTURENDA GR. I

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1990

31. október 1990

1193

Nr. 434

SAMÞYKKT

um stjórn Njarðvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Njarðvíkurkaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

5. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar.

Áætlun þessa skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja hana um eitt ár.

6. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 20. gr. samþykktar þessarar. Skylt er að fara fram á við félagsmálaráðuneytið að lengri frestur sé veittur, þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga.

7. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 6. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun eða útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt kveða á um hvernig útgjöldum skuli mætt.

8. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

9. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði að jafnaði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

Reglulegir bæjarstjórnarfundir skulu hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

10. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

11. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það. sbr. þó 10. gr. samþykktar þessarar.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

12. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar.

Þ.e. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.

2. Fundargerðir.

Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, að svo miklu leyti, sem bærarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 52. gr. samþykktar þessarar.

3. Önnur mál.

Þau mál sem falla undir verksvið bærarstjórnar og bærarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bærjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Óski bærjarfulltrúi eftir slíku, skal hann tilkynna það bærarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bærarstjóri telur nauðsynleg. Dagskránni skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bærarstjórnarfundar.

13. gr.

Bærarstjóri skal í síðasta lagi fjórum sólarhringum fyrir bærarstjórnarfund hafa boðsent bærjarfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum fundarboð bærarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum. Aukafundir skulu á sama hátt boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

14. gr.

Aldursforseti bærarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bærarstjórnar og stýrir honum uns forseti bærarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bærarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bærjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi fleiri bærjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bærarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bærarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bærarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bærarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

15. gr.

Bærarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bærjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bærarstjórn.

16. gr.

Bærarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almeiningi heima á aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bærarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum og skal tillaga um slíkt afgreidd umræðulaust í bærarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokudum fundi í bærarstjórn.

17. gr.

Bærarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bærjarfulltrúa er á fundi. Bærarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

18. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum og sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Forseti getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum, en raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðunum forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

19. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

20. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmat forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

22. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Sama á við sé hann fyrirvarmaður aðila sem málið varðar með sambærilegum hætti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

23. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

24. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerða hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar.

Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.

25. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem viltur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé á honum, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

27. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

28. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema lög mæli á annan veg. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

29. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Bæjarstjórn getur samþykkt að mál sé afgreitt með skriflegri atkvæðagreiðslu.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

30. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 14. gr. þessarar samþykktar.

31. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig það er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Allir fulltrúar, sem mættir eru skulu undirrita fundargerðir bæjarstjórnar nema bæjarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

32. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmaet forföll hamli sbr. 21. gr. samþykktar þessarar. - Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf,

sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

33. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

34. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa hefur tekið þátt í henni.

35. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til öflunar upplýsinga vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

Um vanhæfi bæjarfulltrúa vísast til 22. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. og 2. mgr.

39. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 9. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

41. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

42. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráði, en varamenn í bæjarráði mega vera úr hópi varabæjarfulltrúa skv. 2. gr. laga nr. 49/1990 um breytingu á 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Framboðsaðili, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki fulltrúa í bæjarráði, má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

43. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund annan hvern miðvikudag kl. 17.00. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

44. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

45. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann þess. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á þeim. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

46. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og

þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

47. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður, hver skuli gera það nema bæjarstjórn hafi kjörið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn um fundarboðun til fyrsta fundar. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

48. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

49. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

50. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákveði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

51. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó með heimild bæjarstjórnar ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal þar skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

52. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að loknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur fjárútlát í för með sér, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn eða bæjarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt þessari til endanlegrar afgreiðslu.

53. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð, stöður og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:1. *Bæjarráð.*

Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, svo og 42. gr. samþykktar þessarar.

2. *Skodunarmenn bæjarreikninga.*

Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum:1. *Atvinnumálanefnd.*

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.

2. *Afengisvarnarnefnd.*

Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengisлага nr. 82/1969.

3. *Bókasafnsnefnd.*

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 og rgl. nr. 138/1978.

4. *Byggðasafnsnefnd.*

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. samþykkt um Byggðasafn Suðurnesja dags 3. október 1978. Hlutverk safnsins er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis fyrir almenning.

5. *Byggingar- og skipulagsnefnd.*

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

6. *Félagsmálaráð.*

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd, barnaverndarnefnd og stjórnarnefnd vinnumiðlunar eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 53/1966 og nr. 18/1985. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla og dagvista.

7. *Fulltrúi í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.*

Einn aðalmaður og annar til vara, skv. samþykkt fyrir sambandið frá 10. október 1986.

8. *Forðagæslumaður.*

Einn forðagæslumaður og annar til vara sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.

9. *Framtalsnefnd.*

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Framtalsnefnd annast eftirlit með skattframtalsskilum í Njarðvíkurkaupstað í umboði bæjarstjórnar.

10. *Fulltrúi í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.*

Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.

11. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja.*

Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. *Húsnæðisnefnd.*

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.

13. *Húsaleigunefnd.*

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

14. *Íþróttaráð.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. reglugerð dags. 4. nóvember 1986. Íþróttaráð fer með stjórn íþróttamála í Njarðvíkurkaupstað í umboði bæjarstjórnar.
15. *Jafnréttisnefnd.*
Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna eftir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985.
16. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.*
Hún er jafnframt kjörstjórn við alþingiskosningar, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
17. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.*
Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. samþykktum sambandsins.
18. *Skólanefnd Grunnskóla Njarðvíkur.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17.8. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
19. *Skólanefnd Fjölbrotaskóla Suðurnesja.*
Einn fulltrúi og annar til vara skv. 7. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla.
20. *Skólanefnd Tónlistarskóla Njarðvíkur.*
Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
21. *Stjórn Brunavarna Suðurnesja.*
Einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykkt fyrir Brunavarnir Suðurnesja dags. 1. janúar 1973.
22. *Stjórn Dvalarheimila aldraðra Suðurnesjum.*
Einn fulltrúi og einn til vara skv. starfssamningum frá 6. apríl 1976 og 13. janúar 1981.
23. *Stjórn Eigendafélags félagsheimilisins Stapa.*
Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. lögum Eigendafélags félagsheimilisins Stapa dags. 19. mars 1987.
24. *Stjórn Hafnarinnar Keflavík-Njarðvík sf.*
Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurkaupstaðar dags. 9. janúar 1990.
25. *Stjórn heilsugæslustöðvar Suðurnesja.*
Einn aðalfulltrúi og annar til vara sbr. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
26. *Stjórn Hitaveitu Suðurnesja.*
Einn fulltrúi og einn til vara skv. 7. gr. laga nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja.
27. *Stjórn Lista- og menningarsjóðs.*
Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 6. janúar 1976.
28. *Stjórn Sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs.*
Einn fulltrúi og annar til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
29. *Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.*
Einn fulltrúi og annar til vara skv. stofnsamningi dags. 23. nóvember 1978.
30. *Stjórn Vatnsveitu Suðurnesja.*
Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. stofnsamningi dags. 22. febrúar 1989.
31. *Umferðarnefnd.*
Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. umferðarlögum nr. 50/1987.
32. *Umhverfismálanefnd.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálanefnd annast störf þau er gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 17/1965 og 47/1971.

33. *Vinabæjanefnd.*

Fimm aðalmenn og fimm til vara. Vinabæjanefnd annast samskipti við vinabæi Njarðvíkurkaupstaðar í umboði bæjarstjórnar.

34. *Þjóðhátíðarnefnd.*

Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Þjóðhátíðarnefnd annast undirbúning og framkvæmd þjóðhátíðarhalda í Njarðvíkurkaupstað í umboði bæjarstjórnar.

35. *Æskulýðsráð.*

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi æskulýðsráðs dags. 6. október 1982. Að auki skulu kennararáð Grunnskóla Njarðvíkur og U.M.F.N. hvort um sig tilnefna einn fulltrúa og einn til vara til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Æskulýðsráð fer með stjórn æskulýðsmála í Njarðvíkurkaupstað í umboði bæjarstjórnar.

C. **Aðrar nefndir** sem stofnaðar kunna að verða.

54. gr.

Byggingafulltrúi er fulltrúi bæjarins í stjórn Almanna- og Vinabæjanefnda Suðurnesja. Bæjarstjóri er fulltrúi bæjarins í launanevnd Sveitarfélaga og í fjárhagsnevnd S.S.S., sbr. samþykkt fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrir ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

55. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

56. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 11. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins, fyrirtækja hans og stofnana.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

57. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöðum s.s. yfirmenn stofnana og deilda og veitir þeim lausn frá störfum.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

58. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

59. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluti greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn bæjarmála Njarðvíkurkaupstaðar nr. 99/1976 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um breytingu á mörkum Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið, hinn 16. október 1990, staðfest breytingu á mörkum Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar, sbr. samkomulag, dagsett 17. maí 1990, milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga. Í samkomulaginu segir m.a. svo: „Með vísan til meðfylgjandi uppdráttar, sem skoðast hluti samkomulags þessa, skulu ný mörk sveitarfélaganna vera þannig að neðangreindar landspildur teljist innan marka Hveragerðisbæjar frá undirritun samkomulags þess að telja:

1. Hluti úr landi Öxnalækjar, sem afmarkast að norðaustanverðu af fyrri sveitarfélagsmörkum við Þorlákshafnarveg og Varmá að suðaustanverðu.
2. Hlutar úr landi Stóra-Saurbæjar, Litla-Saurbæjar og Þúfu, sem afmarkast að norðvestan af línu dreginni í framhaldi vegkants Þjóðvegur nr. 1, Suðurlandsvegur (sjá uppdrátt), að norðaustan af landamörkum Vorsabæjar og Öxnalækjar, að suðaustan af Þorlákshafnarvegi, Þjóðvegi nr. 38 og að suðvestan af landamörkum Þúfu og Kröggólfsstaða.“

Breyting þessi á mörkum Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar skal öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um forgangsrétt til tilkynninga um skráningu á vörumerkjum.

1. gr.

Nú er vörumerki notað í fyrsta sinn fyrir vörur sem sýndar eru á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu í einhverju þeirra ríkja sem gerst hafa aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, og merkið síðan tilkynnt til skráningar hér á landi innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það kom fram á sýningunni, og skal sú tilkynning, að því er snertir síðar til komin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu til skráningar á því, talin fram komin þegar merkið var birt á sýningunni.

Forgangsréttur þessi er háður því að hans sé krafist annað hvort í umsókn um skráningu vörumerkisins með upplýsingum á hvaða sýningu merkið var fyrst notað og hvenær, eða skriflega með ofangreindum upplýsingum innan eins mánaðar frá afhendingu umsóknar.

Vörumerkjaskrárritari getur krafist þess, að tilkynnandi afhendi, innan frests er vörumerkjaskrárritari ákveður, fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti upplýsinga sem honum hafa verið gefnar.

2. gr.

Nú er vörumerki tilkynnt til skráningar í einu eða fleiri ríkjum sem gerst hafa aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, og merkið síðan tilkynnt til skráningar hér á landi innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það var fyrst tilkynnt til skráningar í viðkomandi ríki eða ríkjum. Skal sú tilkynning þá, að því er snertir síðar til komin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu til skráningar á því, talin fram komin samtímis fyrrgreindri tilkynningu í hinu erlenda ríki.

Forgangsréttur þessi er háður því að hans sé krafist annað hvort í umsókn um skráningu vörumerkisins með upplýsingum um í hvaða landi merkið var fyrst tilkynnt til skráningar og hvenær, eða hans krafist skriflega með ofangreindum upplýsingum innan eins mánaðar frá afhendingu umsóknar. Ef vörumerkið hefur verið notað á opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu áður en það var tilkynnt til skráningar skal þess getið.

Vörumerkjaskrárritari getur krafist þess, að tilkynnandi afhendi, innan frests er vörumerkjaskrárritari ákveður, fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti upplýsinga sem honum hafa verið gefnar.

3. gr.

Ef í einni eða fleiri tilkynningum, sem lagðar eru inn í einhverjum þeirra ríkja sem nefnd eru í 2. gr., er krafist forgangsréttar frá þeim degi sem vörumerkið var fyrst notað á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu, og sá dagur er fyrri þeim degi þegar merkið var fyrst tilkynnt til skráningar, skal umræddur 6 mánaða frestur talinn hefjast þann dag sem vörumerkið var fyrst notað á sýningunni.

4. gr.

Ef 6 mánaða fresti þeim sem reglugerð þessi fjallar um lýkur á helgidegi eða öðrum degi sem ekki telst afgreiðsludagur vörumerkjaskrárritara, telst fresturinn renna út næsta virka dag sem skrifstofan er opin.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 46. gr., sbr. 18. og 30. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968 og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1990.

Jón Sigurðsson.

Gunnar Guttormsson.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um útgáfu á 2. flokki húsbrefa 1990 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 2. flokk húsbrefa 1990. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 2. flokki 1990, skal vera að hámarki 3000 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í þremur undirflokkum a, b, c. Í undirflokki a skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 1 000 000,00, í undirflokki b kr. 100 000,00 og í undirflokki c kr. 10 000,00. Vextir í 2. flokki 1990 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 19 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala nóvembermánaðar 1990.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. nóvember 1990, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. nóvember 1990.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar 1992. Húsbrefaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. nóvember 1991. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbrefa svo og númer áður útdreginna, ógreiddra húsbrefa og greiðslustaður þeirra, skulu birt í Lögbirtingablaði og a.m.k. einu dagblaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Pau húsbref þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, 15. nóvember 2015. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbrefadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbrefa fynast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbrefa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbrefa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbref eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og lög nr. 70/1990, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingum á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar
frá 17. nóvember 1982 og deiliskipulagi í Hvömmum frá
14. ágúst 1979.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 31. október 1990 staðfest uppdrátt er sýnir breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 17. nóvember 1982 og staðfestu deiliskipulagi í Hvömmum frá 14. ágúst 1979.

Breytingarnar eru fölgnar í því að áður fyrirhugað íbúðasvæði við Lindarhvamm breytist í opið svæði til sérstakra nota og lóð fyrir verslun og þjónustu við Suðurbraut breytist í íbúðarhúsalóð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 1990

13. nóvember 1990

1209

Nr. 439

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Egilsstaðabæjar og fundarsköp
bæjarstjórnar nr. 214/1987 með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

2. gr.

1. másl. 50. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi vikulega.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Egilsstaðabæjar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.

31. október 1990

Nr. 440

AUGLÝSING

**um staðfestingu á deiliskipulagi við Eyvindarstaðaveg og
Skólaveg í Bessastaðahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. október 1990 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi íbúðasvæðis og atvinnusvæðis við Eyvindarstaðaveg og Skólaveg í Bessastaðahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

B 109

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989–2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. október 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ísafjarðar 1989–2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Ísafjarðar, sem staðfestur var af ráðuneytinu 20. september 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 442

AUGLÝSING

31. október 1990

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Grýtubakkahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 10. október 1990, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Grenivíkur að reitur A, sem er grænt svæði vestur af grunnskól-anum stækkar og landnotkun breytist úr opnu grænu svæði í íþróttasvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 443

AUGLÝSING

31. október 1990

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Suður-Seláss í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 10. október 1990, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi Suður-Seláss að leikvöllur við Skógarás verður færður á grænt svæði austur við lóðirnar Skógarás 13–17 og núverandi leikvöllur verður bifreiðastæði.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1990

22. nóvember 1990

1211

Nr. 444

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 586, 19. desember 1989,
um veiðar á úthafs-rækju.**

1. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Velji loðnuskip botnfiskeiðileyfi skal því auk aflamarks í botnfiski úthlutað rækjuaflamarki er nemur 1 lest af rækju fyrir hverjar 4 lestir af botnfiskaflamarki skips í þorskígildum talið.

Velji loðnuskip rækjuveiðileyfi skal því úthlutað sama rækjuaflamarki og skipinu var úthlutað 1989 auk 10% viðbótar skv. rg. nr. 336/1990 eða viðbótar er nemur 1 lest af rækju fyrir hverjar 4 lestir af botnfiskaflamarkskosti skips í þorskígildum talið hvort sem herra reynist. Að auki skal þessum skipum úthlutað 90 lestum af botnfiski í þorskígildum talið, er skiptist á einstakar tegundir að vali viðkomandi útgerðar.

2. gr.

2. og 3. málslíður 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Botnfiskaflamark þetta skal þó aldrei vera lægra en 165 lestir í þorskígildum talið fyrir skip skv. 1. og 2. tl. og 85 lestir fyrir skip skv. 3. og 4. tl. 2. mgr. þessarar greinar. Útgerðir skipa sem sæta lágmarksaflamarki af botnfiski skulu velja hvernig það skiptist á einstakar tegundir.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. nóvember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

20. nóvember 1990

Nr. 445

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til
leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989.**

1. gr.

3. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 308/1989 orðist svo:

Á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar, sem er Akureyri. Hámarkstala er 25 fólksbifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. nóvember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Elín Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. desember 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 417, 25. október 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,52%

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 416, 25. október 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,52%

Iðnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 107 26. febrúar 1988.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist: Breidd yfirbyggingar á vörubifreið eða eftirvagni má þó vera allt að 2,55 m.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 75. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. nóvember 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1990

15. nóvember 1990

1213

Nr. 448

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 279/1988.

1. gr.

3. tölul. C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Framkvæmdanefnd atvinnumála. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar, sbr. lög nr. 18/1985. Hlutverk stjórnarnefndar vinnumiðlunar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli bæjarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til bæjarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Framkvæmdanefnd atvinnumála fer með stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Akraness, sbr. reglugerð þar að lútandi.

2. gr.

12. tölul. C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Skólanefnd Tónlistarskóla Akraness. Tveir aðalfulltrúar og tveir til vara, skv. skipulagskrá fyrir skólann frá því í september 1989.

3. gr.

14. tölul. C liðar í 58. gr. samþykktarinnar falli brott og töluliðir greinarinnar, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það.

4. gr.

28. tölul. (áður 29. tölul.) C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Húsnæðisnefnd. Þrír aðalmenn og þrír til vara, skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990.

5. gr.

36. töluliður C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Húsfriðunarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Húsfriðunarnefnd er bæjarstjórn og byggingarnefnd til ráðuneytis um verndun húsa sem á að breyta eða rífa.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

I. KAFLI

Upphafsaðkvæði.

1. gr.

- Eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari skal endurgreiða
- virðisaukaskatt sem byggjendur íbúðarhúsnæðis hafa greitt vegna vinnu manna á byggingarstað,
 - virðisaukaskatt sem eigendur íbúðarhúsnæðis hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess, og
 - hluta virðisaukaskatts af söluverði íbúðarhúsa sem framleidd eru í verksmiðju hérlendis.

2. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari tekur ekki til orlofshúsa, sumarbústaða eða bygginga fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.

II. KAFLI

Um endurgreiðslu vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds.

Virðisaukaskattur sem endurgreiðslan tekur til.

3. gr.

Endurgreiðsla skv. a-lið 1. gr. tekur til virðisaukaskatts vegna allrar vinnu manna sem unnin er á byggingarstað íbúðarhúsnæðis við nýbyggingu þess, þ.m.t. vinnu við framkvæmdir við lóð hússins, jarðvegslagnir umhverfis hús, girðingar, bílskúra og garðhýsa á íbúðarhúsalóð. Endurgreiðsla skv. b-lið 1. gr. tekur á sama hátt til virðisaukaskatts vegna allrar vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis.

Endurgreiðsla skv. 1. mgr. tekur bæði til virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið samkvæmt reikningum verktaka vegna vinnu manna á þeirra vegum, og virðisaukaskatts sem byggingaraðili hefur samkvæmt byggingarþókhaldi sínu greitt af vinnu sinni og starfsmanna sinna, sbr. reglugerð nr.576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. tekur endurgreiðslan ekki til virðisaukaskatts sem greiddur er af eftirfarandi:

- Vinnu veitufyrirtækja við lagnir að og frá húsi.
- Vinnu stjórnenda vinnuvéla, jafnt þungavinnuvéla sem véla iðnaðarmanna o.fl. á byggingarstað.
- Vinnu sem unnin er á verkstæði. Þá skal ekki endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu sem unnin er með vélum sem settar eru upp á byggingarstað til aðvinnslu á vöru eða efni til íbúðarbyggingar, endurbóta eða viðhalds ef þessi vinna er að jafnaði unnin á verkstæði eða í verksmiðju.
- Hvers konar sérfræðipjónustu, svo sem þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta.
- Vinnu við ræstingu, garðslátt, skordýraeyðingu og aðra reglulega umhirðu íbúðarhúsnæðis sem ekki verður talin viðhald eignar.

Aðilar sem rétt eiga til endurgreiðslu.

5. gr.

Rétt til endurgreiðslu skv. a-lið 1. gr. á hver sá sem byggir á eigin lóð eða leigulóð íbúðarhúsnæði á eigin kostnað til eigin nota, leigu eða sölu. Rétt til endurgreiðslu skv. b-lið 1. gr. á hver sá sem framkvæmir endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði í sinni eigu.

Við eigendaskipti á íbúðarhúsnæði í byggingu hefur sá rétt til endurgreiðslu sem greitt hefur reikning þann sem endurgreiðsla tekur til. Skiptir ekki máli hvort vinnan er innt af hendi fyrir eða eftir gerð kaupsamnings.

Samvinnufélag sem byggir íbúðir fyrir félagsaðila sína og sér alfarið um byggingarbókhald í því sambandi telst húsbýggjandi í skilningi reglugerðar þessarar. Félagsaðilar fá þó endurgreiddan virðisaukaskatt vegna sérkostnaðar sem þeir hafa sjálfir staðið fyrir og greitt beint vegna íbúða sinna.

6. gr.

Þegar tveir eða fleiri aðilar eru með sameiginlegan byggingarkostnað sem sameiginlegur reikningur er fyrir skal endurgreiða hverjum þeirra sinn hlut samkvæmt eignarhlutfalli nema einn þeirra leggi fram umboð hinna til að taka við endurgreiðslu. Sama gildir þegar tveir eða fleiri aðilar hafa sameiginlegan kostnað við endurbætur eða viðhald.

Húsfélög, sem fengið hafa kennitölu hjá Hagstofu Íslands, eiga rétt til endurgreiðslu vegna sameiginlegs kostnaðar við endurbætur og viðhald húseignar félagsaðila.

Endurgreiðslubeiðni og önnur gögn.

7. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu samkvæmt þessum kafla skulu senda skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili endurgreiðslubeiðni með greinargerð um greidda vinnureikninga á viðkomandi endurgreiðslutímabili og/eða reiknaðan virðisaukaskatt vegna vinnu sinnar og starfsmanna sinna.

Þegar um er að ræða endurgreiðslubeiðni vegna sameiginlegs byggingarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 6. gr., skulu aðilar leggja fram sameiginlega greinargerð fyrir honum. Sú greinargerð skal vera fylgiskjal með endurgreiðslubeiðni hvers og eins nema einn þeirra hafi umboð hinna til að taka við endurgreiðslu fyrir þeirra hönd.

8. gr.

Beiðni um endurgreiðslu skal byggjast á fullnægjandi sölureikningum verktaka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 501/1989, eða fullnægjandi byggingarbókhaldi, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989. Ef um er að ræða sölu verktaka annars vegar á vinnu á byggingarstað, sbr. 3. gr., og hins vegar á efni, vinnuvélaþjónustu eða vinnu sem um ræðir í 4. gr., skulu þessir þættir skýrt aðgreindir og sala vinnu á byggingarstað, sbr. 3. gr., tilgreind sérstaklega.

Frumrit fullnægjandi sölureiknings skal fylgja beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu verktaka við endurbætur og viðhald.

Fyrir 20. janúar ár hvert skulu þeir sem sótt hafa um endurgreiðslu samkvæmt reglum þessa kafla senda skattstjóra útfyllta launamiða vegna greiddra launa og verktakagreiðslna. Jafnframt skulu þeir sem óskað hafa endurgreiðslu vegna nýbygginga senda skattstjóra húsbýggingarskýrslu (RSK 3.03) með skattframtali sínu.

III. KAFLI

**Um endurgreiðslu vegna sölu
verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa.
Aðilar sem rétt eiga til endurgreiðslu.**

9. gr.

Rétt til endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla eiga þeir sem framleiða íbúðarhús í verksmiðju hér á landi. Lóðahafar, sem kaupa verksmiðjuframleidd íbúðarhús, fá endurgreiddan virðisaukaskatt vegna vinnu manna við grunn o.fl., sbr. ákvæði II. kafla reglugerðar þessarar.

Stofn til endurgreiðslu.

10. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal nema eftirtöldu hlutfalli af heildar-söluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa að meðtöldum 24,5% virðisaukaskatti:

- a) Sé verksmiðjuframleitt hús afhent fullgert: 7,75% af söluverði að meðtöldum virðisaukaskatti.
- b) Sé verksmiðjuframleitt hús afhent tilbúið undir málningu og innréttingu: 8,75% af söluverði að meðtöldum virðisaukaskatti.
- c) Sé verksmiðjuframleitt hús afhent fókheld: 6,25% af söluverði að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hlutföll endurgreiðslu, sbr. 1. mgr., miðast við að hús sé afhent uppsett til kaupanda á grunni sem hann leggur til.

Virðisaukaskattur er ekki endurgreiddur af söluverði húshluta eða húsa sem afhent eru óuppsett.

11. gr.

Endurgreiðsla fyrir hvert endurgreiðslutímabil vegna sölu verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa skal taka til þeirra húsa sem afhent eru á tímabilinu. Hafi sölureikningur verið gefinn út vegna sölnunnar áður en afhending fór fram skal þó miða við útgáfudag reiknings. Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt vegna fyrirframgreiðslna (innborgana fyrir afhendingu) á endurgreiðslutímabilinu, enda hafi fullnægjandi sölureikningur eða kvittun, sbr. 7. gr. reglug. nr. 501/1989, verið gefin út vegna innborgunar.

Endurgreiðslubeiðni.

12. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu vegna sölu verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa skulu eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir að endurgreiðslutímabili lýkur senda skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili endurgreiðslubeiðni með greinargerð um fjölda seldra íbúðarhúsa og söluverð.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

13. gr.

Hvert endurgreiðslutímabil samkvæmt reglugerð þessari er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Sækja skal um endurgreiðslu vegna hvers uppgjörstímabils til viðkomandi skattstjóra á sérstökum eyðublöðum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Skilafrestur vegna hvers endurgreiðslutímabils er til 15. dags næsta mánaðar eftir lok tímabilsins.

14. gr.

Skattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafð aðila um framlagningu reikninga og annarra gagna, svo sem kaupsamning og lóðasamning. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar eftir skiladag. Frestur til afgreiðslu beiðna um endurgreiðslu vegna endurbóta og viðhalds er þó til 20. dags næsta mánaðar eftir skiladag. Beri daga þessa upp á helgidag eða almennan frídag færist fresturinn til næsta virka dags á eftir.

Frestur skv. 2. mgr. framlengist ef skattstjóri getur vegna aðstæðna aðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á.

Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með greinargerð-um næsta endurgreiðslutímabils.

15. gr.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal verðtryggð samkvæmt lánsjaravísitölu. Endurgreiðslufjárhæð skal breytt til samræmis við mismun á lánsjaravísitölu endurgreiðslumánaðar og einföldu meðaltali vísitölnnar í mánuðum endurgreiðslutímabilsins, sbr. 13. gr.

Endurgreiðslufjárhæð vegna beiðni sem berst eftir lok skilafrests skal taka sömu breytingu og hún hefði tekið ef hún hefði borist á réttum tíma. Sama gildir ef aðstæður aðila valda því að nauðsynlegt reynist að víkja frá afgreiðslufresti skattstjóra.

16. gr.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um og ber móttakanda endurgreiðslu eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu tilkynningar skattstjóra að endurgreiða innheimtumanni það sem ofgreitt var. Sama gildir ef móttakandi endurgreiðslu sinnir ekki skyldu skv. 3. mgr. 8. gr. til að senda launamiða eða húsbýggingarskýrslu. Innheimtumaður skal í þessum tilvikum endurkrefja aðila um þá fjárhæð sem hann hefur fengið greidda.

Um dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu og annarra atvika sem um ræðir í 1. mgr. fer skv. 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og reiknast frá þeim tíma er ofgreiðsla átti sér stað.

17. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 641/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skal endurgreiða virðisaukaskatt vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis, sem unnin er á árinu 1990, í einu lagi vegna alls ársins. Beiðni um endurgreiðslu skal hafa borist skattstjóra í síðasta lagi 20. janúar 1991.

Endurgreiðslufjárhæð vegna endurbóta- og viðhaldsvinnu á árinu 1990, sbr. 1. mgr., skal breytt til samræmis við mismun lánskjaravísitölu endurgreiðslumánaðar og meðallánskjaravísitölu ársins 1990.

Fjármálaráðuneytið, 15. nóvember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki um 12% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,12. Undanskildar eru þó eftirtaldar fasteignir, sbr. staflíð b.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Kjalarneshreppi, annarra en á bújörðum, hækki um 20% og framreiknistuðull samkvæmt því verði 1,20.
- Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
- Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsskrár matsverð fasteignamatsskrá þeirri sem gildi tók 1. desember 1989 ásamt síðari breytingum ákvæðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignamatsskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1990.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 545 20. nóvember 1989.

Fjármálaráðuneytið, 16. nóvember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

(1.) um nýtt fylgiskjal með reglugerð nr. 45/1990 um dagvist aldraðra.

1. gr.

Frá og með 1. desember 1990 teljast heimiluð dagvistarrými fyrir aldraða í samræmi við fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt með stoð í 2. gr. reglugerðar nr. 45/1990 um dagvist aldraðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

DAGVIST FYRIR ALDRAÐA, skv. 3. tl. 17. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 1. desember 1990.

Fjöldi dagvistarrýma

<i>Reykjavíkurbérað:</i>	
Dalbraut 25–27	40
Landspítali, Hátúni 10	20
Landakotsspítali, Hafnarbúðir	14
Skjól	25
Hlíðabær	18
Múlabær	48
<i>Reykjanesbérað:</i>	
Hrafnista DAS, Hafnarfirði	26
Sunnuhlíð, Kópavogi*)	18
<i>Vesturlandshérað:</i>	
Höfði, Akranesi	10
<i>Vestfjarðahérað:</i>	
Suðureyri	5
Hlíf, Ísafirði	8
<i>Norðurlandshérað eystra:</i>	
Hornbrekka, Ólafsfirði	8
Dalbær, Dalvík	14
Þjónustumiðstöðin Hlíð, Akureyri	12
Hvammur, Húsavík	10
Presthólahreppur	5
<i>Austurlandshérað:</i>	
Seyðisfjörður, sjúkrahús	5
<i>Suðurlandshérað:</i>	
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	8

*) Skilyrt rekstrarleyfi.

AUGLÝSING

(1.) um nýtt fylgiskjal með reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Frá og með 1. desember 1990 teljast heimiluð rými á öldrunarstofnunum í samræmi við fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt með stoð í 2. gr. reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

ÖLDRUNARSTOFNANIR OG HJÚKRUNARRÝMI FYRIR ALDRAÐA, skv. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 1. desember 1990.

<i>Reykjavíkurbérað</i>	Pjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Seljahlíð	78		
Dvalarheimilið Fell	30		
Droplaugarstaðir	32	36	
Hrafnista DAS	153	189	
Elliheimilið Grund	125	160	
Skjól		102	
Borgarspítali B-álma (öldrunarþjónustudeild)			81
Hvítabandið			19
Heilsuverndarstöðin			24
Landakot, Hafnarbúðir			21
Landspítali, Hátún 10B (öldrunarþjónustudeild)			63
		Hjúkrunarrými á	
<i>Reykjaneshérað</i>	Pjónustu- húsnæði	Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Garðvangur, Garði	3	41	
Hlévangur, Keflavík	15		
Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs			15
Hrafnista DAS, Hafnarfirði	66	148	
Sólvangur, Hafnarfirði			106
Dvalarheimilið Skjólbraut, Kópavogi	14		
Sunnuhlíð, Kópavogi			54
Ellivistun á einkaheimili, Kópavogi	5		

<i>Vesturlandshérað</i>	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Höfði, Akranesi	73		
Sjúkrahús Akraness			30
Dvalarheimilið Borgarnesi	45	12	
Jaðar, Ólafsvík	3	4	
Fellaskjól, Grundarfirði	7	10	
Dvalarheimilið Stykkishólmi	15	10	
Fransiskusspítalinn			25
Fellsendi, Búðardal		15	
Barmahlíð, Reykhólum	4	7	

<i>Vestfjarðahérað</i>	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Sjúkrahúsið Patreksfirði			14
Öldrunarstofnun Önfirðinga			7
Sjúkrahúsið Þingeyri			8
Sjúkrahúsið Bolungarvík			21
Elliheimili Ísafjarðar	16		
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði			25
Sjúkrahúsið Hólmavík			13

<i>Norðurlandshérað vestra</i>	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Sjúkrahús Hvammstanga			30
Sæborg, Skagaströnd	15		
Héraðshælið Blönduósi	12		30
Sjúkrahús Skagfirðinga	20		60
Sjúkrahúsið Siglufirði			32

<i>Norðurlandshérað eystra</i>	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Hornbrekka, Ólafsfirði	17	13	
Dalbær, Dalvík	24	20	
Þjónustumiðst. Hlíð, Akureyri	46		
Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	18	64	
Skjaldarvík, Akureyri	65		
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			15
Fjórðungssjúkrahúsið, Sel			23
Vistheimilið Bakkahlíð 5, Akureyri	5		
Kristnes, Hrafnagilshreppi			24
Hvammur, Húsavík	50		
Sjúkrahúsið Húsavík			40

Austurlandshérað	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Sundabúð, Vopnafirði			12
Sjúkrahúsið Egilsstöðum			22
Lagarás 21-23, Egilsstöðum	8		
Sjúkrahúsið Seyðisfirði			23
Hulduhlíð, Eskifirði	9	6	
Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað	11		21
Uppsaliir, Fáskrúðsfirði	13		
Skjólgarður, Höfn Hornafirði	21	25	

Suðurlandshérað	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Heiðarbær, Kirkjubæjarklaustri	5	7	
Hjallatún, Vík í Mýrdal	14		
Kirkjubhóll, Hvolsvelli	30		
Lundur, Hellu	26		
Blesastaðir, Hrunamannahreppi	12		
Sjúkrahús Suðurlands, Ljósheimar			26
Sjúkrahús Suðurlands			19
Kumbaravogur, Stokkseyri	34	40	
Sólvellir, Eyrarbakka	11		
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	130	64	
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	21	23	
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			20

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1991.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 8 000,00.

Gjaldið skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga, sem er 1. mars 1991.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 305/1989 skal vera kr. 5 000.

3. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið, 9. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Sandgerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sandgerðis er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sandgerðis skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sandgerðis eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunar-menn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Enn fremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lökkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórn saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það. Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þeir eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu. Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti. Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.
2. Arsreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt standandi við stól sinn nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarskóp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem vittur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar þess og bæjarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar, sbr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða. Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 1. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem er til meðferðar í bæjarstjórn. Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a. m. k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. – Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Hvað varðar hugsanlegt vanhæfi bæjarfulltrúa vísast til 26. gr. samþykktar þessarar.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. þessarar samþykktar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð. Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. þessarar samþykktar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, þó ekki þá viku sem fastur fundur bæjarstjórnar er skv. samþykkt þessari. Fundardagur og tími skal ákveðinn í upphafi hvers kjörtímabils. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra sem formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn sbr. III. kafla þessarar samþykktar eftir því sem þær geta átt við.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. stofnsamningi dags. 16. nóv. 1978.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Stjórn Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. samkomulagi sex sveitarfélaga á Suðurnesjum.
4. *Byggingarnefnd og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Nefndin fer einnig með málefni umferðarnefndar skv. umferðarlögum nr. 50/1987.
5. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráði eru falin störf barnaverndarnefndar skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 og framfærslunefndar skv. 26. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947. Jafnframt falla undir félagsmálaráð dagvistunarmál, félagsþjónusta og öldrunarmál.
6. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
7. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
8. *Húsaleigunefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

9. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
10. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfisnefnd annast störf gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965, sbr. 25. gr. laga nr. 108/1988 og náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988, ásamt umhverfismálum í bænum almennt.
11. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17.–18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
12. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985.
13. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
14. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Kosning fulltrúa í samræmi við samkomulag milli sveitarfélaga á Suðurnesjum frá ágúst 1990, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
15. *Stjórn sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. stofnsamningi dags. 27. nóv. 1978.
16. *Stjórn Hitaveitu Suðurnesja*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 7. gr. laga nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. 3. gr. laga nr. 101/1985.
17. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, kosnir af bæjarstjórn og tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, tilnefndir af V.F.S.M. og S.F.S.B., skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990.
18. *Atvinnumálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnurekendur og V.S.F.M. tilnefna einn mann hvor. Nefndin fer jafnframt með verkefni stjórnarnefndar vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
19. *Forðagæslumenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 54. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31/1973.
20. *Tómstundaráð*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess einn fulltrúi frá Foreldra- og kennarafélagi og annar frá nemendaráði grunnskólans, skv. samþykkt hreppsnefndar, dags. 6. nóv. 1990.
21. *Íþróttanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Golfklúbbur Sandgerðis og Knattspyrnufélagið Reynir tilnefna einn mann hvor samkvæmt samþykkt hreppsnefndar.
22. *Rekstrarnefnd samkomuhúss*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt starfsreglum rekstrarnefndar, dags. 1. júní 1983.
23. *Stjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja*. Kosning fulltrúa í samræmi við samkomulag milli sveitarfélaga á Suðurnesjum frá ágúst 1990, sbr. lög nr. 57/1988 um framhaldsskóla og lög nr. 72/1989.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

64. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum, sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Bæjarráð skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

66. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn.

Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum. Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins. Bæjarráð ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

67. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins, og veitir þeim lausn frá störfum.

68. gr.

Bæjarstjóri í samráði við bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 67. gr. og veitir þeim lausn frá störfum nema bæjarráð ákveði annað eða að vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

69. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

70. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

VII. KAFLI

Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í bæjarstjórn Sandgerðis, samþykkis einfalds meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. desember 1990, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd Miðneshrepps, nr. 17 frá 23. janúar 1963 og auglýsing um breytingu nr. 7 frá 4. febrúar 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Garðabæ fyrir árið 1991.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 6 500 fyrir árið 1991. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1990.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti og oftar.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Ásmegin.

1. gr.

Félagið „Veldur hver á heldur“ stofnar hér með sjálfseignarstofnunina Ásmegin, sem lýtur lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988. Stofnfé er kr. 365 000 og er það fé runnið frá stofnendum. Stofnfé er í vörslu stjórnar. Eigi má skerða stofnfé.

Stofnendur eru: Þór Ingi Daníelsson, Þóra Tómasdóttir, Snorri Traustason, Sigurlaug Jónsdóttir, Sigfús Guðfinnsson, Kerstin Andersson, Helga Óskarsdóttir, Guðjón Árnason.

2. gr.

Heimili og varnarþing er í Kópavogi.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að efla og styðja menningarframtak á sviði uppeldis- og skólamála sem og listrænum sviðum byggða á antroposofi Rudolf Steiners. Til að ná þessum markmiðum mun stofnunin í hvívetna renna stöðum í orði og æði undir þessa þætti: Waldorfleikskóla, Waldorfskóla, goetheaniska listiðkun og framleiðslu, auk þess að erja jörð og sinna umhverfinu á biologiskdynamiskan hátt.

4. gr.

Nauðsynlegs fjármagns til rekstrar og uppbyggingar þess starfs sem stofnunin hefur með höndum, skal aflað með því að taka á móti framlögum, styrkjum, áheitum, gjöfum o.s.frv. Tekjum af starfseminni skal varið til rekstrar og uppbyggingar á starfsemi þeirri sem stofnunin hefur á sínum vegum, þannig að vöxtur og viðgangur starfseminnar samræmist sem best ákvæðum 3. greinar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum: formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Varamenn skulu vera þrír. Fyrsta stjórn er skipuð stofnendum og eru verkaskipti samkomulag þeirra á milli. Stjórn skal annars valin á aðalfundi, sem halda skal í októbermánuði ár hvert. Fullgildur aðili til setu í stjórn, auk atkvæðisréttar, er hver sú manneskja sem tengst hefur störfum Ásmegins í eitt ár. Aðalfund skal boða bréflaga með minnst tveggja vikna fyrirvara. Stjórn stofnunarinnar getur boðað til auka aðalfundar telji hún þess þörf. Tillögur um skipulagsskrárbreytingar eða aðra mikilvæga málaflokka þurfa að berast stjórninni hið minnsta þrem vikum fyrir aðalfund.

6. gr.

Verði stofnunin lögð niður eða breytingar á skipulagsskrá er það háð samþykki $\frac{1}{2}$ hluta stjórnar. Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til landgræðslu að hætti Wroblowskys.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu yfirfara og árita reikninga stofnunarinnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. nóvember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Kringlumýrarbraut sunnan Listabrautar verði 70 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1990.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í desembermánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í desembermánuði 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegráðuneytið, 26. nóvember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um Skákskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk og stjórn skólans.

1. gr.

Skákskóli Íslands starfar á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast skákkennslu og að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi. Það gerir hann m.a. með því að:

- reka skákskóla í höfuðstöðvum Skáksambands Íslands,
- halda námskeið í skák á landsbyggðinni í samvinnu við skóla og tauffélög,
- efna til fjöltefla í samvinnu við félagasamtök og skóla og eftir óskum þeirra,
- standa fyrir skákbúðum að sumarlagi eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa í samvinnu við ýmsa aðila,
- skipuleggja skákstarf í grunnskólum í samvinnu við skólana,
- hafa ásamt Skáksambandi Íslands umsjón með „Skólaskák“ og þátttöku grunnskólanema í keppnum erlendis.

3. gr.

Skólastjórn Skákskólans er skipuð þremur aðilum til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar einn og Skáksamband Íslands tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara. Þóknun til skólastjórnar greiðist af Skákskólanum.

Skólastjórnin skal m.a.:

- ráða skólastjóra,
- gera fjárhagsáætlun fyrir skólann í upphafi skólaárs í samráði við skólastjóra,
- ákveða skólagjöld (námskeiðsgjöld),
- samþykkja ráðningu kennara eftir tillögum skólastjóra,
- ákveða námsframboð og starfsáætlun í upphafi skólaárs eftir tillögum skólastjóra.

4. gr.

Skólastjóri starfar í umboði skólastjórnar.

Skólastjóri skal m.a.:

- ráða kennara að skólanum með samþykki skólastjórnar,
- hafa umsjón með námi og kennslu í skólanum og annast daglegan rekstur hans,
- gera starfsáætlun fyrir skólann og leggja hana fyrir skólastjórn í upphafi skólaárs til samþykktar.

II. KAFLI

Skipulag skólans.

5. gr.

Nám í skólanum fer fram í tveimur deildum, almennri deild og framhaldsdeild.

Nám í almennri deild er opið öllum og greiði nemendur námsgjald sem skólastjórn ákveður. Nám í deildinni fer fram í námskeiðsformi og geta námskeiðin verið mislög. Gert er ráð fyrir 16–20 nemendum í hverjum hópi. Boðið skal upp á byrjendakennslu og nánar skilgreind framhaldsnámskeið svo sem um byrjanir, miðtafl, endatöfl o.fl.

Í framhaldsdeild eru nemendur valdir og skólavist ókeypis. Hvert kennslutímabil samsvarar tveimur önnum, þ.e. sept.–des. og jan.–apríl. Valið skal í deildina á grundvelli inntökuprófs í upphafi haustannar. Kennslutími skal vera 4–6 stundir á viku og nemendafjöldi í deildinni 10–15.

Stórmeistarar á launum skulu hafa fræðsluskyldu við framhaldsdeildina m.a. á þann hátt að fara yfir og skýra nýjar skákir.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76/1990 um Skákskóla Íslands og öðlast hún gildi 1. janúar 1991.

Menntamálaráðuneytið, 20. nóvember 1990.

Svavar Gestsson.

Arni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, er taki gildi 1. desember 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 103, 26. febrúar 1990, með síðari breytingum:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2,83%

Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Stokkseyrarhrepps, nr. 25/1989.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi í skrifstofu Stokkseyrarhrepps annan fimmtudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í júlímánuði.

2. gr.

4. töluliður C liðs í 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Félagsmálanefnd öryrkja og eldri borgara: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar samkvæmt lögum nr. 82/1989 um málefni aldraðra, og hefur umsjón með félags- og tómstundastarfi öryrkja og aldraðra.

3. gr.

9. töluliður C liðs í 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Húsnæðisnefnd: Nefndin er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Þrír nefndarmenn skulu kosnir af hreppsnefnd og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í hreppnum skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.

4. gr.

Við C lið 56. gr. samþykktar bætist nýr töluliður, 19. töluliður, sem orðist svo:

Framfærslu- og félagsmálanefnd: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið nefndarinnar er að hafa umsjón með dagvistunarmálum barna, rekstri leikskóla og annarra leiksvæða svo og verkefni framfærslunefndar samkvæmt framfærslulögum nr. 80/1947.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976
með síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Eigi er skylt að váttryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini í eitt ár. Þá er heldur ekki skylt að váttryggja skip, sem horfið er varanlega úr rekstri og hefur misst leyfi til að veiða í atvinnuskyni, sbr. lög um stjórn fiskveiða. Þegar svo stendur á, sem að framan greinir, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal vedhöfum þá ákvörðun með 14 daga fyrirvara.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í nóvembermánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 20% tekjutryggingarauka í desember 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. desember 1990 að telja um 2,83% frá því sem þær voru í nóvember 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 1990

27. nóvember 1990

1241

Nr. 465

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau skip, 6 brl. og stærri sem veiðileyfi fengu samkvæmt 4. og 10. gr. l. nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri.

Bátar undir 6 brl. sem voru á skrá Siglingamálastofnunar ríkisins við gildistöku l. nr. 38/1990 koma til greina við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni enda hafi þeir haft gilt haffæris-skírteini við útgáfu veiðileyfis og eigi síðar en 1. maí 1991. Ennfremur sambærilegir bátar sem koma í stað báta minni en 6 brl. sem voru á skipaskrá 31. desember 1989 en farist hafa á árinu 1990.

Bátar undir 6 brl. sem ekki voru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins við gildistöku l. nr. 38/1990, en fullnægjandi gögn um skráningu þeirra höfðu borist til Siglingamálastofnunar fyrir 18. júní 1990, eiga kost á veiðileyfi í atvinnuskyni, enda hafi þeir gilt haffæris-skírteini eigi síðar en 1. maí 1991.

Auk þeirra skipa, sem eiga kost á veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt 1.-3. mgr. þessarar reglugerðar, gefst nýjum bátum undir 6 brl., sem smíði hefur verið hafin á fyrir gildistöku l. nr. 38/1990, kostur á veiðileyfi í atvinnuskyni enda hafi haffæris-skírteini verið gefið út fyrir 18. ágúst 1990.

Hverfi skip, sem veiðileyfi hefur fengið samkvæmt 1.-4. mgr. þessarar greinar, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað, enda hafi veiðiheimildir þess skips, er úr rekstri hvarf, ekki verið sameinaðar varanlega veiðiheimildum annarra skipa eða horfið til Hagraðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 40/1990.

Heildaraflí.

2. gr.

Fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal heildaraflí, miðað við áætlaðan línuafli í janúar og febrúar og úthlutað aflamark úr helstu botnfisktegundum vera:

	Heildar- aflí (þús.lestir)	Áætlað utan aflamarks Línuafli (þús.lestir)	Úthlutað aflamark (þús.lestir)
1. Þorskur	245	7	238
2. Ýsa	40	1	39
3. Ufsi	65		65
4. Karfi	55		55
5. Grálúða	30		30
6. Skarkoli	7		7

Aflí samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

B 111

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

3. gr.

Fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal úthlutun af úthafsrækju miðast við að afli verði 25.000 þús. lestir.

Til úthafsrækju telst veiði á rækju, sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. l. nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.

Veiðar á úthafsrækju á Dohrnbanka vestan 26°V eru undanþegnar ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og getur ráðuneytið sett nánari reglur um veiðar á þessu svæði.

Ráðuneytið getur ennfremur ákveðið að rækjuveiðar á einstökum svæðum skuli undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar með tilteknum skilyrðum.

Úthlutun veiðiheimilda.

4. gr.

Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990 skal aflahlutdeild allra báta minni en 10 brl. af leyfilegum heildarafla neðangreindra botnfisktegunda vera jöfn aflahlutdeild þeirra af ársafla sömu botnfisktegunda árið 1989. Skipting afla milli fiskiskipa 10 brl. og stærri og fiskiskipa minni en 10 brl. var á árinu 1989 sem hér segir:

Tegund	Fiskiskip 10 brl. og stærri		Fiskiskip minni en 10 brl.		Heildaraflí þús. lestir
	þús. lestir	%	þús. lestir	%	
Þorskur	309.085	87.09	45.833	12.91	354.918
Ýsa	57.342	92.70	4.515	7.30	61.857
Ufsi	77.510	97.17	2.254	2.83	79.764
Karfi	91.483	100.00	0	0	91.483
Grálúða	58.332	100.00	0	0	58.332

Þrátt fyrir þessa skiptingu á aflahlutdeild báta minni en 10 brl. og fiskiskipa 10 brl. og stærri skal skerða aflahlutdeild allra fiskiskipa hlutfallslega er nemur áætluðum afla þeirra báta sem fá úthlutað meðal aflahlutdeild samkvæmt 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar.

Um aflahlutdeild af skarkola fer samkvæmt ákvæðum 6. gr.

5. gr.

Við úthlutun aflamarks til skipa 10 brl. og stærri gilda ákvæði til bráðabirgða I og IV í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 14. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 og 11. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða. Við ákvörðun aflamarks af þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu skal leggja til grundvallar úthlutun aflamarks á árinu 1990 samkvæmt rg. nr. 585/1989 en um úthlutun aflamarks á skarkola fer eftir ákvæði 6. gr. reglugerðar þessarar. Við úthlutun aflamarks af úthafsrækju skal leggja til grundvallar úthlutun á árinu 1990 samkvæmt rg. nr. 586/1989, sbr. rg. nr. 336/1990 og rg. nr. 444/1990.

Við útreikning á aflahlutdeild af botnfiski og úthafsrækju fyrir einstök fiskiskip 10 brl. og stærri skal byggt á flokkun skipanna í sóknarmarksflokka, sbr. rg. nr. 585/1989, eins og hún var í upphafi ársins 1990. Við mat á því hvort fiskiskip fái bætur samkvæmt 1. ml. 3. gr. ákvæðis til bráðabirgða I skal byggt á eftirfarandi verðmætahlutföllum: þorskur 1,00, ýsa 1,21 ufsi 0,57, karfi 0,52, grálúða 0,77 og úthafsækja 1,00.

Skipum, sem stunda loðnuveiðar og skipum sem stunda úthafsrækjuveiðar sem sérhæfð rækjuveiðiskip skal fyrir árslok 1990 gefinn kostur á að velja milli aflamarks af botnfiski og aflamarks af úthafsrækju í samræmi við ákvæði rg. nr. 586/1989, sbr. rg. nr. 336/1990 og rg. nr. 444/1990. Ræður það val aflahlutdeild þessara skipa. Loðnuskipum sem velja aflamark af úthafsrækju ber jafnframt að tilkynna hvernig óskað er að meðafli af botnfiski skiptist milli

einstakra tegunda og er það val bindandi. Sama gildir um sérhæfð rækjuveiðiskip sem sæta lámarksaflamarki af botnfiski. Reynist tilkynningar um val á botnfisktegundum af meðafla vera í verulegu ósamræmi við veiðireynslu skipanna á undanförunum árum og raska því aflahlutdeild skipa í flotanum getur ráðuneytið ákvarðað þessa skiptingu með hliðsjón af veiðireynslu.

6. gr.

Leyfilegum heildarafla af skarkola, sbr. 2. gr. skal úthlutað til einstakra fiskiskipa miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. september 1987 til 31. ágúst 1990.

7. gr.

Aflahlutdeild báta minni en 10 brl. sem veiðileyfi fá í atvinnuskyni skal ákveðin þannig:

1. Hafi bátur fengið aflahámark árið 1990, sem byggir á veiðireynslu árána 1985–1987 skal honum úthlutað aflahlutdeild í ársbyrjun 1991, sem byggir á þeirri reynslu. Hafi bátur, sem fékk veiðileyfi árið 1990 með aflahámarki, sem byggði á veiðireynslu árána 1985–1987 verið seldur fyrir gildistöku laga nr. 38/1990 skal samstarfsnefnd sbr. ákvæði II til bráðabirgða við l. nr. 38/1990 fjalla sérstaklega um úthlutun aflahlutdeildar á nýjan bát í eigu sama aðila og gera tillögu til ráðuneytisins þar að lútandi.
2. Fyrir þá báta sem ekki fengu veiðileyfi með aflahámarki byggt á eigin aflareynslu árið 1990 skal aflahlutdeild þeirra byggð á meðaltali tveggja bestu árána 1987–1989. Þó skal einungis byggja á veiðireynslu árána 1988 og 1989 hafi veiðireynsla ársins 1987 verið lögð til grundvallar við úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt 1. tl. þessarar greinar. Hafi bátur komið nýr eftir 31. janúar 1988 og hafi því ekki fulla aflareynslu á viðmiðunartímabilinu til að byggja aflahlutdeild sína á, skal samstarfsnefnd sbr. ákvæði II til bráðabirgða við l. nr. 38/1990 fjalla um úthlutun aflahlutdeildar og gera tillögur til ráðuneytisins þar að lútandi.
3. Hafi bátur 6 brl. eða stærri í fyrsta sinn fengið veiðileyfi eftir 31. desember 1989 skal honum úthlutað meðaflahlutdeild samkvæmt 10. gr. Sama gildir um nýja báta minni en 6 brl. sem hefja veiðar í fyrsta sinn eftir 31. desember 1989. Komi bátur í stað báts, sem horfið hefur varanlega úr rekstri, skal hann fá aflaheimildir þess báts.

8. gr.

Bátum undir 6 brl. sem skráðir voru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989 og bátum undir 6 brúttótonnum, sem skráðir voru á skipaskrá eftir þann tíma, en fyrir 18. maí 1990 gefst kostur á að velja bindandi fyrir árin 1991–1993 leyfi til línu- og handfæraveiða með dagatakörkunum í stað aflahlutdeildar sbr. ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

Bátum, sem velja leyfi til línu- og handfæraveiða er óheimilt að stunda veiðar frá 1. janúar til 31. janúar, frá 23. mars til 1. apríl og frá 31. júlí til 9. ágúst að báðum dögum meðtöldum.

Óheimilt er að úthluta báti, sem fengið hefur leyfi með aflahlutdeild, síðar leyfi til línu- og handfæraveiða. Jafnframt er óheimilt að flytja til slíks báts veiðileyfi til línu- og handfæraveiða, frá öðrum báti, jafnvel þótt sá bátur hafi verið tekinn úr rekstri og teljist sambærilegur að öðru leyti.

Ekki er heimilt að veita nýjum eða nýkeyptum báti er kemur í stað báts sem fengið hefur leyfi til línu- og handfæraveiða veiðileyfi í atvinnuskyni sé nýi báturinn 6 brúttótonn eða stærri.

9. gr.

Reynist heildaraflahlutdeild báta sem veiðileyfi fá samkvæmt 8. gr. reglugerðar þessarar hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á árunum 1991–1993 miðað við þá hlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvröðud aflahlutdeild frá og með upphafi þess

fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Aflahlutdeild einstakra báta skal ákvarðast miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1994. Heildaraflahlutdeild þessara báta í upphafi fiskveiðiárs 1. september 1994 skal þó aldrei vera hærri en samanlögð hlutdeild sem þessir bátar áttu kost á 1. janúar 1991 miðað við heilt ár.

10. gr.

Meðalaflahlutdeild samkvæmt 1. málslíð 3. tl. 7. gr. miðast við stærðarflokka báta þannig:

Báatar minni en 2 brl.

Báatar 2,0 brl. og stærri, en minni en 4,0 brl.

Báatar 4,0 brl. og stærri, en minni en 5,0 brl.

Báatar 5,0 brl. og stærri, en minni en 6,0 brl.

Báatar 6,0 brl. og stærri, en minni en 8,0 brl.

Báatar 8,0 brl. og stærri, en minni en 9,0 brl.

Báatar 9,0 brl. og stærri, en minni en 10,0 brl.

Heimilt er að framselja meðalaflahlutdeild að liðnum fimm árum frá gildistöku l. nr. 38/1990 enda hafi bátum verið haldið til veiða það tímabil.

11. gr.

Við ákvörðun á því hvort bátur, sem veiðileyfi fær samkvæmt 2. mgr., 1. gr. þessarar reglugerðar geti fengið leyfi til línu- og handfæraveiða, sbr. 8. gr. skal miða við mælingu bátsins eins og hún var skráð hjá Siglingamálastofnun ríkisins 18. maí 1990.

Fyrir báta sem veiðileyfi fá samkvæmt 3. og 4. mgr., 1. gr. þessarar reglugerðar skal ákvörðun um veitingu leyfa til línu- og handfæraveiða miðast við stærð bátsins eins og hún var skráð við útgáfu haffærisskírteinis.

12. gr.

Pegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, en grálúðu og skarkola með 0,92.

Pegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, en grálúðu og skarkola með 1,09.

Ráðuneytið skal ákveða reiknistuðla til útreikninga á afla skipa sem vinna eigin afla um borð. Má við þá ákvörðun miða við aflanýtingu hvers einstaks skips eða meðalaflanýtingu ákveðins flokks skipa.

Við línuveiðar í janúar og febrúar reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskipa.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm að lengd, ýsa styttri en 45 cm og karfi innan við 500 grömm að þyngd telst ekki að tveimur þriðju hlutum með til aflamarks fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggja staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn samkvæmt reglum er ráðuneytið setur. Þetta gildir ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk með haus sé að ræða. Allur fiskur sem veiddur er á handfæri telst þó til aflamarks.

Allan afla af botnfisktegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., sem fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola.

13. gr.

Skipa skal leyfilegum heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 á milli skipa á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers skips.

Reiknað skal hversu hátt hlutfall ársafla af hverri botnfisktegund hefur veiðst að meðaltali á fyrstu átta mánuðum ársins á árunum 1986–1988. Jafnframt skal reiknað fyrir hvern útgerðarflokk, sbr. 2. gr. rg. nr. 585/1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og fyrir hvern stærðarflokk smábáta, sbr. 10. gr. reglugerðar þessarar, hversu mikill hluti heildarásafla flokksins af hverri tegund hefur verið veiddur á fyrstu átta mánuðum ársins að meðaltali á árunum 1986–1988.

Hlutdeild hvers skips af heildaráfla hverrar tegundar á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 skal vera föst aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund deilt með hlutfalli átta mánaða heildarveiði af tegundinni en margfaldað með hlutfalli átta mánaða veiði útgerðarflokksins.

Hlutdeild einstakra skipa í heildaráfla af úthafsækju fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal ákvarðast með sama hætti og um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

14. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna ráðuneytinu skriflega fyrirfram. Þinglýstur eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við varanlegan flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem veð eiga í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting ráðuneytisins liggur fyrir.

Óheimilt er að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í l. nr. 38/1990. Séu veiðiheimildir skips, sem uppbætur hafa fengið, sameinaðar varanlega aflahlutdeild annars skips falla uppbætur niður nema fyrir liggi yfirlýsing þinglýsts eigenda um að skipið verði tekið af skipaskrá og réttur til endurnýjunar þess falli niður.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990 skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.21, ufsi 0.57, karfi 0.52, grálúða 0.77, skarkoli 0.94, loðna 0.07, síld 0.19, humar 14.43, rækja 1.83 og hörpudiskur 0.50. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990 eftir því sem við á. Jafnframt skulu þeir hafðir til hliðsjónar við mat á því hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

Endurnýjun fiskiskipa.

15. gr.

Fyrir þilfarsskip úrskurðar ráðuneytið hvort um sambærileg skip sé að ræða samkvæmt 5. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðra punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta gilda ofangreindar reglur eftir því sem við á en að öðru leyti vísast til 17. gr. þessarar reglugerðar um mat á stærð þeirra.

16. gr.

Rúmtala nýs skips má ekki vera hærri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri.

Sé það skip sem úr rekstri hverfur eldra en 12 ára má rúmtala hins nýja skips þó nema 100 m³ til viðbótar við rúmtölu eldra skipsins auk 25% álags á þá samtölu. Rúmtala hins nýja skips skal þó aldrei vera meira en 60% hærri en rúmtala þess skips er hverfur úr rekstri. Þrátt fyrir ákvæði 2. málslíðar þessarar málsgreinar má nýja skipið vera 5 rúmmetrum stærra.

17. gr.

Við útreikning samkvæmt 15. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands. Við útreikning á skipum, sem hverfa úr rekstri, skal miða við upphaflegt hönnunarmál þeirra, að viðbættri miðjulengingu, enda hafi hún verið framkvæmd fyrir 1. janúar 1986.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál samkvæmt 15. gr.

18. gr.

Eigi reglur 15.–17. gr. ekki við vegna þess að nýtt eða nýkeypt skip er annarrar gerðar en það skip er hverfur úr rekstri, skal meta afkastagetu og aflamöguleika skipsins sérstaklega.

19. gr.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að taka tvö skip eða fleiri úr rekstri fyrir eitt nýtt skip. Leyfileg rúmtala hins nýja skips miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er hverfa úr rekstri og reiknast þannig:

- a) Séu skipin sem hverfa úr rekstri eldri en 12 ára skal rúmtala þeirra lögð saman og skal viðbót sem nemur 100 m³ auk 25% álags bætt á þá samtölu. Rúmtala hins nýja skips skal þó aldrei vera hærri en nemur 60% af samanlagðri rúmtölu þeirra skipa er hverfa úr rekstri.
- b) Sé eitt eða fleiri af þeim skipum, sem hverfa úr rekstri, yngra en 12 ára, skal reikna sérstaklega, hversu stórt skip hefði mátt koma í þess stað samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 17. gr. Leyfileg rúmtala hins nýja skips telst samtala þannig reiknaðrar heimildar og leyfilegrar endurnýjunar vegna skipa eldri en 12 ára, samkvæmt 2. mgr. 16. gr. eða a)-lið þessarar greinar, eftir því sem við á.

20. gr.

Séu heimildir 16.–19. gr. til stækkunar vegna endurnýjunar skips ekki fullnýttar er óheimilt að nýta það sem umfram er vegna annars skips.

Ráðuneytinu er þó heimilt, hafi verið gerður samningur við skipasmíðastöðvar um raðsmíði þriggja eða fleiri skipa að víkja frá ákvæði 1. mgr., enda séu skip þau, sem hverfa úr rekstri, sambærileg og jafnmörg þeim sem smíðasamningur er gerður um. Um heimild þessa skal setja nánari reglur í samráði við Fiskveiðasjóð Íslands.

21. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheildir samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr rekstri, að skip það sem hverfur úr rekstri hafi verið strikað af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins.

22. gr.

Við yfirfærslu veiðiréttinda milli skipa skal nýju skipi í eigu sama aðila úthlutað sömu veiðiréttindum, sem eldra skipið hefði fengið, enda fullnægi nýja skipið þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir úthlutun þeirra veiðiréttinda.

23. gr.

Óheimilt er án sérstaks leyfis ráðuneytisins að breyta nýjum og nýkeyptum skipum þannig að mál þeirra, sbr. 15. gr. aukist. Sama á við um ný eða nýkeypt skip sem veiðileyfi hafa fengið í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1986, sbr. ákvæði rg. nr. 113/1988 og rg. nr. 51/1987.

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla, sem markaður er fyrir. Heimilt er þó að sleppa þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm sem fæst á handfæri.

25. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíkri aðgreiningu ekki komið við vegna smæðar fiskiskips skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávaraflla.

26. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda sjávarútvegsráðuneytinu mánaðarlega skriflegar upplýsingar um afla á eyðublöðum sem ráðuneytið leggur til. Þá er skipstjórum skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Hafrannsóknastofnunin leggur til og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til stofnunarinnar. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskifélags Íslands skýrslum um mótttekinn afla samkvæmt gildandi reglum þar um.

27. gr.

Um álita- og ágreiningsmál varðandi úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar skal ráðuneytið leita tillagna samráðsnefndar, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1990.

Sérstök samstarfsnefnd samkvæmt 7. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990 skal fjalla um álitaefni sem upp kunna að koma vegna úthlutunar aflaheimilda til báta undir 10 brl., sbr. 6.–11. gr. reglugerðar þessarar og um önnur álita- og ágreiningsefni og gera tillögur til ráðuneytisins um lausn þeirra.

28. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113, 23. febrúar 1988, um veitingu veiðileyfa til nýrra og nýkeyptra skipa ásamt síðari breytingu nr. 539, 13. nóvember 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. nóvember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innfluttar kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 33 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerð og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. desember 1990 og skal hún gilda til 31. maí 1991.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 1990

19. nóvember 1990

1249

Nr. 467

REGLUGERÐ

um rekstrarkostnað stofnana fatlaðra.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til stofnana fatlaðra skv. 2.–13. tölul. 7. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 41/1983 svo og þjónustu og starfsemi í samræmi við 7. gr.

II. KAFLI.

Almenn atriði.

2. gr.

Rekstrarkostnaður stofnana skv. 2.–13. tölul. 7. gr. laga um málefni fatlaðra, sem ekki er greiddur af sértekjum eða eigin fé, greiðist úr ríkissjóði.

Um rekstur stofnana skv. 1. og 14. tölul. 7. gr. fer samkvæmt lögum nr. 112/1976 og 2. gr. laga nr. 87/1989.

Umsjón svæðisstjórna með rekstri stofnana (á svæðinu).

3. gr.

Svæðisstjórnir og framkvæmdastjórar þeirra skulu árlega gera fjárlagatillögur og senda þær félagsmálaráðuneyti.

Áætlanir þessar skulu gerðar í samvinnu við forstöðumenn þeirra stofnana sem undir svæðisstjórnir heyrja.

Ákvæði þessarar greinar taka til stofnana sem reknar eru af svæðisstjórn svo og sjálfseignarstofnana og stofnana á vegum félagasamtaka.

4. gr.

Svæðisstjórn hefur umsjón með eignum og rekstri stofnana á sínu svæði í samræmi við 11. gr. laga um málefni fatlaðra. Framkvæmdastjóri svæðisstjórnar annast þetta verkefni í umboði svæðisstjórnar.

Framkvæmdastjóri svæðisstjórnar hefur í umboði félagsmálaráðuneytis eftirlit með rekstri þeirra stofnana á viðkomandi svæði sem svæðisstjórn annast sjálf, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um málefni fatlaðra.

5. gr.

Svæðisstjórn skal árlega í fjárlagatillögum sínum áætla kostnað vegna ýmiss konar þjónustu sem ekki fellur beint undir stofnanir á svæðinu. Kostnaður sá er hér um ræðir er m. a. námskeiðahald fyrir starfsmenn, ferðakostnaður starfsmanna, sértæk þjónusta við fatlað fólk í heimahúsum og félagsstarfsemi.

Bókhald og fjárgæsla.

6. gr.

Fjárgæsla stofnana sem undir svæðisstjórnir heyra skal vera hjá ríkisféhirði nema annað kunní að vera ákveðið.

Bókhald stofnana sem undir svæðisstjórnir heyra skal vera hjá Ríkisbókhaldi nema annað kunní að vera ákveðið.

Starfsmannahald.

7. gr.

Fjöldi starfsmanna á þjónustustofnunum samkvæmt lögum um málefni fatlaðra skal miðast við mat á þjónustuþörf á íbúa á viðkomandi stofnun. Slíkt mat skal fara fram þegar stofnun tekur til starfa og síðan árlega. Félagsmálaráðuneytið skal sjá um að hið árlega mat fari fram.

8. gr.

Heimilt er, að fengnu samþykki ráðuneytis, að flytja heimiluð stöðugildi á tiltekinni stofnun eða viðfangsefni á aðra stofnun eða viðfangsefni svæðisstjórnar innan fjárlagaársins, ef mat á þjónustuþörf beggja stofnana leiðir í ljós að það er félagslega og fjárhagslega hagkvæmt að flytja stöðuheimildir til með þeim hætti um tiltekið skeið.

Þetta gildir um þær stofnanir sem hafa hafið rekstur.

9. gr.

Á stofnunum þeim er undir reglugerð þessa falla skal að öðru jöfnu starfa fólk með menntun í meðferð og umönnun fatlaðra.

Sértekjur stofnana.

10. gr.

Tekjur sem til falla vegna starfsemi stofnana, þ.m.t. af atvinnurekstri, skulu koma til frádráttar útgjöldum þeirra.

Akstur og flutningskostnaður.

11. gr.

Akstur fatlaðra til og frá þjónustustofnunum, sem undir lög nr. 41/1983 falla, og vegna annarrar nauðsynlegrar sértækra þjónustu, sem veitt er fötluðum sérstaklega, greiðist úr ríkissjóði.

Um getur verið að ræða akstur með almenningsfarartækjum eða sérstaka flutningsþjónustu sem svæðisstjórn skipuleggur.

Kostnaður sá sem hér um ræðir skal færður til útgjalda hjá viðkomandi svæðisstjórn.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um akstur og ferðakostnað til og frá sumardvalarheimili og skammtímvistun.

12. gr.

Svæðisstjórn skipuleggur og annast akstur vegna þeirra einstaklinga sem dvelja utan stofnana en sækja þjónustu til viðurkenndra þjónustustofnana sem undir lög um málefni fatlaðra heyra, sbr. þó 4. mgr. 11. gr. reglugerðar þessarar, í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

Ef um hópakstur er að ræða er heimilt að greiða samkvæmt sérstökum aksturssamningi allt að 80 km daglega.

Ef um einstaklingsakstur er að ræða er heimilt að greiða samkvæmt sérstökum aksturssamningi allt að 70 km daglega.

Kostnaður sá sem hér um ræðir skal færður til útgjalda hjá viðkomandi svæðisstjórn.

13. gr.

Rekstrarkostnaður bifreiða á stofnunum, sem notaðar kunna að vera til að flytja íbúa á aðra þjónustustofnun, færist til útgjalda á þá stofnun sem telst eiga viðkomandi bifreið.

Meðferð einkafjármuna.

14. gr.

Forstöðumenn stofnana, þar sem íbúar eru búsettir, eru ábyrgir gagnvart handhafa starfsleyfis, íbúum eða umboðsmönnum þeirra um vörslu einkafjármuna þeirra og sameiginlegra sjóða. Halda skal bókhald hér að lútandi samkvæmt nánari reglum er félagsmálaráðuneytið setur.

Viðhaldskostnaður.

15. gr.

Um viðhald annarra stofnana en sambýla fer samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni.

II. KAFLI

Sérákvæði um einstakar stofnanir.*Sambýli.*

16. gr.

Eðlilegt (rekstrar-) viðhald sambýla greiðist í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 541/1988 fyrir sambýli.

Um fjárreiður og bókhald á sambýlum fer skv. 11. gr. reglugerðar um sambýli nr. 541/1988.

Halda skal bókhald hér að lútandi samkvæmt nánari reglum sem félagsmálaráðuneytið setur.

17. gr.

Ríkissjóður greiðir fæðiskostnað starfsmanna á sambýlum; fjárhæð sem samsvarar fæðisfé eins og það er skilgreint í kjarasamningi á hverjum tíma. Fæðiskostnaður þessi rennur í heimilissjóð í hverju sambýli.

Verndaðir vinnustaðir og hæfing til vinnu.

18. gr.

Tekjur verndaðs vinnustaðar skulu að jafnaði standa undir hráefniskaupum og almennum rekstrarútgjöldum. Laun til starfsmanna greiðist úr ríkissjóði, enda sé fjárveiting í fjárlögum.

19. gr.

Hráefniskaup og aðföng vegna vinnu á hæfingarstöðvum er hluti rekstrarkostnaðar.

Ríkissjóður greiðir laun leiðbeinenda á hæfingarstöðvum. Heimilt er að þóknun sem greidd er fötludum starfsmönnum sé greidd úr ríkissjóði.

Tilfallandi tekjur koma til frádráttar á rekstrargjöldum.

20. gr.

Sértekjur sem til falla af starfsemi og atvinnurekstri verndaðra vinnustaða og hæfingarstöðva skulu koma til frádráttar útgjöldum þeirra, sbr. 10. gr.

21. gr.

Félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við fjármálaráðuneyti, setur nánari reglur um meðferð fjármála og bókhald verndaðra vinnustaða, þ.á.m. varðandi bankaviðskipti þeirra og birgðahald.

22. gr.

Svæðisstjórn skal árlega áætla kostnað vegna leiðbeinenda fatlaðra á vinnumarkaði og sökum stuðnings, sem fötluðum er veitt í atvinnulífinu, utan stofnunar. Ennfremur skal svæðisstjórn gera áætlun um atvinnuleit fatlaðra.

III. KAFLI

Sérákvæði um stofnanir félagasamtaka og sjálfseignarstofnanir.

23. gr.

Sjálfseignarstofnanir og stofnanir á vegum félagasamtaka, sem reknar eru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og njóta framlaga úr ríkissjóði, skulu skila viðkomandi ráðuneyti, svæðisstjórn, Ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun, ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

24. gr.

Ef misbrestur verður á bókhaldi og fjárreiðum, þ.á m. einstaklinga, í sjálfseignarstofnunum og stofnunum reknur af félagasamtökum skal félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum svæðisstjórnar, vísa málinu þegar í stað til meðferðar hjá Ríkisendurskoðun skv. 7. gr. laga nr. 12/1986.

25. gr.

Fjármálaráðuneyti fer með samningsumboð sjálfseignarstofnana og stofnana félagasamtaka varðandi kaup og kjör starfsmanna á stofnunum þessum. Launaskrifstofa ríkisins annast launagreiðslur, nema annað sé ákveðið.

26. gr.

Afskriftir húsa og búnaðar sjálfseignarstofnana og stofnana félagasamtaka telst ekki til þess rekstrarkostnaðar sem ríkissjóði er skylt að greiða. Gera skal þó grein fyrir slíkum afskriftum í ársreikningi.

27. gr.

Vextir og fjármagnskostnaður vegna lána sem sjálfseignarstofnanir og stofnanir félagasamtaka kunna að taka vegna fjárfestinga og rekstrar telst ekki til þess rekstrarkostnaðar sem ríkissjóði er skylt að greiða.

28. gr.

Svæðisstjórnir annast rekstrareftirlit með sjálfseignarstofnunum og stofnunum félagasamtaka. Skylt er að veita fulltrúum þessara aðila aðgang að stofnunum til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi þeirra og afkomu, þ.m.t. bókhald þeirra og fjárreiður allar.

29. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Búðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan hreppsnefndar.

Hreppsnefnd Búðahrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið hreppsnefndar.

Hreppsnefnd fer með stjórn Búðahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn. Hreppsnefnd samþykkir skipurit hreppsins á hverjum tíma.

Verkefni hreppsnefndar.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varða íbúa hreppsins sérstaklega, enda séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Búðahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Enn fremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn.

7. gr.

Þriggja ára áætlun.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Um áætlanagerð.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um fróst til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar. Auk þess skal hreppsnefnd fjalla um greiðsluáætlun.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Um fjárveitingar og útgreiðslur.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI Um fundarsköp.

12. gr.

Fundarhöld.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og vera haldnir í ráðhúsi Búðahrepps. Heimilt er að fella niður hreppsnefndarfundir í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda eins oft og þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra. Skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Fyrsti fundur.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Boðun hreppsnefndarfunda.

Oddviti hreppsnefndar eða sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundir og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Dagskrá funda.

Oddviti hreppsnefndar eða sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og ráðningar fastra starfsmanna hreppsins, en sveitarstjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við hreppsráð. Auglýsa skal í allar lausar stöður á vegum sveitarfélagsins.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti eða sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn í síðasta lagi næsta föstudag fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti eða sveitarstjóri telja nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Fundarboðun.

Oddviti eða sveitarstjóri skal með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara hafa boðað hreppsnefndarmenn á hreppsnefndarfund og sent þeim yfirlit yfir dagskrá fundarins.

17. gr.

Aukafundur.

Oddviti eða sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd e.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Oddvitakjör.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs í senn. Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Ritari.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Opinn eða lokaður fundur.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks, ef á þarf að halda.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokudum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Lögmæti fundar.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Fundarstjórn.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Dagskrá fundar.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði, enda sé oddvita kunnert um slík mál fyrir upphaf fundar.

24. gr.

Tvær umræður.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Skyldur hreppsnefndarmanna.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir, er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundum hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundum.

26. gr.

Vanháfi hreppsnefndarmanns.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndar-

maður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

Fundarsköp.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn þrígslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem vittur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta honum, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Ræðutími.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Breytingartillögur.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, oddvita eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Atkvæðagreiðsla.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða felld án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a. m. k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Fundargerð.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Dagskrá funda.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Fundarsókn.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvita-störf og störf í hreppsráði, öðrum nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Lausn starfa.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

Atkvæðagreiðsla.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna sem hreppsnefndarmaður.

42. gr.

Þagnarskylda.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Vanhæfi.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Þóknun.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd ákveður kjör sín og oddvita hreppsnefndar.

45. gr.

Fundartími.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Forföll.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundum.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Kosningar og kjörgengi.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar og skriflegar, bundnar hlutfallskosningar, sbr. 5. mgr. 33. gr. samþykktar þessarar, ef þess er óskað.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Fulltrúar í hreppsráði.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kjósa þrjá hreppsnefndarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður og kjörinn í hreppsráð.

Hreppsnefnd getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Fundartími hreppsráðs.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund aðra hverja viku á þriðjudegi kl. 17.00. Aukafundi skal halda, ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

51. gr.

Fundarboðun hreppsráðs.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi. Hann sér um, að hreppsráð sé boðað til fundar a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi sveitarstjóri fengið vitneskju um forföll hreppsráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund. Til aukafundar má boða samdægurs í hreppsráði.

52. gr.

Formaður og fundargerð hreppsráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann og varaformann hreppsráðs. Kjósa má sveitarstjóra formann hreppsráðs. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Verkefni hreppsráðs og valdsvið.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn hreppsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnáslu hreppsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana hreppsins að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórna og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um, að ársreikningar hreppsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana hreppsins lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag hreppsjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsnefndarmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá tekur hreppsráð fullnaðarákvarðanir í málum, sem hreppsnefnd hefur falið því að afgreiða. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Starfsmenn á fundi hreppsráðs.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Fyrsti fundur – formenn nefnda.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, eftir því sem lög kveða á um. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Varamenn.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

59. gr.

Vald nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

60. gr.

Fundargerð.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Hreppsnefndarafgreiðsla.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar, sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Lögboðnar nefndir Búðahrepps.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skodunarmenn hreppsreikninga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hrepptjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd skal fylgjast með atvinnulífi byggðarlagsins og gera úttekt á stöðu þess ár hvert. Hún leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku. Einn til viðbótar er skipaður af verkalýðsfélögum staðarins og einn af hálfu atvinnurekenda.
Atvinnumálanefnd fer einnig með málefni stjórnar vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um vinnumiðlun nr. 129/1986.
2. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Verði stofnuð svæðisbyggingarnefnd kýs hreppsnefnd einn aðalmann og annan til vara í hana eða á annan hátt eftir samkomulagi aðildarhreppa.
4. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með félagshjálpi, fjárhagsaðstoð, heimilishjálpi, málefnum fatlaðra og barnaverndarmálum.

Nefndin skal sinna verkefnum barnaverndarnefndar samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 og verkefnum framfærslunefndar skv. 26. gr. framfærslulaga nr. 80/1947.

5. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara í heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. (Sjá skipun í umhverfis- og umferðarmálanefnd.)

Verkefni nefndarinnar eru skv. 7. gr. laga þessara:

- Að vinna að bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.
- Að vinna að bættum mengunarvörnum í héraðinu.
- Að standa að fræðslu um hollustuháttamál.
- Að hafa samstarf við önnur yfirvöld og aðila er vinna að sömu málum.
- Að sjá um að lögum nr. 81/1988 sé framfylgt sem og heilbrigðisreglugerð, mengunareglugerð og öðrum reglugerðum, sem þessi mál varða.
- Að gefa sveitarstjórn og byggingarnefnd álit á málum sem nefndina varða, sbr. 8. gr. laga nr. 81/1988.
- Önnur þau verkefni sem henni verða falin af sveitarstjórn.

7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

8. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningarmálanefnd sér um vinabæjatengsl, ýmsa menningarlega viðburði og hátíðir. Enn fremur fer nefndin með málefni bókasafnsins skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978. Hún starfar með bókaverði og annast m.a. bókakaup í samvinnu við hann.

9. *Skólanefnd grunnskóla*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Verkefni skólanefndar eru að sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu og aðstaða til fræðslunnar sé fullnægjandi. Þá fylgist skólanefnd með því að lögum nr. 63/1974 sé framfylgt.

10. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

11. *Stjórn heilsugæslustöðvar Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs*. Einn aðalmaður og annar til vara í samráði við aðildarhreppa skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Verkefni stjórnarinnar er að fylgjast með rekstri heilsugæslustöðvarinnar og að lagaákvæðum um heilsugæslustöðvar sé framfylgt þ.e. III. kafla fyrrgreindra laga og vera sveitarstjórn til ráðuneytis í málefnum heilsugæslustöðvarinnar.

12. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990.

Húsnæðisnefnd fer með stjórn og samræmingu á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Húsnæðisnefnd hefur með höndum mat á greiðslugetu umsækjenda og skráningu félagslegra íbúða. Af einstökum verkefnum húsnæðisnefnda má nefna:

- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum vegna félagslegra íbúða.
- Gerð áætlana fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði.
- Mat á greiðslugetu umsækjenda þegar sótt er um eignaríbúðir.
- Úthlutun á félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélagsins.
- Eftirlit með því að ákvæðum laga um félagslegt húsnæði sé framfylgt í sveitarfélaginu.
- Umsjón með endursölu félagslegra íbúða.
- Skráningu á félagslegum íbúðum.

- Veita upplýsingar og aðra nauðsynlega þjónustu, varðandi félagslegt húsnæði og húsaleigusamninga, til handa íbúum sveitarfélagsins.
13. *Forðagæslumenn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973. Þeir skulu hafa eftirlit með ásetningi búfjár, fódru og hirðingu. Að öðru leyti sjá þeir um að ákvæðum X. kafla laga nr. 31/1973 sé framfylgt.
14. *Einn úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

63. gr.

Nefndir Búðahrepps.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum, eða samkvæmt ákvæðum um verksvið, sem út skulu gefin í skipunarbréfi til þeirra. Umboð til starfa fellur niður í lok hvers kjörtímabils sveitarstjórna og fyrir ef verkefni er lokið.

Hreppsnefnd getur afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

Við ákvörðun um skipan starfsnefnda skal skýrt afmarkað nafn þeirra, verksvið og fjöldi nefndarmanna. Þær nefndir, sem hefð er fyrir að kjósa í Búðahreppi, eða gert er ráð fyrir að kjósa, eru:

Dagvistunarnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er tengiliður við starfsfólk og foreldrafélag og ráðgefandi í málefnum leikskóla og leikvalla á Búðum. Þá skal nefndin hafa umsjón með daggæslu í heimahúsum. Nefndin er ráðgefandi um uppbyggingu dagvistunarþjónustu í byggðarlaginu.

Umferðar- og umhverfismálanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal fylgjast með umferðarmálum og gera tillögur til úrbóta á þeim. Nefndin fylgist með umhverfi bæjarins s.s. að það sé hreinlegt og skipuleggur í því sambandi hreinsunardaga. Meðal sérstakra verkefna nefndarinnar eru: Umferðarmál, landgræðsla og skógrækt, umhverfismál s.s. opin svæði, sorphreinsun og sorphaugar, meindýraeyðing, skrudgarður, fjallshlíðin, Kirkjubólsland, tjaldsvæði og Andapollur.

Málefni heilbrigðisnefndar skulu kynnt á fundum nefndarinnar. Tveir fulltrúar nefndarinnar eru jafnframt fulltrúar í heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

Æskulýðs- og íþróttamálanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar um æskulýðsmál og íþróttamál. Nefndin er hreppsnefnd jafnframt til ráðgjafar um málefni sundlaugar, íþróttahúss, íþróttavallar og skíðalyfta. Hún skal í starfi sínu hafa náð samstarf við ungmennafélag staðarins. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af nemendafélagi grunnskóla Fáskrúðsfjarðar.

Byggingarnefnd íþróttahúss. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi byggingu íþróttahúss á Fáskrúðsfirði.

Stjórn Uppsala. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin sér um rekstur heimilis fyrir aldrað fólk í samvinnu við Fáskrúðsfjarðarhrepp. Ásamt kjörnum fulltrúum Búðahrepps situr í stjórn Uppsala fulltrúi Fáskrúðsfjarðarhrepps og læknir er sjálfskipaður. Þá situr sveitarstjóri fundi með tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi byggingu hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði.

64. gr.

Störf nefnda.

Hreppnefnd getur sett nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins ákveðnar starfsreglur eftir því sem henni kann að þykja nauðsynlegt.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

65. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

66. gr.

Starfssvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Skrifstofustjóri gegnir störfum sveitarstjóra í forföllum hans, nema hreppsnefnd feli það öðrum.

Sveitarstjóra er skylt að hafa ákveðinn viðtalstíma, sem auglýstur er á skrifstofu sveitarfélagsins.

67. gr.

Ráðningar.

Hreppsnefnd ræður skrifstofustjóra og veitir honum lausn frá störfum. Í ráðningarsamningi skrifstofustjóra skal kveðið á um starfssvið hans, kaup og kjör.

Sveitarstjóri í samráði við hreppsráð ræður aðra fasta starfsmenn og veitir þeim lausn frá störfum nema hreppsráð ákveði annað eða að vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema hreppsráð heimili annað. Hreppsráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá sveitarfélaginu.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 4. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Sveitarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana eftir reglum, sem hreppsráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

68. gr.

Föst störf.

Hreppsnefnd ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skulu talin föst störf hjá sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess, auk þeirra starfa, sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

VII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

69. gr.

Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í hreppsnefnd Búðahrepps, samþykki einfalds meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Búðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.

Nr. 469

26. nóvember 1990

S A M Þ Y K K T

um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Reykjavík. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar borgarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Reykjavík skal vera frjáls, að uppfylltum skilyrðum 3. og 4. greinar.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu kl. 23.30 – 7.00 nema með sérstöku leyfi borgarráðs að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda fari afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum, sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn sem komnir eru í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

7. gr.

Borgarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi. Sama gildir um verslanir sem selja minjagripi sem ætlaðir eru ferðamönnum.

8. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð samkvæmt ákvörðun borgarráðs. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur borgarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi 1. janúar 1991 þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík nr. 480/1987 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. nóvember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík–Húsavík–Reykjavík.

Samgönguráðuneytið hefur, með heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og reglugerð nr. 381 24. júlí 1989 um flugrekstur með síðari breytingum, sbr. auglýsingu nr. 523 3. nóvember 1989 um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands, veitti Flugfélagi Norðurlands hf. leyfi til almenns áætlunarflugs (án sérleyfis) á leiðinni:

Reykjavík – Húsavík – Reykjavík

Leyfi Flugfélags Norðurlands hf. til áætlunarferða milli Húsavíkur og Reykjavíkur gildir frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember 1992 og framlengist þá sjálfkrafa til 31. desember 1997 hafi samgönguráðuneytið ekki tilkynnt leyfishafa annað fyrir 1. júlí 1992. Leyfið er bundið þeim takmörkunum að árlegt sætaframboð félagsins sé ekki meira en sem nemur 20% af áætlaðri flutningsþörf eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.

Samgönguráðuneytið, 29. nóvember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn og raforku.**

Samkvæmt 25. og 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja, til að taka gildi við birtingu:

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn, nr. 242, 8. júní 1990, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2.83%

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku nr. 438, 22. september 1989, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2.83%

Iðnaðarráðuneytið, 3. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

29. nóvember 1990

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. afnema bann við bifreiðastöðum við Skúlagötu að sunnanverðu milli Höfðatúns og Rauðarárstígs,
2. afnema bann við bifreiðastöðum við Skálholtsstíg að norðanverðu milli Laufásvegar og Fríkirkjuvegar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. desember 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. nóvember 1990.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

28. nóvember 1990

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og að fenginni tillögu umferðar-nefndar Akraness, hefur verið ákveðið að setja biðskyldu á botnlanga Dalbrautar gagnvart stofngötu.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 28. nóvember 1990.

Jón Vilberg Guðjónsson, ftr.

REGLUGERÐ

um grásleppuveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiðileyfis eiga þeir aðilar sem stundað hafa grásleppuveiðar á a.m.k. einu af árunum 1987, 1988, 1989 og 1990. Leyfi til grásleppuveiða skal úthlutað á þann bát sem er í eigu áðurgreindra aðila. Hafi eigandaskipti orðið á fiskibáti skal ráðuneytið að höfðu samráði við Landssamband smábátaeigenda úrskurða um úthlutun veiðileyfis.

Óheimilt er að veita grásleppuveiðileyfi til báta sem eru stærri en 12 brl. hafi þeir ekki stundað veiðar á grásleppuvertíð 1990.

Ráðuneytið getur bundið leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, er þurfa þykir m.a. varðandi skýrsluskil um veiðar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðarnar þann bát sem veiðileyfið tilgreinir.

4. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Skal leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði vera sem hér segir:

- a. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- b. Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- c. Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl til 20. júlí.
- d. Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið frá 1. apríl til 1. júlí.
- e. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið frá 10. mars til 10. júní.
- f. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið frá 20. mars til 20. júní.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 8.00 að morgni fyrsta veiðidags hvers tímabils og jafnframt er þeim skylt að draga öll net úr sjó fyrir lok veiðitímabilsins.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákveðnum byggðarlögum að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðisvæði og veiðitíma, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiði þeirra undanfarin ár eða t.d. hafi hafís tálmað veiðar þeirra.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu unnin í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Ríkismati sjávarafurða. Vinnsla grásleppuhrognna um borð í bátum er bönnuð.

6. gr.

Bátum er grásleppuveiðar stunda, er óheimilt að stunda jafnframt þroskfiskveiðar í net.

7. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10.5 þumlungar (266.7 mm). Við ákvörðun á því hvort um grásleppunet eða rauðmaganet sé að ræða þá teljast öll net, sem eru með stærri möskva en 8.5 þumlungar (216.1 mm) grásleppunet.

8. gr.

Netabaujur skulu á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisbókstafi og tölur þess báts, sem á netið.

9. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Hafrannsóknastofnun skýrslu um veiðarnar.

10. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn ráðuneytisins eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 128 24. febrúar 1988 um grásleppuveiðar ásamt reglugerð nr. 4 8. janúar 1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð úr hliðargötum skal víkja með biðskyldu fyrir umferð um Borgarbraut vestan Hlíðarbrautar.
2. Umferð úr tengingum inn á Vestursíðu skal víkja með biðskyldu fyrir umferð um þá götu.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Skarðshlíð beggja vegna götunnar frá austurhorni húss nr. 22–28 og norður fyrir gangbraut við Ásbyrgi, nema á sérstöku útskoti norðan lóðar nr. 29–33.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 26. nóvember 1990.

Elías I. Elíasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1990

19. nóvember 1990

1273

Nr. 476

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestum skipulagsuppdrætti af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. nóvember 1990 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af staðgreinireit 1.171.1, sem markast af Hverfisgötu, Smiðjustíg, Laugavegi og Traðarkotssundi. Deiliskipulagsuppdráttur þessi er breyting á staðfestum skipulagsuppdrætti frá 6. mars 1963 af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis. Breytingin er fólgin í því að í stað verslunar- og þjónustuhúsnæðis á horni Hverfisgötu og Smiðjustígs kemur bílastæðahús ásamt verslun og þjónustu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

5. september 1990

SAMÞYKKT

Nr. 477

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakka-hrepps nr. 333, 30. júní 1987.

1. gr.

C. liður 56. gr. orðist svo:

1. Áfengisvarnarnefnd.

Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

2. Byggingar- og skipulagsnefnd.

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Jafnframt skal nefndin fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um skipulags- og landnýtingarmál og í umhverfis- og fegrunarmálum í hreppnum.

3. Félagsmálanefnd.

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd annast störf þau, sem framfærslu-nefnd og barnaverndarnefnd eru falin skv. 26. gr. laga nr. 80/1947 og II. kafla laga nr. 53/1966.

Jafnframt fer félagsmálanefnd með stjórn öldrunarmála, þ.m.t. heimilishjálp skv. samþykkt um heimilishjálp í Eyrarbakkaheppi nr. 431/1975 og umsjón með félagsstarfi öryrkja og eldri borgara í hreppnum. Svo og fer félagsmálanefnd með störf jafnréttisnefndar sbr. lög nr. 65/1985.

4. **Heilbrigðisnefnd Selfossvæðis.**

Einn fulltrúi í nefndina og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. **Húsnæðisnefnd.**

Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum nr. 70/1990 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og nr. 76/1989.

6. **Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.**

Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

7. **Skólanefnd.**

Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin annast störf skólanefndar Barnaskólans á Eyrarbakka skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og fer jafnframt með stjórn Leikskólans á Eyrarbakka.

8. **Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.**

Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.

9. Einn **forðagæslumaður** og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.

10. **Byggðasafnsnefnd.**

Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið nefndarinnar er að hafa umsjón með og stjórna Sjóminjasafninu á Eyrarbakka skv. skipulagsskrá safnsins.

11. **Ferðamálanefnd.**

Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um ferðamál og ferðamannaþjónustu í hreppnum.

12. **Héraðsnefnd Árnesinga.**

Einn fulltrúi og annar til vara skv. samningi sveitarfélaga í Árnessýslu um Héraðsnefnd Árnesinga.

13. **Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Einn fulltrúi og annar til vara, skv. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

14. **Stjórn veitustofnana.**

Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið stjórnarinnar er að fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um málefni Rafveitu Eyrarbakka.

15. **Stjórn bókasafns UMFE.**

Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningubókasöfn og 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 138/1978.

16. Æskulýðsnefnd.

Prír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin skal fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um æskulýðs- og íþróttamál í hreppnum.

2. gr.

Samþykkt þessi er gerð af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps og staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Ellý Guðmundsdóttir.

3. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 478

um staðfestingu deiliskipulags á Kirkjusandi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1990 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi á Kirkjusandi á svæði sem markast af Kringlumýrarbraut, Sætúni, Laugarnesvegi og Borgartúni.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 479

um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Akureyrar sem staðfestur var af ráðuneytinu 17. desember 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagi íbúðarhverfis í Skildinganesi í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 24. október 1990, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingar á skipulagsskilmálum samkvæmt áður staðfestu deiliskipulagi í Skildinganesi á reit sem markast af Einarsnesi og Bauganesi til norðausturs, Skeljanesi til suðausturs og strandlengjunni frá suðri til norðurs.

Eftir breytingarnar verða skipulagsskilmálarnir sem hér segir:

1. *Lóðir*: Á óbyggðum lóðum á staðgreinireitum 1.671, 1.674, 1.675, 1.676, skulu rísa einnar hæðar íbúðarhús. Á lóðinni nr. 10 við Skildinganes má reisa 1½–2 hæða íbúðarhús, enda fellt inn í götummynd.

2. *Aukaíbúð*: Auk aðalíbúðar er leyfilegt að hafa allt að 70 m³ aukaíbúð eða stærð sem nemur allt að ¼ af heildarstærð húss.

3. *Stærð húsa*: Staðsetja skal hús innan marka sem mæliblað sýnir. Þar sem aðstæður leyfa má stalla hús á helmingi grunnflatar þess, fjær götu, þó þannig að mænishæð húss nær götu sé í samræmi við 5. gr. Stöllum má nýta á tveimur hæðum innan leyfilegrar mænishæðar sbr. 2. mgr. 5. gr., á helmingi grunnflatar húss, fjær götu.

4. *Hæðarblað*: Hæðarafsetning aðalgólfplötu er sýnd á hæðarblaði og skal hún að öllu jöfnu, gilda um þann hluta húss sem næstur er götu +/- 15 cm. Afsetningu þessari má breyta að því er varðar bakhluta húss, til hækkunar eða lækkunar eftir því sem jarðhalli gefur tilefni til. Ef í ljós kemur að hæðarblað er ekki í samræmi við raunverulega hæðarafsetningu lagna og götu skal haft samráð við Borgarskipulag Reykjavíkur um breytingu umfram fyrrnefndan leyfilegan mismun.

5. *Hæð húsa*: Mesta hæð mænis þess hluta húss sem liggur að götu er 4,4 m á einnar hæðar húsum, 5,7 m á einnar og hálfis hæðar húsum og 6,8 m í tveggja hæða húsum. Mesta hæð mænis þess hluta húss sem er stallaður er 5,7 m miðað við götukóta.

6. *Bifreiðageymsla*: Bifreiðageymsla skal að jafnaði vera í húsinu. Leyfilegt er þó að staðsetja hana við hús, eða fram úr því, þar sem svo er sýnt á mæliblaði.

7. *Bílastæði*: Gera skal ráð fyrir 2 bílastæðum á hverja íbúð. Fyrir íbúð minni en 60 m², þarf að gera ráð fyrir einu bílastæði.

8. *Afmörkun lóðar*: Lóðir skal að jafnaði afmarka með limgirðingu, en heimilt er að girða lóðir með götu og er sú girðing háð samþykki byggingarnefndar. Ef lóðareigandi óskar að girða á annan hátt, skal hann gera grein fyrir þeirri girðingu á byggingarnefndarupprætti.

9. *Gatnagerðargjald*: Um gatnagerðargjald fer skv. gildandi gjaldskrá.

10. *Stofnanir*: Lóðareigendur skulu hlíta skilyrðum Rafmagnsveitu, Hitaveitu og Vatnsveitu um inntaksstað, svo og öðru því sem þessar stofnanir mæla fyrir um.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum.

1. gr.

Mælingar á vinnslunýtingu skulu framkvæmdar um borð í öllum fiskiskipum er vinna eigin botnfiskafla um borð. Mælingar þessar taki til allra kvótabundinna fisktegunda, enda sé afli í veiðiferð yfir þeim mörkum sem í 8. gr. greinir.

2. gr.

Um framkvæmd mælinga vísast til leiðbeininga sem gefnar voru út af sjávarútvegsráðuneytinu í október 1990: Nýtingarmælingar um borð í frystitogurum.

3. gr.

Eftirfarandi nýtinga- og afurðastuðlar eru lagðir til grundvallar við útreikning á afla veiðiskipa sem ekki hafa áunnid sér ákveðna nýtingarstuðla skv. 4.–7. gr.

		Nýtingar- stuðull	Afurða- stuðull
Þorskur	– hausaður	70.0	1.428
	– flök, með roði og beinum	44.5	2.247
	– flök, roðflett, með beinum	41.5	2.410
	– flök, roðflett, án þunnilda með beinum	41.5	2.410
	– flök, með roði, beinlaus	40.0	2.500
	– flök, roðflett og beinlaus	37.0	2.703
Ýsa	– hausuð	74.0	1.351
	– flök, með roði og beinum	43.0	2.326
	– flök, roðflett með beinum	41.0	2.439
	– flök, með roði, beinlaus	41.0	2.439
	– flök, roðflett og beinlaus	39.0	2.564
Ufsi	– hausaður	80.0	1.250
	– flök, með roði og beinum	53.0	1.887
	– flök, roðflett, með beinum	50.0	2.000
	– flök, roðflett, án þunnilda með beinum	50.0	2.000
	– flök, roðflett og beinlaus	48.0	2.083
Karfi	– skorinn, „rauður“	55.0	1.818
	– skorinn, „orange“	55.0	1.818
	– flök, með roði og beinum	30.0	3.333
	– flök, með roði og beinlaus	28.0	3.571
	– flök, roðflett, með beinum	27.5	3.636
– flök, roðflett og beinlaus	26.0	3.846	
Grálúða	– hausuð	72.0	1.390
	– hausuð og sporðskorin	69.5	1.440
Koli	– hausaður	72.0	1.390

Þyngd afla er reiknuð út með því að margfalda þyngd afurðar með afurðastuðli. Eru stuðlarnir miðaðir við að reikna út þyngd slægðs fisks með haus en varðandi karfa er þó miðað við óslægðan fisk.

Fyrir þá frystitogara, sem fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, hafa fengið sérstaka nýtingarstuðla eftir athugun hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins við framleiðslu á roðlausum og beinlausum þorski gilda þeir stuðlar í stað 37% stuðulsins hér að ofan.

4. gr.

Frá ársbyrjun 1991 skulu nýtingarstuðlar taka mið af nýtingarmælingum um borð í einstökum veiðiskípum, enda liggi fyrir fullnægjandi mælingar frá síðustu mánuðum ársins 1990 fyrir viðkomandi veiðiskip að mati ráðuneytisins. Liggi ekki fyrir mælingar frá síðustu mánuðum ársins 1990, skulu breytingar eigi taka gildi fyrr en 1. mars 1991 hjá viðkomandi skipi, enda liggi þá fyrir fullnægjandi nýtingarmælingar frá ársbyrjun 1991 til loka febrúar 1991.

5. gr.

Í fyrstu veiðiferð sem niðurstöður nýtingarmælinga fyrir árslok 1990 eru lagðar til grundvallar við ákvörðun nýtingarstuðla hlutaðeigandi veiðiskipa sbr. 1. málslíð 4. gr. skal meðaltal úr nýtingarmælingum vega 70% en nýting skv. 3. gr. 30%. Á sama hátt skal meðaltal úr nýtingarmælingum fyrir 1. mars 1990 sbr. 2. málslíð 4. gr. vega 50%, en nýting skv. 3. gr. 50% í fyrstu veiðiferð.

6. gr.

Eftir að nýtingarstuðull skv. 4.–5. gr. hefur verið fundinn og staðfestur af ráðuneytinu skulu niðurstöður nýtingarmælinga í hverri veiðiferð gilda 50% á móti fyrri nýtingarstuðli og mynda nýjan stuðul fyrir næstu veiðiferð. Slíkar breytingar ganga síðan fyrir sig án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins nema til breytinga á stuðlum komi skv. 11.–13. gr.

7. gr.

Fyrir skip þau sem hafa fengið sérstakan nýtingarstuðul skv. 3. mgr. 3. gr. gildir í upphafi árs 1991 meðaltal nýtingarmælinga á seinni hluta ársins 1990 70% en nýtingarstuðull, sem samþykktur hefur verið af ráðuneytinu á árinu 1990 30%. Eftir það gildir ákvæði 6. gr. um þessi skip.

8. gr.

Ef minna en 10 lestir af ákveðinni fisktegund í veiðiferð eru nýttar til framleiðslu á ákveðinni afurð sbr. 3. gr. hafa nýtingarmælingar þeirrar veiðiferðar ekki áhrif á nýtingarstuðul þeirrar afurðar. Sama gildir ef nýtingarmælingar við framleiðslu ákveðinnar afurðar eru færri en þrjár í veiðiferð.

Hafi veiðiskip áunnið sér ákveðinn nýtingarstuðul við framleiðslu ákveðinnar afurðar breytist sá stuðull ekki enda þótt framleiðsla sömu afurðar og mælingarfjöldi í seinni veiðiferðum sé undir þeim mörkum sem í 1. mgr. greinir.

9. gr.

Fyrir skip sem hefja vinnslu á afla um borð eftir 1. mars 1991, taka ekki gildi sérstakir nýtingarstuðlar fyrr en fullnægjandi gögn um nýtingarmælingar liggja fyrir frá hlutaðeigandi fiskiskipi að mati ráðuneytisins.

10. gr.

Veiðieftirlit sjávarútvegsráðuneytisins hefur eftirlit með framkvæmd mælinga og ber saman sýni úr aflanum og mælingar sem framkvæmdar eru um borð í veiðiskipinu. Skulu skýrslur um nýtingarmælingar sendar veiðieftirlitinu.

11. gr.

Sé nýtingarmælingum ekki sinnt um borð í veiðiskipi og afli yfir þeim mörkum sem í 8. gr. segir, þá skulu nýtingarstuðlar viðkomandi skips lækka um 1% frá gildandi stuðlum í hverri veiðiferð enda verði raunveruleg nýting ekki sannreynd skv. 13. gr. Sama gildir séu mælingar ekki í samræmi við leiðbeiningar sbr. 2. gr. eða þannig framkvæmdar að ráðuneytið geti ekki viðurkennt gildi þeirra.

12. gr.

Séu nýtingarmælingar vísitandi framkvæmdar þannig að þær gefi ranga mynd af raunverulegri nýtingu um borð í veiðiskipi skulu allir nýtingarstuðlar hlutaðeigandi skips lækka um 3% miðað við fyrri nýtingarstuðla skipsins eða stuðla skv. 3. gr., enda verði raunverulegir nýtingarstuðlar skipsins ekki sannreynDIR skv. 13. gr.

13. gr.

Komi í ljós við samanburð á skýrslum um nýtingu og sýnum teknum úr afla veiðiskips, að nýtingarstuðlar eru ekki í samræmi við framleiðslu skal ráðuneytið ákveða veiðiskipinu nýtingarstuðla með hliðsjón af niðurstöðu samanburðarins.

14. gr.

Komi til ákvörðunar ráðuneytisins á nýtingarstuðlum skv. 11.–13. gr. skal ráðuneytið tilkynna hlutaðeigandi útgerð um ákvörðun sína og gildir sá nýtingarstuðull fyrir þá veiðiferð sem athugun beindist að og sem 50% á móti nýtingarstuðli sem fæst í næstu veiðiferð sbr. 6. gr.

15. gr.

Séu mælingar með þeim hætti sem segir í 12. gr. þá getur ráðuneytið svipt viðkomandi veiðiskip heimild til fiskveiða í ákveðinn tíma. Sama gildir ef ítrekað þarf að beita ákvæðum 11. eða 13. gr. vegna nýtingarmælinga.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 3 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. desember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um álagningarstofn fasteignaskatts.

Í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur Fasteignamat ríkisins samið skrár um álagningarstofn fasteignaskatts. Í skráum þessum er álagningarstofn fasteignaskattsins ákveðinn svo sem lög þessi mæla fyrir um og er hann tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign á landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest heildareintak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skrár þessar munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofn fasteignaskatts með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 450/1990 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 91/1989 tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1991.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 588 18. desember 1989.

Fjármálaráðuneytið, 5. desember 1990.

F. h. r.

Bórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Seyluhrepps, Skagafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Seyluhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Seyluhrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Seyluhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarskóp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundir og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis, eða á annan öruggan hátt, á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis, eða á annan öruggan hátt, til aukafundar í hreppsnefnd að jafnaði sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær.

Verði atkvæði jöfn, skal varpa hlutkesti sem ræður svo kosningum.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarskóp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmaður, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefnda skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða stjórnar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a. m. k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar.

Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bóköm og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundu.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlök skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum.

Ályktun nefndar eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn, hreppstjóri sjálfkjörinn formaður, og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. (Einn fulltrúi í svæðisbyggingarnefnd og annar til vara.)
2. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd annast störf þau, sem framfærslunefnd, áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 82/1969 og nr. 53/1966. Jafnframt fer félagsmálanefnd með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmál.
3. *Heilbrigðisnefnd.* Kosning fulltrúa í nefndina skal fara eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
4. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
5. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
6. *Tveir forðagæslumenn* og jafnmargir til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
7. *Einn úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

57. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Seyluhrepps í Skagafjarðarsýslu hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.

AUGLÝSING

um staðfestingu deiliskipulags á athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla við Kaldárselsveg í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1990 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi á athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla við Kaldárselsveg í Hafnarfirði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 485

12. desember 1990

REGLUGERÐ

um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1990.

1. gr.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi mjólkur skv. 19.gr. laga nr. 46/1985 skal varið til eftirfarandi viðfangsefna:

- verðmiðlunar á milli afurðastöðva til að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna.
- að koma á hentugri verkaskiptingu milli afurðastöðva.
- að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma vörum sínum á markað.
- að greiða nauðsynlegan flutning á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum.

2. gr.

Verðmiðlunargjald til þeirra verkefna sem um getur í 1. gr. skal miðast við það gjald sem innheimt er af framleiðslu mjólkur skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra á tímabilinu 1. janúar 1990 til 31. desember 1990.

3. gr.

Verðmiðlunin skal ná til eftirtaldinna mjólkurbúa:

M.s. í Reykjavík

M.s. í Borgarnesi

M.s. í Búðardal

M.s. á Patreksfirði

M.s. á Ísafirði

M.s. á Hvammstanga

M.s. á Blönduósi

M.s. á Sauðárkróki

M.s. á Akureyri

M.s. á Húsavík

M.s. á Þórshöfn

M.s. á Vopnafirði

M.s. á Egilsstöðum

M.s. í Neskaupsstað

M.s. á Höfn í Hornafirði

Mjólkurbú Flóamanna

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf innan 1. sölusvæðis skal rekstur allra mjólkurbúa á því svæði reiknaður sameiginlega.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út verðmiðlunargreiðslur til mjólkurbúa skv. ákvæðum þessarar reglugerðar. Við ákvörðun á greiðslum úr verðmiðlunarsjóði skal leggja til grundvallar ársreikning viðkomandi mjólkurbús og skal vera staðfest með áritun af löggiltum endurskoðanda að hann sé gerður samkvæmt lögum og almenntri reikningskilavenju. Ársreikningur skal geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjármagnsstreymi eða sjóðs-streymi og skýringar. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur krafist enn frekari sundurliðana og skýringa af hálfu viðkomandi mjólkurbús áður en því er ákveðinn réttur til framlags úr verðmiðlunarsjóði.

Með ársreikningi skal fylgja:

- a. Sundurliðanir á samsettum liðum.
- b. Fyrninga- og endurmatsskýrsla.
- c. Rekstraruppgjör flutninga mjólkur að vinnslustöð.
- d. Yfirlit yfir öll langtímalán er sýni stöðu þeirra í upphafi árs, lántökur, afborganir, verðbætur/gengismun, stöðuna í árslok, gjaldfallna vexti, gjaldfallnar afborganir og afborganir á næsta ári.
- e. Greinargerð um vaxtaútreikning milli mjólkurbús og rekstraraðila/mjólkurbús og vegna stofnsjóðs og varasjóðs.
- f. Skýrsla um fjárfestingar og viðhald. Sé um umtalsverðar fjárfestingar eða viðhald að ræða skal viðkomandi mjólkurbú láta fylgja staðfesta heimild til framkvæmdanna, sbr. samning Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á grundvelli 48. gr. laga nr. 46/1985.
- g. Yfirlit um myndun grundvallarverðs.
- h. Yfirlit yfir magn hrámjólkur sem fer um vinnslustöðina þ.e. innvegið magn $+/-$ aðkeypt/seld hrámjólk.
- i. Skýrsla um nýtingu innveginnar mjólkur (fita, undanrenna o.fl.).
- j. Greinargerð um hlutdeild í sameiginlegum kostnaði sbr. ákvæði 7. gr.

5. gr.

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf hvers mjólkurbús skulu, auk þess sem um getur í 8. gr., nedangreindir liðir teljast til kostnaðar með eftirfarandi hætti:

1. Af reiknuðum vöxtum af varasjóði mjólkursamlaganna og öðru eigin fé 40 %.
2. Af tillögum í varasjóð og aðra eiginfjársjóði 40 %.
3. Rýrnun vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk sbr. 6. gr skal ekki telja með sem kostnað.
4. Verðfellingar eða afslætti frá skráðu heildsöluverði vegna gæðaaffalla skal ekki telja með sem kostnað.

6. gr.

Tekjuskerðing sem hefur orðið vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk skiptist þannig milli vinnslustöðvar og verðmiðlunarsjóðs við ákvörðun verðmiðlunargjalda:

	Vinnslu- stöð	Verðmiðl.- sjóður
a. Fiturýrnun	100%	
b. Undanrennurýrnun	50%	50%
c. Nýmjólkurrýrnun	100%	

Hvert mjólkurbú skal skila greinargerð um nýtingu og rýrnun með ársuppgjöri. Heimilt er að veita M.s. Þórshöfn og M.s. Patreksfirði undanþágu frá ákvæðum b-liðar.

7. gr.

Þar sem mjólkurbú er rekið í fjárhagslegum tengslum við annan atvinnurekstur, skal sá hluti sameiginlegs kostnaðar sem bókfærður er á rekstur mjólkurbúsins, grundvallast á sannanlegum kostnaði sem hinn aðilinn leggur til mjólkurbúsins og skal fylgja í gögnum um verðmiðlunarþörf sérstök greinargerð þar um.

8. gr.

Við endanlega ákvörðun verðmiðlunar til hvers mjólkurbús fyrir sig, skal draga frá reiknaðri þörf verðmiðlunar 60 % meðalhagnaðar af rekstri þess er varð árin 1988 og 1989 og hann framreiknaður m.v. lánskjaravísitölu í lok hvers árs.

9. gr.

Nú verður reiknuð verðmiðlunarþörf meiri en heimilt er að ráðstafa til verðmiðlunar skv. 2. gr, og skal þá skerða rétt allra búa til verðmiðlunar í sama hlutfalli af reiknaðri verðmiðlunarþörf.

10. gr.

Greiðslum úr verðmiðlunarsjóði vegna rekstrarársins 1990, skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 1991.

11. gr.

Ársreikning mjólkurbús ásamt fylgigögnum fyrir árið 1990 skal skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 31. mars 1991. Ef reikningsskil mjólkurbús berst síðar, er ekki tryggt að viðkomandi aðili komi til álita við frekari úthlutun úr verðmiðlunarsjóði fyrir árið 1990.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1990

13. desember 1990

1293

Nr. 486

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 15. desember 1990 til og með 31. mars 1991 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem afmarkast af eftirtöldum punktum:

1. 65°14'07 N – 24°38'55 V
2. 65°07'23 N – 24°13'36 V
3. 65°11'07 N – 23°48'33 V
4. 65°19'11 N – 24°03'34 V
5. 65°25'02 N – 24°29'58 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

12. desember 1990

Nr. 487

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 639 28. desember 1989 um innheimtu fóðurgjalda.

1. gr.

1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo.

1. Grunnjald sem skal vera 25% af tollverði hverrar fóðurtegundar, þó aldrei hærra en kr. 4 000,00 af hverju tonni hinnar gjaldskyldu vöru.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 30. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1991.

B 115

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fódurbirgðum sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar, skal innheimta grunngjald skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**um þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands.**

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa þróunardeild sem veitir lán og styrki.

2. gr.

Hlutverk þróunardeildar er að efla rannsóknir, þróun og nýjungar á sviði veiða, vinnslu og sölumála. Við lán og styrkveitingu skal einkum leitast við að efla hagnýtar rannsóknir og markaðsstarf og skulu verkefni sem að hluta til eru fjármögnuð af öðrum að jafnaði hafa forgang.

3. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ákveður árlega framlag sjóðsins til deildarinnar og skal það að hámarki nema jafngildi 1% eigin fjár Fiskveiðasjóðs Íslands.

4. gr.

Fjárhæð styrkveitinga skal við það miðuð að rekstur deildarinnar verði hallalaus.

5. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands er heimilt að taka lán til endurlána úr deildinni.

6. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ákveður kjör útlána deildarinnar.

7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands metur í hverju tilviki tryggingar fyrir veittum lánum og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 135, 30. desember 1989 og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. desember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um vigtun sjávaraflla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda sjávaraflla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum, enda verði því viðkomið vegna stærðar fiskiskips. Skipstjóra er skylt að láta landa og vigta hverja aflategund sérstaklega samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog (bílvog, pallvog, krókvog) í eigu viðkomandi hafnar. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingingu. Skal hinn sami vigtarmaður gefa út og undirrita vigtarnótu.

II. KAFLI

Vigtun innanlands.

3. gr.

Allur óísaður afli og ísaður afli sem ekki uppfyllir skilyrði um úrtaksvigtun samanber 4. gr., skal veginn samkvæmt ákvæðum 2. gr. Sé hafnarvog ekki í viðkomandi verstöð eða vigtun á hafnarvog verði ekki við komið, er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að leyfa vigtun með öðrum hætti, enda mæli samráðsnefnd skv. 15. gr. með því. Fiskkaupandi skal sækja skriflega um slíka undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar til hlutadeigandi hafnarstjórnar. Hafnarstjórn skal senda umsókn um undanþágu ásamt umsögn til sjávarútvegsráðuneytis. Í umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Rök fyrir beiðni um undanþágu frá vigtun á hafnarvog
2. Tegund fiskverkunarhúss og verkað aflamagn s.l. tvö ár
3. Tegund fiskiskipa í viðskiptum við húsið – nöfn skipa í föstum viðskiptum.
4. Gera skal nákvæma grein fyrir hvernig staðið verði að vigtun, hvernig vogir verði notaðar og hvenær þær voru löggiltar.
5. Nöfn þeirra löggiltu vigtarmanna sem munu vigta aflann og hvenær þeir hlutu löggildingingu. Þá komi fram hjá hverjum hinn löggilti vigtarmaður starfi.

Þegar ísaður afli sem ekki uppfyllir skilyrði um úrtaksvigtun sbr. 4. gr. hefur verið veginn skv. ákvæðum 2. gr. er vigtarmanni á hafnarvog heimilt að draga allt að 3% frá vegnum aflla vegna áætlaðs íss í aflla. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins heimill að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að ís hafi verið í aflla við löndun. Staðfestar upplýsingar um ískaup fiskiskipsins skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt hjá útgerð skipsins.

4. gr.

Þegar gert er að afla og hann ísaður til langrar geymslu í kassa, ker eða önnur ílát um borð í veiðiskipi er heimilt að vigta einungis hluta aflans enda standi veiðiferð lengur en tvo sólarhringa. Úrtaksvigtun er því aðeins heimil að sjávarútvegsráðuneytið hafi tekið út og samþykkt framkvæmd vigtunar hjá viðkomandi aðila enda mæli samráðsnefnd sbr. 15. gr. með því. Fiskkaupandi skal sækja skriflega um heimild til að úrtaksvigta til hlutaðeigandi hafnarstjórnar. Hafnarstjórnir skulu senda allar umsóknir ásamt umsögn til sjávarútvegsráðuneytis. Í umsókn skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er í 2. – 5. tölulið 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Löggiltur vigtarmaður velur úrtak úr afla og vegur það. Úrtak skal valið af handahófi þannig að það gefi sem réttasta mynd af aflanum. Vigta skal a.m.k. 20/100 hluta hveggjar tegundar en þó getur vigtarmaður ákveðið þegar um er að ræða afla af sömu tegund úr einni veiðiferð sem er meiri en 20 tonn að einungis 10/100 hlutar aflans verði vegnir og 5/100 hlutar aflans ef aflinn er meiri en 100 tonn. Aflanum skal hvolft úr ílátum, ís hreinsaður frá og fiskur úr hverju íláti veginn sérstaklega á löggilta vog. Pungi hveggjar tegundar í farmi skal fundinn með því að margfalda fjölda íláta með meðalþunga sýna þeirrar tegundar. Sá vigtarmaður er valdi og vigtaði úrtakið skal ganga frá vigtarnótu í því formi sem ráðuneytið ákveður og undirrita hana. Nótunni skal skilað til hafnarstjóra í síðasta lagi næsta virka vinnudag eftir að afli hefur verið veginn.

Eftirfarandi upplýsingar komi fram á vigtarnótu:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri
2. Löndunarhöfn og löndunardagur
3. Kaupandi afla
4. Vegið aflamagn, sundurliðað eftir tegundum
5. Þar af undirmálsfiskur
6. Tegundir íláta (t.d. kör og kassar)
7. Ísmagn
8. Veiðarfæri
9. Verðmæti landaðs afla.

Reglur um varðveislu bókhaldsgagna gilda um gögn þessi.

Löggiltum vigtarmönnum sem jafnframt eru starfsmenn viðkomandi hafna og eftirlitsmönnum ráðuneytisins skal heimilt að fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, ásamt útflutningi á afla og afurðum. Eftirlitsmönnum skal heimill aðgangur að öllum vinnslusólum fiskverkana og birgðageymslum.

Reglur þessarar greinar gilda einnig um vigtun á fiskmörkuðum.

5. gr.

Þegar afli sem uppfyllir skilyrði um úrtaksvigtun sbr. 4. gr. er fluttur úr löndunarhöfn til vinnslu í öðru byggðarlagi má endanleg vigtun fara fram á vinnslustað, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Allur afli ásamt ílátum og ís skal veginn þegar við löndun samkvæmt ákvæðum 2. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal telja ílát og draga þyngd þeirra frá vegnum afla.
2. Viðtakandi aflans sé fiskvinnslufyrirtæki eða fiskmarkaður, sem hefur leyfi ráðuneytisins til að úrtaksvigta sbr. 4. gr. Upplýsingar um endanlega veginn afla skulu berast til viðkomandi hafnaryfirvalda eigi síðar en einum sólarhring eftir að afli er veginn, þó eigi síðar en fjórum sólarhringum eftir að aflinn var veginn á hafnarvog. Berist upplýsingar ekki fyrir tilskilinn tíma, gildir upphafleg vigtun. Telji hafnarstjóri upplýsingar ótrúverðugar skal hann senda málið til úrskurðar ráðuneytisins.

3. Á vigtarnótu hafnarvogar komi fram upphafleg vigtun og fjöldi fláta ásamt niðurstöðu úrtaksvigtunar.

Um vigtun á afla sem fluttur er með gámum úr löndunarhöfn til sölu á innlendum fiskmörkuðum gilda ákvæði 6. mgr. 10. gr., enda séu tilskilin skilyrði uppfyllt.

III. KAFLI

Vigtun á rækju.

6. gr.

Skipstjóra frystiskips sem frystir rækju um borð, er skylt að sigla skipi sínu til innlendrar hafnar í lok hverrar veiðiferðar. Þá skal hann strax og veiðum er hætt tilkynna veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins um áætlað aflamagn sbr. 2. mgr. 10. gr. og fyrirhugaðan löndunarstað.

Um meðafla rækjufrustiskipa skal fara skv. 12. gr.

Rækja veidd á Dohrnbanka skal vegin sérstaklega skv. ákvæðum 2. gr.

7. gr.

Rækju sem fryst er í öskjur skal vega skv. ákvæðum 2. gr. Vigtarmanni á hafnarvog er heimilt að draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni, síðan skal draga 10% frá vegna vatns í afla. Á vigtarnótu sem vigtarmaður gengur frá og undirritar skal koma fram upphafleg vigtun, þyngd umbúða og frádráttur vegna vatns í afla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að vigta einungis hluta framleiðslunnar enda skal staðið að vigtun, vali á úrtaki og upplýsingaskilum til hafnaryfirvalda skv. ákvæðum 2. og 3. mgr. 12. gr. Um útreikning á afla vísast að öðru leiti til 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Lausfryst rækja í pokum og blokkfryst rækja skal vegin skv. ákvæðum 2. gr. en endanleg vigtun má fara fram á vinnslustað að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Kaupandi sé fiskvinnslufyrirtæki sem hafi leyfi ráðuneytisins til að úrtaksvigta rækju sbr. 4. gr. Löggiltur vigtarmaður eða starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins vigti aflann. Staðið skal að vigtun í samræmi við reglur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um aðferð til ákvörðunar á nettóþyngd sjófrystrar rækju frá 1. janúar 1990.
2. Upplýsingar um endanlegt aflamagn skulu berast til viðkomandi hafnaryfirvalda eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að afli var veginn. Berist upplýsingar ekki innan tilskilins tíma, gildir upphafleg vigtun. Telji hafnarstjóri upplýsingar ótrúverðugar skal hann senda málið til úrskurðar ráðuneytisins. Á nótu hafnarvogar komi fram upphafleg vigtun ásamt niðurstöðum úrtaksvigtunar.

9. gr.

Um vigtun á ísaðri úthafs rækju gilda ákvæði 4. gr. Þrátt fyrir kröfur um stærð úrtaks í 4. gr. getur vigtarmaður ákveðið að einungis séu veginir 5/100 til 10/100 hlutar aflans. Að loknu vali á úrtaki skal láta það í sérbúna ísskilju. Ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af rækjunni í allt að tvær klukkustundir áður en rækjan er vegin.

Um vigtun á innfjarðarrækju gilda ákvæði 2. gr.

IV. KAFLI

Vigtun erlendis.

10. gr.

Ef afli er seldur á erlendum uppboðsmarkaði sem hlotið hefur samþykki ráðuneytisins til vigtunar á afla, er heimilt að vigta hann þar, enda hafi afli verið ísaður og frágenginn til útflutnings um borð í veiðiskipi. Þá ber skipstjóra að tryggja að upplýsingar skv. 2., 3. og 4.

mgr. þessarar greinar berist veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytis. Að öðrum kosti gilda ákvæði 3. og 4. gr. um vigtun á afla sem seldur er óunninn á erlendan markað.

Sigli veiðiskip með eigin afla til sölu á markað erlendis, skal skipstjóri, strax þegar skipið hættir veiðum, senda veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytis upplýsingar í símskeyti (telexi eða telefaxi) þar sem tilgreint er magn hverrar fisktegundar, eins nákvæmlega og unnt er. Jafnframt skal tilgreina umboðsmann, sölustað og áætlaðan söludag. Dreifist afli til fleiri söluaðila erlendis skal þess getið sérstaklega.

Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla með öðru flutningsfari en veiðiskipi skal skipstjóri fiskiskips tryggja að tilkynnt sé um útflutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum til veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis áður en afli er settur um borð í flutningatæki. Tilkynning skal vera á þar til gerðu eyðublaði, er veiðieftirlitið lætur í té. Sé afli skips fluttur út í fleirum en einum gámi skal skila eyðublaði fyrir hvern gám. Því aðeins er heimilt að veга afla erlendis að hann hafi verið frágenginn til útflutnings um borð í fiskiskipinu og kórin (kassarnir) hafi verið flutt beint frá skipshlið í gám sem staðsettur er á bryggju í löndunarhöfn. Þá verði gámur fluttur tafalaust á erlendan markað.

Skipstjóri veiðiskips, sem landar afla erlendis og skipstjóri veiðiskips sem flytur óunninn afla úr landi skulu tryggja að umboðsmenn eða kaupandi erlendis sendi samdægurs skýrslur með skeyti (telexi eða telefaxi) til Fiskifélags Íslands um sölu viðkomandi skips erlendis, þar sem tilgreint er endanlegt magn hverrar fisktegundar, söluverð og skipaskrárnúmer veiðiskips.

Flutningafyrirtækjum sem annast flutning á afla á erlendan markað er skylt að senda sjávarútvegsráðuneytinu farmskýrslur á því formi sem ráðuneytið óskar og eigi síðar en 24 klst. eftir að flutningsfar lét úr höfn.

Reglur þessar gilda einnig þegar afli er fluttur með gámi úr löndunarhöfn til sölu á innlendum fiskmarkaði sem staðsettur er í öðru byggðalagi. Þó skulu hafnaryfirvöld innsigla gám að lokinni hleðslu hans áður en gámur er settur í flutningatæki. Löggiltur vigtarmaður á þeim innlenda fiskmarkaði sem selur aflann má einn rjúfa innsiglið og skal hann veга aflann skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðar þessarar. Því aðeins er heimilt að senda aflann óveginn með gámum milli landshluta að sjávarútvegsráðuneytið hafi tekið út og samþykkt framkvæmd vigtunar hjá viðkomandi fiskmarkaði, enda mæli samráðsnefnd sbr. 15. gr. með því. Sækja skal skriflega um heimild til að taka á móti afla með framangreindum hætti til hlutaðeigandi hafnarstjórnar. Hafnarstjórnir skulu senda allar umsóknir ásamt umsögn til sjávarútvegsráðuneytis.

V. KAFLI

Vinnsluskip.

11. gr.

Skipstjórar frystiskipa og skipa er vinna afla í salt, skulu strax þegar veiðum er hætt tilkynna veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins um áætlað aflamagn skv. 2. mgr. 10. gr. og fyrirhugaðan löndunarstað. Er þeim skylt að sigla skipi sínu til innlendirar hafnar í lok hverrar veiðiferðar.

12. gr.

Við löndun úr frystiskipum skal veга hverja frameiðslutegund sérstaklega skv. ákvæðum 2. gr. Heildarþungi á hafnarvog, að frádregnum umbúðum og pöllum, skal lagður til grundvallar útreiknings á afla skipsins skv. reglum um nýtingastuðla og ís í umbúðum sem ráðuneytið gefur út.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að vigta einungis hluta framleiðslunnar, enda hafi sjávarútvegsráðuneytið samþykkt hvernig staðið skuli að vali á úrtaki hjá viðkomandi aðila og samráðsnefnd skv. 15. gr. mælt með því. Skipstjóri (útgerð) skal sækja skriflega um heimild til slíkrar vigtunar til viðkomandi hafnarstjórnar. Hafnarstjórnir skulu senda allar umsóknir ásamt umsögn til sjávarútvegsráðuneytisins. Í umsókn komi fram hvaða löggiltu vigtarmenn muni velja úrtak til vigtunar.

Löggiltur vigtarmaður skal af handahófi velja það úrtak sem vigta skal þannig að það gefi sem réttasta mynd af framleiðslunni. Vigta skal a.m.k. 20/100 hluta hverrar afurðar sem framleidd er, en þó getur vigtarmaður ákveðið þegar um er að ræða framleiðslu af sömu tegund úr einni veiðiferð sem er meiri en 20 tonn að einungis 10/100 hlutar framleiðslunnar verði vegnir og 5/100 hlutar ef framleiðslan er meiri en 100 tonn. Þá skal hinn sami vigtarmaður telja fjölda þeirra eininga (t.d. kassa og pakkninga) sem framleiddar voru af hverri afurð og landað úr viðkomandi skipi. Jafnframt skal hann undirrita og ganga frá yfirliti yfir fjölda eininga af hverri afurð sem landað var og skila því til hafnarstjórnar eigi síðar en næsta vinnudag eftir að framleiðslu hefur verið landað. Vega skal úrtakið skv. ákvæðum 2. gr. og draga frá umbúðir og palla. Pungi hverrar tegundar í farmi skal fundinn með því að margfalda fjölda eininga með meðalþunga sýna þeirrar afurðar. Um útreikning á afla vísast að öðru leiti til 1. mgr. þessarar greinar.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

13. gr.

Teljst undirmálsfiskur að hluta utan kvóta skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu hversu mikill undirmálsfiskur er í hverri veiðiferð. Til að staðfesting vigtarmanns verði tekin til greina þarf staðfesting jafnframt að berast sjávarútvegsráðuneytinu með aflaskýrslum fyrir viðkomandi tímabil.

Allur hausaður fiskur reiknast til aflamarks.

Allur undirmálsfiskur seldur óunninn erlendis reiknast að fullu til aflamarks.

14. gr.

Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt. Verði þau vör við að brotið sé gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skulu þau tilkynna slíkt til veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins.

15. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Hafnasambandi sveitarfélaga og einum tilnefndum af samgönguráðherra, auk formanns sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi vigtun afla. Skal nefndin gera tillögur um fyrirkomulag vigtunar þar sem almennum reglum verður ekki við komið sbr. 3. gr., 4. gr., 2. mgr. 7. gr., 10. gr. og 2. og 3. mgr. 12. gr.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ráðuneytinu er ennfremur heimilt vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, að svipta skip leyfi til veiða í tiltekinn tíma, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og öðlast gildi 1. janúar 1991. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 567, um vigtun sjávarafla frá 28. nóvember 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið 14. desember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávisun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Við 15. gr. a staflíð bætist:
Metamphetaminum INN.

2. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Acidum trichloroaceticum	Lyfjaform til útvortis notkunar; ekki yfir 500 mg/ml (50%).		Vörtueitur. Berist á vörtur með glerstaf einu sinni á dag. Bera má áður fitu (t.d. vaselín) í kringum vörtuna til að verja húðina. Má alls ekki nota á brúnar vörtur og fæðingabletti. Ætandi efni, sem ekki má bera á húð, slímhúðir og má ekki berast í augu, nef eða munn. Gerist slíkt, skal skola efnið þegar í stað af með rennandi vatni. Merkingar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.
Chlor-cyclizinum	Lyf í afmældum skömmtum, t.d. töflum; einstakur skammtur mest 25 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	töflur, hylki	Gegn ofnæmi. Skammtar: 2 – 4 töflur einu sinni til tvisvar á sólarhring handa fullorðnum. Börn 2 – 8 ára: ½ – 1 tafla einu sinni til tvisvar á sólarhring. Börn eldri en 8 ára: 1 – 2 töflur á sólarhring. Lyfið getur valdið munnþurrki og getur dregið úr hæfni manna til að aka bifreið eða stjórna öðrum vélum og skal því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. Má ekki nota samtímis áfengi og róandi lyfjum.
Iodum		IODOSORB, stráduft fellur niður.	Setningin „Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins (notkunarleiðbeiningar).“ fellur niður.
Ivermectinum	Dýralyf; lyfjaform til inntöku.	EQVALAN, VET., pasta, 1,87 mg/g.	DÝRALYF. Ormalyf fyrir hross. Varúð: Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 30 sólarhringum eftir lyfjagjöf. – Ennfremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtastærðir, skv. ákvörðun ráðuneytisins við skráningu lyfsins.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 7.

Í staflað a. ATC-flokkar; sbr. flokkun lyfja í sérlyfjaskrá.

Út fellur: R 01 B A Adrenerg lyf
 01 Fenýlprópanólamín
 RINEXIN, „Mekos“, mixtúra, forðatöflur.

Í staflað b.

Út fellur: Listi yfir skráð sérlyf og lyfjaform (1. júlí 1988):
 RINEXIN, mixtúra, forðatöflur.

Í staflað c.

Við bætist: Virk lyfjaefni í stafrófsröð, bæði með íslenskum og latneskum
 rithætti (INN-nöfn); eftirfarandi breytingar verða:
 Brompheniraminum INN (Brómfeníramín).
 Út fellur: Phenylpropanolamine BAN (Fenýlprópanólamín).

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. janúar 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 313/1990 um innflutnings-
 og gjaldeyrisleyfi.**

Frá og með 1. janúar 1991 fellur brott úr 1. gr. framangreindrar auglýsingar liðurinn:

Tollskrárn.
 2710.0019

Vörutegund
 Annað bensín en flugvélabensín

Viðskiptaráðuneytið, 17. desember 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 1990

14. desember 1990

1303

Nr. 492

REGLUGERÐ

um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga samkvæmt 75. gr. laga nr. 87/1989.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til uppgjors á samþykktum kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdum sveitarfélaga og félagasamtaka við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila, sbr. lög nr. 87/1989 um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

2. gr.

Uppgjör þessi skulu miðast við stöðu framkvæmda í árslok 1989, sbr. ákv. 4. gr. reglugerðar þessarar. Samþykkt kostnaðarþátttaka ríkissjóðs skal miðuð við þau lagaákvæði er í gildi voru um viðkomandi framkvæmdir við gildistöku laga nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Uppgjör þessi skulu byggð á þeim sérsamningum er gerðir hafa verið milli menntamálaráðuneytis og einstakra sveitarfélaga um mat á samþykktum stærðum, álögum á beinan byggingarkostnað, þátttöku í lóðargerð og kaupum á stofnbúnaði. Þar sem enn hefir ekki verið gengið frá slíkum samningum skal ákvörðun um uppgjör eftirstöðva byggjast á gögnum samkvæmt 3. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið mun senda þeim aðilum, sveitarstjórnnum eða félagasamtökum er hér um ræðir yfirlit um greiðslustöðu á samþykktu framlagi ríkissjóðs um hverja samþykktu framkvæmd fyrir sig fyrir 31. desember 1990. Óski einhver þessara aðila að gera athugasemdir varðandi greiðslustöðu slíkra framkvæmda sem við er miðað 31. desember 1989 skulu þær athugasemdir hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. apríl 1991 ella verður talið að uppgjör séu samþykkt án athugasemda.

4. gr.

Framkvæmdir ársins 1989 skulu metnar sér og fjárframlög ríkisins á fjárlögum 1989 ganga til uppgjors hluta ríkissjóðs á þeim svo langt sem þau ná, fjárframlög sveitarfélaga eða félagasamtaka skulu þá hafa náð a.m.k. því sem gert er ráð fyrir sem mótframlagi við framlag ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum er giltu um viðkomandi framkvæmd. Framkvæmdir árið 1989 umfram fjárlög 1989 skapa ríkissjóði ekki greiðsluskyldu og koma því ekki til álita við uppgjör á eftirstöðvum á greiðslum ríkissjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Eftirstöðvar á samþykktum greiðslum ríkissjóðs 31. desember 1989 vegna stofnkostnaðar grunnskóla og dagvistarheimila skulu umreiknaðar til byggingarvísitölu 1. janúar 1990. Greiðslur skulu reiknaðar til byggingarvísitölu greiðsludags.

Greiðslur vegna þátttöku ríkisins í stofnkostnaði félagsheimila og íþróttamannvirkja samkvæmt lögum um félagsheimili og íþróttalögum lúta ekki ákvæðum um verðbreytingar samkvæmt byggingarvísitölu.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum á árunum 1990–1993 framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila eins og mælt er fyrir í fjárlögum.

7. gr.

Verði ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar, getur hvor aðili um sig vísað málinu til úrskurðar sérstakrar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Ósk um slíkan úrskurð verður að koma fram fyrir 1. janúar 1992.

8. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefnd er úrskurða skal ágreiningsmál er upp kunna að koma samkvæmt reglugerð þessari (sbr. 7. gr.). Nefndin skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu, einum tilnefndum af sambandi íslenskra sveitarfélaga og oddamaður tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Meirihluti ræður úrslitum mála. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. desember 1990.

Svavar Gestsson.

Örlygur Geirsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 408/1988, um merkingu neytenda-
umbúða fyrir matvæli og aðrar neysluvörur.**

1. gr.

Við 7. gr. bætist nýr tl. er verði 2. tl. og hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 7. gr. getur Hollustuvernd ríkisins heimilað umbúdamerkingar á öðrum tungumálum, þegar ekki leikur vafi á um hvaða vörutegund er að ræða og merking telst ekki á neinn hátt ófullnægjandi eða villandi fyrir neytendur. Í slíkum tilvikum skal innflytjandi eða umboðsaðili sækja um leyfi til Hollustuverndar ríkisins, og veiti stofnunin slíkt leyfi, gildir það eingöngu fyrir umsækjanda og þá vöru sem sótt er um leyfi fyrir.

2. gr.

4. tl. í 28. gr. 1. tl. falli niður og 5. tl. verði 4. tl.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING**um útvarpsgjald.**

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið sem hér segir:

Fyrir full mánaðarleg afnot	kr. 1 687,00
Fyrir svart-hvíta móttöku	kr. 1 518,00
Fyrir hljóðvarpsafnot	kr. 506,00

Auglýsingin tekur gildi 1. janúar 1991 og gildir þar til annað verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 11. desember 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um hækkun frítekjumarks skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971
um almannatryggingar með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. janúar 1991:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 177 600 á ári (kr. 14 800 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 248 640 á ári (kr. 20 720 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 258 000 á ári (kr. 21 500 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 361 200 á ári (kr. 30 100 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatrygginga bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 80 400 á ári (kr. 6 700 á mánuði, þ.e. kr. 21 500 – 14 800) hjá einstaklingi og kr. 112 560 á ári (kr. 9 380 á mánuði, þ.e. kr. 30 100 – 20 720) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lokamálsgrein 19. gr. laga um almannatryggingar eins og ákvæðinu var breytt með 8. gr. laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga nr. 7/1990, sbr. lög nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um Kennaraháskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi að því er tekur til grunnskólastigs og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála.
2. Kennaraháskólinn annast menntun grunnskólakennara, þar með taldar forskóladeildir grunnskóla.
3. Kennaraháskólanum er heimilt að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hafa hlotið tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar.
4. Kennaraháskólinn annast endurmenntun með skipulegri fræðslu, kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og stuðningi við nýbreytni- og þróunarstörf.
5. Kennaraháskólinn annast framhaldsmenntun og viðbótarmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði.
6. Kennaraháskólinn skal stuðla að því að kennaranemar temji sér fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra er geri þá hæfa til að taka ábyrga afstöðu í starfi sínu og koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda.
7. Kennaraháskólinn skal leggja áherslu á rannsóknir á sviði skólastarfs við íslenskar aðstæður og stuðla með þeim hætti að þróun og umbótum í skólakerfinu.
8. Kennaraháskóli Íslands skal fyrir sitt leyti stuðla að samráði og samstarfi við Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðrar stofnanir á sviði grunn- og framhaldsmenntunar fyrir kennara. Um er að ræða skipan og framkvæmd kennaramenntunar í heild eða einstaka hluta hennar, þar með talin hugsanleg verkaskipting milli stofnana, samnýting og gagnkvæm viðurkenning námsþátta svo og samvinna um starfsmenn, bókasöfn og önnur kennslugögn. Fela má sérstökum samstarfsnefndum umsjón með þeirri samvinnu sem hér um ræðir. Sérstaklega skal leitast við að styrkja samstarf um rannsóknir, einkum á sviði uppeldis- og skólastarfs, sbr. 40. gr.

II. KAFLI

Stjórn og skipulag Kennaraháskólans.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Kennaraháskólans. Stjórn skólans er falin skólaráði, rektor, aðstoðarrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Skólaráð hefur svo sem lög mæla og nánar er ákveðið í þessari reglugerð ákvörðunarvald í málefnum skólans og stofnana hans og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

3. gr.

Skólaráð mótar meginstefnu við gerð fjárlagatillagna fyrir skólann og ákveður fyrir lok janúar ár hvert hvernig fjárveitingar skiptast á deildir og aðra starfsemi skólans innan ramma fjárlaga. Skólaráð mótar stefnu um skipan náms og kennslu, rannsóknir, ráðgjöf og þjónustu og um samstarf við aðrar menntastofnanir. Skólaráð fjallar um stöðuveitingar, starfsskyldur kennara og framgang þeirra í starfi, sbr. ákvæði í IX kafla. Skólaráði er heimilt að skipa föstum kennurum skólans í starfshópa eftir kennslugreinum eða kjörsviðum sér til ráðgjafar um námskrár, ráðningar kennara, erindi send skólanum til umsagnar og önnur sérfræðileg málefni.

4. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu skólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor er forseti skólaráðs. Hann vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum skólans og hefur yfirumsjón með starfsemi hans.

Rektor ber ábyrgð á því að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð og námskrár skólans svo og aðrar þær reglur og samþykktir sem í gildi eru. Hann ber ábyrgð á samskiptum við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila um fjárreiður, skipulag, áætlanagerð og framkvæmdir í skólanum. Rektor hefur jafnframt yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum.

5. gr.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans.

Aðstoðarrektor hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málum sem snerta rannsóknir og öðru því er rektor felur honum. Hann gegnir störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Kennslustjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málefnum er snerta kennslu og kennara. Hann hefur umsjón með inntöku nemenda, mati á fyrra námi þeirra, nemendaskrá skólans, prófum og námsskilum nemenda.

Aðstoðarrektor og kennslustjóri standa fyrir rannsóknum og mati á starfsemi Kennaraháskóla Íslands og hafa umsjón með útgáfu á skýrslum um starfssemi hans.

Fjármálastjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með fjárreiðum og starfsmannahaldi skólans. Hann hefur umsjón með gerð fjárhagsáætlunar skólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Hann hefur einnig umsjón með innkaupum, viðhaldi húseigna, nýbyggingum og öðru er snertir eignir skólans. Fjármálastjóri hefur heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega í umboði rektors eða skólaráðs.

Heimilt er rektor í umboði skólaráðs að fela öðrum starfsmönnum skólans umsjón með tilteknum verkefnum.

6. gr.

Skólaráð skipar þriggja manna kjörnefnd fyrir skólann til tveggja ára í senn. Nefnd þessi sér um undirbúning og framkvæmd rektorskjörs, kosningu í skólaráð, kosningu fulltrúa kennara í deildarráð svo og aðrar almennar kosningar sem skólaráð ákveður að efna til. Einn nefndarmanna þessara skal vera úr hópi nemenda samkvæmt tillögum nemendaráðs. Skólaráð setur kjörnefndinni starfsreglur.

7. gr.

Rektor er kjörinn til fjögurra ára í senn. Kjörgengur er hver sá er uppfyllir hæfnisskilyrði 45. og 46. gr. um stöðu prófessors.

Atkvæðisrétt við rektorskjör eiga: Allir fastráðnir kennarar Kennaraháskólans og allir þeir sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við Kennaraháskólann og hafa háskólapróf, skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, tveir fulltrúar fastráðinna æfingakennara, fulltrúi lausráðinna kennara við Kennaraháskólann, allir nemendur sem skrásettir eru í skólann, þannig að greidd atkvæði nemenda gildi sem einn þriðji hluti allra greiddra atkvæða, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar allra greiddra atkvæða. Kosning rektors er leynileg.

Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn, sbr. þó lokamálsgrein þessarar greinar.

Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæði, sbr. 2. mgr., enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo er flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði þá jöfn ræður hlutkesti.

Skólaráð auglýsir með a.m.k. hálfis árs fyrirvara að rektorskjör muni fara fram á tilgreindum tíma.

Hafi umsækjandi ekki áður hlotið hæfnisdóm til að gegna slíku embætti skal skipa dómnefnd til að meta hæfni þess er gefur kost á sér til rektorskjörs með sama hætti og um væri að ræða umsókn um embætti prófessors við Kennaraháskóla Íslands.

Dómnefnd skilar rökstuddri niðurstöðu til skólaráðs. Skólaráð tryggir að samræmis hafi verið gætt við störf dómnefnda hafi fleiri en ein dómnefnd starfað. Síðan skal skólaráð gefa út tilkynningu um hverjir eru í kjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið en aðstoðarrektor gegnir rektorsstörfum þangað til.

8. gr.

Í skólaráði eiga sæti: Rektor, sjö fulltrúar kjörnir úr hópi fastráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn úr hópi lausráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn af starfsmönnum í a.m.k. hálfu starfi, öðrum en kennurum, tveir fulltrúar kjörnir af stjórnendum Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands og fastráðnum æfingakennurum hans, þrír fulltrúar nemenda kjörnir af nemendaráði.

Kosning fulltrúa er leynileg og óhlutbundin.

Skólaráð skal kjörið til þriggja ára í senn. Fulltrúi lausráðinna kennara og fulltrúar nemenda skulu kjörnir til eins árs í senn. Kjósa skal í skólaráð á tímabilinu 1.–15. október og skulu nýir fulltrúar taka til starfa 1. nóvember.

Varamenn í skólaráði eru þeir sem næstir koma kjörnum fulltrúum að atkvæðamagni.

Nú hefur kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki tök á að sækja fund og tekur þá varamaður sæti hans.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri eiga sæti á fundum skólaráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Rektor er forseti skólaráðs en aðstoðarrektor í forföllum hans. Aðstoðarrektor er ritari ráðsins.

9. gr.

Skólaráð heldur fundi eftir þörfum. Óski fimm skólaráðsmenn fundar er rektor skylt að boða til hans.

Skólaráð er ályktunarfært ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra skólaráðsmanna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr. Skólaráð setur sér nánari starfsreglur.

10. gr.

Rektor eða skólaráð skulu boða til starfsmannafunda til umræðna um málefni Kennaraháskólans eða stofnana hans að minnsta kosti tvisvar á ári. Skylt er rektor að boða til slíks fundar ef stjórn kennarafélags eða starfsmannafélags skólans eða 1/3 hluti félagsmanna annars hvors félagsins æskir þess. Breytingar á námskrám og formlegum starfsreglum skulu ætíð hljóta umsögn starfsmannafundar áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Einnig skal kynna og ræða á starfsmannafundi fjárlagatillögur og fjárlög, skýrslur um helstu málefni deilda og skora

ásamt öðrum mikilvægum málum í stjórn og rekstri skólans. Allir kennarar skólans og aðrir fastir starfsmenn eiga rétt á að sækja fundi og njóta þar atkvæðisréttar. Fulltrúi rektors skal vera fundarritari. Dreifa skal fundargerðum starfsmannafunda til starfsmanna skólans innan tveggja vikna eftir að fundur var haldinn. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

11. gr.

Kennaraháskóli Íslands skiptist í kennaramenntunardeild, þar sem fram fer almennt kennaranám, sbr. IV. kafla, uppeldisvísindadeild, þar sem fram fer viðbótar- og framhaldsnám, sbr. VI. kafla og endurmenntunardeild, sbr. V. kafla. Í kennaramenntunardeild og uppeldisvísindadeild skulu vera ein eða fleiri skorir, þ.e. námsbrautir sem leiða til skilgreindra námsloka. Hverri deild stjórnar deildarráð og hverri skor skorarstjórn.

12. gr.

Deildarráð í kennaramenntunardeild ber ábyrgð gagnvart rektor og skólaráði á gerð námskrár, skipulagningu, framkvæmd og mati á námi í hverri skor og gerð kennsluskrár. Deildarráð gerir tillögur til skólaráðs um nýjar skorir, umbætur á starfandi skorum og um ráðningu prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Í deildarráði kennaramenntunardeildar eiga sæti skorarstjórar, sbr. 13. gr., skólastjóri Æfingaskólans, tveir fulltrúar nemenda og þrír fulltrúar kennara úr hópi prófessora, dósenta og lektora. Kjósa skal fulltrúa kennara til tveggja ára í senn og fulltrúa nemenda til eins árs á tímabilinu 15. mars til 15. maí og skulu þeir hefja störf 1. ágúst. Varamenn af hálfu kennara eru þeir tveir sem koma næstir kjörnum fulltrúum að atkvæðamagni og með sama hætti er einn varafulltrúi nemenda valinn. Kosning fulltrúa kennara í deildarráð er leynileg og óhlutbundin. Deildarráð kys deildarforseta úr hópi prófessora, dósenta og lektora sem eiga sæti í deildarráði. Aðstoðarrektor, endurmenntunarstjóra, fjármálastjóra og kennslustjóra er heimilt að sitja fundi deildarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

13. gr.

Skorarstjórnir í kennaramenntunardeild skulu sjá um skipulagningu, framkvæmd og mat á námi og kennslu í hverri skor í umboði deildarráðs.

Í skorarstjórn fyrir hverja skor velur skólaráð, á tímabilinu 15. mars til 15. maí, tvo til sex kennara úr hópi prófessora, dósenta og lektora til tveggja ára og tilnefni einn þeirra skorarstjóra. Starfstími skorarstjórna hefst 1. ágúst ár hvert. Í skorarstjórn eiga jafnframt sæti einn til tveir fulltrúar nemenda í viðkomandi skor. Skólaráð ákveður fjölda fulltrúa nemenda og hvenær kjör þeirra fer fram. Æfingastjóra, aðstoðarrektor, endurmenntunarstjóra, fjármálastjóra og kennslustjóra er heimilt að sitja fundi í skorarstjórnnum með málfrelsi og tillögurétt.

Skólaráð skal, eftir því sem aðstæður krefjast, ráða kennara er sæti á í skorarstjórn sem umsjónarmann með skilgreindum áfanga náms svo sem misseri, kennsluári eða áföngum náms sem kenndir eru utan aðalaðseturs skólans. Skólaráði er heimilt að setja á laggirnar nefnd, sem er hverjum umsjónarmanni sem starfar utan aðalaðseturs til ráðgjafar um framkvæmd og mat á því námi sem þar fer fram. Í hverri nefnd sitja viðkomandi umsjónarmaður, einn til tveir fulltrúar nemenda ásamt öðrum fulltrúum sem skólaráð ákveður.

Skólaráð setur skorarstjórnnum starfsreglur að fengnum tillögum deildarráðs.

14. gr.

Deildarráð í uppeldisvísindadeild ber ábyrgð gagnvart rektor og skólaráði á gerð námskrár, skipulagningu, framkvæmd og mati á námi í hverri skor og gerð kennsluskrár. Deildarráð gerir tillögur til skólaráðs um nýjar skorir, umbætur á starfandi skorum og um ráðningu prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Í deildarráði uppeldisvísindadeildar eiga sæti skórarstjórar, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar kennara úr hópi prófessora, dósentar og lektora. Kjósa skal fulltrúa kennara til tveggja ára í senn og fulltrúa nemenda til eins árs á tímabilinu 15. mars til 15. maí og skulu þeir hefja störf 1. ágúst. Velja skal, sbr. ákvæði 12. gr. um val varamanna í deildarráð kennaramenntunardeildar, tvo varamenn af hálfu kennara og einn frá nemendum. Kosning fulltrúa kennara í deildarráð er leynileg og óhlutbundin. Deildarráð kýs deildarforseta úr hópi prófessora, dósentar og lektora sem eiga sæti í deildarráði. Aðstoðarrektor, endurmenntunarstjóra, fjármálastjóra og kennslustjóra er heimilt að sitja fundi deildarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

15. gr.

Skórarstjórnir í uppeldisvísindadeild skulu sjá um skipulagningu, framkvæmd og mat á námi og kennslu í hverri skor í umboði deildarráðs.

Í skórarstjórn fyrir hverja skor velur skólaráð, á tímabilinu 15. mars til 15. maí tvo til sex kennara úr hópi prófessora, dósentar og lektora til tveggja ára og tilnefni einn þeirra skórarstjóra. Starfstími skórarstjórnar hefst 1. ágúst ár hvert. Í skórarstjórn eiga jafnframt sæti einn til tveir fulltrúar nemenda í viðkomandi skor. Skólaráð ákveður fjölda fulltrúa nemenda og hvenær kjör þeirra fer fram. Aðstoðarrektor, endurmenntunarstjóra, fjármálastjóra og kennslustjóra er heimilt að sitja fundi í skórarstjórnnum með málfrelsi og tillögurétt.

Skólaráði er heimilt innan ramma fjárveitinga hverju sinni að ráða kennara er sæti á í skórarstjórn sem umsjónarmann með skilgreindum áfanga náms svo sem misseri, kennsluári eða áföngum náms sem kenndir eru utan aðalaðseturs skólans. Skólaráði er heimilt að setja á laggirnar nefnd, sem er hverjum umsjónarmanni sem starfar utan aðalaðseturs til ráðgjafar um framkvæmd og mat á því námi sem þar fer fram. Í hverri nefnd sitja viðkomandi umsjónarmaður, einn til tveir fulltrúar nemenda ásamt öðrum fulltrúum sem skólaráð ákveður.

Skólaráð setur skórarstjórnnum starfsreglur að fengnum tillögum deildarráðs.

16. gr.

Deildarráð í endurmenntunardeild ber ábyrgð gagnvart rektor og skólaráði á gerð námskrár, skipulagningu, framkvæmd og mati á verkefnum á sviði endurmenntunar, skólaþróunar og ráðgjafar svo og gerð kennsluskrár.

Í deildarráði endurmenntunardeildar eiga sæti endurmenntunarstjóri, verkefnastjórar, sbr. 3. málsg., og tveir fulltrúar tilnefndir af skólaráði. Skulu fulltrúar skólaráðs vera þeir sömu og sitja í endurmenntunarnefnd. Endurmenntunarstjóri er forseti deildarráðs í endurmenntunardeild. Aðstoðarrektor, endurmenntunarstjóra, fjármálastjóra og kennslustjóra er heimilt að sitja fundi deildarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Endurmenntunarstjóri gerir tillögur til rektors og skólaráðs um ráðningu verkefnastjóra til að annast stjórn umfangsmikilla verkefna á sviði endurmenntunar, skólaþróunar og ráðgjafar.

Deildarráði er heimilt, með samþykki skólaráðs, að setja á laggirnar verkefnastjórnir á sviði endurmenntunar og setur þeim starfsreglur.

Rektor, deildarráði endurmenntunardeildar og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun er endurmenntunarnefnd, sbr. 32. gr.

17. gr.

Kennsluár Kennaraháskólans skiptist í haustmisseri, vormisseri og sumarmisseri. Starfsvikur á haust- og vormisseri skulu ekki vera færri en þrjátíu, fjöldi starfsvikna á sumarmisseri getur verið breytilegur. Próf skulu að jafnaði vera í lok hvers misseris. Skólaráð setur nánari reglur um upphaf og lengd missera.

Jólaleyfi nemenda er frá 20. desember til 6. janúar. Páskaleyfi nemenda er frá miðvikudegi í dymbilviku til þriðjudags í páskaviku að báðum dögum meðtöldum.

Engin kennsla fer fram á helgidögum þjóðkirkjunnar, 1. desember eða á öðrum lögboðnum frídögum. Skólaráð getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir.

18. gr.

Nám við Kennaraháskóla Íslands skal skilgreint í námskrá fyrir hverja skor eða deild eftir því sem við á. Deildarráð hafa umsjón með gerð námskrár, sbr. 12., 14. og 16. gr. Leggja skal hverja námskrá fram til samþykktar í skólaráði, sbr. 10., 12., 14., 16., 24., 26., 35., 36., 37., 38. og 41. gr. Í námskrám skal m.a. tilgreina meginmarkmið námsins, inntökuskilyrði, skipulag, reglur um námsmat og framgang nemenda. Nám í hverri skor skólans má skipuleggja sem fullt nám eða sem hlutanám. Námskrá skal endurskoða á fimm ára fresti nema skólaráð ákveði annað. Kennsluskrá byggir á námskrá og er nánari útfærsla á henni. Kennsluskrá fyrir hverja deild skal gefa út árlega. Kennlustjóri hefur umsjón með útgáfu á kennsluskrám í samráði við deildarráð og deildarforseta.

19. gr.

Nám og kennsla í Kennaraháskóla Íslands getur, eftir nánari ákvörðun skólaráðs, farið fram annars staðar á landinu en þar sem skólinn hefur aðalaðsetur.

III. KAFLI

Nemendur.

20. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Almenn kennaranám:

Stúdentspróf eða önnur próf við lok framhaldsskólastigs svo og náms- og starfsreynsla sem að mati skólaráðs tryggir jafngildan undirbúning. Umsækjendur skulu jafnframt hafa staðgóða þekkingu á íslensku og gott vald á rituðu og töluðu máli. Heimilt er að leggja fyrir umsækjendur inntökupróf í íslensku og öðrum greinum. Skólaráð setur nánari reglur um inntöku nemenda.

2. Nám í uppeldis- og kennslufræðum fyrir framhaldsskólakennara:

Til að fá inngöngu í nám í uppeldis- og kennslufræðum fyrir verðandi framhaldsskólakennara þarf umsækjandi að leggja stund á nám í viðkomandi kennslugrein eða hafa lokið slíku námi, samkvæmt þeim reglum sem um starfsréttindi kennara gilda hverju sinni. Skólaráði er heimilt að setja nánari reglur um þessi inntökuskilyrði.

3. Viðbótar- eða framhaldsnám:

Inntökuskilyrði í viðbótar- eða meistaranám, sbr. 35.–37. gr. eru baccalaureus- eða sambærileg próf frá háskóla eða annað nám og starfsreynsla sem að mati skólaráðs tryggir jafngildan undirbúning. Skólaráði er heimilt að setja um inntökuskilyrði þessi nánari reglur.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs og getur það að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins ákveðið fjölda þeirra sem hefja nám við hverja skor skólans.

21. gr.

Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því sem skólaráð ákveður í samráði við heilbrigðisyfirvöld.

22. gr.

Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot er hefur flekkun mannorðs í för með sér, skv. 2. gr. 1. nr. 52/1959, er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir.

23. gr.

Tilkynni nemandi að hann sé hættur námi við Kennaraháskólann skal má nafn hans af nemendatali skólans. Sama máli gegnir hafi hann ekki stundað nám við skólann heilt kennsluár án gildra forfalla samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru um námsástundun.

Um tímamörk náms við Kennaraháskóla Íslands skal gilda sú almenna regla að námi í tiltekinni skor (námsbraut) skuli lokið innan tíma sem er 50 af hundraði lengri en sá tími sem gert er ráð fyrir í námskrá og kennsluskrá. Til að flytjast eðlilega milli námsára þarf nemandi, ef hann er í fullu námi, að ljúka a.m.k. 12 námeiningum á hvoru misseri undangengins námsárs og öllum skyldubundnum námskeiðum fyrri námsára. Ef nemandi flyst ekki á milli námsára með þessum hætti telst hann óreglulegur nemandi. Í námskrá skal kveða á um tímamörk á námi í hverri skor og færslu nemenda milli námsára, sbr. ákvæði í 18., 26., 35., 36., 37. og 38. gr. Skólaráð getur leyft undanþágu frá tímamörkum ef til þess eru gildar ástæður eða veitt deildarráðum eða skorarstjórnnum umboð til að afgreiða slíkar undanþágur.

Skólaráð skal setja reglur um skráningu nemenda bæði í fullu námi og hlutanámi við skólann. Nemar í hverri skor skulu staðfesta skólavist sína með því að greiða skrásetningargjald fyrir hvert námsár í skólanum. Greiðsla skrásetningargjalda er skilyrði innritunar í námskeið. Skólaráð ákveður fjárhæð skrásetningargjalda að fengnum tillögum nemendaráðs um hvernig þeim skuli varið til starfsemi á vegum nemenda.

Pappírsgjöld og önnur efnisgjöld skulu háð samþykki skólaráðs.

24. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð er kjósi fulltrúa nemenda í skólaráð. Breytingar á námskrám skulu hljóta umsögn nemendaráðs áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Nemendaráð er jafnframt rektor til ráðuneytis um málefni skólans. Nemendaráð skal kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

IV. KAFLI

Kennaranám.

25. gr.

Almennt kennaranám í Kennaraháskólanum skal skipuleggja sem fjögurra ára nám sem lýkur með B.Ed.-prófi.

Námið skal skipulagt í námseiningum og svari hver námseining til námsvinnu einnar viku. Hvert námsár er 30 starfsvikur og námið í heild því 120 námseiningar.

26. gr.

Almennu kennaranámi skal skipað í meginþætti sem hér segir:

I. Almennar uppeldisgreinar, samtals 30 námseiningar.

II. Kennarafræði, samtals 45 námseiningar.

Lögd er áhersla á þau faglegu vinnubrögð sem grunnskólakennarar þurfa að tileinka sér til að stunda kennslu og uppeldisstörf.

1. Eðli og inntak námsgreina grunnskólans ásamt kennslufræði, allt að 30 námseiningum. Sérstök áhersla skal lögd á móðurmál, stærðfræði og list- og verkgreinar í starfsmenntun kennara.
2. Æfingakennsla og starfsþjálfun í skólum, allt að 20 námseiningum. Þessi þáttur taki bæði til almennrar kennslu í grunnskóla og kennslu á kjörsviði. Af þessum tíma skal skipuleggja sérstaka kandidatsönn þar sem kennaranemar annast kennslu undir leiðsögn og umsjón.

III. Kjörsvið, samtals 45 námseiningar.

Hvert kennaraefni velur eitt kjörsvið og skal vægi aðalnámsgreinar ekki vera minna en 30 námseiningar. Á kjörsviði gefst kennaraefni kostur á að kynnast viðfangsefnum og vinnubrögðum í fræðigrein og jafnframt að auka þekkingu sína í tilteknum kennslugreinum grunnskóla.

Í námskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum kennslustjóra, skal gerð grein fyrir námskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

27. gr.

Heimilt er Kennaraháskólanum, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að bjóða fram nám fyrir kennara sem vilja bæta við sig námi í tilteknum fræðigreinum/kennslugreinum að loknu almennu kennaranámi til B.Ed.- gráðu eða ígildi þess. Námi þessu getur lokið með B.A.- gráðu hafi nemandi lokið námi sem svarar samtals til 60 eininga í aðalgrein og 30 eininga í aukagrein. Heimilt er að meta almenna þætti (kjarna/kennarafræði) B.Ed.- náms sem ígildi aukagreinar.

28. gr.

Nám í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi fyrir nemendur, sem hljóta tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar, er 30 einingar. Heimilt er að skipuleggja nám þetta sem fullt nám eða sem hlutanám, sbr. 18. gr.

29. gr.

Að afloknu samfelldu námi í kennaramenntunardeild og kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta a.m.k. eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi.

Kennaraháskóli Íslands hefur umsjón með leiðsögn kennara í samráði við fræðslufyrirvöld, þ.e. menntamálaráðuneyti og fræðsluskrifstofur, sem sjái um framkvæmd þessarar leiðsagnar í samræmi við 12. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Þegar kennari á fyrsta starfsári hefur verið ráðinn að skóla skal fræðslustjóri, að fengnum tillögum hlutadeigandi skólustjóra og að höfðu samráði við viðkomandi nýliða, ráða reyndan kennara honum til leiðsagnar og aðstoðar. Kennaraháskóli Íslands skal veita leiðsögukennurum ráðgjöf og stuðning með fræðslufundum, námskeiðum og annarri sérfræðilegri aðstoð.

Kennaraháskóla Íslands er heimilt að veita kennurum, sem lokið hafa námi til kennsluréttinda í framhaldsskólum, sambærilega leiðsögn í samráði við yfirvöld menntamála.

V. KAFLI**Endurmenntun.**

30. gr.

Kennaraháskóli Íslands annast menntun kennara samhliða starfi þeirra eftir því sem fjármagn og aðstæður leyfa. Kosta skal kapps um að móta og skipuleggja fjölbætta fræðslustarfsemi og kynna kennurum markverðar nýjungar í skóla- og menntamálum. Einnig skal Kennaraháskóli Íslands í samstarfi við fræðsluskrifstofur stuðla að þróun skólustarfs með því að veita fræðslu og ráðgjöf sem tekur mið af fræðilegri þekkingu, rannsóknum á skólustarfi, óskum einstakra skóla og staðbundnum aðstæðum.

31. gr.

Endurmenntunarstjóri hefur í umboði rektors, skólaráðs og deildarráðs endurmenntunardeildar umsjón með endurmenntun. Hann vinnur að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd.

32. gr.

Rektor, deildarráði og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun er endurmenntunarnefnd sem skipuð skal þannig, að skólaráð tilnefni tvo fulltrúa, samtök kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi tilnefna tvo fulltrúa og menntamálaráðuneytið tilnefni tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera úr hópi fræðslustjóra. Tilnefning er til fjögurra ára í senn. Boða skal til funda í endurmenntunarnefnd eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Rektor, eða staðgengill hans, boðar til funda og stýrir þeim.

33. gr.

Endurmenntunarstjóri skal, eftir því sem við verður komið, hafa samráð um símenntun kennara og þróun skólustarfs við fræðsluskrifstofur, Háskóla Íslands og aðrar stofnanir sem sinna kennaramenntun, samtök kennara og menntamálaráðuneyti. Nánari reglur um starfsemi þessa skal setja í námskrá, sbr. 16. og 18. gr.

34. gr.

Heimilt er með samþykki skólaráðs að ákveða sérstök pappírsgjöld og önnur efnisgjöld vegna námskeiða eða annarra verkefna í endurmenntunardeild.

VI. KAFLI**Viðbótar- og framhaldsmenntun.**

35. gr.

Kennaraháskóla Íslands er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að stofna til framhaldsnáms í uppeldis- og kennslufræðum er lýkur með sérstakri staðfestingu (diploma) á ákveðnu viðbótarnámi, meistaraáráðu eða doktorsáráðu.

Þegar stofnað er til viðbótar- og framhaldsnáms við Kennaraháskólann á tilteknu sviði, skal setja um það námskrá og kennsluskrá þar sem meðal annars er kveðið á um umfang námsins, inntak þess, inntökuskilyrði og prófgráðu. Framhaldsnám má skipuleggja sem fullt nám eða sem hlutanám.

Skipulagning og framkvæmd á viðbótar- og framhaldsnámi við Kennaraháskóla Íslands er í höndum deildarráðs og skorarstjórna uppeldisvísindadeildar.

36. gr.

Viðbótarnám er skilgreint sem 15–30 eininga nám í uppeldis- og kennslufræðum. Viðbótarnám stendur þeim til boða sem lokið hafa B.Ed.-námi eða öðrum kennaraprófum og

vilja bæta við sig námi á sérsviðum uppeldis- og kennslufræða. Námi þessu lýkur með sérstakri staðfestingu (diploma). Heimilt er að meta viðbótarnám sem hluta af framhaldsnámi til meistarafráðu.

37. gr.

Nám til meistarafráðu skal eigi vera minna en sem svarar 60 einingum að loknu baccalaureus-prófi eða námi og starfsreynslu sem að mati skólaráðs er sambærilegt. Kveða skal á um inntökuskilyrði og tilhögun náms til meistarafráðu í námskrá uppeldisvísindadeildar. Meistaránám má skipuleggja sem fullt nám eða sem hlutanám er lýkur með meistarafráðu. Nám til meistarafráðu skal byggjast á kenndum námskeiðum, sjálfstæðum lesnámskeiðum með verkefnum og lokaritgerð. Um nám til meistarafráðu skal setja nánari reglur í námskrá.

38. gr.

Kennaraháskóla Íslands er heimilt að veita doktorsnafnbót á sviði uppeldis- og kennslufræða. Slíka nafnbót má veita með þrennum hætti: (1) í heiðursskyni; (2) að undangengnu doktorsnámi við skólann og mati á doktorsverkefni; (3) að undangenginni vörn á framlögðu ritverki eða ritverkum.

Deildarráð uppeldisvísindadeildar gerir tillögur til skólaráðs um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni. Fulltrúar nemenda eiga ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu málsins í skólaráði.

Skipulagning og framkvæmd á doktorsnámi og doktorsvörn er í höndum deildarráðs uppeldisvísindadeildar. Fulltrúar nemenda í deildarráði eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

Kveða skal á um inntökuskilyrði og tilhögun náms til doktorsgráðu í námskrá uppeldisvísindadeildar. Nú sækir maður um að stunda nám til doktorsgráðu við Kennaraháskóla Íslands. Metur deildarráð þá umsókn hans samkvæmt nánari ákvæðum í námskrá uppeldisvísindadeildar. Standist hann mat þetta, skal deildarráð, að fenginni tillögu kandidats og samþykki viðkomandi kennara, skipa leiðsögukennara úr hópi prófessora og dósentna við skólann til að hafa umsjón með doktorsnámi hans.

Endanlegt mat á doktorsverkefni er í höndum leiðsögukennara og tveggja annarra sérfræðinga sem deildarráð gerir tillögur um og skólaráð samþykkir. Skal a.m.k. annar þessara sérfræðinga vera utan Kennaraháskóla Íslands.

Nú sækir maður um að leggja fram eitt eða fleiri ritverk í uppeldis- og kennslufræði til doktorsvarnar við Kennaraháskóla Íslands. Að fengnum tillögum deildarráðs skipar skólaráð þriggja manna dómnefnd til að meta umsókn hans. Dómnefnd skal hraða störfum eftir föngum. Standist umsækjandi mat dómnefndar skal deildarráð skipa tvo andmælendur við munnlega vörn ritverksins eða ritverkanna. Að lokinni munnlegri vörn ákveður deildarforseti uppeldisvísindadeildar ásamt andmælendum hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur skal skjóta málinu til deildarráðs uppeldisvísindadeildar.

Peir er æskja doktorsnafnbótar frá Kennaraháskóla Íslands skulu að jafnaði hafa lokið meistaránámi í uppeldis- og kennslufræðum eða skyldum fræðigreinum frá viðurkenndum háskólastofnunum.

Nánari ákvæði um doktorsvörn skal setja í námskrá uppeldisvísindadeildar.

VII. KAFLI

Rannsóknir.

39. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands starfar sérstakur rannsóknasjóður. Fjármálastjóri Kennaraháskóla Íslands sér um reikningshald og fjármálalega umsýslu fyrir sjóðinn.

Skólaráð setur sjóðnum stjórn og starfsreglur.

Aðstoðarrektor er formaður sjóðsstjórnar.

40. gr.

Innan Kennaraháskóla Íslands starfar rannsóknastofnun sem annast rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála. Stofnunin skal einkum leggja áherslu á hagnýtar rannsóknir við íslenskar aðstæður og stuðla með þeim hætti að þróun og umbótum á skólastarfi.

Rannsóknastofnunin skal veita kennaraefnum og kennurum á hinum ýmsu skólastigum ráðgjöf og fræðslu um framkvæmd rannsókna eftir því sem aðstæður leyfa.

Kennurum skólans er heimilt að fullnægja rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti við stofnunina. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Fela má rannsóknastofnuninni umsjón með útgáfustarfsemi á vegum Kennaraháskólans.

Skólaráð setur stofnuninni stjórn og starfsreglur sem lagðar skulu fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands skal hafa samráð við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðrar stofnanir sem sinna rannsóknum á skyldu sviði.

VIII. KAFLI

Námsmat.

41. gr.

Námskeið er skipulagður áfangi í námi sem nemandi fær metinn sem heild. Í kennsluskrá skal geta um námsmarkmið fyrir hvert námskeið, skipulag kennslu og hvernig námsmati skuli hagað. Námsmat skal byggjast á skriflegum eða munnlegum prófum, ritgerðum, verkefnum, starfi í kennslustundum eða á vettvangi. Í lýsingu á námskeiðum í kennsluskrá skal geta samræmis milli markmiða, umfangs og námsmats í hverju námskeiði. Ef einkunnir eru gefnar í tölum skal gefa þær í heilum eða hálfum tölum frá 0–10. Nemandi telst ekki hafa lokið námskeiði nema hann hljóti a.m.k. einkunnina 5,0 eða umsögnina lokið ef einkunn er ekki gefin í tölum.

Setja skal nánari reglur um framkvæmd námsmats þ.m.t. einkunnagjöf í námskrár og kennsluskrár.

Fela má tilteknum starfsmanni að sjá um prófskráningu og framkvæmd prófa.

42. gr.

Nú stenst nemandi ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll. Er honum þá heimilt að þreyta það einu sinni að nýju. Nemandi sem stenst ekki endurtökupróf hefur rétt til að skrá sig að nýju í viðkomandi eða sambærilegt námskeið samkvæmt gildandi kennsluskrá og hefur þá rétt til að ganga öðru sinni undir próf og endurtökupróf. Standist nemandinn ekki endurtökupróf öðru sinni, telst hann ekki lengur nemandi við skólann. Skólaráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Nemandi sem lokið hefur prófi í tilteknu námskeiði með fullnægjandi árangri en kys að þreyta prófið að nýju, hefur rétt til að endurtaka prófið næst þegar það er haldið. Skal þá gilda sú einkunn sem nemandinn fær í seinna skiptið.

Sambærileg ákvæði gilda um önnur matsform en próf samkvæmt nánari ákvæðum í námskrá og kennsluskrá.

43. gr.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til lokaprófs og lokaritgerðar, þar á meðal B.Ed.- ritgerð, skal vera einn prófdómandi utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemandi á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess bréflaga innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandinn þá eigi una

mati kennarans, getur hann snúið sér til kennslustjóra. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstökum námsþáttum.

Menntamálaráðherra skipar prófdómara að fengnum tillögum skólaráðs. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi frá háskóla eða sérkennaraskóla í þeirri grein sem prófdómari skal dæma. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé skv. 2. mgr. hér á undan.

44. gr.

Skólaráð metur, að höfðu samráði við kennslustjóra og hlutaðeigandi greinakennara, hvort viðurkenna skuli nám sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennaraskóla. Skólaráði er heimilt að fela kennslustjóra, deildarráðum eða skorarstjórnnum að sjá um mat þetta.

IX. KAFLI

Starfslið.

45. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar, auk kennara Æfingaskólans, sbr. X. kafla laga nr. 29/1988 um Kennaraháskóla Íslands.

Um stofnun nýrra kennaraembætta fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs þegar fé er veitt til á fjárlögum.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu þeir einir vera sem hafa kennslu og rannsóknir við Kennaraháskólann að aðalstarfi.

Heimilt er að tillögu skólaráðs að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til alls að 5 ára í senn að fengnum tillögum frá deild eða deildum skólans. Slíkar stöður skal auglýsa og skipa dómnefndir til að meta hæfni umsækjenda með sama hætti og um ótímabundnar stöður væri að ræða, sbr. 46. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Nú lætur prófessor af embætti við Kennaraháskóla Íslands en óskar eftir að vinna áfram við skólann að rannsóknum á sínu sérsviði. Skólaráði er þá heimilt að veita honum aðstöðu til þeirra starfa.

Vinnutíma prófessora, dósentar og lektora skal varið til kennslu, undirbúnings hennar, stjórnunar og rannsóknastarfa. Skólaráð setur meginreglur um hlutfallið milli þátta þessara. Skólaráð setur einnig reglur um hvernig vinnutíma aðjúnkta og kennara með tímabundna ráðningu sem hafa kennslu við Kennaraháskóla Íslands að aðalstarfi skuli varið. Taka skal mið af gildandi kjarasamningum við samningu reglna þessara.

Skólaráð getur ákveðið að starfsskylda einstakra kennara víki frá meginreglum þessum, m.a. til að heimila kennara að verja hluta vinnutíma síns til að stunda kennslu, rannsóknir eða ráðgjöf í skólum.

46. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Skólaráð ræður aðjúnkta og stundakennara eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentar- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, ritsmíðar og rannsóknir. Þann einan má skipa í þessar stöður sem auk fullgilds háskólaprófs hefur lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum eða er að öðru leyti talinn hafa nægilegan kennslufræðileg-

an undirbúning enda hafi dómnefnd fjallað um umsóknir og metið umsækjanda hæfan til starfsins. Taka skal tillit til reynslu umsækjenda af kennslu og skólastarfi.

Skólaráð skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Tilnefdir menntamálaráðherra einn mann í nefndina en skólaráð Kennaraháskólans hina tvo og skal a.m.k. annar þeirra vera utan stofnunarinnar. Skólaráð skipar formann nefndarinnar og felur honum að kalla nefndina saman. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum sínum innan þriggja mánaða frá því hún var skipuð.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og námsferli hans og störfum að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar þegar embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti, dósentsstöðu eða lektorsstöðu við Kennaraháskóla Íslands nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé til þess hæfur.

Ennfremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur hvort heldur um er að ræða stöðu prófessors, dósents eða lektors.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um ráðningu sérfræðinga við rannsóknastofnun Kennaraháskólans, sbr. 40. gr., nema að því leyti sem á annan veg er mælt fyrir í starfsreglum um stofnunina.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu. Um skipan og störf dómnefnda til að fjalla um hæfi viðkomandi skulu gilda sömu ákvæði og um dómnefnd þegar staða er auglýst, sbr. 3. mgr. Að fengnu álitu dómnefndar gerir skólaráð tillögu til menntamálaráðuneytis um afgreiðslu málsins. Skólaráð setur nánari reglur um framgangskerfi kennara við Kennaraháskólann og leggur þær fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

47. gr.

Rektor ræður kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum skólaráðs og að undangenginni auglýsingu. Gera skal til kennslustjóra og endurmenntunarstjóra ekki minni hæfniskröfur en til lektors við skólann. Skipa skal dómnefndir til að meta hæfi umsækjenda um stöður þessar, sbr. 46. gr.

Framlenging á ráðningu kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra er heimil einu sinni án lotuskila og án undangenginnar auglýsingar. Verði einhver framan- greindra starfsmanna ráðinn á ný að þessum tveimur ráðningartímabilum loknum og að undangenginni auglýsingu gilda sömu ákvæði um ráðningartíma og við upphaflega ráðningu.

Rektor ræður aðstoðarrektor úr hópi fastra kennara.

Rektor ræður, að fengnum tillögum skólaráðs, fulltrúa rektors, bókaverði aðra en aðalbókavörð, aðstoðarmenn endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, deildarstjóra, húsverði, forstöðumann gagnasmíðju, tækjavörð og annað starfslíð við stjórnsýslu, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum og að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

Skólaráð setur starfsmönnum, sem nefndir eru í þessari grein, erindisbréf svo og öðru starfsfólki á skrifstofu skólans eftir því sem þörf þykir. Þar skal kveða á um starfssvið þeirra, ráðningartíma, réttindi og skyldur. Heimilt er skólaráði að setja kröfur um lágmarksmenntun þessara starfsmanna.

Heimilt er að fjölga starfsheitum að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

48. gr.

Skólaráð veitir kennurum Kennaraháskólans reglubundin orlof samkvæmt kjarasamningum. Skólaráð setur reglur um veitingu orlofa og styrkja.

Ennfremur getur menntamálaráðuneytið veitt fastráðnum starfsmanni öðrum en kennara Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum enda liggja fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsmaðurinn hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum verkefnum. Leita skal umsagnar rektors um þessar orlofsumsóknir.

Eftir því sem fjárlög heimila getur ráðuneytið veitt starfsmanni, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferðalögum og námsdvöl í sambandi við orlofið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. X. kafla laga nr. 29/1988 um Kennaraháskóla Íslands.

X. KAFLI**Bókasafn.**

49. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands er bókasafn sem tekur einkum til menntamála, uppeldis- og skólamála, bæði í fræðilegum og hagnýtum tilgangi. Hlutverk bókasafnsins er einkum að styðja nám, kennslu og rannsóknir í skólanum og veita þjónustu á þessum sviðum.

Menntamálaráðherra skipar aðalbókavörð að fengnum tillögum skólaráðs og skal hann vera bókasafnsfræðingur. Hann ber ábyrgð á að móta stefnu safnsins í samræmi við markmið Kennaraháskólans sem kennslu- og rannsóknastofnunar.

Skólaráð setur aðalbókaverði erindisbréf. Heimilt er skólaráði að setja nánari reglur um starfsemi bókasafnsins.

XI. KAFLI**Gagnasmiðja.**

50. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands starfar gagnasmiðja sem hefur það hlutverk að aðstoða og leiðbeina kennaranemum, kennurum og öðru starfslíði við gerð námsefnis og kennslugagna. Búa skal gagnasmiðjuna sem bestum tækjum og gögnum. Starfsmenn gagnasmiðju skulu jafnframt fylgjast með þróun og nýjungum á sviði námsefnisgerðar, kennslutækni og hvernig hagnýta megi tæknimiðla í skólastarfi.

Forstöðumaður gagnasmiðju skal hafa sérmenntun á sviði kennslutækni og námsefnisgerðar. Hann stjórnar daglegri starfsemi gagnasmiðjunnar og hefur frumkvæði um nýmæli og þróunarstarf á þessu sviði.

Ráða skal tækjavörð til að hafa umsjón með tæknibúnaði gagnasmiðju, tölvuvers svo og öðrum kennslutækjum skólans. Hann skal einnig veita nemendum og starfsfólki ráðgjöf og leiðsögn á þessu sviði. Heimilt er rektor að ráða starfsfólk til afgreiðslu í gagnasmiðju, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Skólaráð setur forstöðumanni gagnasmiðju erindisbréf. Heimilt er skólaráði að setja nánari reglur um starfsemi gagnasmiðjunnar.

XII. KAFLI**Námsráðgjöf.**

51. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal veita kennaraefnum ráðgjöf um námsval og persónuleg málefni er snerta nám þeirra ásamt leiðbeiningum um vinnubrögð og námsáætlanir. Einnig skal veita kennaraefnum og starfandi kennurum, eftir því sem aðstæður leyfa, upplýsingar um viðbótar- og framhaldsmenntun við innlandar og erlendar menntastofnanir.

Námsráðgjafi annast leiðsögn þessa og skal hann hafa fullgilt háskólapróf og sérmenntun á sviði námsráðgjafar. Námsráðgjafi annast einnig kynningu á því námi sem hægt er að stunda við Kennaraháskólann. Skólaráði er heimilt að skilgreina hluta af starfi námsráðgjafa sem rannsóknarvinnu er tengist sérsviði hans.

Skólaráð setur námsráðgjafa erindisbréf. Heimilt er skólaráði að setja nánari reglur um námsráðgjöf við skólann.

XIII. KAFLI

Húsvarsla.

52. gr.

Húsvarsla við Kennaraháskóla Íslands er meðal annars fólgin í umsjón með húsum skólans, lóð, húsmunum, ræstingu og dyravörslu. Húsvörslu heyrir einnig til að hiti, ljós, loftræsting og brunavarnir í húsum skólans séu fullnægjandi og í samræmi við gildandi reglur.

Húsvörður skólans sér um verkefni þessi. Hann ber ábyrð á að húsnæði skólans sé í viðunandi ástandi svo að kennsla, próf og önnur starfsemi skólans geti farið fram á sem eðlilegastan hátt. Hann skal í samráði við fjármálastjóra ráða starfsmenn til að annast viðhald og skyld verkefni. Húsvörður sér um að ráða starfsfólk til að sinna ræstingu við skólann.

Heimilt er að ráða fleiri en einn húsvörð til starfa við skólann.

Skólaráð setur húsverði erindisbréf. Heimilt er skólaráði að setja nánari reglur um húsvörslu við skólann.

XIV. KAFLI

Æfingaskóli.

53. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal starfa æfinga- og tilraunaskóli sem jafnframt er heildstæður grunnskóli fyrir tiltekið hverfi Reykjavíkurborgar. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytis að starfrækja forskóladeildir við skólann. Skólinn nefnist Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands.

54. gr.

Hlutverk Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands er þríþætt. Hann er miðstöð æfingakennslu og annarra starfa kennaranema á vettvangi og þróunarstofnun á grunnskólastigi jafnframt því að vera hverfissskóli í Reykjavíkurborg.

55. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra ræður skólastjóra, kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans.

Stjórn skólans er falin skólastjórn og skólastjóra. Skólastjóri vinnur að stefnumótun í málefnum skólans og hefur almennt eftirlit með starfsemi hans í umboði rektors Kennaraháskólans.

Í skólastjórn eiga sæti: Skólastjóri, rektor Kennaraháskólans eða staðgengill hans, fræðslustjórinn í Reykjavík eða fulltrúi hans, þriggja manna kennararáð, kosið til tveggja ára í senn, einn fulltrúi kosinn af skólaráði Kennaraháskólans til tveggja ára og einn fulltrúi foreldra kosinn til tveggja ára. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Skólastjóri boðar til funda og stjórnar þeim. Skólastjóri efnir til almennra starfsmannafunda eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að kynna og ræða stefnumótun skólans og starfsemi. Um kennarafundi fer eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

Skólastjóri skal ráðinn til fimm ára í senn að undangenginni auglýsingu og að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans. Heimilt er að fram- lengja ráðningu skólastjóra annað tímabil án lotuskila og án undangenginnar auglýsingar. Skólastjóri skal hafa aflað sér framhaldsmenntunar á sviði uppeldis- og skólamála og hafa til að bera staðgóða þekkingu á menntamálum. Gera skal til hans sambærilegar kröfur og til lektors við Kennaraháskóla Íslands. Stjórn Æfingaskólans skipar þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um stöðu skólastjóra. Skal einn nefndarmanna vera tilnefndur af skólaráði Kennaraháskólans.

Við skólann skulu starfa tveir yfirkennarar og eru þeir skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórnun. Yfirkennarar skulu ráðnir til fimm ára úr hópi fastra æfingakennara skólans. Skólastjóri gerir tillögur til skólastjórnar um ráðningu yfirkennara. Í umboði skólastjórnar semur skólastjóri starfslýsingar fyrir yfirkennara þar sem fram koma meginverkefni þeirra og verkaskipting.

56. gr.

Stofnkostnaður Æfingaskólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir $\frac{1}{3}$ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur $\frac{2}{3}$ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Ríkissjóður greiðir laun fastra starfsmanna, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara og kostnað vegna tilrauna- og þróunarstarfs.
2. Allur annar rekstrarkostnaður, en talinn er hér að framan, skiptist þannig með aðilum að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkur.

57. gr.

Við Æfingaskólann starfa fastráðnir æfingakennarar, svo margir að þeir fullnægi sem næst kennaraþörf skólans.

Auk fullgilds kennaraprófs skulu æfingakennarar hafa sýnt fram á hæfni sína til kennslu, aflað sér a.m.k. eins árs framhaldsmenntunar eða starfað að verkefnum á sviði kennslu og skólastarfs sem meta má jafngilt slíku framhaldsnámi.

Stjórn Æfingaskólans skipar þriggja manna nefnd sem meta skal hæfni umsækjenda um stöðu æfingakennara. Skal einn nefndarmanna vera tilnefndur af skólaráði Kennaraháskólans.

Til æfingakennara við aðra skóla en Æfingaskólann skulu gerðar sömu kröfur um hæfni enda njóti þeir sambærilegra kjara.

Heimilt er að fastráðnir æfingakennarar starfi við aðra skóla en Æfingaskólann. Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru einnig heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.

58. gr.

Æfingakennarar sinna kennslu við Æfingaskólann og Kennaraháskólann samkvæmt nánari ákvörðunum skólastjóra Æfingaskólans og kennslustjóra Kennaraháskólans. Þeir annast einnig sérverkefni á sviði æfingakennslu ásamt því að sinna nýbreytni- og þróunarstörfum.

Nánar skal kveðið á um hvert þessara verksviða í erindisbréfi æfingakennara, kennslu- skrá Kennaraháskólans og í áætlun Æfingaskólans um nýbreytni- og þróunarstörf. Hlutur hvers verksviðs í heildarstarfi æfingakennara skal ákveðinn af stjórn skólans í samráði við hlutaðeigandi kennara.

Æfingakennarar skulu ráðnir til fimm ára í senn. Í upphafi skal þó aðeins gerður ráðningarsamningur til eins árs.

59. gr.

Skólastjórn ræður æfingastjóra til þriggja ára úr hópi fastráðinna æfingakennara að fengnum tillögum skólastjóra. Hann má endurráða einu sinni án lotuskila. Æfingastjóri annast skipulagningu æfingakennslu og annarra starfa kennaranema á vettvangi í samráði við kennslustjóra Kennaraháskólans og undir yfirstjórn skólastjóra Æfingaskólans. Heimilt er, ef henta þykir, að fela fleiri en einum æfingakennara störf æfingastjóra.

Semja skal lýsingu um starfsvið æfingastjóra er kveði meðal annars á um tengsl hans við yfirstjórn Kennaraháskólans og einstakar deildir hans. Umsjón með samningu á erindisbréfi æfingastjóra er í höndum skólastjóra Æfingaskólans og kennslustjóra Kennaraháskólans.

60. gr.

Menntamálaráðuneytið felur skólum, að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu og annarra starfa á vettvangi. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þetta verkefni.

Um þóknun fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

61. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, í samráði við hlutadeigandi fræðslustjóra, að fela tilteknum skólum að vera miðstöð æfingakennslu og þróunarstarfa á vegum Kennaraháskólans í fræðsluumdæmum.

Pegar samstarfi við aðra skóla er komið á fót, skulu Kennaraháskólinn og viðkomandi skóli gera með sér sérstakan samning. Samning þennan skal gera í samráði við fræðslustjóra.

Í samningi þessum skal meðal annars kveða á um eftirfarandi atriði: Gildistíma, verksvið, skilgreiningu á verkefnum, tengsl við Æfingaskólann, tengsl viðkomandi skóla við aðra skóla í fræðsluumdæminu, starfsskilyrði kennara, ráðningarform, greiðslur og hvernig meta skuli árangur samstarfsins.

62. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 43. gr. laga nr. 29/1988 um Kennaraháskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1.

Þar til 13. og 14. gr. laga nr. 29/1988 hafa komið til framkvæmda, sbr. ákv. til bráðabirgða í þeim lögum, og sett hafa verið reglugerðarákvæði um námsgreinar í almennu kennaranámi og skiptingu þeirra í svið, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna og ákvæði til bráðabirgða, gilda um þau efni ákvæði kennsluskrár sem skólaráð gefur út ár hvert.

2.

Kjöri fulltrúa úr hópi prófessora, dósentna og lektora í skólaráð skal hagað þannig þegar kosið er í fyrsta sinn samkvæmt gildandi lögum, að þrír fulltrúar skulu kjörnir til þriggja ára, tveir til tveggja ára og tveir til eins árs. Hlutkesti ræður hvaða fulltrúar eru kjörnir til þriggja, tveggja eða eins árs. Sama gegnir um kjör varamanna.

Kjöri fulltrúa Æfingaskólans skal haga þannig þegar kosið er í skólaráð í fyrsta sinn samkvæmt gildandi lögum, að annar fulltrúinn skal kjörinn til þriggja ára en hinn til eins árs. Hlutkesti ræður hvor fulltrúi er kjörinn til þriggja ára og hvor til eins árs. Sama gegnir um kjör varamanna.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins.

I. Skráningargjald.

Skráningargjald er tekið af öllum rafföngum, sem sótt er um samþykkt á eða notkunarleyfi fyrir, og skráð eru hjá Rafmagnseftirliti ríkisins (RER) Gjald þetta greiðist fyrirfram, skv heimild í reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971, með síðari breytingum, sbr. gr. 1.6.4 og 1.6.5, útg. af iðnaðarráðuneytinu 28. mars 1990.

Upphæð þess er sem hér segir (án VSK):

	Taxti	Gjald kr.
Skráningargjald	4	4 000

II. Markaðseftirlitsgjald.

Markaðseftirlitsgjald leggst aðeins á prófunarskyld rafföng, sem boðin eru til sölu eða dreift án heimildar RER. Gjaldið er jafnt fullu prófunargjaldi, þó aldrei lægra en að neðan greinir.

	Taxti	Gjald kr.
Markaðseftirlitsgjald (lágmark, án VSK) . . .	20	20 000

III. Prófunargjald.

Skráin gildir fyrir fullnaðarprófun til innlendrar viðurkenningar. Gjöld í kr. (án VSK) eru fundin með því að margfalda taxa, sem gefinn er upp í stigum frá 1 til 98, með verðstuðli.

Verðstuðull er 1 000 kr/stig.

Í prófunargjaldskrá er rafföngum skipað í flokka samkvæmt því flokkunarkerfi, sem notað er af RER í *skrá yfir viðurkennd rafföng*.

Aðalflokkar eru þessir:

1. Raflagnabúnaður
2. Heimilistæki, áhöld, verkfæri o.þ.h.
3. Lýsingarbúnaður
4. Rafeindabúnaður, spennar, hleðslutæki og fleira
5. Lækninga- og heilsuræktartæki

Þessir flokkar skiptast aftur í undirflokk. Fyrir utan flokksnúmerið, sem er þrjú stafir, hefur hvert raffang tveggja stafa gjaldskrárnúmer. Númeri hvers raffangs samsvarar því ákveðinn prófunartaxti, 1 – 98 stig.

Skráin nær yfir öll algengari heiti raffanga.

Komi fyrir heiti, sem ekki finnst í skránni fær raffangið taxtanúmerið 99, sem þýðir, að beita skuli tímataxta við útreikning á prófunargjaldi.

Tímataxti (án VSK) er 2 000 kr/tíma.

1. Raflagnabúnaður.

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 1.00		Handvirkir rofar fyrir húslagnir o.þ.h. =/< 32A		
	04	Festigrind		5
	05	Handvirkur rofi		10
	06	Handvirkur rofi	(>IP20)	15
	01	Hnappur		5
	11	Höfuðrofi	(>32A, =/<63A)	15
	12	Höfuðrofi	(>32A, =/<63A, >IP20)	20
	02	Lok		5
	03	Lokrammi		5
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.01		Tækja- og hreyfilrofar		
	03	Aflstýrir	(m. þýristorum o.þ.h.)	15
	02	Handvirkur rofi		10
	07	Handvirkur rofi	(>IP20)	15
	10	Hjálpareining f. segulr.	(>I, >U, <U, >>I, >ð)	10
	01	Hjálparsnertueining	(f. segulrofa)	10
	05	Hraðastillir	(spennir m. skiptirofa o.þ.h.)	20
	09	Hraðastillir	(spennir m. skiptirofa; >IP20)	25
	06	Hreyfilvarnarrofi	(>I, >>I)	25
	08	Hreyfilrofi	(>I, >>I, >IP20)	30
	04	Segulrofi	(grunneining)	15
	10	Segulrofi	(grunneining, >IP20)	20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.02		Sjálfvirkir stýrirofar, stýribúnaður o.þ.h.		
	08	Aflstýribúnaður	(fjölrása, f. ljós o.þ.h.)	40
	01	Dimmir	(f. ljós)	20
	03	Hitaliði		20
	04	Klukkurofi		20
	06	Ljósliði		20
	07	Rakaliði		20
	05	Tímalíði		20
	10	Undirspennuliði		30
	12	Yfirhitavar		15
	09	Yfirspennuliði		20
	11	Yfirstraumliði		20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.10		Tenglabúnaður		
	06	Aðtaug	(m. kló, án tengils)	7
	08	Fjöltengill		5
	09	Fjöltengill m. rofa		10
	14	Iðnaðarkló		10
	15	Iðnaðartengill		10
	02	Kló		5
	12	Kló	(>IP20)	10
	07	Lausataug	(m. kló og tengli)	10
	10	Taugarrúlla		20
	03	Taugartengill		5
	13	Taugartengill	(>IP20)	10
	01	Tengill		5
	11	Tengill	(>IP20)	10
	05	Tengill m. rofa		10
	04	Tækjakló		5
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 1.20		Vör og varbúnaður		
	05	Bræðivar		5
	01	Búnaður f. bræðivar	(Varhús, varhalda)	5
	04	Lekastraumsrofi		40
	03	Sjálftar		30
	02	Varrofi		10
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.21		Skápar, kassar, töflur, dósir, rennur o.þ.h.		
	05	Dós		7
	03	Festigrind		5
	08	Greinikassi		10
	11	Greinikassi	(>IP20)	15
	01	Hlíf		5
	13	Inntakskassi		10
	02	Lok		5
	07	Mælakassi		10
	10	Mælakassi	(>IP20)	15
	04	Nippill		5
	06	Strengrenna		8
	09	Töfluskápur		15
	12	Töfluskápur	(>IP20)	20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.30		Tengibúnaður og greinikerfi		
	02	Raðtengi		5
	13	Rennu- og stökkakerfi		20
	04	Safnskinna		5
	12	Straumteinarennna		10
	05	Strengskór		5
	01	Tengi		5
	07	Tengibraut		10
	10	Tengibrautakerfi	(með búnaði)	40
	06	Tengibúnaður		10
	03	Tengihólkur		5
	11	Tenglakassi		20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.31		Pípur ásamt fylgibúnaði		
	03	Beygja		5
	04	Hné		5
	01	Hólkur		5
	07	Málbarki		10
	08	Málbarki	(m. plasthúð)	10
	06	Plastbarki		10
	05	Pípa		10
	02	Stútur		5
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.40		Einangraðar taugar og strengir		
	06	Hítastrengur		25
	02	Ídráttartaug		10
	01	Ítaug		10
	03	Lausataug		20
	04	Plaststrengur		30
	07	Rafsuðustrengur		20
	05	Stýristrengur		30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 1.41		Einangrunarefni		
	01	Ádrag		25
	02	Einangrunarband		25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 1.90		Annað		
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

2. Heimilistæki, áhöld, verkfæri o.þ.h.

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 2.00		Suðu- og steikingartæki og önnur hitatæki til matseldar		
	19	Brauðgerðartæki		45
	01	Brauðrist		25
	27	Brauðrist	(m. grilli)	30
	02	Bökunarofn		35
	03	Djúpsteikingarpottur		40
	04	Eggjasuðutæki		25
	05	Eldavél	(m. samb. ofni)	50
	06	Glóðarsteikarofn		35
	07	Gufusuðupottur		35
	08	Helluborð		30
	09	Hítatæki	(án suðu)	20
	10	Hraðsuðutæki	(pottur, kannu, ketill > 1 kW)	25
	12	Jógúrtgerðartæki		25
	13	Kaffivél	(fyrir heimili)	30
	25	Kaffivél	(fyrir veitingastað)	40
	24	Pelahitari		25
	14	Poppkornstæki		30
	15	Steikarofn		35
	16	Steikarpanna		20
	17	Suðuhella		25
	26	Suðutæki	(pottur, kannu, ketill < 1 kW)	20
	20	Vöflujárn		20
	11	Ídýfuhitari		20
	23	Örbylgju- og steikarofn		70
	21	Örbylgjuofn		50
	22	Örbylgjuofn m. grilli		60
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.01		Tæki til þurrkunar, hitunar, afísunar, brennslu o.þ.h.		
	01	Fótvermir		25
	02	Handþurrka		25
	03	Hitablásari		25
	04	Hitapúði		30
	06	Hitari f. vatnsrúm		30
	05	Hitateppi		30
	09	Þurrktæki	(hilla, grind, o.þ.h.)	30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.02		Kæli- og frystitæki		
	05	Frystikista		30
	04	Frystiskápur		30
	03	Kæli- og frystiskápur		30
	02	Kælikista		20
	01	Kæliskápur		20
	06	Ísvél		30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 2.03		Ýmis stroktæki og pressur		
	01	Buxnapressa		25
	03	Gufustrokkjárn		25
	02	Strokkjárn		25
	04	Strokkvél		40
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.04		Hitarar í farartæki		
	01	Hreyfilhitari		30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.05		Staðbundin vökvahitunartæki		
	01	Fjölbrennsluketill		45
	02	Gegnumstreymishitari		45
	06	Hitald		20
	03	Miðstöðvarketill		45
	04	Neysluvatnsgeymir		45
	05	Stjórnbúnaður		20
	08	Varmadæla		60
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.06		Búnaður til herbergishitunar		
	01	Blástursofn		45
	02	Geislaofn		45
	04	Hitablásari		50
	05	Ofn	(olíufylltur)	45
	03	Pílofn		45
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.20		Hreyfilknúin verkfæri		
	01	Bandsög		20
	02	Beltaslípivél		20
	03	Bindivél		20
	06	Borvél		20
	07	Brýni		20
	08	Grópari		20
	09	Hamar		20
	10	Hefill		20
	11	Heftibyssa		20
	12	Hjólsög		20
	17	Hreyfill	(fyrir verkfæri)	20
	13	Hverfisteinn		20
	14	Höggborvél		20
	15	Keðjusög		20
	04	Klippur		20
	16	Leturgrefill		20
	18	Loftpressa		20
	19	Málningarsprauta		20
	05	Nagari		20
	20	Pappírstætari		20
	21	Skrúfvél		20
	22	Slípípúði		20
	23	Slípivél		20
	24	Stingsög		20
	25	Vinkilslípivél		20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 2.21		Hreyfilknúin eldhústæki		
	04	Dósaopnari		20
	02	Ávaxtapressa		20
	06	Hakkavél		20
	03	Hnífabrýni		20
	01	Hnífur	(f. brauð, álegg o.þ.h.)	20
	07	Hrærivél		20
	08	Kartöfluflysjari		20
	05	Kvörn	(f. kaffi, grænmeti o.þ.h.)	20
	09	Rifjárn	(f. ost, grænmeti o.þ.h.)	20
	10	Sorpkvörn		40
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.22		Saumavélar, prjónavélar o.þ.h.		
	02	Prjónavél		30
	01	Saumavél		30
	03	Spólurokkur		20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.23		Búnaður til að opna og loka dyrum, gluggum o.þ.h.		
	01	Bílskúrshurðarlyfta		30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.40		Þvotta- og þurrktæki		
	01	Tauþurrkari		50
	02	Uppþvottavél		70
	03	Þeytivinda		60
	04	Þvottavél		70
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.41		Tæki til hreingerninga		
	03	Bursti f. ryksugu		20
	01	Ryksuga		40
	04	Téppahreinsivél		60
	02	Vatns- og ryksuga		50
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.42		Tæki til snyrtingar og fegrunar		
	01	Andlitsbað		25
	04	Hárliðunartæki		20
	03	Hárþurrka	(blásari, hjálmur)	25
	05	Rakvél		25
	06	Tannbursti		25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.43		Rafhituð verkfæri		
	01	Bindivél	(f. plastbönd o.þ.h.)	20
	02	Bókbandsvél		20
	03	Hítabyssa		20
	07	Lokunarvél	(f. plastpoka)	20
	04	Límbyssa		20
	05	Lóðbolti		20
	06	Lóðbyssa		20
	09	Merkivél		20
	08	Plastskeri		20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 2.44		Landbúnaðar- og garðræktartæki		
	01	Aflfunartæki		30
	02	Fjárklippur		30
	03	Grasklippur		30
	04	Grísavermir		30
	07	Höggspennugjafi	(f. rafgirðingu)	50
	05	Limgerðisklippur		30
	06	Sláttuvél		30
	08	Útungunarvél		30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.45		Tæki til loftræstingar og loftbætingar		
	03	Hraðastýring f. viftu		15
	04	Lofthreinsari	(í eldhús)	35
	05	Rakataeki		25
	06	Skordýraeyðir		25
	01	Vifta		15
	02	Vifta m. hraðastýringu		30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.46		Baðstofu- og hreinsitæki, vatnsdælar o.þ.h.		
	02	Gufubaðsofn		50
	03	Háprýstidæla		25
	04	Rafmagnssalerni		45
	01	Vatnsdæla	(sundlaugar- kaf- o.þ.h.)	25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.47		Kynditæki fyrir eldsneyti		
	01	Kveikispennir	(f. olíukynditæki)	25
	02	Öryggisliði	(f. olíukynditæki)	30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.48		Tæki fyrir fiskabúr		
	02	Flúrpípulampi	(f. fiskabúr)	20
	03	Hreinsidæla	(f. fiskabúr)	20
	01	Loftdæla	(f. fiskabúr)	20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 2.90		Annað		
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

3. Lýsingarbúnaður.

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 3.00		Venjulegir glóperulampar		
	11	Glóperulampi	(sjálfst. eða utanál. >IP20)	10
	01	Glóperulampi	(sjálfst. eða utanálggjandi)	7
	12	Glóperulampi	(til innbyggingar >IP20)	13
	02	Glóperulampi	(til innbyggingar)	10
	09	Ljósastari	(sjálfst. eða utanál. >IP20)	10
	08	Ljósastari	(sjálfst. eða utanálggjandi)	7
	04	Ljósastari	(til innbyggingar)	10
	10	Ljósastari	(til innbyggingar, >IP20)	15
	06	Smáspennulampi		5
	07	Smáspennulampi	(með innbyggðum spennu)	10
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 3.01		Glóperulampar til sérstakra nota		
	01	Aðventulampi		7
	02	Garðlampi		10
	03	Gróðurlýsingarlampi		10
	05	Handlampi	(>IP20)	15
	06	Jólaskreytilampi		7
	07	Leslampi		7
	08	Leslampi	(m. innb. spenn)	10
	09	Ljósakeðja		7
	10	Ljósakeðja	(>IP20)	12
	12	Merkilampi		7
	11	Merkilampi	(>IP20)	12
	13	Skreytilampi		7
	14	Vasaljós		10
	15	Vinnulampi		7
	16	Vinnulampi	(>IP20)	12
	17	Útilampi		12
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 3.10		Venjulegir flúrpípulampar		
	01	Flúrpípulampi		10
	02	Flúrpípulampi	(>IP20)	13
	04	Flúrpípulampi	(til innbyggingar >IP20)	20
	03	Flúrpípulampi	(til innbyggingar)	15
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 3.11		Flúrpípulampar til sérstakra nota		
	05	Flúrpípulampi	(til neyðarlýsingar)	20
	06	Flúrpípulampi	(til neyðarlýsingar, <IP20)	25
	04	Handlampi		10
	03	Handlampi	(>IP20)	15
	01	Ljósaskilti		10
	02	Ljósaskilti	(>IP20)	15
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 3.20		Venjulegir úrhleðslulampar		
	04	Kvikasilfurslampi		10
	03	Kvikasilfurslampi	(>IP20)	15
	01	Natriumlampi		10
	02	Natriumlampi	(>IP20)	15
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 3.21		Úrhleðslulampar til sérstakra nota		
	01	Gróðurhúsalampi		10
	02	Gróðurhúsalampi	(>IP20)	15
	04	Neonljósaskilti		10
	03	Neonljósaskilti	(>IP20)	15
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 3.50		Höldur fyrir glóperur, ljóspípur og flúrpípuræsa		
	01	Flúrpípuhalda		7
	02	Glópihuhalda		7
	03	Merkilampahalda		7
	04	Peruhalda		7
	05	Ræsihalda		7
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 3.51		Straumfestur, spanspólur og annar sérstakur búnaður		
	01	Ræsir		10
	02	Straumfesta		20
	03	Straumfesta	(rafeind)	25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

4. Rafeindabúnaður, spennar, hleðslutæki og fleira.

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 4.00		Rafeindatæki		
	01	Kalltæki		25
	03	Myndriti	(Telefax)	60
	02	Mótald		25
	04	Símstöð		50
	05	Símsvari		35
	06	Viðtæki	(f. gervihnattasendingar)	35
	08	Vog	(rafeind >IP20)	50
	07	Vog	(rafeind)	45
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.01		Klukkan		
	01	Klukkan	(rafeind)	10
	02	Klukkan	(rafeind, m.útv. og/eða síma)	25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.02		Merkjabúnaður		
	01	Viðvörðunarkerfi	(f. eld, vatn, þjófa o.þ.h.)	40
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.04		Búnaður til ljósmyndunar og framköllunar		
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.05		Þéttar		
	01	Þéttir		20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.06		Loftnet og loftnetsbúnaður		
	01	Inniloftnet		5
	02	Loftnetsmagnari		25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.50		Spennar		
	02	Einangrunarspennir		25
	01	Einvaðsspennir		25
	04	Ljósaspennir	(til innbyggingar í lampna)	25
	03	Rafsuðuspennir		30
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.51		Öryggisspennar (tvöf. einangrun, útspena < 50V)		
	01	Þjölluspennir		25
	04	Fjölnotaspennir		25
	05	Ljósaspennir	(laustengdur)	25
	03	Spennir	(f.sérstök tæki)	25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 4.53		Straumgjafar, hleðslutæki, af- og áriðlar o.þ.h.		
	03	Hleðslutæki		30
	04	Spennir, rafeindur		30
	02	Straumgjafi	(fjölnota)	30
	01	Straumgjafi	(sérhæfður)	20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 4.90		Annað		
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

5. Lækninga- og heilsuræktartæki.

	Nr.	Raffangsheiti	Skýringar	Prófunartaxti
Flokkur 5.00		Tæki til lækninga og heilsuræktar		
	08	Háfjallasól		20
	01	Ljósabekkur		30
	03	Ljósabekkur m. hjálmi		50
	02	Ljósahjálmur		30
	05	Nuddtæki	(f. vatnsnudd)	30
	06	Nuddtæki	(m. hátíðnihljóði/-rafstraumi)	30
	04	Nuddtæki	(titrari)	20
	07	Þrekæfingahjól		25
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 5.10		Tannlækningatæki		
	01	Amalgamhristari		30
	02	Fjöllidunartæki		30
	05	Hreinsitæki	(m. hátíðnihljóði)	30
	04	Lofþjappa		20
	03	Sogdæla		20
	06	Tannbor		40
	07	Tannlækningalampi		20
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99
Flokkur 5.90		Annað		
	99	þetta er nýtt heiti	(Tímataxti)	99

IV. Ákvörðun afsláttar.

Af prófunargjaldi, en upphæð þess miðast við fullnaðarprófun til innlendrar samþykktar eða synjunar, reiknast afsláttur í samræmi við umfang þeirrar prófunar, sem nauðsynleg reynist til að raffangið hljóti afgreiðslu prófunarnefndar.

Prófunarnefnd merkir skýrslur með viðeigandi *afsláttarlykli* (bókstaf og tölu).

Fyrst er athugað, hvort skýrslan fellur undir flokka A eða B, þar sem afsláttur er fyrirfram ákveðinn í hverju tilviki.

Sé svo ekki, er komið að flokki C, þar sem afsláttur er ákveðinn sérstaklega hverju sinni.

Sé tímataxti notaður, er ekki um afslátt að ræða. Þá er skýrsla merkt með T og tölu, er tilgreinir fjölda vinnustunda.

Ákvörðun afsláttar.

Lykill	Umfang prófunar	Afsláttur
A. Með vottorðum.		
A1	CCA- eða CB- vottorð ásamt prófunarskýrslu eða vottorð um prófun skv. norrænu samkomulagi fylgja umsókn. Sýnishorn og samsvörunarvottorð skv. gildandi reglum fyrir hendi í báðum tilvikum	100%
A2	Vottorð án skilyrða frá viðurkenndri prófunarstöð fylgja umsókn. Skýrt kemur fram, að prófað er skv. stöðlum, sem RER viðurkennir. (IEC, CLC, norrænir staðlar og reglur). Sýnishorn og samsvörunarvottorð fylgja	95%
A3	Viðurkennt vottorð með skilyrði, sem krefst skoðunar á sýnishorni, fylgir umsókn	90%
A4	Vottorð sem krefst viðbótarprófana, 1–3 atriði, fylgir umsókn	80%
A5	Vottorð sem krefst viðbótarprófana, 4–10 atriði eða CCA- / CB- vottorð án prófunarskýrslu fylgja umsókn	70%
B. Án vottorða.		
B1	Tæki skráð samþykkt í lista DEMKO, NEMKO, SEMKO eða VDE-P. Viðbótarprófun 1–3 atriði	20%
B2	Sama og B1, nema viðbótarprófun 4–10 atriði	10%
B3	Fullkomin prófun til innlestrar samþykktar eða synjunar. Teikningar og aðrar tæknilegar upplýsingar, sem raffangaprófun (RP) óskar eftir, fylgja umsókn eða eru fyrir hendi hjá umsækjanda	10%
B4	Fullkomin prófun til innlestrar samþykktar eða synjunar. Teikningar og/eða tæknilegar upplýsingar vantar	0%
C. Afsláttur ákveðinn sérstaklega.		
C0-C100	–Ef fella má niður hluta fullkominnar prófunar, vegna áður gerðra prófana hjá RP –Um er að ræða synjun eða notkunarleyfi, byggt á takmarkaðri prófun –Breyting afsláttar af sérstökum ástæðum, að mati prófunarnefndar	0 – 100%

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkv. 4. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 60/19879 um Rafmagnseftirlit ríkisins, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur
fatlaðra nr. 605/1989, sbr. rgl. nr. 268/1990.**

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1990“ í ákvæði til bráðabirgða II., komi „28. febrúar 1991“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Margrét Margeisdóttir.

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, skal greiða fast gjald 3 300 kr. fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1991.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við úthlutað aflamark af einstökum tegundum metið til þorskgilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 40 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 1.000 kr.

4. gr.

Fyrir almennt leyfi til veiða með dragnót, leyfi til sérveiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 5 000 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.21, ufsi 0.57, karfi 0.52, grálúða 0.77, skarkoli 0.94, rækja 1.00, humar 14.43, hörpudiskur 0.50, síld 0.19 og loðna 0.07.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda. Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þó veiðiheimildir séu ekki nýttar. Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til rekstur veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 638/1989.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.

1. gr.

	Kr.
Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	
a) Umsóknargjald	8 000
b) Fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 greiðist eftir 1. júlí 1991	1 500
c) Fyrir rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923 sem sett er fram fyrir 1. júlí 1991	15 000
d) Fyrir rannsókn skv. c)-lið sem sett er fram eftir 1. júlí 1991	20 000
e) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A ₄)	950
f) Fyrir hverja síðu umfram 20, sbr. e)-lið	40
g) Forgangsréttarskjal	1 800

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta uppfinningamann, einkaleyfshafa eða umboðsmann	1 300
b) Afrit af veittu einkaleyfi (lýsing, kröfur og teikningar allt að 20 síður A ₄)	1 800
c) Fyrir hverja síðu þar umfram 20, sbr. b)-lið	40
d) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	950
e) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi allt að 20 síður A ₄	1 800
f) Fyrir hverja síðu umfram 20, sbr. e)-lið	40

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36

15. maí 1984 28 000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	14 000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	48 000
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	96 000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 607, 15. desember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o.fl.

1. gr.

	Kr.
Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	
a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	8 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 800
c) Ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki eftir 1. júlí 1991	1 000

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	
a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	8 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 800

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	
a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	12 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 800

4. gr.

Önnur gjöld eru:	
a) Innritun í vörumerkjaskrá	1 300
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	950
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til	950
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969	1 300

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 28 000
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar.
Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.
Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 608, 15. desember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Hafnarfjarðar.****I. RAFORKA.**

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

A. Lýsing.

A1.	Götu- og útilýsing	Af uppsettu afli.
	Aflgjald	14 738,00 (18 349) kr/kWa
	Viðhaldsgjald	18 370,00 (22 871) kr/kWa
	Gjald samtals	33 108,00 (41 220) kr/kWa

Auk afsls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.

Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

A2.	Fast gjald	5,12 (6,37) kr/kWh
	Séu lampar ófasviksjafnaðir, sjá lið 2.4 og 3.5.	2 115,00 (2 633,00) kr/a

Heimilt er að sammæla notkun eftir taxta A2 og C1.

B. Heimilisnotkun.

B1.	Til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana	5,12 (6,37) kr/kWh
	Fast gjald	1 982,00 (2 468,00) kr/a

C. Vélar.

C1.	Til véla	5,12 (6,37) kr/kWh
	og fast gjald	2 115,00 (2 633) kr/a,
C2.	fast gjald	1,97 (2,45) kr/kWh
	og	36 312,00 (45 208) kr/a
	til véla og fyrir iðnaðarhita. Aflgjald greiðist eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afsls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.	6 387,00 (7 952,00) kr/kWa

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína eftir þessum taxta.

C3.	Fast gjald	6,56 (8,17) kr/kWh
	til vinnuvéla, vinnuljosa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.	4 229,00 (5 265,00) kr/a

D. Hitun.

D1.	Órofin hitun:	Orkugjald	4,87 (6,06) kr/kWh
		Fast gjald	9 067,00 (11 288) kr/a
D3.	Hitun m/rofi:	Orkugjald	2,29 (2,85) kr/kWh
		Fast gjald	6 034,00 (7 512) kr/a

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D5. Næturhiti m/rofi: Orkugjald	1,55	(1,93) kr/kWh
Fast gjald	6 034,00	(7 512) kr/a

Rjúfa má straum í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00–24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxta D3.

Orkugjald	2,47	(3,08) kr/kWh
Fast gjald	6 034,00	(7 512) kr/a

D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxta D3.

Orkugjald	3,78	(4,71) kr/kWh
Fast gjald	6 034,00	(7 512) kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
- Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
- Að raforka sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breytir henni í hitaorku.
- Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar Rafmagns-
eftirlits ríkisins um raforkuvirki sbr. gr. nr. 1.1.1.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmaðælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða loft-hitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B, eða C, eftir því sem við á.

F. Önnur notkun.

- F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á lið A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- F2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

	kr/mánuði	
G1. Af einfasa mælum	53,18	(66,21)
G2. Af þrífasa mælum til og með 80A	130,90	(163,00)
G3. Af þrífasa mælum yfir 80A	192,50	(239,70)
G4. Af mestu mælum	481,00	(598,80)
G5. Móttökuliði	104,20	(129,70)
G6. Ársleiga fyrir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.		

Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum A, B, C og D.

H. Fast gjald.

III. Fast gjald greiðist af hverri sérmældri raforkusölu.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Heimtaugargjald skal greiða fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.

2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.3 *Aðalheimtaug.*

Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarð- strengs heimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3×63A kr.
220 V kerfi:			
63 A 1-fasa	39 800,00 (49 551)	12 000,00 (14 940)	
63 A 3-fasa	42 770,00 (53 249)	14 960,00 (18 625)	7 820,00 (9 736)
100 A 3-fasa	58 560,00 (72 907)	18 780,00 (23 381)	
200 A 3-fasa	101 700,00 (126 617)		
300 A 3-fasa	144 870,00 (180 363)		
380 V kerfi:			
63 A 1-fasa	39 800,00 (49 551)	12 000,00 (14 940)	
63 A 3-fasa	43 120,00 (53 684)	14 960,00 (18 625)	15 140,00 (18 849)
100 A 3-fasa	67 240,00 (83 714)	32 800,00 (40 836)	
200 A 3-fasa	136 300,00 (169 694)		
300 A 3-fasa	205 300,00 (255 599)		
400 A 3-fasa	271 900,00 (338 516)		
600 A 3-fasa	408 500,00 (508 583)		
900 A 3-fasa	613 800,00 (764 181)		
1200 A 3-fasa	818 700,00 (1 019 282)		

2.4 Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A heimtaug í 380 V kerfi.

2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 *Bráðabirgðaheimtaugar.*

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald		Loftlína kr/stólpa
		Jarðstrengur kr/m		
63 A 1-fasa	8 740,00 (10 881)	1 230,00 (1 531)		15 760,00 (2 062)
63 A 3-fasa	11 530,00 (14 355)	1 230,00 (1 531)		18 350,00 (22 846)
100 A 3-fasa	12 360,00 (15 388)	1 640,00 (2 042)		20 380,00 (25 996)

- 2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.
- 2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.
- 2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 *Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.*

- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-gjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörð, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingu skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 1 497,00 (1 864,00). Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 3 267,00 (4 067,00).

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.0 Gjaldldagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjaldldaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.
- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 1 260,00 (1 569,00). Ennfremur skal sama gjald tekið, ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 1 260,00 (1 569,00) og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 2 233,00 (2 780,00).
- 3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ½ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
- 3.7 Virðisaukaskattur 24,5% bætist við öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.
- 3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. janúar 1991. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 439, 25. september 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfesta 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja rennslismæla við hvert upphitunarkerfi og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við mælda rúmmetra vatns.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæli, ef þess er óskað.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli | kr. 190,00 |
| b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra | kr. 32,00 |

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til inheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan

15 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánastofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð

0-300 m ³ (innifalið)	kr.	87 655,00
300-1000 m ³	kr/m ³	105,50
1000 m ³ og yfir	kr/m ³	70,10
1 rennismælir á grind	kr.	23 241,00

6. gr.

Gjöld skv. 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en til húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1.100,00 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 497, 10. október 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 18. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Selfossveitur.

I. KAFLI STJÓRN OG REKSTUR.

1. gr.

Skilgreining.

Selfossveitur, skammstafað SV, er fyrirtæki sem Selfoskaupstaður á og starfrækir.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur SV er að annast á orkuveitusvæði sínu öflun, dreifingu og sölu á raf- og hitaorku, svo og aðra starfsemi sem því tengist. SV annast einnig rekstur vatnsveitu samkvæmt gildandi reglugerðum um Vatnsveitu Selfoss.

3. gr.

Veitusvæði og einkaréttur.

Orkuveitusvæði SV er lögsagnarumdæmi Selfoskaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins sem bæjarstjórn ákveður og iðnaðarráðherra samþykkir. SV hafa einkarétt til dreifingar og sölu á raf- og hitaorku á orkuveitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn.

Yfirstjórn SV er í höndum bæjarstjórnar en framkvæmdastjórn þeirra skal falin stjórn veitustofnana ásamt framkvæmdastjóra.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn velur formann en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Geti stjórnarmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn, eða hlutast til um að varamaður verði boðaður.

6. gr.

Ákvörðunartaka.

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

Hlutverk stjórnar er:

- a) að hafa eftirlit með því að skipulag og starfsemi SV sé jafnan í réttu og góðu horfi
- b) að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn
- c) að semja verðskrá fyrir SV og leggja hana fyrir bæjarstjórn
- d) að ákveða framkvæmdir á orkuveitusvæði SV í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga

- e) að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu
- f) að ráða forstöðumenn aðaldeilda og aðra fasta starfsmenn að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Verði ágreiningur um ráðninguna skal henni skotið til úrskurðar bæjarráðs eða bæjarstjórnar skv. ákvæðum bæjarmálasamþykktar
- g) að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir
- h) að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf er á og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

8. gr.

Framkvæmdastjóri.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra SV að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri

- a) annast allan daglegan rekstur og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn setur fram
- b) situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt
- c) gerir tillögur til stjórnar um lausn verkefna skv. 7. gr.
- d) ræður aðra starfsmenn en þá sem taldir eru upp í 6. lið 7. gr.
- e) undirbýr fundi í samráði við formann stjórnar. Hann sér um að boðað sé til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

9. gr.

Reikningshald.

SV skulu hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár SV er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar þeirra fylgja reikningum bæjarfélagsins.

Tekjum SV skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingum þannig að öruggur rekstur SV sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum þeirra. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar.

II. KAFLI

VERÐSKRÁ OG INNHEIMTA.

10. gr.

Verðskrá.

- a) Verðskrá.

Verð á orku/vatni skal ákveða í verðskrá (gjaldskrá). Skal verðskrá við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáiast af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Skal fyrirtækinu þannig vera kleyft með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum að tryggja viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

Viðskiptavinir SV skulu greiða SV orkukaupin samkvæmt gildandi verðskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar verðskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Í verðskrá skal kveðið á um verð fyrir raforku, heitt vatn, heimtaugar/heimæðar, gjalddaga, eindaga og innheimtu þessara gjalda; viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjaldtökunni við.

Verðskrá sem hlotið hefur samþykki bæjarstjórnar skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið, til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

b) Áætlun, álestur og uppgjör.

SV mega grundvallar orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á sannreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal sannreyna eigi sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið á milli álestra.

Sérhverjum viðskiptavinum SV er heimilt að skila inn á skrifstofu SV eigin álestri á því tímabili sem áætlun um orkunotkun er viðhöfð. Skal hann greiða samkvæmt þeim álestri. Viðskiptavinur SV getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við sannreynnda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

c) Reikningar, gjalddagi og vextir.

Reikninga skal senda út reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þeir skulu sendir orkukaupanda á notkunarstað eða á annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.

Inneignarvextir skulu greiddir ef notkun orkukaupanda reynist minni en áætlað var. Skulu þeir greiddir fyrir reikningstímabil sem tilgreint er á reikningi. Vanskilavextir (dráttarvextir) skulu innheimtir vegna skuldar orkukaupanda; skulu þeir reiknaðir frá þeim degi sem tilgreindur er á reikningi

11. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

a) Lokunaraðvör.

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, mega SV stöðva orkuafhendingu til notanda að undangenginni skriflegri aðvörum sem sendist honum með minnst 5 daga fyrirvara.

b) Innheimtuaðgerðir.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila SV sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar orkuafhendingar og vanskil á álestrarreikningum. SV bera ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

c) Greiðsluskylda á lokunartíma.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við SV né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflagjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

SV hafa rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

d) Stöðvun orkuafhendingar.

SV mega stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. SV er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá viðvörum um hana.

e) Opnun lokaðrar veitu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda skal hún að jafnaði ekki opnuð aftur nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

f) Óleyfileg tenging veitu.

Enginn má rjúfa straum né endurtengja veitu nema þeir sem SV hefur veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu mega SV rjúfa fyrirvaralaust.

III. KAFLI HÚSVEITUR OG TENGING ÞEIRRA.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Eigandi/notandi veitu.

Eigandi húsveitu, eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi SV, nefnist húseigandi (veitueigandi). Kaupandi orku, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi. Sjá nánar um ábyrgð húseiganda við notendaskipti í gr. 14,d).

13. gr.

Umsókn um heimtaug/heimæð.

a) Skuldbinding húseiganda

Umsókn um heimtaug/heimæð eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í verðskrá SV og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá SV. SV geta krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

b) Óvenjulegar aðstæður.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-/heimæð-argjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hlíðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

c) Lágmarksgjald.

SV er heimilt að krefjast lágmarksgjalds vegna notkunar um heimtaug/heimæð.

d) Frosin jörð.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar/heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

14. gr.

Mælitæki.

a) Uppsetning mælitækja.

SV setja upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis SV. SV geta krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati framkvæmdastjóra.

b) Notandi.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er skráð fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir SV um það. Um ábyrgð húseiganda, sjá lið d) hér á eftir.

Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

c) Notendaskipti.

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til SV, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.

Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til SV um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) Viðhald.

SV annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) Mælaleiga.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. verðskrá SV á hverjum tíma.

g) Prófun mælitækis.

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja $\pm 5\%$ eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

SV hafa heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.

Ef fram kemur við prófun, sem SV framkvæmir, að mælitækið hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna skal notandi greiða það sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5% of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

SV geta ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) Véfenging á niðurstöðum prófunar.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) Notkun vegna galla á veitu.

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á veitu eða tækjum, er SV ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) Leiðrétting á reikningsfjárhæð.

Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur áskilur SV sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana.

l) Óleyfileg notkun.

Verði uppvíst að rafmagn/heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram skulu SV

áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana eftir gildandi verðskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli – eða varbúnaði þeim sem fyrir veitunni eru.

15. gr.
Innsigli.

a) Innsiglu mælitækja, o.fl.

Starfsmenn SV hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kWh-mæla, straumspenna, magnmæla, hemla o.þ.h. Einnig mega starfsmenn SV innsigla hluta veitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn SV. Önnur innsigli SV mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi SV hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna SV skriflega málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vantí er hann skyldur að tilkynna SV slíkt án tafar.

b) Óleyfilegar tengingar.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með veitunni hefur í för með sér. Framkvæmdastjóri getur látið taka veitu eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

16. gr.
Eftirlit.

a) Aðgangsréttur SV.

Starfsmenn SV eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

1. til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t neyslutæki
2. til athugunar á mælitækjum og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá
3. til álestrar á mælitæki
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum SV.

b) Tengiskilyrði.

Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

IV. KAFLI
HÚSVEITUR OG TENGING ÞEIRRA.

Sérákvæði – rafveita.

17. gr.
Rafverktakaleyfi.

a) Öflun leyfis.

Framkvæmdastjóri eða rafverktakaleyfisnefnd veitir þeim rafverktakaleyfi sem fullnægja skilyrðum og skilmálum rafverktakaleyfisnefndar og gildandi sérskilmálum SV.

b) Heimild til vinnu við raforkuvirki.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða SV, ef þær taka slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur um er að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

c) Upplýsingaskylda.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita SV upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

18. gr.

Úttekt.

a) Úttekt og skoðun.

SV annast úttekt og skoðun á raflögnum skv. reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, svo og skv. beiðni eða að eigin frumkvæði. SV geta gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem SV innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunaraðgerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

b) Spennusetning.

Engir aðrir en umboðsmenn SV mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

c) Ábyrgð.

SV taka ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

19. gr.

Húsveitur.

a) Kröfur til húsveitna.

Sérhver húsveita að meðtöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og tæknireglum SV. Það telst óleyfilegt, sem ekki fullnægir þessum kröfum. Efni í veitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum.

b) Stofntaugar.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

c) Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og SV þurfa, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er framkvæmdastjóra heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

d) Eigandi heimtaugar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign SV, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

e) Breyting á heimtaug.

SV annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í gjaldskrá.

f) Vélar og tæki.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin að þau starfi án þess að truflun valdi á ljósum eða annarri notkun. Misbrest á þessu eða aðra galla á veitu eða tækjum skal húseigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra. Komi í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af SV, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum, er eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við gallana.

Sérákvæði – hitaveita.

20. gr.

Umsóknir og áhleypling.

a) Umsókn um orkukaup.

Áður en hafist er handa um lög nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til SV á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa SV lætur í té.

Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningarmeistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa bæjarins. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

b) Tenging húsveitu.

Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til SV með minnst fjögurra daga fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn SV mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Sé húsveita tengd veitukefi SV í heimildarleysi, getur SV aftengt húsveituna fyrirvara-laust.

c) Heimæðarlögn og inntak.

SV er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar, ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og það húsrými vera aðgengilegt starfsmönnum SV.

21. gr.

Teikningar.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Þar skulu gerðar af sérmenntudum verkfræðingi, tæknifræðingi, pípulagningarmeistara eða öðrum þeim sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar, sérteikningar SV, svo og aðrar reglur og lög sem gilda um byggingarmál.

Bæjarstjórn getur falið SV umsjón og eftirlit allra mála sem snerta hitalagnir.

22. gr.

Eftirlit.

SV skulu hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/kaupanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, geta SV stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningarmeistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

23. gr.

Skuldbindingar húseiganda.

Húseigandi/kaupandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu SV.

Húseiganda/kaupanda ber að tilkynna tafarlaust til SV ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum þeirra.

Húseigandi/kaupandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

V. KAFLI

SKILMÁLAR FYRIR ORKUSÖLU.

Raforkusala.

24. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá SV.

25. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við rafveitukerfi SV.

26. gr.

Raforkusala.

a) Skilmálar um raforkusölu.

SV selja raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi nær til, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði þeirra og verðskrá á hverjum tíma.

b) Umsókn um raforkukaup.

SV geta krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sækji um það skriflega og geri nána grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð, sbr. einnig 13. gr.

c) Takmörkuð flutningsgeta.

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður framkvæmdastjóri nánari skilmála.

d) Takmörkun sölu vegna rafhitunar.

SV geta takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

e) Sérstök spennistöð.

Ef SV telja nauðsynlegt að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal SV látin í té nauðsynlegur lóðarflötur eða húsnaði fyrir spennistöð, með sérstökum samningi, og nauðsynlegan lóðarflöt eða aðstöðu fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds.

SV er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja, má þinglýsa á viðkomandi húseign.

f) Spennubreyting.

Óski SV eftir spennubreytingu á húsveitu er húseiganda skylt að hlýta því. Stjórn ásamt framkvæmdastjóra setja nánari reglur um framkvæmd.

Húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu sem þeir sjálfir hafa óskað eftir og SV samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

g) Endursala á raforku.

Endursala til annarra á raforku, sem keypt er af SV, er óheimil án leyfis SV.

27. gr.

Rekstrartruflanir.

a) Skaðabótaskylda SV.

Stöðvun á rekstri, eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur SV en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu málsgrein 27. gr.

SV bera ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

b) Réttur til rofs.

SV áskilja sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimgaugar er SV heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

c) Takmörkun á orkuafhendingu.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveða SV hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur SV þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða afgang, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta afgangsjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

28. gr.

Samningsbundinn taxti.

Umsaminn taxti.

Sérhver rafmagnsnotkun er rafmagnsnotandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta SV er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur framkvæmdastjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún falli undir annan taxta, skal umsókn um það send SV með eins mánaðar fyrirvara.

SV áskilja sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxta.

Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni.

29. gr.

Orkukaup (heitt vatn).

a) Tilkygning um orkukaup.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynninga hjá SV þess efnis.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi SV.

b) Rekstrartruflanir.

SV bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitnanna.

Purfi að takmarka notkun hitaorku um lengri eða skemmri tíma ákveða SV hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds).

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

30. gr.

Mæling.

a) Mælar.

SV ákveða stærð og gerð mæla sem notaðir eru í mælagrind, hvort sem um er að ræða nýja mælagrind eða við endurnýjun búnaðar í mælagrind.

b) Takmörkun afhendingar.

Kaupendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en SV er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins svo fljótt sem við verður komið.

SV er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækunar á hitastigi.

31. gr.

Sérstakir sölusamningar.

SV er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar Selfoss.

32. gr.

Bakrennsli.

a) Nýting bakrennslis.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign SV. SV geta heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum SV. SV geta afturkallað slík leyfi.

b) Óheimil tenging.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að áður fengnu samþykki SV.

33. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð.

Hitaorkunni er miðlað í formi heits vatns. SV skulu gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og önnur tæknileg atriði, sé þess óskað.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar SV. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skulu SV tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

34. gr.

Óheimil endursala.

Kaupendum er óheimil endursala hitaorkunnar án samþykkis SV.

35. gr.

Lagnir veitukerfis.

SV láta leggja og eiga allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiaðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss, að og frá mælagrindum, ásamt tilheyrandi búnaði, og annast rekstur og viðhald hans.

36. gr.

Skyldutenging.

Húseiganda innan lögsagnarumdæmis Selfoskaupstaðar, þar sem veitukerfið liggur er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

37. gr.

Tenging húsveitu.

SV annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skulu SV halda raski í lágmarki og ganga þrífalega um. Jafnframt skulu SV færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

SV ákveða staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

38. gr.

Skipting kostnaðar.

SV kosta lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir stofn- og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

39. gr.

Breytingar.

Kostnaður vegna breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við SV skal húseigandi/kaupandi standa straum af.

Húseigandi/kaupandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi SV.

40. gr.

Eftirlit.

SV hafa rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi þeirra liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna.

VI. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI.

41. gr.

Lögtak.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og verðskrá settri skv. henni má innheimta með lögtaki.

42. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

43. gr.

Málarekstur.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

44. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoskaupstaðar er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um breytingar á bráðabirgðareglugerð fyrir Selfosveitur nr. 57, 9. febrúar 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári í nóvember enda verði

beiðni þ.a.l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins. Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæði hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minni en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- a) Vatnsgjald um hemil kr. 2 740,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 118,30 fyrir hvern rúmmetra.
- c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80° C skal hitaveitan leiðrétt vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80° C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútl. til að hitaveitunni sé skylt að leiðrétta samanber 1. mgr. Leiðrétt verður einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð, með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðargeymslur.

Stofngjald skal vera:

- a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m ³	kr. 61 600,00
251 – 500 m ³	kr. 61 600,00 + 147,00 kr/m ³ yfir 250 m ³
501 – 1500 m ³	kr. 98 350,00 + 86,10 kr/m ³ yfir 500 m ³
1501 – 6000 m ³	kr. 184 450,00 + 55,20 kr/m ³ yfir 1500 m ³
6000 m ³	kr. 432 850,00 + 43,40 kr/m ³ yfir 6000 m ³

Lámarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 46 420

Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

- b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.
- c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. a og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fohheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t.d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 2 740,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöld greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar, 176,5 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri visitölu verða enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 416, 25. október 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í janúarmánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í janúarmánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

	Innborgun
1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir	4,5%
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir	4,5%
3. Afurðir hörpuðisksdeildar	1,0%

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. desember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

1.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Skipasund og Efstasund við Drekaveg.

2.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á eftirtöldum götum við Hraunsás:

Deildarás	Heiðarás
Eykjarás	Grundarás
Fjarðarás	Dísarás.

3.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á eftirtöldum götum:

Laufásvegi við Skálholtsstíg	Bárugötu við Garðastræti
Grundarstíg við Skálholtsstíg	Ránargötu við Garðastræti
Miðstræti við Bókhöðustíg	Hávallagötu við Garðastræti
Hellusundi við Bergstaðastræti	Holtsgötu við Framnesveg
Bragagötu við Laufásveg	Öldugötu við Framnesveg
Fjólugötu við Bragagötu	Brekkustíg við Framnesveg
Hallveigarstíg við Bergstaðastræti	Ránargötu við Framnesveg
Öldugötu við Garðastræti	Sólvallagötu við Framnesveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 8. janúar 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. desember 1990.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um leyfisbindingu veiða.

1. gr.

- Eftirfarandi veiðar eru óheimilaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðherra:
1. Staðbundnar rækjuveiðar. Til þessara veiða teljast allar rækjuveiðar innan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 og rækjuveiðar á svæði við Eldey sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
 2. Hörpudiskveiðar.
 3. Kúfiskveiðar.
 4. Veiðar á spærlingi, gulllaxi, kolmunna og aðrar veiðar með botn- eða flotvörpu með minni möskva en 135 mm aðrar en humarveiðar.

2. gr.

Heimilt er að binda leyfi til veiða samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð og gerð eða skip er tilteknað veiðar hafa áður stundað.

Ráðherra skal í leyfisbréfi marka ákveðin staðbundin veiðisvæði skv. 1. og 2. tl. 1. gr. og getur hann jafnframt ákveðið að slík leyfi skuli háð því skilyrði að hlutaðeigandi bátur sé skráður frá verstöð við hlutaðeigandi veiðisvæði og útgerð bátsins eigi þar heimilisfesti.

3. gr.

Aflahlutdeild í svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpudiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi skips í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði á því veiðitímabili sem síðast lauk fyrir 1. janúar 1991.

4. gr.

Reglugerð þessi breytir í engu þeim leyfum til rækjuveiða innfjarða og síldveiða sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og í gildi eru.

5. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot víðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er ráðuneytinu heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð og gerð eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa.

2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar frá 21. desember 1990 um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

3. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr. 2. gr., en þó skal eigi teljast ólöglegt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

4. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

5. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er ráðuneytinu heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 438 13. nóvember 1984 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUR

um einfaldari tollmeðferð á vörum.

1. gr.

Til að flýta fyrir tollafgreiðslu á innfluttum vörum er tollstjórum heimilt samkvæmt reglum þessum að taka upp einfaldari tollmeðferð og heimila greiðslu aðflutningsgjalda þegar við móttöku tollskjala en láta endurskoðun þeirra fara fram eftir á.

2. gr.

Innflytjendur sem óska eftir einfaldari tollmeðferð skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Innflytjandi stundi atvinnurekstur og hafi til þess tilskilin leyfi, svo sem verslunarleyfi, sbr. lög nr. 41/1968, iðnaðarleyfi, sbr. lög nr. 42/1978, eða önnur leyfi sem krafist er vegna atvinnustarfsemi.
- b. Innflytjandi hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og hafi verið færður á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969.
- c. Innflytjandi hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
- d. Innflytjandi hafi að mati tollstjóra sýnt fram á við gerð og frágang aðflutningsskjala að hann hafi til að bera fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara.

Tollstjóri getur krafist innflytjanda um staðfestingu á því að skilyrðum í a. - c. -lið 1. mgr. sé fullnægt.

3. gr.

Innflytjandi, sem um ræðir í 2. gr., skal á þar til gerðu eyðublaði sækja skriflega um heimild til einfaldari tollmeðferðar til tollstjóra þar sem lögheimili hans er samkvæmt fyrirtækjaskrá. Í umsókn skal tilgreina eftirfarandi:

- a. Nafn, kennitölu og aðsetur.
- b. Virðisaukaskattsnúmer.
- c. Hverjir hafa umboð til þess að skuldbinda innflytjanda með undirritun á aðflutningsskýrslu fyrir hans hönd, riti hann ekki sjálfur undir hana. Rithandarsýnishorn fylgi umsókn.
- d. Aðrar þær upplýsingar sem eyðublaðið gefur tilefni til.

Innflytjandi skal þegar tilkynna tollstjóra allar breytingar sem verða á upplýsingum samkvæmt framanrituðu.

4. gr.

Innflytjandi skal einungis óska eftir einfaldari tollmeðferð á þeim vörum sem hann er viss um að séu rétt tollflokkaðar og rétt verðlagðar. Ennfremur sé hann viss um að öll tilskilin innflutningsleyfi og vottorð séu til staðar. Ef í vörureikningi er notað verð- eða vörulistanúmer í stað vörutegundaheita getur tollstjóri krafist innflytjanda um nánari upplýsingar, t.d. vörulista með lýsingu á viðkomandi vöru.

Vörur, sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum samkvæmt sérstakri heimild, notaðar vörur svo og sýnishornasendingar og aðrar vörur, sem sendar eru innflytjanda að kostnaðarlausu, skulu ekki tollafgreiddar samkvæmt þessum reglum. Slíkar vörur skulu tollafgreiddar samkvæmt almennum reglum og metnar til tolls ef þörf þykir á.

5. gr.

Innflytjandi skal gefa til kynna í aðflutningsskýrslu að óskað sé eftir einfaldari tollmeðferð.

6. gr.

Komi annmarkar í ljós við endurskoðun tollskjala skal skora skriflega á innflytjanda að bæta úr þeim innan ákveðins tíma og láta skriflega í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á að fá. Ef eigi er bætt úr annmörkum á fullnægjandi hátt skal tollstjóri áætla tollverð vöru og aðflutningsgjöld samkvæmt meginreglum tollalaga.

7. gr.

Komi í ljós við endurskoðun tollskjala eftir á að aðflutningsgjöld hafi verið ofgreidd, en öll skjöl og fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir til að hægt sé að koma við leiðréttingu, skal tollstjóri þegar leiðréttá útreikning gjalda og endurgreiða ofgreidda fjárhæð, en skýra skal innflytjanda skriflega frá ástæðu leiðréttingarinnar.

Séu aðflutningsgjöld hins vegar vangreidd skal tilkynna það innflytjanda skriflega og tilgreina jafnframt ástæður. Gera skal kröfu um að vangreidd gjöld skuli greidd innan 15 daga frá dagsetningu kröfu. Séu gjöld ekki greidd innan frestsins skulu dráttarvextir innheimtir frá tollafgreiðsludegi. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta skulu gilda ákvæði 1. mgr. 9. gr. og 10 gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

8. gr.

Heimild til einfaldari tollmeðferðar skal gilda við tollafgreiðslu í hvaða tollumdæmi sem er.

9. gr.

Tollstjóri getur að undangenginni aðvörðun fellt niður heimild til einfaldari tollmeðferðar, tímabundið eða að fullu séu sakir miklar, ef innflytjandi

- a. uppfyllir ekki lengur skilyrði þau sem um ræðir í 2. gr.,
- b. sinnir ekki áskorun um greiðslu gjalda samkvæmt 7. gr.,
- c. afhendir ítrekað ófullnægjandi tollskjöl, sbr. m.a. 6. gr. eða
- d. hefur af öðrum ástæðum að mati tollstjóra fyrirgert rétti sínum til einfaldari tollmeðferðar á vörum.

Ákvörðun tollstjóra samkvæmt þessari grein skal vera rökstudd skriflega og er fullnaðar-ákvörðun.

10. gr.

Ríkistollstjóri ákveður gerð eyðublaðs, sbr. 3. gr., og getur jafnframt gefið nánari fyrirmæli um fyrirkomulag einfaldari tollmeðferðar hjá tollstjórum.

Tollstjórar skulu skrá þá innflytjendur sem þeir veita heimild samkvæmt 3. gr. í tölvukerfi tollsins og allar breytingar á upplýsingum, sbr. 2. mgr. 3. gr., svo og ákvörðun um sviptingu leyfis samkvæmt 9. gr.

11. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 367/1984, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm, sbr. 6. gr.

Botnvarpa og flotvarpa merkir skv. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. vörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpna, sem notaðar eru til veiða á sérstökum nytjastofnum eins og humri, rækju, kolmunna, spærlingi og fleiri tegundum, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Með poka skv. reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Allir pokar skulu jafn breiðir eftir endilangri lengd þeirra og skulu þeir annað hvort skornir á síðum eða legg, ef um leggþoka er að ræða sbr. þó a. lið 12. gr. Óheimilt er að nota umbúnað af nokkru tagi til að koma í veg fyrir rennsli fisks aftur í poka.

2. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu og flotvörpu á þeim svæðum sem tilgreind eru hér á eftir, heimilt að nota riðil með lágmarks möskvastærðinni 135 mm í allt að 25 öftustu metrum poka vörpunnar.

a) Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 320° réttvísandi frá stað $66^\circ 17' N$ og $24^\circ 00' V$ og 12 sml. utan grunnlínu, vestur og suður að línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. $64^\circ 44' N$, $24^\circ 27' V$
2. $64^\circ 44' N$, $24^\circ 12' V$

og þaðan utan línu sem dregin er 5 sml. utan við Geirfugladrang og þaðan utan 4ra sjómílna frá grunnlínupunktum suður og austur um að $18^\circ 00' V$ og þaðan í réttvísandi 180° í stað $63^\circ 17' N$, $18^\circ 00' V$ og þaðan utan línu sem dregin er um eftirgreindra punkta:

1. $63^\circ 41' N$, $15^\circ 30' V$
2. $64^\circ 19' N$, $12^\circ 26' V$
3. $64^\circ 25' N$, $12^\circ 11' V$
4. $64^\circ 40' N$, $11^\circ 26' V$

og þaðan utan línu, sem dregin er í réttvísandi norður út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm.

4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvarpna skal vera 45 mm í vængjum aftur að þaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Við veiðar á rækju innan viðmiðunarlínu á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um að Rauðanúp skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar.

5. gr.

Lágmarksmöskvastærð botnvarpna og flotvarpna sem notaðar eru til veiða á loðnu skal vera 16 mm, spærlingi 20 mm og kolmunna 38 mm.

6. gr.

Við möskvamælingar skal nota möskvamæla, sem þannig eru gerðir:

1. Hlutar möskvamælis eru: Mælistika, aflmælir fyrir 0–6 kg. átak og lóð með tveggja og fimm kg massa.
2. Mælistika, sem nota skal til að mæla möskvastærð skv. reglugerð þessari skal vera 2 mm þykk úr traustu efni og þannig gerð, að hún aflagist ekki. Stikan skal mjókka fram á við í hlutfallinu 1 á móti 8 hvoru megin. Breidd stikunnar skal merkt á 1 mm bili. Á efri enda stikunnar skal vera gat nægilega stórt til að notast sem handfang og á neðri enda skal vera gat til að hengja í lóð. Á efri enda skal enn fremur vera gat til að festa aflmæli við stikuna.

7. gr.

Við mælingu möskva skal mælistiku beitt þannig:

1. Netið skal strekkt svo að möskvar teygist eftir lengdarlínu þess.
2. Mjórri enda á stiku sbr. 6. gr. skal stungið í möskvann hornrétt á netið.
3. Stikunni skal stungið inn í möskvann annaðhvort með handafli eða með því að nota lóð eða aflmæli, þar til mælirinn stöðvast á skásettu hliðunum vegna viðnáms frá möskvannum.
4. Leggmöskvi skal teygður milli upptökuhnúta þegar stikunni er stungið í hann.

8. gr.

Við val á möskvum til mælingar skal eftirfarandi gætt:

1. Þeir möskvar sem mæla á skulu mynda röð af 20 samliggjandi möskvum, sem velja skal eftir lengdarás vörpunnar. Eigi skal mæla möskva sé hann viðgerður, slitinn eða eitthvað fest í hann.
2. Möskva skal ekki mæla nær leisum, burðarlínum og kolllínu en 4 möskvum.
3. Eingöngu skal mæla net þegar þau eru blaut og ófrosin.

9. gr.

Stærð hvers möskva skal vera breidd mælistikunnar þar sem hún stöðvast þegar henni er beitt sbr. 7. gr.

10. gr.

Möskvastærð netsins, sem mælt er skv. 7. – 9. gr. skal vera meðaltal mælinga einstakra möskva gefið upp með 0.1 mm nákvæmni.

Skekkjumörk við mælingu möskva skv. þessari reglugerð skulu vera 3%.

11. gr.

Eftirlitsmaður skal mæla eina röð af 20 möskvum sem valdir eru skv. 8. gr. og skal hann stinga mælinum inn í möskvann með handafli án þess að nota lóð eða aflmæli. Síðan skal möskvastærðin reiknuð skv. 10. gr.

Sýni útreikningur á möskvastærðinni að möskvastærð sé ekki í samræmi við gildandi reglur, skal velja tvær raðir af 20 möskvum til viðbótar skv. 8. gr. og þær mældar. Þá skal reikna möskvastærð aftur skv. 10. gr. og taka með í útreikninginn þá 60 möskva sem þegar hafa verið mældir og skal þessi útreikningur skera úr um möskvastærð netsins.

Mótæli skipstjórinn niðurstöðu mælingar sem fengin er skv. 2. mgr., skal netið mælt að nýju. Við endurmælingu skal nota lóð eða aflmæli festan við stikuna og ræður eftirlitsmaður hvort notað er. Lóðið skal festa við gatið á mjórri enda stikunnar með króki. Aflmælinn skal festa við efri enda stikunnar.

Mæla skal þannig eina röð með 20 möskvum á ofangreindan hátt og skal meðaltalið gilda sem endanleg meðalmöskvastærð viðkomandi nets.

Við mælingu á vörpum, sem hafa möskvastærðina 45 mm eða minna skv. 4. og 5. gr. skal nota 19.61 newtona afl (sem samsvarar 2ja kg þyngd), en á aðrar vörpur skal nota 49.03 newtona afl (sem samsvarar 5 kg þyngd).

12. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 1.–2. gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt að:

- a. festa undir allt að 25 öftustu metra botnvörpu net með sömu möskvastærð og er í pokanum í því skyni að draga úr sliti. Slitvara þessa má festa við pokann að framan og til hliðar og einnig er heimilt að festa slitvarana við styrktarnet efra byrðis að aftan sbr. c. lið þessarar greinar. Á óskiptum poka (sekk) er ennfremur heimilt, að öftustu tveir metrar pokans séu þrengdir á leisum.
- b. festa undir slitvara þá er getið er í a. lið nautshúðir, mottur úr gerviefnum eða aðra sambærilega slitvara í því skyni að auka enn núningsþol pokans.
- c. festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem það er fest við. Heimilt er að festa styrktarnet þetta við pokann að framan, til hliðar og að aftan, sbr. b. lið þessarar greinar.
- d. nota styrktargjarðir utan um pokann á allt að 25 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil á milli gjarda skal vera minnst 1.8 m en heimilt er að festa öftustu gjörðina nær kollínunni. Lengd gjarda skal vera minnst 45% af strengdri lengd netsins á þeim stað sem gjörðin er.
- e. festa innan á neðra byrði botnvörpu húð eða mottu til að auka núningsþol pokans vegna grjóts, sem berst í pokann. Stærð þessara hlífa má mest vera 4 m² alls í hverri botnvörpu.

13. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.–5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 80 mm.

Pegar notaður er hlífðarpoki sbr. 1. mgr. við rækjuveiðar utan grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, er heimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan. Annars er óheimilt að nota net eða hvadeina til þéttingar poka að aftan.

Heimilt er við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3.–5. gr. að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

14. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna. Ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita sérstök tímabundin veiðileyfi í tilraunaskyni þar sem notaðar eru vörpur með annarri möskvastærð en fram kemur í reglugerð þessari.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 125 5. mars 1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu ásamt síðari breytingu nr. 353 30. júlí 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 1. janúar 1993 að nota botn- og flotvörpu með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Þó skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum vera 155 mm nema þegar togveiðar eru stundaðar á eftirgreindum svæðum:

- a) Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'N, 25°15'V, og utan línu, sem dregin er frá stað 66°00'N, 25°15'V, í stað 64°53'N, 25°15'V og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'V þaðan í stað 63°06'N, 18°00'V síðan í 65° réttvísandi að 10°00'V og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.
- b) Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18°00'V og 21°00'V. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílnur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

II

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal heimilt til 1. maí 1991 að nota möskvamæla sem gerðir eru til mælinga á möskvum samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 125 5. mars 1979 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá m rafveitna.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá m rafveitna er taki gildi 1. janúar 1991:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 2, 12. janúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 439, 25. september 1989, með síðari breytingum.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:			
Orkugjald	5,50	(6,85)	kr/kWh
Fast gjald	2 000,00	(2 490,00)	kr/ár
A. 2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:			
Orkugjald	7,15	(8,90)	kr/kWh
Fast gjald	4 100,00	(5 104,50)	kr/ár

B. Aftaxtar.

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:			
Orkugjald	1,98	(2,47)	kr/kWh
Aflgjald	7 400,00	(9 213,00)	kr/kWh/ár
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.			
Orkugjald miðast við að meðalfasvixsstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasvixsstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshluta stig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasvixsstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.			
B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:			
Aflgjald	11 200,00	(13 944,00)	kr/kWh/ár
Viðhaldsgjald	16 100,00	(20 044,50)	kr/kWh/ár
Gjald samtals	27 300,00	(33 988,50)	kr/kWh/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C. 1 Órofin húshitun	5,50	(6,85)	kr/kWh
C. 2 Daghitun, húshitun rofin	2,43	(3,03)	kr/kWh
C. 3 Næturhitun, húshitun	1,33	(1,66)	kr/kWh
Fast gjald á C. 1	7 900,00	(9 835,50)	kr/ár
Fast gjald á C. 2 og C. 3	7 200,00	(8 964,00)	kr/ár

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skulu greiða eftirfarandi:

D. 1 Af einfasa mælum	500,00	(622,50)	kr/ár
D. 2 Af þrífasa mælum upp að 50A	2 000,00	(2 490,00)	kr/ár
D. 3 Af þrífasa mælum 50A og ofar	3 000,00	(3 735,00)	kr/ár
D. 4 Af álagsstýringarliðum	3 000,00	(3 735,00)	kr/ár
D. 5 Af aflmælum	5 000,00	(6 225,00)	kr/ár

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		Heimtaugargjöld	
63A 1-fasa	kr.	40 400,00	(50 298,00)
63A 3-fasa	kr.	44 300,00	(55 153,50)
100A 3-fasa	kr.	71 200,00	(88 644,00)
200A 3-fasa	kr.	139 600,00	(173 802,00)
300A 3-fasa	kr.	208 000,00	(258 960,00)
400A 3-fasa	kr.	275 000,00	(342 375,00)
600A 3-fasa	kr.	417 000,00	(519 165,00)
900A 3-fasa	kr.	630 000,00	(784 350,00)
1200A 3-fasa	kr.	847 000,00	(1 054 515,00)

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:			
63A 1-fasa	kr.	10 000,00	(12 450,00)
63A 3-fasa	kr.	11 300,00	(14 068,50)
100A 3-fasa	kr.	15 000,00	(18 675,00)

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.**1. gr.**

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 2 400,00 (2 988,00).

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 2 000,00 (2 490,00) kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi hitaveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 272, 22. júní 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli . . . kr. 1 540,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli:

Til húshitunar	kr. 53,00 pr. tonn.
Til annarra nota (með virðisaukaskatti)	kr. 65,99 pr. tonn.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að ¾"	kr. 275,00	(kr. 342,38)
b) Fyrir mæla eða hemla 1"-2"	kr. 550,00	(kr. 684,75)
c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	kr. 1 100,00	(kr. 1.369,50)

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m ³)	Heimæðargjald				
Allt að 400	81 000,00				
400– 2000	81 000,00	fyrir	400m ³ + 66,00 kr/m ³	þar yfir	
2000– 6000	186 700,00	fyrir	2 000m ³ + 54,00 kr/m ³	þar yfir	
6000–10000	404 000,00	fyrir	6 000m ³ + 48,50 kr/m ³	þar yfir	
Meira en 10000	596 800,00	fyrir	10 000m ³ + 41,80 kr/m ³	þar yfir	

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 10 000,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum
veldur kr. 2 000,00 (2 490,00)
hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildii felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 274, 22. júní 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Hrafnagils-
hrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu.**

Nafn hins nýja sveitarfélags (hrepps) skal vera Eyjafjarðarsveit.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1991.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988 og 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1988, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1991 verið ákveðið 6,99%.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanabjónustu
fyrir aldraða.**

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

- Í 5. gr. komi kr. 21 500 í stað kr. 19 000.
- Í 6. gr. komi kr. 21 500 í stað kr. 19 000.
- Í 10. gr. komi kr. 17 300 í stað kr. 15 300.
- Í 14. gr. komi kr. 17 300 í stað kr. 15 300.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30., sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 öðlast gildi 1. janúar 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er nægir til fullrar hitunar að dómi hitaveitunnar enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt. Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 107,80.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælistærð.

Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	kr.
a. fyrir mæla 15 mm	636
b. fyrir mæla 20 mm	1 548
c. fyrir mæla 25 mm	3 096
d. fyrir mæla 32 mm	6 193
e. fyrir mæla 40 mm	12 386
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	24 772

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 19 115
er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald	kr. 1 208
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 703

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, til að taka gildi 1. janúar 1991.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 417, 25. október 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu nr. 396/1990.

1. gr.

XIV. KAFLI, gr. 5.6., 5.8., 5.9. orðist svo:

- 5.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist á gjalddaga.
- 5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast á gjalddaga.
- 5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á gjalddaga, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Ennfremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa.

2. gr.

XVI. KAFLI, gr. 2.2- 2.5. orðist svo:

- 2.2. Gjalddagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.
- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.
Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
- 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 870,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 155,00, fyrir enduroppnun símasambands.
- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með

áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Vitagjald kr. 80,00 af hverri brúttórúmllest skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 12,00.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leitar hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskegmdum af veikindum eða farmskekku eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða 1/5 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fimm sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarþók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælifréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 615 27. desember 1989.

Samgönguráðuneytið, 24. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Eigandi skips skal greiða í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips láti ekki skoða skip sitt árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr., fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingamálastofnun ríkisins:

	kr.
Fyrir skip allt að 8 m á lengd	6 460
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m	11 760
Fyrir skip 15 m á lengd til og með 50 brl.	19 500
Fyrir skip 51 brl. til og með 100 brl.	30 500
Fyrir skip 100 brl. til og með 250 brl.	40 170
Fyrir skip 251 brl. til og með 500 brl.	69 100
Fyrir skip 501 brl. til og með 1600 brl.	103 800
Fyrir skip 1601 brl. og yfir	113 000

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 10 000,00.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. gr.

Nýsmíði

3.1. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum

3.1.1. Fyrir samþykkt á smíði, búnaði og sjóhæfni skal greiða sem hér segir:

Lengd skipa	<6m	6-8m	8-15m
Verkefni	kr.	kr.	kr.
Samþykkt teikninga	8 000	16 000	24 000
Eftirlit með smíði bols	4 000	8 000	13 000
Skoðun á búnaði	3 000	7 000	10 000
Hleðslu- og stöðugleikaprófun	3 000	6 000	8 000
Reynslusigling	2 000	6 000	7 000

Skip að 6m lengd eru mæld milli stafna, í öðrum tilvikum er um að ræða mestu lengd skipsins.

Fyrir hvern raðsmíðaðan skemmtibát styttri en 6m, eftir fyrsta bátinn í röðinni, skal greiða kr. 2 000 vegna eftirlits með smíðinni, skoðun á búnaði og viðurkenningarskírteini og skilti.

- 3.1.2. Fyrir skráningu skips og útgáfu skipsskjala, skal greiða samkvæmt ákvæðum 6. greinar og fyrir mælingu samkvæmt ákvæðum 7. greinar.
- 3.1.3. Fyrir skip sem eru að öllu leyti smíðuð undir eftirliti erlendra yfirvalda eða flokkunarfélags, skal aðeins greiða fyrir skráningu og útgáfu skjala og mælingu samkvæmt 6. og 7. gr., enda séu skipin að fullu samþykkt af starfsmönnum viðkomandi yfirvalda eða flokkunarfélags.
- 3.1.4. Fyrir skip sem eru að hluta til smíðuð undir eftirliti erlendra yfirvalda eða flokkunarfélags, skal aðeins greiða fyrir þau verkefni sem unnin eru af starfsmönnum Siglingamálastofnunar ríkisins sbr. ákvæði reglugerðar þessarar.
- 3.1.5. Fyrir samþykkt á gömlum skipum, skal fara að sem við samþykkt á nýsmíði eftir því sem við á hverju sinni.
- 3.2. Skip sem eru 15 metrar og lengri.
- A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þílfarsskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:
- Fyrir þílfarsskip styttri en 26m 0,30% af lokaverði skips.
- Fyrir þílfarsskip 26m og lengri 0,26% af lokaverði skips.
- Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar með talinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbætur).
- Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miðað við það verð sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð og/eða Ríkisábyrgðasjóð ef um fiskiskip er að ræða, og viðskiptaráðuneytið ef um önnur skip er að ræða.
- B. Fyrir nýsmíði þílfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A.-lið þessa tölulíðs að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.
- C. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglu og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% af gjaldi skv. A.-lið þessa tölulíðar auk fargjalda og dagpeninga skoðunarmanna sé skipið smíðað erlendis.
- 3.3. Eftirlitsgjöld skv. gr. 3.2. skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingamálastofnun ríkisins. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstökum greiðslusamningi ef hagkvæmt þykir.
2. Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna, enda sé ekki gerður greiðslusamningur.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip til og með 500 brl.	3 850
Skip 500 brl. til og með 1000 brl.	4 840
Skip 1001 brl. til og með 2000 brl.	6 490
Skip 2001 brl. til og með 5000 br.	8 580
Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjareikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 500.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 400 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 750 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

	Kr.
1. Útgáfa skráningarskírteinis	2 750
2. Útgáfa þjóðernisskírteinis	5 700
3. Útgáfa alþjóðamælibréfs	3 500
4. Afrit af alþjóðamælibréfi	850
5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	480
6. Einkaleyfi á skipsnafni	51 500
7. Viðurkenningarskírteini og skilti	500

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. reglugerð þessari greidd að fullu.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skv. Óslóarsamþykkt, skal greiða, nema um nýsmíði sé að ræða:

	Kr.
Opinn bátur	1 900
Pilfarsskip minna en 25 brl.	10 050
Pilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	13 990
Pilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	22 260
Pilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	34 100
Pilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl.	48 400
Pilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl.	64 200
Pilfarsskip 5001 brl. og stærra greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingamálastofnunar ríkisins samkvæmt Lundúnarsamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	Kr.
Fyrir skip allt að 45m mesta lengd	12 000
Fyrir skip 45m og yfir mesta lengd	20 000

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir.

	Kr.
Vottorð um útstrikun skipa af aðalaskipaskrá	850

9. gr.

Rannsóknir.

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda greiðist kr. 1 060 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir hverja röntgenmynd greiðast kr. 425 á hverja mynd.
2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu, kr. 635 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanns við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi, samanber 34. gr. laga nr. 51 1987.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama ár.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða lausráðnum skipaskoðunarmönnum þau laun, er þeir hafa samið um við Siglingamálastofnun ríkisins.

Sama gildir um gjöld fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanna.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 645 29. desember 1989.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

G J A L D S K R Á

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

	Kr.
1. Afgreiðslugjöld.	
1.1. Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina	3 700
1.2. Breyting á skírteinum einstaklinga, þ.m.t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	1 600
1.3. Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	12 700
1.4. Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ.m.t. breytingar á skrásetningarmerkjum	7 400
 2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.	
2.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtakspunga þeirra.	
2.2. Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.	
2.3. Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.	
2.4. Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.5. Hálf árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.6. Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.	
2.7. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför eru:	Kr.
a) fyrir loftför allt að 2700 kg	10 400
+ gjald fyrir þyngd, hvert kg	7,10
b) fyrir loftför allt að 2701–5700 kg	14 700
+ gjald fyrir þyngd, hvert kg	5,75
c) fyrir loftför 5701–50000 kg	60 000
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg, hvert kg	5,75
d) fyrir loftför yfir 50000 kg	351 000
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg, hvert kg	3,35
 3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.	
3.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtakspunga þeirra.	
3.2. Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.	

- 3.3. Hálftr árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálftr ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.
- 3.4. Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.
- 3.5. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:
- | | Kr. |
|--|---------|
| a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg | 16 500 |
| b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg | 26 000 |
| c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg | 80 000 |
| d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg | 119 000 |

4. Prófgjöld.

- 4.1. Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld:
- | | Kr. |
|---|--------|
| a) einkaflugmannspróf | 7 500 |
| b) atvinnuflugmannspróf | 11 500 |
| c) blindflugspróf | 10 000 |
| d) flugkennarapróf | 10 000 |
| e) flugumsjónarmannspróf | 10 000 |
| f) flugvéltæknispróf | 10 000 |
| g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjóraþróf | 10 000 |
| h) fyrir hlutaþróf og endurtekningu þrófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein | 2 500 |
- 4.2. Verklegr próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

- 5.1. Afgreiðslugjöld samkvæmt 1. gr. greiðast hjá loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34/21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 267/19. júní 1990 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Árni Þór Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

- 1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkflugvallar.
- 1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

- 1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem áætlunarflug er stundað. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

2. Lendingargjald.

- 2.1. Fyrir hverja landingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sbr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi (10,00) Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa þess. Lágmarkslendingargjald skal vera samsvarandi USD (100,00) þó með þeim fyrirvara að umrætt lágmarksgjald gildi aðeins fyrir loftför sem hafa 5 700 kg massa eða meira.
- 2.2. Fyrir loftfar með massa 2 000 kg og meira, en minna en 5 000 kg, skal greiða kr. (570,00) fyrir hverja landingu í innanlandsflugi sbr. gr. 1.3.
- 2.3. Fyrir loftfar með massa 5 000 kg og meira, en minna en 9 000 kg, skal greiða kr. (850,00) fyrir hverja landingu í innanlandsflugi, sbr. gr. 1.3.
- 2.4. Fyrir loftfar með massa 9 000 og yfir skal greiða, fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa þess, kr. (185,00) fyrir hverja landingu í innanlandsflugi, sbr. gr. 1.3.
- 2.5. Á eftirtöldum flugvöllum skal þó lendingargjald skv. 2.2. nema kr. (310,00), skv. 2.3. kr. (475,00) og skv. 2.4. kr. (110,00), enda sé viðkomandi loftfar í reglubundnu áætlunarflugi: Bakkafirði, Borgarfirði eystri, Breiðdalsvík, Fáskrúðfirði, Gjögri, Grundarfirði, Hólmavík, Kópaskeri, Ólafsfirði, Raufarhöfn, Stykkishólmi og Suðureyri.
- 2.6. Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýstra þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til útkalls samkvæmt kjarasamningi flugvallarstarfsmanna í 235. lfl., þó ekki, ef um er að ræða tímabil dagvinnu kl. 09:00–17:00 virka daga.

3. Stæðisgjald.

- 3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
- 3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi (0,70) Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá landingar- og stæðisgjöldum:

- 4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.
- 4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- 4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
- 4.5. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.
- 4.6. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður landingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. Þjónustugjald.

- 5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.
- 5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Flugskýlisgjald.

- 6.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa loftfars:
- Innanlandsflug: Kr. (185,00) fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. (2 795,00) á mánuði.
 - Millilandaflug: Samsvarandi (4,00) Bandaríkjadöllum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.
- 6.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 6.1. miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
- 6.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Þar sem getið er um massa loftfars er átt við leyfilegan hámarks massa þess.
- 7.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti. Ef gjöld vegna loftfara eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að aftra för viðkomandi loftfara uns greitt hefur verið.

8. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 571 5. desember 1989 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Árni Þór Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta.****1. gr.**

Gjöld fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta skulu vera sem hér segir:

- | | |
|---|--------------|
| 1. Sjósetningarbúnaður á skipum 15 m og lengri skv. gr. 8.2. reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. nr. 171/1987 og 80/1988, hvert skip | kr. 5 600,00 |
| 2. Sjósetningarbúnaður umfram kröfur, hver búnaður | kr. 2 400,00 |
| 3. Losunarbúnaður samkvæmt gr. 8.1. reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. nr. 171/1987 og 80/1988 | kr. 3 800,00 |

2. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. skulu innheimt af þeim aðilum sem siglingamálstjóri hefur veitt heimild til að annast skoðun og viðhald sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 34. gr. laga nr. 51/1987 um eftirlit með skipum og gr. 8.6. reglna um björgunar- og öryggisbúnaða íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. nr. 171/1987 og 80/1988 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 253/1989.

Samgönguráðuneytið, 14. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

27. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 525

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna er taki gildi 1. janúar 1991:

Raforkugjaldskrá Orkubús Vestfjarða, nr. 627, 27. desember 1989:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%

Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 433, 22. september 1989, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%
nema aflgjald í taxa C-2, sem hækkar um 4%.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Halldór J. Kristjánsson.

27. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 526

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1991.

Samkvæmt heimild í 4. og 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð og reglugerð nr. 393 1. október 1990 um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs, hafa verið ákveðin eftirfarandi frávik við innheimtu gjaldsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1990:

1. Innheimta gjalds til forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum falli niður af eftirtöldum búgreinum: Eggjarækt, garðyrkju, hrossarækt og eggjaframleiðslu.
2. Innheimta gjalds til neðantalinna búgreinafélaga skal vera sem hér segir:

a) Félag hrossabænda	1,000%
b) Lands sambands kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	0,275%

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóðs af afurðum hrossa falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 233/1990, orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	72 832	2800-2999	119 727
1000-1999	93 095	3000-3199	125 054
2000-2199	98 422	3200-3399	130 380
2200-2399	103 748	3400-3599	135 706
2400-2599	109 074	3600-3799	141 033
2600-2799	114 401	3800-3999	146 359

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	94 681	2800-2999	155 645
1000-1999	121 024	3000-3199	162 569
2000-2199	127 947	3200-3399	169 494
2200-2399	134 792	3400-3599	176 418
2400-2599	141 797	3600-3799	183 342
2600-2799	148 721	3800-3999	190 267

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 233/1990, orðist svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0- 4,9	4,99	15,0-15,9	10,62
5,0- 5,9	5,32	16,0-16,9	11,47
6,0- 6,9	5,74	17,0-17,9	12,30
7,0- 7,9	6,02	18,0-18,9	13,05
8,0- 8,9	6,29	19,0-19,9	14,04
9,0- 9,9	6,57	20,0-20,9	14,78
10,0-10,9	6,98	21,0-21,9	15,63
11,0-11,9	7,24	22,0-22,9	16,62
12,0-12,9	8,14	23,0-23,9	17,41
13,0-13,9	8,92	24,0-24,9	18,20
14,0-14,9	9,86	25,0 og þyngri	19,09

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. janúar 1991.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 2. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1991, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1991.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar.

1. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar allar loðnuveiðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðherra. Getur ráðherra bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem þurfa þykir. Ráðherra getur m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð, eða skip er tilteknaðar veiðar stunda eða hafa áður stundað.

2. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þygi ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

3. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskipsins.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðenda.

4. gr.

Sé skipstjóri fiskiskipsins í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nóttinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

5. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 3. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins aðvart.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan firskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 285 4. júlí 1985, um loðnuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um greiðslu barnabóta á árinu 1991.**

1. gr.

Á árinu 1991 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 27 598 kr. með fyrsta barni en 41 399 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 27 598 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en greinir í 1. málsgrein, þó að lágmarki 82 797 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslíð 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framferanda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framferanda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Ríkisbókhald annast útborgun barnabóta samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Sá hluti barnabóta sem er ógreiddur 1. júlí 1991 skal hækka sem samsvarar hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun sem er á lánskravísitölu sem í gildi er 1. desember 1990 og lánskravísitölu sem í gildi er 1. júní 1991.

9. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum öðlast gildi 1. janúar 1991.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1991.

1. gr.

Á árinu 1991 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1990 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1990. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögd eru samkvæmt, 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambylisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1990 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1991, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsroð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1991 til þeirra framfæranda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1990. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1990 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 60% af greiddum barnabótaauka á árinu 1990. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, um l. reyting á þeim lögum, og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1991.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1991.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1990 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1991. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Par til álagning ársins 1991 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1990. Að því er menn varðar er þó einungis átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1990 en tekjuskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta fyrirframgreiðslu ef hún nær ekki 1 000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1991 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1989 og 1990 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1990 sé meira en 25% lægri en tekjuskattstofn hans var á tekjuárinu 1989 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 10%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduáæstæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. l. nr. 75/1981, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 91/1989 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1991 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

**um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám,
skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.**

1. gr.

Þeir menn, sem dveljast erlendis við nám geta haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir skv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og öðrum lögum um opinber gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

Ákvæði 1. mgr. á við um þá menn, er þar greinir þrátt fyrir að þeir séu skráðir með fasta búsetu erlendis enda hafi þeir verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en nám hófst.

Nám skv. 1. mgr. telst hvers konar reglulegt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds- og háskólastigi enda sé námið ætlað sem aðalstarf og námstími eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári, sbr. þó 4. mgr.

Til náms skv. 1. mgr. telst ekki starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda enda þótt skilyrði þau, sem sett eru í 3. mgr. séu að öðru leyti fyrir hendi. Ennfremur ekki nám í grunnskólum, menntaskólum og sambærilegum menntastofnunum.

2. gr.

Maki námsmanns getur haldið sömu réttindum ef sýnt er fram á að dvöl hans erlendis sé bein afleiðing af námi hins en ekki sérstaklega til tekjuöflunar eða öflunar sérþekkingar, sem

ekki fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar. Óvígð sambúð skal lögð að jöfnu við hjúskap að því tilskildu að námsmaður og maki hans eigi að lögum rétt til samsköttunar, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Skattstjórar skulu taka ákvörðun um réttindi skv. reglugerð þessari í samræmi við framlögð gögn, sbr. 4. gr. við álagningu opinberra gjalda ár hvert.

4. gr.

Námsmenn og makar þeirra skulu árlega senda skattstjóra í því umdæmi sem þeir voru síðast skattskyldir í fyrir brottför skattframtal með upplýsingum um allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað og allar eignir, hvar sem þær eru. Leggja skal fram eftirtalin gögn og upplýsingar með skattframtali:

1. Vottorð um nám erlendis á tekjuári þar sem fram komi:

- a) hvaða nám var stundað
- b) hvenær nám hófst
- c) hvenær námslok séu áætluð.

2. Upplýsingar um eftirfarandi:

- a) hvert hafi verið síðasta lögheimili námsmanns hér á landi
- b) hver sé umboðsmaður eða hvert sé pósthfang námsmanns hér á landi.

3. Ljósrit af erlendum skattframtölum.

4. Staðfestingu um barnabætur o.þ.h. greiðslur erlendis ef um þær var að ræða. Fram komi heildargreiðslur ársins.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 70. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1991.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 431, 22. september 1989, er taki gildi 1. janúar 1991:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Halldór J. Kristjánsson.

GJALÐSKRÁ**Rafmagnsveitna ríkisins.****I. SMÁSALA.****Gjaldskrárliðir.**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	6,03	7,51 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	3 080,00	3 834,60 kr/ári

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	9,04	11,25 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	3 080,00	3 834,60 kr/ári

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	5,52	6,87 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	3 080,00	3 834,60 kr/ári

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	3,73 kr/kWh	
Fastagjald 4 × F1	12 320,00	15 338,40 kr/ári

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW. Hámark 50 kW.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald kr/kWh	2,21	2,75
Orkugjald v. húshitunar kr/kWh	2,21	
Aflgjald kr/kWh/ári	5 310,00	6 610,95
Fastagjald 3 × F1 kr/ári	9 240,00	11 503,80
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu kr/kWh	6,03	7,51

B. 1./B. 3. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarotkun.
Lágmarksafl 15 kW.

	Án VSK	Með VSK
Aflgjald	8 650,00	10 769,25 kr/kW/ári
Aflgjald vegna húshitunar	8 650,00	kr/kW/ári
Orkugjald	1,91	2,38 kr/kWh
Orkugjald vegna húshitunar	1,91	kr/kWh

B. 2. Súgurrkun.

Til súgurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

	Án VSK	Með VSK
Aflgjald	2 500,00	3 112,50 kr/kW/ári
Orkugjald	1,49	1,86 kr/kWh

C. 1. / D. 1. Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klukkustund á dag.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	3,00 kr/kWh	3,74
Orkugjald vegna húshitunar	3,00 kr/kWh	
Fastagjald F3	11 600,00 kr/ári	14 442,00 kr/ári
Fastagjald F3 vegna húshitunar	11 600,00 kr/ári	

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Orkugjald vegna húshitunar er undanþegið virðisaukaskatti.

C. 2. / D. 2. Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	2,03	2,53 kr/kWh
Orkugjald vegna húshitunar	2,03	

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

C. 3. / D. 3. Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o. fl.

Hámark uppsetts afls er 200 kW

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald 1. maí til og með 30. september	3,00	3,74 kr/kWh
Orkugjald maí–sept. vegna húshitunar	3,00 kr/kWh	
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl	4,19	5,22 kr/kWh
Orkugjald okt.–apríl vegna húshitunar	4,19 kr/kWh	
Fastagjald F3	11 600,00	14 442,00 kr/ári
Fastagjald F3 v. húshitunar	11 600,00 kr/ári	

S. 1. Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.

	Án VSK	Með VSK
Lágmarksafl 75 kW á mánuði		
Orkugjald	1,62	2,02 kr/kWh
Aflgjald	310,00	385,95 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

MÆLALEIGA.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

	Án VSK	Með VSK
Einfasa mælar kr/ári	588,00	732,10
Prífasa mælar kr/ári	2 310,00	2 875,95

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

INNHEIMTA OG LOKUN.

Innheimtugjald:

	Án VSK	Með VSK
Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er	750,00	933,75 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er	1 500,00	1 867,50 kr.
---	----------	--------------

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.**1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir líðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárlíðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos Q undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra affrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjald F.3 og aflgjald B.3 þar sem það á við.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:
Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	8 209,20 kr/kW/ári
Vetrargjald orku	1,809 kr/kWh
Sumargjald orku	0,905 kr/kWh
Tengingjald	277 200,00 kr/ári

Ofangreind gjöld eru án virðisaukaskatts.

3. Söluskilmálar.

3.1 Aflsala.

Við útreikning á sölutoppi til uppgjors á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaks mánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalág á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjors. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. gr., er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin: 1. janúar - 30. apríl
1. október - 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið: 1. maí - 30. september

4. Sérstillingur um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskilinni grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Aflsala og tengigjald.

Í upphafi árs áætla rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð árgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti árgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri árgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala.

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við melda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kalli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

Gjaldskrá fyrir ótryggða orku.

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda *Almennir skilmálar Landsvirkjunar* um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og *Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins* um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	105 000,00 kr/ári
1. verðþrep	0,893 kr/kWh
2. verðþrep	1,156 kr/kWh
3. verðþrep	1,660 kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsamin afslátt, ef um endursölu er að ræða.

Ath! Gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á heildsöluverð.

Gildir frá 1. janúar 1991.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

- 1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.
- 1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Án VSK	Með VSK
63 A einfasa	53 700,00	Heimtaugargjöld (66 856,50) kr.
63 A þrífasa	59 700,00	(74 326,50) kr.
100 A þrífasa	91 300,00	(113 668,50) kr.
200 A þrífasa	219 700,00	(273 526,50) kr.
315 A þrífasa	347 600,00	(432 762,00) kr.
400 A þrífasa	477 700,00	(594 736,50) kr.
710 A þrífasa	854 000,00	(1 063 230,00) kr.
1200 A þrífasa	1 433 000,00	(1 784 085,00) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

- 1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Yfirlengdargjald	Loftlína
63 A einfasa	10 200,00 kr.	Jarðstrengur 1 120,00 kr/m	16 000,00 kr/stólpa
63 A þrífasa	14 200,00 kr.	1 120,00 kr/m	18 200,00 kr/stólpa
100 A þrífasa	15 500,00 kr.	1 400,00 kr/m	21 100,00 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínustaur greiðist kr. 12 900,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 1.6 Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppstept – er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

Virðisaukaskattur leggst á öll heimtaugagjöld.

Gildir frá 1. janúar 1990.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

Almennt.

Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Öll gjöld sem tilgreind eru hér á eftir miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1991, sem er 176,5 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

1. Heimtaugargjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ. h.

1.1 Heimtaugargjaldið skal vera grunnjald kr. 91 300,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

Framangreint grunnjald kr. 91 300,00
miðast við, að Orkusjóður greiði það sem á vantar í heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar.

1.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.1, skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

2. Heimtaugagjöld fyrir skipulögð sumarhúsahverfi.

Heimtaugargjaldið fyrir hvert hús er að lágmarki kr. 162 000,00 miðað við 5 kVA afl í spennistöð. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði.

Þetta heimtaugargjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

2.1 Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af Skipulagi ríkisins.

2.2 Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

- 2.3 Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeygenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan edlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.
- 2.4 Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp.
- 2.5 Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.
- 2.6 Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gróft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.
- 2.7 Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

Sé fyrirsjánlegt að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, þá geta rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt heimtaugargjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

3. Aðrar heimtaugar.

Heimtaugargjald fyrir annað, en að framan greinir, svo sem einstök sumarhús, veiðihús, o.fl., er ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en lágmarksgjaldið . . . kr. 162 000,00
Bráðabirgðaheimtaugar eru undanþegnar lágmarksgjaldinu. Fyrir þær skal ávallt greiða samkvæmt kostnaði.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við ofangreind gjöld.

Gildir frá 1. janúar 1991.

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

- 1.1 Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.
- 1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spennu, strengjum o. s. frv.
- 1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW, að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

VI. NIÐURGREIÐSLUR OG SÉRSTAKUR AFSLÁTTUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40 000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 56 000 kWh samkvæmt lið A 5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 110 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd orka sem er allt að 153 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,11 kr/kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 nætúrhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr/kWh.

Gildir frá 1. febrúar 1990, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 58, 30. janúar 1990.

Almennir skilmálar rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku.

1. gr. - Almenn skilyrði.

Sala á ótryggðri orku er háð samþykki Landsvirkjunar og því að nægjanleg flutningsgeta sé til staðar í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins.

Um sölu ótryggðrar orku gilda þeir almennu skilmálar sem stjórn Landsvirkjunar setur á hverjum tíma. Skilmálar Landsvirkjunar með gildistöku 1. janúar 1991 eru sá grunnur sem eftirfarandi skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins hvíla á og miðast við.

Líta ber á skilmála þá sem hér eru settir af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins sem viðbót við skilmála Landsvirkjunar og flest þau atriði sem þar koma fram því ekki endurtekin hér.

2. gr. - Afhending ótryggðrar orku.

2.1 Ótryggt afl dregið frá í stýringu hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Þegar um er að ræða notendur með uppsett afl 1 MW eða meira og orkan er bæði afl- og orkumæld [sbr. grein 3.3 ii) í söluskilmálum Landsvirkjunar] er Rafmagnsveitum ríkisins heimilt að skerða afhendingu ótryggðu orkunnar, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

- a) Vegna bilana á fjarmælingu aflúttektar notanda sem nýtt er til stýringar á forgangsafltoppi þeim sem Rafmagnsveitur ríkisins kaupa frá Landsvirkjun.
- b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.
- c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins.
- d) Vegna óviðráðanlegra afla [„Force Majeure“].

Fyrirvari rofs vegna ofangreindra tilvika skal eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

2.2 Ótryggt afl ekki dregið frá í stýringu hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Þegar ótryggða orkan er eingöngu orkumæld [sbr. grein 3.3 í söluskilmálum Landsvirkjunar (sjá þó grein 3.1 í þessum skilmálum)] er Rafmagnsveitum ríkisins heimilt að skerða afhendingu, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

- a) Vegna stýringar á forgangsafltoppi þeim sem Rafmagnsveitur ríkisins kaupa frá Landsvirkjun.
- b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.
- c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins.
- d) Vegna óviðráðanlegra afla [„Force Majeure“].

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks 2.2 a) en vegna annarra ofangreindra tilvika skal hann eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

3. gr. - Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, mælabúnað sem við á og þær samþykkja til mælingar á afli og orku.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu ótryggðu orkunnar.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

- a) Rofið afhendingu.
- b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
- c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

4. gr. - Takmörkun á sölu ótryggðrar orku.

4.1 Nýir notendur.

4.1.1 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Þegar óskað er eftir kaupum á ótryggðri orku ákveða Rafmagnsveitur ríkisins, í hverju tilviki fyrir sig, hvort af slíkum viðskiptum geti orðið. Mat Rafmagnsveitna ríkisins mun byggjast á útreikningum á flutningsgetu í kerfi þeirra, kostnaði við orku- og afltöp, flýtingarkostnaði í nýfjárfestingu og öðrum þeim rekstrarlegu þáttum sem hamlað geta orkuafhendingu.

Verði flýtingarkostnaður hærri en 30% af mismuni þeim sem er á orkuverði gjaldskrár Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar fyrir ótryggða orku, verður afhending ekki samþykkt, nema til komi sérstök greiðsla vegna þess hluta sem umfram er.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

4.1.2 Takmörkun vegna heimtaugar og næsta dreifikerfis.

Kostnað við heimtaug og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í dreifikerfinu hið næsta notandanum og nýtast honum einum að öllu eða miklu leyti, ber notanda að greiða.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

4.2 Notendur sem eru í viðskiptum.

4.2.1 Breyting á aðstæðum.

Notendur sem komnir eru í viðskipti á grundvelli þeirra söluskilmála og gjaldskrár sem í gildi voru við upphaf viðskipta verða að sæta því að nýjar aðstæður í uppbyggingu veitukerfis Rafmagnsveitna ríkisins, breyttar forsendur um álagsþróun og fleiri atriði geti valdið því, að það rúm sem áður var fyrir sölu til viðkomandi aðila þrengist og kostnaður vegna áframhaldandi sölu verði meiri en gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er ætlað að bera [sbr. grein 4.1.1]. Í slíkum tilvikum er óhjákvæmilegt að endurmeta viðskiptin.

4.2.2 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Stefni viðskipti Rafmagnsveitna ríkisins og samningsbundins kaupanda ótryggðrar orku í það, að ódýrara verði fyrir Rafmagnsveiturnar að rjúfa afhendingu orkunnar fremur en flýta fjárfestingu [sbr. þau mörk sem tilgreind eru í grein 4.1.1], munu þær segja upp samningi við viðkomandi aðila með eins árs uppsagnarfresti sem lágmark. Á því ári munu Rafmagnsveitur ríkisins leita samkomulags við viðkomandi aðila um greiðslu þess hluta flýtingarkostnaðar sem gjaldskrá nægir ekki fyrir. Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

5. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1991 og þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 145, 29. mars 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Halldór J. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ**Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.****I. RAFORKA.**

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

	Grunn gjald	(m/vsk)
Orkugjald kr.	5,37 kWh	(6,69)
Fastagjald kr.	1 924,00 a	(2 395,00)

C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW/kWh-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

	Grunn gjald	(m/vsk)
Aflgjald	9 210,00 kr/kWh	(11 466,00)
Orkugjald:	2,07 kr/kWh	(2,58)
Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.		

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálág ársins.

Á tímabilinu 16. maí–15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki vsk. af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagn, þannig að álagning Bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshluta eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án vsk).

Orkugjald	2,62 kr/kWh
Fastagjald	2 709,00 kr/a

Ríkissjóður greiðir 0,36 kr/kWh og Landsvirkjun 0,155 kr/kWh af orkuverðinu, alls 0,515 kr/kWh, fyrir allt að 40 000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án vsk).

Orkugjald	2,79 kr/kWh
Fastagjald	2 709,00 kr/a

Skilýrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en kostnaður greiddur af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafli og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2 Vinnuljós.	Grunngjald	(m/vsk.)
Orkugjald	7,79 kr/kWh	(9,70)
Fastagjald	1 924,00 kr/a	(2 395,00)
til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.		

F5. Gatnalýsing.

F5 Aflgjald	Grunngjald	(m/vsk.)
	16 662,00 kr/kWa	(20 744,00)
af uppsettu afl til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 klst. nýtingartíma á ári. Leggi Bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar 20 744,00 kr/kWa (m/vsk) fyrir þá þjónustu.		

II. MÆLALEIGA.

Bæjarveitur leigi mælitæki við því verði sem hér segir:

	Grunngjald	(m/vsk.)
1. Einfasa kWh-mælir	380,00 kr/a	(473,00)
2. Þrífasa kWh-mælir	1 440,00 kr/a	(1 793,00)
3. Þrífasa kWh-mælir með straumsp.	2 434,00 kr/a	(3 030,00)
4. Þrífasa kW-kWh-mælir	2 434,00 kr/a	(3 030,00)
5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumsp.	3 873,00 kr/a	(4 822,00)

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Bæjarveitna Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur: Málraun	Stofngjald: kr.	Lengdargjald ¹⁾ : kr/m
	Grunngjald (m/vsk.)	Grunngjald (m/vsk.)
63 A einfasa	43 189,00 (53 770,00)	1 328,00 (1 653,00)
63 A þrífasa	47 302,00 (58 890,00)	1 328,00 (1 653,00)
100 A þrífasa	75 066,00 (93 457,00)	1 624,00 (2 022,00)
200 A þrífasa	155 273,00 (193 315,00)	1 952,00 (2 430,00)
315 A þrífasa	234 452,00 (291 893,00)	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	296 150,00 (368 707,00)	–
710 A þrífasa	537 801,00 (669 562)	–
1200 A þrífasa	912 102,00 (1 135 567,00)	–

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur:	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
	Stofngjald kr.: Grunngjald	Jarðstrengur kr/m: (m/vsk.) Grunngjald (m/vsk.)
63 A einfasa	8 454,00 (10 525,00)	1 328,00 (1 653,00)
63 A þrífasa	11 766,00 (14 649,00)	1 328,00 (1 653,00)
100 A þrífasa	12 491,00 (15 551,00)	1 624,00 (2 022,00)

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina bæjarveitunum að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum bæjarveitna um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af bæjarveitunum (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

- 1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem bæjarveitur hafa samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
- 2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarkna í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarkna í loftlínuheimtaug.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun 1 051,00 kr. (1 308,00).
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, 1 051,00 kr. (1 308,00) á skrifstofu bæjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu sem bæjarveitur veita að ósk notanda, skal greiða gjald, 1 051,00 kr. (1 308,00).
4. Fyrir þá þjónustu bæjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnu-kaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykki stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 24,5% virðisaukaskattur, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 438, 22. september 1989 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Halldór J. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

1. gr.

Greiða skal gjald til Framleiðsluráðs landbúnaðarins af heildsöluverði búvara skv. lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Gjald þetta skal vera 0,25% af gjaldstofni.

Greiða skal gjald til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af heildsöluverði búvara skv. lögum nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, ásamt síðari breytingum. Gjald þetta, neytenda- og jöfnunargjald, skal vera 2% af gjaldstofni.

Til heildsöluverðs skv. framansögðu teljast niðurgreiðslur ríkissjóðs sem kunna að vera greiddar á hverjum tíma til lækkunar á heildsöluverði til smásala eða eru greiddar beint til framleiðenda.

Fimmannanefnd, sem ákveður heildsöluverð, sbr. IV. kafla laga nr. 46/1985, reiknar hvert gjaldið skuli vera, skv. upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þegar nefndin ákveður heildsöluverð búvöru. Framleiðsluráð reiknar gjaldið af þeim búvörum sem ekki eru undir verðákvörðun fimmannanefndar. Leita skal staðfestingar landbúnaðarráðherra á útreikningum gjaldsins.

2. gr.

Gjaldskyldar vörur skv. 1. gr. eru:

- a) nautgripaafurðir og lifandi nautgripir til útflutnings.
- b) sauðfjárafurðir og lifandi fé til útflutnings.
- c) afurðir svína.
- d) afurðir alifugla.
- e) afurðir hrossa og lifandi hross til útflutnings.
- f) garð- og gróðurhúsaafurðir hvers konar, þ.m.t. trjáplöntur og runnar til skrudgarðyrkju.
- g) loðdýraafurðir og lifandi loðdýr til útflutnings.
- h) afurðir kanína og lifandi kanínur til útflutnings.
- i) skógarafurðir hvers konar nema trjáplöntur til skógræktar.
- j) æðardúnn.

3. gr.

Gjöld þau sem um ræðir í 1. gr., greiðast af þeim viðskiptaaðilum sem kaupa eða taka við vörunum frá framleiðendum sem milliliður að smásölu dreifingu. Þeir framleiðendur sem selja vöru sína án milliliða til neytenda eða til smásölu aðila, skulu standa skil á gjöldunum. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu gjaldanna.

Skylt er gjaldskyldum viðskiptaaðilum að skila innheimtuaðila staðfestri skýrslu um sölumagn gjaldskyldra afurða, sem um ræðir í 2. gr., fyrir 10. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð ásamt upplýsingum um heildsöluverð afurðarinnar, ef það er ekki ákveðið af fimmannanefnd.

Gjaldskyldir framleiðendur skulu skila innheimtuaðila skýrslu um sölumagn gjaldskyldra afurða fyrir 10. hvers mánaðar, fyrir næstliðinn mánuð ásamt upplýsingum um söluverðmæti af heildsöluverð afurðar er ekki ákveðið af fimmannanefnd.

Innheimtuaðili lætur gera eyðublöð fyrir mánaðarskýrslur skv. framansögðu og sendir gjaldskyldum aðilum þau, þeim að kostnaðarlausu.

Innheimtuaðili getur heimilað einstökum framleiðendum búvara að skila einni skýrslu fyrir verðlagsárið og innheimt gjöldin samkvæmt henni.

Innheimtuaðili getur heimilað þeim framleiðendum sem hafa með höndum árstíða-bundna vöru eða sölu í landbúnaði að skila skýrslu að loknu hverju sölutímabili og innheimt gjöldin samkvæmt henni.

4. gr.

Á grundvelli skýrslna skv. 3. gr. reiknar innheimtuaðili út gjöld skv. 1. og 2. gr. og tilkynnir gjaldskyldum aðilum um álögð gjöld fyrir næstliðinn mánuð eigi síðar en 25. hvers mánaðar, sem er jafnframt gjalddagi gjaldanna.

Við útreikning á gjöldum af sláturafurðum skal reikna þau á kíló kjöts að viðbættu verðmæti sláturs og húða, skinna eða gæra, eftir því sem við á. Framleiðsluráð gefur fimmannanefnd upplýsingar um hlutfallslega hækkun á kíló kjöts sem nefndin verðleggur í heildsölu, vegna framangreindra viðbótarverðmæta.

Séu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Framleiðsluráðsgjald og neytenda- og jöfnunargjald má taka lögtaki.

5. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar vörur eða þjónustu þykja að mati innheimtuaðila ófullnægjandi, eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 3. gr., skal innheimtuaðili skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fáir innheimtuaðili fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skulu gjöldin ákvörðuð og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er innheimtuaðila heimilt að áætla gjöldin og innheimta þau skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldanna um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldanna krafist þess skriflega að innheimtuaðili taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskram eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Innheimtuaðili skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu innheimtuaðila til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldanna eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjöldin eru lækkuð samkvæmt afgreiðslu innheimtuaðila eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða endurgreiðslu gjalda skv. 1. gr. eða niðurfellingu þeirra við útflutning afurða sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði.

7. gr.

Innheimtuaðila er heimilt að halda gjaldföllnum gjöldum skv. þessari reglugerð eftir hverju sinni þegar skil niðurgreiðslna eða útflutningsbóta úr ríkissjóði eða endurgreiðslur af hinu sérstaka kjarnfóðurgjaldi fara fram til viðkomandi aðila.

8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins greiðir mánaðarlega til Stofnlánadeildar landbúnaðarins innheimt neytenda- og jöfnunargjald auk vaxtatekna. Kostnað innheimtuaðila við innheimtu og endurskoðun greiðir Stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbanka Íslands geta endurskoðað reikningsskil innheimtuaðila fyrir gjaldinu ef þurfa þykir og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum er gjöldin varða og innheimtuaðili getur í té látið.

9. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði varðandi reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og lögum nr. 45 16. apríl 1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 226 21. apríl 1986 um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og nr. 627 11. nóvember 1982 um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breyting á mjólkurreglugerð nr. 35/1986, sbr. breytingu á reglugerð nr. 654/1989.

1. gr.

1. tl. ákvæða til bráðabirgða til fullnustu ákvæða reglugerðarinnar orðist svo:
1. Við fjós þar sem ekki eru fyrir hendi haughús, sbr. 17. gr. 5. tl. er mjólkurframleiðendum veittur frestur til 1. janúar 1992 til að fullnægja þeim ákvæðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum nauðsynjavörum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku eftirtalinnna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna.

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Ennfremur er frestað færslu Stórolfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðarprestakall.

2. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, sbr. VII. lið 1. gr.

Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall.

Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.

3. Í Þingeyjarprófastsdæmi, sbr. XIII. lið 1. gr.

Frestað er sameiningu Háls- og Staðarfellsprestakalla í eitt prestakall, Ljósavatsprestakall.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1992.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Anna Guðrún Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bifreiðagjald skal vera 3,91 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 1,96 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 000 kr. né hærra gjald 11 500 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. janúar 1991 í samræmi við mismun sem verður á byggingarvísitölu sem í gildi var hinn 1. júní 1990 og þeirri sem í gildi var hinn 1. desember 1990.

Nr. 539

1410

28. desember 1990

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Snorri Olsen.

Nr. 540

28. desember 1990

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um kaup og sölu lyfja í heildsölu nr. 399/1990.

1. gr.

Reglugerð nr. 399, 5. október 1990 um kaup og sölu lyfja í heildsölu, sem taka átti gildi 1. janúar 1991, er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 541

13. desember 1990

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilin EIR.

1. gr.

Neðanskráð sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir stofna hér með sjálfseignarstofnun, sem ber nafnið: EIR

Reykjavíkurborg
Seltjarnarnesbær
Samtök blindra og blindravina
Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði
Sjálfseignarstofnunin Skjól
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Félag aðstandenda alzheimersjúklinga

Stofnfé er kr. 365 000.00 og skal það haldast óskert. Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum sem berast og safnað verður til byggingar

hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Að undanskildu stofnfé samkvæmt lögum bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar, aðrar en þær sem ákveðnar verða í sérstökum starfssamningum, sbr. 7. gr.

Skuldir eru engar. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er:

Að reisa og reka hjúkrunarheimili, er veitir öldruðum umönnun og hjúkrun.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að:

- a. afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana.
- b. leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda, sbr. lög um málefni aldraðra og önnur lög er málið varðar.
- c. leita eftir samstarfssamningum.

Um fulltrúaráð.

3. gr.

Hver stofnandi velur 3 menn til 4 ára setu í fulltrúaráði, sem fer með stjórn stofnunarinnar og 2 til vara, nema Reykjavíkurborg sem velur 7 fulltrúa og 4 til vara. Fundir fulltrúaráðs skulu haldnir ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Fundi fulltrúaráðs skal boða með viku fyrirvara í ábyrgðarbréfi, eða á annan sannanlegan hátt. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

4. gr.

Hlutverk fulltrúaráðsins er að:

- a. fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og stofnenda.
- b. kjósa stjórn og endurskoðendur.
- c. setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

Um stjórn.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnar skal vera 4 ár. Formann skal kjósa sérstaklega, enda er hann jafnframt formaður fulltrúaráðs og boðar fundi þess. Meðstjórnendur skal kjósa í einu lagi svo og varamenn. Skylt er að boða fulltrúaráð til fundar ef tveir stofnenda óska þess eða endurskoðendur gera um það tillögu. Á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör skal stjórnin skipta með sér verkum. Forfallist formaður tekur varaformaður sæti hans.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál hennar og annast framkvæmdir, ræður forstjóra, hjúkrunarforstjóra, lækna og aðra stjórnendur. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur. Árlega skal gera reikning stofnunarinnar samkvæmt góðum reikningsskilavenjum.

Um samstarfssamninga.

7. gr.

Óski einhver aðili eftir samstarfi í þá veru að tryggja vistrými fyrir aldraða með því að greiða stofnkostnað slíks rýmis, skal stjórnin gera um það sérsamning við hlutadeigandi aðila.

Um vistun.

8. gr.

Stjórn heimilisins ákveður hvernig vistun skuli háttáð og setur reglur þar um. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

Starfsemi er hætt.

9. gr.

Telji fulltrúaráðið sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar áfram, skal hverjum einstökum stofnaðila gefinn kostur á að taka við rekstri, enda verði hlutverk óbreytt. Að þeim frágengnum fellur stofnunin með öllum eignum hennar til ríkisins með þeirri kvöð að hún verði áfram nýtt í þágu aldraðra.

Um nýja aðila.

10. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum með samþykki allra stofnenda. Hætti einhver aðili stofnunarinnar störfum, fækkar fulltrúum í fulltrúaráði að rétttri tiltölu.

Breyting á skipulagsskrá.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 75% fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu rétttra yfirvalda.

Þannig staðfest á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar EIR þann 31. ágúst 1990.

Páll Gíslason, formaður

Sigurður Helgi Guðmundsson, varaform.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 1990

21. desember 1990

1413

Nr. 542

SAMÞYKKT

um hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Hundahald í Bessastaðahreppi er bannað.

2. gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarstjórn greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn og heilbrigðismálaráðherra staðfestir, skal renna til að standa strauum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, ásamt ábyrgðartryggingu og skal upphæð þess við það miðuð. Þarfahundar á lögbýlum eru undanþegnir gjaldi þessu.
- c) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fult vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- d) Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi edlilegri ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- e) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

B 123

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi 1991.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps, sbr. b stl. 2. gr. samþykktar um hundahald í Bessastaðahreppi, skal vera kr. 6 500 fyrir árið 1991. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar 1991.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. áður nefndrar samþykktar, skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti og oftar.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Stokkseyrarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, í vissum tilvikum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið skal vera kr. 8000,00 á ári. Gjalddagi er 15. janúar ár hvert.
- Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sem fer skv. sérstakri samþykkt, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðismálanefnd setur.

- f) Skráðum bændum skal heimilt að hafa 1 hund án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.

Skýlt er bændum að sjá svo um að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skál honum komið fyrir, sé um að ræða minniháttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2 500 í fyrsta skipti, kr. 5 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti.

5. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl.

I. KAFLI

Endursending vöru o.fl.

1. gr.

Tollstjóra er heimilt að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ótollafgreiddri vöru sem er í vörslu farmflytjanda og ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á og endursend er til útlanda til sama aðila og hún var send frá hingað til lands. Sama á við um vöru sem sett hefur verið í tollvörugæymslu og endursend er til útlanda af sömu ástæðum.

Skilyrði niðurfellingar aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein eru:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollstjóra skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun þeirrar vöru sem beiðni um endursendingu lýtur að. Nauðsynleg tollskjöl skulu fylgja beiðninni, hafi þau ekki þegar verið afhent.

2. Ef skráður viðtakandi vöru annast sjálfur um endursendingu hennar, skal hann setja fullnægjandi tryggingu fyrir aðflutningsgjöldum. Í stað fjártryggingar er tollstjóra heimilt að veita viðtöku skuldaviðurkenningu vegna gjaldanna, nemi þau a.m.k. 30.000 kr. eða 380 SDR (sérstök dráttarréttindi), enda fylgi sjálfsskuldarábyrgð banka eða sparisjóðs á greiðslu skuldar, vaxta og dráttarvaxta, verði vanefndir af hálfu skuldara. Skuldaviðurkenning skal vera með gjalddaga ekki síðar en einum mánuði eftir fyrirhugaðan endurútflytning vörunnar og ábyrgð banka eða sparisjóðs skal gilda a.m.k. einum mánuði fram yfir gjalddaga.

Ekki skal krafist fjártryggingar ef fyrir hönd viðtakanda vöru er annast um endursendingu af hálfu farmflytjanda vörunnar, enda hefur hann vöruna í sinni vörslu eða mun annast flutning hennar til útlanda. Sama á við sé varan geymd í tollvörugeymslu og sá annast um endursendingu sem tollvörugeymsluna rekur. Jafnframt skal flutningsmiðlurum heimilt að annast um endursendingu án þess að setja sérstaka tryggingu hverju sinni ef þeir hafa sett í samráði við tollstjóra heildartryggingu sem ætlað er að standa tiltekið tímabil.

3. Tollgæslan staðfesti skriflega skoðun vöru og umbúða og að varan hafi reynst vera í samræmi við framkomnar upplýsingar. Ef varan er eigi þegar að skoðun lokinni flutt um borð í flutningsfar skal hún innsigliuð ef ástæða þykir til að hafa hana undir innsigli þar til útflutningur á sér stað.
4. Farmflytjandi staðfesti skriflega útflutning vörunnar og skal fylgja afrit útflutningsfarmskírteinis.
5. Lagt sé fram afrit útflutningsskýrslu ef þörf er á að mati tollstjóra.
6. Framvísað sé skriflegri beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu vörunnar eða, eftir atvikum, staðfestingu hans á því að hann muni veita vörunni viðtöku.

Niðurfelling aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin því skilyrði að framangreind staðfestingargögn séu afhent tollstjóra innan eins mánaðar frá brottför útflutningsfars. Hafi verið sett trygging samkvæmt 2. tl. 2. mgr. skal hún þá gerð upp. Séu gjöldin ekki afhent tollstjóra innan frestsins má taka trygginguna upp í ógreidd aðflutningsgjöld eða stöðva tollafgreiðslu á öðrum vörum til viðkomandi þar til skil eru gerð. Hafi verið komið fram gagnvart tollstjóra af hálfu farmflytjanda, tollvörugeymslu eða flutningsmiðlara vegna tollmeðferðar vöru samkvæmt þessari grein og framangreindum staðfestingargögnum er ekki skilað innan tilskilins frests getur tollstjóri krafist þá aðila um greiðslu vangreiddra aðflutningsgjalda.

2. gr.

Tollstjóra er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af tollafgreiddri vöru sem send er aftur til útlanda til sama aðila og hún var send frá hingað til lands enda sé varan ónotuð og að öðru leyti sé fullnægt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1., 3., 4., 5., og 6. tl. 1. gr.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin því skilyrði að tilskilin staðfestingargögn séu afhent tollstjóra innan eins mánaðar frá brottför útflutningsfars.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. skulu gilda, eftir því sem við getur átt, þegar vara hefur verið send ranglega til landsins og hún er endursend viðkomandi.

4. gr.

Tollstjóra er heimilt að lækka, falla frá innheimtu eða endurgreiða aðflutningsgjöld af ónotaðri vöru sem reynist haldin galla og send er aftur til útlanda eða fargað er undir tolfteirliti, enda sé lögð fram staðfesting hins erlenda seljanda á því að hann annað hvort taki vöruna aftur vegna gallans eða hann af sömu ástæðu óski eftir förgun hennar í stað

endursendingar. Ákvæði þessarar greinar geta bæði tekið til vörusendingar sem er gölluð í heild eða að hluta.

Í stað þess að fallast á beiðni um förgun vöru samkvæmt 1. mgr. getur tollstjóri sett það skilyrði fyrir niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda að varan verði afhent ríkissjóði endurgjaldslaust til ráðstöfunar.

Við tollmeðferð vöru samkvæmt þessari grein skal fullnægt skilyrðum 1. – 2. gr. eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Tollstjóra er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum og vélahlutum sem reynast haldin göllum, þrátt fyrir að gallar hafi ekki komið í ljós fyrir en við notkun, enda séu þeir þess eðlis að ekki hafi fyrir verið unnt að ganga úr skugga um þá. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði 4. gr. um tollmeðferð samkvæmt þessari grein eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Auk skilyrða sem sett eru í þessum kafla um endursendingar vöru til útlanda skal, eftir því sem við getur átt, fullnægt almennum skilyrðum um útflutning vöru samkvæmt ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum.

II. KAFLI

Um eyðileggingu, rýrnun og skemmdir.

7. gr.

Tollstjóra er heimilt að lækka, falla frá innheimtu eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem hefur eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, í vörslu tollfyrirvalda, í vörugeymslu farmflytjanda, í tollvörugeymslu eða í flutningi á milli viðurkenndra geymslustaða ótollafgreidds varnings.

Skilyrði tollmeðferðar samkvæmt 1. mgr. er að vöru sé framvísað fyrir tollgæslunni og gerð sé grein fyrir eyðileggingu, rýrnun eða skemmdum áður en hún er flutt úr nefndum geymslum. Sé um að ræða vöru sem verulegum vandkvæðum er bundið að skoða í framangreindum geymslum má skoðun fara fram annars staðar að höfðu samráði við tollgæsluna, enda sé varan flutt þangað undir tolleftirliti eða tollinnsigli.

Verði tjónsatvik á meðan vara er í flutningi á milli viðurkenndra geymslustaða skal þegar tilkynna það til tollgæslu og skulu nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til varnar því að ástandi vöru verði breytt.

Sé fallið frá innheimtu aðflutningsgjalda eða þau endurgreidd vegna algerrar eyðileggingar vöru skal henni fargað undir tolleftirliti eða, ef tollstjóri kveður svo á, skal hún afhent ríkissjóði endurgjaldslaust til ráðstöfunar.

8. gr.

Beiðni um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt 7. gr. skal fylgja skýrsla tollgæslunnar um skoðun vörunnar svo og matsgerð váttryggjanda eða umbodsmanns hans ef um hana er að ræða eða tjónsmat frá viðurkenndum aðila ef vara er óvátryggð.

III. KAFLI

Um vöntun í vörusendingu.

9. gr.

Tollstjóra er heimilt að lækka, falla frá innheimtu eða endurgreiða aðflutningsgjöld ef fram kemur vöntun í vörusendingu í heild eða að hluta enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Ef vöruvöntun er sýnileg við affermingu flutningsfars, þ.e. annað hvort hafi vörusending ekki komið fram við affermingu eða þá hafi verið sjáanlegt af ytri umbúðum að um

vöntun hafi verið að ræða, skal sýnt fram á að farmflytjandi hafi afhent tollstjóra skrá um vöntunina innan 16 daga frá komu flutningsfars vöru til landsins. Hafi vara verið flutt undir innsigli tollgæslunnar á milli viðurkenndra geymslustaða má taka tillit til vöntunar þó fresturinn sé liðinn, enda hafi varan verið sett undir innsigli innan nefndra tímamarka. Skal vöntun þá staðreynd í viðurvist tollstarfsmanns þegar innsigli er rofið.

2. Sé vöntun ekki sýnileg við affermingu flutningsfars vöru má taka hana til greina án tillits til frests samkvæmt 1. tl. þessarar greinar. Skal þá sýnt fram á með fullnægjandi gögnum að mati tollstjóra að um vöntun í sendingu hafi verið að ræða enda þótt hennar hafi ekki orðið vart við affermingu. Þannig getur tollstjóri t. d. tekið til greina skriflega staðfestingu sendanda vöru eða vátryggingafélags á því að hún hafi horfið erlendis enda fylgi kreditreikningur eða staðfesting banka eða sparisjóðs á lækkun eða niðurfellingu hinnar erlendu kröfu.

10. gr.

Hafi aðflutningsgjöld verið greidd af vörusendingu sem koma átti til landsins í tilteknu farmskrárnúmeri og heimild verið veitt til afhendingar hennar frá farmflytjanda, en síðar komið í ljós samkvæmt ferðauppgjöri að hana hafi vantað í viðkomandi flutningsfar, skal farmflytjanda heimilt þegar hún kemur til landsins að afhenda hana án þess að tollafgreiðsla sé tekin upp að nýju. Heimild til afhendingar er bundin því skilyrði að tollgæslunni sé gerð grein fyrir vöntuninni á eyðublaði fyrir sérstaka tollafgreiðslu, E8, m.a. sendingarnúmeri og farmskrárnúmeri í raunverulegu flutningsfari. Jafnframt skal framvísa afriti greiðslukvittunar vegna upphaflegrar tollafgreiðslu og öðrum tollskjölum ef þörf er á að mati tollstjóra.

Sérstök tollafgreiðsla samkvæmt þessari grein er bundin því skilyrði að engar breytingar hafi orðið á aðflutningsgjöldum frá upphaflegum tollafgreiðsludegi til afhendingardags.

IV. KAFLI

Um endursölu vöru til útlanda, í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu, á frísvæði eða varnarsvæði.

11. gr.

Tollstjóra er heimilt að falla frá innheimtu eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld er til útlanda.

Tollmedferð vöru samkvæmt þessari grein er bundin því skilyrði að sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að varan hafi verið seld til útlanda, auk þess sem fullnægt sé skilyrðum 1. – 2. gr. eftir því sem við getur átt. Frestur til að leggja fram beiðni um tollmedferðina og nauðsynleg staðfestingargögn skal þó vera 6 mánuðir frá brottför útflutningsfars.

12. gr.

Tollstjóra er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld er í tollfrjálsa verslun hér á landi, í tollfrjálsa forðageymslu skipaútgerðar eða flugfélags, á frísvæði eða á varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Varan sé ónotuð.
2. Framvísað sé sölureikningi með áritaðri staðfestingu tollgæslunnar á því að vara samkvæmt reikningnum hafi verið flutt til aðila sem grein þessi tekur til.
3. Framvísað sé afriti greiðslukvittunar aðflutningsgjalda vörunnar og ef þörf er á að mati tollstjóra afritum annarra tollskjala varðandi vöruna.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin því skilyrði að beiðni um tollmedferðina og nauðsynleg staðfestingargögn séu afhent tollstjóra innan eins mánaðar frá því að sú vara, sem beiðni lýtur að, var afhent kaupanda.

13. gr.

Hvers konar aðvinnsla vöru hér á landi fyrir endursölu er óheimil, að undanskilinni umpökkun og skiptingu einstakra vörusendinga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ef óskað er tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari skal lögð fram aðflutningskýrsla hjá viðkomandi tollstjóra þar sem fram komi beiðni um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda. Beiðnin skal gefin til kynna með því að vísa í reit 14 í aðflutningskýrslunni til viðkomandi greinar og númera reglugerðarinnar. Að öðru leyti skal gæta fyrir mæla einstakra greina reglugerðarinnar um framlagningu fylgiskjala, eftir því sem við á.

15. gr.

Tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari skal fara fram innan eins árs frá komu flutningsfars vöru til landsins. Hafi vara verið sett í almenna tollvörugæmslu skal fresturinn þó vera jafnlangur leyfilegum geymslutíma vöru þar.

Þrátt fyrir að frestur samkvæmt 1. mgr. sé liðinn og uppboðsaðgerðir til lúkningar aðflutningsgjöldum séu hafnar getur tollstjóri fallist á beiðni um tollmeðferð samkvæmt reglugerðinni ef sérstakar ástæður mæla með því, enda séu uppboðsaðgerðirnar því eigi til fyrirstöðu og viðkomandi greiði allan áfallinn kostnað, þ.m.t. uppboðskostnað.

16. gr.

Þegar aðflutningsgjöld eru endurgreidd samkvæmt reglugerð þessari skal þó ekki endurgreiddur sá virðisaukaskattur sem skattskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum laga nr. 59/1988, um virðisaukaskatt, hafa greitt við innflutning þeirrar vöru sem beiðni lýtur að. Við uppgjör á virðisaukaskatti skal innskattur af innfluttri vöru dreginn frá útskatti samkvæmt þeim lögum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Tollstjóra er þó heimilt að endurgreiða öðrum aðilum en um ræðir í 1. mgr. þann virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna innflutnings viðkomandi vöru.

17. gr.

Hafi vara fengið tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari, en síðan verið flutt til landsins að nýju eða ný vara verið send í hennar stað, ber að taka þá vöru til tollmeðferðar með venjulegum hætti.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 6., 112., 113., sbr. 148. gr., tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 463/1984, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna endursendingar, eyðileggingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum, með áorðnum breytingum, og reglugerð nr. 471/1984, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endurseldar eru til útlanda, með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við mestu brúttóstærð skipa.

Fyrir íslensk skip skal fara eftir skrá yfir íslensk skip, útgefinni af Siglingamálastofnun ríkisins, en fyrir erlend skip skal miða við viðurkennda skipaskrá, t.d. Lloyds Register of Shipping eða Norsk Veritas.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 5,65 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar á mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,80 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald kr. 38,35 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 1 800,00 á mánuði.

Skip þau er getur í síðustu mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftr vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fulltr vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 95,10 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.
2. fl.: Gjald kr. 198,55 pr. tonn:
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matmæli, ávextir.
3. fl.: Gjald kr. 543,40 pr. tonn:
 - a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
 - b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 1,00%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.

Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi fob-verðs.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti hvort tveggja miðað við 1. fl. fisk. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50,00.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4. og 5. tl.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. um vörugjaldskrá 4. fl. skal aflagjald fyrir Bolungarvíkurhöfn vera 1,275%.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 10. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 599, 18. des. 1989.

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ**um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá
útlöndum, einkasölugjald o.fl.**

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi, er heimilt án greiðslu aðflutningsgjalda að hafa með sér við komu til landsins fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi – auk varnings sem talinn er í 2. gr. – fyrir allt að 24 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 12 000 kr., og andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. Magn matvæla má að hámarki vera 3 kg að þyngd. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja svo og íslenskir farmenn og flugliðar erlendra farartækja sem leigð eru til nota hérlendis af íslenskum aðilum mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málsl. 1. mgr. fyrir allt að 12 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en 24 000 kr. fyrir lengri ferð. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 12 000 kr. Andvirði

matvæla (þ.m.t. sælgæti) samkvæmt þessari málsgrein má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. en magn þeirra má að hámarki vera 3 kg að þyngd.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt án greiðslu aðflutningsgjalda að hafa með sér íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ.m.t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi héraendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði ennfremur fluttur úr landi við brottför eiganda að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki héraendis. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. en magn þeirra má að hámarki vera 3 kg að þyngd.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur.

Auk varnings samkvæmt 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

	Áfengi, ekki yfir 50% styrkleika	Áfengi undir 22% styrkleika	Öl	Tóbak
1. Ferðamenn	1,0 l	1,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	1,0 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	2,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.

2. Skipverjar á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila og með íslenskum áhöfnum sem eru 15 daga eða lengur í ferð (skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og

	Áfengi, ekki yfir 50% styrkleika	Áfengi undir 22% styrkleika	Öl	Tóbak
vöruflutningaskipum er heim- ill jafnstór aukaskammtur til risnu)	1,5 l	3,0 l	Ekkert	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
eða	1,5 l	Ekkert eða 32 l (innlent)	24 l (erlent)	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
3. Skipverjar á erlendum skip- um og skipum samkvæmt 2. tl. þessarar greinar sem eru skemur en 15 daga í ferð (skipstjóra og yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta á far- þega- og vöruflutningaskip- um er heimill jafnstór auka- skammtur til risnu) og skip- verjar á erlendum skipum (skipstjóra er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu).	0,75 l	1,5 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	0,75 l	Ekkert	12 l (erlent) 16 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
4. Flugáhafnir (þ.m.t. aukaáhafnir)	0,375 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.

	Áfengi, ekki yfir 50% styrkleika	Áfengi undir 22% styrkleika	Öl	Tóbak
	eða 0,375 l	0,75 l	Ekkert	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
	eða Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
5. Flugáhafnir, aðrar (þ.m.t. aukaáhafnir), á íslenskum flugvélum sem hafa 15 daga samfellda útivist eða lengri	1,0 l	0,75 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
	eða 1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
	eða Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill veга 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar.

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tölul.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga er tollstjóra heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga. Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu. Ekki skal veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 16 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

3. gr.

Tollvilknanir samkvæmt 1. og 2. gr. gilda um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til gjafa. Ennfremur er heimilt að leyfa tollfrjálsan innflutning farangurs sem orðið hefur viðskila við eiganda, enda sýni hann fram á með vottorði tollgæslunnar að hann hafi ekki nýtt sér tollfríðindi samkvæmt 1. gr. þegar hann kom til landsins.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollvilkunnar samkvæmt 1. og 2. gr. oftar en einu sinni á sama sólarhring.

Sé verðmæti hlutar sem framvísað er meira en um ræðir í 1. gr. getur viðkomandi notið tollfríðinda samkvæmt 1. gr. enda greiði hann aðflutningsgjöld af því verðmæti sem umfram er tollvilkun.

4. gr.

Með aðflutningsgjöldum í reglugerð þessari er átt við toll, virðisaukaskatt og einkasölgjald og þau gjöld önnur sem lögð eru á og innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum.

5. gr.

Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita hvorki undanþágu frá innflutningsbanni né innflutningstakmörkunum á ýmsum vörutegundum samkvæmt lögum, reglugerðum, eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Meðal vara sem innflutningur er bannaður á eru eftirtaldar vörutegundir:

1. Ávana- og fíkniefni, eins og Asetorfín, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kókaín, Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis, Ketóbemídon, Lýsergíð (LSD, LSD - 25) Meskalín (peyote), Parahexýl, Psílosíne, Psílotsín, Psílocybin, STP, DOM, Tetrahýdrócannabinólar, allir ísómerar.
2. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t.d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon, svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainnyfli, fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
3. Ósoðin mjólk, ósoðin egg, eggjaduft og sykraðar eggjarauður.

Meðal vara sem háðar eru innflutningsleyfum eru eftirtaldar vörutegundir:

1. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
2. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
3. Símar, talstöðvar, radiósendar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
4. Lifandi dýr.

Tollfríðindi geta náð til vara, sem háðar eru innflutningsleyfum, enda sé þess gætt að tilskilin leyfi séu fyrir hendi.

6. gr.

Framvísunarskylda o.fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Fyrirnefndir farþeg-

ar skulu ganga um hlið, merkt grænu áthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLL-SKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu ferhyrnu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollstjóra þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs auk þess sem viðkomandi kann að þurfa að sæta refsingu.

7. gr.

Um einkasölugjald o.fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á samkvæmt 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem þar greinir gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	650
2. Portvín, sherry, madeira, vermút, líkjörar og aperítívar, þ.m. bitterar undir 22% styrkleika	870
3. Aperítívar, þ.m.t. bitterar með 22% styrkleika eða meira	1 190
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar ót. a., svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	2 050
5. Öl (24 stk. af 33 cl dósum)	2 145
B. Tóbak:	
1. Reyktóbak	1 670 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	1 010 kr./200 stk.
3. Smávindlar	110 kr./10 stk.
4. Vindlar, meðalstærð	470 kr./25 stk.
5. Vindlar, aðrir	605 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur tollstjóri þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en tvöföldu því sem tilgreint er í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu samkvæmt 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við ríkistollstjóra. Ríkistollstjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er samkvæmt 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt XIV. kafla tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1991. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 363/1988, um sama efni, og reglugerð nr. 390/1989, um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heimspækisjóð Brynjólfs Bjarnasonar.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Elín Brynjólfsdóttir, dóttir Brynjólfs Bjarnasonar, og maður hennar Gottfred Vestergaard. Hafa þau þegar lagt fram kr. 1 000 000,00 til stofnunar sjóðsins og hefur sú fjárhæð verið falin Háskóla Íslands til varðveislu og skal sjóðurinn alltaf vera í vörslu skólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint fjárframlag, sbr. 2. gr.
2. Minningargjafir um Brynjólf er síðar kunna að berast sjóðnum.
3. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta í framhaldsnámi í heimsspeki. Að jafnaði skal veittur styrkur úr sjóðnum þriðja hvert ár og skal auglýst opinberlega eftir umsóknum. Styrkþegi skal halda fyrirlestur á vegum Félags áhugamanna um heimsspeki eigi síðar en tveimur árum eftir að honum var veittur styrkurinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir útnefndir af eftirtöldum aðilum, einn af hverjum: Afkomendur Brynjólfs Bjarnasonar, stjórn Félags áhugamanna um heimsspeki, háskólaráð Háskóla Íslands. Stjórnin kýs sér formann. Fari svo að einhver ofangreindra aðila verði ekki til staðar eða útnefni ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins, skal heimsspekideild Háskóla Íslands útnefna fulltrúa í þeirra stað.

6. gr.

Komi fram tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari skal boða til stjórnarfundar og telst tillagan samþykkt, ef allir stjórnarmenn greiða henni atkvæði. Sama gildir, ef tillaga kemur fram um að leggja sjóðinn niður. Ef sjóðurinn er lagður niður skulu fjármunir hans renna óskiptir til Félags áhugamanna um heimsspeki.

7. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best. Aldrei má veita einstaklingi lán úr sjóðnum.

8. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er myndaður af fjárframlagi því sem greint er frá í 2. gr. Fyrst skal veitt fé úr sjóðnum er höfuðstóll hefur verið ávaxtaður í þrjú ár. Þá má veita styrki úr honum sem nema allt að 95% af vaxtatekjum hans. Það sem umfram er og aðrar tekjur skal leggjast við höfuðstólinn. Höfuðstólinn skal aldrei skerða.

9. gr.

Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur sjóða Háskóla Íslands kjörnir af háskólaráði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Iðnskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá frá 5. maí 1988.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Iðnskólans í Reykjavík og er orðinn til við samruna eftirtalinna sjóða og falla skipulagsskrár þeirra þar með úr gildi.

	Kr.
Minningarsjóður Gyðu Halldórsdóttur	31 801,14
Framasjóður iðnsveina	11 222,16
Styrktarsjóður Jóns Halldórssonar	50 747,30
Skólasjóður Þorleifs Gunnarssonar	73 379,49
Menningarsjóður Helga H. Eiríkssonar	186 456,22
Áhaldasjóður Iðnskólans í Reykjavík	84 296,34
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar	101 687,16
Samtals	539 589,81

3. gr.

Gjafafé sem sjóðnum áskotnast, sameinast stofnfé hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

Áð verðlauna framúrskarandi nemendur við burtfararpróf.

Áhald- og húsbúnaðarkaup fyrir skólann.

Áð verðlauna framúrskarandi iðnaðarmenn.

Áð styrkja efnilega iðnsveina til frekara náms erlendis.

Áð styrkja efnilega nema til náms við Iðnskólann í Reykjavík.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, en $\frac{1}{3}$ af vaxtatekjum sjóðsins skal verja til þeirra verkefna er tilgreind eru í 4. gr.

6. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Fjármunum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt sem stjórn sjóðsins telur bestan.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltir endurskoðendur sjá um endurskoðun hans.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík,

Formaður skólafélags Iðnskólans í Reykjavík.

Fulltrúi tilnefndur af Kennarafélagi Iðnskólans í Reykjavík.

Sjóðurinn er í vörslu skólameistara Iðnskólans í Reykjavík.

9. gr.

Stjórnin skal halda gjörðabók sem hún löggildir og skrá í hana ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins, úthlutun og annað sjóðnum viðvíkjandi og sem máli skiptir.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu lagðar fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Verði sjóðurinn lagður niður skal það gert í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eignum hans skal varið eins og 4. gr. mælir fyrir um.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1991.**

1. gr.

Eftirlitsgjald skv. gjaldskrá nr. 470/1985, með síðari breytingum verður sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:

1. flokkur	kr. 10 000	3. flokkur	kr. 35 000
2. flokkur	kr. 20 000	4. flokkur	kr. 63 000

2. gr.

Leyfisgjöld skv. sömu gjaldskrá verða:

Leyfisgjöld:

1. flokkur	kr. 3 850	3. flokkur	kr. 11 500
2. flokkur	kr. 7 700	4. flokkur	kr. 15 400

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð eru kr. 1 200.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1990

28. desember 1990

1433

Nr. 551

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð kvenna í Hálshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Menningarsjóður kvenna í Hálshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 25 000,00, sem er framlag velvildarmanna hreppsins, og gefnar eru af hvaða tilefni sem gefendum finnst viðeigandi, svo sem minningargjöfum, áheutum og hvers kyns öðrum framlögum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávallt ávaxta í Landsbanka Íslands.

4. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn kr. 50 000,00 – fimmtíu þúsund krónur – má verja helmingi ársvaxtanna til að styrkja efnilegar stúlkur í Hálshreppi til náms, við innlenda eða erlenda skóla. Við úthlutun sé haft í huga, að styrkþegi sé fús til að námi loknu, að láta Hálshrepp njóta starfskrafta sinna eða leiðbeininga, eftir því sem ástæður leyfa og við verður komið.

Heimilt er stjórn sjóðsins, að styrkja húsfreyjur á nefndu svæði, til þess að sækja námskeið til aukinnar fræðslu í uppeldismálum, heilsuvernd og garðrækt, enda leiðbeini þær þá öðrum er heim kemur. Heimilt er og að styrkja námskeið, er haldin kynnu að verða heima á vegum húsmæðranna, og leiðbeindu, auk annars, í einum eða fleiri af ofangreindum menningarþáttum.

5. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn yfir kr. 100 000,00 – eitt hundrað þúsund krónur – má hann styrkja fleiri menningarmál kvenna á ofangreindu svæði en þau, er um getur í 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Hálshrepps og tvær konur úr Hálshreppi. Sé önnur konan valin af kvenfélagi þess hrepps, og skal hún vera formaður sjóðstjórnar, en hin konan skipuð af hreppsnefnd Hálshrepps.

Stjórn sjóðsins veitir móttöku öll því fé er til sjóðsins skal renna. Formaður skal skrá nöfn þeirra, sem sjóðinn efla, í sérstaka bók, er stofnendur sjóðsins hafa áður ritað í nöfn sín og minningargjafir. Einnig skal hann sjá um að bókin sé ávallt geymd í öruggum stað.

Stjórnin sér um reikningshald sjóðsins. Hún auglýsir í útvarpi og blöðum þeim, er hún telur hagkvæmt vera, styrkveitingar úr sjóðnum, ekki síðar en 1. ágúst ár hvert. Sjóðstjórnin metur umsóknir, úthlutar styrkjum og veitir verðlaun.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal endurskoða skipulagsskrána á 10 ára fresti. Má þá breyta henni eftir því viðhorfi, sem breyttir tímar kunna að hafa skapað. Sér til aðstoðar skal stjórnin velja tvær konur, er hún telur best hæfar til þess starfa.

Þess skal vel gætt við breytingar skipulagsskrárinnar, að upphaflegt markmið sjóðsins sé í heiðri haft.

8. gr.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega. Tilnefnir hreppsnefnd Hálshrepps tvo menn til þess.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist af Stjórnarráði Íslands.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Menningarsjóð kvenna í gamla Hálshreppi, nr. 67 frá 31. mars 1950.

Skipulagsskrá þessi staðfestir hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Borsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og líknarsjóð Kumbaravogs.

Hjónin Kristján Friðbergsson og Hanna G. Halldórsdóttir, Kumbaravogi, Stokkseyri, stofna hér með líknarsjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Menningar- og líknarsjóður Kumbaravogs.

2. gr.

Varnarþing.

Heimili sjóðsins og varnarþing er á Stokkseyri.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnendur leggja fram sem stofnfé sjóðsins 1 000 000, krónur í peningum og hlutabréfum. Það fé sem sjóðnum kann að berast fyrir 1. mars 1991 skal talið til stofnfjár.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins skulu vera arður af stofnfé, framlög, arfur og fleira og sjóðsstjórn er heimilt að ávaxta féð, á þann hátt sem hún telur bestan.

5. gr.
Hlutverk.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja hvers konar menningarstarfsemi og líknaorstörf eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar. Er heimilt að verja hvers konar tekjum sjóðsins í þessu skyni. Stofnfé má ekki skerða nema skv. 8. gr.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Í fyrstu stjórn sjóðsins skulu vera Kristján Friðbergsson, forstjóri, formaður og Hanna G. Halldórsdóttir, forstöðukona Kumbaravogi, Stokkseyri og Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri, Stardal, Stokkseyri.

Falli stjórnarmaður frá eða láti af störfum skulu þeir sem eftir eru í stjórninni tilnefna mann í hans stað samkvæmt nánari reglum um val stjórnarmanna sem fyrsta stjórn setur. Fyrsti varamaður er Halldór J. Kristjánsson, lögræðingur, Krókamyri 6, Garðabæ. Skiptir stjórnin þá sjálf með sér verkum.

7. gr.
Reikningshald og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Um bókhald sjóðsins og reikningshald skal fara eftir gildandi lögum um bókhald og góðum reikningsskilavenjum.

Reikningsskilum skal lokið fyrir 15. febrúar ár hvert og skal ársreikningurinn endurskoðaður af kjörnum endurskoðanda.

Ársreikning skal senda ríkisendurskoðanda.

8. gr.
Breyting á stofnskrá.

Ef unnið er að sérstöku stórverkefni á sviði menningar- eða líknastrarfs og sjóðsstjórn verður um það sammála má verja öllum eigum sjóðsins til þessa verkefnis og leggja sjóðinn þannig niður. Sömu leiðis má breyta skipulagsskrá þessari, ef sjóðsstjórn verður um það sammála.

9. gr.
Staðfesting.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Ennfremur skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra, ef beita skal ákvæði 8. gr.

Stokkseyri, 23. nóvember 1990.
Kristján Friðbergsson.
Hanna G. Halldórsdóttir.

Vottar:

Guðni Kristjánsson, Stardal, Stokkseyri,
Halldór J. Kristjánsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Íslandsbanka.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Íslandsbanka.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 300 þúsund krónur er haldast skal óskert.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að:

1. styðja íslenska menningu og listir.
2. veita líknarmálum framgang.
3. efla verkmenntun, vísindi og tækni.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Íslandsbanka hf., sem aðalfundur ákveður hverju sinni, vaxtatekjur og önnur framlög sem kunna að berast sjóðnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara, sem bankaráð kýs til 3ja ára í senn.

6. gr.

Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum.

7. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal endurskoðaður af skoðunar-
mönnum Íslandsbanka og birtur í ársskýrslu bankans.

9. gr.

Eingöngu aðalfundur getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða að leggja sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður, renna eignir hans til Listasafns Íslands, Háskóla Íslands og Listasafns A.S.Í. að jöfnu.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi er samþykkt á aðalfundi Íslandsbanka hf. 30. apríl 1990. Kemur hún í stað skipulagsskrár fyrir Menningarsjóð Iðnaðarbankans sem staðfest var 8. júlí 1988, en á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands hf. 17. janúar 1990 var samþykkt að réttindi og skyldur Iðnaðarbanka Íslands hf. skv. skipulagsskránni skyldu yfirferast til Íslandsbanka hf.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. apríl 1990.

Í stjórn Menningarsjóðs Íslandsbanka

Valur Valsson

Brynjólfur Bjarnason

Matthías Jóhannesson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Pors^s inn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Halldórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Halldórsson, fyrsta söngstjóra Karlakórsins Fóstbræðra, í tilefni af því að 2. nóvember 1989 eru 100 ár liðin frá fæðingu hans.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Halldórssonar.
Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Karlakórinn Fóstbræður og félag gamalla Fóstbræðra.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafafé frá stofnendasjóði Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar í Reykjavík ásamt gjöfum og framlögum frá ýmsum velunnurum Karlakórsins Fóstbræðra, samtals að fjárhæð kr. 423 570.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til eftirfarandi verkefna:
Til að rita sögu Karlakórsins Fóstbræðra.
Til að kaupa ný verk af tónskáldum til flutnings á tónleikum kórsins.
Til að efla karlakóratónmennt í landinu.
Ekki má skerða stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formaður Karlakórsins Fóstbræðra og er hann formaður sjóðsstjórnar, formaður félags gamalla Fóstbræðra og einn til viðbótar kjörinn á aðalfundi (haustfundi) Karlakórsins Fóstbræðra.

7. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum skv. 5. gr. Hún annast um bókhald og sjóðvörslu. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmasta máta að mati sjóðsstjórnar.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. september til 31. ágúst. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum kórsins og skulu birtir með reikningum kórsins á aðalfundi ár hvert.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið með samþykki allra stjórnarmanna að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða leggja sjóðinn niður enda samþykki það 75% fundarmanna á lögmatum aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra.

Fari svo að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans varið með þeim hætti, sem boðið er í 5. gr.

Leita skal heimildar dómsmálaráðuneytisins til breytinga á skipulagsskrá þessari.

9. gr.

Sjóðurinn er stofnaður skv. lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19 frá 1988.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. desember 1990.

F.h. Karlakórsins Fóstbræðra,
Björn Þorsteinsson,
formaður.

F.h. Félags gamalla Fóstbræðra,
Kristinn Hallsson,
formaður.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. — gefið út leyfisbref fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1990:

Kjósarsýsla:

Ásar á hrossaræktarbýli í landi Reykjahvols, Mosfellsbæ.

Árnessýsla:

Bjarkarhöfði á garðyrkjubýli í landi Böðmódsstaða, Laugardal.

Klettaborg á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Unnarholtskot III á nýbýli í landi Unnarholtskots, Hrunamannahreppi.

Gunnbjarnarholt á nýbýli í landi Sandlækjarkots, Gnúpverjahreppi.

Nátthagi á skógræktarbýli í landi Gljúfurs, Ölfushreppi.

Þingeyjarsýsla:

Einarsstaðir I á hluta Erlu I. Björnsdóttur í landi Einarsstaða, Reykdælahreppi.

Einarsstaðir II á hluta Einars V. Björnssonar í landi Einarsstaða, Reykdælahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Víðigerði II á smábýli í landi Víðigerðis, Hrafnagilshreppi.

Kríunes á sóttvarnarbýli í landi Hríseyjarhrepps, Hrísey.

Skagafjarðarsýsla:

Ytra-Skörðugil II á hrossaræktarbyli í landi Ytra-Skörðugils, Seyluhreppi.

Rangárvallasýsla:

Sumarliðabær III í landi Sumarliðabæjar I, Ásahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Þórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir skírteini um umferðar- og dvalarleyfi á svæði
Keflavíkurflugvallar.**

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 81/1990 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi gjaldskrá fyrir skírteini um umferðar- og dvalarleyfi á svæði Keflavíkurflugvallar:

Fyrir skírteini fyrir fastráðna starfsmenn skal greiða kr. 1 000,00, enda gildi þau í allt að 5 ár frá útgáfudegi.

Fyrir skírteini sem gilda í allt að 1 ár skal greiða kr. 500,00.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka þegar gildi.

Utanríkisráðuneytið, 31. desember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um staðfestingu aðalskipulags fyrir Hóla í Hjaltadal.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. desember 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hóla í Hjaltadal.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Hólahrepps í Skagafjarðarsýslu hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1990

31. júlí 1990

1441

Nr. 558

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfunum.

Kirkjuráð þjóðkirkju Íslands stofnar hér með til sjálfseignarstofnunar með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan og er hún sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin er sett á fót að frumkvæði kirkjuráðs og tekur til starfa 1. ágúst 1990.

2. gr.

Kirkjuráð leggur stofnuninni til sem stofnfé kr. 365 000. Ennfremur leggur kirkjuráð til stofnunarinnar firmaheitið Skálholt og blaðheitið Víðförli, en eigendur þessara heita gáfu þau þjóðkirkjunni.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að samræma útgáfumál þjóðkirkjunnar með því að annast útgáfu á fræðsluefni fyrir söfnuði landsins og stofnanir kirkjunnar, útgáfa bóka, bæklinga og tímarita þar sem kristin sjónarmið eru flutt og skýrð. Stofnunin annast ennfremur þjónustu við söfnuði og kirkjulega aðila, dreifingu og sölu fræðsluefnis, bóka og bæklinga. Einnig annast hún útvegun og sölu kirkjulegra muna og skylda starfsemi.

4. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með stofnfé og þeim eignum sem hún kann að eignast með öðrum hætti.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa níu menn, sem kjörnir skulu til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn tilnefndir af kirkjuráði. Þrír skulu ganga úr stjórn á ári, og kýs aðalfundur tvo í þeirra stað, en kirkjuráð tilnefnir hinn þriðja.

Fyrir aðalfund fyrstu tvö árin skal varpa hlutkesti um, hvaða menn úr upphaflegri stjórn skulu ganga út.

Kjörtímabil nýrra stjórnarmanna hefst að loknum aðalfundi. Stjórnin skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, auk aðalfundar. Stjórnin markar stefnu stofnunarinnar og ber ábyrgð á henni.

6. gr.

Aðalfundur stofnunarinnar skal halda fyrir 1. apríl ár hvert og er hann lögmætur er $\frac{2}{3}$ stjórnarmanna hið fæsta eru á fundi. Til aðalfundar skal boða bréfléga með hálfsmánaðar fyrirvara hið skemmsta.

Aðalfund sitja stjórnarmenn og hafa þeir þar einir atkvæðisrétt. Til aðalfundar skal auk þess boða framkvæmdastjóra stofnunarinnar og ritstjóra Víðförla og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt. Auk þess getur framkvæmdanefnd boðið öðrum til aðalfundar.

7. gr.

Að loknum aðalfundi skal senda ríkisendurskoðanda ársreikning stofnunarinnar svo og kirkjuráði og kirkjuþingi. Skipun stjórnar og breytingar á henni skal auglýsa í Lögbirtinga-
blaði.

8. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar stofnunarinnar lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar í samræmi við 12. gr.
4. Tillögur til breytinga á skipulagsskrá er fram koma.
5. Kjör tveggja manna til þriggja ára í stjórn og tilkynning um tilnefningu eins manns af hendi Kirkjuráðs til sama tíma.
6. Önnur mál.

9. gr.

Á aðalfundi er kosinn formaður, varaformaður og ritari og eru þeir jafnframt framkvæmdanefnd stofnunarinnar.

10. gr.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á daglegu starfi stofnunarinnar. Framkvæmdanefnd hefur heimild til að taka lán fyrir hönd stofnunarinnar og veðsetja eignir hennar. Framkvæmdastjóri skuldbindur stofnunina í umboði framkvæmdanefndar.

Framkvæmdanefnd ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar, að fengnum tillögum stjórnar, setur honum erindisbréf og ákveður honum laun.

11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanskárið. Um bókhald stofnunarinnar og reiknings-
skil skal fara eftir gildandi lögum um bókhald, nú lögum nr. 51, 2. maí 1968, og góðum reikningsskilavenjum.

Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og liggja frammi til athugunar fyrir stjórnarmenn viku fyrir aðalfund.

12. gr.

Ef hagnaður verður af starfsemi stofnunarinnar, skal honum varið til eflingar hennar í samræmi við 3. grein.

13. gr.

Verði ákveðið að leggja Kirkjuhúsið – Skálholtsútgefuna niður, skulu allar eigur stofnunarinnar renna til líknarmála á vegum þjóðkirkjunnar eða annarra verkefna hennar eftir nánari ákvörðun stjórnar og kirkjuráðs. Slit stofnunarinnar geta ekki átt sér stað nema með samráði stjórnar og kirkjuráðs.

14. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi meirihluta atkvæða stjórnar. Ákvæðum 12. 13. og 14. greinar má þó ekki breyta.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá skulu hafa borist framkvæmdanefnd viku fyrir aðalfund og skulu liggja frammi ásamt reikningum sjálfseignarstofnunarinnar.

15. gr.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár Útgáfunnar Skálholts nr. 566 dags. 30. september 1981 og skipulagsskrár Kirkjuhússins nr. 143 dags. 1. mars 1983.

16. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. júlí 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 1990:

I. ÍSLENDINGAR:

1. janúar:

Ágúst Bjarnason, fv. skrifstofustjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að söngmálum.
Almar Grímsson, lyfsali, formaður Krabbameinsfélags Íslands, Hafnarfirði, riddarakross fyrir störf að heilbrigðismálum.

Frú Ásdís Sveinsdóttir, Egilsstöðum, riddarakross fyrir störf að fræðslu- og félagsmálum kvenna.

Frú Auður Laxness, Gljúfrasteini, Mosfellsbæ, riddarakross fyrir störf að menningarmálum.

Baldvin Tryggvason, sparisjóðsstjóri, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf að menningar- og sparisjóðsmálum.

Bogi Pétursson, fv. verkstjóri, Akureyri, riddarakross fyrir störf að æskulýðsmálum.

Eyþór Þórðarson, fv. kennari, Neskaupstað, riddarakross fyrir störf að skóla- og félagsmálum.

Friðrik Pálsson, forstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að markaðsmálum sjávarútvegsins.

Garðar Cortes, óperusöngvari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að tónlistarmálum.

Guðmundur Guðmundsson (Erró), listmálari, París, riddarakross fyrir málaralist.

Jón Tómasson, fv. stöðvarstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir embættis- og félagsmála-störf.

Ólafur Skúlason, biskup Íslands, Reykjavík, stjarna stórriddara fyrir störf að kirkjumálum.

Óli M. Ísaksson, verslunarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að atvinnumálum.

Pálína R. Kjartansdóttir, forstöðukona, Hveragerði, riddarakross fyrir störf að manneldismálum.

Pétur Sigurgeirsson, biskup, Reykjavík, stórkross fyrir störf að kirkjumálum.

Dr. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að uppeldis- og kennslumálum.

Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri ÍSÍ, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að íþróttamálum fatlaðra.

Sveinbjörn Sigurðsson, byggingameistari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að byggingarmálum.

Dr. Puriður J. Kristjánsdóttir, prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu kennaramenntunar.

14. júní:

Helgi Tómasson, listdansstjóri, San Francisco, stórriddarakross fyrir listdans.

17. júní:

Ásgrímur Kristjánsson, fv. yfirsíldarmatsmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að gæðamálum íslenskra sjávarafurða.

Björn Hermannsson, tollstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Björn Sigurbjörnsson, dr. phil., Vínarborg, riddarakross fyrir vísindastörf.

Friðgeir Guðjónsson, ráðsmaður, Holti í Pistilfirði, riddarakross fyrir störf í þágu landbúnaðar og fjallskila.

Gréta Bachmann, þroskaþjálfari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að málefnum þroskaheftra.

Gunnar W. Jóhannsson, forstöðumaður, Frankfurt, riddarakross fyrir landkynningarstörf.

Hannes Pétursson, skáld, Álftanesi, riddarakross fyrir ritstörf.

Helgi Bergs, fv. bankastjóri, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf að bankamálum.

Hulda Valtýsdóttir, blaðamaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að skógræktarmálum.

Jón G. Tómasson, borgarritari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að sveitarstjórnarmálum.

Séra Jónas Gíslason, vígslubiskup, Garðabæ, riddarakross fyrir störf að kirkjumálum.

Ólafur E. Ólafsson, fv. kaupfélagsstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að mannúðar- og félagsmálum.

Rut Ingólfssdóttir, fiðluleikari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að tónlistarmálum.

Sigríður Haraldsdóttir, hússtjórnarkennari, Reykjavík, riddarakross fyrir fræðslustörf.

Sigurður Pétur Björnsson, fv. bankaútibússtjóri, Húsavík, riddarakross fyrir störf að félags- og bankamálum.

Sigurður Helgason, forstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að flugsamgöngum.

Tómas Árni Jónasson, læknir, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að heilbrigðismálum.

Valtýr Hákonarson, fv. skrifstofustjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að siglingamálum.

Valur Valsson, bankastjóri, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir störf að bankamálum.

Þór Guðjónsson, fv. veiðimálastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að lax- og silungsveiðimálum.

25. júní:

Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, Reykjavík, stórriddarakross fyrir embættisstörf.
Helgi Ágústsson, sendiherra, London, riddarakross fyrir embættisstörf.

10. september:

Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi, Bruxelles, riddarakross fyrir embættisstörf.

II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR:

10. janúar:

Paul Zkovsky, hljómsveitarstjóri, Bandaríkjunum, riddarakross.
Guðmundur-Albert Arnason, Edmonton, Kanada, riddarakross.

22. janúar:

Arnfinn Straume, forstjóri, Bradford, Englandi, stórriddarakross.
Conrad Clausen, ritstjóri og kennari, Noregi, riddarakross.
Edvard Befring, prófessor, Noregi, riddarakross.

20. apríl:

John W. Gott, forstjóri, Englandi, riddarakross.
Yukio Taniguchi, prófessor, Osaka, Japan, riddarakross.
Dr. Kurt Jaksch, prófessor, Austurríki, riddarakross.
Nils Erik Magnus Lönnroth, prófessor, Svíþjóð, stórriddarakross með stjörnu.

25. júní:

Sir William Heseltine, drottningarritari, London, Englandi, stórkross.
Sir Richard R. Best, sendiherra, Englandi, stórkross.

Greifafrú af Airlie, hirðmey, London, Englandi, stórkross.

Sir Robert Fellowes, varadrottningarritari, London, Englandi, stórriddarakross með stjörnu.

Sir Paul Greening, yfirmaður starfslíðs drottningar, London, Englandi, stórriddarakross með stjörnu.

Lady Susan Hussey, hirðmey, London, Englandi, stórriddarakross með stjörnu.

Robin Janvrin, blaðafulltrúi, London, Englandi, stórriddarakross.

Norman Blacklock, líflæknir, London, Englandi, stórriddarakross.

Brian McGrath, ritari hertogans of Edinborg, London, Englandi, stórriddarakross.

John Garnier, skipstjóri Britannia, London, Englandi stórriddarakross.

Timothy Elworthy, flugstjóri, London, Englandi, stórriddarakross.

James Beaton, lífvörður, London, Englandi, stórriddarakross.

David Walker, hermálafulltrúi, London, Englandi, riddarakross.

Dominic Asquith, aðstoðarmaður ráðherra, London, Englandi, riddarakross.

Alper Mehmet, sendiráðsritari, London, Englandi, riddarakross.

Caroline Gibson, sendiráðsritari, London, Englandi, riddarakross.

Philip Leadbetter, hermálafulltrúi, London, Englandi, riddarakross.

Frú Graham Coulson, skrifstofustjóri, London, Englandi, riddarakross.

Elizabeth Pearce, ritari, London, Englandi, riddarakross.

Michael Parker, aðstoðarmaður drottningarritara, London, Englandi, riddarakross.

Michael Jephson, skrifstofustjóri, London, Englandi, riddarakross.

Helen Spiller, ritari, London, Englandi, riddarakross.

Richard Griffin, lífvörður, London, Englandi, riddarakross.

Claire Sillars, ritari, London, Englandi, riddarakross.

3. ágúst:

Philip M. Mitchell, prófessor, Ithaca, Bandaríkjunum, riddarakross.

22. ágúst:

Jörgen Kier Nielsen, deildarstjóri, Aarhus, Danmörku, riddarakross.

Helena Kadecková, prófessor, Prag, Tékkóslóvakíu, riddarakross.

Lars Svensson, dósent og ritstjóri, Svíþjóð, riddarakross.

Dr. Gad Rausing, forstjóri, Svíþjóð, stórriddarakross með stjörnu.

Pieter J.H. Jonkman, sendiherra, Hollandi, stórkross.

29. ágúst:

Jacques Mellick, sjávarútvegsráðherra, París, Frakklandi, stórkross.

Edwige Avice, varautanríkisráðherra, París, Frakklandi, stórkross.

André Gadaud, prótókollstjóri, París, Frakklandi, stórriddarakross með stjörnu.

Jacques Blot, forstöðumaður Evrópudeildar utanríkisráðuneytisins, París, Frakklandi, stórriddarakross með stjörnu.

Caroline de Margerie, deildarstjóri, París, Frakklandi, stórriddarakross með stjörnu.

Christine Cottin, deildarstjóri, París, Frakklandi, stórriddarakross með stjörnu.

Philippe Méchain, ofursti, París, Frakklandi, stórriddarakross.

Jacques Mer, sendiherra, París, Frakklandi, stórriddarakross.

Dematteis Raymond, deildarstjóri, París, Frakklandi, stórriddarakross.

Mauroy Alan, fulltrúi, París, Frakklandi, riddarakross.

Jérôme Cauchard, fulltrúi, París, Frakklandi, riddarakross.

Francis Soutric, fulltrúi, París, Frakklandi, riddarakross.

Denis Roux, höfuðsmaður, París, Frakklandi, riddarakross.

10. september:

Jacques Santer, forsætisráðherra, Luxembourg, stórkross.
 Marc Fischbach, kennslumálaráðherra, Luxembourg, stórkross.
 Robert Goebbels, efnahagsmálaráðherra, Luxembourg, stórkross.
 René Steichen, menningarmálaráðherra, Luxembourg, stórkross.
 Georges Wohlfahrt, varautanríkisráðherra, Luxembourg, stórkross.
 Edouard Molitor, sendiherra, Luxembourg, stórkross.
 Albert Hansen, ríkisráðsritari, Luxembourg, stórkross.
 Paul Mertz, ráðuneytisstjóri, Luxembourg, stórkross.
 Erna Hennicot-Schoepges, þingforseti, Luxembourg, stórkross.
 Paul Peters, prótókollstjóri, Luxembourg, stórriddarakross með stjörnu.
 Jean-Jacques Kasel, deildarstjóri, Luxembourg, stjarna stórriddara.
 Alphonse Berns, deildarstjóri, Luxembourg, stórriddarakross með stjörnu.
 Georges Santer, deildarstjóri, Luxembourg, stórriddarakross með stjörnu.
 Lex Roth, blaðafulltrúi, Luxembourg, stórriddarakross með stjörnu.
 Frú Guy Schleder, hirðmey, Luxembourg, stórriddarakross með stjörnu.
 Henri Ahlborn, hirðmaður, Luxembourg, stórriddarakross með stjörnu.
 Prosper Jacques, forseti Hæstaréttar, Luxembourg, stórriddarakrossmeð stjörnu.
 Georges Thorn, forseti ríkisráðs, Luxembourg, stórriddarakross með stjörnu.
 Frú Lydie Wurth-Polfer, borgarstjóri, Luxembourg, stórriddarakrossmeð stjörnu.
 Claude May, starfsmannastjóri hirðarinnar, Luxembourg, stórriddarakross.
 Gaston Gengler, prófessor, Luxembourg, stórriddarakross.
 Yves Spautz, varaprótókollstjóri, Luxembourg, stórriddarakross.
 Paul Reiles, safnstjóri, Luxembourg, stórriddarakross.
 Ferdinand Kohn, forstjóri, Luxembourg, stórriddarakross.
 Charles Bourq, ofursti, Luxembourg, stórriddarakross.
 Alzin René, ofursti, Luxembourg, stórriddarakross.
 Nicholas Muller, ofursti, Luxembourg, stórriddarakross.
 Georges Hausemer, ferðamálastjóri, Luxembourg, stórriddarakross.
 Gilbert Trausch, sagnfræðingur, Luxembourg, stórriddarakross.
 Robert Biwer, liðsforingi, Luxembourg, riddarakross.
 Ernest Michels, deildarstjóri, Luxembourg, riddarakross.
 Roland Pinnel, framkvæmdastjóri, Luxembourg, riddarakross.
 Georges Calteux, forstöðumaður, Luxembourg, riddarakross.
 Gilbert Meyer, flugvallarstjóri, Luxembourg, riddarakross.
 Pierre Meyrath, forstjóri, Luxembourg, riddarakross.
 Georges Fondeur, borgarritari, Luxembourg, riddarakross.
 Frú A. Bakhes, deildarstjóri, Luxembourg, riddarakross.
 André Siebenbour, bæjarstjóri, Bascharage, Luxembourg, riddarakross.
 Aloyse Nosbush, bæjarstjóri Clervaux, Luxembourg, riddarakross.
 Jos Scheuer, bæjarstjóri Echternach, Luxembourg, riddarakross.
 Rhett Sinner, bæjarstjóri Roodt-sur-Syre, Luxembourg, riddarakross.

19. október:

Carl Öhmann, forstjóri, Helsinki, Finnlandi, stjarna stórriddara.

5. desember:

Ingegerd Fries, fræðimaður, Svíþjóð, stórriddarakross.
 Dr. Kurt Schier, prófessor, Þýskalandi, stórriddarakross.
 Dr. Otto Gschwantler, prófessor, Austurríki, riddarakross.

EMBÆTTI OG SÝSLANIR.

1989:

3. október var Peter G. Naschitz skipaður kjöræðismaður Íslands með aðalræðis-
mannsstigi í Tel Aviv.

3. nóvember var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Sigríður Eysteinsdóttir, megi starfa
sem lyfjafræðingur hér á landi.

8. nóvember var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Sigrún Ellertsdóttir, megi starfa
sem lyfjafræðingur hér á landi.

17. nóvember var Óskari Þór Jóhannssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að
stunda almennar lækningar hér á landi.

28. nóvember var dr. Jörgen Pind skipaður forstöðumaður Orðabókar Háskólans um
fjögurra ára skeið frá 1. janúar 1990 að telja. Jafnframt var Ásta Svavarsdóttir, cand. mag.,
skipuð sérfræðingur við Orðabókina frá 1. ágúst 1990 að telja.

5. desember var Estrid Brekkan skipuð til þess að vera deildarstjóri í utanríkisráðuneyt-
inu frá 1. desember 1989 að telja.

19. desember var Jóhannesi Alberti Sævarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings
fyrir héraðsdómi.

S.d. var Hönnu Láru Helgadóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðs-
dómi.

S.d. var Gunnari Kristni Guðmundssyni, cand. med. et chir., veitt almennt lækningaleyfi
hér á landi.

S.d. var Kristjáni Sturlaugssyni, tryggingastærðfræðingi, veitt að hans eigin ósk, lausn frá
störfum sem deildarstjóri endurskoðunardeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá og með 1.
mars 1990.

20. desember var Birni Einarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í
öldrunarlækningum hér á landi.

21. desember skilaði Tryggvi Viggósson, héraðsdómsslögmaður og löggiltur fasteignasali,
leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu sem út var gefið 13. maí 1988 og fellur því niður frá
þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

22. desember var gefin út löggilding handa Sigurbirni Skarphéðinssyni, til þess að vera
fasteigna- og skipasali.

S.d. var Guðmundi Sigþórssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda
almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Gunnlaugi Pétri Nielsen, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda
almennar lækningar hér á landi.

28. desember var eftirtöldum læknum, sem náð hafa 75 ára aldri, veitt leyfi til þess að
reka lækningastofur frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1990: Karli Strand, Ólafi
Tryggvasyni, og Þorgeiri Gestssyni.

S.d. var Snorra P. Snorrassyni, yfirlækni, veitt lausn frá störfum sem yfirlæknir lyflæknis-
deildar Landspítalans frá og með 1. janúar 1990, fyrir aldurs sakir.

S.d. var Gyrit Hagman, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar
lækningar hér á landi.

1990:

2. janúar var gefið út leyfisbréf handa fil. kand. Kristjáni Sturlaugssyni, til þess að mega
starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir líftryggingarfélag.

9. janúar var Rolf Hanssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannholdslækn-
ingum hér á landi.

15. janúar var Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Lárusi L. Blöndal, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Elínu Sigrúnu Jónsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þórdísi Bjarnadóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. janúar var Magnúsi Thoroddsen, fyrrverandi hæstaréttardómara, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

22. janúar var gefið út veitingarbréf handa séra Sjöfn Jóhannesdóttur, fyrir Djúpa-vogsprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi, frá 1. febrúar 1990 að telja.

23. janúar var Bolla Bjarnasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Erlu Dís Axelsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Önnu Kjartansdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

25. janúar var Pétri Bjarna Magnússyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

26. janúar var Erlingi Þorsteinssyni, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu, sbr. 26. gr. læknalaga nr. 53/1988, frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1990.

S.d. var dr. Ágúst Einarsson skipaður prófessor í rekstrarhagfræði og skyldum greinum við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1990 að telja.

S.d. var Helgi Skúli Kjartansson skipaður dósent í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. október 1989 að telja.

S.d. var Jón Hnefill Aðalsteinsson fil. dr., skipaður dósent í þjóðfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1990 að telja.

S.d. var Karli Ágústi Úlfarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómalækningum hér á landi.

1. febrúar var Valgerði Baldursdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barna- og unglíngageðlækningum hér á landi.

S.d. var Ríkharði Sigfússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

S.d. var Valþóri Stefánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

2. febrúar var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Regína Hallgrímsdóttir, megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

5. febrúar var Sigurjón Arnlaugsson skipaður lektor í tannvegsfræði við tannlæknadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1990 að telja.

9. febrúar var Kára Knútssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Jón Bragi Bjarnason skipaður prófessor við efnafræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. janúar 1989 að telja og Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor við eðlisfræðiskor raunvísindadeildar frá 1. mars 1989 að telja.

12. febrúar var Karitas Halldóru Gunnarsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

14. febrúar var Tryggva Gunnarssyni, héraðsdómsslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Unu Þóru Magnúsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

16. febrúar var gefin út löggilding handa Guðmundi Þórðarsyni, héraðsdómslögmanni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Hrafnhildi Soffíu Guðbjörnsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Kristjáni Kárasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Stefáni Sörenssyni veitt lausn frá embætti háskólaritara við Háskóla Íslands frá 1. september 1990 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Kjartani Jóhannssyni veitt lausn frá dósentstöðu í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1990 að telja, að hans eigin ósk.

19. febrúar var Jóni Benediktssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Úlfari Þórðarsyni, lækni, veitt heimild til þess að reka læknastofu, frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1990.

21. febrúar var Gyrit Hagman, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

S.d. var Davíð Þór Björgvinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þorsteini Birni Gíslasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ágústi Oddssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Gunnari Guðmundssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Hrefnu Guðmundsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ólafi Thorarensen, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

22. febrúar var Ársæll Jónsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósent (37%) í almennri lyflæknisfræði við tannlæknadeild Háskóla Íslands frá 1. mars 1989 til 31. ágúst 1992.

28. febrúar var Egill Á. Jacobsen, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir í þvagfæraskurðlækningum við handlækningadeild Landspítalans frá og með 1. febrúar 1990.

S.d. var Sigurður B. Þorsteinsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósent (37%) í lyflæknisfræði við læknaeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1990 að telja. Ennfremur hafa eftirtaldir lækna verið skipaðir í lektorsstöður (37%) í líffærafræði og skyldum greinum við læknaeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1990 að telja: Bjarni A. Agnarsson, Hróðmar Helgason, Ólafur Grétar Guðmundsson og Sigurður Thorlacius.

2. mars var Ricardo Castro Calvo skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Costa Rica.

5. mars var Guðrún Pétursdóttir skipuð dósent við námsbraut í hjúkrunarfræði í læknaeild Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1989 að telja.

8. mars var dr. Hjalti Hugason skipaður dósent í kristnum fræðum og trúarbragðasögu við Kennaraháskóla Íslands frá 1. nóvember 1989 að telja. Ennfremur hefur Gunnsteinn Gíslason verið skipaður lektor í myndmennt við Kennaraháskólann frá 1. ágúst 1990 að telja.

S.d. var Kristmundi B. Ásmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum hér á landi.

S.d. var Þóri S. Njálssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lýtalækningum hér á landi.

9. mars var Þorsteinn Gylfason, dósent, skipaður prófessor í heimspeki við heimspeki-deild Háskóla Íslands frá 1. maí 1989 að telja. Ennfremur hefur Hjaltal Þórarinssyni, prófessor, verið veitt lausn frá embætti prófessors í handlæknisfræðum við læknadeild Háskóla Íslands frá 15. september 1990 að telja, að hans eigin ósk.

15. mars var gefin út staðfesting á því að Ágúst Guðmundsson, viðskiptafræðingur, fullnægi skilyrðum til þess að vera fasteigna- og skipasali.

19. mars var Þórólfi Guðnasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

3. apríl var Bjarna Kristjánssyni veitt lausn frá stöðu rektors Tækniskóla Íslands frá 1. september 1990 að telja að hans eigin ósk. Ennfremur hefur Helga Jónssyni verið veitt lausn frá kennarastöðu við skólann frá 1. ágúst að telja að hans eigin ósk.

S.d. var dr. Ólafi Halldórssyni veitt lausn frá sérfræðingsstöðu við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi frá 31. desember 1990 að telja að hans eigin ósk.

5. apríl var Ásgeiri Thoroddsen, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Guðmundi Jónssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

9. apríl var sr. Birgi Ásgeirssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Mosfellsprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. maí 1990 að telja.

10. apríl var Sigurbirni Magnússyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ólöfu Finnsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ásgeiri Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. apríl var Hörður H. Bjarnason skipaður sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. mars 1990 að telja.

S.d. var Róbert T. Árnason skipaður sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júní 1990 að telja.

S.d. var gefin út löggilding handa Sæberg Þórðarsyni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

18. apríl var gefið út veitingarbréf handa séra Jóni Þorsteinssyni, fyrir Mosfellsprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi, frá 1. maí 1990 að telja.

20. apríl var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Páll Snæbjörnsson, megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Guðrún Dóra Gísladóttir, megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

24. apríl var gefin út löggilding handa Sigríði Kristinsdóttur, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

25. apríl var gefin út staðfesting á því að Sigurður Örn Sigurðarson, fullnægi skilyrðum til þess að vera fasteigna- og skipasali.

26. apríl var Sigríði Logadóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Árna Ármanni Árnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jón Eiríksson skipaður til að gegna stöðu fastráðins sérfræðings við jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá 1. mars 1990 að telja.

27. apríl var gefin út löggilding handa Ásdísi Þórðardóttur, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

30. apríl var Salome Ástu Arnadóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Georgi Steinþórssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

2. maí var gefin út staðfesting á því að Sigurður Hjaltason fullnægi skilyrðum til þess að vera fasteigna- og skipasali.

4. maí var sr. Árna Pálssyni veitt lausn rá embætti sóknarprests í Kársnesprestakalli í Reykjavíkúrprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. júní 1990 að telja.

S.d. var sr. Erni Bárði Jónssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Grindavíkúrprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. ágúst 1990 að telja.

4. maí var Sólveigu Benjamínsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

7. maí var tveimur dýralæknum veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi þeir eru: Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson.

8. maí var Helga R. Magnússyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Guðmundi Jóhanni Olgeirssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

11. maí var sr. Sighvati Birgi Emilssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Ásaprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 15. júlí 1990 að telja.

S.d. var Helga Haraldsson, lektor, skipuð dósent í rússnesku við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. apríl 1990 að telja. Ennfremur hefur Gunnar Gunnarsson verið skipaður lektor í alþjóðastjórnsmálum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1990 að telja.

15. maí var Katrínu Harðardóttur cand. med. vet., veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

S.d. var Guðbrandur Steinþórsson, byggingaverkfræðingur, skipaður rektor Tækniskóla Íslands frá 1. september 1990 að telja.

18. maí var Svavari Jónatanssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Ungverjalands með aðalræðismannsstigi í Reykjavík.

S.d. var Margrét H. Sigurðardóttir, viðskiptafræðingur, skipuð til þess að vera deildarstjóri endurskoðunardeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá og með 1. júní 1990 að telja. Jafnframt hefur henni verið veitt lausn frá störfum deildarstjóra félagsmála- og upplýsingadeildar sömu stofnunar frá og með sama tíma að telja.

22. maí var Adólfi Adólfssyni, bæjarfógeta í Bolungarvík, veitt lausn frá embætti frá 1. júní 1990 að telja.

S.d. var Matthíasi Halldórssyni að eigin ósk, veitt lausn frá störfum sem heilsugæslulæknir á Hvammstanga frá og með 1. júlí 1990 að telja.

29. maí var Ursulu Lore Schaaber, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi. Jafnframt er fellt niður sérfræðileyfi í svæfingum og deyfingum sem henni var veitt 16. apríl 1984, í samræmi við þá meginreglu að lækni sé óheimilt að vera sérfræðingur í fleiri en einni aðalsérgrein samtímis.

S.d. var Jóni Brynjólfssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

S.d. var Elíasi Ólafssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum með taugalífedlisfræði sem undirgrein hér á landi.

S.d. var Sigurlaugu Margréti Karlsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

S.d. var gefin út löggilding handa Auði Hauksdóttur til þess að vera dómtúlkur og skjalapýðandi á og úr dönsku.

S.d. var gefin út löggilding handa Halldóru Jónsdóttur til þess að vera dómtúlkur og skjalapýðandi á og úr dönsku.

1. júní var gefin út löggilding handa Sigurði Sigurjónssyni, héraðsdómslögmanni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Sigurbirni Birgissyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. júní voru eftirtaldir lækna skipaðir í hlutastöður (37%) við læknadeild Háskóla Íslands til fimm ára frá 1. júlí 1990 að telja: Baldur F. Sigfússon í stöðu dósents í geislalæknisfræði; Gunnar Gunnlaugsson í stöðu dósents í handlæknisfræði, staðan er bundin við Borgarspítalann í Reykjavík; Gunnar Sigurðsson í stöðu dósents í lyflæknisfræði, sérgrein innkirtlasjúkdómar; Jón Þorsteinsson í stöðu dósents í lyflæknisfræði, sérgrein gigtarsjúkdómar; Ólafur Steingrímsson í stöðu dósents í syklafræði; Páll Þórhallsson í stöðu dósents í líffærameinafræði og Þorvaldur Veigar Guðmundsson í stöðu dósents í meinefnafræði.

S.d. var Þorvarði Brynjólfssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

11. júní var gefin út löggilding handa Sverri Kristjánssyni, fasteignasala, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Oddi Gunnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

13. júní var Ingibjörgu Hinriksdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. júní var Benedikt Jónssyni, veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

15. júní var Trausti Þorsteinsson skipaður fræðslustjóri í Norðurlandsumdæmi eystra frá og með 1. júní 1990 að telja.

S.d. var Karli K. Andersen, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

18. júní var Sturlu Arinbjarnarsyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Hauki Hjaltasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Karli Logasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Árna Scheving Thorsteinssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

20. júní var gefið út veitingarbréf handa Hirti Hjartarsyni, guðfræðingi, fyrir Ásaprestakalli í Skaftafellssprófastsdæmi, frá 15. júlí 1990 að telja til 1. júlí 1992.

21. júní var Vigfúsi Ö. Þorsteinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í meinefnafræði sem hliðargrein við blóðmeinafræði hér á landi.

28. júní var Jens Magnússyni, lækni, að eigin ósk veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Vopnafirði frá og með 10. september 1990 að telja.

S.d. var Jón Marvín Jónsson skipaður kjöræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Seattle.

29. júní var gefin út löggilding handa Geir Sigurðssyni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Jóhann Ág. Sigurðsson, læknir, settur til þess að vera héraðslæknir Reykjanes-héraðs og Ólafur H. Oddsson, læknir til að vera héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra frá og með 1. júlí til 31. desember 1990.

2. júlí var gefið út veitingarbréf handa séra Jóni Ísleifssyni, fyrir Árneprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi, frá 1. júlí 1990 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa Sigríði Guðmarsdóttur, guðfræðingi, fyrir Staðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. júlí 1990 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa Sigurði Kr. Sigurðssyni, guðfræðingi, fyrir Setbergsprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, frá 1. júlí 1990 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa Ægi Fr. Sigurgeirssyni, fyrir Kársnesprestakalli í Reykjavíkurrófastsdæmi, frá 1. júlí 1990 að telja.

4. júlí var Kristínu J. Geirmundsdóttur, veitt tímabundið leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi. Leyfið er til 30. september 1990.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Jónu Kristínu Porvaldsdóttur, fyrir Grindavíkurrprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi, frá 1. ágúst 1990 að telja.

11. júlí var Helga Jóhannessyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóni Ingvari Pálssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. júlí var Skúli G. Johnsen, borgarlæknir, settur til þess að vera héraðslæknir í Reykjavíkurlæknishéraði, skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1990, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, frá og með 1. júlí til og með 31. desember 1990 að telja.

20. júlí var gefin út löggilding handa Gunnari Gunnarssyni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Einari Stefáni Björnssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Lilju Sigrúnu Jónsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

23. júlí voru eftirtaldir læknar skipaðir í stöður við Háskóla Íslands: Brynjólfur Mogensen og Tryggvi Þorsteinsson í hlutastöður (37%) lektora í slysalækningum. Brynjólfur til fimm ára frá 1. júlí 1990 að telja, en Tryggvi til þriggja ára frá sama tíma að telja; Þór Eysteinnsson Ph.D., í stöðu dósents (50%) í lífeðlisfræði til fimm ára frá 1. júlí 1990 að telja; Guðmundur Þorgeirsson, í hlutastöðu dósents (37%) í lyfjafræði tímabilið 1. febrúar 1990 til 30. júní 1991; Jón Ólafur Skarphéðinsson í dósentsstöðu í lífeðlisfræði við námsbraut í hjúkrunarfræði frá 1. október 1989 að telja.

S.d. var eftirtöldum prófessorum við Háskóla Íslands veitt lausn frá embætti, samkvæmt eigin ósk: Bjarna Sigurðssyni, prófessor í guðfræðideild, frá 16. september 1990 að telja og Jóni Guðnasyni, prófessor í sagnfræði við heimspekideild, frá 1. október 1990 að telja. Ennfremur hefur Bergsteinn Jónsson verið skipaður prófessor í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. mars 1990 að telja.

26. júlí var gefið út takmarkað og tímabundið leyfi handa Peter J. Constable, til að starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir Alþjóða líftryggingafélagið hf. til og með 31. desember 1992.

27. júlí var Guðna Á. Haraldssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

30. júlí var Ólafi Birgi Árnasyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

31. júlí var gefin út löggilding handa Gunnari Jóhanni Birgissyni og Gísla Gíslasyni, til þess að vera fasteigna- og skipasalar.

2. ágúst var Árni Bragason, jurtaerfðafræðingur, skipaður í stöðu forstöðumanns Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá.

13. ágúst var Jónas Guðmundsson, fulltrúi, skipaður til þess að vera bæjarfógeti í Bolungarvík frá 1. september 1990 að telja.

14. ágúst var Kristjáni G. Kjartanssyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Nepal með aðalræðismannsstigi á Íslandi með aðsetur í Reykjavík.

15. ágúst var Guðjón Magnússon, dr. med., settur til þess að vera deildarstjóri í ráðuneytinu frá og með 1. september 1990 til jafnlengdar næsta ár. Hann er jafnframt settur til þess að gegna störfum skrifstofustjóra og staðgengils ráðuneytisstjóra.

16. ágúst var Stefán Þórarinnsson, heilsugæslulæknir, skipaður til þess að vera héraðs-læknir Austurlandshéraðs frá og með 1. júlí 1990 til jafnlengdar 1994.

S.d. var Matthías E. Halldórsson, læknir, settur til þess að vera aðstoðarlandlæknir frá og með 1. ágúst til og með 31. október 1990 í leyfi skipaðs aðstoðarlandlæknis.

S.d. var Borghildi Einarsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

21. ágúst var Elínu Ólafsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í meinefnafræði hér á landi.

22. ágúst var Geir H. Guðmundsson, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir við heilsugæslustöð Miðbæjar, Reykjavík, frá og með 1. september 1990 að telja. Jafnframt hefur honum verið veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Ísafirði frá og með sama degi.

27. ágúst var Hildi Einarsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. ágúst var Ottó Guðjónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

S.d. var Maríu Sigurðardóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingalæknisfræði hér á landi.

29. ágúst var Steen Magnúsi Friðrikssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi að eigin ósk.

S.d. var Bergþóru Sigurðardóttur, lækni, að eigin ósk veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Ísafirði frá og með 1. september 1990 að telja.

4. september var gefið út veitingarbréf handa séra Pálma Matthíassyni, fyrir Bústaða-prestakalli í Reykjavíkúrprófastsdæmi, frá 1. september 1990 að telja.

5. september skilaði Lárus Bjarnason, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

6. september var Sigmundi Hannessyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur, skipuð til þess að vera skrifstofustjóri 1. stigs í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. október 1990 að telja.

S.d. var Svanhvit Jakobsdóttir, viðskiptafræðingur, skipuð til þess að vera deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. október 1990 að telja.

11. september var Ingibjörgu Bjarnardóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Gylfa Birgissyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

14. september var Gérard Dabrinay að eigin ósk veitt lausn frá störfum sem kjöræðismaður Íslands í Lyon.

S.d. var Kjartani Borg veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Thailands með ræðismannsstigi á Íslandi með aðsetur í Reykjavík.

18. september var Sigríði Eysteinsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. september var gefið út veitingarbréf handa séra Gunnari Björnssyni fyrir Holtaprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi, frá 1. október 1990 að telja.

S.d. var sr. Stefáni Lárussyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Oddaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. janúar 1990 að telja.

20. september var Ólafi Björnssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ingolf J. Petersen, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Mosfellsumdæmis, Mosfells Apóteks, Mosfellsbæ, frá og með 1. september 1990.

24. september var Ásgeiri Magnússyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Pálmar Breiðfjörð, Kristjana Skúladóttir, Pétur Sigurður Gunnarsson, Hulda Harðardóttir, Eydís Sigvaldadóttir og Jónína Salóme Jónsdóttir, megi starfa sem lyfjafræðingar hér á landi.

1. október var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Einar Birgir Haraldsson, megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

5. október var Skúli G. Johnsen, læknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Reykjavík frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember 1994.

12. október var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Fanney Ásgeirsdóttir, megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

15. október var Jónasi Gíslasyni, vígslubiskupi, veitt lausn frá prófessorsembætti við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1990 að telja, að eigin ósk.

16. október var Ingolf J. Petersen, lyfjafræðingi, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti skrifstofustjóra lyfjamáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá og með 1. janúar 1991 að telja.

18. október var Kristínu J. Geirmundsdóttur, veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Guðbjarti Hólmi Guðbjartssyni, veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

24. október var Hróbjarti Jónatanssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Arnari Sigfússyni og Jóni Hauki Haukssyni, lögfræðingum, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. október var Jónasi Guðmundssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

31. október var Sigurði Sigurjónssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

1. nóvember var framlengd setning Matthíasar E. Halldórssonar, læknis, til þess að vera aðstoðarlandlæknir frá og með 1. nóvember 1990 til og með 31. júlí 1991, í leyfi skipaðs aðstoðarlandlæknis.

2. nóvember var gefin út löggilding handa Árna Haraldssyni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

8. nóvember var gefið út takmarkað og tímabundið leyfi handa Neil Hilary, f. 24. maí 1952, til að starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir Reykvíska líftryggingu hf. til og með 31. desember 1991.

9. nóvember var Sigurbirni Sveinssyni, lækni, að eigin ósk veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis í Búdardal frá og með 1. janúar 1991 að telja.

S.d. var Árna Vilhjálmssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

13. nóvember var Ágúst Oddsson, heilsugæslulæknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir Vestfjarðahéraðs, frá og með 1. nóvember 1990 til 30. júní 1994.

14. nóvember var Vilborg Ingólfssdóttir, skipuð í stöðu yfirhjúkrunarfræðings hjá landlæknisembættinu frá og með 1. janúar 1991 að telja.

15. nóvember var Magnúsi Páli Albertssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í handarskurðlækningum sem undirgrein við bæklunarskurðlækningar hér á landi.

S.d. var Jóhann R. Benediktsson, cand. jur. skipaður til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember 1990 að telja.

S.d. var Þórður Ægir Óskarsson, M.A. skipaður til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember 1990 að telja.

S.d. var Guðni Bragason, M.A. skipaður til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember 1990 að telja.

S.d. var Gréta Gunnarsdóttir, LL.M. skipuð til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember 1990 að telja.

26. nóvember var Jóni G. Briem, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

SKRÁ

hlutafélagatilkynninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1990.

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Ábati hf., Reykjavík	76	Aust-fiskur hf., Neskaupstað	2
Actus hf., Reykjavík	81	Austurgarður hf., Selfossi	71
Aðallagnir hf., Kópavogi	58	Austurver hf., matvöruverslun, Reykjavík	79
Ágúst hf., Reykjavík	40	Ávaxtasalan hf., Reykjavík	80
Akurbú hf., Fellahreppi, Norður-Múlasýslu	74	Axis húsgögn hf., Kópavogi	40
Akurgull hf., Fellahreppi, Norður-Múlasýslu	76	B.G. Baldursson hf., Þorlákshöfn	36
Al-virki hf., Keflavík	40	Bakarið Kringlan hf., Húsavík	83
Álfasteinn hf., byggingafélag, Reykjavík	80	Bakkabræður hf., Reykjavík	1
Almanak hf., Gullbringu- og Kjósarsýslu	1	Bedco hf., Reykjavík	1
Almenna varahlutasalan hf., Reykjavík	73	Benedikt Sigurðsson hf., Ísafirði	81
Almenna verkþjónustan hf., Reykjavík	42	Bergey hf., Hofsósi	58
Almenna lögfræðistofan hf., Reykjavík	106	Bergís hf., Seltjarnarnesi	165
Álnir hf., Reykjavík	57	Bergreisur hf., Garði	37
Alvörur hf., Reykjavík	56	Betra líf hf., Seltjarnarnesi	38
Ameríska búðin hf., Reykjavík	2	Bifreiðasala Íslands hf., Reykjavík	81
Amtec hf., Reykjavík	78	Bifreiðastöð Borgarness hf., Borgarnesi	36
Annríki hf., Reykjavík	37	Bifreiðastöðin Stefni hf., Akureyri	74
AOS hf., Akranesi	38	Bifreiðaverkstöð Egils Arnar hf., Kópavogi	42
Ára hf., Reykjavík	76	Bifreiðaverkstæði Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum	78
Áramót hf., Reykjavík	74	Bílabónus hf., Reykjavík	37
Arðsýn hf., Stykkishólmi	36	Bílahöllin hf., Reykjavík	25
Ares hf., Reykjavík	114	Bílakjör hf., Reykjavík	37
Argentína steikhús hf., Reykjavík	2	Bílaland hf., Reykjavík	80
Argisól byggingakerfi hf., Reykjavík	84	Bílaleigan Geysir hf., Reykjavík	37
Arnarsel hf., Reykjavík	74	Bílaleigan Höfði hf., Garðabæ	165
Árskógur hf., Reykjavík	43	Bílapartar hf., Kópavogi	78
Árval hf., Reykjavík	79	Bílaport hf., Reykjavík	102
Ásakjör hf., Grundarfirði	80	Bílar og vélar hf., Vopnafirði	81
Ásheimar hf., Reykjavík	162	Bílasalan Bílamiðstöðin hf., Reykjavík	44
Auðunn Guðmundsson hf., Reykjavík	37	Bílasalan Ós hf., Akureyri	37
		Bílaver hf., Akureyri	42

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Bílgrip hf., Reykjavík	26	Cesar hf., Kópavogi	106
Bílval hf., Kópavogi	83	Danskis hf., Reykjavík	74
Birga hf., Hvolsvelli	2	Dettifoss hf., Akureyri	78
Birgir R. Gunnarsson hf., Reykjavík	42	Djúpfiskur hf., Reykjavík	40
Bjargver hf., Þorlákshöfn	44	Dregg hf., Akureyri	162
Bjarki hf., Ólafsvík	2	Dyngjan hf., þrjóna- og saumastofa, Egilsstöðum	114
Bjarni Ó. Pálsson hf., Fellabæ, Norður-Múlasýslu	102	Dýri hf., Þingeyri	74
Bjórhöllin hf., Reykjavík	84	Dyrós hf., Stokkseyri	36
Bláfell-Heimaland hf., Reykjavík	26	Dæluskip hf., Siglufirði	44
Blikk og bílar hf., Fáskrúðsfirði	74	E.D.S. hf., Reykjavík	81
Blóm og listmunir hf., Reykjavík	36	E.V.C. hf., Reykjavík	161
Blómahafið hf., Reykjavík	26	Eðalmálun hf., Reykjavík	36
Bókbandsstofan Flatey hf., Reykjavík	80	Edmund hf., Reykjavík	40
Bókhald og endurskoðun hf., Seyðisfirði	162	Efli hf., Seltjarnarnesi	161
Bókhaldstofa Djúpavogs hf., Djúpavogi	2	Efnagerðin Lyngholt hf., Reykjavík	38
Bókhaldsþjónustan Örninn hf., Kópavogi	2	Efnaland Vík hf., Vestur-Skaftafellssýslu	160
Bólholt hf., Fellabæ, Norður-Múlasýslu	2	Efnissala Guðjóns E. Jóhannssonar hf., Reykjavík	57
Bólsturlínan hf., Reykjavík	37	Egill Kristjánsson hf., Reykjavík	38
Borgargarðurinn hf., Reykjavík	161	Egyptar hf., Reykjavík	38
Borgarhús hf., Grímsnesi	42	Eignaumboðið hf., Reykjavík	36
Borgarkringlan hf., Reykjavík	42	Einar Ágústsson og Co. hf., Reykjavík	38
Borgartak hf., Reykjavík	44	Einkatölvan hf., Reykjavík	37
Brauðstofa Áslaugar hf., Reykjavík	29	Eltrón hf., Akureyri	57
Braut hf., Reykjavík	37	Endurskoðun og reikningsskil hf., Reykjavík	162
Brekkuval hf., Reykjavík	102	Endurskoðun & ráðgjöf hf., Reykjavík	162
Brim hf., útflutningur, Reykjavík	76	Endurskoðunarskrifstofa ÞPJ hf., Reykjavík	162
Búðaverk hf., Laxárdalshreppi, Dalasýslu	97	Endurskoðunarskrifstofa Þorkels Skúlasonar hf., Kópavogi	42
Burðarás hf., Reykjavík	42	Endurskoðunarstofan hf., Reykjavík	57
Byggingafélagið Kambur hf., Hafnarfirði	81	Engihlíð hf., Ólafsvík	42
Byggingafélagið Viðar hf., Reykjavík	76	Englabörninn hf., Reykjavík	1
Byggingar hf., Reykjavík	2	Enskuskólinn hf., Reykjavík	84
Byggingarfélag Flateyrar hf., Flateyri	1	Ess hf., Reykjavík	36
Byggingarfélagið Brekka hf., Reykjavík	162	Eyrarkjör hf., Suðureyri	80
Bæjarbakarí hf., Hafnarfirði	162	Eyarmöl hf., Eyrarbakka	113

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
F.O.R.T.E. hf., Reykjavík	26	Frjálst útvarp hf., Kópavogi	25
Fagtré hf., Keflavík	161	Fróðamjöl hf., Patreksfirði	114
Fagverk hf., Akureyri	79	Fróði hf., Reykjavík	25
Fálkaflug hf., Reykjavík	37	Fylling hf., Hólmavík	80
Fasteigna- og firmasalan Ódal hf., Kópavogi	73	Fyrirtækjamiðstöðin hf., Reykjavík	37
Fatagerðin Flík hf., Reykjavík . . .	161	Fæði fyrir alla hf., Kópavogi	113
Ferðamiðstöðin Veröld hf., - Veraldarferðir, Reykjavík	25	G. Ingason hf., Seltjarnarnesi	42
Ferðaþjónustan Húsafell hf., Hálsahr., Borgarfjarðarsýslu	80	G. Halldórsson hf., Reykjavík	74
Ferskur miðill hf., Kópavogi	37	G. Kjartansson hf., Reykjavík	81
Festa hf., Akureyri	26	G.H. heildverslun hf., Garðabæ	40
Fisco hf., Reykjavík	37	G.K. Sigurðsson hf., Reykjavík	36
Fiskbúðin Strandgötu 11B hf., Akureyri	57	Gagnamiðlun hf., Akureyri	162
Fiskiðjan Dvergarsteinn hf., Seyðisfirði	162	Gala, tiskuhús hf., Reykjavík	74
Fiskiðjan Ísbjörg hf., Ólafsfirði . . .	26	Galdrastál hf., Kópavogi	73
Fiskverkun Hilmars og Odds hf., Keflavík	38	Garðahús hf., Garðabæ	57
Fiskverkunin Assa hf., Kópavogi . . .	73	Garðaskjól hf., Garðabæ	44
Fiskverkunin Þór hf., Grindavík . . .	114	Garðurinn hf., Garðabæ	106
Fiskvík hf., Reykjavík	162	Garson hf., Reykjavík	68
Fiskvinnslan Hildur hf., Ólafsvík . . .	162	Gerðabakki hf., Garði, Gerðahreppi	76
Fiskvinnslan Paskó hf., Porlákshöfn	2	Geymsluþjónustan hf., Reykjavík . . .	162
Fiskvísir hf., Reykjavík	38	GG byggingarfélag hf., Neskaupstað	2
Fit hf., Hafnarfirði	57	Gibo hf., Akureyri	42
Fjallalamb hf., Kópaskeri	162	Gjóra hf., Reykjavík	36
Fjölmynd hf., Reykjavík	56	gks hf., Reykjavík	56
Fjöldnemar hf., Reykjavík	29	Gláma hf., Skagaströnd	81
Fjölvirki hf., Djúpavogi	40	Glaxo North Europe Limited, útibú á Íslandi, Reykjavík	114
Fjörður hf., Seyðisfirði	74	Glerslípun- og speglagerð hf., Reykjavík	37
Fjörgyn hf., Akureyri	57	Glófi hf., Akureyri	37
Fjörúkráin hf., Hafnarfirði	81	GP húsgögn hf., Hafnarfirði	2
Flatkökugerðin hf., Reykjavík	2	Grafít hf., Reykjavík	162
Flatkökugerðin hf., Reykjavík	37	Grásteinn hf., Siglufirði	1
Flugvélar hf., Reykjavík	161	Grenax hf., Reykjavík	58
Forverk hf., Reykjavík	71	Grensásbakari hf., Garðabæ	38
Frábær, auglýsingastofa Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði	106	Grímur hf., vélaverkstæði, Húsavík . . .	102
Framköllun hf., Reykjavík	43	Grjótnes hf., Reykjavík	78
Framrás hf., Vík, Mýrdal	38	Græna torgið hf., Reykjavík	25
Framverk hf., Reykjavík	42	Grænás hf., Njarðvík	38
Fremri hf., Akureyri	37	Gunnar Bernhard hf., Reykjavík	43
Frjáls miðlun hf., Reykjavík	81	Gunnarshólmi hf., Reykjavík	2
		Gylfi Konráðsson hf., Reykjavík	81
		H. & S. byggingaverktakar, Hilmar og Sveinbjörn hf., Rvík	83

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
H.G.S. hf., Akureyri	42	Hólabrú hf., Innri-Akraneshreppi,	
H-Grund hf., Hafnarfirði	37	Borgarfjarðarsýslu	162
H. Gæðamjöl hf., Hvammstanga . .	36	Höllenska verslunarfélagið hf.,	
H-kaup hf., Hafnarfirði	42	Reykjavík	164
H-prent hf., Ísafirði	114	Hótel Valaskjálfr hf., Egilsstöðum . .	37
Háagerði hf., Höfðahverfi,		Hóтелиð Sigtúni 38 hf., Reykjavík . .	97
Austur-Húnavatnssýslu	25	Hraðréttir hf., Reykjavík	42
Hafnarstræti 18 hf., Reykjavík . . .	25	Hugbúnaðarfélag Íslands hf.,	
Hagbakki hf., Siglufirði	57	Reykjavík	162
Hagráð hf., Reykjavík	80	Hugform hf., Keflavík	57
Hagstál hf., Hafnarfirði	102	Hugrún hf., Reykjavík	40
Halldór Ólafsson hf., Akureyri . . .	40	Hugsjón hf., Reykjavík	80
Hamar og sög hf., Akureyri	2	Húsakaup hf., Reykjavík	68
Hamrabúð hf., Reykjavík	114	Húsberg hf., Garðabæ	161
Hárgreiðslustofan Möggurnar		Húsbyrgi hf., Reykjavík	2
í Mjódd hf.,		Húseignir og skip hf., Reykjavík . .	57
Reykjavík	162	Húsfélagið Laugavegur 10 hf.,	
Harrý hf., Seltjarnarnesi	160	Reykjavík	25
Háteigur hf., Reykjavík	34	Húsgagnaverslunin Útskálar hf.,	
Héðinn Schindler lyftur hf.,		Reykjavík	164
Reykjavík	38	Húsverk Reyðarfjarðar hf.,	
Heiðar hf., Akureyri	78	Reyðarfirði	84
Heildverslunin G. Haraldsson hf.,		Húsvísk matvæli hf., Húsavík	56
Kópavogi	36	Hvellur hf., Kópavogi	40
Heildverslunin Kristall hf.,		Höfðabakki hf., Vestmannaeyjum .	40
Reykjavík	80	Hönnun og ráðgjöf hf., Reyðarfirði .	79
Heildverslunin Rín hf.,		I & T hf., Reykjavík	24
Reykjavík	161	Iðnmark erlendis hf., Reykjavík . .	25
Heillaráð hf., Kópavogi	106	Iðntak hf., Vestmannaeyjum	38
Heimilisdeildin hf., Garðabæ	162	Iðntölvutækni hf., Hafnarfirði . . .	37
Helluskeifur hf., Hellu	113	Index hf., Reykjavík	113
Hér og nú hf., Reykjavík	73	Inko hf., Reykjavík	37
Herradeild P.Ó. hf., Reykjavík . . .	162	Innheimtur og ráðgjöf hf.,	
Herrafataverslun Birgis hf.,		Hafnarfirði	34
Reykjavík	36	Innkaupasamband bóksala	
Hesteyri 2 hf., Sauðárkróki	38	– blaðadreifing hf., Reykjavík . .	160
Hillingar hf., Reykjavík	76	Innréttingar og húsgögn hf.,	
Hlébarðinn hf., Fellahreppi	160	Hafnarfirði	73
Hlér hf., Reykjavík	58	Inntak hf., Reykjavík	83
Hlíðabakari hf., Reykjavík	29	Ísafjarðarleið hf., Ísafirði	164
Hljóðtækni hf., Reykjavík	2	Ísfax hf., Kópavogi	2
Hljómco hf., Reykjavík	57	Ísfell hf., Hafnarfirði	40
Hljómplötuútgáfan Steinar hf.,		Ísfold hf., Reykjavík	73
Kópavogi	68	Ísfugl hf., Mosfellsbæ	26
Hlýri hf., Garði, Gerðahreppi	74	Ískort hf., Reykjavík	74
HM verktakar hf., Keflavík	164	Íslandsstál hf., Kópavogi	162
Hnífsdælingur hf., Ísafirði	164		
Hóf hf., Reykjavík	113		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Íslensk almannatengsl hf.,		Kaup hf., Reykjavík	1
Reykjavík	36	Kinn hf., Vestmannaeyjum	1
Íslensk bókadreifing hf., Reykjavík	29	Kirna hf., Reykjavík	97
Íslensk dreifing hf., Reykjavík	74	Kjarabót hf., Húsavík	160
Íslensk matvælaframleiðsla hf.,		Kjarnafæði hf., Akureyri	38
Reykjavík	25	Kjörbúðin Stórholti 16 hf.,	
Íslensk vörudreifing hf., Reykjavík	74	Reykjavík	25
Íslensk-alþjóða verslunarfélagið hf.,		Kjötheimar hf., Hafnarfirði	162
Reykjavík	160	Kjötsalurinn hf., Reykjavík	84
Íslenska kvikmyndasamsteypan hf.,		Klóí hf., Reykjavík	81
Reykjavík	113	Knarrareyri hf., Húsavík	36
Íslenska saltfélagið hf., Hafnahreppi,		Kolaportið hf., Reykjavík	2
Gullbringusýslu	76	Kolli hf., Stykkishólmi	29
Íslenskar múrvörur hf., Akranesi	106	Kóngsbakki hestasala hf.,	
Íslenskar vélar hf., Bessastaðahreppi,		Reykjavík	81
Kjósarsýslu	1	Kostur hf., Reykjavík	80
Íslenski barnabókaklúbburinn hf.,		Kraftlýsi hf., Djúpavogi	56
Reykjavík	36	Kranabílar Viðars hf.,	
Íslenski hlutabréfasjóðurinn hf.,		Reykjavík	76
Reykjavík	80	Kringlukráin Kringlunni 4 hf.,	
Íslenski lúðubankinn hf.,		Reykjavík	162
Hafnahreppi, Gullbringusýslu	160	Kristileg fjölmiðlun hf.,	
Íslenskt bergvatn hf., Reykjavík	80	Reykjavík	106
Íslenskt-franskt eldhús hf.,		Krossanes hf., Akureyri	73
Reykjavík	40	Krosshamrar hf., Reykjavík	74
Íslenskur ferskfiskur hf.,		Kæliverk hf., Akureyri	57
Ytri-Njarðvík	114		
Ísmúr hf., Reykjavík	25	L.B. Bárðarson hf., Reykjavík	81
Ísólfur hf., Reykjavík	1	Lagarbær hf., Fellahreppi,	
Ísráð hf., - Íslensk ráðgjöf,		Norður-Múlasýslu	73
Reykjavík	42	Lakktækni hf., Hafnarfirði	44
Ísteka hf., Reykjavík	164	Landssjóður hf., Reykjavík	80
Ítalska verslunarfélagið hf.,		Largo hf., Húsavík	29
Reykjavík	106	Látur hf., Reykjavík	113
J.A.P. hf., Reykjavík	73	Laugarverk hf., Laugarvatni	37
J.B. Óskarsson hf.,		Laxalind hf., Reykjavík	1
Þorlákshöfn	36	Leiguflug hf., Reykjavík	106
J.P. innréttingar og húsgögn hf.,		Lh-tækni hf., Reykjavík	162
Reykjavík	114	Lindarskip hf., Reykjavík	56
J.R. hf., Reykjavík	42	Líney hf., Reykjavík	42
Jara hf., Reykjavík	37	Lit-rit hf., Reykjavík	24
Jarðefnasalan hf., Reykjavík	114	Litla ískompaníið hf., Reykjavík	161
Jeppaumboðið hf., Kópavogi	114	Liturinn hf., Reykjavík	74
Jón Jóhannsson hf., Ásmundar-		Ljósþær hf., Garðabæ	38
stöðum, Rangárvallasýslu	80	Lón hf., fiskimjölverksmiðja,	
Jónco hf., Akureyri	38	Vopnafirði	160
Júpítér hf., Bolungarvík	29	Luna fiskframleiðsla hf., Reykjavík	56

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Lögfræðimiðstöðin hf., Seltjarnarnesi	40	Norðurveiðar hf., Keflavík	76
Lögfræðistofan Ármúla 13A hf., Reykjavík	76	Norðurvélar hf., Keflavík	76
Lögsókn hf., Reykjavík	161	Nortran hf., Reykjavík	162
Magnús hf., Flateyri	44	Nýaldarbækur hf., Reykjavík	81
Magnús Gíslason hf., Akureyri	83	Nýja bakaríið Patreksfirði hf., Patreksfirði	165
Málningarþjónustan hf., Selfossi	83	Nýsmíði hf., Reykjavík	161
Málningarþjónustan Höfn hf., Mosfellsbæ	84	Oddaflug hf., Reykjavík	37
Markaðs- og tölvuráðgjöf hf., Reykjavík	161	Ógú hf., Reykjavík	165
Mas hf., Reykjavík	102	Ólafur hf., Reykjavík	160
Máttur hf., Reykjavík	56	Opus hljómplötur hf., Reykjavík	2
Máttur, sjúkraþjálfun hf., Reykjavík	76	Orðtak hf., Hvammstanga	160
Matvöruverslunin Áskjör hf., Reykjavík	56	Ósdekk hf., Blönduósi	37
Matvöruverslunin, Kleppsvegi 150 hf., Reykjavík	36	Óseyri 3 hf., Akureyri	161
Md vélar hf., Hafnarfirði	58	Óskar Kristjánsson hf., Reykjavík	113
Menn og mýs hf., Reykjavík	80	Óson hf., Reykjavík	106
Miðaprentun hf., Reykjavík	162	Ottó B. Arnar hf., Reykjavík	161
Miðás hf., Egilsstöðum	162	PP hf., Reykjavík	58
Milljón hf., Akureyri	84	P.J. verktakar hf., Mosfellsbæ	29
Mínúta hf., Reykjavík	162	Pappírspokagerðin hf., Reykjavík	26
Mjólkurbú Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði	30	Parvík hf., Reykjavík	1
Móhús hf., Reykjavík	29	Pesco hf., Reykjavík	42
Múlatangi hf., Reykjavík	79	Peso hf., Hafnarfirði	79
Múrvangur hf., Mosfellsbæ	79	Pottur hf., Reykjavík	162
Myndform hf., Hafnarfirði	40	Prentbær hf., Hafnarfirði	76
Myndið hf., Hafnarfirði	2	Pöntunarfélag Eskfirðinga hf., Eskifirði	83
Myndir hf., Akureyri	76	R. Sigurðsson hf., Reykjavík	2
Nafir hf., Grenivík	38	Ráðgarður, skiparáðgjöf hf., Reykjavík	83
Neisti hf., Innri-Akraneshreppi	79	Ráðgjöf Kaupþings hf., Reykjavík	97
Nestjörn hf., Reykjavík	43	Raf-verktak hf., Hafnarfirði	79
Neta- og veiðafæragerðin hf., Siglufirði	106	Rafha hf., Hafnarfirði	80
Netagerð Aðalsteins hf., Ólafsvík	76	Rafsel hf., Selfossi	57
Netanálar og stokktré hf., Reykjavík	42	Rafsól hf., Reykjavík	40
Nordberg hf., Reykjavík	36	Rafsýn hf., Akranesi	164
Norðurborg hf., Grímsey	57	Raftækniþjónusta Trausta hf., Reykjavík	42
Norðurraf hf., Þórshöfn	26	Ragnar Guðmundsson hf., Reykjavík	29
Norðurvangur hf., Seltjarnarnesi	44	Reiðskólinn hf., Reykjavík	160
		Rekstur og ráðgjöf hf., Reykjavík	74
		Rekstur og stjórnun hf., Reykjavík	56
		Reyr hf., Hafnarfirði	74
		Riko hf., Reykjavík	165

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Risna hf., Reykjavík	40	Skyggna-myndverk hf., Reykjavík	1
Rjómaísgerðin hf., Kópavogi	109	Sleipnir sport Ísland hf., Garðabæ	1
Rjúpnafell hf., Reykjavík	76	Smíðshöfði 6 hf., Reykjavík	24
S.S. hús hf., Hafnarfirði	1	Snasi hf., Reykjavík	161
Sabroe á Íslandi hf., Kópavogi	44	Snjóbolti hf., Reykjavík	2
Sagaplast hf., Akureyri	29	Snorrabúð hf., Reykjavík	81
Saltkaup hf., Grindavík	74	Snorrabúð hf., Reykjavík	164
Sam-útgáfan hf., Reykjavík	37	Softís hf., Reykjavík	162
Samleið hf., Kópavogi	83	Sólbakki hf., Keflavík	83
Samstarf hf., Hafnarfirði	56	Spjaldhagi hf., Reykjavík	40
Sebra hf., Reykjavík	76	Sportklúbburinn hf., Reykjavík	106
Sel hf., Reykjavík	76	Stakkafell hf., Patreksfirði	162
Seljavík hf., Patreksfirði	25	Stakksvík hf., Keflavík	162
Selshús hf., Reykjavík	38	Stálbær hf., Reykjavík	83
Semoco hf., Reykjavík	40	Stáliðjan hf., Kópavogi	106
Sendibílastöð Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði	2	Stálís hf., Reykjavík	38
Sérleyfisbílar Suðurfjarða hf., Breiðdalshreppi	42	Stálspyrnan hf., Viðvíkurhreppi, Skagafirði	106
Sess hf., Reykjavík	81	Stefanel á Íslandi hf., Reykjavík	161
Seyðir hf., Kópavogi	58	Stefánssynir hf., Reykjavík	160
Siglfirska útgáfufélagið hf., Siglufirði	37	Steinar, músik og myndir hf., Kópavogi	68
Sigurður Eggertsson hf., Reykjavík	83	Steinbogi hf., Fellahreppi, Norður-Múlasýslu	25
Silfurbúðin hf., Reykjavík	43	Steind hf., Reykjavík	75
Silkiprent hf., Reykjavík	26	Steinunn hf., Ólafsvík	114
Sjálfskiptingabjónustan hf., Kópavogi	43	Stelpur hf., Reykjavík	42
Sjúkravörur hf., Reykjavík	114	Stétt hf., Reykjavík	81
Sjúkrabjálfun Reykjavíkur hf., Reykjavík	102	Steypusalan Síló hf., Neskaupstað	56
Skagaplast hf., Akranesi	74	Stimplagerðin hf., Reykjavík	81
Skagfirðingur hf., Sauðárkróki	44	Stjörnuljós hf., Vogum	161
Skagi hf., Gerðahreppi, Gullbringusýslu	160	Strandarsíld hf., Seyðisfirði	25
Skeiðarás hf., Garðabæ	97	Straumvirki hf., Reykjavík	84
Skeljaklettur hf., Hvammstanga	106	Studioblóm hf., Reykjavík	25
Skíðaskálinn hf., Reykjavík	37	Suzuki bílar hf., Reykjavík	38
Skilti hf., Kópavogi	26	Sveinbjörn Sigurðsson hf., Reykjavík	102
Skilvís hf., Reykjavík	42	Sýnis hf., Reykjavík	83
Skíma hf., Hafnarfirði	42	Sæco hf., Kópavogi	73
Skipabrautin hf., Njarðvík	43	Sælingur hf., Keflavík	81
Skipavarahlutir hf., Reykjavík	113	Sæsteinn hf., Reykjavík	162
Skipulag hf., Reykjavík	38	Sögin hf., Reykjavík	26
Skjöldurinn hf., Reykjavík	36	T.V. hf., tækniþjónusta, verktakar, Reykjavík	58
Skurðstofur Reykjavíkur hf., Reykjavík	58	Tannsi hf., Reykjavík	42
		Táp og fjör hf., Egilsstöðum	26

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Tengi hf., Kópavogi	42	Útgerðarfélagið Knörr hf.,	
Tengivirki hf., Akureyri	109	Vestmannaeyjum	42
Teppaverslun Friðriks Bertelsen hf.,		Útgerðarfélagið Reykey hf.,	
Reykjavík	164	Barðastrandarhreppi	78
Tindur hf., Ólafsvík	76	Útgerðarfélagið Samstaða hf.,	
Títan hf., Reykjavík	36	Höfn, Hornafirði	25
Tó hf., Reykjavík	76	Útgerðarfélagið Stakkavík hf.,	
Tónlistarmiðstöðin hf.,		Eyrarbakkafr., Árnessýslu	80
Reykjavík	102	Útgerðarfélagið Tungufell hf.,	
Torgið hf., Siglufirði	73	Ólafsvík	161
Trésmiðja Péturs Jóhannes		Útgerðarfélagið Vík hf., Keflavík	34
sonar hf., Reykjavík	40	Útgerðarfélagið Þórdís hf.,	
Trésmiðjan Tak hf., Akureyri	81	Blönduósi	34
Trévangur hf., Reyðarfirði	73	Útfararþjónustan hf., Reykjavík	76
Túndra hf., Reykjavík	76	Úthald hf., Reykjavík	42
Turn hf., Reykjavík	42		
Tveir og hálfur hf., Reykjavík	79	Valkaup hf., Reykjavík	161
Týra hf., Reykjavík	161	Vanir menn hf., Reykjavík	36
Tækni- og verkþjónustan hf.,		Vatnafang hf., Skagafirði	114
Reykjavík	42	Vatnagarðar 16 hf., Reykjavík	162
Tækniveröld hf., Akranesi	162	Vatnshreinsun hf., Reykjavík	162
Tölur og tónar hf., Reykjavík	106	Vatnsrúm hf., Reykjavík	114
Tölvubankinn hf., Reykjavík	161	Vattarnes hf., Reykjavík	38
Tölvukort hf., Reykjavík	25	Veidihúsið Sportver hf.,	
Tölvuleiga Reykjavíkur hf.,		Hafnarfirði	161
Reykjavík	162	Veislu-risið hf., Reykjavík	42
Tölvuskóli Austurlands hf.,		Veisluhöllin hf., Reykjavík	73
Egilsstöðum	26	Veisluskálinn hf., Reykjavík	37
Tölvuskóli Reykjavíkur hf.,		Veitingahúsið Hafnargötu 30 hf.,	
Reykjavík	76	Keflavík	25
Tölvuverslun Reykjavíkur hf.,		Veitingaskálinn Dalur hf.,	
Reykjavík	34	Reykjavík	109
Tölvuþjónusta Vestfjarða hf.,		Vélavörur hf., Bessastaðahreppi,	
Patreksfirði	76	Kjósarsýslu	1
		Vélgrafan hf., Selfossi	79
Umboðs- og þjónustuverslun S. Sig-		Vélsmiðja Húnvetninga hf.,	
urdssonar hf., Hafnarfirði	26	Blönduósi	164
Umfang hf., Reykjavík	114	Vélsmiðja Suðurnesja hf., Njarðvík	84
Úranus hf., Reykjavík	102	Vélvirki hf., Dalvík	106
Útey hf., Garðabæ	42	Verðbréfafélag Alþýðubanka hf.,	
Útgerðarfélagið Brúnás hf.,		Reykjavík	102
Ólafsvík	161	Verðbréfamarkaður Fjárfestingar-	
Útgerðarfélagið Dan hf., Flateyri	83	félagsins hf., Reykjavík	44
Útgerðarfélagið Hella hf.,		Verk hf., Reykjavík	161
Hellissandi	113	Verkás hf., Kópavogi	81
Útgerðarfélagið Ísgull hf.,		Verkfræðistofa Guðmundar og	
Reykjavík	106	Kristáns hf., Reykjavík	76

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Verklag hf., Reykjavík	83	Vöruflutningar Sveins Stefánssonar	
Verknet hf., Reykjavík	40	hf., Ólafsfirði	165
Verksteypan hf., Reykjavík	113		
Verslunartækni hf., Reykjavík	113	Yl-eining hf., Reykholti,	
Verslunin Bezt hf., Reykjavík	43	Árnessýslu	56
Verslunin Dunhagi hf., Reykjavík	74	Ynja hf., Akureyri	106
Verslunin Feimý hf., Seltjarnarnesi	25		
Verslunin Vera hf., Mosfellsbæ	165	Þel hf., Sauðárkróki	74
Vesturbakki hf., Borgarnesi	83	Þema hf., Reykjavík	57
Viðskipta- og málaskólinn hf.,		Þingholt hf., Reykjavík	37
Reykjavík	60	Þorgrímur Eiríksson hf., Reykjavík	34
Viðskiptatengsl hf., Reykjavík	2	Þorkell og Helgi hf., Reykjavík	2
Víking-brugg hf., Akureyri	81	Þrír fálkar hf., Kópavogi	161
Víkurlón hf., Grindavík	1	Þvottatækni hf., Seyðisfirði	162
Vinaminni hf., Ísafirði	106		
Víóra hf., Reykjavík	58	Æfing hf., Sauðárkróki	83
Vísnes hf., Reykjavík	42		
Vogaverk hf., Vogum	161	Öðlingur hf., Vestmannaeyjum	106
Vonarneisti hf., Reykjavík	79	Önfirðingur hf., Flateyri	81
Vörubílar og vélar hf., Reykjavík	76	Örkin hans Nóa hf., Akureyri	81
Vörubretti hf., Hafnarfirði	37	Öskjuhlíð hf., Reykjavík	36
Vöruflutningafélagið Drífandi hf.,			
Selfossi	71		

SKRÁ

fíratilkyninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1990.

Reykjavík:	Tbl. nr.		Tbl. nr.
3A hf.	93	Arnarfilm sf.	2
A.M.B. umboðið hf.	130	Arnarfiskur sf.	154
Ábending hf.	152	Arnarflug hf.	155
Abm umboðið hf.	150	Árnason og co. - íslenska einkaleyfa- vörumerkjastofan sf.	41
Ábót sf.	64	Árni Siemsen hf.	150
Aðalfell sf.	48	Arri hf.	150
Aðalhornið	151	Artanis sf.	49
Addís	48	Árvakur hf.	34,150
Afl sf.	66	Ása hf.	156
Akron hf.	82	Ásbak hf.	153
Akta hf.	86	Ásbjörn Ólafsson hf.	44
Al-mennt hf.	156	Aseta hf.	110
Albest hf.	61	Asiaco hf.	44
Albest hf.	53	Ástak sf.	67
Álfberg hf. - byggingarfélag	156	Atlantsál sf.	109
Álímingar	109	Áttund hf.	58
Alkunna	41	Atvik hf.	85
Almenn innheimtuþjónusta	154	Auðvitað sf.	127
Almenna bókafélagið hf.	44,133	Augað	48
Almenna máflutningsstofan sf.	49	Auglýsingastofan Hvíta húsið hf.	86,156
Almenna verkfræðistofan hf.	130	Auglýsingaþjónusta HGP sf.	6
Almennar líftryggingar hf.	153	Auris Medica hf.	64
Almennt hf.	86		
Alpa sf.	49	B.E.D.O. sf.	48
Alprent hf.	153	B.E.F.Í. heildverslun	6
Álstoð hf.	22,110	B.Ó. verktakar	2
Alþjóða líftryggingarfélagið hf.	22,150	Bakkabræður hf.	156
Ambrósía hf.	93	Bakkavör hf.	153
AMC á Íslandi hf.	110	Bákn	48
Amper hf.	150	Baldur Jónsson sf.	6
Andi sf.	116	Bananasalan hf.	86
Andrea-bókasafnsþjónusta	41	Bank hf.	34
Anginn sf.	52	Barnauppeldi	48
Annríki hf.	155	Bergbor sf.	154
Antenna í Borgarradíó	151	Bergsteinn sf.	6
Aqua hf.	110	Bernhöftsbakarí hf.	60
Ár vöruping hf.	156	Besta bón	48
Ára hf.	110	Besti fiskur	151
Árbæjarmarkaðurinn hf.	150	Betra líf sf.	6,48
Árkaup sf.	52		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Beyki sf.	151	Borg sf.	151
BHX hf.	155	Borgarblikksmiðjan hf.	81
Bifreiðaverkstæði Smára Kristóferssonar	2	Borgarkjallarinn	48
Bílaábyrgð hf.	32,133	Borgarklúbburinn/ Borgarkjallarinn	66
Bílahöllin sf.	6	Borgarkringlan hf.	64
Bílahöllin	6	Borgarleikhúsið	48
Bílaleigan Braut sf.	48	Borgarsól	111
Bílaleigan Geysir sf.	48	Borgarþrif	48
Bílamálun Reykjavíkur hf.	130,156	Borstöðin hf.	24
Bílaport	5	Borverk hf.	20
Bílasalan Besta	48	Brauðstofan Barónsstíg 20a sf.	48
Bílasalan Bílakjör	48	Brautargengi hf.	86
Bílasalan Bílatorg	6	Breiðvangur	154
Bílasalan Hlíð	109	Brim hf.	61
Bílasalan Höfðahöllin	48	Brimborg hf.	44,60,156
Bílaskálinn hf.	85	Bristol sf.	151
Bílastöðin	127	Bræðraborgarinn	2,110
Bílaumboðið hf.	20,150	Bræðurnir Ormsson hf.	150
Bílaverkstæði Óskarsson og Harðarson sf.	48	Bú hf.	112
Bílaþrif	52	Budweiser-umboðið	6
Bílberg	49	Burðarás sf.	151
Bíltex hf.	81	Búrfell hf.	133
Bíó hf.	150	Burstir hf.	64
Birkir Baldvinsson hf., fjárfestingarfélag	58,81	Byggðaverk hf.	93
Bis	6	Byggingafélagið Akkorð sf.	151
Björn og Jón sf.	6	Byggingafélagið Brú hf.	58
Björn Ólafsson hf.	110	Byggingafélagið Brún	6
Blað hf.	153	Byggingamarkaður Vesturbæjar sf.	48
Bláðamannaskóli Íslands	48	Byggingarfélagið Breiðablik hf.	156
Bláfell-Heimaland hf.	53	Central hf.	22
Blikkmeisterinn	49	Dagbókin sf.	48
Blómabúð Ragnhildar	66	Dalur, heilsumiðstöð	154
Blómabúðin Stör	154	Daníel Ólafsson hf.	150
Blómamiðstöðin hf.	53	Djúpfiskur hf.	96
Blómatorgið	48	Drangar hf.	110
Blómaval sf.	48	Draupnissjóðurinn	2
Blót sf.	52	Dreifing hf.	23,130
Bókabúðin Flatey	70	Dröfn sf.	52
Bókaútgáfan Aldamót	48	Dynjandi hf.	86
Bókaútgáfan Asór	127	Dynjandi sf.	48,127
Bónus-bitinn	111	E. Arnar og co. sf.	64
Bónus-útgáfan	116	ECO sf.	48
Bónusborgarinn	154	Eðalverk sf.	48
Bónuskjallarinn	52	EDC Evrópska hvolpakamiðstöðin	66
Borðinn hf.	85		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Edda hf.	20,150	Fasteignasalan Húsafell hf.	61
EFFEMM	48	Fasteignasalan Kringlan, fasteignamiðlun	154
Efli hf.	33	Fasteignasalan Ódal sf.	127
Efna miðstöðin hf.	93	Fasteignaver hf.	155
Egill Árnason hf.	44	Fatabúðin hf.	86
Egill Árnason hf., - Parketval	64	Fatahreinsunin Hreinn sf.	52,66
Egill Guttormsson - Fjölval hf.	44	Faxaból	2
Egill Jacobsen hf.	23	Féfang hf.	20,150
Eiðfaxi hf.	133	Feldur sf.	6
Eignarhaldsfélag Verslunarbankans hf.	97,133	Fellakjör	109
Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf.	81,130	Ferðabær hf.	44
Eignarhaldsfélagið Iðnaðarbankinn hf.	81,93,130	Ferðafélag Reykjavíkur	52
Einn, tveir, þrír	110	Ferðamáskólinn	5
Eld-húsið hf.	24	Ferðamiðstöðin hf.	93
Eld-Steinn hf.	110	Ferðaskrifstofa Íslands hf.	152
Eldvarnarmiðstöðin hf.	86	Ferðaskrifstofan Áfangar hf.	20
Eldverk hf.	33	Ferðaskrifstofan Farandi hf.	93
Electric hf.	85	Ferðaskrifstofan Úrval hf.	58,61,86
Elka hf.	44	Ferðaskrifstofan Útsýn hf.	58
Endur og hendur	2	Ferdinand hf.	109
Endurskoðun og reikningshald hf.	61	Finnsk-íslenska verslunar- félagið hf.	156
Endurskoðun Sig. Stefánsson hf.	53	Fisco hf.	86
Endurskoðunarmiðstöðin hf. - N. Manscher	61,85	Fisk-verktak sf.	116
Endurskoðunarskrifstofa Björns Knúttssonar sf.	154	Fiskafurðir hf.	23,81
Endurskoðunarstofan sf.	6	Fiskbúðin Vör	64
Endurvinnslan hf.	133	Fiskbær	41
Englabörnin	2	Fisktækni hf.	81
Eric og Gunnlaugur sf.	48	Fiskvinnslan Röðull sf.	2
Eros hf.	81	Fjárfestingarfélag Íslands hf.	23,133
Ess hf.	113	Fjárfestingasjóður Sláturfélags Suðurlands	154
Etna hf.	44	Fjarhitun hf.	109
EX þökkun	48	Fjarskipti hf.	44
Extra hf.	49,85	Fjarskipti hf.	93
Eyland hf.	150	Fjórmenningar sf.	154
Faghús hf.	33	Fjölkaup hf.	23
Fagprent hf.	60	Fjölmiðlaskóli Íslands	48
Fagtækni hf.	53	Fjölmiðlun hf.	156
Fantasia	41	Fjölprent hf.	150
Farmantýr sf.	151	Fjölritunarþjónustan sf.	154
Fasteignahöllin	48	Fjölvi hf.	44
Fasteignaleigan hf.	53	Fjölþjóðasjóðurinn hf.	44,133
Fasteignasalan Austurströnd hf.	153	Flettirammur hf.	22
		Flísabúðin hf.	81
		Flugbarinn sf.	48
		Flugbúðin	66

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Flugfax hf.	86	Gallerí 8	52
Flugferðir-Sólarflug	127	Gallerí Borg hf.	156
Flugleiðir hf.	97	Gámabjónustan hf.	81
Flugmundur hf.	22,86,133	Gamla skipasalan	67
Flugskýlið sf.	48	Garbó sf.	66
Flugtak hf.	81	Garðagrjót	6
Flugtækni sf.	52	Garðar Gíslason hf.	97
Flutningafélagið Klettur hf.	61	Garðás sf.	52
Flutningsmiðlunin hf.	93	Garðás hf.	93
Foldi og Moldi sf.	154	Garðtak	154
Forvirki hf.	44	Geðverndarfélag Íslands	6
Fótaaðgerða- og snyrtistofa		Gengisbréfasjóðurinn hf.	22,48,133,150
Sophiu G. Hansen	154	Genís hf.	150
Fótaaðgerðar- og snyrtistofan Líf	70	Gerðhamrar sf.	2
Fótaaðgerðarstofa Kristínar		Gifspússning hf.	150
Jónsdóttur sf.	2	Gissur og Pálmi sf.	44,48
Framabraut sf.	109	Gistiheimilið Hótel Jörð sf.	127
Framfar hf.	22	Gjörvi hf.	23
Framfarir	127	gks hf.	86
Framköllun sf.	111	Gláma vinnustofa sf.	66
Friðrik A. Jónsson hf.	22,61	Glansinn	52
Frímann hf.	156	Glaumbar	48
Frjáls markaður hf.	93	Glerslípun- og speglagerð sf.	109
Frjálst framtak hf.	150	Glertækni hf.	131
Fróði hf.	150	Glervirki sf.	2
Frómi	6	Glit hf.	156
Frost hf.	48	Glitnir hf.	64
Frostmar hf.	93	Gló sf.	52
Frumrekstrarsjóður sf.	109	Glugginn sf.	64
Fræðslustofan sf.	52	Glæsibær sf.	2
Fyri hf.	85	Glæsiskórinn sf.	116
Fyrirsætan hf.	58	Goði hf.	93
Fyrirtækjasala Reykjavíkur	49	Gólfbúnaður	41
Föndurskólinn	127	Golfklúbbur Ness	52
Fönn hf.	156	Gramm hf.	33
G. Ben. prentstofa hf.	61	Grandi hf.	133
G. Bergmann hf.	24	Grenax hf.	93
G. Einarsson & Co. hf.	22	Greníta sf.	5
G. Haraldsson	6	Grillhúsið Kairó sf.	154
G. Hinriksson hf.	156	Gróco hf.	130
G.A.P. sf.	52	Græna línan sf.	154
G.Á. húsgögn hf.	156	Guðbrandur Jónatansson hf.	133
G.G. Ásgeirsson hf.	81	Guðjón Ó hf.	93,110,156
G.J. Fossberg vélaverslun hf.	150	Guðmundur og Kristján sf.	2
G.M. raflagnir hf.	81	Gull- og silfursmiðjan hf.	61
G.M.G. sf.	48	Gull- og silfursmiðjan Erna hf.	58
Gallerí einn einn sf.	6	Gulleyjan sf.	52
		Gullfingur hf.	44

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Gullsmíðir Bjarni og Þórarinn sf.	52	Heilsuvörur sf.	48
Gullsólf.	154	Heilsupjálfarinn -Nuddstofa	
Gullsteinn	52	Jóns Gunnars	48
Gunnar Eggertsson hf.	22	Heimaklettur hf.	33,44
Gylmir hf.	133	Heimasmiðjan	151
Gýmir sf.	154	Heimiliskaup hf.	133
Gæðasól	52	Heimsborgarar	52
H. Benediktsson hf.	44	Hekla hf.	85
H. Helgason hf.	110	Hennar hf.	34
H. Pálsson hf.	93	Herbertsprent hf.	34,150
H.P. húsgögn	154	Herrabúðin hf.	109
Habasit umboðið á Íslandi hf.	68	Herrafataverslun Reykjavíkur hf.	130
Hadda	48	Herrahúsið hf.	156
Haflind hf.	93	Hestasport sf.	49
Hafver hf.	109	Hilda hf.	113,156
Háglans	52	Hilmar og Sveinbjörn sf.	48
Hagvangur hf.	93	Hinco	66
Hagver	6	Hitagjafinn	52
Hagþing hf.	44	Hitastýring hf.	23
Halldór og Snorri sf.	64	Hjá Helgu	48
Háls-, nef- og eyrnalæknastöðin í Mjódd hf.	64	Hjal sf.	6
Hamborgarasalan	52	Hjálparstofnun kirkjunnar	154
Hampiðjan hf.	113	Hjarni hf.	61,155
Hamrafell hf.	130	Hjólbarðahöllin hf.	85
Handlist	52	Hjólheimar sf.	109
Hans Petersen hf.	156	Hleðslan sf.	48
Harald og Sigurður hf.	34	Hljóð hf., hljóðtækniráðgjöf	49
Hárgreiðslustofan Ýr	66	Hljóðdeyfikerfi hf.	150
Harpa hf.	150	Hljóðfæraverslunin Rín hf.	109
Hársnyrtistofan Hár-klass sf.	127	Hljóðfæraverslunin Samspil sf.	52
Hársnyrtistofan Höfuðlausnir sf.	154	Hljóðmynd hf.	44
Hárstofan Cortex	48	Hljóðstofan	41
Hárstúdíó Reykjavíkur	6	Hljóðtækni	48
Hávöxtunarfélagið hf.	81	Hljómsveitin Vanir menn sf.	127
Héðins-vélar hf.	93	Hlutabréfamarkaðurinn hf.	93
Heildverslun Ásgeir Sigurðsson hf.	81	Hlutabréfasjóðurinn hf.	82
Heildverslunin Bláfell	48	Hnit hf.	33
Heildverslunin Hagur hf.	112	Hótel Lind	48
Heildverslunin Jökull hf.	52	Hótel Mar hf.	150
Heildverslunin Rún hf.	44	Hótel Örk hf.	32
Heildverslunin Trax hf.	33	Hraðprentun og hönnun sf.	64
Heildverslunin Völusteinn hf.	44	Hreinn/Stuðull sf.	116
Heildverslunin Þol hf.	44	Hrókurinn	48
Heilsa hf.	133	Hugljómun sf.	52
Heilsugarðurinn hf.	33	Hugvirki hf.	130
Heilsuhúsið hf.	133	Hummelbúðin hf.	93
		Hús fyrir Epal hf.	61,81
		Hús hf.	156

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Húsafell sf.	52	Íslensk erlenda verslunarfélagið hf.	110
Húsafell hf.	93	Íslensk fjármögnunarleiga hf.	44,150
Húsakaup	48	Íslensk kynning	151
Húsakaup sf.	48	Íslensk svissneska verslunar- félagið hf.	22
Húsaklæðning hf.	153	Íslensk umslög hf.	155
Húsamálarinn sf.	52	Íslensk upplýsing hf.	93,109
Húsasmiðjan hf.	150	Íslensk-enska verslunarfélagið sf.	52
Húsaviðgerðir sf.	127	Íslensk-erlenda verslunarfélagið hf.	81
Húsgagnahöllin hf.	53	Íslensk-thailenska verslunar- félagið hf.	23
Húsgagnavinnustofa Þorsteins Sigurðssonar hf.	23	Íslenska auglýsingastofan hf.	61
Húsgögn co. sf.	127	Íslenska danska	109
Húsprýði sf.	64	Íslenska fiskeldifélagið hf.	61
Hústak sf.	154	Íslenska iðnaðarsalan hf.	24
Höfðavídeó	6	Íslenska myndverið hf.	58,61,110,156
Höfðavídeó sf.	48	Íslenska sjónvarps- félagið hf.	58,61,86,110,156
Höfuðlaun sf.	127	Íslenska útvarpsfélagið hf.	20
Hönnun hf.	133	Íslenskt bergvatn hf.	153
Hörður Sveinsson & Co. hf.	156	Íslenskt vatn hf.	133
Icecon hf.	53	Íslenskt verktak hf. - Ístak	49
Iðn-stál	5	Íslenskur fiskútflutningur hf.	81
Iðnverk hf.	60	Íslenskur innflutningur sf.	2
Íkorninn sf.	52	Ísmar hf.	81
Ilma, efnagerð	48	Ísnet hf.	61
Ilma hf.	23	Íspró hf.	110
Ingimundur hf.	44	Ísrokk hf.	130
Innkaup Ingólfs sf.	5	Ísröst hf.	93
Innkaupasamband matvörukaup- manna sf.	41	Ístan hf.	93
Innréttingar 2000 hf.	85	Ístré hf.	64
Innréttingar hf.	23,85	Ístækni hf.	156
Insúla innflutningur hf.	110		
Ís hf.	55	J.B. verk	5
Ís-trón	64	J.B. mynd sf.	41
Ís-útgáfan hf.	64	J.S. Helgason hf.	53
Ísaga hf.	133,152	Jasmín hf.	94
Ísbarinn sf.	48	JB mynd sf.	127
Ísborg	52,66	Jóció hf.	33
Ísbúðin hf.	44	Johan Rönnung hf.	97,156
Isdan hf.	109	Jói og Árni sf.	66
Ísdjúp hf.	34	Jón Sigmundsson, skartgripa- verslun hf.	60
Ísfilm hf.	150	Jón og Guðmundur sf.	154
Ísfraco heildverslun	109	Jón og Jón sf.	67
Íshöllin sf.	127	JP innréttingar sf.	127
Ískaup hf.	155	Jörfi hf.	97
Ískraftur hf.	155		
Íslandsbanki hf.	58,110		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
K. Auðunsson hf.	133	Kviksýn	48
K.J. Steingrímsson sf.	52	Kynning hf.	44
K.O.B. sf.	109	Kögur hf.	156
Kaffi-borg	48	Kökugerðin hf.	23,86
Kaffibrensla Ó. Johnson & Kaaber hf.	110	Kökur hf.	22
Kaffibætisverksmiðja Ó. Johnson & Kaaber hf.	30	Landflutningar hf.	93
Kaffihúsið Milanó	127	Landsbréf hf.	33
Kaj Pind hf., heildverslun	53	Landsbyggð hf.	152
Karl K. Karlsson & co. sf.	52	Landssmiðjan hf.	86
Karnabær hf.	86,155	Langibar	66
Kassagerð Reykjavíkur hf.	86	Laufásvegur 12 hf.	81,130
Kaup	5	Laugavegur 172 hf.	85
Kaupgarður hf.	20	Leður og feldir hf.	23,93
Keilir hf.	93	Leðurhornið	2
Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf.	2	Leðurlínan sf.	109
Kerfisfræðistofan Sel hf.	22	Leiftur hf.	22
Kína-grill	48	Leikfangaverslunin Jójó sf.	48
Kistill hf.	23	Leikfangaverslunin Jójó	49
Kjölur hf.	33	Lemuría hf.	82
Kjör hf.	60	Líbía, snyrtivöruverslun	154
Kjörbúðin Stórholti 16 sf.	5	Líftryggingafélag Íslands	154
Kjörbúðin Leirubakka	127	Líftryggingafélag Sjóvá hf.	153
Kjörbúðin Leirubakka sf.	64,67	Liljan sf.	2
Kjörfiskur sf.	41	Listar sf.	116
Kjörgarður sf.	41	Listasmíði sf.	127
Kjötbúð Vesturbæjar	2	Litgreiningastofan	48
Kjötvalið hf.	81	Litla bónstöðin sf.	48,154
Kjötver hf.	44	Litsjá sf.	154
Klassapiur sf.	48	Ljósín í bænum	127
Klipp-klipp	154	Logi sf.	66
Kornmarkaðurinn hf.	61	Lúxuskaffi	41
Kortaútgáfan hf.	22,156	Lykillinn sf.	52
Kos sf.	52	Lyngvík hf.	86,110,112
Koss hf.	22,24	Lýsing hf.	61,150
Kot hf.	93	Læknasetrið sf.	52
Kraftdælan hf.	20	Lækninga- og sálfræðistofan hf.	130
Krafttækni hf.	22,156	Lækur hf.	49
Kranaafgreiðslan hf.	58	Lögmans- og fasteignastofa Reykjavíkur hf.	110,153
Krass auglýsingastofa sf.	154	Lögmenn Höfðabakka sf.	64
Kreditkort sf.	111	Lögþing hf.	22
Kreditkort hf.	81,82	M. Jóhannsson sf.	154
Kreppan sf.	52	Magnús Haraldsson, umboðs- og heildverslun hf.	133
Krúli	48	Malbik og völtun hf.	23
Kristján Ó. Skagfjörð hf.	97,130		
Krúttkaup hf.	85		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Málflutningsskrifstofa Guðmundur		Nýja bílasalan	48
Pétursson, Pétur Guðmundarson		Nýja bílasmiðjan hf.	60
og Hákon Árnason	48	Nýja raftækjavinnustofan sf.	2
Mandala	48	Nýja sendibílastöðin hf.	22
Manila sf.	151	Nývirki hf.	113
Manus hf.	93	Næturgrillið	2
Marís hf.	86	Næturklúbburinn Amma Lú	151
Marksjóðurinn hf.	34,133,150		
Matkaup hf.	23	O. Engilberts hf.	100
Máttur hf.	97	Ó. Johnson & Kaaber hf.	110
Matvælaíðjan Bær	154	Ó.M. Þjónustan hf.	53
Matvörubúðin Íðufelli	109	Óðal	6
Matvöruverslunin Ásgarði	41	Ofnasmiðjan hf.	130
Með kaffinu sf.	6	Ól-x hf.	150
Melkorka sf.	48	Ólafur Þorsteinsson & Co. hf.	153
Metra sf.	48	Olúfélagið hf.	133
Mico sf.	67	Olúverslun Íslands hf.	61,150
Miðnætti hf.	130	Olympía sf.	127
Miðun sf.	48	Opal hf.	22
Mífa hf.	97	Óperukjallarinn hf.	133
Mikligarður hf.	93	Orðspor sf.	154
Míkró hf.	110	Orkugeislinn sf.	2
Mínus hf.	81	Orlofsdvöl hf.	44,156
Mínusmarkaðurinn hf.	81	Óskablómið sf.	6
Mitt í náttúrinni	2		
Múrtækni sf.	154	P. Árnason sf.	48
Myndamót hf.	34	Pakkhúsið sf.	52
Myndbox	52	Pakkhúskjallarinn sf.	2
Myndin	110	Páll Guðmundsson sf.	48
Myndrás sf.	49	Pálmar Ísólffsson og Pálsson sf.	116
Myndsjá-kristileg sjónvarpsmynda- gerð sf.	48	Pappalagnir sf.	48
Myndver hf.	53	Pappi hf.	20
		Papyrus sf.	66
		Par hf.	49
Neptúnus hf.	85	París	111
Nera sf. heildverslun	6	Partí sf.	2
Nes-pakk	70	Penninn sf.	110,154
Nesport hf.	110	Peran hf.	150
Netagerð Alfreðs-Aggva hf.	156	Pers-land hf.	133
Netverk hf.	23	Persía verslunarhús	67
Níl sf.	48	Pítubarinn	48
NM Pharma hf.	81	Pizzahúsið Öldugötu	2
Nóatún hf.	150	Pizzaofninn hf.	60
Nói-Síríus hf.	44	Plastos hf.	33
Norðurver hf.	150	Plötuportíð	52
Norsk Data á Íslandi hf.	156	Pólaris hf.	86
Norsk-íslenska verslunarfélagið hf.	156	Portó hf. , heildverslun	61
Nuddþjónustan sf.	6	Póstinnkaup hf.	23

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Prentrás sf.	48	Safco hf.	86
Prentsmiðjan Viðey hf.	53,155	Safi sf.	41
Prentsmiðjan Edda hf.	110	Safir hf.	53
Prentþjónustan hf.	58	Saga handprjón	154
Pro-film	52	Saloon Ritz sf.	6
Punkturinn sf.	48	Samax hf.	58
Pökkun og flutningar sf.	48,127	Sameinaða endurskoðunar- skrifstofan hf.	110
Radíóstofan hf.	156	Sameinaða líftryggingafélagið hf.	22,153
Raf-Graf sf.	154	Sameind hf.	109,153
Rafhönnun hf.	150	Samleið	6
Rafkraft hf.	85	Samlokur og fiskur hf.	113
Raflagnahönnun	49	Samlokupjónustan sf.	41
Rafljós hf.	113	Samráð hf.	22
Rafsól sf.	48	Samvinnubanki Íslands hf.	96,100,110
Rafteikning hf.	109,156	Samvinnusjóður Íslands hf.	53
Raftækjastöðin sf.	64	Sáning hf.	100
Raftækjavinnustofa Hauks og Ólafs sf.	6	Sanitas hf.	23
Raftækniþjónustan	48	Saumastofan Gná sf.	52
Rafvirkinn hf.	153	Sektor hf.	61
Rafþjónusta G.S.	48	Sendibílastöðin sf.	155
Ragnar og Svavar sf.	52,154	Sess hf.	152
Ragnar Þórðarson hf.	113	Sheepa hf.	93
Rakarastofa Jörundar hárhornið	49	Sigríður Zoëga og co. sf.	52
Rammagerðin hf.	155	Sigurjónsson & Thor hf.	150
Ranni hf.	152,156	Silkiblóm sf.	154
Regnfatagerðin Vopni hf.	155	Silva, tré og stál hf.	22
Rekstrarverktak hf.	150	Símtækni sf.	48
Reykjafell hf.	53	Sindra-stál hf.	110
Reykvísk líftrygging hf.	156	Sjóklæðagerð Íslands hf.	156
Reykvíska útvarpsfélagið hf.	53,82	Sjóklæðagerðin hf.	150,156
Rikk-Silkiblóm sf.	154	Sjónval	52
Ríma sf.	66	Sjónver hf.	150
Ris hf.	22,110	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	130,153
Risið, veislu- og fundarþjónustan	48	Sjúkranudd- og fótaaðgerðarstofan Eygló	66
Ritarinn sf.	66	Sjúkranuddstofa Rafns Geirdals	154
Ritróf sf.	154	Sjúkraþjálfun Reykjavíkur sf.	151
Ritsmiðjan sf.	154	Sjúkraþjálfun Vesturbæjar sf.	52
Ritval hf.	85	Skeljungur hf.	109,133,153
Rolf hf.	22	Skífan hf.	110
RR-skór hf.	81	Skínandi hreint	48
Rt-tölvutækni hf.	93	Skípaafgreiðsla Jes Zimsen hf.	61
Rúmið hf.	130	Skípholt 50C hf.	130
Ræsir hf.	44	Skjásýn hf.	85
Rökrás hf.	156	Skjöldur hf.	155
S. Helgason hf.	34	Skoðunarstöðin hf.	156
S. Hermann	48	Skóver sf.	2

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Skrifstofubúnaður	41	Steypustöðin hf.	93
Skúlagarður hf.	61	Steypuþrykk	5
Skútuvegur 13 hf.	32	Stillir hf.	155
Slippfélagið í Reykjavík hf.	44,110	Stína fína	154
Smárabarð hf.	86	Stjörnukjöt sf.	41
Smávélar	52	Stjörnuljós - Alþjóða viðskipti	116
Smíðakjallarinn sf.	49,154	Stjörnumyndir sf.	5
Smíðjuvegur 2 hf.	61,113	Stjörnuspekimiðstöðin	6,52
Smíðshús hf.	81	Stjörnuvideó	5
Smur-, bón- og dekkjaþjónustan hf.	93	Stofan hf.	68
Snorri hf.	22	Stórhöfði hf.	85
Snyrtistofan Maja	52	Strákar og stelpur	52
Snyrtistofan N.N.	154	Strammi hf.	20
Snyrtistofan Stjarnan	2	Strandanaust hf.	130
Snyrtivörubúðin Laugavegi 76	2	Strandavör	48
Snyrtivörur	52	Straumbær	48
Snyrtivörverslunin Gullbrá hf.	85	Stúdíó Sýrland hf.	53
Snæfell sf.	41,154	Suðuras hf.	133
Snögg sneið	151	Svanurinn hf.	130
Sogaver hf.	133	Svart á hvítu hf.	23
Sokkurinn	48	Sveinn Egilsson hf.	130
Sól og sána	52	Svona gerum við – auglýsinga- stofa hf.	150
Sól og sæla	109	Sýn hf.	93,110,153
Sólbaðsstofan Bros	64	Systraborg sf.	111
Sólbaðsstofan í Mjóddinni	127	Sæfell sf.	109
Sólbaðstofan Sól og sæla	49	Sælgætisverslunin Austurstræti 8	2
Sólbaðsstofan Sólargeislinn sf.	48	Sælgætisverslunin Straumurinn	127
Sólbaðstofan Sólberg	52	Sælkerabrauð hf.	110
Sólís	2	Sælkerinn sf.	6,48
Sólsetrið, sólbaðsstofa	67	Sæmundur hf.	133
Sportís	52	Sæpotan sf.	127
Sportland hf.	60	Sögin	6
Sportmaðurinn	67	Sölumark	2
Sportvörur hf.	60	Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda	6
Stakfell sf.	110	Söluturninn Á horninu	127,151
Stál-kerfi hf.	22	Söluturninn Allra best	127
Stálhurðir sf.	2	Söluturninn Bjargið	64,154
Stálkerfi hf.	133	Söluturninn Bravó	5
Stálkó hf.	81	Söluturninn Bræðraborgarstíg 29	2
Stálsmiðjan hf.	23,44	Söluturninn Dónald	109
Stansið	52	Söluturninn Emmó	2
Stefán Thorarensen hf.	33	Söluturninn Grensás	6
Stefnishús hf.	85	Söluturninn Grensásvegi 50 sf.	5
Steingrímur Th. Þorleifsson, teiknistofa, Ármúla 5 sf.	6	Söluturninn Hringbraut 121	2,6,52,151
Steinlög sf.	66	Söluturninn Hverfisgötu 50	48
Steinvirki hf.	81	Söluturninn Leirubakka 36	110
Stella hf.	150		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Söluturninn Magna sf.	6	Tölvugrafík sf.	154
Söluturninn Stansið	127	Tölvukaup hf.	156
Söluturninn Starmýri	2,110	Tölvumiðlun hf.	110
Söluturninn Svalur	116	Tölvunýting sf.	66
Söluturninn Vagninn	48	Tölvuskóli M.M.	48
Söluturninn Vesturgötu 27 sf.	52	Tölvuskóli Íslands hf., Stjórn tækniskóli Íslands	113
Söluturninn við Hálogaland	48	Tölvuverslun Reykjavíkur hf.	130
Söluturninn Ör	127	Tölvuþjálfun sf.	154
T. Thorstensen & Co. hf.	93	Umbúðamiðstöðin hf.	153
T.T. verktakar sf.	127	Umslag hf.	155
Takmark sf.	154	Undir og yfir sextán sf.	109
Tákn hf.	22	Uppeldi	48
Talstöðvarklúbbur Íslands sf.	66	Upplýsingar hf.	110
Tannsmíðaverkstæðið hf.	23	Uppsalar hf.	133
Tannsmíðjan Krónan sf.	154	Útgáfufélagið sf.	127
Taugagreining hf.	22	Útgerðarfélagið Freyr hf.	156
Teflonhúðun	48	Útgerðarfélagið Vör sf.	2
Teiknistofa Gunnars Hanssonar	66	Útlitsverk	52,154
Teiknistofan Óðinstorgi sf.	109	UTP-suðuvörur hf.	150
Teiknistofan Pálína	2	Útvarpsauglýsingar	52
Tekjusjóðurinn hf.	34,133,150	Útvarpsauglýsingar sf.	2
Temistöðin hf.	53	Útvegsfélag samvinnumanna hf.	44
Teningurinn	48,52		
Teppa- og húsgagnahreinsun	2		
Teron	127	Vaka-fiskeldiskerfi hf.	130
Tex-still hf.	24	Vaka-Helgafell hf.	155
Textavinnsla sf.	116	Val-Pór hf.	152
Tískuverslunin Laugavegi 23 sf.	41	Valfell hf.	110
Tískuverslunin Fox sf.	66	Valur hf.	33
Tíu mínus tíu	2	Vanir menn	66
Togvír sf	2	Vanir menn sf.	5
Tollvörugeymslan hf.	133	Vari	127
Tónlistarmiðstöðin hf.	130	Vatn og varmi sf.	52
Toppleður hf.	112	Veggur	5
Torgturninn sf.	2	Vegvísir	2
Toyota varahlutaumboðið hf.	60,156	Veitingaeldhúsið 12 réttir hf.	82
Traktorsgrafa Þ.Á. sf.	48	Veitingahúsið Austurstræti 20 hf.	153
Transa	127	Veitingahúsið Hraunið	2
Tæis sf.	151,154	Veitingahúsið Hrókurinn	48
Tækni hf.	96	Veitingahúsið Skólavörðustíg 22	2
Tækni og verkþjónustan hf.	130	Veitingamaðurinn hf.	86
Tæknival hf.	156	Véla- og pallaleigan	52
Töfrar	127	Véla- og raftækjaverslunin Hekla hf.	85
Tölver sf.	48	Véla- og tækjaleigan Áhöld sf.	5
Tölvudeild Magna	70	Vélaberg	49
Tölvufræðslan hf.	61		
Tölvufræðslan - bókaútgáfa hf.	64		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Vélaleiga Ámunda sf.	48	Viðskiptaskóli Íslands sf.	48
Vélar & þjónusta hf.	44	Vinnustofa ÓJ sf.	48
Vélasalan hf.	34	Vinnustofan Stúdíó hús hf.	110
Vélaverkstæði V.Æ.S. hf.	81	Vist sf.	48
Vélorka hf.	44	Vitta hf.	110
Vélrítunarskólinn	154	Vogun hf.	152
Vélsmiðjan Héðinn hf.	93,97	VS-verktakar sf.	151
Vélsmiðjan Stálver hf.	112	Völur hf.	44,150
Veltir hf.	156	Vörubíla- og vinnuvélarverkstæði sf.	52
Ventill hf.	156	Vörukaup hf.	61
Verðbréfamarkaður		Vöruvernd hf.	61
Fjárfestingarfélagssins hf.	48,133	XCO hf.	44
Verðbréfamarkaður		Zinkstöðin hf.	156
Íslandsbanka hf.	85	P. Jónsson og co. sf.	111
Verðbréfasjóðir Verðbréfamarkaðar		Perapeia hf.	156
Íslandsbanka hf.	93,109	Pingholt sf.	2
Verðbréfasjóðir VÍB hf.	93,130	Pingholt sf., fasteignasala	2
Verðbréfasjóðurinn hf.	34,133,150	Pingvallaleið hf.	23
Verk- og kerfisfræðistofan hf.	53	Þjónusta hf.	58
Verkefni sf.	111	Þórður Sveinsson & Co. hf.	110
Verkfræði- og verktakaþjónusta		Þróunarfélag Íslands hf.	150
Gissurar Pálssonar	48	Þula hf.	153
Verkfræðistofa Guðmundar		Þverfell hf.	61
og Kristjáns hf.	44	Þýsk-íslenska hf.	53,133,155
Verkfræðistofan Afl sf.	109	Þönglabakki 1 hf.	61
Verkfræðistofan Vatnaskil hf.	155	Öræfasveitin sf.	151
Verkpallar hf.	81	Öskjuhlíð	6
Verkprýði hf.	156		
Verksmiðjan Vífilfell hf.	20,53	Akranes:	
Verksteypan	109	Axel Sveinbjörnsson hf.	53
Verkstæðið hf.	110	Fiskeldisfélagið Strönd hf.	20
Veróna hárgreiðslustofa	48	Fiskiðjan Arctic hf.	61
Versl. Oddný og Sigrún sf.	151	Heiðar og Pétur sf.	18
Verslun O. Ellingsen hf.	130	Heimaskagi hf.	130
Verslunin Alexander	48	Höldur sf.	134
Verslunin Austurstræti 17	110	Ísblik hf.	60,93
Verslunin Dagný	52	Íslandsmyndir sf.	116
Verslunin Dalur	52	Kampur hf.	60
Verslunin Dunhagi	66		
Verslunin Glugginn	64		
Verslunin Hjartað	127		
Verslunin Hólasport	67		
Verslunin Manilla sf.	48		
Verslunin sem vantaði sf.	15		
Verslunin Sport	66		
Vesturflug hf.	97,110		
Víbró hf.	81		
Viðskipta- og málaskólinn hf.	93,110,133		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Ljósmyndastofa Akraness	116	Byggingavöruverslun Akureyrar hf., Akureyri	44,85
Miðvogur hf.	94	Bæjarverk hf., Akureyri	81
Mona Lisa	116	Dagsprent hf., Akureyri	34
Múr sf.	116	Dreki hf., Akureyri	86
Nótastöðin hf.	93	Eldvarnamiðstöð Norðurlands sf., Dalvík	14
Prentverk Akraness hf.	53	Fagverk sf., Akureyri	154
Sérsteypan sf.	121	Fasteignatorgið sf., Akureyri	154
Síldar- og fiskimjölverksmiðja Akraness hf.	33,130	Fasteignir hf., Akureyri	20
Sjóngerið	116	Fimi sf., Akureyri	154
Skallagrímur hf.	150	Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Hjalteyri	152
Skóflan hf.	53	Fiskverkun Birgis Þórhallssonar hf., Akureyri	61
Trico hf.	20	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Akureyri	154
Verkfræði- og teiknistofan sf.	121	Flugfélag Norðurlands hf., Akureyri	153
Verslun Haraldar	116	Freyr sf., flugþjónusta, Akureyri	116
Porgeir og Helgi hf.	53	Gámaþjónusta Norðurlands hf., Akureyri	86
Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Dalvíkurkaupstaður:		Gardurinn, Akureyri	84
A. Vestmann sf., Akureyri	18	Geisli hf., Akureyri	85
AB búðin, Akureyri	14	Gísli og Þórarinn, Akureyri	134
Akurinn hf., Akureyri	22	Glóð sf., Akureyri	30
Akurverk hf., Akureyri	133	Glófi sf., Akureyri	134
Álafoss hf., Akureyri	23	Gluggatjaldþjónustan sf., Akureyri	154
Almenna tollvörugeymslan hf., Akureyri	156	Grillið sf., Akureyri	154
Árver hf., Árskógshreppi	155	Gróðrarstöðin Rein sf., Öngulsstaðarhreppi	62
Ásco sf., Akureyri	154	Hafnarstræti 83-85 og 88 hf., Akureyri	44
BH-vinnuvélar sf., Akureyri	14	Heiði hf., Akureyri	81
Bílvirki sf., Akureyri	125	Herra Ísland sf., Akureyri	154
Biska sf., Akureyri	18	Híbýlamálun sf., Dalvík	49
Biti sf., Akureyri	134	Hjallabúðin hf., Akureyri	96
Björn & Helgi sf., Dalvík	154	Hótel Akureyri, Akureyri	134
Bókhald sf., Akureyri	157	Hótel Óðal, Akureyri	121
Borg hf., Hrisey	81	Hreiður sf., Dalvík	84
Brauðgerð Kr. Jónssonar og Co. sf., Akureyri	55	Húsagnasalan sf., Akureyri	14
Brekka hf., Akureyri	44,152		
Bútur sf., Akureyri	154		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Íspan hf., Akureyri	150	Skóverslunin Staðarfell,	
Ístess hf., Akureyri	53,64	Akureyri	133
Járniðjan sf., Akureyri	56	Sól og snyrting hf., Dalvík	110
Járntækni hf., Akureyri	44	Sólin sf., Akureyri	49
Jónco hf., Akureyri	110	Stell, Akureyri	4
K. Jónsson & Co. hf., Akureyri	20,150	Steypustöð Dalvíkur hf.,	
K.A.S. hf., Dalvík	23	Dalvík	82,86
Kaffibrensla Akureyrar hf.,		Súlan hf., Akureyri	150,156
Akureyri	34,155	Sæplast hf., Dalvík	150
Kjarnafæði sf., Akureyri	121	Söltunarfélag Dalvíkur hf.,	
Kjörbíl Skutuls, Akureyri	30	Dalvík	60,112
Kólumbíska-íslenska hf.,		Tannlæknamiðstöðin, Akureyri	73
Akureyri	133	Teiknistofa K.G.P., Akureyri	116
Kox sf., Akureyri	96	Th. Benjamínsson & Co., Akureyri	154
Kram, Akureyri	30	Tískuhúsið Ess, Akureyri	121
Krossanes hf., Akureyri	97	Torfufell sf., Saurbæjarhreppi	30
Kvarts, Akureyri	14	Trésmíðaverkstæði Sveins Heiðars	
Kæliverk hf., Akureyri	60	hf., Akureyri	133
Kæliverk sf., Akureyri	157	Tréverk hf., Dalvík	34,156
Ljósgrjafinn hf., Akureyri	81	Tölvís sf., Akureyri	4
Lögfræðiskrifstofa Ólafs Birgis		Útgerðarfélag Akureyringa hf.,	
Árnasonar sf., Akureyri	18	Akureyri	153
Magnús Jónsson hf., Akureyri	93	Valgarður Stefánsson hf.,	
Mark sf., Akureyri	6	Akureyri	150
Mat sf., Akureyri	18	Vélsmiðjan Oddi hf., Akureyri	133
Neskaup sf., Árskógshreppi	134	Verktækni sf., Akureyri	154
Norðursegl sf., Akureyri	6	Verslunarmiðstöðin hf.,	
Óskarsson sf., Akureyri	56	Akureyri	61
Otur hf., Dalvík	85	Verslunin Amor, Akureyri	134
Prentfilma sf., Akureyri	95	Verslunin Esja, Akureyri	154
Rafinnkaup hf., Akureyri	150	Yrma sf., Akureyri	14
Raflampar sf., Akureyri	53	Ýtan hf., Akureyri	156
Rafmar hf., Akureyri	61	Zeta sf., Akureyri	127
S.J.S. verktakar sf.,		Þakpappalagnir, Akureyri	78
Akureyri	154	Ögn hf., Akureyri	85
Samland sf., Akureyri	62	Ölunn hf., Dalvík	53
Sérleyfisbílar Akureyrar sf.,		Árnessýsla og Selfoss:	
Akureyri	49	Aðalvör hf., Þorlákshöfn	81
		Alpan hf., Eyrarbakka	112

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Árblik sf., Þorlákshöfn	53	S.G. Einingahús hf., Selfossi	110
Árvirkinn sf., Selfossi	116	Silfurlax hf., Ölfushreppi	97
Auðbjörg hf., Þorlákshöfn	61,156	Stag hf., Selfossi	61
Austurkot sf., Sandvíkurhreppi	53	Stefnir hf., Selfossi	109
Bílabankinn sf., Hveragerði	7	Strönd sf., Eyrarbakka	53
Bjarg sf., Þorlákshöfn	53	Suðurgarður hf., Selfossi	130
Blómakot hf., Hveragerði	156	Suðurvör hf., Þorlákshöfn	85
Byggðasel hf., Hveragerði	85	Tískuhúsið sf., Selfossi	95
Einarshöfn hf., Eyrarbakka	81	Útgerðarfélagið Hafnarberg hf., Þorlákshöfn	22,60
Englakroppar, Selfossi	121	Verslun og þjónusta á Suður- landi, Selfossi	126
Framleiðslufélagið hf., Þorlákshöfn	113	Vinnufatagerðin Vopni hf., Selfossi	155
G.Á. Böðvarsson hf., Selfossi	150	Yleining hf., Biskupstungum	64
Glettingur hf., Þorlákshöfn	156	Þjónustustöðin hf., Þorlákshöfn	110
Guðlaugur og Kristófer sf., Hveragerði	6		
Hafnarnes hf., Þorlákshöfn	156	Barðastrandarsýsla, Patreksfjörður og Bíldudalur:	
Hellir hf., Selfossi	153	Bjarg hf., Patreksfirði	64
Hraðfrystistöð Eyrarbakka hf., Eyrarbakka	63	Fiskvinnslan á Bíldudal hf., Bíldudal	110
Húnaröst hf., Þorlákshöfn	153	Gestur hf., Reykhólahreppi	93
Höfn hf., Selfossi	60,150	Gláma, West-Iceland Import, Patreksfirði	127
Ísbor hf., Selfossi	32	Hólar hf., Reykhólahreppi	20
Ísfax hf., Selfossi	85,156	Logi hf., Patreksfirði	85
Íspór hf., Þorlákshöfn	156	Oddi hf., Patreksfirði	81,150,153
Kjörhúsgögn, Selfossi	127	Porta Trading sf., Reykhólahreppi	111
Laxalón hf., Ölfushreppi	133	Rækjuver hf., Bíldudal	58
Límtré hf., Hrunamannahreppi	133	Sláturfélag Vestur-Barðstrend- inga	56
Lína, samlokugerð, Selfossi	53	Tunguhús hf., Tálknafirði	30
Ljósavík sf., Þorlákshöfn	53		
Málmvara sf., Selfossi	6		
Meitillinn hf., Þorlákshöfn	23,64,150		
Plast- og stálgluggar Selfossi hf., Selfossi	153		
Radíóver sf., Selfossi	6		
Reykjaflöt hf., Hrunamannahreppi	93		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Útgerðarfélag Bíliddælinga hf., Bíldudal	110	Djúpfang sf., Bolungarvík	116
Útgerðarfélag Tálknafjarðar hf., Tálknafirði	110	Djúplax hf., Reykjarfirði	156
Útgerðarfélagið Freyja hf., Bíldudal	20	Dynjandi hf., Ísafirði	110
Vöruafgreiðslan Patreksfirði hf., Patreksfirði	156	Einar Guðfinnsson hf., Bolungarvík	58
Dalasýsla:		Elding sf., Ísafirði	30,62
Veitingasala Dalabúðar, Búðardal .	70	Fáfnir hf., Þingeyri	53
Húnavatnssýsla:		Fiskvinnslan Kambur hf., Flateyri	93
Greiðasalan, Hvammstanga sf., Hvammstanga	42	Gosi sf., Ísafirði	53
Hnausabúið sf., Sveinsstaðahreppi .	6	Grafan sf., Flateyri	134
Hrútey hf., Blönduósi	22	Gunnvör hf., Ísafirði	97
Meleyri hf., Hvammstanga	93,112,150	H-Prent sf., Ísafirði	102
Ok hf., Skagaströnd	61	Hafnarkaffi sf., Ísafirði	116
Pípulagnaverktakar hf., Blönduósi .	20	Hjálmur hf., Flateyri	44
Serkir hf., Blönduósi	81,133	Hraðfrystihúsið hf., Hnífsdal	22,150
Skagstrendingur hf., Skagaströnd .	34,150	Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf., Ísafirði	112
Slökkvitækjaþjónustan, Blöndu- ósi	157	Húsverk sf., Flateyri	116
Tröllagarður sf., Laugarbakka . . .	53	Íshúsfélag Bolungarvíkur hf., Bolungarvík	58
Útgerðarfélagið Ásver hf., Blönduósi	61	Íshúsfélag Ísfirðinga hf., Ísafirði . .	133
Útgerðarfélagið Nökkvi hf., Blönduósi	22	Ísprent-Grafíktækni hf., Ísafirði . .	53
Æður hf., Porkelshólshreppi	22	Jakob Valgeir sf., Bolungarvík	153
Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla:		Júpiter sf., Bolungarvík	6
Andvaraútgerðin sf., Ísafirði	6	Kögurás hf., Suðureyri	58
Bakki hf., Hnífsdal	20	Löggiltir endurskoðendur Vest- fjörðum hf., Ísafirði	109
Bílaverkstæði Ísafjarðar hf., Ísafirði	20	Magnús hf., Flateyri	153
Bjargvík hf., Þingeyrarhreppi	23	Miðfell hf., Hnífsdal	22,150
Búðanes hf., Ísafirði	156	Mjólkursamlag Ísfirðinga, Ísafirði .	53
		Mjölvinnsalan hf., Hnífsdal	150
		Múrtækni sf., Ísafirði	84
		Niðursuðuverksmiðjan hf., Ísafirði	22
		Núpur sf., byggingarvöruverslun, Ísafirði	30
		Olúfélag útvegsmanna hf., Ísafirði	156
		Pólstækni hf., Ísafirði	93

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Rækjustöðin hf., Ísafirði	23	Fiskmarkaður Suðurnesja hf.,	
Rækjuverksmiðjan hf., Hnífsdal . .	110	Njarðvík	61
Röst hf., Bolungarvík	58	Fiskur sf., Sandgerði	11
		Fiskverkun Birgis og Árna sf.,	
Sandfell hf., Ísafirði	85	Keflavík	11
Stapi hf., Ísafirði	85	Fiskverkun Jóhannesar G. Jóhannes-	
Söluskálinn Esso sf., Suðureyri . . .	121	sonar hf., Keflavík	86
		Fiskverkun Karenar & Vilhjálms sf.,	
Torfnes hf., Ísafirði	22	Garði	56
		Fiskvinnslan Nesvegi 19, Höfnum	
Útgerðarfélagið Magni hf.,		hf., Höfnum	110
Ísafirði	150	Fitjanes sf., Njarðvík	55
		Flatbakan, Keflavík	11
Val sf., Ísafirði	134	Flísa- og múraraverktakar Kefla-	
Vélsmiðja Bolungarvíkur hf.,		víkur hf., Keflavík	150
Bolungarvík	130	Flugafgreiðslan hf., Keflavík	53
Við Pollinn sf., Ísafirði	116	Flugfax hf., Keflavík	93,133,152
Vinaminni hf., Ísafirði	130	Fristund sf., Njarðvík	13
Önfirðingur hf., Flateyri	130	Gerðar hf., Garði	61
		GG-bílasprautun sf., Njarðvík . . .	157
		Gröf sf., Keflavík	96
		Hafgull hf., Vatnsleysuströnd	86
Keflavík, Njarðvík, Grindavík,		Hraðfrystihús Keflavíkur hf.,	
Gullbringusýsla:		Keflavík	156
Austurgata 26 hf., Keflavík	53	Húsun sf., Keflavíkurflugvelli	54
Axel Pálsson hf., Keflavík	20		
		Ingibergur Þorkelsson hf.,	
B.S. hús sf., Garði	96	Njarðvík	22
Bátsendar hf., Sandgerði	44	Íslenskur gæðafiskur hf.,	
Bekkjjarstofa Betu, Grindavík	96	Njarðvík	156
Bílaríf, Njarðvík	55	Íslenskur markaður hf.,	
Bókhalds- og framtalsþjónustan,		Keflavíkurflugvelli	23,93
Keflavík	96		
Bókhaldsstofa Jóns P. Jóhannssonar,		JG fiskur sf., Njarðvík	13
Keflavík	11	Jökulfiskur hf., Vogum	58
Byggingaverktakar Keflavíkur hf.,			
Keflavík	23	Kaffitár, Njarðvík	96
		Kjalvík sf., Keflavík	54
E.R. bólstrun, Keflavík	11,157	Knattborðsstofan Sandgerði,	
		Sandgerði	157
F.P. bólstrun, Keflavík	11	Kristinn Guðmundsson og Co. hf.,	
Fagverk hf., Njarðvík	86	Keflavík	48
Farsæll GK-162 sf., Grindavík	55		
Félag vatnsvirkja hf.,		Láki sf., Grindavík	14
Hafnahreppi	81	Lindalax hf., Vatnsleysustrandar-	
Festi hf., Grindavík	93	hreppi	22
Fiskanes hf., Grindavík	23		
Fiski sf., Njarðvík	55		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Lyftaráþjónusta Grindavíkur, Grindavík	160	Víkurlón hf., Grindavík	109
Lyftiafl hf., Vogum	23	Vogalax hf., Vogum	155
		Vörðufell sf., Grindavík	55
Málningarþjónusta Magnúsar og Ólafs sf., Keflavík	54	Kjósarsýsla, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær, og Seltjarnarnes:	
Mummi hf., Garði	93	Aðalpartasalan sf., Hafnarfirði	144
Mummi hf., Sandgerði	44	AJ-rafverktakar sf., Hafnarfirði	6
Mölvík sf., Grindavík	13	Akurfell hf., Garðabæ	53
		Alifuglasalan sf., Mosfellsbæ	6
Nonni og Bubbi hf., Keflavík	61	Ásar hf., Hafnarfirði	44
Norðurfiskur hf., Keflavík	61,152		
		BB húsgögn, Hafnarfirði	56
Óli hf., Keflavík	61	Bersi sf., Hafnarfirði	125
		Bílaleigan Atlas, Hafnarfirði	144
Pólar Frost hf., Höfnum	109	Bílaleigan Start hf., Hafnarfirði	23
		Bílapartasalan Lyngás sf., Garðabæ	56
Radíó-kjallarinn sf., Keflavík	54	Bílaverkstæðið Karlsvagninn, Hafnarfirði	72
Rafmagnsverktakar Keflavíkur hf., Keflavíkurflugvelli	86	Bílaverkstæðið Virkinn hf., Hafnarfirði	60
Rafn hf., Sandgerði	58	Bílhlutir sf., Hafnarfirði	72
Rafvirkjadeildin hf., Keflavíkur- flugvelli	20,153	Birki sf., Hafnarfirði	6
Rammi hf., Njarðvík	23	Bison sf., Garðabæ	72
Rósalind, Keflavík	11	Björgunarnetið Markús hf., Hafnarfirði	133
		Blikksmiðja Hafnarfjarðar, Hafnarfirði	6
Saltver hf., Keflavík	85	Bókaútgáfan Brenna, Hafnarfirði	6
Sigbór sf., Keflavík	96	Bókhald og ráðgjöf, Hafnarfirði	6
Silfurgen hf., Hafnahreppi	96	Bókhaldsþjónustan, Garðabæ	6
Sjökkviar hf., Vatnsleysustrandar- hreppi	81,130	Byggingafélagið Þór hf., Hafnarfirði	153
Skýlir hf., Njarðvík	22,53,156		
Stórmarkaðurinn, Keflavík	157	D. Pétursson sf., -DCO-, Garðabæ	18
Styrmir sf., Njarðvík	55	Daníel Pétursson hf., Hafnarfirði	33
Suðurnesjadreifing, Keflavík	157	Delta hf., Hafnarfirði	110
Suðurnesjaverktakar hf., Keflavík	150		
Suðurvirkni hf., Keflavík	61	E.TH.Mathiesen hf., Hafnarfirði	110
		Eiðistorg hf., Seltjarnarnesi	61
Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., Keflavík	93	Einar Porgilsson & Co. hf., Hafnarfirði	93
Tölverk sf., Keflavík	11	Elvar sf., Garðabæ	6
		Endurskoðun Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði	44
Uggi hf., Njarðvík	23	Endurskoðun Hafnarfjarðar sf., Hafnarfirði	6,12
Útgerðarfélagið Dröfn sf., Keflavík	11		
Veiðiver hf., Keflavík	33		
Verkbær sf., Grindavík	96		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Fantasía, Garðabæ	6	Hydraulikþjónustan Hyd hf., Hafnarfirði	109,110,133
Faxafrost hf., Hafnarfirði	110	Hyggir sf., Hafnarfirði	56
Feðgar sf., Hafnarfirði	6	I.N.T.E.X., Seltjarnarnesi	18
Fiskmarkaðurinn hf., Hafnarfirði	133	Ís- og sælgætissalan hf., Hafnar- firði	113,130
Fiskvinnsla Einars Magnússonar, Hafnarfirði	6	Íslensk matvæli hf., Hafnarfirði	22
Fit hf., Hafnarfirði	44	Íslenska álfélagið hf., Hafnarfirði	150
Fjarðarmót hf., Hafnarfirði	48,150	Íslenska endurvinnslan hf., Hafnarfirði	58
Fjöldur hf., Hafnarfirði	23,29	Íslenska stálfélagið hf., Hafnarfirði	109,150
Flugeldaiðjan hf., Garðabæ	150	Ísmerki hf., Hafnarfirði	86
Flugfélagið Atlanta hf., Mosfellsbæ	86	Íspólar sf., Hafnarfirði	6
Franski vörulistinn hf., Hafnarfirði	20,130	Ístel hf., Mosfellsbæ	133
Frostver hf., Hafnarfirði	64	Ísör hf., Mosfellsbæ	85
Fuglakynbótabúið hf., Mosfellsbæ	64	Ítal-íslenska hf., Hafnarfirði	110
Fyrirgreiðslan, Hafnarfirði	56	Jónar hf., Hafnarfirði	20,130
G.G.lagnir sf., Garðabæ	18	K-plast hf., Hafnarfirði	110
G.S.G. hf., efnissala, Hafnarfirði	22	Kapaltækni hf., Seltjarnarnesi	130
Garða-burkni sf., Garðabæ	140	Kemikalía hf., Garðabæ	110
Garðaskip hf., Seltjarnarnesi	150	Ljósaland hf., Hafnarfirði	44
Geiri hf., Seltjarnarnesi	113	Ljósritunarstofa Hafnarfjarðar, Hafnarfirði	72
GH heildverslun sf., Garðabæ	72	Loftferð hf., Garðabæ	110
Grillið sf., Hafnarfirði	125	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	130,150
Gylco hf., Hafnarfirði	60	Málmsmíði B.S.G., sf., Hafnarfirði	100
Gæðamat, Hafnarfirði	6	Markaðskjúklingar hf., Mosfellsbæ	22
Hafnarbakki hf., Hafnarfirði	44	Matfugl hf., Mosfellsbæ	153
Hagver, Hafnarfirði	6	Medis hf., Garðabæ	110
Hagvirki hf., Hafnarfirði	22,152	Meistarasmíðjan sf., Hafnarfirði	100
Háigrandi hf., Hafnarfirði	133	Miðbæjarmyndir hf., Seltjarnarnesi	155
Hárstofan sf., Hafnarfirði	100	Mjöt hf., Hafnarfirði	22
Heimskaut hf., Hafnarfirði	20	Mynstursteypan sf., Hafnarfirði	6
Hilco sf., Garðabæ	56	Nesform, Seltjarnarnesi	74
Hljóðdeyfikerfi hf., Hafnarfirði	22	Nesskip hf., Seltjarnarnesi	150
Hljómplötuútgáfan Tónaflóð, Hafnarfirði	6	Neysluvörur hf., Hafnarfirði	156
Hlunnar hf., Hafnarfirði	81	Olíustöðin í Hafnarfirði hf., Hafnarfirði	109
Hraunver hf., Hafnarfirði	22	Ósvör hf., Garðabæ	86
Huggildi, Hafnarfirði	12		
Hulduland hf., Hafnarfirði	85		
Húsaviðgerðarverktakar hf., Hafnarfirði	20		
Húseignaþjónustan S. Sigurðs- son hf., Hafnarfirði	153		
Húseignaþjónustan, umboðs- og- þjónustuver slun S. Sigurðssonar hf., Hafnarfirði	86		
Hvaleyri hf., Hafnarfirði	22		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Penslaverksmiðjan hf., Hafnarfirði	133	Toppþrif hf., Hafnarfirði	81
Pétur og Kristinn sf., Garðabæ	6	Trésmiðja Björns Ólafssonar hf., Hafnarfirði	86
Pharmaco hf., Garðabæ	110	Tröll hf., Seltjarnarnesi	22
Pípur sf., Kjalarnesi	102	Tölvutækni sf., Garðabæ	134
Pitsuhús Rómaborgar, Hafnarfirði	6	Útver hf., Hafnarfirði	23
Prentás, Garðabæ	6	Vélaverkst. Sig. Sveinbjörnsson hf., Garðabæ	81
Rafboði hf., Garðabæ	93	Vélaverkstæði Didda og Badda sf., Hafnarfirði	132
Rafhitun sf., Hafnarfirði	56	Vélsmiðja Hafnarfjarðar hf	44
Rafhof, Kjalarnesi	6	Véltak hf., Hafnarfirði	24
Reginn hf., Garðabæ	22	Verksmiðjan Álafoss sf., Mosfellsbæ	6
S & R íslenskt hf., Hafnarfirði	133	Verkval sf., Garðabæ	56
Selfiskur hf., Seltjarnarnesi	60	Verslun Bergþóru Nýborg sf., Hafnarfirði	6
SH verktakar hf., Hafnarfirði	113	Videóklúbbur Garðabæjar, Garðabæ	6
Sigurður Njálsson hf., Garðabæ	150	Voð hf., Hafnarfirði	153
Sigurverk sf., Kjósarsýslu	102,133	Vogur hf., Hafnarfirði	58
Simvirkinn hf., Hafnarfirði	44	Vöruhúsið Eiðistorgi hf., Seltjarnarnesi	133
Sinna hf., Hafnarfirði	156	Vörumerking hf., Hafnarfirði	86
Sjólastöðin hf., Hafnarfirði	64	X-Port hf., Hafnarfirði	81
Skel hf., Hafnarfirði	34	Þórver, Hafnarfirði	72
Skerseyri hf., Hafnarfirði	20	Þykkvabæjarkartöflur hf., Garðabæ	23
Skipasmíðastöðin Dröfn hf., Hafnarfirði	44,153		
Skipavörur hf., Garðabæ	82	Kópavogur:	
Skjalaverk sf., Hafnarfirði	56	Áferð hf.	53
Slitvari hf., Hafnarfirði	110	Ál-stál hf.	130
Snarverk, Hafnarfirði	72	Almenna verkþjónustan hf.	130,150
Stálvík hf., Garðabæ	22,86	Árkó hf.	133
Stáss sf., Hafnarfirði	125,131	Augljós hf.	93
Stebbabúð hf., Hafnarfirði	131	Augljós markaðsþjónusta hf.	93
Stefnissemiðjan hf., Mosfellsbæ	85,133	Axis, Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar hf.	44
Steinco, Hafnarfirði	18	Axis húsgögn hf.	109
Steinmark sf., Hafnarfirði	56		
Steinorka, Hafnarfirði	18	Bergrún sf.	62
Stjörnulitir sf., Hafnarfirði	125	Bifreiðaþjónustan Auðbrekku 23 sf.	6
Stjörnuval sf., Hafnarfirði	100		
Svarti markaðurinn sf., Hafnarfirði	6		
Sæmundur á Selnum, Garðabæ	126		
Söluturninn Suðurgötu 71, Hafnarfirði	6		
Söluturninn Suðurhöfn hf., Hafnarfirði	133		
Tollvörugeymslan í Hafnarfirði hf., Hafnarfirði	22		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Bílaleigan Gullfoss sf.	116	Íspan hf.	48
Bílamálun Nenna	53	Ispró S. Sigurðsson hf.	153
Bílaverkstæði Bubba sf.	53		
Bíró hf.	48	Jákó sf.	75
Bíró-Steinar hf.	81,156	Jákó sf., vélar og efnavörur	148,149
Blástur	84		
Blikksmiðjan Funi	31	Kársnes hf.	150
Bólsturverk sf.	132	KR-sumarhús	131,132
Borgir sf.	53	Krían	96
Brúarnefnd sf.	6	Kvörn sf.	100
Búbót hf.	86		
BYKO-Byggingavöruverslun		Lakksmiðjan	96
Kópavogs hf.	82,109	Lögmenn Hamraborg sf.	125
Dalkó	53	Marmaraiðjan sf.	6
Engihjalli 8 hf.	150	Nestor, umboðs- og heid- verslun sf.	53
Fittingsbúðin hf.	93	Niðursuðuverksmiðjan Ora, kjöt og rengi hf.	48
Framnes hf.	22		
Freyja hf.	86	Ofnasmiðja Kópavogs hf.	20
Frjálst útvarp hf.	22	Óli prik	84
		Ormsson sf.	53
G. Bergmann hf.	155	Ormssynir sf.	154
G. Einarsson og Co. hf.	20		
Gott útlit, hársnyrtistofa	161	P. Samúelsson & Co. hf.	155
Grillið sf.	78	Pólar-frost hf.	156
		Pólónes sf.	125
H. Gunnlaugsson	11		
Hafstjarnan sf.	116	Radíóþjónusta Sigga Harðar hf.	61
Hagblíkk hf.	82	Rafeindaþjónustan Toppstand	157
Hamraborg hf.	22	Rafrún hf.	81
Hár- og snyrtistofan Gott		Ratvís hf.	44
útlit sf.	161	RÍM hugbúnaðarþjónusta	56
Hárný	161	Rökver hf.	150
Hegas hf.	133		
Heildverslunin Kristín hf.	130	S.E. bílaleigan hf.	86
Helgi sf.	14	SJ-Frost hf.	156
Hjálmar Magnússon hf.	53	Skeifan húsgangamiðlun hf.	82
Hlaðbær hf.	20	Skíðblaðnir	6
Hreint hf.	133	Skóverslun Kópavogs	14
Húsberg sf.	121	Smáragarður hf.	133
		Smásmiðja	116
Index hf.	150	Smiðjuvegur 5 hf.	110
Ingólfsprent hf.	58	Snyrtistofan Snót	96
Ingbór Haraldsson hf.	34	Snyrtivöruverslunin Cossa	14
Ísgull	53	Softver sf.	62
Íslenska bændaþjónustan hf.	150		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Sólin-Gefjun hf.	155	Strandarsíld hf., Seyðisfirði	47,81
Sportlínan, skóverslun Kópavogs . .	84	Tangi hf., Vopnafirði	20,44,96,156
Stálkó hf.	133	Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf., Fellahreppi	93
Stemma sf.	6	Útver hf., Bakkafirði	20
Stjórnublikk	55	Vagl sf., Borgarfjarðarhreppi	47
Söluturninn að Þverbrekku 8	96		
Tandri hf.	150	Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Eskifjörður:	
Trjástofninn hf.	22	Austri hf., Neskaupstað	61
Tækni- og verkþjónustan hf.	150	Bergsplan hf., Reyðarfirði	130
Útgerðarfélagið Barðinn hf.	20	Brúnás hf., Egilsstöðum	61
Vélastilling sf.	53	BS bílaverkstæði sf., Norðfjarðar- hreppi	134
Véilverkstæðið Egill hf.	44,133	Búlandstindur hf., Djúpvaggi	61
Vélsmiðjan O.J.S.	56	Ferðamiðstöð Austurlands hf., Egilsstöðum	44
Víbró hf.	64	Gámar hf., Stöðvarfirði	33
Vild sf.	62	Hafnarkjör, Neskaupstað	75
Vörslusviptingar hf.	156	Haki hf., Neskaupstað	85
Þ.S. Greiði hf.	33	Herðir hf., Egilsstöðum	156
Þinghóll hf.	156	Hólmi hf., Eskifirði	22
Öryggismiðstöðin Scanis hf.	133	Hraðfrystihús Breiðdælinga hf., Breiðdalsvík	130,155
Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður:		Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., Eskifirði	53,97
Álfasteinn hf., Borgarfirði	155	Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar hf., Fáskrúðsfirði	150
Bílasalan Fell sf., Fellabæ	116	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf., Stöðvarfirði	110
Brattahlíð hf., Seyðisfirði	53	Kraftlýsi hf., Djúpvaggi	130
Gunnólfur hf., Bakkafirði	130	Lyfsala lækna á Eski- og Reyðarfirði sf., Eskifirði	30
Hafnarbakki hf., Bakkafirði	44,100	Nesprent hf., Neskaupstað	61
Hárhúsið sf., Fellabæ	96	Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf., Neskaupstað	48
Hofs-videó sf., Seyðisfirði	121	Rafalda hf., Neskaupstað	22
Hraunfell, Vopnafirði	47		
Kolbeinstangi hf., Vopnafirði	20		
Landþurrkun sf., Hjaltastaða- hreppi	47		
Loðmundur hf., Fellahreppi	156		
Njörður sf., Borgarfjarðarhreppi . .	56		
Reyksíld hf., Seyðisfirði	150		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Saltfang hf., Neskaupstað	81	Vélafjónustan sf., Stafholtstungum	116
Sláturfélag Suðurfjarða, Stöðvarfirði	121	Vírnet hf., Borgarnesi	81,110
Sólstofan sf., Egilsstöðum	96		
		Ólafsfjörður:	
Teppahreinsun Sævars, Neskaupstað	121	Bergtak hf.	30
Tollvörugeymsla Austurlands hf., Reyðarfjarðarhreppi	53	Guðrún sf.	73,165
Traust, Egilsstöðum	49	Hótel Ólafsfjörður hf.	22
Véltækni hf., Egilsstöðum	53	Hrönn sf.	150
Við Voginn hf., Djúpavogi	61	Stígandi hf.	81
Þjóðrekur hf., Djúpavogi	81	Valeik hf.	155
Þorsteinn sf., Eskifirði	47		
Ölver hf., Neskaupstað	53	Rangárvallasýsla:	
		Bílaskjól, Hvolsvelli	53
		Þúfiskur hf., Hvolsvelli	61
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:		Efnaland Hella hf., Hella	153
Bifreiðastöð Borgarness		Eldisstöðin Króki hf., Ásahreppi	53
Borgarnesi	1	F. Sigurðsson hf., Hvolsvelli	23
Borgarplast hf., Borgarnesi	130	Hekluferur sf., Landmannahreppi	78
Byggingafélagið Borg hf., Borgarnesi	110	Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., Þykkvabæ	23
Eðalfiskur hf., Borgarnesi	110	Njálufurðir sf., Hvolsvelli	134
Ferðafjónustan Borgarfirði sf., Kleppjárnsreykjum	84	Safco hf., Hvolhreppi	110,133
Fiskeldisstöðin á Húsafelli hf., Hálsahreppi	81	Saga hestar, Hvolsvelli	116
Flöguberg hf., Hálsasveit	53	Þríhyrningur hf., Hella	150
Gróðrarstöðin á Sólbakka sf., Stafholtstungnahreppi	4		
H.H. vélaleiga sf., Borgarnesi	14	Siglufjörður:	
Ingi & Skúli sf., Borgarnesi	18	Byggingafélagið Berg hf.	32
Olíustöðin í Hvalfirði hf., Strandahreppi	109	Efnalaugin Lind sf.	85
Sheepa hf., Reykholtaldshreppi	152	Egilssíld hf.	81
Skóverksmiðjan Táp sf., Reykholtald	12	Elín	96
		Siglufjarðarleið hf.	44
		Pormóður Eyjólfsson hf.	23

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Skaftafellssýsla:			
Borgey hf., Höfn	150	Bláfell hf., Sauðárkróki	86
Böggull sf., Mýrdalshreppi	127	Blikk- og pípulagnir sf., Sauðárkróki	96
Fell sf., Höfn	6	Dögun hf., Sauðárkróki	133
Hafnarbúðin, Höfn	56	Einir sf., Sauðárkróki	4,53
Hagverk sf., Höfn	30	Fiskiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki	86,150
Hópfurðabílar Suðurlands sf., Vík í Mýrdal	84	Fjótalax hf., Hegraneshreppi	63
Hornagarður hf., Höfn	32	Hegrabjarg sf., Sauðárkróki	116
Jöklaferðir hf., Höfn	150	Hólalax hf., Hólum í Hjaltadal	85
Krossey hf., Höfn	32	Hreinsitæki sf., Sauðárkróki	116
Landsmálun, Höfn	6	Kúnst, Sauðárkróki	118
Málningarþjónusta Jóns og Ragnars sf., Höfn	156	Matvörubúðin sf., Sauðárkróki	116
Málningarþjónustan Höfn sf., Höfn	30	Nesverk sf., Sauðárkróki	116
Sjónvarpsfélag Hornafjarðar, Höfn	93	Skjöldur hf., Sauðárkróki	81
Smur- og dekkjapjónustan sf., Höfn	96	Steinullarverksmiðjan hf., Sauðárkróki	85
Stúfur sf., Nesjahreppi	156	Suðurgata 3 hf., Sauðárkróki	86
Tindur, Höfn	6	Trésmiðjan Borg hf., Sauðárkróki	22
Umboð Olís sf., Höfn	96	Vélsmiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki	33
Útgerðarfélagið Samstaða hf., Höfn	150	Vík sf., Sauðárkróki	116
Vatnasleðaleigan sf., Höfn	70	Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf., Sauðárkróki	116
Vélval sf., Hafnarhreppi	56		
Verbúðir hf., Höfn	150	Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:	
Verslunin Hvammur, Höfn	56	Ármann sf., útgerðarfélag, Ólafsvík	6
Víkursmiðjan hf., Vík í Mýrdal	97	Bakki sf., Ólafsvík	43
Víst sf., Vík í Mýrdal	116	Björgvin hf., Stykkishólmi	156
Víst, Vík í Mýrdal	116	Bókhald sf., Stykkishólmi	133
Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur:			
Arnarfell hf., Akrahreppi	131	Breiðafjarðarferjan Baldur hf., Stykkishólmi	109
Bílalceiga Sauðárkróks sf., Sauðárkróki	53	Breki sf., Stykkishólmi	47
		Eyjaferðir sf., Stykkishólmi	14

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar hf., Grundarfirði	130	Ferðaðþjónusta Vestmannaeyja sf.	116
Grafan sf., Miklaholtshreppi	4	Fiskvinnslan Frostver hf.	110
Hólmi sf., Stykkishólmi	64	G. Stefánsson, umboðs- og heildverslun	31
Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf., Grundarfirði	130	Geisli - siglingartæki sf.	31
Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., Ólafsvík	81	Góa, útgerðarfyrirtæki Ægis Hafsteinssonar	96
Jörfabúíð sf., Kolbeinsstaðahreppi	53	Hagskil Vestmannaeyjar sf.	31
Magnús sf., Ólafsvík	70,126	Herjólfur hf.	156
Rækjunes/Björgvin hf., Stykkishólmi	34,156	Hjólbarðastofan	157
Rækjunes hf., Stykkishólmi	93	Hótel Bræðraborg sf.	116
Setta hf., Stykkishólmi	53	Ingi sf.	7
Sigurjón Helgason hf., Stykkishólmi	156	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	33
Sæfar sf., Grundarfirði	127	Karben sf.	116
Trésmiðja Stykkishólms hf., Stykkishólmi	155	Kranabjónusta Sigurðar og Helga sf.	55
Pórsnes hf., Stykkishólmi	86	Kranabjónusta Vestmannaeyja	55
Strandasýsla:		Kvistur sf.	96
Bílaþjónustan Trassi sf., Hólmavík	159	Lifransamlag Vestmannaeyja hf.	58
Guðmundur Guðmundsson hf., Hólmavík	153	Oddurinn	163
Hákarlsverkun Gunnlaugs Magnússonar, Hólmavík	145	Óðinn sf.	96
Hraðfrystihús Drangsnæs hf., Drangsnæs	153	Ófeigur sf.	55
Sigberg sf., Hólmavík	18	Ólafur og Magnús sf.	30,37
Skemman sf., Hólmavík	159	Samtög hf.	22,96,156
Vestmannaeyjar:		Sjöfn sf.	116
Baldur hf.	133	Slökkvitækjaþjónustan sf.	53
Eyjáis hf.	93	Stakkur sf.	156
		Steini og Olli sf.	31
		Steypustöð Vestmannaeyja hf.	109
		Veitingastaðurinn Skútinn sf.	56
		Verslunin Oddurinn	163
		Vinnslustöðin hf.	58
		Þingeyjarsýsla:	
		Arnar og Aðalbjörn sf., Þórshöfn	30
		Bílaþjónustan sf., Húsavík	14
		Blómabúðin Mura sf., Húsavík	139

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Fiskiðja Raufarhafnar hf., Raufarhöfn	61	Ketill hf., Þórshöfn	130
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf., Húsavík	150	Mývíkur sf., Mývatnssveit	14
Gefla hf., Kópaskeri	93	Reynihlíð hf., Mývatnssveit	110
Grávara hf., Grenivík	109	Snælda hf., Þórshöfn	130
Hlað sf., Húsavík	53	Vélsmiðjan Vík hf., Grenivík	133
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., Þórshöfn	133	Vermir sf., Húsavík	6
Jökull hf., Raufarhöfn	85	Þinghúsið, Aðaldælahreppi	6
		Ægir hf., Grenivík	30

SKRÁ

samvinnufélagatilkynninga sem birtust í Lögbingingablaði 1990.

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Húsnæðissamvinnufélagið Búseti, Akureyri	6	Kaupfélag Stöðfirðinga, Stöðvar- firði	121
Húsnæðissamvinnufélagið Búseti, Húsavík	18	Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, Hvammstanga	48
Húsnæðissamvinnufélagið Búseti, Norðfirði	127	Kaupfélag Vopnfirðinga, Vopna- firði	102
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn, Hornafirði	96	Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík . . .	18,93
Kaupfélag Dýrfirðinga, Þingeyri	30,131	Samband íslenskra samvinnufélaga, Reykjavík	31,52
Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri . .	62	Sláturfélag Suðurlands, Reykjavík .	153
Kaupfélag Hrótfirðinga, Borðeyri .	102	Sölufélag Austur-Húnavetninga, Blönduósi	118
		Sölusamband íslenskra fiskframleið- enda, Reykjavík	153